Lagafrumvörp felld.

1. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 5. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka (stjfrv., A. 6).

Á 9. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Frv. mjög svipað þessu að efni til hefir legið fyrir nokkrum undanfarandi þingum, en ekki náð fullnaðarafgreiðslu. Í fyrra var það lagt fram af stj. í Nd. og afgr. þaðan, en svo seint, að ekki vannst tími til að afgr. það einnig í þessari hv. d. Frv. er nú lagt fram eins og Nd. gekk frá því á seinasta þingi, þegar hún afgr. það hingað til Ed. Vil ég gera að till. minni, að frv. verði vísað til menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. og 44. fundi í Ed., 18. marz og 16. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 6, n. 125 og 176, 509).

Sigurjón Á. Ólafsson: Þar sem þetta mál liggur fyrir til 2. umr. og nál. er fram komið á þskj. 125, frá meiri hl. menntmn., hafði ég búizt við, að frsm. n. kveddi sér hljóðs. Úr því að svo varð eigi, vildi ég ekki láta hjá líða að kveðja mér hljóðs út af brtt. þeim, sem við hv. 4. landsk. höfum leyft okkur að bera fram.

Það er rétt, að ég fari örlítið aftur í tímann, þegar ég minnist á þetta mál. Þetta frv. mun fyrst hafa komið inn á Alþingi árið 1929, og var þá mitt hlutskipti að hreyfa málinu. Það mætti andúð og náði ekki fram að ganga, og svo hefir verið fram á þennan dag, að ekki hefir blásið byrlega fyrir því. Nú er það loks búið að ganga gegnum Nd. og komið hér til 2. umr.

Ég verð að segja það, að eins og frv. er nú úr garði gert tel ég litla framför að, þó það yrði að l., ef litið er á það, að markmið frv. er fyrst og fremst að létta undir með þeim, sem kosta eiga börn til náms í þessu landi, að því er bókakaup snertir. En út í það skal ég ekki fara frekar nema tilefni gefist til. Þetta er aðeins minn persónulegur dómur um, hvernig frv. er nú orðið og hvaða hlutverk því var ætlað að hafa.

En nú liggja hér fyrir brtt. á þskj. 509, sem ég og hv. meðflm. minn höfum leyft okkur að bera fram. Ég skal fúslega játa, að þessar brtt. eru allmiklar, bæði að efni og vöxtum, og gerbylta frv. Við töldum þó rétt upp á framgang málsins að bera þetta fram í brtt.formi í stað þess að bera fram nýtt frv., þar sem það ætti að hraða gangi málsins, að gamla frv. átti aðeins eftir að fara gegnum 2 umr. hér í d. og þá eina í Nd. En efni þessara brtt. er þess eðlis, að full ástæða er til, að frv. nái lögfestingu þegar á þessu þingi, því í stórum dráttum er það það, að látnar skuli í té ókeypis skólabækur til þeirra barna, sem lögum samkv. eru skyld til að ganga í skóla. Sú hugsun vakti þegar í upphafi fyrir mér og öðrum, sem að málinu stóðu, að þetta væri markmiðið, sem keppa bæri að, þó ekki væri frekar á stað farið en það, að ríkið skyldi gefa út bækurnar og útbýta gegn kostnaðarverði.

Nú hefir einn hugkvæmur maður í okkar landi þegar bent á leið til þess, sem sjá má á grein í Alþýðublaðinu, hvernig þetta megi gera vitaókeypis. Sú leið er í raun og veru svo einföld sem frekast getur verið. Hér á að leggja skatt á þau heimili, sem börn hafa í skóla, án tillits til barnafjölda, sem reiknað er út, að ekki þurfi að nema meiru en 5 kr. á hvert heimili. Nú telja fróðir menn, að hér séu um 8000 heimili í landinu, sem eigi börn á skólaskyldualdri. Er þá fljótreiknað dæmi, að þau myndu greiða um 40000 kr. Fyrir þá upphæð telja sérfróðir menn, að megi gefa út allar þær skólabækur, sem yfirleitt er krafizt að börn noti í skólum landsins. Hvað er þá unnið með þessu, munu menn spyrja. Ég get sagt mína sögu, og ég veit, að það eru hundruð heimila, sem geta sagt sömu sögu, að skólabókabyrðin er afskaplega þung þar, sem mörg eru börnin. Hér er ekki um að ræða neitt, sem menn geta komizt undan. Lögin heimta, að börnin séu í skólum og hafi bækur, hvernig sem gengur að láta þær í té. Í grg. brtt. er komizt að þeirri niðurstöðu, að lögboðnar skólabækur kosti um 11 kr. á ári á hvert barn, miðað við 4 ára skólaskyldu. Hygg ég, að hér sé ekki of djúpt tekið í árinni, a. m. k. bendir mín reynsla á, að um stærri upphæð sé að ræða. En slái maður föstu, að þetta sé það almenna, að hvert heimili greiði 11 kr. á

ári fyrir skólabækur handa hverju skólaskyldu barni, þá sjáum við, hvað mikill hagnaður það yrði fyrir öll heimili, rík og fátæk, ef hægt væri að fullnægja þessari skyldu með einum finm kr. á ári.

Með þessu er ég eiginlega búinn að lýsa efni brtt. Ég get að vísu farið út í einstakar greinar þeirra, en í raun og veru skýra þær sig sjálfar.

1. gr. fjallar um það, að gera skuli skrá yfir þær námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkv. fræðslulögum, og hverjar kröfur skuli gera um efni þeirra.

2. gr. ákveður, að ríkið skuli gefa út þessar bækur og dreifa þeim út eftir ákvæðum þessara laga.

Þá kemur 3. gr., sem ákveður, hver skuli annast ritstjórn kennslubókanna. Er það n., með fræðslumálastjóra sjálfkjörnum form. og tveimur öðrum mönnum, annar kosinn af Sambandi ísl. barnakennara, en hinn af ráðherra. Hér er fyrir því séð, að bækurnar, sem valdar eru, séu í samræmi við anda fræðslulaganna og það, sem stjórn fræðslumálanna og kennarastéttin telur rétt vera á hverjum tíma. Tel ég ekki þörf á að fara ýtarlegar út í það.

4. gr. ræðir um, hver á að annast prentun og útgáfu skólabókanna. Liggur nærri, þar sem ríkið sjálft á prentsmiðju, að hún annist útgáfuna. En hún á að gera meira. Hún á einnig að annast heftingu eða band bókanna og útsendingu þeirra til hinna ýmsu skólahéraða landsins.

5. gr. fjallar um útsendinguna og hvernig fá skal nokkurnveginn vissa tölu þeirra barna, sem útbýta þarf til.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að ríkið greiði allan kostnað við útgáfu og útsendingu bókanna. Þennan kostnað á svo að fá inn með skatti þeim, sem ég minntist á áðan, 5 króna nefskatti á hvert heimili, sem skólaskyld börn hefir, er innheimtist með öðrum opinberum gjöldum. Um það ræðir í 7. gr. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að fyrsta árið þurfi e. t. v. að gefa út fleiri bækur heldur en skattgjaldið hrekkur fyrir, e. t. v. tryggja sér upplög, sem til eru, o. s. frv. Því er gert ráð fyrir, að ríkið geti þurft að sjá fyrir lánsfé fyrstu árin, sem greiðist svo síðar með skólabókagjaldinu.

8. gr. gerir ráð fyrir, að skóla- og fræðslunefndir feli skólastjórum og umferðakennurum útbýtingu bókanna á meðal skólaskyldra barna. Ætlazt er til, að hér sé engin bruðlun höfð í frammi og fullkomið eftirlit sé haft með því, að ekki sé látið úti meira af bókum heldur en hæfilegt og nauðsynlegt þykir.

9. gr. fyrirskipar, eins og sjálfsagt er, að þessar bækur megi ekki ganga kaupum og sölum. Þær eiga að sjálfsögðu að vera eign þeirra, sem þær eru fengnar í hendur, og ekki annara.

Þá er 10. gr. Hún fjallar um, að leggja megi fyrir ríkisprentsmiðjuna að útvega og útbýta á sama hátt og þeim bókum, sem rætt hefir verið um, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftabókum, vinnubókum, ritföngum o. s. frv., ef fé er fyrir hendi til þess.

Ég tel ekki þörf að ræða meira einstakar gr. brtt. Þetta er aðalkjarni þeirra, sem ég hefi nú lýst. Ég vil aðeins benda á það, að ef hnigið væri að því ráði að hækka skólabókagjaldið, þá er sennilegt, að afla mætti allra þeirra kennslubóka, sem notaðar eru í barnaskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum, eða m. ö. o. öllum almennum skólum upp að æðsta skóla þjóðarinnar, háskólanum, fyrir 10 kr. gjald á heimili. Sú leið er ekki farin í frv., þó aðeins sé bent á hana. Það mætti segja, að þá væru lagðar kvaðir á heimili, sem engin börn eiga í þessum skólum, en í frv. er gert ráð fyrir, að þau heimili greiði skólabókagjald, sem eiga börn á skólaskyldualdri, en önnur ekki. Ég hefði þó fyrir mitt leyti að ýmsu leyti getað fallizt á, að barnlausu heimilin greiddu gjaldið líka og styrktu þannig barnaheimilin.

Það er rétt að geta þess, að samkv. þessum till. er heimilt fyrir einstaklinga að hafa frammi til sölu kennslubækur í þeim fræðum, sem kennd eru í barnaskólum. Ef foreldrar og kennarar kynnu að vilja nota aðrar bækur heldur en úthlutað er, þá er ekki af neinum tekinn rétturinn til þess að bjóða þær fram.

Ég hefi orðið var við það síðan farið var að ræða um þessar till., að þær vekja almennan fögnuð á meðal almennings. Ég hefi náttúrlega fyrst og fremst kynni af fólki hér í Reykjavík, en ég hefi þó líka átt kost á að tala við fólk utan af landi, og ég hefi ekki orðið var við annað en þessi hugmynd hafi vakið almennan fögnuð. Mönnum finnst, að hér muni vera fundin heppileg leið til þess að létta undir með barnafólki. Vænti ég því, að málið geti gengið fram þegar á þessu þingi, þar sem það liggur mjög ljóst fyrir.

Ég hefi lauslega bent á, hvað það er afskaplega þung byrði fyrir barnmörg heimili að afla þeirra bóka, sem heimtað er, að börnin noti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara út í þá stóru ágalla, sem ég veit, að eru á skólabókaskyldunni, eins og t. d. hin tíðu bókaskipti, sem yfirleitt eru heimtuð. Maður gæti búizt við, að þegar búið væri að kaupa bækur handa einu barninu, þá gæti það næsta tekið við þeim. En, nei — takk! Þá eru komnar nýjar bækur eftir nýja höfunda. Þetta gerir barnmörgum heimilum erfiðara fyrir heldur en þyrfti að vera.

Það er rétt að athuga þegar, hvaða menn það eru í þjóðfélaginu, sem hugsanlegt er, að gætu haft óhag af því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Ég sé ekki, að þar geti verið nema um eina stétt að ræða, og það eru bóksalarnir. Það er eina stéttin, sem ég get séð, að missi nokkurs í við það, að þetta fyrirkomulag væri tekið upp. En ég verð að segja það, með allri virðingu fyrir þeirri ágætu stétt, að ef hennar tilvera byggist á því að þurfa að taka svo og svo mikið í sölulaun af þeim bókum, sem fátækum börnum er lögboðið að nota, ef þeir geta ekki verið án þeirra tekna, þá verður að finna einhverja aðra lausn á því að útdeila bókum í voru landi. Sá skattur, sem þannig er tekinn af almenningi, er ranglátur, og það er sjálfsagt fyrir þjóðfélagið að gera allt, sem það getur, til þess að létta honum af. Við lifum á öld mennta og menningar, þegar öllum er gert að skyldu að nema, svo að segja frá því að þeir geta skilið, hvað stafróf er og fram á fullorðins ár. Þetta

er á vorum tímum álitið óhjákvæmilegt til þess að ala upp nýta þjóðfélagsborgara. En þá megum við ekki heldur gera nemendunum svo þröngt fyrir dyrum, að þeir geti ekki notið þeirrar menntunar, sem fram er boðin, m. a. með því að gera þeim næstum ókleift að afla sér þeirra kennslubóka, sem nauðsynlegar eru við námið.

Þá ætla ég aðeins að minnast á, hvaða meðferð ég tel æskilegast, að þetta mál fái. Mér er ekki kunnugt um, að hv. menntmn. hefi tekið brtt. til athugunar. Og af því að hér er allmikið mál á ferðinni, teldi ég rétt, að þessari umr. væri frestað og hv. menntmn. gefinn kostur á að taka það til gaumgæfilegrar meðferðar. En ég vil eindregið óska þess, að hv. n. taki málið mjög fljótlega fyrir, til þess að það þurfi ekki að daga upp á þessu þingi. Veit ég, að á bak við þessi orð mín standa fjöldamargir í þessu landi, sem vænta, að þetta mál verði nú leyst að fullu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð fyrir þessum till., nema sérstakt tilefni gefist til.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Það er e. t. v. eðlilegt, að þetta mál sé tekið á dagskrá, en við höfum haft svo mikið að gera í fjvn., að við höfum ekki getað haldið nægilega fundi í öðrum n. — Það hafa komið fram í þessu máli nauðsynlegar og gagngerðar brtt., sem n. hefir ekki tekið til meðferðar, þannig að ómögulegt er að taka málið fyrir nú, og ekki fyrr en n. hefir gert nauðsynlegan undirbúning, sem þarf viðvíkjandi þessum brtt. Neyðist ég því til að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil aðeins segja nokkur orð út af meðferð þessa máls. Það er búið að liggja hér í þinginu síðan 21. febr., en 1. umr. fór fram á fyrra hluta þings og 2. umr. fór fram 12. þ. m., og nú er þetta mál komið á dagskrá eftir ósk minni við hæstv. forseta. Ég get auðvitað ekki haft neitt á móti því, að málið verði athugað í n., en ég hefi margsinnis farið fram á það við form. n., að það væri tekið fyrir, og ég hygg, að hinir nm. séu hlynntir því, að þær brtt., sem hér ræðir um, verði teknar til rækilegrar athugunar. Ég óska eindregið eftir því, að málinu verði hraðað, því að ég óska einskis frekar en að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Forseti (EÁrna): Ég tek þá málið út af dagskrá og vænti þess, að hv. menntmn. taki það til athugunar á ný.

Á 93. fundi í Ed., 12. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 6, n. 125 og 176, 509, 759).

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. var upphaflega flutt af stj. á fyrri hluta þingsins, og hafði menntmn. þá gert við það lítilfjörlegar brtt., en minni hl. vildi þá fella það. Síðan hefir þetta langa sumarfrí komið, og eftir að komið var langt fram á þing, komu tveir hv. þm. úr Alþfl. með mjög víðtækar brtt., sem í raun og veru voru fullkomin endursköpun á frv. Það var þess vegna óhugsandi fyrir n. annað en að gera annaðhvort, halda við fyrri ákvörðun og fella allar nýju till., eða þá að taka nýju till. upp og byggja aðallega á þeim, en gera ráð fyrir, að gamla frv. væri þá úr sögunni.

Nú hefir n. athugað þetta mál, og ég fullyrði, að það var minni munur á skoðunum nm. um fyrra frv., þannig, að minni hl., sem stóð ekki að þessum till. og var óánægður með a. m. k. verulegan part af frv., virtist þó standa nær aðalkjarna þessara till. en frv. áður. Meiri hl. n. hefir séð, að ef það átti yfirleitt enn að taka á þessu frv., þá var rétt að taka brtt. og byggja á þeim, en hefir gert nokkrar minni háttar brtt. við þær. Það er ein prentvilla í brtt. Þar stendur „útgefendum“, en á að vera: útgefanda. — Er þar átt við ríkið. Mun það verða leiðrétt í meðferð skrifstofunnar.

Ég ætla þá að gera grein fyrir, eins stuttlega og ég get, hverjar aðalbreyt. eru frá upphaflega frv. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkið byrji á að gefa út kennslubækur eins og hver annar útgefandi, og taki það fyrir hægt og hægt, og sé lögð fram árlega úr ríkissjóði nokkur fjárhæð, og smátt og smátt yrði þetta sjálfstætt fyrirtæki, sem stæði undir sér sjálft. En eins og það er í þessum nýju till., þá er það í raun og veru til að tryggja þeim bækur, er eiga börn í barnaskólum, og gert ráð fyrir, að það nái einnig til unglingaskóla og hugsanlegt, að það nái líka til sérskóla að meira eða minna leyti, en það er atriði, sem liggur í framtíðinni, og fer ég því ekki út í það nú. En það, sem frv. gefur beinlínis tilefni til, er, að það er byrjun á að fullnægja þörf kennslubóka í barnaskólum og unglingaskólum að nokkru leyti.

Með þessum till. er gert ráð fyrir því, að það muni taka 3 ár með þessu 5 kr. gjaldi á hvert heimili, þar sem skólaskyld börn eru, að fá nægilegt fé til að koma upp þessu kennslubókaforlagi fyrir heimilin. Þessi mikla verðlækkun, sem á bókunum á að verða, byggist á því, að samkv. þessu skipulagi verður meira gefið út af hverri bók og mikill kostnaður sparast við sölulaun og þess háttar, þar sem þessum bókum mundi verða útbýtt í barnaskólunum, en foreldrar borga bókagjaldið til ríkisins.

Nú þótti mér það í sjálfu sér æskilegast, þó að farið væri inn á þessa leið, að gert hefði verið ráð fyrir því, að þetta gæti staðið undir sér sjálft, þannig, að ekki yrði gefið meira út á hverju ári en hægt væri fyrir þennan skatt. En á því er sá annmarki, að þá gæti farið svo fyrst, að foreldrar, sem borguðu þennan skatt, fengju ekki þær bækur, sem gefnar væru út, en yrðu að kaupa þær sérstaklega. Ég gekk því inn á aðra leið, en hún er sú, að hækka þennan skatt upp í 8 kr. En svo framarlega sem útreikningur hv. flm. er réttur, ætti þetta hærra gjald ekki að þurfa að vera nema tvö ár, og það gera heldur betur en 3 ár gerðu áður, en annars er það ekki stórt atriði, því að jafnvel þó að bækurnar héldust í 8 kr. á ári, þá væri samt um mikinn sparn-

að að ræða fyrir foreldrana, en ég vil þó gera ráð fyrir, að eftir 2 ár yrði hægt að færa gjaldið niður í 5 kr.

Eins og gengið er frá þessu frv., þá er gert ráð fyrir því, t. d. ef það næði fram að ganga nú, að þá mundi verða að gefa út nokkuð af bókum á þessu ári, en aðallega mundi þetta fyrirtæki verða að kaupa bækur, sem nú eru til, og mundi sjálfsagt þykja sanngjarnt að kaupa eins mikið og væri hægt af þeim bókum, sem nú eru til, til þess að gera bókaútgefendum þær ekki ónýtar. Má segja, að hagsmunir bókaútgefenda séu ekki vel tryggðir í þessu efni, en í 5. brtt. felst þó lítilsháttar bót frá n., þar sem það er lagt til, að ekki skuli vera farið eftir kostnaðarverði bókanna eins og það yrði í ríkisprentsmiðjunni, heldur mundi verða farið eftir því, þegar þær yrðu keyptar, hvað þær hafa kostað. Þetta er ekki stórt atriði, og það má auðvitað halda því fram, að það sé hægt að fara hér ósanngjarnlega að þeim, sem hafa gefið út þessar bækur, en ég vona, að ekki sé ástæða til að vantreysta því, að þetta verði framkvæmt á sanngjarnan hátt.

Ég hefi þá gert grein fyrir þeirri fjárhagslegu hlið málsins. Ég vil svo bæta því við, að eins og þetta hefir legið fyrir okkur í n., þá hlýtur það að verða þannig, að ríkið mundi þurfa, ef þetta næði fram að ganga, að leyfa þessu fyrirtæki að taka lán, sem svarar til eins árs tekna, þ. e. a. s. að ef ætti að vera hægt að láta foreldra barnanna fá bækur undir þessu fyrirkomulagi næsta haust, þá þyrfti að taka lán eitt ár, það sem kæmi inn á árinu 1937. Í stuttu máli, það er gert ráð fyrir, að fyrirtækið sjálft mundi taka lán, en það þyrfti ekki að vera mikið, því að það þyrfti ekki að kaupa af eldri forlögum allt, heldur aðeins það, sem þyrfti til ársins. En eftir þessum útreikningi má gera ráð fyrir, að tvö fyrstu árin yrðu nægileg til að koma þessu af stað, svo að ríkið þyrfti ekki að taka lán eða standa í skuld fyrir það.

Eina breyt. viðvíkjandi útgáfunni er það, að útgáfustjórnin er sú, sem tekin er fram í 2. gr. Í brtt. okkar meiri hl. hefir verið gert ráð fyrir því, að þingflokkarnir skuli tilnefna sinn manninn hver, og svo væri forstjóri Gutenbergs fastur maður í n. En að nokkru leyti með tilliti til þess, að slíkar samsettar framkvæmdarstjórnir hafa ekki alltaf gefizt sem bezt — ég vil að vísu ekki fara út í það, en það eru dæmi í okkar sögu í þá átt, — og ennfremur af því, að þetta mætti mikilli mótspyrnu frá barnakennurum, fyrir það, að þeir hefðu misst þar sinn mann, sem upprunalega var talinn með, þá var hugsað til að breyta þessu svo, að barnakennarar fengju sinn mann inn þarna.

Þetta bókaútgáfukerfi hlýtur fljótt að ná til ungmennaskólanna í landinu. En þeir eru mjög fjölmennir og eru smám saman að taka við vissum þáttum af barnafræðslunni. Ég hugsa, að það séu ekki færri en 1600 nemendur samtals í öllum ungmennaskólum landsins, héraðsskólum og gagnfræðaskólum. Þess vegna töldum við rétt, að ef barnaskólarnir ættu að hafa mann í útgáfustjórninni, þá yrðu unglingaskólarnir líka að hafa þar mann. Okkur fannst ekki ástæða til, að forstjóri ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs væri form. útgáfustj. frekar en fræðslumálastjórinn. Þeir eru báðir ákaflega nákomnir þessum fyrirhuguðu framkvæmdum, og yrðu þar samningsaðilar hvor á sinn hátt. Þess vegna hefir menntmn. gert það að till. sinni, að í útgáfustj. ættu sæti 2 fulltrúar fyrir þá, sem eiga að nota bækurnar, og að ríkisstj. skipi 3. manninn, sem yrði formaður. Ég get látið það í ljós, án þess að nokkuð sé sveigt að þeim framkvæmdarstjóra, er ég áður nefndi, að ég tel ekki heppilegt að skipa menn samkv. stöðu sinni í nefndir eins og þessa; það mun réttara, að þeir komi ekki inn í slíka nefnd í embættisnafni, heldur einungis með fullum vilja og einlægum ásetningi til þess að vinna saman. Þetta hefir reynslan kennt okkur, sem störfum í menntamálaráðinu.

Svo er það ein röksemd enn, sem ég vildi bæta við. Það eru talsvert miklar líkur til, að breytt verði um skipulag á barnafræðslunni í landinu, jafnvel á næsta ári. Við, sem störfum í fjvn., höfum á prjónunum bráðabirgðatillögur, sem gætu orðið grundvöllur undir áframhaldi í sömu átt síðar. Við gerum ráð fyrir, að farkennurum verði fækkað í dreifbýlinu. Í ýmsum fræðsluhéruðum hafa þeir ekkert verkefni, en sitja máske yfir því allan veturinn að kenna 7—10 börnum. Þessi till. okkar verður sennilega rædd hér í þd. á morgun. Við gerum ráð fyrir að sameina fræðsluhéruð, og að barnakennarar verði ekki fleiri en það, að þeir geti haft fullkomið verkefni. Till. gengur út á það, að fækka kennurum, auka störf þeirra, en bæta launakjörin, og ennfremur að fá börnin til þess að lesa sem mest sjálfstætt og af eigin áhuga. Það eru ýms þekkingaratriði, sem nú er ranglega krafizt af börnum á skólaskyldualdri að þau leysi úr í barnaskólunum. Slík atriði eiga aftur á móti að koma til greina í unglingaskólunum.

Það þarf náttúrlega mikla góðvild til þess að koma þessu frv. ásamt brtt. í gegnum þingið, þar sem orðið er svo áliðið þingtímann. Það hefir orðið óheppilegur dráttur á afgreiðslu þess frá menntmn., og stafar það m. a. af önnum minum í fjvn., og einnig af því, að mig hafði rangminnt um það, hvað frv. þetta, um ríkisútgáfu skólabóka, væri langt komið í þinginu. Ég hélt það væri búið að ganga í gegnum Nd. og ætti aðeins eftir tvær umr. hér í d. og eina í Nd. á eftir, en það á alveg eftir allar umr. í Nd. En ég treysti því nú, að þessi hv. d. geri málinu greið skil. Mun ég svo ekki tefja umr. meira, nema sérstakt tilefni gefist til.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefði gjarnan óskað þess, að hv. minni hl. menntmn. talaði áður en ég tæki til máls, ef um minni hl. er að ræða, vegna þess að ég hefi áður talað tvisvar við þessa umr. og á því ekki eftir nema eina ræðu. — En ég vil leyfa mér að þakka hv. meiri hl. n., að svo miklu leyti sem hann er samþykkur frv. og brtt. við það, og fyrir aðgerðir hans í málinu. Mér þykja minni líkur til, að þær brtt., sem hv. meiri hl. n. flytur, skaði málið á nokkurn hátt. Ég geri því ráð fyrir, að við flm. brtt. við frv. getum gengið inn á þær. Ég hygg, að brtt.

n. um skipun útgáfustj. sé athyglisverðust, en ég sé ekki annað en að við getum sæmilega við hana unað. Um aðrar brtt. n. er það að segja, að ég get fallizt á þær og sætt mig við, að framlag heimilanna yrði fært úr 5 kr. upp í 8 kr., af því að það er ekki öruggt, að 5 kr. muni nægja; en hinsvegar er 8 kr. gjald mun lægra en það, sem heimili með einu skólaskyldu barni þarf að greiða nú fyrir skólabækur. Ég tel þetta því mikinn ávinning, þrátt fyrir allt. — Ég skal ekki um það ræða, hvernig séð verður fyrir kaupum á þeim skólabókum, sem nú eru fyrir í landinu, en ég geri ráð fyrir, að þeim, sem þær eiga, verði í engu óréttur gerður, og ber það traust til þeirra manna, sem valdir verða í útgáfustj., að þeir sýni fullkomið réttlæti og sanngirni í því efni. Ég get því fallizt á þá brtt., sem hv. þdm. geta yfirleitt orðið ásáttir um að því er þetta snertir.

Ræða hv. frsm. n. gaf mér ekki tilefni til frekari umr. Hann vék að öðru efni í sambandi við fræðslumálin í landinu, en það mun síðar gefast tilefni til að ræða það frekar.

Ég vænti, að hæstv. forseti gefi mér kost á að taka til máls síðar, ef hv. minni hl. n. gerir einhverjar aths. við frv., sem ég teldi mér skylt að svara. En ég held, að hv. minni hl. hafi ekki nein sérstök ágreiningsatriði fram að bera og muni fylgja þessum till. í aðalatriðum.

Ég get lýst ánægju minni yfir meðferð málsins og vona, að það gangi fram á þessu þingi, þó að nokkur hætta sé á, að það kunni að verða tafið. Það er mikil nauðsyn á, að þeir, sem eiga að njóta góðs af því, geti fengið það sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Guðrún Lárusdóttir): Ég þarf ekki að tala langt mál. Þegar þetta frv. var á sínum tíma til meðferðar í menntmn., þá lét ég lítillega í ljós skoðun mína á því með dagskrártill., sem ég lagði hér fram í d. á þskj. 176. En ég skal játa, að málið horfir nú talsvert öðruvísi við, þar sem segja má, að nú liggi frv. fyrir í nýrri mynd, fyrir þær viðtæku brtt., sem við það hafa verið gerðar.

Ég hafði þá skoðun áður — og hún er í raun og veru enn sú sama —, að ég kann illa við, að ríkisvaldið sé að skipta sér af útgáfu skólabóka. Mér finnst, að við slíka meðferð á málinu hljóti það að verða pólitískt litað. Þetta er einungis mín skoðun. En þrátt fyrir það er ýmislegt í þessum brtt., sem getur verið nógu gott að gera tilraunir með. Við vitum það öll, að kaup á námsbókum eru stór útgjaldaliður fyrir skólabörnin og heimilin. Og þar sem hér er boðið upp á ódýrari skólabækur, þá lít ég svo á, að það sé þess vert að taka til athugunar og reyna þessa leið, þó að það hefði vitanlega verið miklu æskilegra, að einhver annar en ríkisstj. hefði útgáfu bókanna á valdi sínu. Ég get fylgt þessum till. að svo miklu leyti sem þær snerta aðeins námsbækur barna. En brtt. hv. meiri hl. menntmn. ganga þar nokkru lengra, og þeim get ég ekki fylgt.

Það er náttúrlega mjög æskilegt að geta fengið sem ódýrastar námsbækur fyrir sem flesta í landinu. En meðan ekki er fengin nein reynsla fyrir því, hvernig takast muni um þennan fyrsta lið, útgáfu barnanámsbóka, þá er ekki vert að ganga lengra. Ef það gengur vel, þá er hægara að bæta við síðar, og sjálfsagt að gera það. Þetta er mín afstaða til málsins. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, og tek dagskrártill. mína aftur til 3. umr.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það þarf í raun og veru talsvert ímyndunarafl til þess að sjá, að þetta sé sama málið og undanfarið hefir verið að þvælast hér fyrir á Alþingi, og flutt var hér í d. í þingbyrjun. Í þessum brtt. við frv., sem nú liggja hér fyrir — í raun og veru til 1. umr. —, eru svo róttækar breyt., að það er um gersamlega nýtt mál að ræða. Það, sem tengir þessi tvö frv. saman, er þó sú hugsun, að ríkið eigi sjálft að gefa út skólabækur. Um það hefir mikið verið deilt á undanförnum þingum, en ekki annað af því, sem hér liggur fyrir í þessum till. — Ég hefi ekki fellt mig við þær uppástungur, að ríkið gæfi út skólabækur, og ætla ekki að endurtaka rök mín og annara gegn því. Ég sé ekki, að það skapist nýir möguleikar, þó að ríkið taki við bókaútgáfunni; og þó að það sé sýnt reikningslega á pappírnum, að útgáfan verði svo og svo mikið ódýrari hjá ríkinu en ella, þá er það bara af því, að ýmsum kostnaðarliðum er sleppt úr þeirri áætlun. Þetta á sem sagt allt að gerast á undursamlegan hátt. En reynslan hefir hinsvegar alltaf sýnt það, að slíkar framkvæmdir sem þessar eru miklu dýrari hjá ríkinu en einstaklingum. Þessi hugsun, sem hér hefir verið rótfest í sambandi við útgáfu skólabóka, er af mörgum talin svo sjálfsögð, að það er eins og þeim finnist ekki unnt að starfrækja þetta kerfi nema undir umsjá ríkisins; og það er náttúrlega hægast að útbýta ókeypis bókum á þann hátt. En ég hygg, að þetta kerfi sé ómögulegt eins og það er hugsað, og að það verði bara útgjaldabaggi á ríkissjóði. Aðalatriðið í þessu máli er að leita nýrra ráða til þess að útvega börnunum ódýrari skólabækur en áður; og ég get náttúrlega ekki sagt annað en allt það bezta um þann lofsverða tilgang. Og sannleikurinn er sá, að skólabókakostnaður barna er út yfir alla skynsemi. Ég hefi ekki athugað eða fylgzt með því, hvað hann muni vera mikill á síðari árum, en það er augljóst, að hann er geysilegur. Í hvert sinn sem börn þurfa að flytjast milli bekkja í skólum, þá þurfa þau einnig að skipta um kennslubækur. — En nú er ef til vill bætt úr þessu að einhverju leyti, því að ég veit ekki betur en að fræðslumálastjóri og skólanefndir hafi tök á að ákveða hversu margar bækur eru notaðar í barnaskólunum. Enda er gert ráð fyrir því í þeim útreikningi, sem liggur til grundvallar fyrir væntanlegri útgáfu skólabóka, að kennslubókum verði ekki fækkað, eftir að hið nýja fyrirkomulag kemst á, heldur að þær verði ódýrari en ella.

Þó það sé máske ekki í samræmi við þingsköp að tala almennt um þær brtt., sem hér liggja fyrir, við þessa umr., þá verð ég nú samt að ganga nokkuð inn á þá fjáröflunartill., sem í frv. felst. Þetta útgáfukerfi byggist á þeirri hugsun, að lagður verði almennur skattur, jöfn upphæð, á öll heimili, sem eiga börn á skólaskyldualdri, til

þess að standast kostnað af því að útbýta ókeypis skólabókum til allra skólabarna. Hér er að vísu aðeins talað um skólabækur. En ég sé engan eðlismun á því að útbýta þeim ókeypis heldur en einhverju öðru, sem börnin hafa þörf fyrir, t. d. fæði, föt, skótau o. s. frv. Það mætti láta ríkið stofna og reka skótausverksmiðju, engu síður en prentsmiðju, og ennfremur klæðaverksmiðju og prjónastofu, til þess að útbýta svo þessum vörum ókeypis til barnanna. Og ef það reynist vel, þá má halda lengra, og miða þetta ekki einungis við börnin, en lofa fullorðna fólkinu einnig að njóta þessara ókeypis vöruúthlutana.

Hér er verið að innleiða alveg nýja aðferð. Það á að leggja sérstakan skatt á borgarana til þess að kaupa fyrir þá peninga ákveðnar vörutegundir og útbýta þeim svo gefins. Ég sé engan mun á því, hvort hér er um bækur að ræða eða annað verðmæti. Og ég get ekki heldur séð, hvers vegna bækurnar eiga að verða ódýrari af því, að andvirði þeirra er innheimt með þessum skatti. Hvers vegna má ekki lofa ríkisprentsmiðjunni að gefa bækurnar út og selja þær? Hér er um tvær leiðir að velja. Hver er munurinn á þeim? Hvers vegna þarf frekar að fara fyrri leiðina en hina? Það er sá eini munur á þeim, að samkv. skattaleiðinni verða ýms heimili að borga meira en fyrir sig, — þau borga einnig fyrir aðra. Það er líka ef til vill aðaltilgangur hv. flm. En ég skil ekki, hvers vegna þessi skattálagning á fremur rétt á sér vegna gjafa á skólabókum heldur en öðrum góðum hlutum. — Það kann að vera, að einhver sérstök blessun muni fylgja þessum 5—8 króna skatti, en ég sé ekki, hvaða sparnaði þetta veldur við útgáfu skólabókanna. Það kann að vera sprottið af misskilningi hjá mér. Bókamarkaðurinn eykst ekkert; það selst ekki meira af bókunum, hvort heldur andvirðið er innheimt með skatti eða með segjum kr. 1.25 fyrir hvert eintak. Hér er bara um tvennskonar aðferðir að ræða á innheimtunni. Önnur leiðin er sú, að innheimta gjaldið af heimilunum, hin er sú, að ríkisprentsmiðjan gefi bækurnar út og börnin kaupi þær sjálf. Munurinn er ekki annar en sá, að í fyrra tilfellinu er lagt bann við því, að bækurnar séu seldar aftur; með því er útilokað, að eitt barnið geti notað bækurnar á eftir öðru, nema þær séu látnar af hendi gefins, og það mun börnunum ekki vera bannað, en ekki er þeim það skylt samkv. frv. — Þegar það er nú einu sinni komið inn í meðvitund fólksins, að bækurnar séu gefnar af því opinbera, þá heldur það fastar á þeim og þá breytast máske útreikningarnir fyrir þessari skólabókaútgáfu. Annars getur vel verið, að ýms atriði í frv. leiði út í rökvillur, eins og þetta; ég hefi ekki athugað það svo. En ef kerfið er rétt reiknað út, þá eiga að koma jafnmiklir peningar inn upp í útgáfukostnaðinn, hvort sem þeir eru innheimtir með skatti eða að hver bók er borguð fyrir sig.

Annars mun ég ekki fara út í hvert einstakt atriði í þessum ýtarlegu till., enda var ég ekki í n., sem um það hefir fjallað. Ég skal játa, að ég hefi máske ekki krufið þetta mál fyllilega til mergjar. En mér virðist það ekki vera annað en útfærsla á tveimur höfuðatriðum, að ríkið gefi út skólabækur og innheimti sérstakt gjald til að standast útgáfukostnaðinn.

Hv. meiri hl. menntmn. leggur til, að gerðar verði breyt. á ákvæðum frv. um stjórn skólabókaútgáfunnar. Mér finnst það vera aukaatriði, og skipun n. er einnig aukaatriði. Útgáfukostnaðurinn er aðalatriðið. — Ég skal fúslega játa, að ég er ekki svo kunnugur útreikningum um útgáfukostnað bóka, að ég geti fyllilega gagnrýnt þetta kraftaverk, sem hér á nú að láta gerast á því sviði. Og enda þótt ég ætti ekki að verða fyrstur manna til þess að efast um, að kraftaverk gerist enn á meðal vor, þá er ég nú samt dálítið hræddur um, að það reynist ekki í þessu falli. Mér skilst svo, að ef ríkið á að leggja í þessa bókaútgáfu, þá þurfi að leggja fram til þess nokkur hundruð þús. krónur, og að þá hljóti jafnframt að koma til greina vaxtatap á því fé o. s. frv. Hinsvegar kemur gjaldið ekki inn fyrr en smásaman; hlýtur því að leggjast á þetta töluverð vaxtabyrði. Í því sambandi get ég sagt það, að ég skil ekki almennilega, hvernig á að vera hægt að koma þessu öllu í kring undir eins, á parti úr ári, skilst mér. Því það er náttúrlega mikið verk að undirbúa útgáfuna, prenta, hefta og binda og senda út allan þennan sæg af bókum. (MG: Má ekki nota upplög gömlu bókanna?). Jú, með samþykki útgáfustj. má kaupa upplög bókanna, sem fyrir eru, og það mundi auðvitað létta þessa útgáfu. En ætla má, að ekki yrðu ódýrari þær bækur, sem gefnar hafa verið út undir hinu óhentuga einstaklingsfyrirkomulagi, svo það þyrfti samt sem áður að leggja fram töluvert mikla peninga til að byrja með. Ég skildi ekki, hvernig hv. frsm. hugsaði sér, að þetta fé gæti komið inn á örstuttum tíma; mér virðast útreikningarnir allir miðaðir við margra ára bil. Það er gert ráð fyrir 12 þús. skólaskyldum börnum í landinu og að þau þurfi 2000 eintök af hverri bók á ári. Skilst mér þetta miðað við 6 ára tímabil og að fyrsta upplagið eigi að endast í 3 ár. Kennslubókaskatturinn er áætlaður 40 þús. kr. á ári, og verði kostnaðurinn við útgáfu allra bókanna 120 þús. kr., þá líða 3 ár þangað til það fé er allt komið inn, og þá er komið að því, að út þarf að gefa nýtt upplag og leggja út peninga fyrir það aftur. Mér skilst því, að oftast nær hljóti að hvíla skuld á þessari útgáfustarfsemi. Það hefir að vísu ekkert að segja annað en það, að nokkur vaxtakostnaður bætist við þann kostnað, sem annars þarf að reikna með. Áætlun ríkisprentsmiðjunnar á útgáfukostnaðinum ætla ég ekki að draga í efa, að sé rétt. Það fyrirtæki hefir enga ástæðu til að áætla kostnaðinn lægri en það álítur rétt, fremur þvert á móti, þar sem skoða má þetta sem einskonar tilboð af þess hendi. Hinsvegar sé ég ekki, að gert sé fyrir neinum kostnaði við dreifingu bókanna, nema fyrstu útsendingu; hitt á e. t. v. allt að gerast ókeypis.

Það fer nú stundum svo með þessa útreikninga, að þeir standast ekki í framkvæmdinni, og ég býst því við, að það sé a. m. k. varlegra að hugsa sér, að kostnaðurinn við það nýja fyrirkomulag, sem hér er um að ræða, verði talsvert meiri heldur en gizkað er á. Þarf það þó engan

veginn að koma í veg fyrir, að fyrirkomulagið kunni að vera hentugt. Það yrði þá bara að hækka gjaldið, ef kostnaðurinn reyndist meiri. N. hefir nú lagt til, að gjaldið geti orðið hærra heldur en upphaflega var stungið upp á, eða að það nemi 5—8 kr., og þykir mér líklegt, að það yrði sett í hámarkið. Byggi ég það á helzt til litilli trú á, að þetta gangi nú allt saman eins og klukka, þegar það á að fara af stað.

Í niðurlagi aths. er sagt frá því, að ekki sé með þessu verið að setja á neina einokun á útgáfu skólabóka, mönnum sé frjálst að kaupa bækur, gefnar út af einstökum mönnum, ef menn óska. En ef þessi hugmynd er framkvæmd út í æsar og þegar gefnar út allar þær námsbækur, sem fræðslumálastj. telur nauðsynlegar, þá er mér ekki vel ljóst, hvað á að gera við þessar aukakennslubækur, nema þá rétt ef börnin langar til að hafa eitthvað að lesa utanhjá. Mér skilst skrá fræðslumálastj. eiga að ná yfir allar kennslubækur, sem notaðar eru í barnaskólum landsins, svo ég sé ekki, að það verði neitt með aðrar námsbækur að gera og býst við, að fáir vilji verða til að gefa þær út. Það er því bezt að segja eins og er, að það verður náttúrlega um einokun að ræða, ef þetta plan verður framkvæmt; það má ræða um, hvort það sé heppilegt fyrir því. Ég fyrir mitt leyti er ekki svo mjög hræddur við, þó fræðslumálastj. ákveði, hvaða kennslubækur eru gefnar út. Ég býst ekki við, að hún færi að útiloka bækur, nema þær séu með einhverjum ákveðnum „tendens", eða neitt slíkt. Ég hefi verið fylgjandi því, að fræðslumálastj. hefði vald til að segja fyrir um, hvaða bækur skuli notaðar í barnaskólum, því það er óhæft að vera alltaf að skipta um bækur og leggja með því stórum aukinn kostnað á heimilin.

En fyrir utan það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, að haga útgáfu kennslubóka handa barnaskólum eins og í frv. segir, er frv. að tvennu leyti talsvert viðtækara. Það er blandað inn í frv. hlutum, sem ég held, að spilli fyrir aðalefni þess. Það er ekkert á móti því út af fyrir sig, ef menn vilja á það fallast og finnst eitthvað svo dæmalaust skemmtilegur skipulagningarilmur af því, að gefa út og dreifa barnaskólabókunum á þann hátt, sem hér er stungið upp á. En frv. fer á tvennan hátt út fyrir þann ramma. Annarsvegar má fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út hitt og þetta annað og verzla með allar mögulegar skólanauðsynjar. Er þannig bætt ofan á hitt einskonar ríkisverzlun með öll þessi kennslutæki.

Hitt atriðið, þar sem farið er út fyrir aðalefni frv., er í 6. lið till., er heimilar að láta þessa aðferð ná til annara almennra skóla í landinu, þannig að árgjaldið hækki og bókum sé útbýtt til þeirra eins og barnaskólanna. Mér finnst, að ef ég hefði verið með aðalhugmynd frv., þá hefði ég þó verið á móti þessari útvíkkun, því þarna er um skóla að ræða, sem eru allt annarar tegundar heldur en barnaskólarnir. Barnaskólarnir eru skylduskólar og því er hægt að reikna nokkurnveginn út þeirra bókaþörf, sem helzt nokkurnveginn óbreytt í hlutfalli við mannfjöldann í landinu. Hinir skólarnir eru aftur á móti frjálsir skólar, sem geta verið mikið sóttir í eitt skipti, en lítið sóttir í hitt skiptið, og því er held ég miklu erfiðara við þá að eiga í þessu tilliti. Mér skilst, að þessi hækkun á skólabókagjaldinu eigi ekki að lenda á þeim heimilum, sem börn eiga í barnaskólum, nema þau eigi líka börn í öðrum skólum, annars færi þetta að verða dálítið einkennilegt. En nú eru margir aðeins eitt og eitt ár í framhaldsskólunum, og þykist ég því vita, að það yrði dálítið erfiðara að fást við framkvæmd þessa fyrirkomulags að því er þá snertir heldur en barnaskólana, þar sem aðsóknin er beinlínis lögbundin. Ég held því, að það væri mjög heppilegt fyrir þá, sem hugmyndinni fylgja, að nema þetta hvorttveggja burtu úr frv. að svo komnu. Það er alltaf tækifæri til, ef þetta reynist vel, að víkka út ákvæði frv. síðar, enda yrði þá komin reynsla fyrir, á hvern hátt bezt væri að leysa þann aukna vanda, sem af því leiddi að láta þetta ná til þeirra skóla, sem miklu óvissari eru að öllu leyti heldur en barnaskólarnir. Ég held, að það yrði ákaflega mikil vinna og sparðatínsla við að finna út, hvaða heimili eiga nemendur í hinum ýmsu skólum og hvaða gjald hvert um sig á þannig að greiða. Mér skilst, að gjöldin yrðu að vera þrennskonar: fyrir þau heimili, sem eiga aðeins nemanda í barnaskóla, þau, sem eiga nemanda bæði í barnaskóla og öðrum skólum, og í þriðja lagi þau, sem eiga nemanda í einhverjum skóla öðrum en barnaskóla.

Það má að vísu segja, að þetta sé allt saman meinlaust, af því aðeins sé um heimild handa hæstv. ríkisstj. að ræða, og því verði það ekki framkvæmt fyrr en ráðlegt þykir. En ég álít, að Alþingi eigi að segja vilja sinn um þetta á hverjum tíma, enda er ekki mikil fyrirhöfn að breyta l. síðar, ef menn vilja.

Ég fyrir mitt leyti mun hvorki greiða atkv. með frv. óbreyttu né brtt., af ástæðum, sem ég hefi áður tjáð. Ég er yfirleitt á móti því, að ríkið taki þessa hluti að sér, en tel rétt, að fræðslumálastj. hafi aðstöðu til að sjá um, að heimilunum sé ekki íþyngt meira en nauðsynlegt er með kennslubókakaupum. Ég álít, að bækurnar verði ekki ódýrari, þó ríkið gefi þær út, og er ekki að svo stöddu viðbúinn að ganga inn á að leggja á ákveðinn skatt í þessum ákveðna tilgangi. Ég álít ekki á einu sviði hentugra en öðrum að kljúfa þannig út úr tilteknar þarfir ríkisins og leggja á vegna þeirra sérstök gjöld. Um þetta urðu dálitlar umr. í fyrra í sambandi við hátekjuskattinn, og lýsti ég þá, hvað mikil fjarstæða það væri að halda, að hægt væri að halda ákveðnum opinberum gjöldum sér og greiða með þeim sérstaklega ákveðnar þarfir ríkissjóðs. Öll slík gjöld renna vitanlega beint í ríkissjóð, sem svo aftur greiðir þann kostnað, sem þau eiga að mæta. Mér finnst ekkert annað en óráð að kljúfa þannig út úr það, sem í sjálfu sér er bara hluti af ríkissjóðnum sjálfum.

Í aths. till. er haldið fram, að útgáfukostnaður kennslubókanna geti komizt niður í 1.20 stykkið. Því er þá ekki lagt til, að bókunum sé bara útbýtt fyrir það verð? Það lægi miklu beinna við. Þá væri ekki orðið um svo mikil þyngsli að ræða fyrir neitt heimili, að ástæða væri til að dreifa

kostnaðinum milli heimila. Hann væri þá orðinn hreint aukaatriði fyrir hvert einasta heimili, samanborið við ótal aðra kostnaðarliði, og því engin ástæða til að ná honum með sérstöku gjaldi, í stað þess að hvert heimili greiði bara fyrir sín börn.

Ég held það sé þá ekki fleira, sem ég kæri mig um að taka fram.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 176, frá minni hl. menntmn., tekin aftur.

Brtt. 125 tekin aftur.

— 759,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 509,1.a (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 509,1.b (ný 2. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
— 759,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
— 509,2 þar með úr sögunni.
— 509,3.a (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 509,3.b (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 509,3.c (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 759,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 759,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 509,4 (ný 6. gr., verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 509,5.a—d (4 nýjar gr., verða 8.—11. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 759.4 samþ. með 9:1 atkv.
— 509,6 (ný gr., verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
— 509,7 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 509,8 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
— 759,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 509,9 (ný 8. gr., verður 15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 509,10 (ný 9. gr., verður 16. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 509,11 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Á 94. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 782).

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 16:2 atkv.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 782, n. 870 og 880).

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Á þessu frv. hafa orðið verulegar breyt. síðan það var á ferðinni síðast, og ég tel þær tvímælalaust til bóta. Í frv. hefir verið tekið upp það fyrirkomulag, að hvert heimili fái hinar nauðsynlegu námsbækur gegn ákveðnu gjaldi á ári hverju, án tillits til þess, hve mörg börn eru á heimilinu. Tel ég, að þetta fyrirkomulag miði bæði að því að auka bókakost og spara kostnað við sölu bókanna. Ég sé, að í minnihlutaáliti hv. menntmn. er talið fyrirsjáanlegt, að tekjur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, muni ekki nægja fullkomlega til þess að tilgangi frv. verði náð, og að þetta muni því óumflýjanlega leiða til hækkandi gjalda. Ég hygg, að þetta séu fullyrðingar einar og eru settar fram án þess að leitast sé við að færa rök að þeim. En þetta atriði hefir sérstaklega verið athugað af þremur mönnum, sem tvímælalaust eru hér allra manna færastir um að gera áætlanir um þennan kostnað. Þessir þrír menn eru fræðslumálastjóri, forstjóri ríkisprentsmiðjunnar Gutenbergs og Eggert Briem, sem er þekktur bóksali og um langt skeið hefir fengizt við bóksölu, og ég verð að segja, að ég verð að reiða mig á, að þær áætlanir, sem koma heim við athuganir þessara manna, hafi við rök að styðjast. Ég get þó fallizt á, að heimilt sé að hækka gjaldið um 60%, eða úr 5 kr. í 8 kr., ef ástæður benda síðar til þess, að það sé nauðsynlegt.

Ég verð því að álíta, að þetta séu fullyrðingar einar hjá hv. minni hl. n. og ekki á rökum byggðar. Legg ég til, að málið verði afgr. á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Eins og hæstv. atvmrh. tók fram, hafa orðið heldur en ekki breyt. á þessu frv. frá því er það var lagt fyrir hæstv. Alþ., svo miklar breyt., að það má vera hverjum manni ljóst, að eins og það var lagt fyrir upphaflega var það alveg óviðunandi. Ég hélt því líka fram hér í hv. d. við umr. um þetta mál í fyrravetur, að svo væri. Og ég gaf glöggar upplýsingar um það, að þeir útreikningar, sem þá var komið með hér sem óyggjandi grundvöll undir nýrri lagasetningu um þetta mál, fengju ekki staðizt. Ekki veit ég, hvort þetta hefir orðið tilefni þess, að nú er málið flutt á allt öðrum grundvelli og á þann hátt fyrst og fremst, að nú er ekki lengur ætlazt til þess, að það fyrirtæki, sem hér á að setja á stofn, standi undir sér að öllu leyti sjálft, heldur eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að afla því tekna á annan hátt. Þær ráðstafanir eru í því fólgnar að leggja alveg nýja tegund af skatti á landsfólkið, til þess að framkvæma það, sem frv.

þetta ræðir um. Höfuðaðferðin til þess að afla fjár til þessarar námsbókaútgáfu á að vera sú, að leggja nefskatt á heimilin í landinu. Og það verður fyrst fyrir, þegar þetta mál er athugað og skoðað, að hér er farið inn á nýjan grundvöll í skattamálum, sem hingað til hefir yfirleitt þótt ófær, að ætla öllum að gjalda jafnt í ríkissjóð fyrir þessi fríðindi, sem þarna eiga að koma í staðinn.

Fyrsta spurningin þessu viðvíkjandi verður þessi: Hvers vegna er það nú tilgangurinn í þessu eina efni að láta ekki almennar tekjur ríkissjóðs verða til þess að koma á móti þeim gjöldum, sem þarna á að stofna til? Hvers vegna á ekki að taka þennan kostnað af almennum tekjum ríkissjóðs? Hér er talað um, að ekki sé um nema 40 þús. króna fjárupphæð að ræða á ári. Og því eðlilegri verður spurningin, sem fjárhæðin er minni. Og ef tekjur ríkissjóðs hafa verið 15—16 millj. kr. á ári, sýnist ósköp lítill hluti af því tekinn til þessara þarfa, þó að til þessa séu ætlaðar 40 þús. kr. á ári. Þess vegna virðist það vera ákaflega undarlegt að leggja sérstakt gjald á landsmenn vegna þessara hluta.

Það kom fram undir umr. um þetta mál á síðasta þingi, að fræðsluskyldan væri orðin svo erfið kvöð á landsfólkinu, að það þyrfti að létta undir með þeim, sem börn eiga á skólaskyldualdri. Nú er skólaskyldan af mörgum talin óbærileg kvöð. Það má þá vissulega segja, að skoðanirnar hafa gerbreytzt frá því, er var áður fyrr, í minni margra núlifandi manna, þegar fræðslan var álitin fyrir þá, er hennar gátu notið, eftirsóknarverð hlunnindi, forréttindi, sem allir óskuðu sér að njóta. Það var tilefnið til þess, að ríkið tók að sér að sjá um fræðslu barna, að kostnaðarlausu fyrir almenning að öðru leyti en því, að kostnaður við hana var tekinn af almennum tekjum ríkissjóðs. Nú er því haldið fram, að þessi réttindi séu orðin svo alvarleg kvöð á landsfólkinu, að undir henni verði ekki risið lengur. Og fyrsta sporið til þess að létta af þessari kvöð skulum við segja að sé þetta frv., sem hér er komið fram.

Við getum hugsað okkur, að svo komi einhverntíma síðar fram till. um, að ríkisvaldið sjái skólabörnum fyrir fatnaði, svo sem skófatnaði. Hverju má ekki búast við? Hér er nú byrjað á þessari braut, að leggja nefskatt á landsfólkið til þess að standast kostnað af útgáfu skólabóka. Hvað verður lengi haldið áfram á þeirri braut, og hvert leiðir hún? Eftir eðli þessa máls getur það ekki á nokkurn hátt talizt réttlætanlegra að leggja sérstakan nefskatt á almenning vegna ríkisútgáfu námsbóka heldur en til þess t. d. að afla tekna til þess að gjalda embættismönnum laun þeirra yfirleitt, — ekki réttlætanlegra heldur en að leggja annan nefskatt á landsfólkið til þess að framkvæma vegagerðir og þriðja nefskattinn t. d. til þess að láta koma upp í kostnað við allar opinberar byggingar í landinu. Þannig má náttúrlega leysa upp í smáskattstofna flestallar eða allar tekjur ríkissjóðs, þar sem hver gjaldþegn væri látinn greiða sinn nefskatt til sameiginlegra þarfa ríkisins. Ef því ekki er farið lengra á þessari braut en hér er ráðgert, þá er beiting þessarar tekjuöflunarleiðar í þessu vissa augnamiði hreint ekkert annað en hrekkur.

Eitt atriði í þessu efni, sem sérstök ástæða er til að benda á, er, að það er alveg ótvírætt reynslan alstaðar og alltaf, að ef menn borga einhver fríðindi, sem þá ekki eru alveg takmörkuð af eðlilegum ástæðum, þá er það segin saga, að margir menn nota sér þann rétt, sem þeir hafa til þeirra fríðinda, alveg til hins ýtrasta. Hér í þessu efni mundi því verða sú útkoman, ef afhenda ætti hverjum námsbækur eftir vild, sem á annað borð hefði eitthvert tilkall til þeirra, — við skulum segja, að bækurnar væru afhentar eftir meðmælum fræðslumálastjóra —, þá er augljóst, að slíkt mundi valda óskaplegri eyðslu á þessu sviði. Það mun koma fljótt á daginn, að eyðsla á þessu sviði fyrir þennan nefskatt verður svo ótrúleg, að það kemur ekki til mála, að þessi skattur, sem hér er lagt til, að lagður verði á landsfólkið sem nefskattur, hrökkvi fyrir kostnaðinum við útgáfu námsbókanna, þegar menn þykjast mega veita sér hve mikið af þessu sem þeir vilja. Bein afleiðing af þessu fyrirkomulagi verður margföld eyðsla á við það, sem nauðsynlegt er.

Sumir munu nú e. t. v. segja: Þegar að því kemur, að þetta gjald hrekkur ekki fyrir kostnaði við þessa ríkisútgáfu, má hækka þetta gjald svo mikið sem þarf, til þess að hægt sé að fullnægja eftirspurninni. Og ég býst við, að hæstv. Alþ. verði óspart á að hækka þennan skatt. Það er nú þegar gert ráð fyrir, að hann verði hærri en upphaflega var ætlað í frv. Það er fyrirsjáanlegt, að þessi nefskattur verður að hækka ár frá ári, sem þeim heimilum er ætlað að greiða, sem hafa börn á skólaskyldualdri. Og að því mun reka á endanum, að skattur þessi verður svo óvinsæll, að það verður leitað einhverra ráða til þess að þurfa ekki að halda áfram að hækka skattinn. Og þau ráð verða þá næst hendi að láta ríkissjóð borga mismuninn. Þegar að því kemur, að menn verða óánægðir með það, hve dýrt er að eiga viðskipti við þessa stofnun, þá verða nógu margir menn á þingi svo fúsir til þess að reyna að afla sér fylgis með því að beita sér fyrir lækkun á þessum ósanngjarna nefskatti á kostnað ríkissjóðs, að að því mun koma, að þessi nefskattur verður felldur niður, af því að landsmenn munu telja hann ósanngjarnan.

Mér er sem ég sjái framan í þá hv. þm., sem vilja verja það að leggja á þennan nefskatt, þegar þeir fara að reyna að sannfæra kjósendur sína um ágæti hans, og þegar þeir fara að reyna að sanna, að skattur þessi sé annað en nefskattur. Það er að vísu sagt í frv., að ef einhver getur ekki borgað þetta gjald, þá skuli viðkomandi sveitar- eða bæjarsjóður borga það fyrir hann. En mér þykir nú líklegast, að þegar það fer að verða erfitt fyrir sveitar- og bæjarfélög að borga fyrir þá, sem ekki geta borgað þetta gjald sjálfir (og vitanlega reyna allir þeir að verjast því að borga þennan skatt, sem telja einhverjar líkur til þess að þeim takist að komast hjá að greiða hann), þá verði óánægjan svo mikil hjá sveitar- og bæjarfélögum út af þessum skatti, þegar fer að þrengja að þeim hans vegna, ásamt fleiru, að

þau fari að krefjast þess, að skatti þessum verði létt af í því formi, sem í frv. er gert ráð fyrir. Ég undrast, ef þeir, sem að þessu máli standa, sjá ekki, að svo mun það fara að lokum, ef þetta fyrirkomulag kemst á, sem frv. gerir ráð fyrir, að kostnaðinum við það verður velt algerlega yfir á ríkissjóð. Hitt þykir mér sennilegra, að þeir hinir sömu menn geri ráð fyrir, að svo fari, en þetta fyrirkomulag sé haft á málinu í byrjun, til þess að koma því af stað. Því að alltaf verða einhverjar leiðir til þess að koma þessum kostnaði beint á ríkissjóðinn. Mín spá er sú, að ekki muni þess langt að bíða, að þetta þyki alveg óhjákvæmilegt.

Hæstv. atvmrh. bar fyrir sig álit nokkurra manna, sem hann nefndi, um það, að óhætt væri að treysta því, að hér væri um að ræða mál, sem byggt væri á svo öruggum grundvelli, að ekki þyrfti að búast við, að gjöld til þessara þarfa færu fram úr þeirri áætlun, sem hér er gerð. Ég verð nú bara að segja það, að þessir aðilar, sem hæstv. ráðh. nefndi, hafa líklega ekki tekið þetta með í reikninginn, sem er vissulega aðalatriðið í þessu máli, að kröfurnar til þessarar ríkisstofnunar verða alveg takmarkalausar af þeirra hálfu, sem fríðinda eiga að njóta af henni. Og þeim kröfum verður samkv. l. að fullnægja. Hjá því verður ekki komizt. Og eins og ég hefi tekið fram, mun allur kostnaður vegna þessarar stofnunar fara fram úr þeirri áætlun, sem hér er gerð.

En þetta mál er náttúrlega eitt af stefnumálum þeirra manna, sem vilja það yfirleitt, að ríkið sjái öllum fyrir öllu.

Þau fyrirtæki, sem það opinbera stendur að og ekki þurfa að óttast samkeppni frá öðrum, eru undanþegin allri gagnrýni. Þar af leiðir eðlilega, eða a. m. k. er mjög mikil hætta á því að af því leiði, að framleiðsla slíkra fyrirtækja verði lakari og jafnvel einnig dýrari og óhentugri en gera mætti með fullri sanngirni kröfu um. En furðu margir eru þeir menn, sem ekki sjá þetta, eða a. m. k. vilja ekki viðurkenna, að þeir sjái þetta. Hér er m. ö. o. stofnað til ríkisstofnunar, þvert ofan í alla reynslu, sem alveg ótvírætt leiðir til óhæfilegrar eyðslu og óþæginda fyrir þá, sem viðskipti eiga að hafa við fyrirtækið, og fjárhagslegs tjóns fyrir ríkissjóð.

Nú þykir ýmsum ýmislegt annað koma á móti því hærra verði á námsbókum, sem fram mun koma við þessar ráðstafanir, og því fjárhagslega tjóni, sem af þessu fyrirkomulagi mun leiða. Og það, sem á móti þessu kemur, er margvíslegt, t. d. það, að hér má setja nokkra gæðinga stjórnarflokkanna yfir þessa ríkisstofnun. Það kemur einnig á móti, að hér má skapa bitlinga við allskonar vinnu fyrir þetta fyrirtæki. Og þar sem framtakið hefir verið lítið af hálfu hinna lærðu manna um að semja nýjar og betri námsbækur en hinar eldri, þá hefir ríkisvaldið með þessu fengið tækifæri til að kalla nú saman hóp af kennurum til þess að semja nýjar námsbækur, þarfar og óþarfar, og getur ráðið menn til þeirra starfa, án tillits til færni þeirra í starfinu, sem það er veitt. Yfirleitt er þarna um að ræða gott tækifæri til bitlingaveitinga til góðra flokksmanna. Stjórnarflokkunum þykir þetta kannske stærsta atriðið í hverju máli, að þeir geti komið sínum mönnum í þær stöður, þar sem þeir geta veitt þeim, ýmist verðuglega eða óverðuglega, fé frá landsfólkinu.

Vel má einnig hugsa sér, að úthlutun þessara námsbóka, sem ríkið gefur út, þegar þar að kemur, verði einkar þægilegt vopn í stjórnmálabaráttunni í landinu. Það þarf ekki annað en að halda meira í við þá, sem eru annarar stjórnmálaskoðunar heldur en þeir, sem fara með þetta fyrir ríkisvaldið. Það má sem sagt nota þetta í framkvæmdinni á öllum stigum þannig í stjórnmálabaráttunni í landinu, að til stórkostlegrar afturfarar horfi um viðgang málsins sjálfs.

Ég hygg, að hvað sem öðru líður, þá hafi þessi möguleiki til að nota þessa ríkisstofnun sem vopn í stjórnmálabaráttunni í landinu verið hafður til hliðsjónar, þegar máli þessu var hrint af stað. En ennþá virðist það ekki vera viðurkennt, að réttmætt sé að beita slíku vopni í landsmálabaráttunni, og þess vegna er þetta ekki viðurkennt upphátt af þeim, sem að þessu máli standa.

Ég þykist nú vita, að það hafi svo sem enga þýðingu að kvarta um gallana á fyrirkomulagi því, sem frv. þetta stefnir að, þannig að þeir, sem að því standa, fari að hugsa sig um aftur, hvort rétt sé að knýja málið fram. En mér þykir rétt, að þessar aths. komi fram, sem ég nú hefi gert við frv.

Það er eitt atriði í þessu máli, að með l. er tekin atvinna af þeim mönnum, sem með þessi mál hafa farið, og þetta lagt undir ríkisprentsmiðjuna, bókband ásamt annari vinnu við útgáfu þessara bóka. Þeir eru margir, sem nú eru útgefendur og seljendur námsbóka. Það er því augljóst mál, að á þennan hátt má gera ríkisprentsmiðjuna hér í Reykjavík einvalda um alla prentun og bókband í landinu, því að með því að taka eina bókagerð í einu og leggja hana undir ríkisprentsmiðjuna, þá leiðir það af sjálfu sér, að ekkert slíkt fyrirtæki getur þrifizt í samkeppni við hana. Ég býst nú ekki við, að þetta heyrist vel í þessari hv. deild, þar sem hvert það fyrirtæki, sem keppir við fyrirtæki ríkisins, þykir ekki eiga rétt á sér í augum hv. meiri hl. Þetta mun nú eflaust þykja smátt atriði, en mér virðist þó á það lítandi, þar sem með þessu er tekin vinna frá þeim, sem áður hafa unnið í þessari iðngrein.

Ég mun tala fátt eitt um þá, sem sölu bókanna hafa á hendi. Þess hefir verið getið áður, að sala bóka úti á landi byggist mest á sölu skólabókanna. Það er helzt eitthvað upp úr sölu þeirra að hafa. Með því að kippa sölu þeirra út úr, verður bóksala úti á landi a. m. k. lítið arðsöm. Það mun nú vera svo yfirleitt, að þeir, sem bóksölu hafa með höndum utan Reykjavíkur, gera það meira að gamni sínu en vegna arðsins af henni, því að hann er lítill. Verði því horfið að því ráði að kippa kennslubókunum út úr, má búast við því, að erfitt verði að fá menn úti á landi til að hafa bóksölu á hendi. Þetta á vitanlega síður við hér í Reykjavík en yfirleitt annarsstaðar á landinu. Mér virðist því, að þeir hv. þm., sem hér eru utan af landsbyggðinni, ættu að taka og gætu tekið tillit til þessa.

Hvað frv. snertir í heild, þá verð ég að halda

fast við þá skoðun, sem kemur fram í nál. minni hl., að ekki sé séð fyrir endann á því, hvern kostnað geti leitt af þessu fyrirkomulagi fyrir sveitar- og bæjarfélög í landinu, enda þótt þessu sé öllu mjög glæsilega lýst í grg. frv. Tekjur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, munu hvergi nærri hrökkva til þess að ná tilgangi frv., og er því vafasamt, að af því leiði mikinn styrk fyrir aðstandendur skólabarna. Ennfremur má búast við því, að skattur sá, sem á að leggja á heimilin, muni þegar fram líða stundir þykja ranglátur og menn því beiðast undan honum.

Í nál. hv. meiri hl. menntmn. stendur, að einn nm. hafi verið fjarverandi þegar málið var afgr. frá n., og mun það hafa verið 11. landsk. Aftur er gefið í skyn, að ég, sem talinn er vera á móti frv., hafi verið á fundi. En þetta er rangt, ég var þar alls ekki. Heldur var það svo, að form. n. kallaði mig í síma kl. 11 um kvöldið og spurði, hvort ég gæti ekki komið þá á fund, en ég tók því þunglega og fór hvergi. Út af þessu vil ég spyrjast fyrir um það, hvort eins hafi verið ástatt með hina nm. Hvort form. hafi kallað þá í síma svona undir lágnættið, og sagt svo, að við hefðum allir verið á fundi. Þetta vildi ég fá skýrt fram.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson): Út af síðustu orðum hv. frsm. minni hl. menntmn. vil ég taka það fram, að við þrír, sem skrifuðum undir álit meiri hl., töldum svo brýna nauðsyn að koma máli þessu fram, að við tókum það fyrir í n. mjög fljótlega eftir að því hafði verið vísað til n. Þegar málið var tekið fyrir, voru þeir báðir, hv. 5. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., staddir á fundi hér í húsinu; ætlaði ég því að ná til þeirra, en það misfórst. Það er því rétt, að ég hringdi í síma til hv. 5. þm. Reykv. þá um kvöldið og ræddi málið ýtarlega við hann. Tjáði hann mér þegar, að hann væri andvígur frv. En hv. 11. landsk., sem ekki var við, tók það skýrt fram, að þess væri getið í nál., að hann hefði verið fjarverandi. Hinir nm. voru allir á fundi. N. var því klofin og er klofin. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. vill ekki, að það nái fram að ganga.

Sakir þess, að ég met meira að tefja ekki tíma þingsins heldur en karpa við hv. 5. þm. Reykv., mun ég ekki hafa þessi orð mín fleiri, en beiðast þess, að frv. verði samþ. og að atkvgr. megi verða sem fyrst.

Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Þetta eru þó upplýsingar í lagi. N. var klofin, einn var fjarverandi og einn var andvígur frv., er allt og sumt, sem hv. frsm. meiri hl. segir, og leggur svo til, að umr. um málið verði hætt og það afgr. strax. Þetta getur þó kallazt greinagóð framsaga. Annars þykir mér ekkert undarlegt, þó að hv. frsm. meiri hl. hagi sér svona og vilji komast hjá að fara í kappræður um þetta mál. Hitt skil ég líka vel, að hann vilji fá málið sem fyrst í gegn, til þess að geta farið að maka krókinn á þessu. En það tel ég „billega“ sloppið fyrir hv. þm. að fá ríkisforlag skólabóka í hendur fyrir þá vinnu, sem hann sem form. menntmn. hefir lagt í frv. þetta. En þessir herrar fá nú stundum mikið fyrir lítið. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá var afgreiðsla þessa máls frá n. ekki önnur en sú, að form. hennar kallaði til sín tvo flokksmenn sína, kl. nær 11 sama kvöldið og frv. var vísað til n. Hringdi hann svo til mín í síma, eins og ég sagði áðan, og þá segist hv. þm. hafa rætt málið ýtarlega við mig í símanum. Ég skal ekki segja, hvað samtal okkar stóð lengi yfir, en þó hygg ég, að það hafi í mesta lagi staðið í 3 mínútur. Að hann hafi getað rætt málið ýtarlega við mig þessa stuttu stund, er vitanlega fjarstæða ein. Hitt er rétt, að það kom fljótlega upp, að við áttum ekki samleið um málið. En að kalla þetta samtal okkar ýtarlega viðræðu um málið, er í alla staði rangt skýrt frá. En hvers vegna hv. þm. vill svo ekki ræða málið nú, þar sem kl. er ekki nema rúmlega tvö að degi, fæ ég ekki skilið á annan veg en þann, sem ég tók fram áðan, að hann vill sem fyrst komast á jötuna. Að öðru leyti hefi ég engu við það að bæta, sem ég sagði áðan, en komi eitthvað nýtt fram frá meiri hl. n., eins og t. d. það, að frsm. skýri frá því, hvers vegna þeir fylgi málinu og heimti það afgr. nú þegar, þá óska ég að mega taka til máls aftur.

Það er vitanlega gott að hafa góða trú og geta notað hana í nauðsyn, og má vera, að það dugi flokksmönnum hv. meiri hl. í þessu tilfelli, en þó á ég bágt með að trúa því, að það sé ekki ofraun að halda því fram, að þeir séu allir ánægðir með frv. og greiði því atkv. á ábyrgð hv. form. menntmn.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson): Ég vil aðeins vekja athygli hv. dm. á því, að allt, sem ég hefi sagt af viðskiptum okkar hv. 5. þm. Reykv. snertandi þetta mál, stendur heima og hefir verið viðurkennt af honum. Við ræddum málið í síma nógu ýtarlega til þess að komast að raun um, að n. var klofin um það. Ég vil svo endurtaka þá ósk mína, að frv. fái að koma til atkv. sem fyrst, því að ég sé enga ástæðu til þess að fara að tyggja hér upp f. h. meiri hl. menntmn. allt það, sem tekið er fram í grg. frv.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það virðist allt stefna að einu marki hjá stjórnarflokkunum. Hér í hv. d. hefir t. d. verið rætt frv. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, sem ganga mjög í þá átt að hefta málfrelsi manna. Það má því nærri geta, hvort ekki eru gerðar tilraunir á fleiri sviðum, þar sem minna ber á. Frv. þetta er líka einn þáttur stjórnarflokkanna í þeirri herferð, sem hafin er gegn öllu hugsanafrelsi í landinu. Það á að færa það undir ríkisvaldið, hvaða bækur skólarnir megi nota. Eins og á að binda fyrir munn þingmanna hér á Alþingi, eins á að hefta námsfrelsi hinnar upprennandi kynslóðar. Og þetta gera þeir flokkar, sem guðlasta með því að kenna stefnu sína við lýðræði og frelsi. Hver getur tilgangurinn með því að setja allar kennslubækur undir eftirlit hins opinbera verið annar en sá, að vinna að því, að þær bækur einar, sem flytja réttar kenningar að dómi stjórnarflokkanna, komist í hendur unglinganna, sem ekki er búið að ala upp? Það er og vitanlegt, að í ýmsum skólum hafa að undanförnu verið

notaðar bækur til kennslu, sem ekki er hægt að verja, hvers vegna hafi verið notaðar sem kennslubækur. Bækur þessar hafa verið og eru fullar af kenningum vissra stjórnmálaflokka. Hér er því aðeins haldið áfram á þeirri braut, sem þegar hefir verið gengið inn á.

Frv. þetta er borið fram á Alþingi undir því yfirskini, að það eigi að gera fátækum almenningi auðveldara að standa undir hinum gífurlega kostnaði, sem á hann er lagður með ungmennafræðslunni. En þetta er ekkert annað en fyrirsláttur, því að það er í lögum, að þeir, sem ekki geti keypt nægilegar kennslubækur, eigi kröfu á, að þeim séu lagðar til bækur. Tilgangurinn með frv. er því allt annar en sá, sem er látinn í veðri vaka. Það, sem að er stefnt, er það, að koma undir yfirráð valdhafanna, hvaða bækur skuli notaðar. Það er gott að hafa svona yfirskin, þegar koma á fram illum málum, en sem betur fer er þó ekki allur almenningur, sem ekki sér í gegnum svona yfirvarp. Það er sama falsið og sömu blekkingarnar, sem einkenna allar gerðir stjórnarflokkanna, að það stendur alltaf eitthvað annað bak við gerðir þeirra en sést í fljótu bragði.

Hvað snertir sjálft frv., þá er það mikið að vöxtum og undarlega saman sett. Fyrsta greinin er t. d. um það, að ráðh. skuli gefa út skrá yfir þær bækur, sem nauðsynlegar verði að teljast til barnafræðslu í landinu. En til hvers á hann svo að búa til þessa skrá? Ekki til annars en hafa hana handa sjálfum sér, þar sem hann á sjálfur að ákveða, hvaða bækur skuli kenndar í skólunum. Ákvæði þetta er því alveg óþarft. 2. greinin mælir svo þannig fyrir, að þegar þessi skrá hefir verið gefin út, þá skuli ríkið gefa út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslu í landinu, og deila þeim út meðal allra skólaskyldra barna í landinu. Það er undarlega farið aftan að hlutunum í þessu, því að áður en búið er að gefa nokkrar reglur fyrir því, hvernig eigi að framkvæma útgáfu bókanna, er byrjað að dreifa þeim — áður en bækurnar eru orðnar til, er farið að dreifa þeim.

Svo kemur eins og fjandinn úr sauðarleggnum um ritstjórnina, þá á hún fyrst að taka til starfa og sjá um dreifingu bókanna út um land. (**Fjmrh.**: Það verður að lesa öll lögin áður en byrjað er að framkvæma þau).

Já, en það fer vel á því að byrja á byrjuninni, en ekki á endinum. En þetta bendir til þess, að það hafi verið vel ráðið af hv. form. menntmn. að halda fund og ræða málið ýtarlega, eins og hann kvaðst hafa gert í þessu tveggja mínútna samtali við hv. 5. þm. Reykv., og athuga, hvort ekki væri hægt að ganga betur frá frv. heldur en gert hefir verið. (**SE**: Má ég skjóta inn í? Við vorum þeirrar skoðunar í meiri hl. að gera ekki þá kröfu til frv., að það væri bókmenntalegt listaverk, heldur aðeins skynsamleg lög). Mér finnst það gæti ákaflega vel farið saman, að lögin væru skynsamleg, jafnvel þó að þau væru eitthvað í áttina til þess að vera bókmenntalegt listaverk. En ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, hvað þessi hv. þm. gerir lítið úr gildi bókmenntalegra listaverka. Mér finnst það ekki vera í samræmi við það, sem hann annars lætur vera, og ég sé sem sagt ekki ástæðu til þess að útiloka lagafrv. gersamlega frá þeim kröfum, sem gerðar eru til sæmilegra bókmennta, og ef á að skoða það, hvaða kröfur hv. frsm. menntmn. gerir til þessarar lagasetningar, sem vott þess, hvaða kröfur hann gerir til náms yfirleitt, þá verð ég að líta svo á, að ekki mundi veita af, að málið væri athugað nokkru rækilegar en gert hefir verið allt að þessu.

En ég var kominn það áleiðis í frv. að ræða um fyrirmæli þess um ritstjórn námsbókanna, sem nefnd er þar fyrst í 3. gr., eftir að búið er að gefa út fyrirmæli um skrá yfir allar námsbækur, sem nota eigi í skólum, og útdreifingu þeirra meðal landsmanna. Þá fyrst fær maður að vita, þegar kemur fram í 3. gr., að þessar bækur, sem skrá hefir verið gefin út um og þegar búið er að dreifa þeim út um allt land, þær eigi að hafa orðið til á þann hátt, að til hafi verið einhver ritstjórn, sem hafi átt að sjá um samningu þeirra og útgáfu.

Það er þriggja manna n., sem á að bera höfuðábyrgðina á samningu námsbókanna. Þriggja manna n., sem er skipuð til 4 ára í senn. Ég vil vekja athygli hv. dm. á því, hvert þetta stefnir. Það er vitanlegt, þegar samning og útgáfa slíkra bóka, sem hér um ræðir, er sett undir einskorðuð yfirráð ákveðinnar n., þá hlýtur það að verka sem hömlur. Það hlýtur að takmarka þá möguleika, sem annars eru fyrir því, að höfundar kennslubóka geti komið sínum verkum á framfæri. Þannig verkar það líka sem hömlur á æskilega framþróun í samningu kennslubóka. Það er auðvitað, að því færri menn, sem skipa þessa ritstjórn, því minni möguleikar eru fyrir framþróun á þessu sviði.

Þetta er fyrsta sönnunin fyrir því, að tilgangur frv. er svo fjarri því að vera sá, að stuðla að sem beztri kennslubókagerð í landinu. Hann er augljóslega miklu fremur sá, að vera hamla, og þess vegna, eins og ég sagði áðan, að hindra það, að nokkuð nýtt geti komið fram eða geti notið sín á þessu sviði. Sé það og athugað, hvernig þessi ritstjórn á að vera skipuð, miðar það bersýnilega að sama marki. Það er mælt svo fyrir, að ritstjórnina skuli skipa: Samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra barnakennara einn mann, félag kennara við héraðsskólana og gagnfræðaskólana, sem að vísu er játað, að er ekki til, en verður e. t. v. til, a. m. k. ef þetta frv. verður að lögum, á að tilnefna annan manninn, og loks á svo kennslumálaráðh. að tilnefna þriðja manninn.

Það er ljóst, af hverju héraðsskólarnir og gagnfræðaskólarnir eru teknir inn í þessa samkundu. Það er sem sé ekki markmiðið að binda þessa einokun á kennslubókum við barnaskólana eingöngu, heldur er horft lengra fram í tímann, og þess vegna er hugsað til þess, þegar fram líða stundir, að koma undir þessa einokun einnig öðrum skólum, og þá fyrst og fremst héraðsskólunum og gagnfræðaskólunum, því að síðar í frv. er ráðgert, að undir þessa ríkisútgáfu megi síðar draga kennslubækur fyrir þessa framhaldsskóla. Þess vegna þótti rétt að taka inn í ritstjórnina einn fulltrúa fyrir þá. Svo má náttúrlega gera ráð fyrir, þegar ennþá lengra

líður, að kennslubækur allra skóla verði einnig dregnar undir þetta, því að markmiðið er að leggja sömu fjötrana á alla menntun landsmanna, allt frá vöggunni til grafarinnar. Það er því augljóst mál, að ritstjórnin á að vera skipuð fulltrúum úr kennarafélögunum, einmitt til þess að tryggja það, að sem minnst af nýjum anda utan frá geti komizt inn í þetta. Kennslubækurnar eiga að vera samdar í þeim anda, sem nú er ríkjandi í þeim kennarafélögum, sem þarna eiga hlut að máli. Sá andi, sem þar er ríkjandi, er talinn mjög heppilegur á þeim tímum, sem nú standa yfir. Það hefir verið þannig undirbúið fyrir starfsemina í sambandi við uppeldi kennara, að ekki þykir líklegt, að ritstjórnin geti haft gott af því að fá nokkurn andblæ fyrir utan þennan þrönga hring, sem hefir verið undirbúinn á þann eina rétta hátt samkvæmt skoðun núv. valdhafa.

Það á að girða fyrir, að hver maður í landinu, sem til þess er hæfur, geti samið kennslubækur og komið þeim á framfæri. Það á að girða fyrir allar slíkar kennslubækur, jafnvel þó að þær hefðu yfirburði til að bera, sem mundu ryðja þeim til rúms og algerlega ryðja til hliðar handavinnu manna, sem annars kynnu að leggja fyrir sig að smíða slíka hluti. Það á að girða fyrir, að nokkur annar maður heldur en sá, sem er innblásinn af þeim rétta rauða anda, sem ríkir í fylkingu stjórnarfl., geti komið sínum verkum á framfæri, og það er með því að girða þarna utan um með félagsskap kennara og að hafa ritstjórn skólabókanna sem allra fámennasta, svo að það sé sem bezt tryggt, að engin ný hreyfing geti komizt þar að. Þessari ritstjórn er svo gefið algert einræði um það, hvaða bækur hún velur og telur nauðsynlegar; aðeins er gert ráð fyrir, að ráðuneytið eigi að vera til aðstoðar. Það er þannig komið á lægra stig og á þjónustusamlegast að veita þá aðstoð, sem ritstjórninni þóknast að bjóða því. Þetta er náttúrlega mjög heppilegt fyrirkomulag, ef svo skyldi fara, sem ekki er alveg útilokað, að hér kæmi að ráðuneyti, sem ekki væri innblásið af þeim rétta rauða anda. Þá er heppilegt að gera ráðstafanir til þess fyrirfram, að ráðuneytið geti ekki haft allt of mikil áhrif á starfsemi þessara útvöldu manna, sem falið væri að sjá um, að kennslubækur þær, sem nota á, væru með því rétta bragði.

Það er svo sem alveg sjálfsagt að mæla fyrir eins og gert er í 4. gr. frv., að láta ekki þar við sitja í samningu bókanna og útgáfu, að þær séu algerlega einokaðar; þá væri ekki þjónað lund valdhafanna eða þeirri stefnu, sem þeir berjast fyrir, ef ekki væri færður út á víðara svið þessi einokunarandi, sem hér gerir vart við sig. Þess vegna er mælt svo fyrir, þó að það sé í raun og veru óþarft, að ríkisprentsmiðjan annist útgáfu allra námsbóka. Það á að vera alveg án tillits til þess, hvort aðrar prentsmiðjur geti ekki unnið verkið betur og ódýrar. 4. gr. frv. mælir svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkv. lögum þessum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu.“

Það er engin smuga til út frá þessu, þó að önnur prentsmiðja byði að vinna verkið fyrir lægra verð. Það er ekki verið að gera þetta sem ódýrast fyrir ríkið. Fyrsta boðorðið er, að því leyti, sem þessi lagasetning getur náð þar til, að þrengja sem mest að hag einstaklinganna. Stjórnarfl. eru svo haldnir af þessari ríkisrekstrarfirru, að það þýðir ekki að ræða það mál við þá frekar. En hér er í raun og veru alveg óskyldum málum blandað saman. Það má telja það óskylt hvað öðru, hvernig mælt er fyrir um, að kennslubækur skuli samdar og hvernig þeim skuli dreift út, og hinu, hvar þær skuli prentaðar og bundnar inn. En með þessu er verið að leggja stein í götu þeirra, sem reka sjálfstæð fyrirtæki. Það er verið að girða fyrir það, að þeir geti haft nokkurt starf við þessa útgáfu. Það virðist sjálfsagt að breyta þessu þannig, að ritstjórnin hafi óbundnar hendur um það, hvar hún lætur prenta þessar bækur — þar sem það er ódýrast og bezt af hendi leyst. Það er ekki aðeins, að það eigi að leggja þetta starf undir ríkisprentsmiðjuna — það starf, sem hún annars vinnur, þ. e. a. s. prentunina —, heldur á líka að leggja undir hana bókbandið. Það er að vísu rekin bókbandsvinnustofa í sambandi við prentsmiðjuna, eða a. m. k. hefting, en svo bætist þar við útsendingin. Það verður jafnvel að girða fyrir það, að nokkur annar en ríkisfyrirtæki geti haft starf við útsendingu þessara bóka. Svo rækilega er um það hugsað að þrælbinda þetta allt við ríkisrekstur. Svo er framhaldið um það í 5. gr. frv., hvernig eigi að koma því í framkvæmd og koma bókunum til fólksins út um hinar dreifðu byggðir landsins. Það er eðlilegt, að sérstakar reglur séu um það settar, því að hugmyndin virðist vera sú, að eitthvert taumhald eigi að hafa á því, hvernig með þennan fjársjóð skuli farið, þegar á að fara að nota hann. Það verða því að teljast eðlileg þau fyrirmæli, sem sett eru í 5. gr. frv. um það, að fræðslunefndir og skólanefndir skuli á hverju ári senda ríkisprentsmiðjunni, sem á að annast alla úthlutun þessara bóka, greinargerð fyrir því, hvað mikið af námsbókum muni þurfa á næsta skólaári. Þetta er náttúrlega aukin skriffinnska og aukið starf fyrir skólanefndirnar umfram það, sem nú er, þegar allt er frjálst, en um það er náttúrlega ekkert að segja. Það er bein afleiðing af því fyrirkomulagi, sem með þessu er tekið upp. Það verður líka að fylgja slíkri skýrslu greinargerð um, hvað mörg skólaskyld börn séu í skólahéraðinu, því að við það á að miða útsendingu bókanna.

Í þessu sambandi er vert að athuga það, að ein afleiðingin af þessu verður sú, þar sem gert er ráð fyrir, að öll skólaskyld börn fái bækurnar ókeypis, að miklu minna verður vandað til um alla meðferð bókanna. Þess vegna verður það dálítið erfiðara fyrir skólanefndirnar að segja það fyrir, a. m. k. fyrst í stað, hvað mikinn forða af bókum muni þurfa fyrir hvert skólaár, því að það geta menn sagt sér sjálfir, að undir þessu nýja fyrirkomulagi verður minna um það hirt að fara vel með bækur og þær munu endast skemur en verið hefir. Og þar sem þetta er allt svona einstrengingslega fyrir mælt í frv., þá gæti maður hugsað sér, að af því leiddi, að skólanefndirnar gætu komizt í vandræði, þannig lagað, að

á miðju ári væri bókaforðinn, sem pantaður hefði verið frá prentsmiðjunni, þrotinn og fleiri og færri af börnunum bókalaus. Eins og nú er, þá er bókaforðinn nokkurnveginn óþrotlegur á hverjum stað, en ef bók vantar, þá er hægt að fá hana á næstu grösum. En með þessu nýja fyrirkomulagi virðist gert ráð fyrir því, að allar skólanefndir verði að leita til ríkisprentsmiðjunnar til þess að fá þá viðbót, sem þær kunna að þurfa til þess að bæta úr því, sem bækurnar hafa gengið úr sér á árinu. Geta af þessu stafað ýms óþægindi. En hinsvegar má gera ráð fyrir því, að með tíð og tíma sjái skólan. þessu borgið með því að panta nógu ríflegan forða í byrjun skólaárs, svo að ekki þurfi að verða bókaskortur á miðju ári.

Ákvæðin í síðari málsgr. 5. gr. frv. um, að ritstjórnin og prentsmiðjan setji nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvorki verði skortur á bókum og til þess að varna því, að eytt sé óhæfilega miklu, er náttúrlega alveg út í hött, því að það er augljóst, að slík ákvæði er ómögulegt að setja þannig, að nokkur trygging sé fyrir því, að þeim verði framfylgt. Ef útsendingarstjórnin fer t. d. að draga úr pöntunum skólanefnda, sem náttúrlega verða sniðnar eftir fenginni reynslu, þá getur ekki nema eitt af því leitt, og það er bókaskortur hjá þeim, sem ekki hafa fengið kröfum sínum framgengt. Það er augljóst, að bækurnar ganga ekkert frekar til þurrðar, þó að nægur forði sé fyrirliggjandi á staðnum, en ef forðinn er of lítill, þá hlýtur að leiða til þess, að hann eyðist upp og skólinn verði bókalaus.

Þetta ákvæði er auðvitað sett til þess að láta allt líta betur út, til þess að svo skuli sýnast sem tilgangurinn sé að hafa nokkurn hemil á þessu, enda þótt augljóst sé, að sá hemill getur ekki verkað. Notkun bókanna verður auðvitað jöfn, þrátt fyrir slíkar reglur, sem settar kunna að verða af útsendurum stj.

Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði ríkisforlaginu kostnað við útgáfu og útsendingu kennslubóka. Hinsvegar er enginn hemill á lagður, sem gæti takmarkað þennan kostnað. En ef ekki eru lagðar hömlur á, getur þetta vitanlega farið langt úr hófi fram. Það getur svo sem verið þægilegt fyrir stofnanir, sem hafa í þjónustu sinni marga starfsmenn, sem misjafnlega mikið hafa að gera, að láta þá fara í að senda út námsbækur, sem ríkissjóður borgar svo kostnaðinn af, einungis eftir því, sem gefið er upp, að hann hafi orðið á hverju ári. En heilbrigður kaupsýslumaður myndi bjóða þetta verk út og tryggja sér, að hann fengi það gert fyrir sem lægst verð. En hér er ekki verið að hirða um kostnaðarhliðina.

Það er nú látið í veðri vaka, að allt sé þetta gert til þess að draga úr útgjöldum almennings. Það er svo fyrir mælt, að ekkert heimili eigi að þurfa að borga meira en 8 kr. árlega fyrir kennslubækur. En heimilin fá bara önnur útgjöld í staðinn: aukna skatta og tolla. Og ef ekki er hirt um, að þessi útgáfustarfsemi verði rekin á sem ódýrastan hátt, koma þessi útgjöld bara niður á fólkinu í öðrum myndum. Hér má lesa allt milli línanna, að tilgangur frv. er annar en látið er í veðri vaka. Tilgangur þess er ekki að draga úr útgjöldum einstaklinga eða hins opinbera. Kostnaður við útgáfu þessa minnkar ekki, og enginn hemill er yfirleitt á honum hafður. Undir stjórn þess opinbera má gera ráð fyrir, að þessi kostnaður fari fram úr öllu valdi. Reynslan hefir sýnt, að ríkisstofnanir eru dýrustu stofnanirnar, jafnvel þótt reynt sé að hafa hemil á útgjöldunum, en hér er ekki einu sinni því að heilsa.

Hv. 5. þm. Reykv. hefir bent á, að náttúrlega kemur ekki til mála, að það gjald, sem ráðgert er, að landsfólkið greiði (8 kr. á hvert heimili, þar sem skólaskylt barn er á framfæri), hrökkvi nema mjög skammt til að greiða allan þennan kostnað. Þetta sýnir, að kostnaðurinn á í raun og veru að falla á einstaklingana í landinu. Þetta sýnir, að tilgangurinn með þessari lagasetningu er annar en látinn er í veðri vaka. Hér er ekki verið að forða almenningi við kostnaði vegna þessara hluta, heldur á einmitt að taka hinn aukna kostnað með beinum nefskatti, svo ranglátur sem hann þó er. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að fyrir þá, sem ekki geta greitt þessar 8 kr., skuli sveitarstjórnirnar borga. En það er ekki annað en það, sem nú er. Svo er fyrir mælt í l., að þeir, sem ekki geta aflað bóka handa skólaskyldum börnum, eigi rétt á því, að sveitarsjóðir hlaupi undir bagga með þeim.

Nú er að vísu gert ráð fyrir því í frv., að svo kunni að fara, að þessi svokölluðu námsbókagjöld hrökkvi ekki fyrir útgáfukostnaðinum og kostnaði við útsendingu. Þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður geti tekið lán til að standast kostnaðinn. Því er nú svo farið, að í bókaútgáfu verður að leggja talsvert fé, því að upplögin eiga að endast og verða oft að endast í mörg ár. Útgefandinn verður því að leggja í upplögin fé, sem stendur þar vaxtalaust í mörg eða fá ár, eftir atvikum. Þetta verður eins um ríkið. Því er ekki nema eðlilegt, að gert sé ráð fyrir, að ríkissjóður verði að afla sér fjár til útgáfunnar. En af þessu frv. er auðséð, að höfundar þess hafa verið haldnir af þeirri fásinnu, að ekki myndi þurfa að festa fé í fyrirtækinu, og þeir gera bara ráð fyrir því sem hugsanlegum möguleika, að námsbókagjöldin hrökkvi ekki fyrir kostnaðinum, og þá er ekki annað en að taka lán. Við þetta er það að athuga, að ekki á að þurfa að koma til þess, að ríkið taki lán í sambandi við þennan kostnað, því að árlegur kostnaður á að greiðast árlega. Að gera ráð fyrir lánum til að standast útsendingarkostnað, er hreinasta flónska. Einungis þegar um það er að ræða að gefa út stór upplög af fleiri bókum í senn, gæti komið til mála að taka lán. En árlegur rekstrarkostnaður ætti auðvitað að greiðast jafnóðum og hann fellur á. Því nær ekki nokkurri átt að heimila í þessum l. að taka slík lán. Þetta gæti virzt vera sjálfsagt að leiðrétta í frv., en meiri hl. n. hefir á fundi sínum kl. 11—12 á miðnætti ekki komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta væri öðruvísi en vera ber.

Þá er hinsvegar gert ráð fyrir, að afgangur kunni að verða af þessum námsbókagjöldum. Ég skal ekki fortaka, að það geti hent sig, en ólíklegt þykir mér það. Hinsvegar gerir ekkert til,

þótt ráð sé fyrir þessu gert, og þó að stofnaður sé sjóður, sem taka á við þessum afgöngum, sem svona falla til. Aðeins geri ég ráð fyrir, að þessir draumar muni seint rætast, m. a. vegna þess, að ef svo og svo mikið af námsbókagjöldunum á að greiðast úr sveitarsjóðum, þá kynni að reynast, að innheimtan í ríkissjóð gangi illa stundum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að sveitarfélög eiga fullt í fangi með að standast þau útgjöld, sem á þeim hvíla nú, hvað þá ef við er bætt. Og alltaf slaknar á vilja einstaklinganna til að borga slík gjöld, því fremur sem meira er gert af því að innræta þeim, að þeir eigi í raun og veru ekki að greiða þessi gjöld, heldur eigi hið opinbera að gera það. Eftir gildandi l. á fólk, sem ekki getur greitt námsbækurnar vegna efnaleysis, rétt til að fá þær greiddar af ríkissjóði. En hér við bætist nú, að ríkissjóður verður sjálfur aðili í málinu, og verður það til þess, að enn meira slaknar á vilja manna til að borga þetta, og af því leiðir, að á næstu árum munu enn fleiri skorast undan að greiða þessi gjöld. Þá verða og fleiri og fleiri þeir sveitarsjóðir, sem ekki geta innt af hendi gjöld sín. Nú þegar eru heilar sýslur orðnar vanfærar um það, sbr. t. d. berklavarnakostnaðinn. Um hreppsfélögin er það að verða regla, að þau borga ekki gjöld sín út úr hreppsfélaginu og eiga fullt í fangi með greiðslur sínar innan hreppsins. Því er fyrirsjáanlegt, að þessi námsbókagjöld innheimtast illa, svo að ekki eru líkur til, að þessi sjóður verði nokkurn tíma til. Hinsvegar er auðvitað, að mest af þessum kostnaði leggst á ríkissjóðinn, og ríkissjóður verður að innheimta hann með stórhækkuðum tollum á neyzluvöru almennings. Og hvað er þá unnið við allt þetta?

— Ég sé, að ég hefi fyrir vangá látið nokkuð ofmælt um það, að hvergi sæist í frv. viðleitni til sparnaðar. Í 8. gr. má sjá minni háttar viðleitni í þessa átt. Þar er, þó að furðulegt sé, mælt svo fyrir:

„Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkv. þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra. ...“

Nei, ég tek þetta aftur. Það er sjálfsagt misskilningur hjá mér. Ég skildi þetta svo, að umferðakennarar, sem eiga væntanlega að bera bókaforðann á bakinu milli bæja í ófærð og illviðrum, ættu að útbýta þeim þannig ókeypis. Börnin eiga að vísu að fá þessar bækur ókeypis, en ekkert er um það sagt, hvað umferðakennararnir, sem eiga að rogast með byrðarnar í ófærðum á vetrum, eiga að fá fyrir fyrirhöfn sína. Ef það er hugsunin, að þeir eigi ekkert að fá fyrir þetta, þá hefði ég samt haldið, að þeir væru ekki síður verðir þess að fá þóknun fyrir sína vinnu en aðrir, sem hér eiga hlut að máli. Fyrir skólastjóra við fasta skóla er auðvelt verk að úthluta bókunum, en hæpið er að leggja þetta á umferðakennara. Væri sjálfsagðara, að skólanefndir sæju um að koma bókunum til foreldra barnanna.

Þá er það náttúrlega góð áminning til þessara umferðakennara síðar í gr., að þeir skuli gæta alls hófs um eyðslu bókaforðans og brýna fyrir börnum að fara vel með bækurnar, „enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna“. Maður þekkir nú, hvernig er um námsbækur, að þær vilja endast skammt stundum. Það er að vísu ekki vanþörf á því, að kennarar líti eftir því, að börnin fari vel með bækurnar, í skólunum að minnsta kosti, en það er barnalegt að vera að setja slík ákvæði í l. Ætti að hafa slík ákvæði í reglugerðum fyrir skólana fremur en í almennri lagasetningu. En hvað sem um þetta verður ákveðið, þá mun verða hér eftir sem hingað til, að ending bóka verður misjöfn. Er náttúrlega engin von um, að nein veruleg breyting verði á þessu, hvort skólabörnin fara vel með bækur eða ekki, þó að það verði sett inn í lögin, og svo sé mælt fyrir um, að eldra barn skuli taka við af yngra, — svo sparlega skuli á haldið og svo varlega með farið. (Hlátur urhviður. **Forseti:** Ekki ys í deildinni!). Ég segi nú eins og maðurinn sagði á dögunum, að ég treysti mér til að yfirgnæfa hávaðann, ef ég vil það við hafa. En hinu getur maður ekki búizt við með þeim breyt., sem ætlað er, að settar verði með þessum lögum, að betri bækur fáist og með lægra verði. Það mun verða fremur þveröfugt, og að því leyti getur maður sagt, að gott sé að hafa í lögunum, að kennarinn skuli áminna börnin um að fara vel með bækurnar. En mér virðist, að það færi vel á því, að þessi kafli laganna yrði prentaður á titilblað bókanna, ef vænta ætti einhvers árangurs, þó svo verði um stöfunarkver barna, að kafli þessi sé vonlitill til árangurs.

Hitt, að foreldrarnir vita það, að þau eiga að fá bókaforða handa börnum sínum fyrir þetta gjald, 5—8 kr., verkar svo, að umhyggjan fyrir því, að börin fari vel með bækurnar, slappast, og verður því verr farið með bækurnar og þær eyðileggjast fyrr en ella. Það er náttúrlega ekkert við því að segja, þó að slík fyrirmæli séu gefin í lögum, en ég vildi aðeins skjóta því til viðkomandi stjórnarvalda, ef nokkurs árangurs á að vænta af slíkum fyrirmælum, þá er áreiðanlega vissara að gera ráðstafanir til þess að þau komi fyrir almenningssjónir á annan hátt en í Stjórnartíðindunum, því það mun lítið tíðkast, að Stjtíð. séu notuð á heimilum sem lestrarbók, eða almenningur í landinu noti þau almennt, hvorki til skemmtunar eða menntunar, eða svo ég minnist enn orða hv. 9. landsk., er mælti svo spaklega, að ekki mætti ætla, að lög teldust til bókmenntagimsteina; en svo litur út fyrir, úr því að leggja á almenningi almennar lífsreglur í lögunum, að hann búist við, að lögin, þó þau séu ekki bókmenntalegur gimsteinn, þá séu þau a. m. k. bók, sem almenningur les, sem er mesti misskilningur. Það er því áreiðanlega vissara, ef ætlazt er til, að slík fyrirmæli sem þessi um meðferð bóka verði nákvæm og hnitmiðuð í framkvæmd, að gera ráðstafanir til þess að koma þeim til fólksins, og það þarf víðtækari ráðstafanir en fyrirmæli í l., sem ekki sjá nema e. t. v. í hæsta lagi 5% af landsmönnum, og börn náttúrlega alls ekki.

En þetta er nú náttúrlega alls ekki það eina, því ég sé, að í lok gr. er líka gert ráð fyrir, að

setja megi þessi ákvæði í reglugerð þá, sem ráð er fyrir gert, að gefin verði út samkv. 2. gr. frv.

Ég verð að játa það, að ég skil ekki ákvæði 9. gr., þó maður hefði mátt vænta þess, eftir að hv. menntmn. hafði svo rækilega athugað frv. á fundi milli kl. 11—12 á miðnætti — sem víst enginn var mættur á nema form. —, að allt lægi ljóst fyrir. Mér þykir ekki ólíklegt, að a. m. k. hv. form. hefði þurft að setja upp gleraugun til að vita, hvort hann las rétt, þegar hann kom að þessari gr.

Í þessari gr. er svo fyrir mælt, að námsbækur, sem gefnar séu út samkv. l. þessum, megi ekki selja nema með leyfi — ja, hvers leyfi haldið þið, að þurfi að koma til? — Leyfi ráðh. þarf að koma til, ef bækur þessar mega ganga kaupum og sölum. Það út af fyrir sig, hvers vegna bækur þessar mega ekki óhindrað ganga kaupum og sölum, það teldi ég hæfilegt viðfangsefni fyrir hv. form. að glíma við. En ef krakka skyldi detta í hug að selja öðrum krakka bók, sem vildi kaupa, þá er það hvorki meiri né minni fyrirhöfn en að senda ráðh. beiðni um, hvort kaupin megi fara fram, — já, fyrr má nú vera! Við skulum setja sem svo, að eitthvert barn vildi selja öðru barni stafrófskver, sem þarf að kaupa og vill kaupa þennan bókmenntagimstein, þá nægir ekki að fara til skólameistara eða kennara og fá leyfi hjá honum, sem er leiðarstjarna barnsins, — nei, heldur verður barnið að gera svo vel og setjast niður og skrifa eða fá annan til að skrifa — ráðh. og fá allramildilegast leyfi ráðh. til að selja bókina. Auðvitað er svo þetta ákvæði allsendis óþarft og á ekki þarna heima, þar sem svo er fyrir mælt, að börnin eigi að fá bækurnar ókeypis. Það er því heldur óþarft að tala um sölu, þegar ætlazt er til, að bækurnar verði gefnar.

Auðvitað er það aðeins hugsanlegt, að fullorðinn maður vilji kaupa t. d. stafrófskver til að rifja upp frumatriði lestrarkunnáttunnar, eða kannske einhverja aðra bók. En það er óþarfa fyrirhöfn, sem er lögð á þennan mann, sem vill kaupa slíka bók, hvort sem hann á heima norður á Langanesi eða Melrakkasléttu, austur í Hornafirði eða vestur á Snæfellsnesi eða Hornströndum, að þá skuli hann þurfa að sækja um leyfi til kennslumálaráðh., hvort hann megi kaupa bókina. Það virðist svo, sem unnt hefði verið að setja fyrirhafnarminni ákvæði; e. t. v. hefir þótt varða miklu að setja ströng ákvæði til að hindra sölu þessara bóka, en það má gera ráð fyrir, að hvötin hjá einstaklingunum til að fara kringum þessi lög sé heldur lítil, svo óþarfi sýnist að gera þessi ákvæði sem allra flóknust.

Ég vil skjóta því til hv. menntmn., hvort hún getur ekki fallizt á að gera breyt. á þessari gr., í þá átt, að einstaklingur gæti keypt slíkar bækur með minni fyrirhöfn, ef líf lægi við. Ég vil leggja áherzlu á, að það er mjög varhugavert að setja strangar reglur um lítilfjörleg atriði, eða atriði, sem ekki varða miklu, því eftir því sem það er erfiðara fyrir einstaklinginn að framkvæma það, sem hann ætlar sér, á löglegan hátt, eða komast yfir hluti, sem hann langar til að eignast, með löglegum hætti, eftir því verður freistingin sterkari að komast yfir öll takmörk og hindranir og fá sitt á ólöglegan hátt. Þess vegna geta slík ákvæði eða fyrirmæli orðið til þess að menn fari kringum lögin og taki síðan hver eftir öðrum. Ströng lög geta beinlínis leitt til þess, sem þeim er ætlað að varna, og þá er verr farið en heima setið, þegar lagasetningar eru virtar að vettugi. — Ég sé, að kl. er nú 3.45 og samkv. umtali við forseta mun ég nú fresta ræðu minni þar til síðar. — [Fundarhlé.]

Eins og þeir hv. þdm. muna, sem nú eru eftir hér í hv. d., þá tók ég að mér það hlutverk, sem hefði átt að vera hlutverk hv. n., eða hv. frsm. n., að gera grein fyrir efni frv. í einstökum atriðum. og hefi ég í því skyni farið yfir frv. gr. fyrir gr. Þegar ég frestaði ræðu minni í dag, var ég kominn að 10. gr. frv., og mun ég nú halda þar áfram og fara á sama hátt gegnum þær greinar, sem eftir eru.

Í 10. gr. frv. er svo mælt fyrir, að auk þess sem svo var fyrir mælt í fyrri hluta frv., að úthluta skyldi námsbókum til skólaskyldra barna eftir reglum, sem fram eru teknar í 1. gr., þá skuli ráðh., að fengnum till. ritstjóra skólabókanna, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta á sama hátt sem námsbókunum öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftabókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig — ég geri ráð fyrir, að þetta orðatiltæki megi skoða sem sönnun þess, að hv. form. menntmn. hafi ekki athugað frv. svo sem skyldi. Ég hygg, að þetta mál, sem þarna er notað, sé ekki til fyrirmyndar fyrir kennslu, jafnvel ekki í barnaskólum, en hér er þannig að orði komizt —, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði. Það kemur fram í þessari gr., að tilgangurinn er sá, sem ég gerði ráð fyrir, að færa sig smátt og smátt upp á skaftið, eftir því sem föng leyfa. Það er dálítið merkilegt, að í þessum fyrirmælum 10. gr. er horfið frá því, sem annars hefir virzt vera ríkjandi ráð í þessari lagasetningu, að setja ráðh. undir yfirráð og húsbóndarétt ritstjórnar skólabókanna. Þannig er fyrir mælt í fyrri greinum frv., að ríkisstj. sé aðeins til ráðlegginga fyrir þessa ritstjórn skólabókanna, og virðist þar nokkuð langt gengið í því að draga úr virðingu þeirrar ríkisstj., sem fullkominn vilji er hjá höfuðstuðningsmönnum frv. að halda uppi. En svo er gerð á þessu bragarbót; þegar komið er aftur í 10. gr., er ráðh. gefið vald, og á hann nú að geta skipað fyrir um störf þessarar mikilsvirtu ritstjórnar. Við nánari athugun verður það skiljanlegt, hvernig á þessari miklu byltingu stendur. Þar sem ritstjórnin var sett yfir ríkisstj., var um það að ræða að ráða útgáfu og vali á bókum til kennslu barnanna, og það vald, að ráða, hvaða bækur mætti nota við kennsluna, mátti ekki fela ríkisstj., því það gat verið hætta á því, að hún væri ekki alltaf af réttu sauðahúsi. Það er eitt af því, sem alltaf er hugsanlegt í þingræðislandi, að skipti verði á ríkisstjórn, svo höfundum frv. hefir fundizt hyggilegra að haga þannig til, að ráðh. hefði ekki allt of mikil völd um slík mál sem uppeldi æskunnar, og skýringin á því, hvers vegna ráðh. er gefið þetta vald í 10. gr. frv., kemur fram í því, hvað það er,

sem hann á að ráða um. Það er að útvega skólanauðsynjar, eins og pappír, blek, þerriblöð, blýanta og ýmislegt þess háttar. Já — og forskriftabækur. Þar er lengst gengið í þá átt, að ríkisstj. megi hafa nokkur völd um þau efni, sem snerta kennsluaðferðir. Hún á að fá að ráða, hverskonar forskriftabækur eru notaðar. Það er líka aðeins mælt svo fyrir, að ráðh. leggi fyrir ríkisprentsmiðjuna að útvega þessa hluti, en sennilegt eftir öllum anda frv. og sjálfsagt svo til ætlazt, að framkvæmdin verði þannig, að þessi háa ritstjórn skólabókanna ráði því, hverskonar forskriftabækur verða notaðar, svo menn mega ekki gera sér allt of háar hugmyndir um það mikla vald, sem ríkisstj. er gefið með þessu ákvæði. Það er minna en virðist, í fljótu bragði séð, samanborið við aðstöðu ritstjórnarinnar.

Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu sambandi, að í sambandi við ríkisprentsmiðjuna verði settar upp verksmiðjur til að framleiða þessa hluti, og gera má ráð fyrir, að tilgangurinn sé sá, að ríkisprentsmiðjan kaupi þessar skólanauðsynjar af öðrum, sem með þær verzla. En hvort er þá meiningin, að ríkisprentsmiðjan eigi að kaupa þessar skólanauðsynjar, sem kallaðar eru, af innlendum verzlunum, sem eigi að sjá landsmönnum fyrir þeim, eða að ríkisprentsmiðjan komi sér í sambönd við erlenda kaupmenn eða jafnvel verksmiðjurnar sjálfar? Hvernig sem þessu verður háttað, er augljóst, að með þessu fyrirkomulagi — að fela þetta sérstakri stofnun, sem annars fæst ekkert við slíka kaupsýslu — er stofnað til aukins kostnaðar við útvegun og dreifingu þessara hluta til þeirra, sem eiga að nota þá. Er því lítt skiljanleg sú drottnunargirni, sem kemur fram í þessum fyrirmælum, því þetta eru bein fyrirmæli, en ekki aðeins um heimild að ræða, sem hver ríkisstj. getur framkvæmt eða látið vera að framkvæma, eftir því sem henni finnst hagkvæmt og eðlilegt. Þetta er bein fyrirskipun um, að ríkisstj. skuli framkvæma þetta, þ. e. a. s. ef hin háa ritstjórn æskir þess. Það er að vissu leyti ekki svo mjög lækkaður vegur ritstjórnarinnar, því hún segir í raun og veru til um það, hvort þetta skuli gert eða ekki. Það má gera ráð fyrir, að þessi mektar stofnun sé svo samhuga höfundum þessa frv., að hún láti ekkert tækifæri ónotað til þess að færa út áhrifasvið sitt og muni því leggja til við ráðh. að framkvæma þetta eins og til er ætlazt í frv. Hitt kynni að vera, að svo færi, að erfitt verði að uppfylla eitt skilyrði, sem að vísu er gert ráð fyrir, að þurfi að uppfylla til þess að verksviðið verði fært út á þetta víðara svið, því nú er ekki aðeins að ræða um námsbækurnar, heldur líka aðrar skólanauðsynjar, sem á að útvega og útbýta. Þetta skilyrði er, að það sýni sig — eins og svo snilldarlega er að orði komizt —, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði, sem sé að nemendunum verði lagðar til, auk námsbókanna, allskonar skólanauðsynjar. Um það vísa ég til þess, sem ég sagði í dag, að það kynni að vera vafasamt, hvort námsbókagjöldin hrykkju til fyrir viðbótarkostnaði, því líkurnar væru litlar fyrir, að þau nægðu til að standa straum af þeim kostnaði að leggja til ókeypis námsbækur eingöngu. Þess vegna kynni það að verða vafasamt, hvort þessi fyrirmæli gætu komið til framkvæmda vegna fjárskorts.

Í 11. gr. frv. er mælt svo fyrir, að ráðherra skuli heimilt — hér er aðeins um heimild að ræða, en eins og áður, að fengnum till. ritstjórnarinnar — að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur. — Ja — mér er ekki ljóst, hvað við er átt með þessu eða hverja þörf þetta hefir í frv. Mér finnst, að þetta gæti legið í fyrirmælum 2. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að ríkið skuli gefa út allar námsbækur. Ég hefði haldið, að námsbækur í lestri væru nauðsynlegar fyrir barnafræðslu. Mér er það a. m. k. ekki skiljanlegt, hvernig á að framkvæma barnafræðslu eftir gildandi lögum, ef ekki á að kenna börnum að lesa. Þetta virðist þess vegna óþarft fyrirmæli og að vissu leyti þveröfugt við fyrirmæli þeirra laga, sem við eigum undir að búa. Ég vil vekja athygli hv. frsm. menntmn. á því, hvort það er ekki misskilningur, sem liggur til grundvallar fyrir þessu ákvæði 11. gr., þar sem aðeins er heimild fyrir ráðh. til að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur. Mér skilst, að þetta felist miklu ákveðnara í 2. gr. frv., þar sem í 11. gr. er aðeins um heimild að ræða, en í 2. gr. er mælt fyrir á þann hátt, að ríkið gefi út allar námsbækur, sem nauðsynlegar séu til barnafræðslunnar í landinu. Það er auðsætt, að þessar bækur, sem um ræðir í 11. gr., sem sé námsbækur í lestri, eru grundvallarskilyrði til þess, að hægt sé að framkvæma barnafræðsluna í landinu, og það er ekki aðeins óþarft að setja þetta ákvæði í 11. gr., heldur virðist jafnvel, ef það er þannig sett í lög, að það geti valdið vafa um skyldu viðvíkjandi framkvæmdum ákvæðanna í 2. gr. um að gefa út allar bækur, sem nauðsynlegar séu til barnafræðslunnar. Þar við bætist, eftir því sem ég bezt veit, að það er misskilningur, ef þessi undantekning á byrjendakennslunni í lestri byggist á því, að slíkar bækur séu ekki notaðar í sambandi við fullnægingu á fyrirmælum fræðslulaganna, því að þær munu vafalaust öll börn nota, sem á skólaskyldualdri eru, en komin á það stig, að þau þurfa ekki að nota byrjendabækur. Það er vitanlegt, að skólarnir eru starfræktir í deildum, alveg frá því byrjað er að kenna börnunum að lesa, og er því tvímælalaust, að til þess að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru, verður að sjá fyrir öllum bókum til barnafræðslunnar frá byrjun. Mér virðist þess vegna rétt að fella 1. gr. úr frv., því þá verða miklu heilsteyptari og ákveðnari fyrirmæli um framkvæmdir í þessum efnum. Auk þess finnst mér gr. ekki aðeins að efni, heldur einnig að formi vera hortittur á jafnprýðilegri löggjöf, sem hér er að ræða um. Því að málfæri til virðist leika nokkur vafi á, að það sé samboðið hv. frsm. meiri hl. menntmn. að hreyfa ekki við því, eins og frá því er gengið. Ég veit ekki, hvers vegna er verið að nota orðalagið „á tilsvarandi hátt“ og um aðrar námsbækur. Hvers vegna ekki „á sama hátt“? Ef bókunum á að útbýta ó-

keypis, þá verður að fara eins að í báðum tilfellum. Ég get ekki séð, að það sé rétt eða viðunandi að gera það á tilsvarandi hátt. Ef til vill er þetta þó ekki alveg eins hneykslanlegt og orðalagið á 10. gr., „enda sýni sig“, sem er hreinasta málleysa og alveg hneisa fyrir hv. 9. landsk., að honum skyldi yfirsjást að leiðrétta það fyrir þessa umr. Það hlýtur að verða mikill álitshnekkir fyrir hann sem skáld og rithöfund að vera bendlaður við aðra eins hrákasmíð og þetta frv. Satt að segja finn ég til með hv. þm., að hann skuli vera bendlaður við annan eins óskapnað og frv. er að þessu leyti.

Nú er ekki eins og endir sé bundinn á ætlunarverk þessarar ríkisútgáfu. Ein viðbótin kemur enn í 12. gr. Ég held næstum, að þar sem þetta frv. er fyrr fram komið en frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., sem hlotið hefir nafnið „bandormurinn“, þá geti leikið nokkur vafi á, að það frv. eigi þetta göfuga nafn skilið. Þetta námsbókafrv. gæti engu síður átt rétt til nafnsins, því það er alveg eins um það, að hér kemur hver liðurinn aftur af öðrum eins og í bandormi. — 12. gr. frv. mælir svo fyrir, að auk þess sem ríkisútgáfunni er skylt að gefa út allar námsbækur (nema til lestrarkennslu), sem nauðsynlegt er að nota í barnaskólum landsins, er ráðh. heimilt að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út „skólanauðsynjar“. Aftan við 10. gr. kemur því 12. gr. sem einn liðurinn enn í þessum nýja bandormi. Gr. mælir svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. er heimilt, að fengnum tillögum ritstj., að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar“ o. s. frv. Ég skýt því til hv. frsm., 9. landsk., hvort honum finnist viðeigandi að tala um að gefa út skólanauðsynjar. (SE: T. d. landabréf). Má þá ekki líka gefa út t. d. penna, pennastengur, blýanta, reikningsspjöld, griffla o. s. frv.? 12. gr. heimilar ráðh. að gefa út allar námsbækur og skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla, og útbýta þeim á sama hátt og öðrum bókum til barnafræðslunnar. En það er ekki gert ráð fyrir að gefa út neinar bækur til þess að kenna börnunum að lesa. En ætli önnur kennsla geti ekki orðið erfið, ef börnin læra aldrei að stafa? Það á sjáanlega að smáfæra sig upp á skaftið, en ekki láta við það sitja að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir barnaskólana, heldur á að smáherða á og gefa það einnig út fyrir gagnfræðaskóla og aðra almenna skóla, og er tilgangurinn því sýnilega sá, með tíð og tíma, að teygja angana út yfir útgáfu skólabóka allra unglinga í landinu og kennslubóka í æðri skólum, svo öll fræðslan verði byggð á réttum grundvelli, sem mjög er nú farið að tala um.

Ég get í þessu sambandi tekið fram, að mjög misjafnlega er af valdhöfunum tekið í stuðning við menn og atvinnufyrirtæki, eftir því hvort þeir, sem að þeim standa, eru í réttum flokki eða ekki. Þannig verður náttúrlega um skólana og kennslubækurnar, að öðrum verður meinað að koma þar nærri en jafnaðar- eða framsóknarmönnum og kommúnistum og öðrum rauðliðum sömu tegundar. (**Fjmrh.**: Ætli það verði ekki fyrirskipað rautt blek?). Sennilega verður sett innflutningsbann á annað en rautt blek. En þó markið sé sett svona hátt nú með ríkisútgáfu skólabókanna, á hún ekki að taka enda með barnafræðslunni, heldur á hún með tíð og tíma að ná til æðri skólamenntunar. Þó er sleginn sá varnagli, eins og um frumbækur til kennslu í lestri, að námsbókagjaldið hrökkvi fyrir kostnaðinum. Það er þó sök sér þó það strandi að gefa út námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir æðri skóla, en það er fremur leiðinlegt, ef ekki er hægt að gefa út frumbækur til lestrarkennslu, vegna þess að námsbókagjöldin hrökkva ekki til, þar sem ráðh. á ekki að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa bækurnar út fyrr en jafnóðum og eftir því, sem þau gjöld hrökkva til. En svo er farið að tæpa á því, hvernig eigi að afla fjár til framkvæmdanna, ef kvíarnar verði færðar út, og er þá ráðh. heimilt að hækka námsbókagjöldin frá því, sem ákveðið er í 7. gr., jafnframt því, sem útgáfa er hafin samkv. þessari gr. Það er náttúrlega í sjálfu sér ekkert við því að segja, ef útgáfan er aukin og látin ná yfir stærra svið, því það krefur vitanlega meiri útgjalda og verður því að afla meira fjár. Er svo mælt fyrir, að ráðh. geti hækkað námsbókagjöldin smátt og smátt upp í samtals 15 kr. af heimili.

Þá er hér eitt atriði, sem mér er ekki ljóst, hvernig beri að skilja, og vildi ég beina því til hv frsm., ef hann skyldi vera hér einhversstaðar nálægt, að gefa skýringu á því. Svo er fyrir mælt, að eftir að búið er að heimila ráðh. að hækka námsbókagjöldin upp í allt að 15 kr. á heimili, þá skuli aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Hvað er hið hærra námsbókagjald? Er það 15 + 8 kr., eða hvað er átt við? Það virðist alveg augljóst, að þetta sé ekkert annað en einn hortitturinn enn, því það er gersamlega óþarft að taka fram, þar sem áður er búið að ákveða, hvað gjaldið megi vera hæst. Það kann að vera, að ekki þyki gera til, þó þetta standi í l., en vegna hv. frsm. og málsnilldar hans og rithöfundarhæfileika þykir mér leiðinlegt, að honum skyldi yfirsjást að leiðrétta svona áberandi hortitt, sem ég hygg, að hvert stautfært barn taki eftir. Sem sagt, þá finnst mér, að betur færi á, að þetta ákvæði væri fellt úr frv. Ég veit raunar ekki, hvað ég á að segja um niðurlagsorð þessarar gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.“

Þetta verður þraut fyrir hvern ráðh. að leysa, sem um það fær að fjalla, og þraut, sem ég er hræddur um, að í mörgum tilfellum geti orðið erfitt að leysa. Lægra námsbókagjaldið eiga sveitarfélögin að greiða fyrir þá, sem ekki geta greitt það sjálfir. Ég veit ekki, hvers vegna er frá þessu vikið með hærri gjöldin. Nú er þetta svo, eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst, að þetta eru lægri námsbókagjöldin, að viðbættu aukagjaldi vegna þeirra bóka, sem gefnar eru út, en ekki eru nauðsynlegar til barnafræðslunnar. Og það eru áður í frv. skýr ákvæði um, hvernig tryggð er greiðsla á þeim hluta námsbókagjaldsins, sem tilheyrir barnafræðslunni. En svo á ráðh. að setja sérstakar reglur um það, hvernig eigi að inn-

heimta hærri gjöldin, þegar heimilin ekki greiða. Ég efast um, að þetta sé tilgangur frv., en er hræddur um, að þetta hafi farið svona úr hendi fyrir klaufaskap. Og vegna þess, að við athugun á frv. hefi ég svo víða rekið mig á svipaðan klaufaskap, tel ég mér heimilt að geta þess til, að þetta sé af sömu mistökum, að sveitarfélögunum er sleppt við að greiða hærra gjaldið, ef heimilin ekki greiða. Ég vil því skjóta því til hv. frsm., hvort honum virðist ekki rétt að lagfæra þetta ákvæði, því það verður erfitt fyrir útgáfu bókanna að innheimta gjöldin, ef þessari kvöð er létt af sveitarfélögunum, þó ég vilji á engan hátt hverfa frá því, að vanhöld geti orðið á gjöldunum, jafnvel þó sveitarfélögin eigi að greiða. Segi ég það með tilvísun til þess ástands, sem nú er, og geri ráð fyrir, að um þetta gildi nokkuð það sama og um aðrar greiðslur sveitarfélaganna. En hinsvegar er þó óhætt að fullyrða, að töluverð trygging sé í því, að sveitarfélögin greiði fyrir þá, sem ekki geta greitt sjálfir. Á þann hátt gæti ríkissjóður þó alltaf innheimt töluverðan hluta af námsbókagjöldunum. Þess vegna finnst mér rangt og alls ekki í samræmi við tilgang frv., að sveitarfélögunum sé sleppt við að greiða hærri námsbókagjöldin, eða a.m.k. þann hluta þeirra, sem tilheyrir barnaskólunum. Þar við bætist, að sú trygging, sem frv. reynir að veita fyrir því, að þessi hærri gjöld greiðist, er næsta veigalítil og barnaleg, að ráðh. setji reglur, sem tryggi það, að þau innheimtist með skilum. Ég efast um, að höfundar frv. hafi gert sér grein fyrir, í hverju sú trygging ætti að vera fólgin. Ég sé ekki, hvernig á að setja reglur um, að þau heimili, sem ekki geta greitt, greiði þrátt fyrir það með skilum. Þetta er ekki annað en barnaskapur, og því rétt að fella ákvæðið niður úr frv.

Svo kemur 13. gr. frv., sem er alltaf góð tala, og satt að segja geri ég ráð fyrir, að mörgum finnist svara til efnis gr. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa gr. Hún hljóðar svo:

„Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.“

Ég veit ekki, hvernig í ósköpunum höfundum frv. hefir getað dottið í hug að setja þetta stagl inn í l., sem er svo gersamlega óþarft. Þetta liggur í hlutarins eðli og því engin þörf á að taka neitt fram um það. Og ég vil gera það að till. minni, að þessi gr. verði líka felld niður.

Í 14. gr. frv. eru settar alveg sérstakar heimildir fyrir ríkisprentsmiðjuna til þess að mega gefa út landabréf, og að útvega veggmyndir er líka heimilað í frv. Ef þetta eiga að kallast skólanauðsynjar — ja, kannske þetta séu heldur ekki skólanauðsynjar —, þá er þó óþarft að gefa út sérstakar heimildir um þessa hluti, þar sem annarsstaðar í frv. er búið að taka fram um útgáfu skólanauðsynja yfirleitt.

Það hefði verið ástæða fyrir hv. n. að verja meiri tíma til að athuga þetta frv., því að eins og það er að efni og öllum frágangi, þá er það hreinasta forsmán. Það er eins og þeir, sem það hafa samið, hafi naumast munað eftir því, hvað þeir höfðu tekið fram í næstu grein á undan þeirri, sem þeir voru í það og það skiptið að setja saman. Í fyrstu gr. er því opinbera heimilað að kaupa námsbækur, sem til eru, þegar l. þessi ganga í gildi, og það er sagt, að það eigi að miða verð þeirra við kostnaðarverð. Mér er ekki vel ljóst, hvað meint er með þessu. Ef það er meint með þessu, að bækurnar megi kaupa við kostnaðarverði, að viðbættu einhverju hundraðsgjaldi, sem ágóða fyrir eiganda, þá er þetta náttúrlega svo ónákvæmt, að það ákvæði hefir enga þýðingu í l.

En það er annað athyglisvert í þessu sambandi, sem ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. þyki þó máli skipta, og það er það, að gert er ráð fyrir kaupum á upplögum af námsbókum, þ. e. að ríkisprentsmiðjan kaupi þau. En hér stendur ekki eitt orð um það, hverjir greiðsluskilmálarnir skuli vera. Það er alveg augljóst, að með slíkum kaupum getur verið stofnað til töluverðra skulda. Og það er ekki einu sinni orðað, að heimild skuli vera um það, að vegna þessara kaupa megi taka lán. Það virðist þó hljóta að vera óhjákvæmilegt, til þess að ríkisprentsmiðjan, ríkisstjórn og öll halarófan standi ekki uppi gersamlega félaus, þegar kaupin eiga að gerast.

Þá er hér í frv. ákvæði um það, að ráðh. eigi að gefa út skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar verða að teljast fyrir barnafræðsluna í landinu. Og svo, hvaða kröfur skuli gera til þeirra bóka um efni og efnismeðferð.

Ég skal játa, að ég hefi lítið við fræðslustörf fengizt. En ég verð líka að játa það hreinskilnislega, að mér er ekki ljóst, hvernig á að fullnægja þessari kröfu l. um að taka fram í skrá, sem gefin er út yfir þessar bækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslu í landinu, hvaða kröfur eigi að gera til þeirra um efni og efnismeðferð. Ég hefði haldið, að um hverja einstaka námsbók gæti þurft að semja heila bók, ef ætti að fylgja þessu ákvæði samvizkusamlega. Svo er nú það. Og ég hygg, að hv. frumvarpshöf. hafi sett þetta ákvæði inn í frv. án þess að athuga það sérlega nákvæmlega.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að frv. þessu er í ýmsu ábótavant. Það þyrfti vissulega nánari athugunar við en það hefir fengið í þinginu. Það virðist hafa farið svo í gegnum báðar þd., að gera má ráð fyrir, að n. beggja d. hafi hagað sér svipað í athugun á því eins og upplýst er, að hv. menntmn. þessarar d. gerði, að hún boðaði til fundar um málið, sem hún hélt á milli 11 og 12 um miðnætti, fundar, sem sjálfsagt hefir svo enginn komið á, en einhver hv. nm. hefir svo hripað nál., sem er ekki nema tvær línur. um það, að meiri hl. n. þyki tilhlýðilegt að berja þennan óskapnað í gegnum þingið. Þó að hv. menntmn. hafi ekki þessi orð, þá kemur það nú allt út á eitt. Engin tilraun til að laga þá smíðagalla, sem á frv. eru. Þetta atferli hv. n. skilst mér stafa helzt af því, að þeir menn, sem í þessum n. starfa, hafi haft einskonar oftrú á höfundum frv., þannig að þeim hafi fundizt, að það gæti ekki verið, að frv. úr slíkra manna höndum þyrfti nokkurra lagfæringa við,

Ég vænti nú, að hv. frsm. n. geri hér grein fyrir því, hvernig á því stendur, að hv. menntmn. hefir látið sér sæma að leggja til, að annað eins frv. verði samþ. og það, sem liggur hér fyrir á þskj. 782.

En að lokum vil ég þó, af því að mér virðist 9. gr. frv. vera svo fráleit, að ekki geti komið til mála að samþ. hana, leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt., um að 9. gr. falli niður. Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. með þeirri ósk, að hann sjái svo til, að leyfðar verði umr. um hana og atkvgr., þegar þar að kemur.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, ef ekki er hægt að fá afbrigði fyrir þessari till. vegna þess, hve hv. d. er nú þunnskipuð, hvort þá sé hægt að halda áfram umr. um þetta mál nú, kl. 3 að nóttu.

Jakob Möller: Ég vil beina athygli hæstv. forseta að því, að þegar ég ber fram þessa skrifl. brtt., þá geri ég það til þess að hún verði rædd. En til þess þarf að fá leyfi hv. d. Og ef nú á að ljúka umr., þá fæst alls ekki leyfi hv. d. til þess, að hún verði rædd, því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti leyfi engar umr. um málið, þegar þetta mál verður tekið fyrir aftur til framhaldsumr., heldur verði þá aðeins greidd atkv. um málið. — Ég krefst þess, að leitað verði afbrigða fyrir till. minni og að með hana verði farið samkv. fyrirmælum þingskapa að öllu leyti.

Forseti (JörB): Hv. flm. þessarar brtt. hefir nú gert efni hennar að umtalsefni. En þó að ekki séu nægilega margir hv. þm. í d. til þess að hægt sé að leyfa afbrigði, geta umr. haldið áfram, vegna þess að hér eru margir á mælendaskrá, sem munu sjálfsagt vilja taka til máls um frv.

Sigurður Kristjánsson: Ég hélt, að hv. frsm. n. ætlaði sér að taka til máls um frv. Ég vildi nú gjarnan heyra hans grg. og vörn gegn ræðu hv. 3. þm. Reykv. áður en ég tæki til máls, ef haga mætti ræðum þannig.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson): Ég hafði hugsað mér að draga saman þynnkuna hjá fleirum en hv. 3. þm. Reykv., áður en ég svaraði.

Sigurður Kristjánsson: Ég verð nú í upphafi máls míns að láta þess getið, að mér finnst það ákaflega óviðeigandi að sitja hér á næturfundi fram undir morgun til þess að ræða um mál, sem ég sé ekki, að nein þjóðarnauðsyn krefji, að verði knúið áfram á svona — ja, næstum að segja þjösnalegan hátt.

Ég þykist hafa nokkra reynslu í þeim hlutum, sem frv. fjallar um, og hafði hugsað mér að veita nokkrar upplýsingar til þess að vita, hvort menn gætu ekki fallizt á ýmsar aths., sem ég ætlaði mér að gera. En þess er náttúrlega enginn kostur að fá neinar aths. teknar til greina, ef ljúka á af umr. um þetta mál nú um miðja nótt, og þegar svo fáir af hv. þm. eru viðstaddir, að ekki einu sinni er hægt að fá afbrigði til þess að ræða brtt. hv. 3. þm. Reykv. Vitanlega hefir hæstv. forseti vald til að haga þessu eins og honum sýnist, og er ég að sjálfsögðu skyldur til að hlíta hans fyrirmælum um þetta.

Það, sem sérstaklega vakti eftirtekt mína, þegar mál þetta kom á dagskrá nú hvað eftir annað, var, að mál þetta var búið að vera hér áður fyrir þinginu og kemur nú fram í mjög breyttri mynd. Ég benti á, þegar málið var hér áður til umr., að eftir minni reynslu væri það atriði, sem ekki er á minnzt í frv., sem þyrfti umbóta við, en miklu síður þyrfti umbóta við í þeim atriðum, sem nú eru höfuðatriði frv.

Ég hefi í mörg ár fengizt við kennslu. Og það varð þá að hreinasta vandræðamáli að ná í kennslubækur, þegar striðið skall á og árin eftir það. Ýmissa ráða var leitað. Það, sem mér virtist erfiðast yfir að komast, var að koma í veg fyrir glundroða. Ég set því ekki út á það, þó að reynt sé að bæta úr þeim glundroða, sem nú er á því, hvaða skólabækur kennarar nota.

En það, sem jafnhliða varð ákaflega mikið áberandi, var það, hve skólabækurnar voru óviðunandi illa saman teknar. Sýndi það einmitt, að nauðsyn er á að líta eftir þessu. Ég hefði þess vegna haldið, að það fyrsta, sem gera ætti af því opinbera, væri að gera ráðstafanir til þess, að vandað verði til samningar skólabóka, svo og að höfð væri á því betri regla, hvaða skólabækur eru notaðar. Nú er það vitað, að til eru fyrirmæli um að löggilda bækur til kennslu. En ég verð að segja, að mín reynsla hefir orðið sú, að þau fyrirmæli, um að kennslubækur skuli vera löggiltar, hefi ég ekki orðið var við, að hafi haft svo sem nokkra þýðingu. Þrátt fyrir þessi fyrirmæli hefir það verið sama ósamstæða ruslið, kennslubækurnar, sem fólkið hefir átt kost á. Einn kennari valdi þessa bókina og annar hina um sömu námsgrein. Þegar nýr kennari kom til sögu, þá varð bara að kasta þeim bókum, sem næsti kennari á undan notaði við kennsluna. Heimilin urðu þannig að kaupa nýjar og nýjar bækur eftir duttlungum kennaranna. Margur ungur kennari kann ekki að velja kennslubækur, þekkir kannske ekki bækurnar, sem hann velur, en fer kannske eftir trú á þessum eða hinum höfundinum og ýmsu og ýmsu.

Ég vil fúslega viðurkenna, að skólabækur eru að sjálfsögðu einn af kostnaðarliðum við skólahaldið, og það er í sjálfu sér engin fjarstæða, þó að sá kostnaður yrði lagður á ríkið á svipaðan hátt og kennslan sjálf, húsnæði, ljós og hiti o. s. frv., ef það þætti fært, að það opinbera tæki á sig allan kostnaðinn. En sá galli er á því, að ríkið tæki allan kostnaðinn á sig, að það er alls ekki á valdi ríkisins, hversu miklu hér er eytt eða hversu vel farið er með fé þess opinbera. Það verður meira eftir geðþótta nemendanna og aðstandenda þeirra, en það getur ekki farið eftir geðþótta þeirra um húsnæði, kennslukrafta, upphitun eða annað því líkt. Það fer allt eftir ákvörðun stjórnenda þessara stofnana.

Ég vildi taka þetta fram vegna þess, að ég vil ekki, að mín afstaða verði misskilin. Ég álít, að hér sé umbótaþörf, en ég tel, að til þessa máls þurfi að vanda miklu meira en gert er með þessu frv., því að ég get tekið undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að frágangur frv. er

með öllu óforsvaranlegur. Ég minnist þess ekki að hafa séð annað eins plagg og þetta komast eins langt í gegnum þingið. Þetta er til stórrar vanvirðu. Það var ekki lítið, sem hv. 3. þm. Reykv. taldi upp af formgöllum, sem sýnast vera komnir af göslarahætti, þekkingarskorti og þokukenndri hugsun. En það er margt fleira í þessu frv., málvillur og hreint skvaldur, sem hann minntist ekki á, svo að fyrir það eitt væri frv. óforsvaranlegt. Og fyrst frv. er svona frá formsins hlið, þá geta hv. þdm. gert sér hugmynd um, hvernig efnishliðin muni vera.

Mér er ekki ljóst, hvers vegna formælendur þessa máls leggja svo mikið kapp á að knýja það fram á þessu þingi. Það hefir verið látið skína í, að þetta yrði hagsmunastarf fyrir einhverja menn. Það er eftir því búið að skipta hirtinum, áður en hann er veiddur. Þetta er náttúrlega ekki frambærileg ástæða. Það er ekki frambærileg ástæða fyrir breyt., sem eru mikilsverðar fyrir fræðsluna í landinu, að það liggi á að koma einstökum mönnum á einhvern hagsmunaspena, og ég ætla ekki að ræða þetta mál út frá því, að svo sé.

Ég vænti þess, að menn muni frá fyrri umr. um þetta mál, að það var þá rætt um nokkrar bækur, sem gefnar hefðu verið út með ríkisstyrk, og má því segja, að ríkið hafi verið við riðið. Ég hafði lesið tvær af slíkum bókum og skýrt frá, hversu gersamlega óhæfar þær væru, sérstaklega önnur, til þess að vera kennslubækur. Eins og ég sagði í upphafi, þá sýnist mér, að það fyrsta, sem þyrfti að taka til athugunar, ef setja ætti nýja löggjöf um ríkisútgáfu skólabóka, væri það, að bækurnar væru sæmilega samdar og hæfar til þess að vera kennslubækur. Hverjir eiga svo að gefa bækurnar út? Í 1. gr. segir, að ríkisstj. eigi að vera útgefandinn. Við höfum fengið svolitla nasasjón af því, hvað stj. getur verið og er nákvæm í þessum hlutum og hve grandvör og vandvirk hún er, þegar um er að ræða bækur, sem hún hefir afskipti af, veitt styrk til og þess vegna að sjálfsögðu kynnt sér, því að ég geri ekki ráð fyrir, að stj. gangist fyrir því, og því síður, að hún geri það upp á sitt eindæmi, að veita styrk til kennslubóka án þess að sjá handritið og eftir hvern það er. En þessar bækur, sem voru til umr. í þetta skipti, sem ég hefi bæði lesið og skrifað um og bent á, hversu óhæfar þær væru sem kennslubækur, þær sýna einmitt, að það er ekki rétt leið, að láta stj. gefa út slíkar bækur og hafa um það einkarétt.

Við skulum bara hugsa okkur þessar tvær bækur, sem mjög voru gerðar að umtalsefni í fyrsta skipti, sem þetta mál var til umr. í þinginu. Báðar áttu sammerkt í því, hversu mjög þær voru pólitískt litaðar, og það hefir hitzt þannig á, að hvorirtveggja höfundanna voru framsóknarmenn. Þeir settu þar langa fyrirlestra um ágæti framsóknarstefnunnar og tilsvarandi hnútur og allt að því níð um þær stefnur, sem hinir flokkarnir í landinu fylgdu. Við skulum setja sem svo, að stj. fylgdi þessari reglu áfram eða léti eftir þessari hvöt, að gefa út nýjar kennslubækur, sem væru meðmæli fyrir hennar stefnu. Við skulum segja, að Framsfl. hefði aðstöðu til að halda hér áfram og gefa út meira af bókum af þessu tægi. Hvað mundu Alþýðuflokksmenn gera, þegar þeir kæmust til valda? Það fyrsta, sem þeir gerðu, væri að brenna allt þetta upplag á báli og fela mönnum að semja kennslubækur í sömu greinum, mönnum, sem þeir treystu til þess að draga rækilega fram málstað Alþfl. Nú gæti svo farið, að Sjálfstfl. kæmist til valda. Ætli hann mundi þá þola, að kennslubækurnar væru einskonar trúboð fyrir sósíalisma hér á landi? Ég býst ekki við því, og þó að ég geri ekki ráð fyrir því, að Sjálfstfl. gerði ráðstafanir til þess að gefa út kennslubækur, sem flyttu — og sízt af hlutdrægni — hans málstað, þá gæti hann með engu móti við það hlitt, að kennslubækurnar yrðu áfram þær gömlu hlutdrægu og pólitísku lituðu, og þá mundi í þriðja sinn verða að gera upptækar þær bækur, sem fyrirliggjandi væru í þessum námsgreinum. Ég bendi á þetta til þess að mönnum verði skiljanlegt, að þótt ríkisstj. sé útgefandi, þá dugir ekki, að hún láti það verða rétt af handahófi, hverjir semji þessar bækur. Það þarf fyrirfram að tryggja hvorttveggja, að bækurnar séu samdar af mönnum, sem hafa til þess menntun og reynslu og gera þær svo úr garði, að þar sé eingöngu valið frá lærdómslegu sjónarmiði, og svo að tryggja, að þær séu ekki pólitískt litaðar eins og hefir sýnt sig, að þær bækur hafa viljað verða, sem stj. hefir sérstaklega verið við riðin.

Það, sem ég álít, að fyrst og fremst þurfi að leiðrétta, er það, að hægt sé að nota sömu bækur í öllum skólum, eða að á hverju lærdómsstigi nemenda um land allt verði notaðar sömu bækur og þar geti tekið við hver bók af annari. Það þarf að setja löggjöf um þetta, og í öðru lagi um það, að hæfir menn semji bækurnar. Það er óskaplegt fyrir kennarana að verða að taka við sumum af þeim bókum, sem þeir hafa orðið að basla við. Og jafnvel þótt höfundurinn hafi gert allt sitt bezta, þá nægir það ekki, þegar höf. skortir hæfileika og hafa gefið bókina út aðeins í hagsmunaskyni eða af hégómagirni, af því að þá langar til að verða höfundar og láta nafn sitt sjást, menn, sem ekki höfðu til þess andlega burði, svo að bækurnar hafa oft orðið að forminu til lélegar, og einatt rangar að efninu til líka. (BB: Þetta þarf að laga). Já, þetta þarf að laga, en það eru ekki gerðar ráðstafanir til þess hér. Ég er ekki að neita því, að finna megi leið til þess, en ég vil þá ekki láta knýja þessa löggjöf fram fyrr en búið er að finna þessa leið, því að ég tel víst, að hana megi finna. En það er það sérstaka eftirlit þess opinbera, sem þyrfti að vera falið pólitískt hlutlausum fræðimönnum, sem nauðsynlegt er, að sérstök lagaákvæði séu sett um. Það er því sjálfsagt að vinna að öllu með stillingu, því að það veltur ekki á mjög miklu, hvort þessi löggjöf er sett ári fyrr eða seinna, en afaráríðandi, að hún misheppnist ekki.

Það sést á þessu frv., að tilgangurinn er að gera útgáfu bókanna ódýrari en hún er, og það þarf ekki að efast um, að með því að gefa út stór upplög er hægt að færa verðið eitthvað niður, en ég held, að menn geti ekki neitað því, ef þeir tala um það af sannsýni, að yfirleitt er gætt meiri hagsýni hjá einstaklingum en hjá ríkinu,

og ég skil ekki, að menn geti gert sér von um, að ríkisútgáfa verði ódýrari en útgáfa einstakra manna, og það getur alveg verið í valdi þess opinbera, hvað megi leggja á þessar bækur, og á þann hátt koma í veg fyrir okur á þeim.

Það mundi taka allt of langan tíma hjá mér, ef ég ætlaði að fara út í hverja gr. frv., þó að það sé náttúrlega ætlazt til þess, að einstakar gr. séu ræddar við þessa umr. og þær hafi flestar mikla þörf á því, að þær séu teknar til athugunar, en hv. 3. þm. Reykv. tók frv. grein fyrir grein, og mér skildist á mörgum hér, og þar á meðal sýndist mér á hæstv. fjmrh., að honum þætti þetta næsta skoplegt, og ég get vel hugsað, að það sé skoplegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja ekki einu sinni láta ræða þetta mál og telja það ekki þess vert, að það þurfi nokkurrar umþenkingar við. Sannleikurinn er sá, að þótt málið sé ekki mjög umfangsmikið fjárhagslega, þá er það mikið vandamál, og það vita allir, sem eitthvað hafa fengizt við kennslu.

Ég er ekki í neinum vafa um það, þótt ég hafi mjög góða kynningu af sumum þeim mönnum, sem hafa áætlað kostnaðinn við þessa útgáfu, að sú áætlun er fjarri öllum sanni. Þeir menn eru því ákaflega ókunnugir, hvað það hefir kostað að sjá nemendum fyrir bókum hér á landi, sem geta látið sér detta í hug, að það kosti ekki nema 5—8 kr. á hvert heimili, sem hefir barn eða börn á framfærslu, að sjá þeim fyrir öllum bókakosti árið yfir. Það er mesta fjarstæða. Menn verða að athuga, að þótt menn hafi skýrslur frá Ameríku eða einhverjum öðrum stórlöndum, þá er ekki hægt að byggja á þeim hér. Þar er hægt að gefa bækurnar út í margra milljóna tali, og þau tæki öll, sem menn hafa þar til prentunar, bókbands, myndamótagerðar og annars slíks, sem er þar allt í svo ákaflega stórum stíl, eru náttúrlega ekki sambærileg við það, sem gerist hjá okkur. Það er eðlilegt, að þeim, sem gleypa við slíkum pappírum, fatist í kostnaðaráætlunum sínum.

Ég vil líka segja, að það er ákaflega varhugaverð leið að ætla að afla þessa fjár án tillits til þess, hversu mikið gjaldendur fá í aðra hönd. Það er ætlazt til, að öll heimili gjaldi jafnmikið hvort sem þar eru mörg eða fá börn og hvort sem þau þurfa meira eða minna af kennsluáhöldum. Þetta er ákaflega óréttmætt. Sérstaklega vil ég þó vara menn við að gleypa þessa áætlunarflugu. Hún er áreiðanlega fölsk, þó að það sé ósjálfrátt. Ríkið hefir oft flaskað á því áður að áætla skakkt hluti, sem stjórnendur landsins hafa ekki haft með að gera. Ég skil ekki annað en að mönnum sé minnisstætt, þegar ríkið rak einu sinni verzlun og var komið með í hana 3—4 sinnum meira en öll útgjöld fjárl. voru þá, en þá voru öll fjárlagaútgjöld ríkisins um 2½ millj., og það kapital, sem ríkið þurfti í þessa verzlun, var komið á 10. millj. kr. á ári. Ég skal bæta því við, að ríkið eða stj. vaknaði þarna upp við vondan draum, við þann vonda draum, að þetta verzlunarfyrirtæki var búið að binda í sér kapital, sem var fjórum sinnum meira en útgjöld fjárl. það ár, og að tap verzlunarinnar skipti milljónum króna. Þá var það ráð tekið, að lagt var sérstakt gjald á tvær helztu nauðsynjavörur, sem til landsins fluttust, kol og salt, til þess að bæta upp þetta tap. (ÞorbÞ: Hvenær var það gert?). Það var 1919 eða 1920. Það var gott að geta sagt hv. þm. það litla, sem vantaði á þekkingu hans.

Það er það einkennilega, að síðan þetta gerðist eru liðin 15 ár (Fjmrh.: Er það svo einkennilegt?), og ennþá situr þessi skattur að talsverðu leyti á kolum og salti, kr. 1.50 á smálest af kolum og 1 kr. á smálest af salti. Ég er hræddur um, að þegar á að leggja 5—8 kr. á barnaheimilin til þess að standa undir þessari bókaútgáfu, þá verði ríkið að fá sér rekstrarfé, og þá er ég hræddur um, að svo gæti farið, að þessi leiðinlegi draugur gengi aftur þannig, að þyrfti að leggja gjald, t. d. á bækur og skólaáhöld á ókomnum tíma, til þess að vinna upp það tap, sem orðið hefði á þessari útgáfu.

Það er annars einkennilegt, ef ríkið er svo ákaflega þyrst í að fá að leggja fram fé í sérstakan rekstur, meðan einstakir menn fást til að leggja þetta fé fram og hafa alla áhættuna og meðan ríkið getur sett reglur og haft óskoraðan rétt til íhlutunar, hvernig þetta er gert, þá er einkennilegt, að ríkið skuli vera þyrst í að leggja fé í svona hluti. Maður skyldi ætla, að á jafnerfiðum tímum mundi ríkið vilja koma þessu af sér að sem mestu leyti og hafa sem fæst járn í eldinum, hafa sem minnst að gera annað en að hugsa um rekstur ríkissjóðs sjálfs, og láta borgarana um að reka fyrirtækin, a. m. k. þau, sem ríkið hefir fullkomna aðstöðu til að hafa eftirlit með, eins og það getur a. m. k. skapað sér í þessu efni.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa almennt gert sér grein fyrir því, hvað er hægt að fá af skólabókum og áhöldum fyrir þessar 5 kr., sem gert er ráð fyrir, að greitt sé af hverju heimili, þar sem börn eru á skólaaldri, eða eldra fólki við nám. Það má ekki heimta meira af slíkum heimilum en 15 kr., hvað margir sem nemendurnir eru. Maður veit, að ein einasta orðabók kostar meira en 15 kr. Þetta virðist vera mesta fjarstæða.

Ég sagði áðan, að ég vildi ekki fara út í gr. frv. hverja fyrir sig. Ég vil þó aðeins minnast á eina gr., sem hv. 3. þm. Reykv. skildi ekki. Það er 9. gr. Ég skal játa, að ég skil hana ekki heldur. Ég var búinn að merkja við þessa gr. og ætlaði að vita, hvort ég gæti fengið nokkurn, sem gæti frætt mig um hana. Þar segir svo, að það sé bannað, að viðlagðri 10—100 kr. sekt, að láta þessar bækur ganga kaupum og sölum. Veit nokkur, við hvað er átt með þessu? Ég veit, að allir geta sagt sér það sjálfir, að ef heimilin eiga að fá skólabækur ókeypis, þ. e. a. s. gegn þessu 5—8 kr. gjaldi, þá muni heimilin ekki óska eftir að fá að kaupa bækurnar. Ætli þeim, sem sömdu þetta frv., hafi dottið í hug, að þegar búið væri að borga 5—8 kr. til þess að fá nýjar bækur, þá mundu menn vilja fara að kaupa þær? Ég geri ráð fyrir, að ef nokkurt vit er í þessari gr., þá eigi hún að koma í veg fyrir, að hægt væri að setja upp verzlun með þessar bækur í fornsölu. En hverjir mundu kaupa á þeirri fornsölu? Ekki börnin, því að þau eiga að fá bækurnar ókeypis. Það væru þá helzt menn, sem

vildu fylla bókaskápa sína með þessum bókum. Og hvað væri þá á móti því, að þeir mættu kaupa þær? Annaðhvort er þessi gr. byggð á misskilningi, þeirri hugsunarvillu, að menn muni þyrsta í að kaupa bækur, sem þeir geta fengið ókeypis, eða þá að það er meint, að ekki megi láta bækurnar í fornbókasölu, og það er hreinasta fjarstæða.

Hér kemur svo hver greinin eftir aðra, sem gera það að verkum, að alltaf þarf meira og meira fé í þetta ríkisforlag. 9., 10., 11. og 12. grein, allar auka þær á rekstarfjárþörfina.

Ég hefði gjarnan kosið að tala nánar um það, út á hvað ég teldi, að löggjöf um þessa hluti þyrfti að ganga, en ég verða að sleppa því nú, því að ég tel ekki forsvaranlegt að þurfa að ræða mál, sem tekið er í alvöru, um hánótt. Auk þess er ekkert spaug að ræða við fylgismenn frv. þessa nú, þar sem þeir hafa tekið upp þá „taktik" að þegja við öllu, sem þeir eru aðspurðir.

Hvað frágang frv. snertir, þá er hann slíkur, að ég trúi varla, að nokkur úr hópi þm. hafi fengizt við samningu þess. Ég ætla ekki að fara í neinn sparðatíning hér, en þó má nefna setningu eins og t. d. þessa: „Þar með talinn Eiðaskóli og gagnfræðaskólana". Hér er hvorttveggja vitlaust, tala og fall, og svona mætti lengi telja. Slíkur göslaraháttur getur alls ekki réttlætt það, að málið gangi í gegnum þingið athugasemdalaust. Annars mun óþarfi að vera að eyða miklum tíma í að ræða mál þetta nú, því að ég þekki hv. dm. svo vel, að þetta mál mun aldrei slampast í gegnum deildina.

Thor Thors: Ég vildi aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vildi leita atkv. um það, hvort hin skrifl. brtt. frá 3. þm. Reykv. megi komast að.

Forseti (JörB): Ég mun að sjálfsögðu verða við þessum tilmælum hv. þm. Snæf., en skipun deildarinnar ræður því, hvort það heppnast eða ekki að fá formlega atkvgr. — Eins og deildin er skipuð núna, er hún ekki ályktunarfær.

Thor Thors: Úr því að deildin er ekki ályktunarfær, verður það að sjálfsögðu að bíða að leita atkv. um brtt. þar til deildin verður svo skipuð, því að ég veit, að forseti fer ekki að brjóta fastar venjur eða helgi þingréttarins með því að láta brtt. ekki koma til atkvæða.

Forseti (JörB): Ég hefi gert skyldu mína og hringt til atkvgr. Það er því ekki mín sök, þó að ekki sé hægt að ganga til atkv. um brtt. þessa nú, því að ég get ekki gert að því, þó að þm. séu fjarstaddir. Annars er þetta 2. umr. málsins, og missir þm. því engan rétt, þó að brtt. þessi komist ekki að fyrr en við 3. umr.

Thor Thors: Það er ekki rétt hjá hæstv. forseta, að menn missi ekki rétt, ef ekki er gengið til atkv. um brtt. þeirra, hvort þær megi komast að eða ekki, þegar þörf er að leita atkv. um slíkt. Það hefir verið alveg föst þingvenja, að forsetar hafa jafnan leitað atkv. um of seint framkomnar brtt. þegar um leið og þær hafa komið fram, nema ef svo hefir staðið á, að þær hafi að dómi þeirra komið að einhverju leyti í bága við stjórnarskrána. Ég vil því enn mælast til þess, að forseti láti brtt. þessa koma undir atkv. áður en lengra er haldið áfram með umr. um þetta mál. Annað finnst mér honum ekki sæmandi. Vilji hæstv. forseti ekki verða við þessum tilmælum mínum, fyndist mér það mjög leitt, og ekki sízt vegna hans sjálfs, ef hann héldi ekki heiðri sínum, en slíkt teldi ég vafamál, ef hann tekur upp nýja þingvenju hvað þetta snertir nú. Hitt kemur þessu ekkert við, þó að einstaka samherja hans þyki mál þetta kannske orðið nógu rætt.

Forseti (JörB): Ég vil taka það fram, að ég sem forseti hefi ekki gefið þingmönnum fararleyfi af fundi þessum; get ég því ekki átt sök á því, þó að deildin sé fámenn. Ef ég hefði gefið þm. fararleyfi, mætti ef til vill telja það mína sök, að ekki er hægt að bera brtt. þessa undir atkv. nú, en þar sem svo er ekki ástatt, tel ég mig enga skuld eiga á því, þó að deildin sé svo fámenn nú sem raun ber vitni um. Hinsvegar tel ég, að færa mætti mér til sektar, ef ég frestaði umr. um mál þetta nú vegna þess að brtt. þessi er komin fram. Get ég því ekki orðið við tilmælum hv. þm. og tel mig í þessu efni hafa uppfyllt skyldu mína.

Thor Thors: Vitanlega á hæstv. forseti enga sök á því, þó að deildin sé ekki ályktunarfær. En mér virðist, að forseti ætti að fresta umr. málsins, því að hver brtt., sem fram kemur og leita þarf afbrigða um, á að berast upp þegar deildin er ályktunarfær.

Forseti (JörB): Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að það er ekki mín sök, þó að deildin sé ekki ályktunarfær. Annars sé ég ekki ástæðu til, að við þreytum umr. um þetta atriði lengur, og halda því áfram umr. um málið sjálft.

Thor Thors: Mál þetta hefir verið til umr. á undanförnum þingum og er eitt af þeim málum, sem einna mest hefir verið deilt um, og eru líkur til, að svo verði einnig nú, enda ekki undarlegt, þar sem um jafnmikið stefnumál er að ræða sem hér, þar sem taka á upp nýja ríkiseinokun, og það á því sviði, sem almenningi er sérstaklega viðkvæmt. Um það hefir jafnan mikið verið deilt, þegar um það hefir verið rætt, að hneigja inn á ríkisrekstrarbrautina atvinnu- og verzlunarmál yfirleitt; það hlýtur því að verða ennþá meira deilumál þegar leggja á menntamál þjóðarinnar á vald ríkisstj. á hverjum tíma, eins og gert er ráð fyrir í frv., því að vitanlega er engum manni annað meira áhyggju- og hugðarefni en á hvern hátt fræðsla barna hans fer fram, því að það „ungur nemur, gamall temur", og jafnframt hitt, hverjum áhrifum barnssálirnar verða fyrir, þegar þær eru að mótast. Öll mistök í þeim efnum geta haft þungar og örlagaríkar afleiðingar. Það er því vegna þessara hluta, að fræðslumálin eru og verða jafnan ein þýðingarmestu mál þjóðfélagsins. Vel-

ferð og heill þjóðarinnar er og undir engu meir komin en því, hvernig tekst um menntun hinnar uppvaxandi kynslóðar, því að það er hún, sem á að erfa landið. Það er því og verður að vera eitt af höfuðviðfangsefnum okkar að hafa sérstakar gætur á uppeldis- og fræðslumálunum.

Nú er það svo, að hér á að taka upp nýja stefnu í þessum málum. Hingað til hefir það verið frjálst, hvaða námsbækur væru kenndar í skólum landsins, og það verður ekki annað sagt en að þetta frjálsræði í menntun þjóðarinnar hafi miklu til leiðar komið, því að nú mun það vera fátt, sem Íslendingar geta stært sig eins af og það, hve vel þjóðin er menntuð, og það mun ekkert skrum, þó að sagt sé, að hin bóklega menntun hennar sé sízt lakari en hjá þeim þjóðum heimsins, sem eru bezt menntaðar. Úr því nú að sú stefna, sem ríkt hefir um menntun þjóðarinnar, hefir fengið jafnmiklu áorkað sem raun ber vitni um, þá er undarlegt að fara að breyta um stefnu í þessum málum og fara inn á nýja braut, sem verður að teljast mjög varhugaverð. Mér virðist t. d. alveg ljóst, að ríkisvaldið getur misbeitt því valdi, sem það á að fá í hendur með frv. þessu, og mér er alls ekki grunlaust um, að það geri það.

Það hefir hleypt miklum hita í þetta mál, að sú hugsun virðist liggja bak við hjá stjórnarliðinu, að geta ráðið meiru en hingað til yfir þeim frjókornum, sem sáð er í hugi barnanna. Samkv. 2. gr. frv. á ríkið t. d. að gefa út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar, og samkv. 3. gr. á sérstök ritstjórn að hafa á hendi útgáfu þessara námsbóka. Ritstjórn þessa skipa þrír menn, sem skipaðir eru til 4 ára í senn. Einn skal skipaður af ráðh., annar tilnefndur af stjórn Sambands íslenzkra barnakennara, og hinn þriðji skal tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Til þess nú að gera sér ljóst, hvernig þetta ákvæði kann að verka, skulum við hugsa okkur, að núv. atvmrh. skipi t. d. næsta ár í þessa ritstjórn form. meiri hl. menntmn., og að félag kennara við héraðsskólana velji þm. S.-Þ. fyrir sitt leyti í ritstjórnina, og að Samband íslenzkra barnakennara tilnefni svo einhvern þeirra líka sem þriðja mann. Ég vil nú spyrja: Halda menn, að bókaútgáfa undir stjórn slíkra manna geti orðið heppileg eða til þess að auka og auðvelda barnafræðsluna í landinu? Ég held ekki. Þvert á móti gæti ég alveg eins búizt við því, svo fremi sem þessir eða þvílíkir menn ættu að sjá um útgáfu kennslubóka fyrir ungmennafræðsluna í landinu, að mikill hluti þjóðarinnar leitaði fræðslu fyrir börn sín fyrir utan ríkisskólana, svo jafnvel á því sviði yrði þjóðin klofin. Annars hélt ég þó, að þegar væri orðið nóg af flokkadrætti og sundrung í þjóðfélaginu, og ekki væri gerandi leikur að því að auka við það, sem þegar er orðið í því efni.

Að binda efnisval og útgáfu skólabókanna svo mjög við ríkisvaldið sem gert er í frv. þessu, mun sízt verða til þess að gera bókakostinn betri en hann er nú. Það er ekki aðeins það, að ríkið eigi að sjá um útgáfu skólabókanna, heldur á að binda þetta svo vendilega við ríkið, að ríkisprentsmiðjan ein á að sjá um prentun bókanna, og jafnvel band þeirra og útsendingu. Hér er því berlega dæmi þess, að sósíalistar láta sér ekki nægja að seilast inn á atvinnurekstur hinna stærri atvinnurekenda, heldur mega bókbindararnir ekki einu sinni vera í friði með sín lágu laun og sinn mjög svo erfiða atvinnurekstur. Ég vil því nota tækifærið til þess að spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort hann telji atvinnurekstur bókbindaranna svo arðvænlegan, að eftir miklu sé að slægjast fyrir ríkið að seilast eftir honum. En mér þykir í þessu koma fram slíkur yfirgangur og ásælni, að það má ekki ómótmælt vera. Það er ekki svo að skilja, að ríkið ætli að gefa þessar bækur, heldur á, samkv. ákvæði 7. gr. frv., að leggja 5—8 kr. gjald á hvert heimili, sem hefir barn á skólaskyldualdri. Þó það sé vitanlega allmikið gjald, þá er mjög sennilegt, að það hrökkvi ekki fyrir útgáfukostnaði bókanna. Við því er ekkert að segja. Ríkið getur gefið námsbækurnar eins og kennsluna, sem það veitir ókeypis. En ég vil ekki, að þær bækur, sem ríkisvaldið gefur, eigi að læða inn í huga barnanna skoðunum ríkisstj. og fylginauta hennar.

Ég hefi nú allmikið talað um, hversu varhugavert það er að leyfa slíka einokun á þeirri menntun, sem börnum er veitt á fyrstu námsárum þeirra, meðan þau eru viðkvæmust. En þetta frv. beinist ekki eingöngu að þeim. Það er líka gert ráð fyrir því í 12. gr., að ríkið gefi út fleiri eða færri námsbækur og skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla. Og þá ætlar ríkisstj. ekki að láta sér nægja að vera einráð um það, hvað börnunum er kennt á fyrstu námsárum þeirra, heldur á að fylgja því eftir, að þetta fyrirkomulag tryggi það, að engar „villukenningar“ komist að hugum unglinganna. Þess vegna tekur hún héraðsskólana, gagnfræðaskólana og sennilega menntaskólana líka undir einokunina.

Þetta eru hin almennu ákvæði frv. En auk þeirra er fjöldi af minniháttar atriðum, sem ég hirði ekki að tína til, af því að hv. 3. þm. Reykv. hefir tekið þau til rækilegrar meðferðar og bent á, hversu gallað frv. er að orðfæri og niðurröðun efnis, auk efnisins sjálfs. Þess vegna virðist það mjög einkennilegt, þegar jafnrökstudd og ákveðin gagnrýni kemur fram gegn frv., að þá skuli þeir steinþegja, sem eiga að verja það.

Andstaða mín gegn þessu frv. byggist á því, að ég óttast stórlega, að ríkisrekstur á útgáfu skólabóka leiði til þess, að hlutdrægni ráði mestu um það, hvaða skoðunum verður haldið fram í kennslubókunum og skólunum. Og sá ótti minn er alls ekki ástæðulaus. Því að þær bækur, sem styrktar hafa verið af ríkinu og kenndar við ríkisskólana, eru sumar mjög hlutdrægar. Eru það einkum tvær bækur, sem sérstaklega hafa skarað fram úr um slíka hlutdrægni. Önnur þeirra er kennslubók í Íslandssögu eftir mann einn norðan úr Þingeyjarsýslu, sem ég hirði ekki að nafngreina, en það hefir töluvert verið deilt á þá bók. (Fjmrh.: Hefir hv. þm. bókina?). Það hefir verið minnzt á hana í þingtíðindunum, og þau hafa hingað til þótt góð bók, enda þótt hæstv. ráðh., sem nú rak höfuðið hér inn í þd., vildi reka þingskrifarana út úr þinginu. Sú ræða í

þingtíðindunum, þar sem minnzt er á bók þessa, er yfirlesin, enda hefi ég líka lesið bókina og veit, að þar er rétt til hennar vitnað. Þessi bók á að vera Íslandssaga, og þó er hún skrifuð eins og blaðagrein í Tímanum. Framsfl. er þar hossað von úr viti og framsóknarmönnum er lýst eins og frelsurum, ekki einasta Íslendinga, heldur alls mannkynsins. En aðrir stjórnmálaflokkar eru rægðir, jafnvel sá flokkur, sem nú er í innilegustu faðmlögum við Framsfl., nfl. svokallaður Alþfl. Ég skal annars ekki lesa mikið upp úr bókinni í þessari ræðu minni, en það virðist svo sem framsóknarmenn hafi ekkert af henni lært. (**Forseti**: Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er 2. umr., og að þá á að ræða einstakar greinar frv.). Ég hefi líka haldið mig við einstakar gr. frv., en það er stærsta greinin í frv., sem felur það í sér, að kennslubækur skuli vera hlutdrægar. Ég ætla ekki að lesa tilvitnanir úr bókinni að svo stöddu. (**Fjmrh.**: Það getur nú samt tafið tímann!). Ef hæstv. ráðh. óskar þess, þá get ég orðið við því. — Önnur bókin, sem ég nefndi, er eftir annan Þingeying og fjallar um þjóðfélagsfræði. Þar er stjórnmálaflokkunum lýst með svipuðu móti og gert er í hinni bókinni. (**HV**: Stendur það í Alþt.?). Af því að hv. 2. þm. Reykv. greip fram í fyrir mér, þá vil ég lesa fyrir hann, hvað sagt er um sósíalista í þessari bók, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnaðarmenn telja allt þjóðskipulag vorra tíma gallað og máttvana til almenningsheilla, og þeir, sem lengst ganga, telja grundvöll þess, eignarrétt einstaklingsins, óhæfilegan". Og ennfremur segir hann: „Margt hefir þessum mönnum tekizt að ráða til bóta í einstökum atriðum. En reynslan sýnir, að lítið hefir unnizt á í heild, og að kenningin sé hugsjón, sem torvelt muni að framkvæma." Ég tala nú ekki um ósköpin, þegar höf. minnist á Sjálfstfl., þá umhverfist hann gersamlega og ritar á þann hátt, sem aðeins getur fyrirgefizt pólitískum málafylgjumönnum.

Það er annars leitt til þess að vita, hvað mikið kapp er á það lagt að flaustra þessu frv. gegnum þingið nú í þinglokin. Ég man nú, þegar ég fer að hugsa um það, að þetta frv. kom fram á fyrri hluta þingsins, sennilega í marzmánuði, og það er þó ekki komið lengra áleiðis en þetta nú í desemberlok. Það er vissulega ekki okkur stjórnarandstæðingum að kenna. Við tökum því ekki á móti aðfinnslum út af því, hvað málið hefir dregizt í þinginu. Það er stjórnarflokkunum að kenna, sem ráða þinginu, hversu seint hefir gengið um afgreiðslu mála. Við höfum bæði fullan rétt og skyldu til þess að ræða um málin svo mikið sem við óskum, þó að komið sé að þinglokum. Og okkur ber hreint og beint skylda til að vara við þeirri rauðu hættu, sem felst á bak við þetta frv. Og það skal verða betur flett ofan af henni en gert hefir verið, ef einhverjir af þeim rauðu draugum, sem standa á bak við frv., þora að koma hreinlega fram í dagsljósið og sýna sig.

Forseti (JörB): Ég ætla, að nú sé allfast að sorfið um að reyna á þolinmæði þingmanna. Ég held ég verði því að láta að orðum hv. þm. Snæf. og fresta umr. til morguns, svo að færi gefist til að ræða þá brtt., sem hér hefir verið borin fram undir umr.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (JörB): Þá verður leitað afbrigða fyrir hinni skrifl. brtt. frá hv. 3. þm. Reykv., sem áður hefir verið lýst hér.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 927) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt krafa frá 6 hv. dm. um að slíta umr. þegar í stað, svo hljóðandi:

„Undirritaðir alþingismenn í neðri deild Alþingis krefjast þess hér með, með skírskotun til 37. gr. þingskapa Alþingis, að umræðum skuli hætt þegar í stað um 4. mál á dagskrá 104. fundar deildarinnar.

Héðinn Valdimarsson, Bergur Jónsson, Jónas Guðmundsson, Þorbergur Þorleifsson, Páll Þorbjörnsson, Bjarni Bjarnason".

ATKVGR.

Samþ. að slíta umr. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

nei: EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

Þrír þm. (ÁÁ, HannJ, JónP) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerðu tveir þm. svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Af því hv. frsm. meiri hl. menntmn. hefir óbeint lýst yfir, að hann sé samþykkur öllu því, sem við höfum borið fram í málinu, gæti ég sætt mig við, að umr. falli niður, en vegna þess að ég er yfirleitt á móti, að þessari aðferð sé beitt, segi ég nei.

Ólafur Thors: Ég er yfirleitt á móti því, að tekið sé upp slíkt einræði, sem hér er á ferðinni, að innleiða nasista-vinnubrögð, og þykir í þessu tilfelli einkennilegt, að stj.flokkarnir, sem ekki hafa sagt eitt orð við þessa umr., skuli bera þetta fram, og vil ég ekki meina þeim orðið, þó þeir séu andstæðir minni skoðun, og segi því nei.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 880 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

nei: SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JS, ÓTh, PHalld, PO.

Þrír þm. (ÁÁ, HannJ, JónP) fjarstaddir.

2.—8. gr. samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.
nei: GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JS, PO, SK, TT, EE.
ÓTh,[1]) PHalld greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (HannJ, JónP, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 927 felld með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE.
nei: EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (ÁÁ, HannJ, JónP) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

10.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
nei: JJós, JÓl, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM.
Þrír þm. (JónP, ÁÁ, HannJ) fjarstaddir.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigða synjað með 11:17 atkv.

Á 107. fundi í Nd., 23. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 782, 880).

Magnús Torfason [óyfirl.]: Ég hafði ætlað að gera stutta grein fyrir atkv. mínu við 2. umr. þessa máls, en komst þá eigi að fyrir ös. Nú er þetta síðasta umr. málsins, og þykir mér því rétt að segja nokkur orð.

Þetta frv. hefir tekið allmiklum stakkaskiptum frá því er það kom upphaflega frá hæstv. stj., og get ég ekki neitað, að eins og frv. er nú er það að ýmsu leyti myndarlegra heldur en það var þá. En það er líka færzt meira í fang og sennilegt er, að þessi l. verði til talsverðra útgjalda fyrir ríkissjóð, a. m. k. fyrst í stað. Ég hefði nú eiginlega haldið, að þessu frv. lægi ekki nein ósköp á. Þetta er nýmæli, sem hefir í för með sér mjög gagngerða breyt. á þeim hlutum, sem hér er um að ræða, og mér hefði satt að segja fundizt mega taka sér góðan umhugsunartíma og undirbúa málið vel, því það væri óneitanlega skemmtilegra, að þetta gæti farið vel af stað.

Ég geri nú ekki mikið úr sumum þeim andmælum, sem komið hafa fram gegn þessu frv. og meðfram stafa af því, að sá, sem bezt og rækilegast hefir um málið talað, er kunnugur hér í Reykjavík, en ekki úti til sveita. Ég veit ekki betur en að í sveitum sé það siður, að kennararnir sjái um útvegun skólabóka, annaðhvort á þann hátt, að þeir geri næsta bóksala aðvart um, hvað mikils þarf við af hverri bók, eða þá að þeir panti sjálfir bækurnar og miðli þeim út á meðal barnanna. Ég get því ekki hugsað mér, að það yrði neitt óhóf við útþýtingu bókanna fremur hér eftir en hingað til, þó kennurunum sé ætlað að hafa hana með höndum. Ég get ekki heldur hugsað mér, að mikið þurfi að kvíða því, að illa verði farið með bækurnar, þótt þær fáist gefins, enda er til ósköp einfalt ráð við því. Það mætti taka upp þá reglu að leggja áherzlu á það, þegar gefnar eru einkunnir fyrir hegðun barnanna, hvernig þau fara með bækurnar, og það væri rétt þegar af þeim sökum, að það er talsvert uppeldisatriði í því fólgið að kenna börnunum að fara vel með bækurnar sínar; við það venjast þau á nýtni og þrifnað.

En það er eitt í þessu máli, sem ég hefi ekki orðið var við, að hafi komið hér fram í umr. Ég verð að vísu að játa, að ég hefi ekki heyrt allar umr., en ég hlustaði á allmiklar umr. um þetta mál á þingi í fyrravetur og varð ekki var við, að sú hlið málsins væri tekin til athugunar. Ég á við það atriði, hvort sú missa, sem bóksalarnir verða fyrir, er aðeins missa þægilegs kaupmannságóða, eða hvort hér er eitthvað meira í húfi. Ég minnist á þetta vegna þess, að mér er kunnugt um það, að í öðru landi, þar sem talsvert var talað um að skipuleggja útgáfu og dreifingu námsbóka og taka hana af forlögum og bóksölum, var þetta atriði alls ekki talið þýðingarlaust, því námsbækurnar styddu menninguna í landinu að því leyti, að bóksalar, og einkum þó bókaforlög, launuðu rithöfunda og gæfu út listaverk og vísindarit, sem ekki borguðu sig peningalega, sér til frægðar, og notuðu til þess það fé, sem þeir m. a. fengju fyrir útgáfu og sölu kennslubókanna. Við vitum t. d. að Gyldendal-forlagið hefir marga rithöfunda á sínum snærum, sem það launar rétt eins og hverja aðra starfsmenn og sér þeim fyrir öllum þörfum þeirra. Hvort eitthvað líkt er ástatt hér, er mér ekki kunnugt um. En ef svo væri, að bókaforlög hér á landi hefðu styrkt höfunda þeim til framdráttar, og ef þau gæfu út góð ritverk, jafnvel þó þau töpuðu á því, þá er ekki því að neita, að það væri atriði, sem vel mætti koma til athugunar.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði um þetta frv., að það væri ekkert listaverk, og það er alveg víst, að það er ekki neitt laga-listaverk. Ég er ekki að tala um frv. eins og það kom upphaflega fram af hálfu hæstv. stj., en það hafa fleiri kokkar komið hér að og frv. öllu verið gerbreytt; og við það hafa að mínu viti komið þeir ljóðir á frv., sem jafnvel gera það að verkum, að það er spursmál um það, hvort mögulegt er að samþ. það eins og það liggur nú fyrir. A. m. k. þarf góðan vilja til þess, og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef frv. verður samþ. eins og það er nú, þá mun þurfa annaðhvort að rétta það með bráðabirgðalögum, eða þá a. m. k. að breyta því þegar í stað á næsta þingi. Ég get t. d. bent á ákvæði 7. gr., þar sem sagt er, að ríkissjóður eigi að annast innheimtu nefskattsins hjá foreldrum. Þetta er dálítið undarleg fígúra, sem ég hefi ekki séð fyrr í l. Ég veit ekki almennilega, hvað meint er með þessu. Það eru vitaskuld dæmi til þess, að sjóðir hafa verið sendir út til þess að leita að peningum. Við vitum

1) **ÓTh:** Þar sem ég hefi óskað, að hver grein fyrir sig væri borin upp, en hæstv. forseti hefir ákveðið að bera þær allar upp í einu og setur mig þannig í vanda, greiði ég ekki atkv.

dæmi til þess, að þegar sjóður einn tapaði tveimur milljónum á einum sinna viðskiptavina, þá voru sendar aðrar tvær milljónir til að leita að þeim tveimur milljónum. Hitt er annað mál, hvort þær heimtast nokkurntíma aftur. En ég býst nú ekki við, að þetta sé meiningin. Og þá liggur næst að halda, þar sem ríkissjóður er í vörzlum ríkisféhirðis, að það sé einmitt ríkisféhirðir, sem á að sjá um þessa innheimtu. Eins og við vitum, þá er nú ríkisféhirðir í kjól, og við vitum líka, að sum verzlunarfyrirtæki hér í bænum láta kvenfólk vinna fyrir sig ýms störf, og gengur vel. Ég get vel trúað, að innheimtan gengi vel, ef ríkisféhirðir færi sjálfur á stað í kjól frá Printemps í París og parfúmeruð í Coty parfúmi til þess að sækja þetta fé; ég býst bara við, að honum yrði vel ágengt. Hitt er annað mál ef ríkissjóðurinn stæði opinn á meðan, hvort þá mundi ekki eitthvað fara úr honum meðan á þessu stæði.

En svo ég sleppi nú þessu gamni, þá er það að segja, að þetta orðalag á alls ekki við, og hinsvegar vantar í gr. reglur um, hvernig á að innheimta þetta gjald. Það er því undarlegra, þar sem í 8. gr. eru settar reglur um, hvernig útbýta á bókunum. Ég hélt satt að segja, að ekki væri minni ástæða til að setja reglur um innheimtu gjaldsins heldur en um útbýtingu bókanna. Við höfum líka ákvæði um innheimtu í l. um annan nefskatt, sem þetta þing er búið að samþ., nefnilega ellitryggingagjaldið. Í þeim l. er 3. gr. um innheimtu, og auk þess er heimilað að setja um hana nánari reglur. Þessu atriði hefir algerlega verið sleppt hér, og því þarf að kippa í lag. Hæstv. ráðh., sem þetta heyrir undir, mun að sjálfsögðu upplýsa, hvernig hann hugsar sér þetta. Ég hefði búizt við, að það yrðu lögreglustjórarnir, sem ættu að innheimta þetta gjald.

Þá skal ég geta þess, að síðast í 7. gr. er sagt, að námsbókasjóðurinn eigi að vera í vörzlum fjmrh. Þetta er líka annað orðalag heldur en venja er til. Ég hefði a. m. k. ekki hugsað mér, að það kæmi til mála, að sjóðurinn ætti að liggja inni í skáp hjá fjmrh. Ég hefði búizt við, að þar sem Landsbankinn er ríkisstofnun með ábyrgð ríkisins, þá væri óhætt að trúa honum fyrir að geyma þetta fé og hafa einhverja vexti af því. Hinsvegar býst ég ekki við, að þetta ákvæði sérstaklega sé þannig vaxið, að það mætti ekki bíða að færa það í réttara horf, því ég geri ekki ráð fyrir, að það safnist mikið í þennan sjóð á næstu árum.

Það var þetta, sem ég vildi sagt hafa um frv. eins og það liggur nú fyrir; ég vildi ekki, að það færi svo frá þessari hv. d., að ekki kæmi fram, hvernig ég lít á sum atriði þess, enda þótt ég verði að viðurkenna, að aðaltilgangur frv. er að mörgu leyti merkilegur, og telji engan vafa á því, að fyrr eða síðar komist það lag á, sem hér er gert ráð fyrir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Í sambandi við ummæli síðasta ræðumanns vil ég taka fram, að því er snertir innheimtu námsbókagjaldsins, að svo er ákveðið í 7. gr. frv., að það skuli innheimt á sama tíma og tekju- og eignarskattur. Það eru að vísu ekki ákveðin nein innheimtulaun, og það atriði mætti taka til athugunar fyrir næsta þing, ef einhver ákvæði eru í frv., sem þá þætti ástæða til að endurskoða.

Ég get ekki verið hv. 2. landsk. alveg sammála um það, að þetta mál sé illa undirbúið eða lítið athugað. Það hefir verið rætt og athugað á undanförnum þingum, að vísu í dálítið annari mynd heldur en það er í nú, en það er einmitt í sambandi við þá athugun, að málið hefir færzt inn á þessa braut, sem nú er á lítin heppilegust. Ég er sammála hv. þm. um það, að sjálfsagt sé að gera það, sem unnt er, til þess að börnin fari vel með bækurnar, og er hægt samkv. 8. gr. að setja ákvæði í reglugerð í þá átt.

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 2. landsk. getur fallizt á meginatriði í frv., þrátt fyrir þær aths., sem hann gerir við einstök atriði þess. Ég mun að sjálfsögðu fús að endurskoða l. hvenær sem tilefni gefst til, en ég legg nokkra áherzlu á, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, því verði það ekki, er útilokað með öllu, að hægt sé að byrja þá starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir, í tæka tíð fyrir næsta haust.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég skal ekki tala langt mál um þetta frv. að þessu sinni. Ég fann aðeins ástæðu til þess eftir þær ræður, sem fluttar hafa verið hér nú, að slá því enn einu sinni föstu, að höfuðtilgangur þessa máls er bersýnilega allt annar heldur en gefið er upp. Ég kom að því í ræðu minni við 2. umr., og má öllum ljóst vera, að svo hlýtur að vera. Það er nú þannig fyrir mælt um útvegun námsbóka fyrir börn á skólaskyldualdri, að öllum, sem ekki hafa efni á að greiða verð fyrir bækurnar, skuli lagðar þær til ókeypis af opinberu fé. Þetta er því ekkert nýtt í þessu frv. Þetta er falskt yfirskin, og ekkert annað. Höfuðtilgangurinn er að koma á einokun á samningu námsbóka; það verða menn að gera sér ljóst; einokun á fræðslu barna frá hinu fyrsta til hins síðasta. Það er þessi tilgangur frv., sem við sjálfstæðismenn erum algerlega andvígir, meðfram vegna þess, að auk þess sem við vitum, að að þessu er keppt til þess að hafa áhrif á hugsunarhátt unglinganna frá því fyrsta, er þeir fara að hafa skilning á viðfangsefnum lífsins, þá miðar þetta líka að því að gera barnafræðsluna ófullkomnari, með því að útiloka e. t. v. beztu kraftana frá því að semja kennslubækur. Því það getur farið svo, þó það þurfi ekki að vera, að þegar fárra manna stjórn er einvöld um það, hverjum er falið að semja kennslubækurnar, þá verði þeim, sem bezt eru fallnir til þess að semja slíkar bækur, bægt þar frá. Höfuðtilgangur frv. er því algerlega fordæmanlegur. Auk þess sem afleiðingarnar af framkvæmd málsins geta orðið hinar allra háskalegustu, þá eru yfirskinsástæðurnar, sem færðar eru fyrir því að berja málið áfram, ekkert annað en fals og blekkingar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 880 felld með 14:8 atkv.

Þá var gengið til atkv. um frv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SE, JörB.

nei: MT.

SK, TT, EE, GÞ, JakM, JJós, JÓl, ÓTh, PHalld greiddu ekki atkv.

Níu þm. (ÁÁ, FJ, GSv, GÍ, HannJ, JónP, JS, PO, SigfJ) fjarstaddir.

Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti frv. fallið.

2. Námskeið fyrir atvinnulausa unglinga.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupstöðum (þmfrv., A. 31).

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Ég mun ekki að þessu sinni halda langa ræðu. Í grg., sem fylgir frv., hefi ég gert grein fyrir ástæðum þeim, sem eru þess valdandi, að frv. er flutt. Því er ætlað að bæta úr vandræðum, sem af því stafa, að fjöldi unglinga í bæjum hefir engan starfa eða heppileg viðfangsefni, sem dregið geta þá frá athöfnum, sem eru miður hollar.

Annars er frv. svo einfalt, að það skýrir sig sjálft. Ég hefi leitazt við að stilla svo í hóf kröfunum á hendur því opinbera, að menn geti ekki af þeim ástæðum verið á móti frv. Ég skal geta þess, að þessar 8 kr., sem ætlazt er til, að greiddar séu úr ríkissjóði fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, eru nægilegar til að greiða kennslulaunin, og betur þó. Að öðru leyti er ætlazt til þess, að kostnaðurinn greiðist af bæjar- eða hreppsfélögum.

Ég vil svo mælast til þess, að frv. verði, án þess að ég fari um það frekari orðum, vísað til menntmn. og að það fái að ganga hindrunarlítið í gegnum þessa hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 156, 168 og 179).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson): Eins og segir í nál., sem við höfum undirritað og er á þskj. 179, hafði menntmn. þetta mál til meðferðar og gat ekki orðið á eitt sátt um það. Við vorum samt þrír í n., sem álitum, að samþ. bæri frv., en þó með nokkurri breyt., sáralítilli efnislega, en við hugsum fyrirkomulagið nokkuð á annan veg en gert er í frv.

Breyt. er í stuttu máli á þá leið, að það skuli vera gagnfræðaskólanefndir í kaupstöðum og bæjum, sem námskeiðin hafa með höndum, í stað þess, að upprunalega var gert ráð fyrir, að það væru skólan. barnaskólanna. Í samræmi við það, að þetta er talið í verkahring skólanna, virtist okkur meirihl.mönnum auðsætt að fela það gagnfræðaskólunum. Af þessari breyt. leiðir svo nokkrar af þeim, sem skráðar eru á þskj. 179.

En önnur breyt., sem farið er fram á, er sú, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að heimilt sé að hefja slík námskeið hvar sem atvinnulausir unglingar gæfu sig fram, en skylt, ef þeir væru 25, sé gert að skilyrði, að það þurfi samþykki kennslumálastj. um fleiri námskeið en þrjú í Reykjavík og eitt í öðrum bæjum.

Með því að ganga inn á þessa breyt. er málið komið á það tilraunastig, sem mjög er takmarkað, þannig að fjárhagsleg áhætta, sem ella hefði kunnað að vera fyrir hið opinbera og einstaka bæi, má heita alveg horfin úr sögunni. Hinsvegar er þessi tilraun samkv. till. nægilega víðtæk, svo að engin ástæða er til að telja málinu eytt, þótt að þessari breyt. sé horfið. Tilraunin verður nægilega víðtæk til að sýna fram á, hvort ekki sé fullkomin þörf að sinna þessari hlið uppeldismálanna í bæjunum, en það er mér aðalatriðið, að hafizt verði handa um þetta, og það sem allra fyrst.

Við meiri hl. í menntmn. leggjum því til, að frv. verði samþ.

Ennfremur er breyt. á fyrirsögn frv. í samræmi við eðli málsins, nefnilega að orðin „bæjum og kaupstöðum" falli burt, og heiti aðeins frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga.

Frsm. 1. minni hl. (Bjarni Bjarnason): Ég vildi aðeins geta þess, að ég er ekki á nokkurn hátt mótfallinn því, að sem allra flestir njóti skólamenntunar. En ef um það væri að ræða, að allir unglingar á aldrinum til dæmis 14—24 ára sæki skóla — því að miklu færri fara í skóla eftir 24 ára aldur —, þá er það vitanlega nýtt mál. Og þó að hér sé talað um skóla fyrir atvinnuleysingja, þá er sannarlega ekki minni þörf á að hugsa fyrir öðrum efnalitlum unglingum, þótt þeir að nafninu til séu ekki alveg atvinnulausir þá tíma ársins, sem helzt er hægt að sækja skóla.

Þá er mér ennfremur ljóst, að þótt hugsað sé til að halda skóla í kauptúni eða kaupstað fyrir atvinnulitla eða atvinnulausa unglinga, þá verður það fjöldinn allur af þeim einstaklingum, sem ekki munu sækja þessa skóla eða námskeið stöðugt, nema fast sé um hnúta búið, bæði hvað snertir húsnæði og daglegan tíma og námsgreinar, sem á að nema. Ég þekki vel, að ef ekki eru fastar skorður í þessu sambandi, verður allt svo losaralegt, að ég legg ekki mikið upp úr slíkri skólastarfsemi.

Hinsvegar, ef efni væru til, þá skyldi ég vera fús til að styðja að því, að fleiri skólahús yrðu byggð og rækilegt skólahald fyrir allan fjölda unglinga á þessu aldursskeiði. En ef bærinn sjá alveg sérstaka ástæðu til að halda námskeið og stutta skóla fyrir atvinnulausa unglinga innan sinna vébanda, þá finnst mér sjálfsagt, að bærinn sjái fyrir því sjálfir.

Þeir, sem í sveitum búa, eiga við það að stríða, að þegar fólkið er komið til nokkurs þroska og

orðið vinnufært, leiti það burt til þess að afla sér lífsframdráttar í bæjunum. Og það er alveg nógur skattur á sveitirnar, þótt ekki sé þá tryggt, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að sjá öllu því fólki fyrir skólum, sem þó ekki treystir sér til að sækja þá skóla, sem með l. eru þegar styrktir af ríkinu.

Þá er líka um meiri kostnað að ræða en hér er gert ráð fyrir, og það er vegna húsnæðisins. Það er viðurkennt, að allir skólar eru yfirfullir. Og þó að gert sé ráð fyrir l. um fleiri skólabyggingar, þá er eftir að koma þeim upp. Og nú hvíla gagnfræðaskólarnir á öðrum skólum hvað húsnæði snertir. Ef þetta mál, eins og það er í pottinn búið, ætti að ná að verða að nokkru verulegu gagni, þá er fyrirsjáanlegt stórkostlegt húsnæðisleysi. Og ég er algerlega mótfallinn því, að þeir skólar, sem fyrir eru og ætlaðir eru nú þegar ákveðnu starfi, séu notaðir alveg takmarkalaust fyrir alla hugsanlega skóla aðra, sem mönnum dettur í hug að setja á stofn. Og ég vara við þeirri stefnu í kaupstöðum og bæjum, að hlaða svo á þær skólabyggingar, sem fyrir eru, að þar sé skólahald jafnvel fram á harða nótt, þannig að ekki sé hægt að viðhafa sjálfsagt hreinlæti. En ég geri ráð fyrir, að full nauðsyn sé á að gera miklu meiri kröfur um hreinlæti í skólum en almennt er nú gert í landinu, og er þá því fjarstæðara að yfirfylla skólahúsin ennþá meir með nýjum skólum og námskeiðum. Þetta er þó hugsað á þann hátt, að skólarnir, sem fyrir eru, taki inn fyrir sína veggi þá nemendur, sem falla til á þennan hátt. Út af þessu vil ég taka það fram, að ég er því andvígur, að skólahúsin séu yfirfyllt svo, að ekki sé hægt að viðhafa þar nauðsynlegt hreinlæti. Annars tel ég líka, að bæirnir eigi að kosta slíka kennslu sem þessa, en sé gengið inn á þá braut, að veita kaupstöðunum ríkisstyrk til þessara hluta, þá tel ég, að sveitirnar eigi heimtingu á, að þeim sé veittur hliðstæður styrkur. Ég veit ofur vel, að það er full þörf á að bjarga unglingunum frá götunni, sem kallað er, en jafnlosaraleg skólahugmynd sem þessi mun vart megnug þess. Það þarf áreiðanlega meira til þess að halda fólki frá sollinum en að það megi stinga höfðinu inn í skóla svolitinn tíma, ef það vill. Að öðru leyti hefi ég gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls í nál. mínu á þskj. 156, og læt þessi orð því nægja.

Frsm. 2. minni hl. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Ég ætla aðeins með nokkrum orðum að gera dálitið fyllri grein fyrir afstöðu minni til þessa máls en ég hefi gert á þskj. 168. Tilefni frv. þessa mun vera það, að í fyrra haust tóku sig saman nokkrir borgarar, með aðstoð bæjarstj. og skólanefnda barnaskólanna, og komu upp námskeiði fyrir atvinnulausa unglinga. Þetta mun hafa gengið sæmilega, og má vera, að ástæða sé til að gera eitthvað í þessa átt framvegis. En þrátt fyrir það tel ég þessa tilraun ekki réttlæta það, að þetta sé beinlínis lögskipað nú og ríkissjóði og bæjarsjóði bökuð töluverð útgjöld vegna þessara hluta. Hér í Reykjavík hafa verið gerðar ýmsar tilraunir í svipaða átt og þessa, og það með misjöfnum árangri. Sú nýbreytni var t. d. tekin upp síðastl. haust, að þeim unglingum, sem útskrifuðust úr barnaskólum bæjarins í fyrra og sérstaklega þóttu laklega að sér t. d. í móðurmálinu og reikningi, var gefinn kostur á að sækja námskeið í þessum fögum við barnaskólana í vetur. Árangurinn var sá, að ekki sóttu þetta námskeið nema 10—12 börn í hvorum skóla, af 150—160 börnum. Þegar svo kom fram undir nýárið, hafði þeim fækkað svo, að ekki þótti fært að hafa námskeiðin í tvennu lagi, og voru því sameinuð í eitt, og nú mun svo komið, að ekki eru eftir fleiri en 5 eða 6 unglingar, sem halda út með þetta nám. Ég gæti trúað, að það yrði fólk á svipuðu reki og unglingar þessir, sem koma til að njóta kennslu þeirrar, sem frv. gerir ráð fyrir. Býst ég því alveg eins við, að þó að tilraun þessi yrði gerð, þá myndi hún ekki gefa betri raun en tilraunir þær, sem gerðar hafa verið í svipaða átt. Af þeim ástæðum, sem ég nú hefi tekið fram, get ég ekki fylgt því, að sett verði lög um þetta efni nú, enda má gera tilraun með öðru móti, og vil ég í því sambandi benda á, að í 2. gr. frv. á þskj. 155, um breyt. á l. um gagnfræðaskóla, er það tekið fram, að veita megi styrk úr ríkissjóði til námskeiða, sem standi eigi skemur en 3 mánuði með einnar stundar kennslu á dag. Hér virðist vera átt við svipuð námskeið og frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir. Verði því frv. um breyt. á l. um gagnfræðaskóla að lögum, þá er alveg séð fyrir því, sem frv. á þskj. 31 fer fram á að verði lögfest. Það verður því að teljast alveg óþarft að setja sérstök lög um þetta efni, a. m. k. þangað til fengin er reynsla fyrir því, að ákvæði það, sem felst í 2. gr. nefnds frv. á þskj. 155, geti ekki fullnægt þessu, ef að lögum verður. Þá er það og athugandi í þessu sambandi, að t. d. hér í Rvík er ekkert húsnæði til fyrir slík námskeið sem þessi. Frv. þetta var sent skólanefndum barnaskólanna hér í Rvík til umsagnar, og þær skýra svo frá, að ekki sé mögulegt að koma slíkri kennslu á við barnaskólana, sakir húsnæðisleysis. Hvað snertir húsnæði það, sem gagnfræðaskólarnir hafa, þá er það mjög ófullnægjandi, og býst ég því alls ekki við, að þeir geti bætt neinu á sig. Ef Alþingi vildi gera eitthvað frekar í þessu, svo samtök góðra manna þyrftu t. d. ekki að leggjast niður, þá gæti ég fellt mig einna bezt við það, að stj. væru gefin heimildarlög til þess að styrkja samtök einstakra manna eða félaga í þessu efni. En að setja nú þegar sérstök lög um þetta, eins og sakir standa nú, tel ég með öllu óþarft. Annars held ég, að frv. sé flutt meira til þess að láta bera á sér og umhyggju sinni fyrir ungu fólki en sannfæringu um það, að hér sé um nauðsynjamál að ræða. Þegar líka þess er ennfremur gætt, að víða hagar svo til, að það er beinlínis ekki hægt að fullnægja ákvæðum frv. að því er kennsluna snertir, þar sem talað er um kennslu í leikfimi, söng, smíðum, hannyrðum og saumaskap. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar að þessu sinni. Eins og ég hefi tekið fram, er ég hlynntur því, að stj. verði veitt heimild til þess að styðja samtök góðra manna, en beinna lagafyrirmæla tel ég að svo stöddu ekki þörf.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Einarsson): Þeir hafa nú talað meðnm. minir úr menntmn., sem andvígir eru frv. þessu. Um ræðu hv. 2. þm. Árn. þarf ég fátt eitt að segja, en það tel ég með öllu ótækt og ná engri átt, að setja ráðstafanir þær, sem hér er farið fram á að gerðar verði, í samband við flótta fólksins úr sveitunum til kaupstaðanna. Þessi gömlu klögumál sveitafulltrúanna geta með engu móti átt rétt á sér hér í þessu sambandi, því að þau koma ekki þessu við. Það er alveg óþarfi að gera mikið úr kostnaðarhliðinni; hún getur tæplega orðið mjög tilfinnanleg, þar sem aðeins er um að ræða 1 námskeið í bæjunum utan Rvíkur, og í hæsta lagi 3 hér í Rvík. Vilji fólkið svo ekki sækja námskeið þessi, þá verður kostnaðurinn vitanlega minni. Nei, um það verður ekki með rökum deilt, að þörfin fyrir slík námskeið sem þessi er ótvíræð, enda þótt aðstaðan til verulegra umbóta sé sumstaðar nokkuð erfið.

Ég verð nú að segja, að mér finnst það dálítið einkennilegt, að fyrir þinginu liggur frv. um að koma upp fangelsum með ærnum kostnaði, einmitt á þeim sömu stöðum og gert er ráð fyrir, að námskeið þessi geti komið til mála. Mér finnst þetta vera að byrja á öfugum enda, ef meiri áherzla er lögð á fangelsin en menntun fólksins. En vera má, að sumir telji fangelsin nauðsynlegri en skóla fyrir atvinnulausa unglinga. Þeir um það.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að þetta væri losaraleg hugmynd. En þetta er bara ekki rétt hjá hv. þm. Hér er aðeins um það að ræða, að taka hóp ungra manna og kvenna, sem engin viðfangsefni hafa, og beina huga þeirra að ákveðnum viðfangsefnum.

Um ræðu hv. 5. þm. Reykv. þarf ég fátt eitt að segja. Ástæðan fyrir því, að frv. þetta er fram komið, er aðeins þörfin ein, hin knýjandi þörf, að bæta úr neyðarástandi. Það eru vitanlega engin rök gegn þessu máli, þó að tossanámskeið hafi verið illa sótt hér í bænum, því að vitanlega er slíkt fólk áhugaminnst allra, fyrir öllu andlegu námi a. m. k. En það dettur mér nfl. ekki í hug, að hv. 4. þm. Reykv. haldi því fram, að atvinnuleysið sé hlutskipti hinna verst gefnu. Dómur skólanefndar sker sannarlega ekkert úr í þessu máli. Hún, sem t. d. hefir lent í deilum við sérfræðinga út af gólfi á einum leikfimisal, hvort það væri nothæft eða ekki, og orðið sér til lítillar frægðar. Upp úr áliti hennar legg ég því ekki mikið. Hvort hún leggur á móti málinu eða ekki, skiptir engu, a. m. k. ekki fyrir þá, sem til þekkja. Ég ætla ekki að fara að gera þeim hv. 5. þm. Reykv. eða hv. 2. þm. Árn. upp neinar hvatir, eins og hv. 5. þm. Reykv. var með í minn garð. Slíkt tel ég ósæmilegt. Annars geri ég ekki ráð fyrir, að þessir hv. þm. vilji verða þessum ungmennum að meini, sem hér eiga mest undir, heldur muni hitt vera, að þeir komi ekki auga á möguleikann, sem í þessu frv. felst.

Frsm. 1. minni hl. (Bjarni Bjarnason): Ég vildi mega óska þess, að umr. um mál þetta beindust ekki inn á það svið, að þær færu mjög að koma við tilfinningar manna, svo sem það, að farið verði að gefa í skyn, að við, sem ekki getum gengið með frv., viljum spilla kjörum unglinga, svo fjölga þurfi fangahúsum. Til þess að slík kennsla, sem hér er átt við, geti komið að notum, þurfa hlutaðeigendur að hafa náin kynni við heimilin, því að það er alkunna, að skólarnir yfirleitt koma ekki að notum fyrir fólkið, nema að því liði að öðru leyti vel. Það þarf að sjá heimilisfeðrum þessara atvinnulausu unglinga fyrir vinnu, og í mörgum tilfellum að bæta húsakynni þeirra, því að klæðlitlir og hraktir unglingar hafa ekki gagn af skólanámi. Þeir geta ekki setið á skólabekkjum, svo að þeim verði það að gagni. Þegar búið verður að lagfæra þetta, þá má fara að tala um skólahald fyrir þetta fólk. En eins og ég hefi tekið fram, þá er það bæjanna að leysa þetta mál, og því ekki rétt að blanda ríkissjóði inn í það.

ATKVGR.

Brtt. 179,1.a—b samþ. með 17:1 atkv.

1. gr., svo breytt, felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÞorbÞ, BÁ, EmJ, FJ, GG, GTh, HV, JakM, JG, PÞ, SE.

nei: TT, BB, EystJ, GÞ, GÍ, HannJ, JÓl, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, PO, SigfJ, JörB.

BJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (SK, ÁÁ, GSv, JJós, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

3. Bæjargjöld á Akureyri.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um bæjargjöld á Akureyri (þmfrv., A. 100).

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Þetta frv. er svo að segja alveg eins og frv., sem flutt var á síðasta þingi, en náði ekki þá fram að ganga, þrátt fyrir það, þó að meiri hl. fjhn. væri því samþykkur. Frv. þetta er nú eins og á síðasta þingi flutt eftir beiðni bæjarstj. Akureyrar, vegna þess, að nú er svo komið, að bæjarstj. treystir sér ekki til þess að ná inn því fé til bæjarins þarfa, sem nauðsynlegt er, með útsvörum einum saman. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að útsvörin hafa nú hækkað þar um þriðjung á síðustu þremur árum, úr ca. 200 þús. kr. 1932 í ca. 300 þús. kr. í ár, og stafar þessi hækkun aðallega af auknum framfærslukostnaði. Samtímis þessari hækkun hefir gjaldgeta bæjarbúa stórlega minnkað, svo að nú eru ekki lengur nokkur ráð til þess að ná þessari upphæð af borgurunum með útsvörum einum saman, og verður því að taka til annara ráða, og þykir þá helzt reynandi að ná þessu fé inn að nokkru leyti með því að leggja gjald á verzlunarveltu bæjarins, á þann hátt, sem hér er lagt til. Þegar svo er komið, að bærinn getur ekki lengur aflað sér tekna eftir löglegum leiðum, þá er um það tvennt að velja að safna skuldum, eða að finna nýjar leiðir til

tekjuöflunar. Og nú vil ég spyrja hv. þm. þessarar d., hvora leiðina þeir vilja ráða Akureyrarbæ til að fara, að jafna árlegan rekstrarhalla með nýjum lánum, eða með því að afla nýrra tekna, — og vilja þeir þá hjálpa til þess að það verði hægt? En ef sú leið verður farin, þá kemur sú spurning, hvar eigi að taka þær tekjur. Bæjarstj. Akureyrar öll sem einn maður, framsóknarmenn og jafnaðarmenn eigi undanskildir, telur helzt fært að fara þá leið, sem lagt er til í frumv. því, sem hér liggur fyrir. Á Akureyri eru sérstaklega lág hafnargjöld, svo að þó þau yrðu hækkuð nokkuð, þá yrðu þau samt lág, miðað við flesta aðra kaupstaði á landinu. Sú leið, sem bæjarstj. hefir lagt til, að farin verði til þess að afla bænum nýrra tekna, er þá þessi, að hækka hafnargjöldin nokkuð. Þeir, sem neita bæjarstjórninni um þessa einu færu leið, án þess að færa fram nokkur rök fyrir neituninni, gera sig að dómurum yfir sér kunnugri mönnum, yfir bæjarstj. Akureyrar.

Ég hirði ekki að fjölyrða frekar um þetta frv. að þessu sinni, nema ný tilefni gefist til. Ég vil aðeins endurtaka það, að þörfin fyrir þessar nýju tekjur er ákaflega brýn. Ég leyfi mér að vænta þess, að frv. fái ekki verri viðtökur hjá hv. fjhn., sem ég óska, að því verði vísað til, heldur en frv. sama efnis fekk á síðasta þingi. Og að óreyndu vil ég ekki trúa því, að hv. þd. sjái sér fært að fella frv., sérstaklega þegar á það er litið, að ekki verður séð, að hæstv. ríkisstj. ætli neitt að gera í því að afla bæjar- og sveitarsjóðum aukinna tekjumöguleika, eins og þó var látið í veðri vaka á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 33., 34., 35. og 36. fundi í Nd., 20., 21., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 100, n. 141).

Guðbrandur Ísberg: Ég vil leyfa mér að þakka meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þar sem hann hefir lagt til, að frv. verði samþ. Að vísu hefir hv. meiri hl. borið fram tvær smábrtt. við frv., og er annað orðabreyt., en hitt er um það, að l. gildi til ársloka 1936, í staðinn fyrir til ársloka 1937.

Ég tók fram við 1. umr. helztu atriði þessa máls, en ég vil þó drepa á það, að ég minntist sérstaklega á, að frv. væri borið fram vegna eindreginna áskorana frá bæjarstj. Akureyrar, vegna þess að brýn nauðsyn er að afla bæjarfélaginu aukinna tekna, og vil ég í því sambandi geta þess, að útsvörin hafa hækkað á 2 árum um þriðjung, úr ca. 200 þús. kr. upp í ca. 300 þús. kr. Ég vil sérstaklega benda á, að bæjarstj. hefir athugað gaumgæfilega, hvaða leið sé heppilegast að fara til þess að afla aukinna tekna, og hefir hún einróma lagt til, að þessi leið væri farin, og vil ég undirstrika það, að fulltrúar jafnaðarmanna og framsóknarmanna í bæjarstj. hafa greitt atkv. með því, að þessi leið væri farin. Og það ræður af líkum, að menn, sem búsettir eru á Akureyri, eru kunnugri því, hvernig þessu máli horfir við, og eru færari til þess að ákveða, hvaða leið sé heppilegast að fara.

Það hefir sérstaklega verið á það bent og að því fundið, að frv. höggi nærri mönnum, sem ekki eru búsettir á Akureyri, en kaupa nauðsynjar sínar þar. Það er að vísu rétt, að á þá er lagt lítið gjald, en það er ekki svo mikið, að það nemi neinu, sem hægt er að telja, og það er vegna þess, að þessi gjöld eru lægri á Akureyri en nokkursstaðar annarsstaðar, vegna hinnar ágætu hafnar og þess, að hafnarmannvirkin hafa verið byggð smátt og smátt og aldrei stofnað til mikilla skulda vegna hafnarmannvirkjanna, er hefði áhrif á hafnargjöldin. Þetta atriði hefir verið athugað af fulltrúum Framsfl. í bæjarstj., og vil ég undirstrika það, að forstjóri stærsta samvinnufélagsins á Akureyri, en það er forstjóri kaupfélags Eyfirðinga, á sæti í bæjarstj. Hann hefir látið svo um mælt, að í sama stað komi niður, hvort þessi leið væri farin eða sú, að hækka útsvörin, því sú útsvarahækkun hlyti nær eingöngu að lenda á verzlunarfyrirtækjum bæjarins, og yrði í gegnum þau að leggjast á vöruna. Það skiptir því ekki öllu máli, hvor leiðin er farin, en þessi leið, sem lagt er til í þessu frv., að farin verði, mun vinsælli og gjaldið innheimtast jafnara og betur.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en ég vænti þess, að hv. þdm. athugi það, að um leið og þeir greiða atkv. á móti þessu frv. eru þeir að dæma flokksmenn sína í bæjarstj. Akureyrar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég get verið fáorður um þetta frv., því að það er gamall kunningi í þessari hv. d., og hafa komið hér til umr. tvö mál áður, sem eru í eðli sínu samskonar.

Ég hefi ekki séð mér fært í fjhn. að leggja til, að þetta frv. verði samþ., og gerði ég á síðasta þingi grein fyrir því í sambandi við frv. til l. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, að ég teldi ekki þessa tekjuöflunarleið heppilega eða réttláta, og að ég áliti það ranglátt að taka einstaka kaupstaði út úr í þessu efni. Ég hefi því lagzt á móti málinu, og læt ég nægja að skírskota til þeirra ummæla, sem ég hefi áður haft um það, og þeirra orða, sem ég lét fylgja frv. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Ennfremur skal ég geta þess, að í Ed. er á leiðinni frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, sem fer fram á, að gjald sé lagt á vörur, sem eru fluttar að og frá höfninni þar. Mér finnst eðlilegt, að eitt sé látið ganga yfir öll þessi mál um nýjar tekjuöflunarleiðir, því meginatriðið er eitt og hið sama í öllum þessum frv. Ég skal fúslega játa, að hafnargjöld á Akureyri eru flestum hafnargjöldum lægri. Mér hefir jafnvel skilizt á hv. þm. Ak., að önnur leið væri möguleg til tekjuöflunar, og vænti ég, að hún geti komið til mála, þó að þetta frv. nái ekki fram að ganga.

Ég legg því til sem minni hl. fjhn., að þetta frv. verði fellt.

Hannes Jónsson: Það er nokkur skoðanamunur milli mín og hv. 1. landsk. Hann byggir skoð-

un sína á því, að það sé óréttmætt að afla bæjarfélaginu tekna með slíku gjaldi. Ég vil nú ekki leggja neinn dóm á það. Ég gæti verið tilleiðanlegur til þess að ganga inn á þá braut, ef eins væri ástatt og er með Vestmannaeyjar, að eingöngu væri miðað við innanbæjarmenn, en ekki lagt gjald á utanbæjarmenn eins og gert er með frv. um bæjargjöld á Akureyri og Ísafirði.

Ég vil spyrja hv. 2. þm. Skagf., sem ég sá, að greiddi atkv. með frv. um bæjargjöld á Ísafirði, hvað hann myndi segja, ef farið væri fram á hið sama fyrir Sauðárkrók. Ég sé ekki annað en Sauðárkrókur hafi sama rétt til þess að afla tekna á þennan hátt eins og t. d. Ísafjörður. Ég hygg, að ýmsum í Skagafirði, sem sækja þangað nauðsynjar sínar, myndi þykja nærri sér höggið, ef þeir væru þannig látnir borga til Sauðárkrókshrepps. Svona mætti halda áfram að telja upp fleiri hreppsfélög, sem gætu krafizt hins sama réttar.

Það er sá mikli munur með þessi bæjarfélög, sem hér er um að ræða, og Vestmannaeyjar, að þar er gjaldið ekki lagt á aðra en kaupstaðarbúa, og hið sama má segja um Siglufjörð. Þarna ber að greina milli þess tvenns, hvort gjaldið lendir eingöngu á bæjarmönnum, en ef gjaldið er líka lagt á utanbæjarmenn, þá tel ég, að það sé óréttmætt, því þá kemur það fram á öðrum aðila en þeim, sem það er ætlað að koma fram á. Ég er því á móti þeirri stefnu, sem kemur fram í frv. um bæjargjöld á Akureyri og Ísafirði.

Sigfús Jónsson: Það var aðeins út af þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. V.-Húnv. beindi til mín. Ég greiddi atkv. með frv. um bæjargjöld á Ísafirði, vegna þess að ég álít, að kaupstaðirnir verði að afla sér aukinna tekna, og ef þeir fá ekki að gera það á þennan hátt, þá gera þeir það með hækkaðri niðurjöfnun. Ég sé engan mun á því, hvort verzlanirnar borga 500 kr. hærra útsvar, eða þær borga 500 kr. á þennan hátt. Ef þær gera það ekki á þennan hátt, þá verða útsvörin bara að vera þess hærri. Þessi tekjuauki þarf einhvernveginn að nást, hvort sem það er með þessum hætti eða öðrum.

Hannes Jónsson: Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að það sé sama, hvort þetta gjald er lagt á eins og frv. fer fram á, eða að það komi fram í hækkuðu útsvari. Ef gjaldið er lagt á sem hækkað útsvar, þá kemur það ekki eingöngu niður á verzlununum, heldur er því skipt niður á alla gjaldendur í bænum, nema ef svo skyldi vera, að verzlanirnar bæru öll útsvörin, en það mun hvorki vera svo á Akureyri eða annarsstaðar. Þarna er sá stóri munur, og er hann skýrður með því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, þó að hann hafi flaskað á skýringunni. Munurinn er sá, að útsvörin koma ekki eingöngu niður á verzlununum, heldur dreifast þau á alla og verða því léttbærari á verzlununum en annars.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil leyfa mér, út af orðum hv. síðasta ræðumanns, að benda á, að svo er ástatt á Akureyri, að þar er búið að leggja svo mikil útsvör á sem bæjarstj. treystir sér til. Það hefir gengið svo til þar, að útgerðin, sem bar mikið af útsvörunum uppi, hefir gengið mjög saman á síðari árum, og hefir þá orðið að taka þann kost að dreifa útsvörunum á hina minni gjaldendur, og hefir verið lagt á þá eins mikið og þeir geta borið. Þegar svo er komið, að bæjarstj. lítur svo á, að meiru verði ekki jafnað niður, þá eru tvær leiðir fyrir höndum, og er hin fyrri sú, að auka útsvör á verzlunarveltunni til mikilla muna, en hin síðari sú, að fara þessa leið, sem hér er lagt til að farin verði. Það er því alveg rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að það kemur í sama stað niður, hvor leiðin er farin, en bæjarstj. á Akureyri hefir kosið, að þessi leið væri farin, af ástæðum, sem hv. þm. V.-Húnv. ætti að geta skilið sem reyndur „forretningsmaður".

Sigfús Jónsson: Ég vil aðeins upplýsa það, að meginhluti útsvaranna á Sauðárkróki hvílir á verzlununum.

Hannes Jónsson: Hv. þm. Ak. sagði, að það væri búið að leggja svo mikil útsvör á á Akureyri sem bæjarstj. þar teldi sér fært að leggja á. Á hverjum á þá að hækka útsvörin, ef þá leið yrði að fara til að afla aukinna tekna? Er þá ekki búið að leggja svo mikið á verzlanirnar, að á þeim megi ekki hækka útsvörin? Þó eiga þær einar að greiða þetta gjald, sem bæjarstj. álítur, að geti ekki greitt meira. Ég skil ekki, hvernig þær ættu að geta greitt þetta gjald frekar en aukið útsvar.

Ég gæti fallizt á, eins og ég hefi tekið fram áður, að þetta gjald væri eingöngu lagt á umsetninguna innan bæjarfélagsins sjálfs, en þegar farið er að skattleggja utanbæjarmenn, þá er skattstofninn færður út fyrir bæjarfélagið sjálft, og er það ekki rétt. Það er þetta, sem ég hefi verið að finna að, og hefir hv. þm. Ak. ekki gert tilraun til þess að réttlæta þessa aðferð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Aðstaða mín til þessa máls er kunn frá síðasta þingi, og hefir hún ekki breytzt síðan. Ég álít, að þetta frv. eigi að falla núna í þessari hv. d., eins og það féll á síðasta þingi, og er það af því, að ég tel alrangt að veita einstökum bæjum leyfi til þess að velta útsvörunum af mönnum, sem búsettir eru í bæjunum, yfir á menn, sem búa í öðrum sveitum og borga útsvar þar, en verða að verzla við bæina. Þetta er meginatriði þessa máls.

Því hefir verið haldið fram, að þetta kæmi aðallega niður á verzlunum og þess vegna væri sama, hvort það væri tekið svona eða með auknum útsvörum, t. d. útsvari lögðu á viðskiptaveltu. En það er allt annað. Með þessu er lagt gjald á alla, sem verzla við bæina. Ef það er lagt á sem umsetningargjald, þá er það tekið af vörunni og ekki lagt á í þeim hlutföllum, sem útsvörin eru borguð í. Ef það er lagt á sem útsvar, þá kemur það jafnt niður á alla.

Nú heldur hv. þm. Ak. því fram, að útsvörin á Akureyri séu svo há, að þau þoli ekki hækkun frá því, sem nú er. Þarna er atriði, sem bæjarstj. verður sjálf að dæma um. En ég held, að útsvörin séu ekki hærri þar en annarsstaðar.

Eftir því, sem ég veit bezt, þá er lagt á þann mann, sem hefir 25 þús. kr. skattskyldar tekjur, tæp 7 þús. kr., en svo fer álagningin ört hækkandi á tekjur, sem eru þar fyrir ofan. Þetta er ekki hátt á móts við það, sem útsvörin eru annarsstaðar, að Reykjavík undanskilinni. Það er þess vegna rangt, að gjaldendur í sveitarfélögum, sem verzla við kaupstaðinn, séu skyldaðir til þess að borga útsvar þar, en það er farið fram á það með þessu frv. Ég legg því til, að þetta frv. verði felt.

Guðbrandur Ísberg: Ég vil bara leyfa mér að benda þessum tveimur hv. þm., hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. N.-M., sem sérstaklega hafa beitt sér gegn þessu frv., á það, að í bæjarstj. Akureyrar á forstjóri kaupfélags Eyfirðinga sæti. Ég hygg, að hann hafi alveg eins mikinn skilning á því, hvað hentar héruðunum í kring og eins mikinn velvilja í þeirra garð eins og þessir tveir hv. þm., svo að ég ekki tali um þekkingu á því, hvernig þetta mál liggur fyrir. Og með allri virðingu fyrir hv. 2. þm. N.-M. og hans þekkingu á því, hvað líður útsvaraálagningu á Akureyri, sem hann kann að hafa nokkru meiri vegna sinnar aðstöðu sem ríkisskattanefndarmaður, þá leyfi ég mér að efast um, að hann hafi lesið það mál svo ofan í kjölinn, að hann sé fær um að gefa um það ábyggilegri skýrslur hér í d. en ég hefi gert í umboði bæjarstj. Akureyrar, þ. á m. í umboði bæjarfulltrúans kaupfélagsstjórans Vilhjálms Þórs, sem ég óhikað leyfa mér að halda fram, að sé dómbærari um þetta mál en báðir þessir hv. þm. til samans, sem nú eru að gera sig að dómurum yfir bæjarstj. Akureyrar og fetta fingur út í tillögur hennar af litlum skilningi og enn minni sanngirni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 141 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, MT, ÓTh, PHalld, SigfJ, SK, TT.

nei: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ[1]), EystJ, FJ, HannJ, HV, PZ, PÞ, SE, StJSt, JörB.

Fimm þm. (GG, GSv, JS, JG, PO) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

4. Eignarnám í Ennislandi.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnám á hluta af landi jarðarinnar Ennis í Engihlíðarhreppi (þmfrv., A. 576).

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég þarf ekki að vera margorður um þetta litla frv.; það er flutt út af öðru frv., sem afgr. var til Ed. í gær. Ég vil vænta þess, að þetta frv. verði einnig afgr. til n. a. m. k., til þess að sjá, hverju fram vindur um frv. það, er afgr. var til Ed. í gær. Því að ef það strandar í Ed., sem er ástæða til að ætla, þá er nauðsynlegt, að þetta mál nái fram að ganga, því að ég hygg, að það sé samróma álit allra þeirra, er að hinu frv. stóðu, að þau ákvæði, sem í þessu frv. felast, séu nauðsynleg, og sameining Blönduóskauptúns er frá sjónarmiði flm. hins frv. að miklu leyti byggð á því, að ná eignarheimild fyrir íbúa kauptúnsins norðan árinnar á þessu landi, sem hér um ræðir.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., hafa miklar tilraunir verið gerðar til þess að ná samkomulagi við eiganda jarðarinnar um að láta af hendi það land, sem hér um ræðir, og hefir honum verið boðið ríflegt verð fyrir það. En það hefir ennþá ekki tekizt að koma á samkomulagi milli hreppsins og eiganda jarðarinnar. En það getur vitanlega ekki átt sér stað, svo framarlega sem land það, er eignarnámi þarf að taka, er ekki nauðsynlegt fyrir jörðina, að því sé haldið í svo óeðlilega háu verði til hinna ýmsu manna, sem þurfa að hafa afnot af því, að varla sé kleift að taka landið á leigu með þeim skilyrðum, sem sett eru.

Með þessu frv. fylgir sem fskj. álit Búnaðarfél. Ísl. um nauðsyn þessa lands fyrir þennan kauptúnshluta, og get ég vísað til þess, sem þar er sagt.

Sem fskj. II. er líka erindi frá íbúum þessa kauptúnshluta, og lýsa þeir þar þörf sinni á þessu landi og óska eftir, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að tryggja þeim aðgang að þessu nauðsynlega landi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, en vænti þess, að málið fái afgreiðslu til n., svo að hægt verði, eftir því sem afgreiðsla verður á hinu málinu — sameiningarmálinu — í Ed. að afgr. þetta, ef hitt yrði fyrir einhverjum töfum í þinginu, sem ég vænti, að verði. Vil ég svo vænta þess, að n. verði reiðubúin til þess að skila þessu máli frá sér strax og séð verður um afdrif hins málsins, svo að trygging sé fyrir því, að þetta mál fái afgreiðslu í gegnum þingið. Ég sé ekkert á móti því, að þessu máli verði hraðað í gegnum Nd. og sent til Ed. Gæti það þá orðið úrslitaþátturinn um þá stefnu, sem taka á í þessu máli, hvernig Ed. lítur á þetta. Ég efast ekki um, að allir séu sammála um, að þetta atriði þarf að fá afgreiðslu á þessu þingi. Það verður ekki leyst á annan hátt, enda hafa svipuð mál verið leyst með lagasetningu. — Vil ég svo leggja til, að þessu máli verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr.

1) **EmJ:** Ég vil aðeins gera þá grein fyrir atkv. mínu, að mér er fyllilega kunnugt um, að bæði þessi kaupstaður og aðrir hafa mikla þörf fyrir aukna tekjustofna. Ég er einungis ekki samþykkur þessari aðferð til tekjuöflunar, sem hér er um að ræða, og segi því nei.

Jón Pálmason: Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. sjái, að þetta frv., sem hér liggur fyrir og lagt var fram fyrir þingið þegar allshn. var búin að afgr. hitt málið, að þetta er þýðingarlaust mál til þess að eyða í það nokkrum tíma, og til þess eins fram lagt að reyna, ef hægt væri, að spilla framgangi hins málsins, sem Nd. hefir nú þegar afgr. Mig undrar í sjálfu sér ekki, þó að hv. þm. V.-Húnv. komi með svona frv., eftir öll þau læti sem hann viðhafði gegn hinu frv., en hitt þykir mér furðu gegna, að hv. 7. landsk. og hv. þm. Mýr. skuli taka þátt í svona skrípaleik, því að það verður það að teljast. Ég skal ekki fara að ræða þetta mál neitt, því að efni þess þýðir ekki að ræða sérstaklega, en ég vænti þess, að hv. þm. verði sjálfum sér samkvæmir vegna þeirrar afgreiðslu, sem hitt málið fékk, og felli þetta frv. nú þegar við þessa umr., svo að frekari tafir þurfi ekki af því að leiða.

Flm. (Hannes Jónsson): Ég þarf ekki heldur að standa í löngum umr. um þetta við hv. þm. A.-Húnv. Ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að það er fyllsta öfugmæli í því, sem hann sagði í sinni ræðu, að hitt málið hefði fengið afgreiðslu í allshn., því að þangað fór það ekki, heldur til landbn. **(Raddir af þingbekkjum:** Það var afgr. í allshn.). *Ég skal þá viðurkenna, að ég hefi farið* með rangt mál, þegar mér er bent á það, en ég áleit, að það hefði farið til landbn., þar sem hv. þm. Ak. var frsm. að því. En það er þó a. m. k. öfugmæli hjá hv. þm., að þetta frv. sé fram komið til þess að spilla fyrir hinu málinu, því að það veit hv. þm., að ein aðalástæðan, sem færð var fram fyrir þessu máli í héraði, a. m. k. á þeim fundum, sem haldnir voru um það milli kauptúnshlutanna, var sú, að það væri svo nauðsynlegt að fá þetta land til ræktunar fyrir þorpsbúa norðan árinnar. Sú var ein ástæðan, sem notuð var til þess að vinna hug þeirra, sem búa norðan árinnar, til samvinnu, að þeir gætu ekki náð í þetta land með öðrum hætti en að sameina kauptúnið. Með sameiningunni væri gefin greið leið til þess að ná þessu landi, hvað sem eigandinn segði. En til þess að ekki þurfi að ganga þá krókaleið að sameina kauptúnshlutana, er þetta frv. fram komið. Ef svo skyldi fara, að hinu frv. hlekktist á í Ed., sem ég hefi fyllstu ástæðu til að ætla, þá er það a. m. k. ekki nein fórn fyrir stuðningsmenn þess máls, þó að þetta frv. fái afgreiðslu í þessari hv. d., og það er ekkert, sem þeir verða að taka aftur af því, sem þeir hafa áður sagt. Þeir hafa á engan hátt lagt stein í götu síns málstaðar, þó að þeir fylgi þessu máli. Þeir eru sjálfum sér samkvæmir í þessum þætti af röksemdafærslu sinni fyrir sameiningarmálinu, og hann er viðurkenndur af þeim, sem ekki hafa viljað fylgjast með sameiningu kauptúnshlutanna. Að þetta frv. er flutt hér á þingi, er því ekki annað en bein viðurkenning á því, að þessi þáttur í röksemdafærslu sameiningarmannanna hefir við rök að styðjast, en hinsvegar er það álit okkar, að það væri eðlilegra að leysa það spursmál á öðrum vettvangi heldur en með sameiningu þessara tveggja kauptúnshluta.

Ég vil því leggja áherzlu á, að fyrir stuðningsmenn sameiningarmálsins getur enginn afsláttur legið í því, þó að þetta mál verði afgr. til Ed. Úrslitavaldið er hjá Ed. um það, hvora leiðina eigi að fara, að sameina kauptúnshlutana eða tryggja íbúum kauptúnsins norðan árinnar sæmilegt land til ræktunar.

Jón Pálmason: Ég skal ekki tefja tímann með mörgum orðum. — Það er í sjálfu sér rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að það skiptir ekki miklu máli, hvort frv. fer til n. eða ekki. En það sýnir bezt, hvað hv. þm. V.-Húnv. hefir fylgzt vel með gangi hins málsins, sem hann nefndi, að hann hélt, að það hefði verið í landbn. og hv. þm. Ak. frsm. Auðvitað tók hann annað aftur, en ekki hitt.

En ég get ekki betur séð en að hv. d. gerði sig hlægilega með því að samþ. til n. svona frv., sem gengur í gagnstæða átt við það, sem hún er búin að samþ. með 25:5 atkv., að ég ætla, og það fyrir örfáum dögum. Ég sé ekki betur en að það liggi ljóst fyrir, ef hv. þd. vill vera sjálfri sér samkvæm, að frv. þetta beri að fella tafarlaust.

ATKVGR.
Frv. fellt frá 2. umr. með 14:5 atkv.

5. Hafnarlög Siglufjarðar.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 71).

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 273, 296, 315).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Það er orðið æðilangt síðan málið lá hér fyrir, og geri ég ráð fyrir, að mörgum okkar sé það orðið nokkuð fyrnt. En þegar við málið var skilið, hafði landbn. fjallað um það og lagt fram sínar till. Og það er skjótast frá að segja, að n. varð öll sammála um að leggja það til við d., að hún samþ. frv. með nokkrum breyt.

Breyt. sú, sem n. leggur til, að samþ. verði á 1. gr. frv., er mjög lítilfjörleg. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp gr., sem hljóðar svo: „Til hafnarbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr. árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.“ — N. hefir lagt til, að á eftir orð-

unum „næstu 4 ár“ bætist inn: þegar fé verður veitt til þess í fjárl.

Þá hefir n. öll lagt til, að 2. gr. frv. félli niður og greinatalan breytist skv. því. Það eru margar ástæður til þess, að rétt þykir að leggja til, að þessi gr. falli niður, en hún hljóðar svo: „Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir ríkissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.“ Gera má ráð fyrir, að Siglfirðingar verði ekki sérstaklega óánægðir með það, því n. hefir borizt svo hljóðandi skeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði: „Ef ríkisábyrgð er í hafnarlögunum og ætla má, að það verði hafnarlögunum að falli, þá sleppa ríkisábyrgð.“ M. ö. o., bæjarfógetinn á Siglufirði fellst á það, að gr. um ríkisábyrgð falli niður, ef það þykir líklegt, að sú gr. verði frv. að falli. Skv. þessu og líka af ýmsum öðrum ástæðum hefir n. lagt til, að gr. verði felld niður.

Þá hefir n. lagt til að gera lítilfjörlega breyt. við 6. gr. frv. Þar stendur svo, að hafnarnefndina skipi 3 menn, kosnir innan bæjarstj. á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstj., og 2 menn utan bæjarstj., annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Þetta, að hinir 2 menn, sem kosnir skulu utan bæjarstj., skuli vera úr hópi kaupmanna og sjómanna eða útgerðarmanna, leggjum við í n. til, að falli niður, því það byggist á gömlum ástæðum — sem nú eru úr sögunni —, þegar Siglufjörður var að mestu leyti skipaður mönnum úr þessum 2 stéttum.

Um 10. gr. frv. varð n. ekki sammála og kom sér saman um, að einstakir nm. skyldu hafa óbundnar hendur að gera breyt. við þá gr. — Í þessari gr. er nýmæli, sem Siglfirðingar telja mjög mikils virði. Svo er sem sé háttað á Siglufirði, að gjalda til kaupstaðarins er aðallega aflað með útsvarsálagningu á framleiðendur, en eins og öllum er kunnugt, er fjöldi þeirra aðkomumenn. Nú hafa útsvarslögin gert það að verkum, að þessar tekjur hafa mjög rýrnað. Eftir því, sem skýrsla endurskoðanda bæjarreikninganna hermir, þá er nær helmingur af allri framleiðslu á Siglufirði undanskilinn útsvarsskyldu, eða 13772 smál., að verðmæti 3118 þús. kr., eru útsvarsskyldar, en 13838 smál., að verðmæti 2919 þús. kr., eru ekki útsvarsskyldar. Þetta veldur því náttúrlega, að það er mjög erfitt fyrir kaupstað, sem þarf jafnmikið í kostnað að leggja sakir fjölmennis, einkanlega yfir vertíðina, að afla sér tekna, nema það yrði of þungbært fyrir þá menn, sem samkv. útsvarslögunum eru útsvarsskyldir. Þess vegna hefir bæjarstj. Siglufjarðar farið fram á, að hún mætti hækka vörugjaldið um 100%. Það er ekki hægt að hafa mikið á móti því, að þessi kaupstaður hækki vörugjald sitt, því þar hagar þannig til, að nær því allt, sem þangað kemur, er notað á staðnum. Hér er því öðru máli að gegna heldur en þegar farið er fram á að leggja hlíðstæð gjöld á vörur, sem koma til bæja, sem eiginlega eru hafnarbæir fyrir stór héruð, þannig að gjaldið leggst á fjölda manna utan bæjarins. En hér er ekki slíku til að dreifa, því svo að segja allt, sem til bæjarins flyzt, er notað þar á staðnum. — En svo mundi vörugjaldið koma niður á útfluttum vörum líka, og ég verð að segja, að þegar búið er að undanskilja þessa framleiðslu — sem aðkomumenn eiga — að mestu leyti útsvari, þá sé ekki ósanngjarnt, þó kaupstaðurinn fái einhver lítil gjöld af þeim í þessu formi. Og hér er farið fram á að mega innheimta vörugjaldið tvöfalt, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum. Um þetta segir svo í 10. gr. frv.: „Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100%, og jafnframt, að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni, enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkun“. Við þessa gr. eru komnar fram 2 brtt., og eru þær báðar frá mönnum í sjútvn. Frá hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf. er komin fram till. um það, að fella niður þennan kafla úr gr., m. ö. o. leyfa ekki Siglfirðingum neina hækkun á vörugjaldi. En við hv. þm. Vestm. höfum komið fram með brtt. um þetta sama efni, sem er á þskj. 296 og á þá leið, að í stað þess kafla 10. gr., sem ég hefi nú lesið upp, komi: Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% af síldarmjöli, síldarolíu og fiskmjöli, um 50% af öllum öðrum vörum. Gengur hækkun þessi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs.“ — Ég þykist vita það, að hv. þm. muni vera sammála um, að það verði að gera bæjar- og sveitarfélögum hægt að innheimta gjöld, svo þau geti fullnægt lögskipuðum útgjöldum. Og það er vitanlegt, að ef mjög mikið af atvinnurekstri á einhverjum stað er undanskilið útsvarsskyldu, þá verður þetta nær eða alveg ómögulegt. Nú stendur svo sérstaklega á um Siglufjörð, að bærinn hefir blásizt mjög mikið út fyrir aðsókn aðkomumanna. Það er því sanngjarnt, að bænum sé gert mögulegt að standa við þær skuldbindingar, sem á honum hvíla lögum samkv., en það sé ég ekki, að geti orðið nema bæjarstj. fái heimild til þess að innheimta einhver ný gjöld.

Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri, en vil f. h. n. mæla eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefir borið fram sameiginlega. Hinsvegar tel ég eigi hægt undan því að komast að heimila Siglfirðingum að innheimta vörugjald það, sem hér er farið fram á. Vona ég, að hv. þdm. sansi sig á því, að það verður að gera bænum fært að standa við þær skuldbindingar, sem á honum hvíla.

Páll Þorbjörnsson: Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, hefir sjútvn. öll orðið sammála um nokkrar breyt. á frv., og hefir hann lýst þeim. Hinsvegar áskildu nm. sér rétt til þess að bera fram sérstakar brtt. við 10. gr. frv. Ég og hv. þm. Ísaf. berum fram brtt., þar sem við leggjum til, að heimildin til að leggja á sérstakt vörugjald á Siglufirði verði felld niður. Aftur á móti bera hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm.

Vestm. fram till. um að tiltaka nokkru nánar heldur en gert er í frv. nú, hvernig leggja skuli þetta vörugjald á. Og það, sem sérstaklega einkennir till. þessara manna, sem hingað til hafa talið sig hér málsvara útvegsmanna, er það, að þann skatt, sem hér er um að ræða, vilja þeir leggja þyngst á herðar útvegsmönnunum. Þeir vilja láta leggja 100% vörugjald á síldarmjöl, síldarolíu og fiskmjöl, en 50% á aðrar vörur. Það er eftirtektarvert, að þeir undanskilja t. d. saltsíld undan 100% gjaldinu, en taka aftur á móti síldarmjöl, síldarolíu og fiskmjöl undir þann skala. Nú mun þannig háttað allri framleiðslu þessara vörutegunda á Siglufirði, að það eru útgerðarmenn og sjómenn, sem hljóta að fá á sig allan kostnaðinn af hinu hækkaða vörugjaldi til hafnar- og bæjarsjóðs. Hinsvegar er braskaralýðurinn, sem kemur til Siglufjarðar á hverju ári og kaupir síld ákveðnu verði til söltunar, undanskilinn þessari 100% hækkun.

Nú kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að hann hugði, að það væri sérstök ástæða til þess, að Siglufjarðarbær fengi þessa heimild til álagningar vörugjalds, þar sem segja mætti, að innfluttar vörur til Siglufjarðar dreifðust eigi víðar, af því að bærinn væri engin sölumiðstöð. Þetta er í sjálfu sér rétt. En það ber líka að líta á það, að norður til Siglufjarðar safnast á hverju ári fjöldi fólks hvaðanæfa af landinu. Þessi aukni skattur leggst þá einnig á það. Og ef aðgætt er, hvernig ríkisvaldið hefir einmitt sérstaklega búið að þessum bæ, Siglufirði, þá verður því ekki neitað, að hvergi á landinu hefir verið gert eins mikið til þess að auka atvinnu eins og þar. Það er ekki hægt að benda á einn einasta stað á þessu landi, þar sem hið opinbera hefir lagt eins mikið fé í atvinnufyrirtæki eins og þar. Svo milljónum króna skiptir af ríkisfé er bundið í síldarverksmiðjunum á Siglufirði. Þó er þannig um búið, að aðeins 20 aðkomumenn mega vinna í þeim á móti hartnær 200 Siglfirðingum, og útilokað, að það hlutfall breytist. Jafnframt má líta á það, að Siglfirðingar sjálfir eiga næstum engin fiskiskip. Eitt skip af síldveiðiflotanum í sumar var í eigu bæjarbúa og auk þess mjög nákomið bæjarstj., en það treysti sér ekki til að leggja upp síld í ríkisverksmiðjurnar, sem sótzt var eftir að fá þangað, heldur fór með hana vestur á Djúpuvík. Ef ofan á þetta á að heimila Siglfirðingum að leggja sérstakan skatt á útgerðarmenn, sem koma með atvinnutæki sín þangað norður, þá finnst mér farið að mismuna Siglufjarðarbæ nokkuð mikið fram yfir aðra landshluta.

Það mun láta nærri, að þetta vörugjald, ef samþ. verður í þeirri mynd, sem þeir hafa lagt til, hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., verði milli 40 og 50 þús. kr. skattur á ríkisverksmiðjunum á komandi árum. Og það má öllum vera ljóst, sem þekkja til, hvernig starfræksla þeirra er byggð upp, að þessi skattur myndi eingöngu koma fram í lækkuðu verði á síldinni til framleiðendanna.

Ég vil vænta þess, að brtt. okkar hv. þm. Ísaf. verði samþ., því hún á fyllsta rétt á sér; því fyllri rétt, þar sem af ríkisvaldinu er sérstaklega þannig búið í haginn fyrir það bæjarfélag, sem hér á hlut að máli, að það megi sjá sér borgið fjárhagslega.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta að sinni. Ég býst við, að fleiri hafi eitthvað fram að færa með eða móti, og gefst mér þá e. t. v. tilefni til að taka til máls aftur.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi beina því til hv. flm. brtt., hvort þeir vildu ekki taka þær aftur til 3. umr. Ef flm. sjá sér ekki fært að taka aftur till. á þskj. 296 og 315, mun ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Gísli Guðmundsson: Ég get í rauninni fallið frá orðinu, því ég bað um það aðeins til að bera fram þá sömu ósk, sem hæstv. atvmrh. hefir nú borið fram til hv. flm. brtt., um að taka þær aftur til 3. umr.

Pétur Ottesen: Ég get raunar tekið undir, að það mætti fresta frekari umr. um þetta mál, ef það yrði ofan á að taka aftur brtt. eða taka málið af dagskrá samkv. framkominni ósk. Ég vildi aðeins láta það koma fram af minni hálfu þegar við þessa umr., að mér virðist það varhugaverð breyt., sem verið er að fara fram á í þessu frv., og sem ég ætla, að skjóti hér í fyrsta sinni upp höfðinu. Ég á við það, að fara að nota hafnarsjóði kaupstaðanna sem almennan gjaldstofn fyrir bæjarfélögin. Hingað til hafa okkar hafnarlög verið þannig byggð upp, að í þeim hafa eingöngu verið ákveðin gjöld, sem leggja megi á til ákveðinna þarfa, þ. e. a. s. þarfa hafnanna út af fyrir sig. Út af þessu hefir ekki verið brugðið, þó hafnarlögum hafi fjölgað, heldur hefir þeim verið haldið innan þessa ramma. Það er fyrst í þessu frv., að farið er út fyrir þennan ramma, og vildi ég nota tækifærið til þess að vekja athygli á, að það getur verið nokkuð varhugavert og komið misjafnlega og ranglega niður, ef breytt er um aðferð og veitt í hafnarlögum slík heimild sem hér er um að ræða. Ég viðurkenni fyllilega, að erfiðar ástæður kaupstaða og kauptúna reka mjög eftir því, að nokkur lausn fáist á því vandamáli, að meiri tekna þarf að afla í bæjar- og sveitarsjóði heldur en víða eru möguleikar fyrir eins og nú standa sakir. Það liður ekki á löngu áður en Alþingi verður með fullkominni alvöru að taka undir þær kröfur, sem streyma að frá kaupstöðum og sveitarfélögum, og leysa þetta spursmál. Þegar fara saman, eins og að undanförnu, erfiðleikar atvinnuveganna við það, að nálega allir tekjustofnar eru hirtir í ríkissjóð, þá er ekki undarlegt, þó þröng sé í búi hjá mörgu sveitarfélagi. En leiðin til þess að leysa úr þessu hlýtur að verða nokkuð önnur og almennara eðlis en sú, að leyfa einstökum bæjarfélögum að afla sér tekna gegnum hafnarsjóð. Því er ég á móti 10. gr. þessa frv. og mun einnig greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 296, og standa á móti allri tilhneigingu manna til þess að afla bæjarfélögum tekna með þessari aðferð.

Hitt finnst mér undarlegt, að ein af þremur brtt., sem n. öll kemur sér saman um, fer fram á að kippa burt heimildinni fyrir því, að ríkis-

sjóður ábyrgist nokkurn hluta af því fé, sem kaupstaðurinn þarfnast til hafnargerðar sinnar. Ef taka ætti upp að kippa slíkri heimild út úr hafnarlögum, sem ekki er búið að byggja upp hafnir samkv., þá er það vitanlega sama og loka fyrir allar slíkar framkvæmdir. Hitt gæti verið athugunarefni, innan hvaða takmarka þessi heimild þyrfti að vera, hvort ekki væri ástæða til að setja hana innan þrengri ramma heldur en verið hefir; en að kippa henni alveg burtu er sennilega sama og stöðva allar framkvæmdir á þessu sviði, a. m. k. meðan ríkissjóður er tekinn ábyrgur fyrir slíkum lánum.

Forseti (JörB): Því hefir verið beint til hv. flm. brtt., hvort þeir gætu ekki fallizt á að taka þær aftur til 3. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég vildi heldur æskja þess, að málið sé tekið út af dagskrá, ef það kemur í sama stað niður.

Umr. frestað.

Á 52., 53., 77. og 78. fundi í Nd., 19. og 21. okt., 19. og 20. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 71, n. 273, 296, 315, 577, 578).

Finnur Jónsson: Ég á hér ásamt hv. 3. landsk. brtt. við frv. þetta, sem gengur út á það, að fella niður úr frv. heimild til handa bæjarstj. Siglufjarðar til að hækka núv. vörugjald um allt að 100% og láta þá hækkun ganga til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar. Það má án efa margt gott segja um Siglufjörð, en því mun vart neitað, að það er dýr staður, og því finnst mér ekki rétt að stuðla að því að gera staðinn dýrari en hann þó er nú. En að því er stefnt með frv. því, sem hér liggur fyrir til umr. Og mér virðist beinlínis, að þeir, sem bera hag bæjarfélagsins fyrir brjósti, gæti ekki hófs í till. sínum. Ég er líka hræddur um, að ýmsir hv. þm. geri sér ekki fyllilega ljóst, hverjum geysiskatti hér er verið að ná í bæjarsjóð. Það má vel vera, að kaupstaður þessi sé í vanda með greiðslur sínar og þurfi því að fá einhvern tekjustofn, en ég tel enga ástæðu til þess að láta hann fá svona mikinn tekjuauka. Árið 1934 nam vörugjaldið í hafnarsjóð Siglufjarðar 85 þús. kr., og nú er lagt til að hækka það um 100%, sem á að renna til bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar. Gjald þetta er að langmestu leyti af síld og síldarafurðum. Er því með hækkun þessari á gjaldinu verið að stórþyngja síldarútveginum. Ég verð því að segja það, að ég veit ekki dæmi þess, að það hafi verið gerð öllu frekari tilraun til þess að reyna að skattleggja þá borgara, sem á Siglufjörð koma og eru ekki skattskyldir þar. Hve miklu þessi skatthækkun getur numið á síldveiðiskip, er hægt að gera sér grein fyrir. Setjum svo, að skip veiði til söltunar 2500 tunnur á ári. Núv. vörugjald er 0,10 af hverri tunnu saltsíldar og 0,20 af hverri tunnu kryddsíldar. Auk þess er 0,05 innflutningsgjald af hverri tómri tunnu til hafnarsjóðs. Þegar svo búið er að hækka þetta gjald um helming, er gjaldið af hverri tunnu saltsíldar t. d. orðið 30 aurar og gjald af hverri kryddsíldartunnu 50 aurar. Samtals yrði gjaldið því af síldarskipi, er saltaði 1500 tunnur af saltsíld og 1000 tunnur af kryddsíld, 950 kr. Auk þess kemur svo gjaldið af afurðum þeim, sem skipið leggur upp í síldarverksmiðjurnar. Segjum að þetta sama skip veiði 4000 mál í bræðslu. Með þeirri hækkun, er frv. þetta gerir ráð fyrir, yrði gjald þessa skips af veiði þessari um 900 kr. yfir sumarið. Gjald þetta er að vísu greitt af síldarverksmiðjunni, en lækkar auðvitað andvirði bræðslusíldarinnar. Auk þessa greiðir mótorbátur 40—50 smál. að stærð til hafnarsjóðs Siglufjarðar 80—100 kr. yfir sumarið í hafnargjöld. Skattar þeir, er Siglufjarðarkaupstaður þannig fengi leyfi til að leggja á litinn mótorbát með meðalafla yfir sumarið, yrði með samþykkt þessa frv. þannig 1900—2000 kr.

Ég hafði nú talið líklegt, að þeir þm., sem eru frv. fylgjandi, myndu bera fram einhver góð og gild rök fyrir þessari miklu skattaálagningu á síldarútveginn frá hálfu Siglufjarðarkaupstaðar, en svo hefir ekki verið. Ég fyrir mitt leyti fæ ekki skilið, að nokkur skynsamleg ástæða geti verið fyrir því að leyfa Siglufjarðarkaupstað að leggja þetta gjald á, og þá sérstaklega þegar afkoma sjávarútvegsins er eins og hún er nú. Enda hefir sú orðið raunin á, að gjald þetta hefir sætt miklum mótmælum, og er skemmst að minnast, að útgerðarmannafundurinn, sem haldinn var hér í Reykjavík nú fyrir stuttu, sá sami fundur, sem samþ. mótmæli gegn fisksöluskattinum, samþ. og mótmæli gegn þessum skatti til Siglufjarðarkaupstaðar. Sama gerði og fundur útgerðarmanna, sem haldinn var norðanlands nú fyrir skömmu.

Ég fæ vart annað skilið en meðnm. mínir í sjútvn., þeir hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv., sem kalla sig talsmenn útgerðarmanna og fiskeigenda, falli frá till. sínum, þegar þeir eru búnir að athuga málið betur, eða a. m. k. bíði með þær þar til útséð verður um, að Siglufjarðarbær fái ekki sanngjarnari og réttlátari tekjustofn en þetta.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Það er orðið alllangt síðan mál þetta var rætt hér í d., og er því ýmislegt farið að fyrnast fyrir mér, sem þá var sagt og svara hefði þurft.

Í sambandi við mál, sem hér var til umr. áðan, fóru tveir hv. meðnm. mínir úr sjútvn. allmjög inn á umr. um Siglufjörð og skattgreiðslu ríkisverksmiðjanna. Hafa þeir því sennilega lokið sínu máli hvað frv. þetta snertir. Hvað mig snertir gegnir öðru máli; ég hefi ekki haft tækifæri til þess enn að ræða málið sem skyldi.

Fyrst þegar rætt var um þetta mál, þótti ekki geta komið til mála að nota höfnina til þess að afla kaupstaðnum tekna. En þetta er reginvilla, þar sem eins stendur á og á Siglufirði, að kaupstaðurinn hefir vaxið upp utan um höfnina. Því eins og kunnugt er, hefir hann ekkert samband á landi við meginlandið. Það er því ekki um annað að ræða en að sá atvinnurekstur, sem vaxið hefir upp í skjóli hafnarinnar, verði gjald-

stofn fyrir kaupstaðinn, sem á verði lagt á ýmsan hátt.

Ég hefi gert grein fyrir því áður, hve mikið af þörfum bæjarins hefir verið hægt að leggja á eftir efnum og ástæðum. Jafnframt sýndi ég fram á, að um helmingur af atvinnurekstri bæjarins væri skattfrjáls að lögum. Og það hljóta allir að sjá, hvort nokkurt sveitarfélag geti þolað slíkt. Í þessu sambandi vil ég nota tækifærið til þess að senda heim til föðurhúsanna þá firru, sem hv. þm. Ísaf. sagði áðan, að það væri sú mesta fjarstæða að halda því fram, að ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði hefðu tekið nokkuð frá einstaklingunum eða skert möguleika þeirra fyrir atvinnurekstri þar. Þetta er vitanlega hin mesta endemisvitleysa hjá hv. þm., því að það hljóta allir heilvita menn að sjá, að þegar ríkið er búið að setja þar á stofn verksmiðjur, hvort ekki séu minni möguleikar fyrir einstaklinga að setja þar á stofn samskonar atvinnurekstur. Það er þvert á móti öldungis víst, að ríkisrekstur síldarverksmiðjanna hefir útilokað þar mikið af einstaklingsrekstri, sem hefði getað orðið góður gjaldstofn fyrir bæjarfélagið.

Um það má vitanlega alltaf deila, hvaða leiðir skuli fara til þess að afla kaupstaðnum tekna. Nú hefir stjórn kaupstaðarins farið fram á ákveðið vörugjald; þess vegna býst ég við, að hv. þm. Ísaf. og fylgifiskar hans reyni að ganga á milli og villa mönnum sýn á því, hve vörugjald þetta geti orðið mikið. Mér þykir því rétt að birta hér, til þess að fá það skráð í umr., hvað vörugjaldið er í raun og veru á Siglufirði, og jafnframt til samanburðar, hvað það er hér í Rvík, og skal ég þá fyrst nefna þá vörutegundina, sem mest er framleitt af á Siglufirði, en það er síldarolía eða síldarlýsi. Af því er vörugjaldið hér í Reykjavík 4 kr. pr. smálest, en kr. 1.50 á Siglufirði. Af síldarmjöli og fiskmjöli er það hér í Rvík 3 kr. pr. smálest, en 1.50 kr. á Siglufirði. Af saltsíld er það 1.50 kr. pr. smálest hér, en 0.80 kr. norður frá. Af þurrkuðum saltfiski er vörugjaldið 3 kr. hér, en 1 kr. á Siglufirði. Nýr fiskur er ekki gjaldskyldur á Siglufirði, en hér er vörugjaldið af honum 1.50 kr. pr. smálest. Gjald af landbúnaðarafurðum, svo sem heyi, kartöflum, grænmeti o. fl., er hér í Rvík 3 kr. pr. smálest, en ekkert á Siglufirði. Þá er t. d. ekkert vörugjald á Siglufirði af kornvörum, sementi og timbri, en hér í Rvík er það 1 kr. af kornvörum og sementi og 1.60 kr. af timbri.

Með dæmum þessum hefi ég viljað sýna og sanna, að vörugjaldið er lágt á Siglufirði, og að það verður í mörgum tilfellum lægra en hér í Rvík, enda þótt það verði hækkað um 100%, eins og t. d. gjaldið af síldarlýsinu, sem ekki yrði nema 3 kr. pr. smálest, í stað þess, sem það er 4 kr. hér.

Það, sem ég að síðustu vildi leggja sérstaka áherzlu á, er það í fyrsta lagi, að vörugjaldshækkunin nær ekki nema til nokkurs hluta af þeim vörum, sem fluttar eru að og frá Siglufirði, og í öðru lagi það, að þar sem vörugjaldið er mjög lágt yfirleitt, þá verður hækkunin ekki tilfinnanleg. Og í þriðja lagi vil ég leggja áherzlu á það, að Siglufjarðarkaupstaður verður að fá einhverja tekjustofna til þess að leggja á, úr því að helmingurinn af atvinnufyrirtækjum kaupstaðarins er undanþeginn álagningu til þarfa bæjarfélagsins.

Ég skal að mestu ganga framhjá hv. 3. landsk. Hann blés sig allmjög upp áðan og lét dólgslega. En það eitt vil ég segja honum, að ég fyrirlít slíka framkomu sem hans eins og það, sem ég geng á.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta og þá, sem brtt. eiga við þetta frv., að meðferð þess verði frestað og það tekið af dagskrá, vegna þess, að ég hefi borið fram annað frv., sem var til meðferðar í þessari hv. d. í gær og var þá vísað til sjútvn., en í því frv. felst miðlunartill. í þessu máli. Frv. var vísað til sjútvn., eins og ég sagði áðan, og ég hefi ástæðu til þess að halda, að í n. verði samkomulag um að leysa málið á þeim grundvelli, sem þar er lagt til. Það er æskilegt, að meðferð þessa máls verði frestað, svo að ekki verði greidd atkv. um það við 2. umr. fyrr en hitt málið er komið úr n.

Ég hefi ekki fleira um þetta að segja, en vil leggja áherzlu á þessa ósk til hæstv. forseta og þeirra, sem borið hafa fram brtt. við frv.

Páll Þorbjörnsson: Hv. 6. þm. Reykv., sem hefir stundum í ræðum valið sér hið smellna nafn að kalla sig talsmann fiskeigenda, belgdi sig út með miklum vandlætingartón, vegna þess að ég hafði gagnrýnt framkomu hans og annars hv. þm., og átti ég þar við brtt., sem hann og annar hv. þm. hafa lagt fram við þetta frv. Það, sem ég vil nú segja þessum hv. þm., er það, að í næsta sinn, þegar hann fer að segja mönnum frá því, að hann sé sérstakur talsmaður fiskeigenda, kynni hann sér svo mikið afurðamál sjávarútvegsins, að hann fari ekki með aðrar eins staðleysur og hann fór með í gær. Hv. þm. var að tala um, hvað vörugjald, sem greitt er til Siglufjarðar, sé lágt í samanburði við það, sem er í Rvík, en hún væri þó ekki í hæsta flokki, eftir því, sem hann sagði. Hann var að tala um, að í Rvík væru borgaðar 4 kr. af smálest af lýsi, en á Siglufirði 2.50 kr. En samkv. till. hv. þm. vill hann leyfa Siglfirðingum að hækka gjaldið um 100%, svo að það verði 5 kr. á smálest. Nú vil ég upplýsa hv. þm. um, að það er ekki alveg sama, hvaða gjald er lagt á vörur, sem eru í mismunandi verðflokkum, en það ætti honum að vera kunnugt, ef dæma ætti eftir þeim afrekum, sem hann telur sig hafa unnið í þágu sjávarútvegsins. Það lýsi, sem flutt er frá Rvík, er nær eingöngu þorskalýsi, en það, sem flutt er frá Siglufirði, síldarlýsi. En verðmunurinn á þessum tveim tegundum lýsis er svo gífurlegur, að þorskalýsið er nálægt því að vera 5 sinnum dýrara en síldarlýsið, og mun þá láta nærri, þegar miðað er við verðmæti, að í Rvík séu aðeins greiddar 4 kr. af smálest, en á Siglufirði 25 kr. — Þá komum við að mjölinu,

Í Rvik eru borgaðar 3 kr. af smálest, en á Siglufirði 1.50 kr. Hv. þm. leggur til, að á Siglufirði sé það hækkað upp í 3 kr., eða m. ö. o. að það sé eins hátt og í Rvík. En nú er það svo, að frá Siglufirði er aðallega flutt síldarmjöl, en frá Rvík fiskimjöl. Nú ætti hv. þm. að vera kunnugt um það, að fiskimjöl er í talsvert hærra verði en síldarmjöl. Hv. þm. talaði í miklum vandlætingartón og þannig, að það mátti á honum skilja, að mér hefði orðið það á að nudda mér upp við fiskeigendur, og að ég hefði farið með blekkingar um það, hvernig þetta vörugjald komi niður á sjávarútveginum. Hann dró það inn í umr., að ég hefði ekki viljað ganga með honum og hv. þm. Vestm. og fella niður útflutningsgjald af fiski, sem er 1⅝%, og vildi hann láta skína í það, að það gjald kæmi meira niður á Siglufirði en öðrum stöðum. Í þessu kom fram flaustur hv. þm. og ókunnugleiki á þeim málum, sem hann er að reyna að telja mönnum trú um, að hann kunni bezt skil á. Nú vil ég upplýsa hann og aðra hv. þdm. um það, hvernig þetta gjald í bæjar- og hafnarsjóð á Siglufirði verður samkv. hans till.

Bátur, sem gerður er út á síldveiðar af Siglufirði, verður að greiða í hafnarsjóð 225 kr. af 1500 tunnum saltsíldar, en af 1000 tunnum kryddsíldar 250 kr. Ofan á þetta á svo að leggja 50% handa bæjarsjóði. Ef bátur leggur 4000 mál upp í bræðslu, þá verður hann að greiða til hafnarsjóðs í vörugjald, eftir útkomunni í ár, 13 aura á mál, eða 520 kr., en samkv. till. hv. tveggja þm. á gjaldið á síldarmjöli, síldarlýsi og síldarolíu að hækka um 100%, svo það nemur sem svarar 11 aurum á mál, og verður það þá 440 kr. Þetta verður þá á bát, sem leggur upp 4000 mál til bræðslu og 2500 tunnur af saltsíld, 1642.50 kr. samkv. till. hv. þm. En sami bátur greiðir í útflutningsgjald til ríkissjóðs 1000—1100 kr. Þá verður útkoman sú, að af sama afla þarf hann að greiða 500—600 kr. meira í hafnarsjóð og bæjarsjóð heldur en útflutningsgjaldið er. Svo er hv. þm. að belgja sig upp út af því, að ég vilji ekki fella niður útflutningsgjaldið í ríkissjóð á sama tíma og hann og annar hv. þm. bera fram brtt. við hafnarlagafrv. fyrir Siglufjarðarkaupstað um það að bæta hér um bil sama skatti á útveginn. Það á aðeins að flytja gjaldið til og láta það renna til Siglufjarðar, í staðinn fyrir að láta það renna í ríkissjóð. En það er ekki ætlun þeirra að létta gjaldinu af útveginum. Vegna þess, að hv. 6. þm. Reykv. og fleiri hafa verið að tala um það, að þetta vörugjald yrði ekki til þess að íþyngja útveginum, þá vil ég minna á eitt tilfelli, sem nýlega hefir átt sér stað. En það er, að það bæjarfélag, sem mér er óhætt að segja að hefir gengið lengst í því að taka vörugjald í bæjar- og hafnarsjóð, var ekki skammsýnna en það, að þegar farið var að salta síld þar, þá felldu menn þar niður skattinn á salti, tunnum og fleiru. Ég get upplýst það, að þetta er í Vestmannaeyjum, kjördæmi annars þm., sem vill nú tvöfalda gjaldið til Siglufjarðar af síldarmjöli, síldarlýsi og fiskimjöli.

Þá kom það fram undir umr., að síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði hefðu útrýmt samskonar atvinnurekstri þar. Þetta kom fram hjá hv. 8. landsk., og ég held líka hjá hv. 6. þm. Reykv. Ég færði nokkur rök að því áður í umr., að síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði hefðu ekki kippt burt samskonar atvinnurekstri. Því var haldið fram af mér og hv. þm. Ísaf., að ein af þeim verksmiðjum, sem voru í eigu einstakra manna, var ekki starfrækt af viðkomandi eiganda árið áður en hún var keypt af ríkinu. Þessu var mótmælt af hv. 8. landsk. En ég hefi nú aflað mér frekari upplýsinga um þetta. Verksmiðjan var starfrækt 1930, en 1931 voru aðeins möluð þar bein og hausar um vorið. 1932 var hún alls ekki starfrækt, en 1933 komst hún í eigu ríkisins. Íbúarnir á Siglufirði töldu, að það væri hagsmunamál fyrir þá, að verksmiðjan kæmist í hendur ríkissjóðs og rekstrinn væri þannig tryggður að staðaldri.

Hv. 6. þm. Reykv. notaði stór orð og ljót, sem þm. yfirleitt eru ekki óvanir að heyra, því að þessi þm. er þekktur að því að vera orðljótur, ekki aðeins hér í þinginu, heldur um land allt. Ég læt mér í léttu rúmi liggja þau ummæli, sem hann valdi mér, því það er ekki aðeins, að þau séu notuð um hann sjálfan af andstæðingum hans, heldur líka af hans eigin flokksbræðrum, enda er hann í þeim flokki notaður til hinna verstu skítverka og þykir ekki til annars hæfur.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið. Það hefir verið fært fram af hv. 6. þm. Reykv. til gildis fyrir brtt. þeim, sem hann flytur við þetta frv. ásamt hv. þm. Vestm., að á Siglufirði séu eingöngu stundaðar síldveiðar, og meginhluti af þeim atvinnurekstri sé aðkominn og rekinn stuttan tíma, svo að hann sé útsvarsfrír, og þess vegna sé bænum nauðsynlegt að ná tekjum af þessum aðkomumönnum. Ég hefi ekki dregið í efa tekjuþörf kaupstaðarins, þó okkur greini á um aðferðir til tekjuöflunar. En sá siður hefir legið lengi í landi á Siglufirði, að reyna með ýmsu móti að hafa sem mest fé af aðkomumönnum, eða reyna að láta gjöld bæjarins hvíla á þeim. Má í því nefna sem dæmi, að rafmagnsverð á Siglufirði er hærra að sumrinu en að vetrinum, og er það eina rafstöðin á landinu, sem þannig hagar verðlagningu sinni.

Ennfremur má geta þess, að á þessum stað er talsvert mikil þorskveiði, og þó það sé oft ekki arðsamur atvinnurekstur, verður maður að ganga út frá því, að hann beri gjöld til bæjarins að sínum hluta.

Þá er rétt að taka það fram, að ekki hafa neinar útsvarstekjur verið teknar frá Siglufirði við það, að síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið reistar þar. Þar hafa ekki verið lagðar niður neinar verksmiðjur vegna byggingar ríkisverksmiðja. Það getur verið, að hægt sé að segja sem svo, að þess vegna hafi einstaklingar e. t. v. ekki ráðizt þar í að reisa verksmiðjur, en þó hefir áður verið á það bent, að einstaklingar hafa talið hentugra að reisa sínar verksmiðjur annarsstaðar. Og þó ríkið hafi byggt sínar síldarverksmiðjur á Siglufirði, þá hafa einstaklingar alls ekki verið útilokaðir frá slíkum rekstri þar, eins og sjá má á því, að 2 einstakir menn reka þar verksmiðjur — þó þær séu að vísu litlar — við hlið ríkisverksmiðjanna. Ennfremur má geta

þess, að nú liggur fyrir hjá atvmrh. beiðni frá einstökum manni um að mega reisa og reka síldarverksmiðju á Siglufirði. Þá er ekki hægt að ganga framhjá því, að við verksmiðjur þessar vinna 150 manns, og er þar með stórlega aukin atvinna íbúa bæjarins og möguleikar þeirra til að greiða gjöld í bæjarsjóð Siglufjarðar.

Hv. 6. þm. Reykv. var að bera saman vörugjöldin á Siglufirði og í Rvík og vildi með því sanna, að engin ástæða væri til, að Siglufjörður tæki ekki hærri vörugjöld en nú. Þetta eru alls ekki sambærilegar hafnir. Siglufjarðarhöfn er gerð af náttúrunnar hendi, og þó eru tekin stórgjöld af skipum og vörum í hafnarsjóð, eða á 2. hundr. þús. kr. árlega, en engar stórfelldar umbætur hafa verið gerðar á höfninni. Að vísu hefir verið byggð ein bryggja, en síðan ekki söguna meir, nema hvað nú er verið að byggja þar sjóvarnargarð, að vísu talsvert dýran, en með miklum styrk úr ríkissjóði. Það er því alls ekki sambærilegt um höfnina á Siglufirði eða í Rvík eða Vestmannaeyjum, svo ég nefni aðra dýra höfn hvað tilkostnað snertir; þess vegna er alveg rangt að bera saman hafnar- og vörugjöld á þessum höfnum. Rétti samanburðurinn er við aðrar hafnir á Norðurlandi, sem gerðar eru af náttúrunnar hendi eins og Siglufjarðarhöfn, og lítið hefir þurft að kosta til, og á ég þar sérstaklega við Akureyrarhöfn. Ef þar er gerður samanburður, kemur í ljós, að hafnar- og vörugjöld á Siglufirði eru talsvert hærri en á Akureyri.

Nú hefir hv. 6. þm. Reykv. alveg gengið framhjá þeim rökum, sem komið hafa fram, og tölum, sem ég hefi nefnt hér, er sýna, að vörugjaldatekjur Siglufjarðarhafnar nema nú árlega talsvert hærri upphæð en þarf til að standa straum af öllum útgjöldum hafnarsjóðs. Ennfremur hefir hann gengið framhjá því atriði, er ég hefi nefnt, hver skattur er lagður á báta þá, sem þangað sækja. Býst ég við, úr því hann hefir ekki reynt að mótmæla þessu, að hann viðurkenni þennan skatt, sem bátarnir gjalda til Siglufjarðarhafnar, en skattur þessi nemur af hverjum bát, reiknað með meðalverði, 2000 kr. á ári, 1000 kr. til hafnarsjóðs og 1000 kr. til bæjarsjóðs. Með brtt. hv. 6. þm. Reykv. yrði skattur þessi nokkru lægri, eða um 1600 kr. á bát. Það er því svo, eins og bent hefir verið á af hv. 3. landsk., að síldarútvegsmenn greiða til Siglufjarðarbæjar og hafnar mun hærra gjald en þeir greiða nú í tolla til ríkissjóðs.

Ég skora á hv. þd. að taka rök þessi og öll gögn til rækilegrar íhugunar og athugunar, og vona ég, að þau séu svo sterk, að hvorki brtt. hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. nái fram að ganga né heldur frv. óbreytt, heldur verði samþ. brtt. þær við frv., sem fluttar eru af okkur hv. 3. landsk. þm.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Ég man ekki, herra forseti, hvað ég er búinn að tala oft í þessu máli. **(Forseti:** Tvisvar). Ég skal ekki vera langorður. Vil ég endurtaka það. sem ég hefi áður haldið fram og er öllum ljóst, að það er ákaflega mikill aðstöðumunur þeirra kaupstaða, sem geta lagt á atvinnurekstur, eða þeirra, sem eru eins settir og Siglufjörður, að atvinnureksturinn er annarsstaðar og aðeins að kominn um stuttan tíma ársins. Það þýðir ekkert að vitna í hafnargjöld annarsstaðar; þau eru þarna fyrir utan á Siglufirði, eins og alstaðar á landinu, en enginn maður er svo blindur að hugsa sér, að ekki skipti öðru máli fyrir Siglufjörð en aðra staði, vegna þess að þar er atvinnureksturinn útsvarsfrjáls.

Þá er samanburður hv. þm. Ísaf. milli Rvíkur og Siglufjarðar alveg óþarfur; vörugjöld á Siglufirði eru svo lág, að auðséð er, að ekki er til þess ætlazt, að þau verði verulegur tekjustofn. Ég tók minn samanburð eftir reglugerðum beggja hafna, og er hverjum opinn aðgangur að reikna út, hvort ekki sé rétt.

Öðru máli gegnir um þær tölur, sem hv. 3. landsk. fór hér með; þær eru ekkert annað en herfilegar rangfærslur og blekkingar. Þetta er ekki auðvelt að sanna svona standandi án allra gagna, en hann vildi reikna svo út, að hafnargjöld á Siglufirði næmu meiru en útflutningsgjald af síldarafurðum. **(Þþ:** Hefir þm. lagt til að fella það niður?). Það þarf meira en litla fífldirfsku til að halda því fram, að 1 kr. sé meira en 10 kr. En það er útflutningsgjaldið nú af einni tegund síldarafurða, 10 kr. pr. tonn, en hafnargjald 1 kr. Eða tollurinn á saltsíld sé lægri en vörugjaldið, þar sem útflutningsgjaldið hefir verið 1 kr. á smálest, þó að vísu hafi verið fært niður í 80 aura á smálest á þessu ári eða í 1⅝%, sem ég hygg að geri nálægt 80 aurum á smál., en vörugjald Siglufjarðar er 10 aurar. Þó svo að niðurfærsla útflutningsgjaldsins hafi kannske numið því, að gjald þetta sé komið niður í 60—70 aura, þá sjá allir, hvílík ódæma frekja það er af einum manni að halda því fram, að 10 aurar sé hærra gjald en 60—70 aurar. Ég hygg, að það muni láta nærri, að fyrir tonn af fiski upp og niður fáist 400—500 kr. verð. Af því er greitt til ríkissjóðs kr. 6.50, en til Siglufj. í vörugjald kr. 1.50. Þessar tölur hefi ég við hendina, sem hægt er að hrekja með fullyrðingar þessa hv. þm. og rangfærslur, sem ég vildi ekki láta ómótmælt, því það getur verið þægilegt að slá fram svona tölum, þegar hv. þm. kannske ljá því ekki nema hálft eyra, og því er ómótmælt, sem ekki er rétt að láta vera, þó ekki eigi virðulegri maður í hlut en hér er um að ræða. Siglufjörður hefir þá sérstöðu, svo sem ég hefi áður drepið á, að hann missir af útsvörum frá atvinnurekstri, sem aðrir kaupstaðir fá, og er ekki óeðlilega hátt reiknað, að það tekjutap nemi ½ millj. kr. á ári.

Að þessu athuguðu er sýnt, að ekki er óeðlilegt að Siglufjörður fái einhverja uppbót og að honum er það nauðsynlegt. Ég hefi ekki sagt, að þetta sé heppilegasta leiðin, en hún er vægileg, og er þar að auki aðeins ætluð til eins árs. Það stendur óhaggað, að vörugjald á Siglufirði sé lágt, og á sumum vörutegundum alls ekkert, þrátt fyrir það, þó hv. 3. landsk. hafi haldið því fram í blaðagrein, að við hv. þm. Vestm. ætluðum að skattleggja nauðsynjavörur, sem sýnir bara, að hann hefir ekki nennt að lesa þskj.

Það má vel vera, að ég hafi verið harðorður í gær, en ég var ekki harðorðari en efni stóðu

til. Það er þreytandi að sitja með þessum hv. þm. dag eftir dag og sjá hann bregða fæti fyrir hvert mál á fundum í sjútvn., sem til hagsbóta horfa fyrir sjávarútveginn, með þeim gorgeir og þembingi, sem einkennir þá menn, er minnst hafa til brunns að bera. Ég vil því síður en svo taka aftur nokkuð af því, sem ég hefi sagt.

Páll Þorbjörnsson: Það var núna undir ræðulok 6. þm. Reykv., sem hann sagði, að lagt væri til, að þetta ákvæði stæði aðeins í eitt ár. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp a. m. k. kafla úr brtt., sem þm. flytur ásamt hv. þm. Vestm.: „Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100%“ o. s. frv. Ég vil svo spyrja hv. 6. þm. Reykv., hvar það standi, að þetta eigi að vera til eins árs. (SK: Ég hefi tekið fram, að ég mundi fylgja brtt. hv. 8. landsk.). Ég hygg, að það sé misminni hjá þm., að hann hafi lýst sig fylgjandi till. hv. 8. landsk., enda er engin trygging fyrir því, að hann greiði þeim atkv. frekar en hann sá sér fært að fylgja frv. eins og það var flutt í byrjun.

Þá var hann að tala um, að ekki væri þægilegt að hrekja tölur þær, sem ég fór hér með. En ég stend þá þeim mun betur að vígi, að ég get hrakið þær staðleysur, sem hann hélt fram, því hann gleymdi t. d. alveg að reikna vörugjaldið af tómum tunnum, sem er 5 aurar á tunnu.

Þá skora ég á þennan þm. að hrekja það, annaðhvort nú í umr. eða síðar, að bátur, sem aflaði 2500 tunnur í salt, þar af 1500 tn. saltsíld og 1000 tn. kryddsíld, og 4 þús. mál í bræðslu, þurfi að greiða 1652.70 kr. í vörugjald samkv. till. hans, og læt ég svo útrætt að sinni.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Það var auðvitað ekki annað en útúrsnúningur, sem hv. þm. sagði um, hvað þetta ákvæði frv. ætti að gilda lengi. Brtt. hv. 8. landsk. er fyrir löngu fram komin, og ég hefi lýst fylgi mínu við hana, þó ég upphaflega ætlaði að breyta henni af ástæðum, sem ég hefi tekið fram. Það tekur því varla að eltast við aðra eins vitleysu og þá, að innflutningsgjald af tunnum beri að reikna með; það vita allir, að greiða þarf ríkissjóði tolla af vöru, sem flutt er inn, eins og salti og kolum, og það er ekki hægt að reikna með því, sem kemur ekki þessu máli við og er allt annað.

Annars get ég út af ræðuhöldum hv. þm. Alþfl. og málflutningi þeirra gjarnan tekið undir það, sem stendur í blaði bandamanna þeirra í morgun, að þeir [vantar í hndr.], og er það sízt ofmælt.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að blanda mér svo seint inn í umr. um þetta mál, eða þau grundvallaratriði, sem deilt er um. En út af ummælum hv. 3. landsk. vildi ég minna hann á, að það er hann sjálfur og flokksbræður hans, sem valda því, að vélbátur, sem leggur á land afla samkv. útreikningi þessa hv. þm., eða 2400 tn. til söltunar og 4000 mál í bræðslu, þarf að gjalda í ríkissjóð 5—600 kr. hærra gjald en hann mundi gera, ef till. okkar sjálfstæðismanna um niðurfellingu á útflutningsgjaldi af síldarafurðum hefði ekki verið felld með atkv. hans og flokksbræðra hans. Við bárum fram till. um, að útflutningsgjald af síldarmjöli yrði ekki lengur 10 kr. af tonni, heldur eins og af öðrum vörum 1%%. Þessi munur nemur hvorki meira né minna en 7—8 kr. á smálest af síldarmjöli. Nú lætur nærri, að úr 4000 málum fáist a. m. k. 80 smál. af síldarmjöli, og nemur þá tollalækkunin 560—640 kr. Og þessi atkvgr. fór fram rétt eftir að þessir sömu menn höfðu greitt atkv. með niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum. Ég fæ ekki séð, hvaða samræmi er í því að létta algerlega öllum þessum gjöldum af landbúnaðinum, en neita sjómönnum um sama rétt eða sömu hlunnindi. Það er a. m. k. alveg tvímælalaust og áreiðanlegt, að þessir menn geta ekki vegna fortíðar sinnar talað í þessu máli eins og þeir hafa gert hv. 3. landsk. og hv. þm. Ísaf. Ég skal ekki blanda mér í persónulegar deilur þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. Ég geri ráð fyrir, að hv. 6. þm. Reykv. hafi sagt eins og honum hefir þótt vera, því að hann er maður einarður og þorir að segja skoðun sína. En af því að mér er vel til hans, vildi ég mega beina til hans vinsamlegum tilmælum um að gæta þess í framtíðinni að óvirða ekki Alþingi með því að lesa upp eða hafa eftir þann óhróður og óþverra, sem prentaður er í Nýja dagblaðinu.

Finnur Jónsson: Aðeins örfá orð út af aths. hv. þm. G.-K. — Það er alveg rétt, að á síðasta þingi greiddi ég og mínir flokksmenn atkv. móti því, að breytt yrði greiðslu útflutningsgjalds af síldarmjöli, og vitanlega var ákaflega leiðinlegt að þurfa þess, en ástæðuna vita allir, og hún er hin mikla fjárþörf ríkisins, og það er nú einu sinni svo, að það er allt tollað og skattað hér á landi, líka það, sem ekki borgar sig. Það er skattaður stór atvinnurekstur, sem ekki borgar sig. Það er skattað fæði og klæði verkamannsins, sem varla hefir í sig og á, og meðan svo er ástatt, þá geta verið ýms gjöld, sem æskilegt þætti að létta af, en þykir þó ekki fært. En ekki bætir það um hið háa útflutningsgjald, sem er á síldarmjöli, ef ofan á það á svo að leyfa Siglfirðingum að taka hærra gjald í bæjarsjóð.

Það má náttúrlega mörgum getum að því leiða, hvernig á því stendur, að það á að létta útflutningsgjaldinu af síldarmjöli, en lofa svo Siglufjarðarbæ að taka jafnhátt gjald og hér er farið fram á í þessu frv. og brtt. beggja hv. þm.

Nú skal ég ekki um það segja, hvað veldur því, að slíkt ósamræmi er í framferði ýmsra sjálfstæðismanna í þessari hv. d., að þeir flytja í fyrra till. um að létta útflutningsgjaldi af síldarmjöli og síldarlýsi, en nú vilja þeir leyfa Siglufjarðarbæ að leggja slíkt gjald á síldarútveginn sem farið er fram á í frv. Verður að teljast ósamræmi í því að lofa nú Siglufjarðarbæ að leggja ofan á gjöldin, sem fyrir eru, skatt, sem í raun og veru er stærri en útflutningsgjaldið, þegar tekið er með útflutningsgjald, sem þeir eiga að fá að taka af síld. Nú kynni

að vera, að það lægju hér einhver eiginhagsmunamál á bak við, eins og svo oft reynist að vera á bak við till. sjálfstæðismanna, og það þá helzt þær, að h/f Kveldúlfur á enga síldarverksmiðju á Siglufirði.

Viðvíkjandi því að aflétt var á síðasta þingi útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum, þá er því til að svara, að það útflutningsgjald, sem aflétt var, nam 50—60 þús. kr., en á sama tíma var breytt útflutningsgjaldi af síld, þannig að í venjulegu ári er það útflutningsgjald, sem létt var af síldinni, hér um bil helmingi meira heldur en það, sem létt var af landbúnaðarafurðunum.

Nú vill svo til, að síldarverð hefir verið óvenjulega hátt í ár, svo útflutningsgjald síldar verður minnst að munum frá því, sem áður var, en í venjulegu ári myndu þessar umbætur, sem gerðar voru fyrir sjávarútveginn, hafa kostað ríkissjóð allt að helmingi meira heldur en þær umbætur, sem gerðar voru fyrir landbúnaðinn. — Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta.

Þetta var út af aths. hv. þm. G.-K. En þegar minnzt er á fortíð í skattamálum, má geta þess, að það voru alls ekki Alþýðuflokksmenn, sem höfðu meirihlutaaðstöðu á þingi til þess að létta útgjöldum af sjávarafurðunum, heldur var það Sjálfstfl. og þeir, sem áður voru í meiri hl., sem þessu hafa ráðið, og Sjálfstfl. notaði aldrei sína meirihlutaaðstöðu til þess að aflétta þessu gjaldi.

Ég skal ekki blanda mér í deilu hv. 3. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. né heldur taka neitt undir það, þótt hv. þm. G.-K. sé að fara bónarveg að hv. 6. þm. Reykv. um það að vera ekki að vitna í Nýja dagblaðið hér í þessari hv. d., og ástæðan fyrir því, að ég tek ekki undir það, er sú, að ég veit, að hv. þm. G.-K. væri að ýmsu leyti nær að athuga í góðu tómi það nána samband, sem er á milli hv. 6. þm. Reykv. og þess manns, sem hv. þm. G.-K. mest á í útistöðum við af þeim, sem skrifa í Nýja dagblaðið.

Ólafur Thors: Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi öllum skilizt, á hve tæpu vaði hv. þm. Ísaf. var. Þm., sem telur sig vera sérstakan málsvara sjávarútvegsins og enda, vegna stöðu sinnar á þingi sem form. sjútvn., hefir sérstaka skyldu til að gæta hagsmuna útvegsins, getur auðvitað ekki fært því framferði bót að leggjast að jafnaði gegn hagsmunamálum sjávarútvegsins. Það var kaldhæðni örlaganna við atkvgr. í fyrra um þetta mál, lækkun tollsins á síldarmjölinu, að einmitt þessi þm. greiddi seinast atkv. og reið sjálfur baggamuninn. Og sjálfsagt telja útvegsmenn þá afsökun hæpna, að þm. hafi ekki séð fært að aflétta gjaldinu vegna fjárþarfar ríkissjóðs. Það liggur nefnilega svo ákaflega nærri, að þá sé spurt, hvort það sé yfirleitt, fyrir slíkan umboðsmann sjávarútvegsins, hægt að verja það að fella niður með öllu gjald af landbúnaðarafurðum meðan af sjávarafurðum er borgað upp í 7%. Slíka aðstöðu til mála er ómögulegt að verja. Það bar líka svo skemmtilega við, að í þessari óhönduglegu tilraun til málsvars sagði einmitt þessi hv. þm. frá því, hvað það var, er fyrir honum hafði vakað, þegar hann leyfði sér að heimta í ríkissjóð tekjur allt að 7% af framleiðsluvörum sjómanna, meðan létt er af landbúnaðinum öllum gjöldum í þessu efni. Það skauzt upp úr honum, að þetta væri af því, að h/f Kveldúlfur framleiddi þessa vöru. Þetta mun vera raunverulega ástæðan fyrir framferði þessa svokallaða umboðsmanns sjómannastéttarinnar. Hann finnur skjól í því, að hann heldur sig geta gert þessum sérstaka andstæðingi sínu einhvern óleik. En ekki hlífir það honum eða nægir til varnar í þessu máli, er hann með gífuryrðum ræðst á þm. Sjálfstfl. og sakar þá um hörku í garð útvegsins, að þeir, til þess að reyna að ráða bót á fjárhagsörðugleikum Siglufjarðar, skuli vilja leggja nýtt gjald á síldarmjöl, er nemi 1 kr. á smálest, því sé 1 kr. á smálest okurgjald, hvað mundi þá um þær 7—8 krónur, sem fyrir atkv. einmitt þessa þm. er af sjómönnum tekið af hverri smálest síldarmjöls? Ég veit, að þessi hv. þm. er ekki sérstaklega rökfimur, en ef hann hefði einhvern sæmilegan málstað að verja, þá hygg ég, að honum myndi takast að koma með einhverja sterkari vörn en þessa.

Mér var ekki fyllilega ljóst, hvað hann átti við í lok ræðu sinnar, þegar hann beindi til mín orðum út af nánu sambandi — einhverju sambandi — milli hv. 6. þm. Reykv. og þess manns, sem ég hefði átt mest í útistöðum við. Ég veit ekki, hver af andstöðumönnum mínum á þann heiður, en ég er ekki ákaflega hörundsár fyrir óhróðri og skömmum og veit ekki, hvað um mig er skrifað. Ég les lítið af því, sennilega ekki svo mikið sem ¼ hluta. Ef ég lít í andstæðingablöðin, virðist mér sem nafn mitt sé nefnt þar oftar heldur en Allah í Kóraninum og djöfullinn í Vídalínspostillu. Mér virðist sem gefin séu út blöð, sem tali meira um mig heldur en stjórnmálin. Ég veit ekki, hver einn maður á öðrum fremur heiðurinn af að gefa út mörg blöð til þess að ræða um mína persónu, níða mig og rógbera án þess að það hafi haft nokkur áhrif — mínu pólitíska gengi hefir það ekki hnekkt. — Ég veit ekki, hverjum andstæðinga minna ég á að eigna þann heiður að vera sá, sem ég á í mestum útistöðum við. Ég hefi stundum deilt á hv. þm. Ísaf. og stundum á hv. þm. N.-Þ. á meðan hann var ritstjóri Nýja dagbl., en alltaf hefir mér þótt hálfgerð óvirðing að því að skipta orðum við þá og því sneitt hjá þeim eftir fremsta megni. Áður deildi ég oft á hv. þm. S.-Þ. Það var á meðan einhver töggur var í honum, en nú tel ég hann pólitískt dauðan, svo þunglega sem örlögin hafa hirt þennan hv. þm. Hæstv. atvmrh. og ég höfum oft deilt, og þótti mér sannast að segja einna ánægjulegast að eiga við hann, því mér finnst hann góður málsvari, þótt hann hafi allt of sjaldan á réttu að standa.

Ég veit ekki, hvern hv. þm. Ísaf. á við, og ef hann vill skjóta fram einhverju nafni, þá skal ég gefa skýrt álit héðan úr ræðustóli. En ef yfir þessu á að hvíla einhver leyndardómshula — (**FJ:** Það er ástæðulaust fyrir hv. þm. G.-K. að látast ekki skilja þetta). Ég skal bíða meðan hv. þm. nefnir nafnið, en ef það er svo mikið leyndarmál, að ekki má nefna það, eða ef hv. þm. Ísaf. ber kinnroða fyrir að nefna það, þá hefi ég ekki meiru að svara en ég er búinn.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hér hefir verið mikið með reikninga og útreikninga á þessu. Ég býst nú við því, að ef hv. 3. landsk. hefir lagt málið niður þannig að reikna líka innflutningsgjald á Siglufirði, þegar hann talaði um, að það legðust 1000 kr. á bát, þá mun hann verða að kannast við, að þegar þetta er borið saman við venjulegt útflutningsgjald, þá sé þar af reiknað innflutningsgjald af nauðsynjum sjávarútvegsins, og þá mun þetta, sem hann sagði að yrði mjög þungur baggi — þetta vörugjald hánda Siglfirðingum —, verða lægra en hann vildi vera láta. Annars kannast ég ósköp vel við reikninga þessa hv. þm. Hann hefir lagt sig mjög í líma til þess að reikna út tekjustofna Vestmannaeyja og hefir langa æfingu í að gera úlfalda úr mýflugu í þessum efnum. Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér í reikninga hv. 6. þm. Reykv. og hans. Ég býst við, að hv. 6. þm. Reykv. telji sig ekki þurfa á minni aðstoð að halda í því efni.

Hv. 3. landsk. þm. valdi þetta mál til þess að gera það að árásarefni á okkur hv. 6. þm. Reykv. og fór af stað í blöðin með skrif um það, eins og vitað er; og það, sem fyrir honum vakir í þessu efni, er vitaskuld ekki réttlæti, heldur hitt, að reyna að koma höggi á pólitíska andstæðinga sína. Það, sem um er að ræða hér, er, eins og menn hafa tekið eftir, að Siglfirðingar hafa farið þess á leit að fá nokkra hækkun á þessum vörugjöldum sínum. Ég vil nú segja hv. þm. Ísaf. það, þar sem hann hefir verið með aðdróttanir í garð okkar hv. 6. þm. Reykv., að fyrir okkur hefði vakað alveg sérstakt með því að fara fram á, að Siglfirðingar fengju nokkurn tekjustofn. Hann var með aðdróttanir í okkar garð, að einhverjar sérstakar hvatir myndu vaka fyrir okkur, aðrar en þær, sem væru á yfirborðinu, og ég held, að ég hafi heyrt rétt, að þessi hv. þm. sagði: „Það skyldi ekki hafa verið vegna þess, að Kveldúlfur á þarna enga síldarverksmiðju“. Þetta tal er svo hlægilegt, að það er naumast hægt að gera honum það til geðs að anza því. Hvað mundi Kveldúlfur græða á því, þótt Siglfirðingar fengju að skatta eitthvað lítið síldarafurðir á Siglufirði? Ég þykist sjá svarið í huga hv. þm.: „Hann hefir þá betri samkeppnisaðstöðu.“ En svo ég noti hans eigin orð og á réttari hátt en hann gerði, — það er nú bitamunur, en ekki burða.

Það, sem fyrir okkur hv. 6. þm. Reykv. vakti, hvað svo sem yfir okkur verður hellt af fáryrðum og óhróðri, var ekki annað en það, að við vildum greiða úr fjárhagsvandræðum Siglufjarðarkaupstaðar, með því að heimila honum hækkun á þessu sárlitla útflutningsgjaldi, sem þar er. Ég skal viðurkenna, að ég er vanur svo háum vörugjöldum á öllum vörum, að það getur verið, að afstaða mín til þessa máls hafi nokkuð markazt af því, að ég er vanur að búa við svo harðan kost í þessu efni. Vestmannaeyjahöfn er erfið og þarf miklar tekjur, og við höfum orðið að taka á okkur mikil gjöld til þess að höfnin stæðist endurbætur og viðhald. Svo þegar minnzt er á það af þessum hv. þm., sem hampa mjög þessum álögum og hve þær verði þungar eftir þessu frv. og brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv., þá eru þeir ekki svo innrættir, að þeir vilji gera réttlætiskröfur gagnvart atvinnuvegunum yfir höfuð að tala og láta standa útflutningsgjald á landbúnaðarafurðum meðan því er ekki létt af sjávarafurðum. En mér skilst á hv. þm. Ísaf., að þess þurfi ekki, því það hafi verið lækkað útflutningsgjald af síld. Það er eins og einhver friðþæging hafi verið gerð með því að lækka útflutningsgjald af síld, einhver friðþæging að mér skilst gagnvart sjávarútveginum fyrir það, að fellt var niður gjald af útfluttum landbúnaðarafurðum. Ég er ekki að lasta það, að lækkað var útflutningsgjald af síld. Það var meira en tími til þess kominn, enda höfðu sjálfstæðismenn gert till. um, að það væri gert, en það fékkst þó ekki tóm til þess hjá framsóknarmönnum að hlýða á tillögur sjálfstæðismanna, en þeir áttu tóm til þess þegar þeirra pólitíska líf var undir aðstoð jafnaðarmanna komið. Þá var hægt að lækka þetta gjald og kasta þessum tekjum frá ríkissjóði, þótt það annars mætti ekki heyrast nefnt.

Þetta er í augum hv. þm. Ísaf. nægileg friðþæging. Hann man ekki eftir öðru en síld. Hann eygir fyrst síld og síðast síld. En ég verð að minna þennan hv. þm. á, að það eru til fleiri sjávarafurðir en síld, og vilji hann vera sjálfum sér samkvæmur og láta aðgerðir þingsins koma öllum jafnt til góða, þá væri nær að fá almennt aflétt eða lækkuð útflutningsgjöld heldur en gera sig ánægðan með, ef einhver einstök grein er tekin út úr. Ef ég hugsaði eins og hv. þm. Ísaf., myndi ég segja, að það væri af því, að hann væri svo mikið riðinn við síld, og því sé honum nóg, ef síldin er tekin út úr. Það væri í sama tón eins og hann svaraði okkur um síldarmjölið og Kveldúlf. En ég segi þetta ekki. Þetta er af því, að hann er svo takmarkaður. Þess vegna kemur hann ekki auga á annað en síld, og þess vegna er það alltaf höfuðsynd í hans augum, ef lagt er gjald á síld eða eitthvað gert, sem kemur við síldarútflutning. Og það, sem þarna er ástæðan, er það, að með þessu á Siglufjarðarkaupstaður að fá einhverjar tekjur af síldarútflutningi. En hversu mörg þúsund þeirra manna á landinu, sem sjó stunda, hafa þess engin not og ekki heldur neitt ógagn, hvort síldarútflutningsgjald er hækkað eða lækkað, en þessir menn hafa allir, og þeir meðtaldir, sem síldveiðar stunda, gagn af því, að lækkað sé almennt útflutningsgjald af sjávarafurðum, og ógagn af, að því sé haldið við.

Þá var hv. þm. að tala um ósamræmi í skoðunum okkar. Taldi hann það ósamræmi, að við á þennan hátt viljum gefa Siglufjarðarkaupstað leið til nokkurrar tekjuöflunar, en viljum á sama tíma aflétta almennum útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Ég hefi sýnt fram á, að það snertir alla, en Siglufjarðarmálið er alveg staðbundið og snertir aðeins þá menn, sem þar stunda atvinnu á þessum tíma árs.

Rétt aðeins til þess að sýna hv. þm., að það eru fleiri dæmi til þess, að tillögur geti litið dálitið undarlega út, miðað við það, frá hvaða flm. þær koma, skal ég minna á þær umr., sem fram fóru um ýms vörugjöld í kaupstöðum, þar sem hver sósialistinn á fætur öðrum reis upp

og barði sér á brjóst og sagði, að þetta mætti alls ekki ske. Hér ætti að koma gjaldi á neyzluvörur almennings o. s. frv., og ég veit ekki, hver ósköp eru búin að dynja yfir mig af því að ég var með því, vegna þeirra vandræða, sem nú eru, að ná tekjum á þennan hátt. Nú sé ég ekki betur en að einn af flokksbræðrum hv. þm. Ísaf. sé farinn að fallast á, að þetta sé vel hugsanleg leið, og mér virðist að brtt. hans við frv. um vörugjald á Sauðárkróki gangi eiginlega lengra en við, sem viljum fá þetta vörugjald á okkur sjálfa. Hann gengur þar lengra en við, sem höfum lengi orðið að standa undir mannskemmandi rógi þessara manna fyrir að við höfum í neyð okkar orðið að hverfa að því að leggja þetta gjald á. Hv. þm. Ísaf. þarf því alls ekki að fara út fyrir sínar eigin herbúðir til að finna ósamræmi í þessu efni.

Ég get líka bent á það, að þrátt fyrir það, að hann og aðrir jafnaðarmenn fordæmi tolla á nauðsynjavörum, og þrátt fyrir það, að það sé þeirra yfirlýst stefna, að eingöngu eigi að leggja á beina skatta, sem auðvitað er ómögulegt, þá hafa þeir í mörg ár ekki einu sinni viðhaldið verðtolli og vörutolli, sem renna í ríkissjóð, heldur hafa þeir einnig hækkað þá.

Ég ætla þá, að ég þurfi ekki að benda hv. þm. á frekari dæmi þess, að honum farist ekki að tala um ósamræmi hjá öðrum þm. eða öðrum flokkum um þessi mál.

Ég vil svo að lokum aðeins undirstrika það, að hvort sem þessum hv. þm. telst svo til, að þetta sé hátt eða lágt gjald, sem talað hefir verið um gagnvart Siglufirði, þá er það víst, og ég býst ekki við, að nokkur, nema þá þessi hv. þm., beri brigður á það, og fylgihnöttur hans náttúrlega, að tilgangur okkar hv. 6. þm. Reykv. með því að mæla með þessu frv. er ekki sá, að hlaða undir Kveldúlf, samvinnufélag Ísafjarðar eða neina slíka einstaklinga, heldur vegna þeirra óska, sem bornar hafa verið fram af bæjarstjórn Siglufjarðar, að það opinbera veiti bráðabirgðahjálp til þess að bæjarsjóður Siglufjarðar geti fengið meiri tekjur en hann hefir hingað til haft.

Ég vona svo, þegar það kemur hér til umr. að létta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, þá verði þessir hv. þm. ekki síður skeleggir en nú að reikna það út, hvað hver bátur þarf að greiða í ríkissjóð, og bezt að gleyma þá ekki því, sem nú er lagt til grundvallar, og taka það þá með, þær vörur, sem bátaútvegurinn þarf með og nú er tekið gjald af.

Gísli Guðmundsson: Ég skal ekki vera langorður, enda hefi ég aðeins rétt til að gera stutta aths., en ég vil endurtaka þá ósk, að frv. verði tekið af dagskrá nú og umr. frestað, en þeir hv. þm., sem borið hafa fram brtt., taki þær aftur til 3. umr.

Annars var það út af ræðu hv. þm. Vestm., að ég kvaddi mér hljóðs, vegna þess að hann var að draga afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum inn í þessar umr. Það hefir komið fram oftar, að sjálfstæðismenn hafa gert mjög mikið úr því, að það væri órétt að afnema ekki útflutningsgjald af sjávarafurðum, fyrst afnumið hefði verið útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum. Mér virðist, að hér gæti allmikils misskilnings. Í fyrsta lagi er það að segja, eins og hv. þm. Ísaf. líka upplýsti, að um leið og útflutningsgjald af landbúnaðarvörum var afnumið, þá var létt af sjávarafurðum, sem nam talsvert hærri upphæð en gjaldinu af landbúnaðarafurðum.

Í öðru lagi er það að segja, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum kom óréttlátlega niður, því að það kom eingöngu á þann hluta landbúnaðarafurða, sem út var fluttur. Hér var því um ósamræmi að ræða, sem orsakaði misrétti innan sjálfs landbúnaðarins.

Svo má benda á það að lokum, að það er ákaflega hlálegt, ef ríkissjóður ætti að leggja gjald á t. d. útflutt saltkjöt og freðkjöt á sama tíma og veitt er fé úr ríkissjóði til að bæta upp verð á þessu kjöti. Þetta tal hv. þm. er því mjög úr lausu lofti gripið, og ég er satt að segja hissa á því, að hv. þm. skuli bera fram þvílíkar röksemdir.

Forseti (JörB): Ég mun ekki sjá mér fært að verða við þeim tilmælum hv. þm. N.-Þ. að taka málið af dagskrá, þar sem hv. flm. frv. hafa mótmælt því. Ég vil líka benda á, að málið kom fyrir í síðasta mánuði og hefir oft verið áður á dagskrá. En ég vil beina því til hv. flm. brtt., að það væri hyggilegt að fresta þeim til 3. umr.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu. — Ég skal ekki fara út í það að tala um samræmi yfirleitt, og sízt í skattamálum, þar sem það er ekki hér á dagskrá. En ég vil þó segja það í þessu sambandi, að það virðist ekki mikið samræmi í því að láta sum bæjarfélög hafa heimild til slíks vörugjalds, en láta önnur ekki fá hana.

Nú er mér það ljóst, að með því að greiða hið háa gjald, sem nú er greitt af síldarmjöli og síldarlýsi, þá er lagður stór steinn í götu þeirra, sem þessa atvinnu stunda, og meðfram þeim gert örðugra, sem stunda fiskveiðar. En það mundi þó, svei mér, ekki bæta úr skák eða verða til að auka samræmið — þó að ég eða minir flokksmenn höfum hingað til ekki séð fært að lækka þetta gjald, — ef við nú ættum að leyfa Siglufirði að hækka þetta háa gjald eins stórkostlega og hv. 6. þm. Reykv. leggur til. Ég sé ekki, að í því sé neitt samræmi hjá honum.

Ég vil ennfremur segja það, að það er lítið samræmi í því hjá hv. þm. Vestm., sem vill fá útflutningsgjaldinu aflétt, sem er viðurkennt, að er talsvert þungbært, að þegar því fæst ekki aflétt, þá skuli hann vilji bæta öðru jafnháu eða hærra gjaldi ofan á.

Hv. þm. Vestm. hélt því fram, að mér hefði þótt það nóg, þegar útflutningsgjald af síld var fært til samræmis við annað af sjávarafurðum, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum var fellt niður. Þetta hefi ég ekki sagt, heldur það, að um leið og létt var af útflutningsgjaldinu af landbúnaðarafurðum, þá hefði verið fært til samræmis útflutningsgjald af síld, og hefði sú lækkun numið miklu meiru en útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum.

En þegar verið er að ræða um útflutningsgjald, hvað það nemi miklu, þá er vert að athuga það, að útflutningsgjald í ríkissjóð af 1000 skpd. af þurrfiski með 60 kr. verði nemur um 1000 kr., en 1000 skpd. þykir góður afli á mótorbát. Þegar verið er að kvarta um, hvað þetta sé þungur skattur, þá má ítreka það, sem ég hefi áður bent á, að Siglufjarðarkaupstaður tekur nú jafnháan skatt og þessi er í hafnarsjóð af meðalsíldarafla eins mótorbáts. Og með frv. þessu er nú farið fram á, að Siglufjarðarbær fái að taka aðrar 1000 kr. í viðbót í bæjarsjóð Siglufjarðar. Gjaldið af ekki stærri síldarbát með sæmilegum afla á Siglufirði yrði þá samkv. till. þessara hv. þm. 100% hærra en útflutningsgjald í ríkissjóð er af 100 skippundum af fiski, sem er mjög sæmilegur þorskafli á mótorbát.

Hv. þm. Vestm. var að tala með lítilsvirðingu um einhvern fylgihnött. Ég get sagt hv. þm. Vestm. það, að ég óska honum til hamingju með þann fylgihnött, sem mun skyggja stórlega á hann áður en langt um líður.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að beina nokkrum orðum til hv. þm. N.-Þ. Hann taldi afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum ekkert koma þessu máli við. Hann hefir nú hlustað á þessar umr. og veit, að það hefir verið minnzt á það mál í sambandi við þær brýningar, sem við höfum orðið fyrir af hálfu þeirra manna í sjútvn., sem hafa ekki viljað fallast á að afnema það almenna útflutningsgjald af sjávarafurðum. Og ég vil ennfremur segja hv. þm. það, að það er ekkert undarlegt, þótt minnzt sé á afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum, því að með því afnámi var stigið fyrsta sporið í áttina til afnáms á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Við sjálfstæðismenn lögðumst ekki á móti því, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum væri afnumið, heldur greiddum við flestir eða allir atkv. með því, en tókum það fram um leið, að það væri ekki hægt að mismuna þannig aðalatvinnuvegum landsmanna, og því yrði að gera það sama gagnvart sjávarútveginum áður en langt um liði.

Sú ástæða, sem hv. þm. N.-Þ. bar fram, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum hefði verið fellt niður af þeirri ástæðu, að gjaldið hefði komið svo misjafnt niður á bændur, er ekki frambærileg, því að það hefir sýnt sig, að löggjöfin hefir haft leiðir, sem taldar eru vel færar, til þess að jafna verðið milli bænda með svokölluðu verðjöfnunargjaldi, sem allir kannast við og hefir verið samþ. bæði í kjötsölu- og mjólkursölulögunum. Var því opin leið að koma þar á réttlæti milli ýmissa aðilja úti um sveitir landsins.

Hv. þm. Ísaf. þarf ég engu að svara. Vera kann, að hann sé spámaður fyrir önnur kjördæmi og aðra landshluta, þó að hann hafi ekki enn reynzt það í framkvæmdinni fyrir föðurlandið og sitt eigið kjördæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 296, 273, 315, 577, 578 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83., 84., 85. og 86. fundi í Nd., 26., 27., 28. og 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 71, n. 273, 296, 315, 577, 578, 659).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 659. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég ætla að fá leyfi til þess að bera fram nýja brtt. við brtt. á þskj. 596, sem er að efni til að vissu leyti eins að því er snertir að heimilt sé að leggja á ákveðna hækkun á núv. vörugjald, en þó ekki meira en 50%, en þó þannig, að bæjarstj. sé heimilt að undanskilja vörur frá þessari hækkun, og síðan er viðbót, sem er á þá leið, að ef samþ. verði l. um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, skuli þessi heimild um hækkun falla niður við gildistöku þeirra. En Siglufjörður er þannig staddur, eins og fleiri, að hann verður að fá nýja tekjustofna þegar í byrjun næsta árs, og er þess vegna farið fram á þetta bráðabirgðaákvæði um að hækka megi vörugjaldið eins og segir í frv. Ég bar hér fram till., þar sem tekið er fram, að þetta ákvæði um hækkun vörugjaldsins gildi aðeins fyrir árið 1936. En við það, að ég ber fram þessa skrifl. brtt., tek ég hina till. aftur. Það er eðlilegra, að þetta ákvæði sé aðeins í gildi þar til ný l. um sama efni ganga í gildi. Það er ekki útlit fyrir, að nein ný tímamót séu framundan í þessu efni; auk þess sem það er nauðsyn fyrir Siglfirðinga að fá þessa hækkun, þá er það fullkomin sanngirniskrafa, sem liggur til þess, að þetta frv. með þessum breyt. fáist afgr. í Nd., þegar þess er gætt, að það er þegar fyrir nokkrum dögum búið að samþ. svipað ákvæði um Sauðárkrók og sömuleiðis búið að afgr. sem l. ákvæði um Vestmannaeyjakaupstað, sem heimila að innheimta slíka hækkun. Þetta eru aðeins bráðabirgðaákvæði, sem ekki er ætlazt til, að gildi lengur en þar til l. verða sett almennt um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og því ekki hættulegt að lögfesta það, sem hér er farið fram á. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa skrifl. brtt., sem er á þessa leið:

„Meginmál till. orðist svo:

Bæjarstjórn Siglufjarðar skal heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% af síldarmjöli, síldarolíu og fiskimjöli og um 50% af öðrum vörum. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni. Gengur hækkun þessi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Verði samþ. lög um nýja tekjustofna kaupstaða og sveita, skal þessi heimild falla niður við gildistöku þeirra laga.“

Ég vil taka fram til viðbótar, að mér skilst, að þá till., sem hv. 2. þm. N.-M. hefir flutt, mætti taka aftur, vegna þess, að í þessari minni till.

felst almenn heimild fyrir bæjarstj. Siglufjarðar til þess að fella niður þetta vörugjald. Það leiðir af sjálfu sér, enda kemur fram í hinni upphaflegu frvgr., að ekki er ætlazt til, að þetta gjald verði sett á neyzluvörur, svo að um þetta erum við sammála, hv. flm. og ég, en það er eðlilegra að hafa hina almennu heimild í þessari till. heldur en að hún sé bundin við ákveðna vörutegund eins og í till. hv. þm.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 665) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég á hér brtt. við brtt. á þskj. 315. Mönnum er kunn mín aðstaða til þessara mála, að ég hefi verið á móti því að veita einstökum kauptúnum og kaupstöðum rétt til þess að velta af sér eðlilegum gjöldum yfir á aðra. Nú er það svo, að aðstaðan er misjöfn að því er þetta snertir. Það hefir verið rætt um það hér í d., að Vestmannaeyjar hafi sérstöðu í þessu efni, þar sem þær skipti ekki nema við sjálfar sig. Þar næst eru svo Siglfirðingar, sem lítið selja vörur öðrum en sjálfum sér og þeim, sem þar stunda atvinnu. En til þess þó að milda frv., ef að l. skyldi verða, þá hefi ég í brtt. lagt til, að á eftir orðunum „almennum neyzluvörum“ komi: og útflutningsvörum. Ef heimildin yrði eins mikil og ráð er gert fyrir í frv., þá yrði þetta tilfinnanlegur skattur á þá mörgu menn, sem sækja atvinnu þangað og vinna að framleiðslu þessara vara. Tel ég því, að rangt sé að leggja þetta gjald á. Hv. 8. landsk. talaði um það, að ég mundi geta gengið að sinni brtt. Ég get það ekki, af þeirri ástæðu, að hjá honum er það aðeins heimild fyrir bæjarstj., en í minni till. er það „skal vera undanþegið,“ og það er tvennt ólíkt. Af þessum ástæðum get ég ekki fallizt á brtt. hv. þm., en geri hinsvegar ráð fyrir, að hv. þm., sem hafa flutt brtt. á þskj. 315, geti sætt sig við, að þetta útflutningsgjald sé yfirleitt undanþegið og geti því greitt atkv. með minni till., sem kemur auðvitað á undan til atkv., þar sem hún er fyrr fram komin. Hinsvegar lít ég svo á, að þar sem um jafnstórfelldan atvinnurekstur er að ræða eins og síldarverksmiðjur ríkisins, þá sé ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þær borgi eitthvað í bæjarsjóð, og er ég þar á sama máli og hv. þm. Ísaf., að séu þær reknar á samvinnugrundvelli, þá eigi þær að borga í bæjarsjóð eins og samvinnufélögin. En því miður held ég, að á það bresti, að þær séu reknar eins og samvinnufélög. Ég vildi gjarnan ganga að því að láta koma útsvör á verksmiðjurnar á svipuðum grundvelli og lögð eru á samvinnufélög, en þó því aðeins, að þær séu reknar eins og samvinnufyrirtæki. Ég geri mér því vonir um, að þeir, sem standa að brtt. á þskj. 315, geti fallizt á mína till., því að hún undanskilur, eins og till. þeirra, útflutningsvörur. En það vil ég fá skýrt, en ekki heimild, eins og er í hinni skrifl. brtt. hv. 8. landsk.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en ég hefi áður í þessu máli, þegar það hefir verið á dagskrá, bent á, hvert herfilegt óréttlæti síldarútvegsmönnum væri sýnt, ef þetta frv. næði fram að ganga, þar sem Siglfirðingar taka nú vörugjald af afla eins meðalmótorbáts, 1000 kr., í hafnarsjóð, og þeir myndu, ef þetta frv. yrði samþ., auk þess taka 1000 kr. af sama bát í bæjarsjóð. Það hefir verið bent á, að það væri nauðsynlegt fyrir Siglfirðinga, að bærinn nyti þessara hlunninda, að geta lagt skatt á útgerðina, sem þangað kæmi. Ég hefi bent á, hve miklar atvinnubætur Siglfirðingar hafa af þessari útgerð, og auk þess vil ég benda á það, að Siglfirðingum ber eftir útsvarslögunum að fá hluta af útsvari þeirra skipa, er þarna leggja upp síld. Ef þessi hlutur Siglufjarðarkaupstaðar verður heldur rýr, stafar það af því, að útsvör þessara skipa þar, sem þau eiga heima, eru lítil. Og hvers vegna eru þau lítil? Það er af því, að útgerðin ber sig ekki. Mér er kunnugt um, að mjög víða er ekki lagt á þessi skip meira en 4—500 kr. í útsvar á þeim stöðvum, þar sem skipin eiga heima allt árið. En í þessu ósvífna frv. er ætlazt til, að Siglfirðingar geti lagt á þá 1000 kr., auk þeirra 1000 kr., sem þeir áður hafa fengið í vörugjöldum í hafnarsjóð. Ég get ekki skilið, að í þessu sé neitt réttlæti. Út af brtt., sem hv. 2. þm. N.-M. flytur við þá brtt., sem ég hefi lagt hér fram ásamt hv. 3. landsk., þá get ég vitanlega sagt það, að hún er aðgengilegri heldur en sjálft frv. og brtt. hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., en eigi að síður er ég á móti þessari till., þar sem ég álít, að það sé algerlega rangt af Alþ. að gefa einstökum sveitarfélögum möguleika til slíkra tekjustofna, en neita öðrum um að fara fram á hið sama. Á ég þar við þá almennu vörugjaldsheimild, sem felld var hér í hv. d., þegar Sauðárkróksheimildin var til umr. Það hefir verið bent á, að það væri áríðandi að afgr. þetta frv. nú þegar, því að Siglufjarðarkaupstaður þyrfti á þessum tekjum að halda þegar fyrra hluta næsta árs. En út af þessu vil ég segja það, að aðaltekjurnar, sem Siglfirðingar myndu fá af þessu, eru af þeim vörum, sem fluttar eru að og frá vegna síldveiðanna, en þeir vöruflutningar byrja ekki fyrr en það löngu eftir að næsta þing kemur saman, sem væntanlega afgr. löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, að af þeim ástæðum er engin nauðsyn að afgr. þetta nú þegar.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr., en síðasti ræðumaður, hv. þm. Ísaf., drap á það, að tekjurnar yrðu ekki neinar, eða mjög litlar, fyrri hluta árs. Ég skal játa, að þær eru minni fyrri hluta árs og þar af leiðandi líka minni ástæða fyrir hv. þm. að greiða atkv. móti þessari till., ef þeir sjá, að ekki fáist neitt í bæjarsjóð, þó að hún verði samþ. Það getur ekki farið saman að vera á móti samþykkt till. af því að þetta sé allt of mikil álagning á utansveitarmenn, en segja í hinu orðinu, að bæjarsjóð muni ekkert um þetta. Þetta er mótsögn, sem hv. þm. e. t. v. áttar sig á, þegar honum er bent á það. En sannleikurinn er sá, að það er rétt, að það verður tiltölulega minni upphæð, sem kemur í bæjarsjóð fyrri hluta árs, og það er það, sem réttlætir að leyfa þessu að ganga fram sem bráðabirgðaákvæði. Það

er hinsvegar annað, sem hv. þm. veit jafnlítið um og ég, hvort ný væntanleg l. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga verði gengin í gildi í júlímánuði næsta ár. Í öðru lagi er það rangt, sem hv. þm. sagði, að hver bátur með meðalafla borgi 1000 kr. í hafnarsjóð og síðan 1000 kr. í bæjarsjóð eftir þessu frv. Þetta eru tölur, sem hv. þm. finnur hér upp við umr. til þess að reyna að afla sínum málstað fylgis. Og hv. þm. veit, að þessar tölur eru a. m. k. algerð áætlunarupphæð hjá honum, og er það auðséð vegna þess, að bæjarstj. er heimilt að undanskilja ákveðnar vörur. Hvernig getur þá þessi hv. þm. vitað, af hvaða vörum þetta gjald verður tekið, þegar heimild er til að fella það niður af svo og svo mörgum tegundum? Það er ekki hægt að segja, hve miklu þetta nemur, fyrr en vitað er, á hvaða vörur verður lagt. Hv. þm. hefði getað sparað sér að halda þessa ræðu, því að hún var jafnvitlaus frá upphafi til enda.

Páll Zóphóníasson: Það eru tvö atriði, sem mig langar til þess að vekja athygli á. Annarsvegar vil ég benda þeim mönnum, sem eins er ástatt fyrir og hv. þm. Ísaf., að þeir líta svo á, að mín till. sé aðgengilegri en eins og það er í frv., að gá að sér við atkvgr., að það fari ekki svo fyrir þeim, að þeir felli það, sem þeir álíta aðgengilegra en það, sem er í frv., í von um að fá það, sem þeir álíta aðgengilegast, en er kannske ekki hægt að fá.

Hinsvegar vil ég benda hv. 8. landsk. á það, að mér hefir skilizt í þessari hv. d. og af blöðum sjálfstæðismanna, að það væri samhljóma heróp þeirra að afnema öll gjöld af útflutningsvörum. Er þetta ekki rétt hjá mér? Eða er hv. þm. í ósamræmi við vilja Sjálfstfl.? En ef svo er ekki, þá geri ég ráð fyrir, að hann verði með brtt. minni og vilji ekki leggja gjöld á útflutningsvörur. Og mig minnir líka, að Sjálfstfl. sé með frv. um að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum í ríkissjóð, — en er þá betra að leggja það á þær útflutningsvörur, sem framleiddar eru á vissum stöðum, og það töluvert hærra en það nú er í ríkissjóð? Ætla þeir sér að ná réttlæti í því að láta suma framleiðendur gjalda það, en aðra ekki? Eða er réttlætiskenndin lítil?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 273,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 273,2 samþ. með 21:1 atkv.
— 273,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 659 felld með 16:6 atkv.
— 315 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, PÞ, PO, SE, StJSt, BJ, BÁ, EmJ, EystJ[1]), FJ, GG, JörB.

nei: HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, GÞ, GSv.

JG, BB, EE, GÍ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 665 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfJ, SK, TT, GÞ, GSv, JJós, JS, PHalld.

nei: PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JakM, MT, ÓTh, PÞ, JörB.

GÍ, JónP, JG, BB greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 578 tekin aftur.
— 296 tekin aftur, en tekin upp af JakM og felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, SK, GÞ, JakM, JJós.

nei: JG, MT, PZ, PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, HV, JörB.

SigfJ, TT, EE, GG, GSv, GÍ, HannJ, JónP greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JS, ÁÁ, BB, JÓl, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 577 felld með 14:8 atkv.

Frv., svo breytt, fellt með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JónP, JS, PHalld, SigfJ, SK, GÞ, GSv.

nei: HannJ, HV, MT, PZ, PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

GÍ, JG, TT greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (JÓl, ÓTh, ÁÁ, BB) fjarstaddir.

1) **Fjmrh.:** Með tilvisun til þeirrar þáltill., sem fram er komin um að skipa þessum málum á næsta þingi, segi ég já.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Mjólkursala og rjóma (frv. PO o. fl.).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (þmfrv. A. 68).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég sé ekki ástæðu til, a. m. k. að svo vöxnu máli, að fara mjög mörgum orðum um það frv., er við þrír þdm. berum hér fram til breyt. á mjólkursölulögunum frá síðasta þingi, en ég vil þó byrja á því að rifja það upp fyrir hv. dm. og öðrum, sem öllum var ljóst í upphafi, er lög þessi voru sett, að árangur af afskiptum þess opinbera af afurðasölumálum bænda væri langsamlega mest undir því kominn, hvernig tækist með framkvæmd þessarar löggjafar. Þá var þess vegna höfuðatriðið fyrir bændur, sem fyrst og fremst áttu að njóta góðs af þessari löggjöf, að vel og giftusamlega tækist um framkvæmd hennar, þannig að notaðir væru allir þeir möguleikar, sem löggjöfin fól í sér, til þess að draga sem mest úr kostnaði við dreifingu og sölu mjólkur og mjólkurafurða, án þess þó að nokkuð væru skertir þeir markaðsmöguleikar, sem voru í landinu fyrir þessa vöru, og allra sízt að heft yrði með framkvæmdunum eðlileg þróun markaðarins.

Það er svo um slíka löggjöf sem þessa, að hún getur aldrei orðið annað en nokkurskonar rammi, sem markar höfuðstefnuna í málinu. Með l. út af fyrir sig varð því ekki annað gert en að skapa sem bezt skilyrði til þess að vinna megi bug á þeim erfiðleikum og torfærum á sviði þessa máls, sem framleiðendum sjálfum hefði ekki tekizt til fulls að brúa með frjálsum samtökum. Vitanlega er það annað höfuðatriði málsins, að löggjöfin sé í þessum skilningi sem fullkomnastur rammi fyrir framkvæmdina, en hitt er engu síður þýðingarmikið, að framkvæmdin takist vel, því undir henni er árangurinn að langsamlega mestu leyti kominn. Ég held, að engum blandist hugur um það, að mjólkursölulögin feli í sér mikla möguleika til þess að dregið væri mjög úr kostnaði við mjólkursölu hér í Reykjavík og dreifingu á mjólkinni, og ég held, að það ætti einnig að vera öllum ljóst, að það átti að vera hægt að ná þessum tilgangi löggjafinnar til hlítar, án þess að til nokkurs ágreinings kæmi milli seljenda og neytenda, ef framkvæmdanefndin hefði haft hag framleiðenda fyrir augum fyrst og fremst, eins og löggjöfin ætlast til.

Ég skal ekki að þessu sinni fara langt út í að lýsa því, hvernig tekizt hefir með framkvæmd mjólkursölunnar hér í Reykjavík, en ég ætla, að það sé skemmst af þeim málum að segja, að svo er komið, að aldrei hafi áður dregið upp jafniskyggilega bliku og nú í því máli gegn hagsmunum bænda. Það er því ekki ófyrirsynju, að bændur hafa nú gert sér grein fyrir því, hvílík vá er fyrir dyrum, og að þeim er það nú nokkurt áhyggjuefni, hvert stefnir í þessu máli. Bændur eiga svo hundruðum skiptir afkomu sína undir því, að vel notist mjólkurmarkaðurinn í Reykjavík og að hann frekar færi út kvíarnar en þrengist, því á því veltur um atvinnuframtíð bændanna, sem lagt hafa í ærinn kostnað við jarðrækt og annað til þess að auka sína framleiðslu.

Ég sagði áðan, að það hefði tvímælalaust verið hægt að draga úr kostnaði við dreifingu og sölu á mjólkinni án þess að árekstur yrði milli seljenda og neytenda hér í Reykjavík, ef hagsmunir bænda hefðu fyrst og fremst verið látnir sitja í fyrirrúmi. En það kom í ljós, og það jafnvel við fyrstu framkvæmd l., að þeir, sem að þeirri framkvæmd stóðu, misstu að nokkru leyti sjónar á höfuðtilgangi l., og ég held, að ástæðan hafi verið sú, að mjólkursölunefnd hafi haft önnur sjónarmið en þau, er samrýmzt geta höfuðtilgangi l., því í staðinn fyrir að hafa höfuðtilgang laganna sem leiðarstein í málinu, þá hefir brytt á nokkuð sterkri tilhneigingu hjá mjólkursölunefnd til þess að nota þetta mál á óeðlilegan hátt til framdráttaar fyrir sérstakan stjórnmálaflokk, eins og m.a. í því, hvernig ákvarðað var um brauðasölu í búðum mjólkursamsölunnar. En það var einmitt þetta, sem fyrst og fremst leiddi málið út á óheillabrautina.

Þá er það annað, sem valdið hefir mikilli sundurþykkju milli n. og neytenda, og það var það, að neytendur hafa ekki getað fengið keypta ógerilsneydda mjólk eða óstassaniserða, sem máske er réttara að nefna það, en í þessu efni var sjálfsagt að láta undan kröfum kaupenda, og

var slík eftirlátssemi tvímælalaust til hagsmuna fyrir framleiðendur, því að hún skapaði samsölunni vinsældir og gerði viðskiptin friðsamlegri en raun ber vitni um. Nú horfir það þannig við með þau viðskipti, að breyta verður til í þessu efni, ef koma á málinu út úr þeirri ófæru, sem það er komið í, og eina leiðin til þess virðist sú, að Alþingi taki í taumana með því að breyta lögunum. Þess vegna er það frv. fram komið, sem hér er til umr. Það er komið fram eftir ósk yfirgnæfandi meiri hluta þeirra bænda, sem hér eiga hagsmuna að gæta. Og það er þeirra ósk, að yfirráð mjólkursölunnar verði gefin þeim í hendur og að þeir hafi alla ábyrgð á framkvæmdinni. Við þetta er 1. gr. frv. miðuð, þar sem svo er mælt fyrir, að stjórn samsölunnar falli þegar í hendur bændum, og kveður þar á um þau hlutföll, sem eiga að vera á milli framleiðendafélaganna í stjórninni, og er það sá háttur, sem þeir sjálfir hafa komið sér saman um. Þessi breyt. er líka í samræmi við upphaflegan tilgang l., sem var sá, að bændur önnuðust sjálfir um sölu mjólkurinnar, og vitanlega bæru þá einnig ábyrgð á henni. Væri þá ekki öðrum um að kenna, ef miður færi.

Önnur breytingin, sem frv. felur í sér, er rýmkun á sölu ógerilsneyddrar mjólkur. Það er nú svo, að öll mjólk samsölunnar, að heita má, er gerilsneydd á mjólkurhreinsunarstöð Mjólkurfélags Reykjavíkur, sem samsalan hefir tekið á leigu, og er það þá vitanlega svo, að þar gæti einnig farið fram hreinsun á ógerilsneyddri mjólk. Það hagar svo til á þessari stöð, að þetta ætti ekkert að íþyngja samsölunni með sérstökum kostnaði, þar sem hreinsunin á að fara fram á sömu stöð með sama vinnukrafti, sem notaður er við gerilsneyðinguna.

3. gr. felur í sér breyt. á l., sem leiðir af 1. gr., sem sé að e-liður 9. gr. falli niður, þar sem mjólkursölunefnd eru falin yfirráð samsölunnar, og loks er 4. gr. um að fella niður bráðabirgðaákvæðin í lögunum.

Um fyrstu brtt. frv. við l. voru þeir fulltrúar bændanna, sem fengu okkur til að flytja þetta frv., alveg sammála, sem sé að þeim sjálfum verði fengin framkvæmdin í hendur, og það er eina úrlausnin, sem til er í málinu. Þeir telja, að í því efni hafi verið stórt óheillaspor stigið, jafnvel þó það fyrirkomulag, sem er, ætti ekki að vera nema til bráðabirgða. Ennfremur eru bændurnir sannfærðir um það, að ef þeir fái stjórnina í hendur, takist þeim að ná þeim tilgangi, sem löggjöfin ætlast til með því að draga úr kostnaði við dreifingu og sölu á nýmjólkinni, jafnframt því sem sættir geti komizt á og friðsamlegt samstarf við neytendurna. Þeir álíta þetta hvorttveggja samrýmanlegt og að hér hafi orðið árekstur, sem stafi af slysum, enda er það svo, að löggjöfin átti að verða bændum til hagsbóta, og má því í framkvæmdinni engan veginn snúast gegn þeirra hagsmunum.

Ég get í þessu sambandi bent á það, að á fulltrúafundi Mjólkurbandalags Suðurlands og Mjólkurfél. hér var það einróma álit allra fulltrúanna, að yfirráðin ættu að komast í hendur bændum sjálfum. Og ennfremur skal ég geta þess, að á aðalfundum þessara félaga var till. í þessa átt samþ. í einu hljóði, að undanteknum aðalfundi eins félagsins. Loks skal ég geta þess, að fyrir rúmri viku var haldinn fundur með fulltrúum af félagssvæði Mjólkurfél. Rvíkur, þar sem mættir voru tveir menn úr hverjum hreppi, og var þar samþ. einum rómi, að einum fulltrúa undanskildum, að bændur ættu að taka að sér framkvæmd mjólkursölunnar. Og sú samþykkt var gerð með það fyrir augum, að málið yrði tekið fyrir nú á þessu þingi og sú breyt. gerð á l., sem til þyrfti. Sá eini fulltrúi, sem greiddi atkv. gegn þessari ályktun, var sammála um það, að bændur ættu að hafa framkvæmdina, en gat sætt sig við, að á því yrði nokkur dráttur, að þeir fengju hana í hendur.

Mér þykir ekki ástæða til að fara um þetta miklu fleiri orðum að þessu sinni. Ég vænti þess, að allir velunnarar bænda og landbúnaðar og yfirleitt allir, sem vilja, að gott samkomulag fáist í þessu máli, geti orðið sammála um að kippa því í þann farveg, sem löggjöfin upphaflega ætlaðist til, að það félli í.

Ég vil að lokum leggja til, að frv. þessu verði vísað til hv. landbn. þessarar d. og jafnframt leggja mjög ríka áherzlu á það við þá hv. n., og þá fyrst og fremst við form. hennar, hv. þm. Mýr., sem ég sé þarna inni í ráðherraherberginu, að frv. fái mjög fljóta afgreiðslu í n. Því þessu þingi má engan veginn ljúka svo, að það geri enga tilraun til lagfæringar á því óstandi, sem ríkir í þessu efni. Vænti ég, að hv. landbn. verði við þessari ósk okkar flm. Veit ég það af samtali mínu við hv. form. n., þm. Mýr., að hann er okkur sammála um það, að fljótra og skjótra aðgerða sé þörf til þess að leiða málið til góðra úrslita á þessu þingi.

Pétur Halldórsson: Þó þessar litlu breyt. við mjólkursölulögin fáist samþ. á þessu þingi, þá álít ég þær ekki fullnægjandi, sérstaklega þegar tillit er tekið til mjólkurframleiðenda hér í Reykjavík. Ég vona, að tækifæri fáist síðar undir meðferð málsins að koma fram með brtt. til þess að rétta þeirra hag. Og treysti ég því fastlega, að þá gefist einnig tækifæri fyrir þá, sem líta vilja á hagsmuni framleiðendanna hér í Rvík, að taka þetta atriði til athugunar í samvinnu við hv. landbn. um leið og hún hefir frv. til athugunar.

Forseti leitaði atkv. um að vísa málinu til 2. umr., en þar sem ekki fékkst næg þátttaka, lýsti forseti yfir, að atkvgr. yrði frestað til næsta dags.

Sigurður Einarsson: Það hefir hvað eftir annað borið við hér á þingi, að andstöðuflokkar núv. meiri hl. hafa ekki óskað eftir að taka þátt í atkvgr., og það hefir ekki verið átalið eða vítt, svo að ég muni til. Ef það er einhver réttur, sem þeir hafa, að leiða mál hjá sér, þá leiðir það af sjálfu sér, að við höfum hann á sama hátt, þangað til úr því verður skorið til fullnustu, hvort þessi vinnubrögð skuli viðgangast hér eða ekki. Það er bezt, að þetta atvik verði til þess að knýja fram úrskurð, sem gildir fyrir alla.

Forseti (JörB): Ég hefi oft bent hv. þdm. á, að það er í raun og veru að bregðast þingmannsskyldu sinni að greiða ekki atkv. nema sérstaklega standi á, þannig, að málið, sem greidd eru atkv. um, snerti menn persónulega á einhvern hátt. Þó að það hafi einstaka sinnum komið fyrir, að menn hafa ekki greitt atkv., þá er það ekki nein algild regla, og vona ég, að hv. þdm. taki það ekki upp.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil benda á, að það er meinloka í höfðinu á hv. 9. landsk. þessi samanburður, sem hann var að gera. Það er vitað, að stjórnarandstæðingarnir eru í minni hluta og geta alls ekki hamlað framgangi mála, því að meiri hlutinn getur komið þeim fram fyrir því. Þó er ég ekki að gefa neinn úrskurð um, hvort rétt sé að sitja hjá atkvgr. eða ekki.

Ef meirihl.flokkarnir hér á Alþingi ætla sér að hafa þessa aðferð til þess að drepa mál, þá er það af því, að þeir hafa ekki mannrænu til þess að segja já eða nei. Þetta er þess vegna allt annað en þótt minni hl. sitji hjá.

En þetta getur hafa ruglazt í höfðinu á hv. 9. landsk., því að mjólkin er orðin að hálfgerðum gerli í höfðinu á honum.

Forseti (JörB): Það er ekki nauðsynlegt að viðhafa nein svigurmæli út af þessu máli, en ég vil alvarlega beina því til hv. þdm. að taka þátt í atkvgr.

Þorbergur Þorleifsson: Þar sem það hefir viðgengizt óátalið, að menn greiða ekki atkv. í málum hér á hv. Alþ., tel ég mig einnig hafa rétt til þessa eins og aðra og greiði því ekki atkv.

Forseti (JörB): Hv. þdm. vita það vel, að það er ekki á valdi forseta að toga atkv. út úr þm., ef þeir neita að greiða atkv. Hann á ekki annars úrkosta en að beita þingvítum — svipta þá dagkaupi —, en ég geng út frá því sem sjálfsögðu, að hv. þm. uppfylli skyldur sínar.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það sé heimilt, að hans áliti, að fresta atkvgr., og ef það er heimilt, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta henni, þó ekki sé nema um stundarfjórðung. Eins og hæstv. forseti veit, er það í fyrsta skiptið, sem haldinn er þingfundur eftir kaffihlé, og ég veit, að margir hv. þdm. hafa ekki gert ráð fyrir, að þessi þingfundur yrði haldinn, og voru gengnir af fundi áður en hæstv. forseti lýsti því, að fundi yrði haldið áfram að kaffihléi loknu. Ég óska þess vegna eftir því, úr því að stjórnarflokkarnir ætla að taka upp þann sið að drepa mál með því að sitja hjá við atkvgr. og þar með gefa okkur gott fordæmi um það, hvernig við eigum að haga okkur í þessu efni, að hæstv. forseti, undir þessum sérstöku kringumstæðum, ef hann telur það heimilt, gefi stundarfjórðungs hlé til þess að kostur gefist á að koma boðum til þeirra þm., sem eru fjarverandi, um þessa bardagaaðferð stjórnarliðsins. Því að það er eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að það er réttur meiri hl. að fella frv. með því að greiða atkv. gegn þeim, en hitt kynni að orka tvímælis, hvort réttur til að sitja hjá við atkvgr. er jafnmikill hjá meiri hl. eins og minni hl.

Ég vil svo mælast til þess, að hæstv. forseti úrskurði um, hvort heimilt sé að fresta fundi, og fá að vita, hvort hann vill verða við þeirri ósk að fresta fundinum, ef það er heimilt.

Forseti (JörB): Ég tel það heimilt að fresta atkvgr. um málið, enda hefir það oft komið fyrir á þingi, ef nauðsyn hefir borið til. En sakir þess, að margir eru fjarverandi, mun ég ekki láta úrslit málsins vera komin undir því í kvöld, en ég vil samt sjá, hvernig atkvgr. fer, til þess að komast að raun um, hvort til þess þarf að taka að fresta atkvgr.

Héðinn Valdimarsson: Vegna þess, að ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvort þetta frv. fer til næstu umr. eða verður fellt af ónógri atkvgr., þá segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Þó að andstöðuflokkur stj. hafi hvað eftir annað leikið það, bæði á þessu þingi og því síðasta, að reyna að drepa mál með því að sitja hjá atkvgr., þá mun ég, í því trausti, að þeir leggi niður þann óvana, greiða atkv. og segja já.

Forseti (JörB): Þar sem þátttaka í atkvgr. er ekki nægileg til þess að afgreiðsla málsins geti farið fram á þann hátt, sem viðunandi er, og sakir þess, að mjög margir eru fjarverandi, þá verður atkvgr. frestað þangað til á morgun og málið tekið út af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson: Ég vissi ekki betur en að búið væri að biðja um nafnakall, þegar málið var síðast til umr., og furðar því á, að því skyldi ekki vera haldið áfram nú.

Forseti (JörB): Atkvgr. hefir nú farið fram og er lokið, og vona ég því, að hv. þm. fari ekki að þrátta um þingsköp.

Héðinn Valdimarsson: Ég verð að segja, að mér þykir það einkennileg þingsköp, þegar búið er að óska nafnakalls og því er frestað, að síðan er horfið alveg frá því og menn látnir rétta upp hendurnar.

Forseti (JörB): Hv. 2. þm. Reykv. ætti að minnast þess, að atkvgr. var frestað, og þeim fundi síðan slitið. Nú hefir verið settur nýr fundur og málið tekið upp að nýju, en nú hefir engin ósk komið fram um nafnakall, annars

hefði ég sjálfsagt tekið hana til greina og orðið með henni.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 68, 248, 249, n. 252).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: N. hefir klofnað um þetta mál að því leyti, að meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með allmiklum breyt. Hv. þm. Hafnf. leggur á móti málinu, en hv. 2. þm. N.-M. skrifar undir nál. með fyrirvara.

Aðalbreytingarnar, sem gerðar eru á mjólkurlögunum, eru þrennskonar, eða þrjár. Fyrsta aðalbreyt. er sú, að ákveðin er föst regla um það, á hvern hátt samsölustjórninni sé fyrir komið. Í öllum afurðasölulögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, er eitt meginatriði, þótt lögin fjalli um ýmsar tegundir afurða, það er, að salan á afurðunum sé að sem mestu leyti í höndum framleiðendanna sjálfra. Grundvallaratriðið í fisksölulögunum, sem síðasta þing samþ., var það, að framleiðendur sjálfir mynduðu með sér félag, sem sæi um sölu á afurðunum og hefði þau mál til meðferðar; því aðeins að þeir gætu ekki komið sér saman um að leysa þau mál, átti að grípa til einkasölu. Sama er að segja um síldarsölulögin; meginatriði þeirra var, að síldarframleiðendur færu sjálfir með þau mál. Það er að vísu svo nú með síldarsöluna, að nýskeð hefir verið ákveðið að taka upp einkasölu á síld, eftir að það hafði sýnt sig, að aðilar gátu ekki komið sér saman um þau mál, og sérstaklega strandaði það á mismunandi „interessum" síldarspekulanta eða síldarsaltenda og síldarframleiðenda. Það voru sjómenn og síldarframleiðendur, sem réðu því, að þar var tekin upp einkasala. Í kjötsölulögunum er gert ráð fyrir, að framleiðendur eða félag framleiðenda hafi þau mál með höndum, og þau hafa verið framkvæmd þannig, og það gefizt vel. Í mjólkursölulögunum var líka gert ráð fyrir því, að framleiðendur taki söluna í sínar hendur, en sú breyt. varð á, að þegar þau komu til Ed., var sett inn ákvæði til bráðabirgða, að fyrst um sinn skyldi mjólkursölunefnd fara með þessi mál, en að þeim tíma loknum skyldu framleiðendur sjálfir taka þau í sínar hendur; en þetta eru tvennskonar verkefni. Annað verkefnið er það, að hafa yfirumsjón með sölunni. Það hefir verið ákveðið, að nefndin fari með þau mál, sem hættast er við, að valdi deilum, t. d. að ákveða verðjöfnunarsvæði og skiptingu verðjöfnunargjalds. Eftir okkar till. eiga þessi misklíðarefni að vera í höndum mjólkursölunefndar, en salan sjálf á, eins og upprunalega var til ætlazt, að komast í hendur framleiðendanna sjálfra. Það verður að líta svo á, að eðlilegt sé, að þeir menn, sem bera hitann og þungann af framleiðslunni, hafi þau mál með höndum sjálfir.

Ég vil leggja sérstaklega áherzlu á þetta vegna þess, að það hefir sýnt sig, að mikill meiri hl. bænda er hlynntur þeirri skipun málsins og hefir borið fram óskir um, að þeir gætu sjálfir fengið söluna í sínar hendur.

Ég skal nú skýra, í hverju till. eru fólgnar.

Í fisksölulögunum og síldarsölulögunum er það tekið fram, að sölu sé þannig hagað, að framleiðendur fari sjálfir með stjórn hennar, og er þá tekið tillit til magns þeirrar vöru, sem þeir hafa með höndum, og atkvæðafjölda, tengt saman við sölumagn og mannfjölda, og skipulagið byggt upp á þeim grundvelli. Á sama hátt leggjum við til, að hér verði hagað til. Er svo til ætlazt, að hvert bú fái einn fulltrúa fyrir hverja milljón lítra mjólkur eða brot úr milljón, sem þó er fram yfir hálfa milljón; líka á hvert bú að fá einn fulltrúa fyrir hverja hundrað framleiðendur og brot úr hundraði, sem er yfir hálft hundrað. Ennfremur er gert ráð fyrir, að félög framleiðenda innan lögsagnarumdæma verðjöfnunarsvæðisins hafi einn fulltrúa í sölustjórninni, eftir sömu reglum og settar eru um fulltrúa frá mjólkurbúunum. Á þennan hátt myndast fulltrúaráð sem grundvöllur fyrir sölustjórninni, en það kjósi svo aftur sölustjórn, og er svo til ætlazt, að hún sé skipuð þremur mönnum. Ég get ekki séð, að það sé réttlátara að byggja sölustj. upp á annan hátt en þennan, ef það er á annað borð rétt, að framleiðendur í þessari grein, eins og öðrum, fari sjálfir með sölu afurða sinna.

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að sé sölustjórn kosin á þennan hátt, þá verður að telja sennilegt, að því lengur sem starfað er eftir þessu fyrirkomulagi, því betur fari að koma í ljós þau ýmsu sameiginlegu hagsmunamál, sem búin eiga. Og þegar hugsunin fer sérstaklega að sveigjast að þeim og leita að lausn á þeim, þá er það sennilega ekki langt undan, að framkvæmdirnar fari að þróast inn á þá braut, sem liggur að því, að öll mjólkurbú, sem eru á sama verðjöfnunarsvæði, renni að lokum saman í eina heild. Í gegnum fulltrúaráðið er gert ráð fyrir, að þetta samstarf geti þróazt, og ég álít, að þetta samstarf eigi að þróast. Með þessari till. á því þannig að vera slegið föstu í l., að framleiðendur sjálfir fái stjórn sölunnar í sínar hendur. Hitt vil ég taka fram aftur, að þau mál, sem líklegt er talið, að geti valdið deilum, er ætlazt til, að séu í höndum mjólkursölunefndar og hún skeri úr, hvað réttlátt sé í hverju einstöku deiluatriði, sem kann að rísa. Þetta er sú breytingin, sem aðallega varð til þess, að við leggjum til breyt. á lögunum, en fyrst út í það var komið að leggja til, að l. væri breytt, fannst okkur rétt að gera um leið fleiri breyt., sem sjálfsagt mætti telja, að yrðu vinsælar og gætu því hjálpað til þess, að lögin næðu tilgangi sínum.

Ég skal þá geta nokkuð um aðra breytinguna, sem við leggjum til, að gerð sé á l., en hún er sú, að þær tvær n., sem samkv. núgildandi l. fara með mál mjólkursamsölunnar, séu færðar saman í eina n. Nú eru þessar n. með 12 mönnum samtals, — önnur með 7, en hin með 5 mönnum. Eins og kunnugt er, hefir hér í gegnum þessa hv. d. farið frv. um það, að kostnaður við þessar n. lendi allur á framleiðslunni sjálfri. Þess vegna teljum við sjálfsagt, þegar svo er komið, að reyna að spara kostnaðinn með því að færa n. saman, án þess þó að gera þær óstarfhæf-

ar. Sú n. leggjum við til, að verði 5 manna n., byggð upp á svipaðan hátt og verðlagsnefndin er nú, og hún á að geta leyst þetta hlutverk af hendi á sama hátt og n. þær, sem nú hafa þessi mál til meðferðar.

Þriðja brtt. okkar er sú, að rýmkuð verði þau ákvæði í l., sem heimila sölu á vélhreinsaðri og kaldhreinsaðri mjólk. Það hafa komið kröfur frá neytendum um, að gefinn sé frjáls aðgangur að þessari mjólk, og við sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að samsalan hafi þessa vöru á boðstólum í búðum sínum, ef þess er gætt, að hún sé tekin frá þeim búum, þar sem hægt er að tryggja fullkomið heilbrigðis- og hreinlætiseftirlit með framleiðslunni. Þetta er sú hliðin, sem sérstaklega veit að neytendum, og vil ég leggja höfuðáherzluna á það, að framkvæmdir mjólkursamsölunnar séu þannig, að sem minnstur styr standi um þær; því vitanlega byggist gagnsemd hennar á því, að hún verði vinsæl meðal almennings, bæði framleiðenda og neytenda.

Ég skal svo ekki fara nánar út í þessar brtt. að sinni. Ég hefi nú nokkuð rakið, á hverju þær byggjast, og vil svo taka upp aftur með fáum orðum, hverjar þessar þrjár aðalbrtt. eru:

1. Að í lögunum sjálfum sé ákveðið, á hvern hátt sölustj. sé mynduð.

2. Að spara kostnað við þær n., sem fara með önnur mál samsölunnar, án þess þó að gildi þeirra sé rýrt.

3. Að verða við kröfum neytendanna um frjálsari aðgang að sölu kaldhreinsaðrar mjólkur.

Þetta eru höfuðbreytingarnar, og hinar brtt. eru aðeins afleiðingar af þeim.

Að lokum vil ég geta þess, að það, sem ég hefi sagt um þetta mál, hefi ég sagt fyrir mína hönd og meiri hl. landbn. Mér hefir ekki tekizt að fá um þetta samvinnu við minn flokk og tala því ekki fyrir hans hönd.

Þá vil ég geta enn um eina breyt., en hún er sú, að færa niður það ákvæði í lögum, sem gerir ráð fyrir, að verðjöfnunargjald miðist við 3000 lítra ársnyt, og verði því breytt þannig, að verðjöfnunargjald miðist við 2500 lítra ársnyt. Það er ómótmælanlegt, að þeir framleiðendur eru fáir, sem hafa það góðar kýr, að þær geti sýnt þessa nythæð, og þó það sé til, þá mun hitt nær lagi, ef réttilega er tekið tillit til þess, að margir hafa ekki svo góðar kýr, að þær gefi yfir 2000 lítra ársnyt. Sömuleiðis er það, að þeir menn, sem selja utan samsölunnar, verða líka að borga af þeirri mjólk. Álít ég því réttast að færa takmarkið að nokkru leyti niður. Það hafa borizt fleiri brtt. við þetta mál frá nokkrum þm. Reykv., og mun ég ekki ræða þær f. h. n. fyrr en þeir hafa minnzt á þær sjálfir.

Emil Jónsson: Eins og tekið hefir verið fram og greinir í nál., er ég frv. þessu ósamþykkur, og vil ég gera grein fyrir minni afstöðu sérstaklega.

Þetta frv. fer fram á tvær aðalbreyt. á núgildandi l. um sölu mjólkur. Í fyrsta lagi, að stj. samsölunnar verði breytt frá því, sem nú er, og þegar í stað gefin framleiðendum einum í hendur. Í öðru lagi að rýmka sölu á vélhreinsaðri mjólk samhliða gerilsneyddri.

Það er nú svo, að í l., sem nú gilda, er gert ráð fyrir, að núv. ástand þessa máls sé bráðabirgðaástand eingöngu, sem gildi til 1. maí næstk. En þá eiga mjólkurframleiðendur sjálfir eftir l. að taka málið í sínar hendur. Svo að það mætti ætla, að það þyrfti ekki um þetta sérstaka lagasetningu nú.

Ég er ósammála hv. þm. Mýr. og meiri hl. n. um það, að það eigi algerlega að útiloka neytendurna frá því að hafa ítök um sölufyrirkomulagið. Hv. þm. tók til dæmis, til þess að sanna mál sitt, að fiskframleiðendur og síldarframleiðendur réðu einir um söluskipulag sinna vara. En það er nokkuð annað, því að síld og þorskur er hvorttveggja að mestu leyti selt út, þannig að sölumarkaður fyrir þær afurðir liggur svo langt frá okkur, að við getum ekki haft bein sambönd við neytendur um sölufyrirkomulag þessara vara, eins og hægt er um mjólkina. Og ég hygg líka, að Spánverjar og Þjóðverjar myndu þakka fyrir, ef íslenzkir framleiðendur færu að leggja þeim lífsreglur um sölu fisks og síldar. Það eru neytendur í þessum löndum, sem hafa hér hönd í bagga, eða fulltrúar þeirra, en það er kaupmannastéttin.

Af þessari ástæðu er það, að mér finnst þetta frv. ekki breyta neinu til batnaðar, þannig, að horfi til betri samvinnu neytenda og framleiðenda, sem ég álít nauðsynlegan grundvöll undir samkomulagi og kyrrð í þessu máli. Þar að auki búum við nú — eins og ég tók fram áðan — við bráðabirgðaástand, en eftir 1. maí er ætlazt til, að breyt. megi gera. Þess vegna er í raun og veru ekki hægt að segja um það, hvernig lögin muni endanlega reynast í framkvæmd fyrr en þau ákvæði eru komin til framkvæmda. Og þess tíma er ekki langt að bíða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þessi l. verði tekin til allsherjar endurskoðunar eigi síðar en á reglulegu Alþingi 1936 — eða innan eins árs. Þess vegna finnst mér ekki úr vegi að sjá, hverju sú breyt. fær áorkað, sem gert er ráð fyrir eftir 1. maí, en káka ekki við breyt. nú, láta endanlega endurskoðun þeirra bíða næsta hausts eða reglulegs þings 1936, sem er sá síðasti tími, sem taka má þau til endurskoðunar.

Um vélhreinsaða mjólk er það að segja, að ég er út af fyrir sig samþykkur því, að leyft verði að selja hana jafnhliða hinni gerilsneyddu, ef það sýnir sig og sannast, að ekki er heilbrigði manna nein hætta búin af henni, eða ekki meiri hætta en af hinni stassaniseruðu mjólk. En ég hefi fyrir satt, að það sé hægt að fá þetta gert án nýrrar lagasetningar, — að það sé, eins og fleira í sambandi við þessi l., framkvæmdaatriði. Mætti þá athuga það á þann hátt, sem óskað er eftir, bæði í Reykjavík og annarsstaðar. Ég hefi minnzt á þetta við hæstv. landbúnaðarráðh., og hefir hann tekið því vel að breyta til um þetta í samráði við heilbrigðisstjórnina.

Í sambandi við þá deilu, sem hefir staðið um þetta mál allt hér í Reykjavík, vil ég taka það fram, að Reykjavík og Hafnarfjörður eru á sama verðjöfnunarsvæði og eru þeir einu bæir, þar sem þessi mjólkurl. hafa komið til framkvæmda. En ég hefi ekki heyrt — það er kannske of mikið að segja ekki eina einustu óánægjurödd úr

Hafnarfirði — en það hefir ekki verið nein óánægja að ráði þar. Allt fór fram með prýði og spekt um framkvæmd laganna, að undanteknu því, að þegar menn fengu ekki góða mjólk einstöku sinnum úr stassaniseringarstöðinni, urðu þeir óánægðir, eins og gerist, þegar menn fá skemmda vöru fyrir góða. En þeir hafa fengið á því bætur. Annars hefir verið samkomulag — fullt samkomulag — ég vil undirstrika það, með stjórn þessara mála og neytenda í Hafnarfirði. Þetta hefir orðið til þess að leiða mig að þeirri niðurstöðu, að þetta, sem ber á milli, sé í flestum atriðum samkomulagsatriði. Úr því að hægt er að ná samkomulagi í þessu máli í Hafnarfirði, þá efast ég ekki um, að það sé eins hægt í Reykjavík, ef góður vilji er með frá beggja hálfu. En ef ekki er góður vilji frá báðum hliðum, þá þýðir ekki nein ný lagasetning. Því að það má eins fara í kringum hana, þótt sett sé ný gr. inn í frv.

Ég skal ekki segja, hverjum er um að kenna, eða hvort það er einn eða fleiri. En ég undirstrika það, að í öðrum bænum, sem l. ná til, er svo að segja fullt samkomulag, en í hinum bænum mikið stríð um málið. Og þess vegna hefi ég ekki getað skilið annað en að með góðum vilja mætti laga ójöfnurnar án nokkurrar nýrrar lagasetningar. En ég sé ekki, að sú breyt., sem frv. felur í sér, bæti úr neinu, og þess vegna hefi ég lagzt á móti því.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Við þrír þm. Reykv. eigum hér brtt. við frv., sem ég vil leyfa mér að fara um nokkrum orðum. Aðalatriði í þeim brtt. eru nú þau, að tekið sé skylt tillit til framleiðenda mjólkur hér í Reykjavík.

Eins og kunnugt er, eiga framleiðendur á mjólk í Reykjavík um tvo kosti að velja nú. Annar er sá, að þeir afhendi sína mjólk til samsölunnar og fái fyrir hana sama verð og framleiðendur hvar annarsstaðar sem er. En hinn er sá, að þeir selji mjólk sína beint og hliti þá ákaflega strangri og óskiljanlegri reglugerð, sem nýlega er sett um meðferð þeirrar mjólkur, og greiði þar að auki 8% af andvirði mjólkurinnar í verðjöfnunarsjóð. Þessi 8% skattur nemur nær 100 kr. á kú og er sannast að segja mjólkurframleiðendum í bænum algerlega óbærilegur skattur. Hinir, sem afhenda mjólkina samsölunni, losna við 8% verðjöfnunargjald, ef þeir nota a. m. k. einn hektara af landi handa hverri kú til fóðurframleiðslu.

Það var alveg ljóst frá upphafi, að þessir kostir, sem framleiðendum eru gerðir, eru óbærilegir, og örðugleikar þeirra eru smátt og smátt að koma í ljós. Það er nú ekki bara það, að þessir framleiðendur verða að sætta sig við þessa skattþvingun til annara, sem felst í verðjöfnunargjaldinu, heldur hefir framkvæmd þessara l. á ýmsan hátt orðið ákaflega undarleg. Hefir í þeirri framkvæmd oft litið svo út sem um hættulega glæpamenn væri að ræða, þar sem eru mjólkurframleiðendur hér í bænum. Og ég vil segja hv. þdm. dálitla sögu til skýringar á þessum orðum.

Einn búandmaður hér í bænum á 4 kýr. Hann hefir góðan umgang um þennan bústofn sinn og hugsaði sér að selja áfram eins og hann hefir gert, beint til nágranna sinna og kunningja. Hann fór til stj. þessara mála og beiddist þess að mega selja beint. Honum var heimilað þetta með bréfi n., og hann hélt, að nú mundi hann geta haldið áfram sínum búrekstri — þó með þessum skatti náttúrlega, sem hann nú ekki gat gert sér fulla grein fyrir, hve mikill væri.

En nokkru síðar stöðvaðist bifreið fyrir framan hús hans. Út úr henni kemur lögregluþjónn og einhver eftirlitsmaður með honum og fara heim til mannsins. Þetta vakti nokkra athygli í hverfinu, eins og venja er til; því að þetta var mjög grandvar maður og átti ekki þess von að fá heimsókn af lögreglunni. Hann er nú spurður hvort hann selji mjólk sína beint. Hann segir já. Þá er við hann sagt, að til þess hafi hann enga heimild. Nú, segir hann, ég hélt ég hefði til þess heimild. Hvar er hún? Ja, ég veit ekki, hvort ég á að sýna skilríki fyrir henni. Hvaða skilríki sýnið þið fyrir því, að ykkur er stefnt til mín? Þeir krefjast nú þess og segjast kæra hann að öðrum kosti. Hann fer inn og sækir bréfið frá mjólkursölunefnd. Þótti honum ekki annað fært en sýna fram á þetta með rökum og skriflega, til þess að fá aftur heimilisfrið.

Við þetta er nú í þetta skipti látið sitja, og hélt nú þessi maður, að þar með hefði hann endanlega fengið frið til framleiðslu sinnar mjólkur og viðskipta við nágranna sína. Svo líður nokkur tími. Þá kemur lögreglan heim til hans aftur og segir við hann, að hann þurfi að gera þess grein, hvað hann geri af sinni mjólk. Hann segir aftur, að hann selji hana til nágranna sinna og sýnir strax heimild sína til þess. Þá er spurt: Hverjir kaupa mjólkina? Hvað er mjólkin mikil? Og hvað er hverjum um sig seld mikil mjólk? Maðurinn vissi nú ekki til, að hann væri skyldur til að gera grein fyrir þessu, en sagði sem svo, að ýmsir nágrannar sínir keyptu lítils háttar hver um sig, kannske handa sjúklingum eða börnum, og hann reyndi að deila sinni mjólk meðal viðskiptamanna, þó þannig, að flestir yrðu að bæta við sig frá mjólkurbúðum. Því að mjólk hans þótti góð, og var eftirspurnin miklu meiri en svo, að hann gæti fullnægt henni. Eftir það lét hann svo um mælt, að þessu hefði hann ekki átt að venjast. Hann hefði aldrei nokkurn tíma komizt undir eftirlit lögreglunnar fyrr eða haft neitt á samvizkunni, sem það opinbera þyrfti að krefja sig um eða hafa auga með. En nú liti svo út, að það væri einn aðalglæpur þjóðfélagsins að selja nágrönnum sínum mjólk, og það jafnvel þótt fullnægt sé strängustu skilyrðum, sem sett eru af hálfu þess valds, sem vill leggja framleiðslu bæjarmanna á þessu sviði í rústir, til þess að geta sett þeim kosti um verð og söluskilyrði og allt annað, sem þessari verzlunarvöru viðkemur. Hann segir ennfremur, að hann hafi borgað sitt verðjöfnunargjald af sínum 4 kúm, og að það verði samkv. útreikningi af fyrsta mánuðinum 96 kr. á ári af kú. En, því miður, segir hann, er þetta mjög erfiður skattur fyrir mig, m. a. vegna þess, að ég varð svo óheppinn að kaupa kú í sumar austan úr sveit, sem reyndist mjög léleg. Reykvíkingar reyna að fá

beztu kýrnar, sem til boða standa. En það vita kannske ýmsir, sem eru í þessum sal, að slíkum sölugripum er ekki alltaf rétt lýst. Þetta er eitt af því, sem Reykv. eiga á hættu í þessu efni. Þegar þeir biðja um virkilega 1. fl. mjólkurkýr, þá kemur það oft fyrir, að kýrnar reynast allmikið öðruvísi en þeim var lýst við söluna. Hann varð nú fyrir því að kaupa eina mjög lélega kú, sem er á hans fóðrun og hann verður að gjalda verðjöfnunarskatt af eftir þeirri áætlun, að hún mjólkaði 3 þús. lítra á ári, sem er afarhá nyt. Þá má ekkert koma fyrir kýr, sem mjólka í bezta lagi, en það kemur oft fyrir, sem kunnugt er, að kýr missa nyt. En ekkert tillit er tekið til þessa í álagning verðjöfnunarskattsins. Enda sagði hv. frsm. meiri hl. landbn. rétt áðan, að fáir framleiðendur eigi svo nytháar kýr, að þær gefi 3 þús. lítra á ári. Og ég verð að segja, að hér kemur nú í ljós það, sem var verið að halda fram á síðasta þingi, þegar þessi l. voru sett, að sú lítratala, sem miðað var við, er fjarri öllum sanni. Þá mátti ekki heyra þetta nefnt. Það var hamrað fram og sagt, að fyrir lægju fullnægjandi skýrslur frá framleiðendum um það, að meðalkýr gæfu 3 þús. lítra á ári. Og ég man ekki betur en að hæstv. landbúnaðarráðh. segði, að þetta væri í lægra lagi og vildi ákveða 3200 lítra. En nú kveðst form. landbn. og frsm. meiri hl. vera þeirrar skoðunar, að 2500 lítrar sé a.m.k. ekki of lágt áætluð meðalársnyt í Reykjavík.

Ég neita því ekki, að ef lítratalan, sem skatturinn er reiknaður af, er lækkuð verulega, eins og meiri hl. n. gerir ráð fyrir, þá hafi það að sjálfsögðu sína þýðingu fyrir framleiðendur hér í Reykjavík. En hitt er samt jafnsjálfsagt, að Reykvíkingar geri það að kröfu sinni af „princip"-ástæðum, að þeim sé heimilt að framleiða mjólk til neyzlu, fyrst og fremst á sínum eigin heimilum og síðan til sölu hér í bænum, án þess að vera skattlagðir fyrir það til annara framleiðenda. Það er það, sem þessi brtt. fer fram á, og ennfremur það, að ekki sé hag þeirra þjarmað með reglugerðum um hreinlæti og hollustuhætti á mjólk, sem er óframkvæmanlegt og nær ekki nokkurri átt, eins og ég held, að allir viðurkenni um þá reglugerð, sem nú hefir gilt um þetta. Ég ætla ekki að fara að lesa hana hér, en ég held, að þeir, sem kynnast henni, verði sammála um, að hún sé broslegt plagg og sýnist vera samin í því skyni einu að gera það algerlega ómögulegt, að nokkur framleiðandi geti fullnægt kröfunum, sem þar eru gerðar.

Undarlegt þótti mér að heyra til hv. þm. Hafnf., ekki minnst undarlegt fyrir það, að nú lítur út fyrir, að sósíalistum sé miklu meira kappsmál með mjólkurl. heldur en sjálfum framleiðendunum. Upphaflega voru þau sett til þess eins að tryggja hag framleiðenda. Það er eina röksemdin, sem fyrir þessum l. hefir verið færð. Og mér skildist, að það hafi verið þeir, sem telja sig umboðsmenn landbúnaðarins, sem lögðu kapp á að fá þessa löggjöf fram á síðasta þingi. Og ég hafði skilið það svo, að sósíalistar hafi unnið það til fyrir samvinnu við framsóknarmenn að sætta sig við, að þessi löggjöf yrði sett. En nú er það komið í ljós, að þeir eru ennþá áhugasamari um það að halda þessu öllu í sem allra þrengstum skorðum og halda sig við bókstaf þeirrar löggjafar, sem sett var á síðasta þingi, — miklu áhugasamari um þetta en framleiðendurnir sjálfir. Og ég verð að segja, að þá þykir mér nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn.

Ég trúi nú heldur ekki alveg skilyrðis- og fortakslaust þessari yfirlýsingu um það, að engin rödd hafi heyrzt í Hafnarfirði um það, að neytendur væru á nokkurn hátt óánægðir með þetta fyrirkomulag. Ég veit það að vísu, að hv. þm. kallaði saman flokksfund í Hafnarfirði rétt áður en þing hófst, þar sem nokkrir „íhaldsskarfar" höfðu nú samt komizt inn — að því er ég hefi heyrt. (EmJ: Þetta var opinber landsmálafundur). Ójá, opinberan landsmálafund. En stundum er nú passað upp á, að fylgismenn sitji í hverju sæti áður en andstæðingar komast að. Ég hefi heyrt, að þm. hafi fengið samþ. till. einum rómi, sem fór í þá átt, að skora á þetta þing að gera ekki nokkra breyt. á þessum mjólkursölul. Þetta er vissulega að standa við samninga við þá, sem áður voru andstæðingar, framsóknarmennina, þegar þm. vinnur þetta til samvinnu. En ég vil ekki skoða hann sem samvizkusaman umboðsmann mjólkurframleiðenda kringum Hafnarfjörð, þegar hann segir frá þessu. Ætli hann skoði sig ekki meiri umboðsmann þeirra Hafnfirðinga, sem hann hefir sjálfur búið til skoðanir fyrir, heldur en fyrir Hafnfirðinga alla saman, eða mjólkurframleiðenda kringum Hafnarfjörð? Það virðist líka ýmislegt benda á, að hv. þm. muni ekki allt, sem hann er að segja. Það liggur t. d. fyrir þessu þingi frv. um að leggja undir Hafnarfjarðarbæ stórt landsvæði, og það er meira að segja gengið svo langt, að lagt er til að leggja líka undir bæinn landsvæði, sem núv. forsrh. fékk þarna útmælt fyrir nokkrum árum og olli þá miklu umtali. Þetta aukna land fyrir Hafnarfjarðarkaupstað getur skapað möguleika fyrir því, að borgararnir í Hafnarfirði geti framleitt þá mjólk, sem þeir þurfa að nota sjálfir. Þetta virðist því ekki benda til þess, að þessi hv. þm. og þeir, sem bak við kröfurnar standa um aukið land fyrir bæinn, séu ánægðir með mjólkursölulögin. Þvert á móti bendir það til hins gagnstæða. Það er því ekkert undarlegt, þó að þessi hv. þm. legði áherzlu á það í ræðu sinni, að mjólkursölulögin væru aðeins bráðabirgðalöggjöf. Ég skil hann ofurvel og er þess því fullviss, að þegar hann hefir komið hugsjónum sínum um aukið land og aukna ræktun í Hafnarfirði í framkvæmd, þá muni og aðstaða hans til þessa máls breytast. Og þá vildi ég gjarnan geta rætt við hann um verðjöfnunargjald af mjólk o. fl. Nei, það, sem sérstaklega markar afstöðu hv. þm. til þessa máls nú, er það, að hann er ákaflega samvizkusamur gagnvart þeim aðilum, sem hann hefir samið við, og gengur þar jafnvel lengra en sumir flokksmenn flokks þess, sem hann samdi við. En það vildi ég mega segja þessum hv. þm., að hann sem bæjarstjóri hefir þó skyldur við borgara Hafnarfjarðar, og það jafnvel líka gagnvart þeim, sem hann telur ekki flokksmenn sína. Vilji hann því koma fram eins og staða hans býður, ber honum að gæta þess að láta samvizkusemina gagnvart þeim, sem

hann hefir samið við, ekki leiða sig svo langt, að það verði mjög á kostnað þeirra, sem hann er umbjóðandi fyrir.

Þá var hv. þm. að leitast við að byggja mótmæli sín gegn till. þeim, sem hér liggja fyrir, á því, að ekki væri tekið nægilegt tillit til neytendanna. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Hvað hefir eiginlega verið gert fyrir neytendurna með skipulagningu mjólkursölunnar? Hv. þm. hefir kannske átt við þessa 1 eyris lækkun á mjólkinni, sem átti sér stað í haust, þegar hann var að dylgja með það, að hagsmunir neytendanna hefðu jafnan verið og væru hafðir fyrir augum hjá mjólkursölunefnd. Eða máske það hafi verið sala brauðanna frá Alþýðubrauðgerðinni?

Að endingu vil ég segja þessum hv. þm. það, að hann má ekki láta sér detta í hug, að hagsmunir Hafnarfjarðarkaupstaðar séu í þessu efni ólíkir hagsmunum Reykjavíkur. Og því þori ég að spá honum, að fái hann þær óskir sínar uppfylltar að stækka land Hafnarfjarðar, og komi hann jafnframt þeim hugmyndum sínum í framkvæmd, að landið verði ræktað í stórum stíl, þá býst ég við, að hann skilji, að neytendur og framleiðendur innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar geti ekki látið beita sig slíkum rangindum sem hér er gert.

Að síðustu vil ég bæta því við, að verði afleiðingin af mjólkursölulögunum sú, að gera mjólkurframleiðendur innan bæjarlandanna ómögulega, þá er eytt verðmætum og möguleikum til sköpunar miklum verðmætum, sem er meira virði en það, sem er verið að reyna að vernda með lögum þessum.

Ólafur Thors: Ég tel brtt. þær, sem fram hafa komið frá meiri hl. landbn., yfirleitt til úmbóta á l., og nái þær því samþykki, má gera sér von um, að það gagn geti orðið að l., sem frá öndverðu var til ætlazt. Þrátt fyrir það, þó að ég telji brtt. þessar til nokkurra bóta frá því, sem nú er, þá er ég samt þeirrar skoðunar, að æskilegt hefði verið að hafa breytingarnar meiri og víðtækari, en þar sem svo er orðið áliðið þings sem nú, þá sé ég ekki tiltækilegt að bera slíkar breyt. fram, því að þá gæti svo farið, að frv. næði ekki fram að ganga áður en þingi verður frestað. Ég mun því ekki gera að umræðuefni neitt það, sem ég myndi óska eftir til viðbótar því, sem liggur fyrir í frv. og brtt. hv. meiri hl. landbn. Það má líka vel vera, að ekki sé rétt að fara mörgum orðum um þau mistök, sem orðið hafa á framkvæmd mjólkurlaganna, sem valda því, að nú eru bornar fram þær brtt., sem hér liggja fyrir. Væri farið að ræða slíkt hér, myndi það vekja deilur, sem ekki eru æskilegar, því að það geta allir án efa verið sammála um, að það væri bezt fyrir bændur og alla þá, sem mjólk framleiða, að sem mestur friður mætti ríkja um þetta mál, — þó hinsvegar allir hljóti líka að geta verið sammála um það, að sá nauðsynlegi friður hafi ekki ríkt um málið. Út í það, hverjir valdið hafa þeim ófriði, sem um málið hefir staðið, skal ég heldur ekkert fara nú.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að það gegndi nokkuð öðru máli með sölu á fiski og síld út úr landinu en um sölu á mjólk í landinu sjálfu. Þetta er rétt, en það raskar ekkert þeim skoðunum mínum, að bændur eigi sjálfir að ráða öllu sölufyrirkomulagi mjólkurinnar. Þar eiga þeir mest í húfi sjálfir, og má því ætla, að þeir leggi sig alla fram um að fá mjólkursöluna í sem bezt horf.

Reynslan hefir nú sýnt það, að þeir, sem með mál þessi hafa farið, hafa ekki borið gæfu til þess að halda um þau þeim friði, sem nauðsynlegur var til þess að vel gæti farið. Í sambandi við þetta vil ég benda hv. þm. Hafnf. á, að það stendur eins á um vinnuna hér á landi og mjólkina, að hvorttveggja er selt á innlendum markaði. Verð vinnunnar ákveða þeir sjálfir, sem vinnuna selja, og taka því um leið á sig ábyrgðina og afleiðingarnar af því, hvort kaupið er sett svo hátt, að það dragi úr kaupum á vinnunni.

Þá skopaðist þessi hv. þm. að kröfum manna um ógerilsneydda mjólk. Ég býst nú við, að allir, sem vörur selja, geti verið á einu máli um það, að vörurnar eigi að vera í sem mestu samræmi við vilja og kröfur þeirra, sem vörurnar kaupa. Um það er óneitanlega kapphlaupið. Hún hljómar því óneitanlega nokkuð undarlega rödd þessa hv. þm. og samherja hans, sem halda því fram, að kröfur kaupendanna skuli hafa að engu.

Ég hefi heyrt menn úr mjólkursölunefnd halda því fram, að sala á ógerilsneyddri mjólk væri óheimil samkv. lögunum, nema til sjúkra manna, og ég fyrir mitt leyti aðhyllist þessa skoðun. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann líti svo á, eins og hv. þm. Hafnf., að framkvæma megi lögin á annan veg. Sé það ekki leyfilegt, eins og ég fyrir mitt leyti hallast helzt að, þá er nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði l., því að kröfur neytendanna eru orðnar svo háværar, að það er með öllu óhugsandi annað en að taka verði tillit til þeirra. Að því er snertir vélhreinsaða og stassaniseraða mjólk, þá er ég þeirrar skoðunar, að vélhreinsaða mjólkin sé betri, ef hinum ströngustu hreinlætiskröfum er fylgt. Hitt er rétt, að hún er ekki eins örugg fyrir gerlum og sóttkveikjum og sú, sem er gerilsneydd. Mér virðist því, að menn verði alveg að fá að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir kjósa frekar.

Eins og ég hefi tekið fram, eru kröfurnar um ógerilsneydda mjólk alltaf að verða háværari og háværari erlendis, eins og hér virðist stefna að líka. Þegar nú þetta fer saman, kröfur neytenda og óskir framleiðenda, þá virðist óþarfi fyrir þriðja aðilann að grípa fram í.

Það hefir heyrzt, að einn einstakur bóndi, bóndinn á Korpúlfsstöðum, hefði einhverja sérstaka hagsmuni af sölu á vélhreinsaðri mjólk. En þetta er ekki rétt. Hann eins og aðrir bændur fá greitt eftir þeirri heildarútkomu, sem verður á sölu mjólkurinnar, alveg án hliðsjónar af því, hvort hans mjólk selst sérstaklega eða ekki. Það veltur að sjálfsögðu á töluverðu fyrir hann eins og aðra bændur, að sem mest seljist af mjólkinni, svo að sem allra minnst af henni þurfi að nota til vinnslu. Umfram þetta getur þessi bóndi ekki haft hagsmuna að gæta hvað þetta snertir, eða m. ö. o., hann hefir alveg ná-

kvæmlega sömu hagsmuni í þessu máli sem aðrir bændur á verðlagssvæðinu. Ég vona, að hv. dm. geti undantekningarlaust viðurkennt þetta tvennt, að bændur eigi þar allt undir, að niður falli öll óánægja, sem ríkt hefir í þessu máli á milli neytenda og framleiðenda, og annað hitt, að nú ríki óánægja á milli þessara aðilja, og því beri að breyta til frá því, sem nú er. Það er aldrei nema virðingarvert að halda fast við sína skoðun, en hitt er engu síður virðingarvert, að viðurkenna, þegar maður sér, að maður hefir haft rangt fyrir sér. Þetta bið ég þá góðu menn að athuga, sem fastast standa á móti breyt. á mjólkursölulögunum nú. Þeir hljóta að sjá, að lögin geta ekki náð tilgangi sínum eins og þau eru nú.

Þá vil ég og sérstaklega leiða athygli að því, að ef núv. mjólkursölunefnd hefir völdin áfram, og mjólkurverkfallið lognast út af, þá verður það til langvarandi bölvunar fyrir bændur, samanborið við það, ef málið yrði leyst á friðsamlegan hátt. Að ekki hefir dregið meira úr mjólkursölunni við mjólkurverkfallið en skýrslur sýna, stafar af því, að margir hafa aukið mjólkurkaup sín fram yfir það, sem áður var. Verði það því úr, að mjólkurverkfallið lognist út af án þess að samkomulag náist, þá verður sá endirinn á, að þeir, sem hafa aukið mjólkurkaup sín, minnka þau smátt og smátt aftur, þar til þeir eru komnir ofan í það, sem þeir keyptu áður. Hinir aftur, sem ekki keyptu nema lítið, auka aldrei við sig, svo þeir kaupi eins mikið og þeir keyptu áður. Þeir hafa komizt upp á lag með að nota minni mjólk en þeir gerðu. Hlýtur mjólkurneyzlan því óhjákvæmilega að minnka að nokkrum mun. Takist aftur fullar sættir, þá mun mjólkurneyzlan aukast á ný, svo hún verði svipuð því, sem hún var áður. Þetta er alvarlegasta hliðin á þessu máli, sem ég tel öllum skylt að athuga, sem telja sig bera hag bændanna fyrir brjósti.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég tel breytt til hins betra frá því ástandi, sem nú er, ef frv. nær fram að ganga með brtt. hv. meiri hl. landbn.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Brtt. þær, sem fyrir liggja, eru mjög misjafnar að innihaldi og hafa því misjafnar verkanir, ef þær verða samþ. Það mátti alltaf búast við því, að í mjólkursölumálinu kæmi hið sama fram og jafnan kemur fram, þegar rætt er um afurðasölumálin, að framleiðendur hafi mismunandi skoðanir á lausn málanna, enda þótt þeir hafi sameiginlega hagsmuni. Þetta kemur og greinilega fram í brtt. þeim, sem fyrir liggja nú. Ef t. d. lítið er á brtt. þm. Reykv., að verðjöfnunargjaldið falli niður, er fyrst og fremst miðað við hagsmuni framleiðenda innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Þetta er ekki nema eðlilegt, því að það vill alltaf verða svo, þegar afurðasölumálin eru leyst, að þeir, sem nær búa markaðsstaðnum, telja sig ekki þurfa að kaupa þá, sem fjær búa, út af markaðnum, og telja sig geta notið markaðsins án þess að greiða þeim, sem fjær eru, þetta verðjöfnunargjald. Þess vegna telja þeir, að verðjöfnunargjaldið sé í raun og veru ósanngjarnt. Um þetta má deila í það óendanlega, en reynslan er aðeins sú, eins og bent hefir verið á hvað eftir annað undir umr. þessa máls, að þeir, sem notuðu markaðinn hér í Rvík og bjuggu í sjálfum bænum, voru orðnir aðkrepptir með markað undan Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Einn af mjólkurframleiðendum hér í Rvík hefir tjáð mér — og hefir hann leyft mér að nefna nafn sitt, ef menn skyldu rengja þetta —, að hann hafi selt mjólkina fyrir 42 aura pr. lítra og látið innheimta hana og dreifa meðal kaupendanna, en tapið hefði orðið svo mikið og framboðið annarsstaðar frá, að hann hafi fyrri part vetrar sagt upp öllum smærri kaupendum og unnið til að selja mjólkina fyrir 30 aura pr. lítra á 3—4 stöðum. Og segist þessi maður geta sýnt fram á, að þessi sala hafi borgað sig. — Þetta sýnir, að þrengslin hér á markaðinum voru orðin svo mikil, að þeir, sem næstir sátu markaðinum og framleiddu svo að segja undir bæjarveggnum hjá Rvík, gátu ekki orðið selt fyrir það verð, sem ákveðið var, og að betra var fyrir þá að fara niður í 30 aura heldur en að reyna að halda uppi samkeppninni eins og komið var. Mjólkurstríð hafa heldur aldrei endað öðruvísi heldur en eins og í Noregi, að þeir urðu verst úti, sem bjuggu næst markaðinum og höfðu bezt framleiðslutækin, þegar út í slaginn kom. En þar var ekki heldur mjólkurmálið leyst fyrr en allt var komið í öngþveiti.

Ef farið væri inn á þá leið, sem þessir hv. þm. halda hér fram, að menn, sem framleiða mjólk hér á kaupstaðarlóðinni, fái að selja hana beint án þess að greiða verðjöfnunargjaldið, þá hlyti niðurstaðan af því fyrirkomulagi að verða sú, að innan nokkurra mánaða yrði risinn upp í nágrenni Rvíkur fjöldi fjósa og þar framleidd mjólk af aðkeyptu heyi og fóðurbæti, í því trausti, að hægt yrði að selja mjólkina án þess að greiða verðjöfnunargjald. Þetta ákvæði yrði því til þess að skapa einskonar verksmiðjuiðnað á mjólk hér í Rvík. Ég held, að það sé því ekki hægt að fara sanngjarnlegar að heldur en gert er með mjólkurlögunum, að gefa þeim mönnum, sem framleiða mjólk á grasnyt, undanþágu frá verðjöfnunargjaldi. En þetta eru eðlilegar kröfur af þeim mönnum, sem sérstaklega telja sig eiga að sjá um hagsmuni þessa fólks, og þeim er því ekki láandi, þó þeir fari nokkuð lengra heldur en sanngjarnt getur talizt, því það verður alltaf svo, að menn líta ýmsum augum á þetta mál. Og ekki er hægt að neita því, að þó ég haldi fram þessum rökum, þá geta þeir haft þá skoðun, að sanngjarnt sé að bera fram þessar kröfur, sem hafa við svo lítil rök að styðjast.

Viðvíkjandi breyt. á þskj. 68 er nokkuð öðru máli að gegna. Þær kröfur eru bornar fram af þm. sveitakjördæma, hv. þm. Borgf., hv. þm. G.-K. og hv. 11. landsk., sem líka hefir boðið sig fram í sveitakjördæmi. Þarna koma fram allt aðrar kröfur, ekki kröfur um það, að fella niður þetta verðjöfnunargjald fyrir Rvík. En vegna hvers? Vegna þess, að þessir menn telja sig umboðsmenn fyrir önnur hagsmunasvæði. En það er einmitt vandinn í þessu mjólkurmáli, eins og kemur svo greinilega fram af þessum 2

frv., að sameina hagsmuni hinna mismunandi hagsmunasvæða. Og hér eru þessir hv. þm. komnir nákvæmlega inn á sama grundvöllinn eins og þeir eru að lá mjólkursölun., að hún standi á. Því hvað er þetta, að bera fram kröfur fyrir hagsmunasvæði Rvíkur og svo aðrar kröfur fyrir sveitirnar? Hvað er það annað en það, sem hefir verið að gerast á ýmsan hátt í mjólkursölunefndinni? Það er nákvæmlega það sama að sínu leyti eins og hefir verið að gerast í mjólkursölun., þar sem óneitanlega hefir verið barizt um hagsmuni hinna mismunandi svæða og þar sem þeim mönnum, sem hafa reynt að miðla málum, hefir tekizt það. Ef farið væri inn á till. þær, sem fyrir liggja frá þessum 3 hv. þm., þá yrði raunverulega gerð sú breyt. á l., að bráðabirgðaákvæðið um það, að mjólkursölun. skuli stjórna samsölunni, yrði numið burt. Samkv. þessum till. á mjólkursölun. ekki heldur, vegna þess að e-lið 9. gr. á að fella burt, að hafa úrskurðarvald um ýms mál, sem hún hefir í l. nú; og jafnframt á sú stj., sem búin kjósa, að stjórna samsölunni hér eftir og úrskurða ágreiningsmál um verðlag, verðjöfnunargjald og um það, hverjir eigi að njóta markaðanna o. s. frv. M. ö. o., sú stj., sem kjósa á skv. 1. gr. þessa frv. á þskj. 68, á að stjórna samsölunni að öllu leyti og ráða þeim málefnum, sem mjólkursölun. ræður nú. En ég skal segja ykkur, hvers vegna ég beiti mér gegn þessu. Það er vegna þess, að inn í þessa stj., sem ætti að fara með þessi málefni samkv. þessum ákvæðum, mundu komast menn frá mismunandi hagsmunasvæðum, sem síðar ættu að úrskurða í sínum eigin málum, um það, hverjir ættu að sitja fyrir markaði, hvað hverjir ættu að greiða hátt verðjöfnunargjald og hvað hverjir ættu að fá mikið verðjöfnunargjald o. s. frv. M. ö. o., það mundi ráða í þessari stjórn, hvaða svæði yrðu ofan á í kosningum á hverjum tíma. Það yrði sama fyrirkomulagið og sama niðurstaðan eins og í Mjólkurbandalagi Suðurlands, og það gæti farið svo, að þau mismunandi hagsmunasvæði, eftir því hver yrðu ofan á á hverjum tíma, létu kné fylgja kviði gagnvart hinum. Það er ómögulegt að komast hjá þeirri hugsun, samkv. þeirri reynslu, sem við höfum úr Mjólkurbandalagi Suðurlands, og þeirri reynslu, sem við höfum nú af afurðasölumálunum yfirleitt, þar sem hinir mismunandi hagsmunir hljóta alltaf að berjast að einhverju leyti, að það sé ein bezta leiðin til þess að eyðileggja þessa samsölu að láta atkvæðamagnið ráða á hverjum tíma, hvaða hagsmunir verði ofan á, en ekki óhlutdræga menn. Því hvað góðir menn, sem kynnu að veljast í þessa stjórn, þá er ómögulegt að neita því, að það hefir aldrei þótt góð leið að láta menn dæma í sínum málum sjálfa. (**HannJ**: Er það ekki atkvæðamagn, sem ræður í n. nú?). Jú, það ræður atkvæðamagn m. a. þeirra manna, sem hafa verið skipaðir til þess að sjá jafnt um hagsmuni allra þeirra, sem standa að þessu máli. En ég skal benda á það í þessu sambandi, þar sem alltaf er verið að tala um það, hversu mikill friður mundi fást, ef tilnefndir væru menn í n. beint frá þessum mismunandi hagsmunasvæðum, að einmitt um þá mennina, sem tilnefndir eru beint, Egil Thorarensen og Eyjólf Jóhannsson, hefir orðið minnstur friður. Og það er vegna þess, að þessum ágætu mönnum hefir orðið það sama á og þeim hv. þm., sem bera fram till. hver á móti öðrum hér í þessari hv. d. Þeir hafa sjálfsagt álitið, að þeir væru hvor um sig umboðsmenn fyrir sitt svæði. Á þeim fundum, sem ég hefi verið um þessi mál, þá hafa menn almennt látið í ljós þá skoðun, og meira að segja þeir bændur, sem hafa gert þá kröfu að ná samsölunni í sínar hendur, að þeir álitu nauðsynlegt að hafa mjólkursölun. til þess að dæma í viðkvæmustu málunum eftir sem áður. Enda er hér sá meginmunur á till. hv. þm. Mýr. og hinum till., að þar er gert ráð fyrir því, að það, hvernig mjólkin er seld og hvaða aðferðum sé við það beitt, sé það, sem fengið er í hendur framleiðendanna, en öll ágreiningsatriði viðvíkjandi verðjöfnunargjaldi, hverjir eigi að sitja fyrir markaði og allt, sem getur orðið að ágreiningi meðal framleiðendanna sjálfra, á eftir sem áður að vera í höndum mjólkursölun., sem á að vera dómstóll um þau atriði. Þetta er sá stórkostlegi munur, sem er á till. hv. þm. Mýr. og till. þeim, sem fyrir liggja frá hinum 3 hv. þm. (**HannJ**: Þá er að samþ. till. hv. þm. Mýr.). Þá er að samþ. þær till., segir hv. þm. En leyfist mér að benda á það, hvað það er óheppilegt fyrir mjólkursöluna yfirleitt að breyta henni að óþörfu áður en hún hefir fengið fullkominn tíma til þess að sýna, hvað hún getur undir þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Mér leyfist kannske líka að benda á það, að í sjálfum l. er ákveðið, að á reglulegu Alþingi 1936 skuli þau tekin aftur til endurskoðunar. Eins og nú standa sakir er mjög fjarri því, að það sé komin full reynsla á um það, hvernig l. muni duga eftir þennan stutta tíma, sem starfað hefir verið eftir þessu fyrirkomulagi. Og ég verð að segja, að það sé einkennilega mikið bráðlæti að þurfa endilega að ráðast á þessi l. eftir 2½ mán., þegar á að taka þau aftur til athugunar 1936; enda hygg ég, að því, sem vakir fyrir landbn., og sérstaklega hv. þm. Mýr., með þessum till., sé auðvelt að koma til framkvæmda með l. eins og þau eru nú. Ég get sagt það þegar í stað, að ég hefi alltaf undantekningarlaust á öllum þeim fundum, sem ég hefi verið á með framleiðendunum, lýst því yfir, og skal lýsa því yfir ennþá í þessari hv. d., að um leið og þeir koma sér saman um það, hvernig þessum málum skuli skipað, skuli ég afhenda þeim samsöluna. En meðan ég sé, að þeir geta ekki komið sér saman og berast á banaspjótum um hagsmuni innbyrðis, þá dettur mér ekki í hug að kasta samsölunni út í það, sem ég veit, að er ekki annað en að eyðileggja hana. En ég hefi hugsað mér að koma fram með miðlunartill. viðvíkjandi því, hvernig samsölunni yrði stjórnað eftir 1. maí. Ég hefi a. m. k. nokkra tryggingu fyrir því, að þær till. muni verða samþ. af Mjólkurbúi Flóamanna, sem hefir verið tregast til samkomulags um þessi atriði; og ég get jafnframt lýst yfir því, að í þessari sölustjórn muni framleiðendur, eða menn, sem þeir tilnefna beint, verða í hreinum meiri hl., sem vitanlega er það, sem framleiðendur eru að sækjast eftir,

að ráða gersamlega óskorað um allt, sem snertir hagsmuni þeirra, dreifingu mjólkurinnar og kostnað, sem af því leiðir. Þessu hefi ég lýst yfir núna fyrir nokkrum dögum og get lýst því yfir enn, að ég skal bjóða framleiðendum upp á það samkomulag í þessu máli — og ég býst við, að framleiðendur muni ganga inn á það —, að þeir hafi hreinan meiri hl. tilnefndan í stjórn samsölunnar, og þá ráða þeir öllu, sem snertir þeirra hagsmuni viðvíkjandi þessu máli. En þá get ég um leið haft það fyrirkomulag, að komizt verði hjá því að barizt verði innbyrðis í afurðasölumálunum viðvíkjandi sölu mjólkur, eins og því miður hefir átt sér stað víða annarsstaðar, og mætti finna þess mörg dæmi. Þetta atriði er það vitanlega, sem vakir fyrir meiri hl. landbn., og ég vænti, að það sé hægt að ná því alveg án þess að hringla með þessa löggjöf, sem reyndar verður ekki gert, því ég mun hiklaust beita mér gegn því í hv. Ed., þó svo kunni að fara, að það verði samþ. hér í þessari hv. d. Það verður þess vegna alveg árangurslaust að láta það koma til Ed., því niðurstaðan mun ekki verða önnur en sú, að þessar till. verða felldar.

Hvað viðvíkur hinu atriðinu, sem líka vakir fyrir meiri hl. landbn., að seld verði vélhreinsuð og kæld mjólk, þá hefi ég verið spurður um, hvernig ég liti á það, hvort nú mundi vera hægt að selja vélhreinsaða og kælda mjólk samkv. þeim ákvæðum, sem nú gilda í l. Þetta er annað atriðið af tveimur, sem virðist vaka fyrir meiri hl. landbn., að komist til framkvæmda. Ég hefi nú bent á, að því fyrra er hægt að koma fyrir samkv. l. sjálfum, að framleiðendur ráði hreinum meiri hl. með beinni tilnefningu í stj. samsölunnar. En þá komum við að síðara atriðinu, hvort hægt sé að framkvæma það án lagabreyt. Og um þetta atriði var sérstaklega beint til mín fyrirspurn frá hv. þm. G.-K. Ég er sannast að segja ekki í neinum vafa um, að samkv. l. eins og þau eru nú er þetta heimilt, vegna þess að í 2. málsgr. 7. gr. er um þá framleiðslu sagt: „Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.“ M. ö. o., það er ekki skilgreint, hvernig framleiðslan á þessari barnamjólk og sjúkramjólk á að vera. Það er þess vegna á valdi þess, sem setur reglugerðina, að ákveða það, hvernig framleiðslu þessarar mjólkur skuli hagað. Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um, að það mætti heimfæra framleiðslu þessarar tegundar mjólkur undir það ákvæði, að það væri sjúkramjólk. Um þessa framleiðsluaðferð á mjólk eyddi hv. þm. G.-K. m. a. löngum tíma til þess að tala, og að mínu viti talaði hann þar alveg rétt og með góðum rökum. Það er rétt hjá honum, að hin svokallaða stassanisering er þannig, að mjólkin tapar mjög litlu, en í stað þess fæst mjólk, sem er örugg talin til neyzlu. Hvort þessi aðferð fer vaxandi eða þverrandi, skal ég ekkert um segja. En þó má benda á það, að eitt af stærstu löndum álfunnar hefir nú nýlega lögboðið stassaniseringu á allri mjólk, vegna þess að öryggið, sem fæst við hana, þykir meira virði heldur en það litla, sem mjólkin tapar í gæðum, eins og hv. þm. G.-K. líka tók fram. Vélhreinsuð mjólk er hinsvegar aldrei eins örugg. Spurningin er því aðeins sú, hvort löggjafinn á að láta það eftir neytendunum, að þeir fái svo að segja mjólk hver eftir sínum smekk. Það eru ýmsir löggjafar, sem álíta það rangt, að neytendur fái þessa mjólk, þar sem vitanlegt er, að hún er ekki eins örugg eins og hin stassaniserða mjólk, þó gæðin séu örlítið meiri, ef eftirlitið við framleiðsluna er verulega gott. Í þessu sambandi má benda á það, að núna seinustu dagana hafa verið fluttar hingað til Rvíkur 3 kýr með svo svæsna berkla, að það hafði orðið að slátra þeim samstundis. Ef mjólkin á að vera vélhreinsuð, þá krefur það mjög ýtarlega læknisskoðun á því fólki, sem er við mjaltir, og sömuleiðis nautgripunum, ásamt ýmsu öðru nákvæmu eftirliti, og þó getur mjólkin aldrei orðið eins örugg og stassaniseruð mjólk, því alltaf geta komið upp einhverjir sjúkdómar, sem eru hættulegir fyrir þá, sem neyta mjólkurinnar, og komast í mjólkina gegnum það fólk, sem vinnur við mjaltir. Ég get samt sem áður, þó þetta sé ekki siður annarsstaðar, neitað því, að sjálfsagt sé að taka þetta mál til yfirvegunar, hvort rétt sé að láta það eftir neytendunum að fá þessa mjólk, sem kann að vera eitthvað betri að gæðum, en hinsvegar ekki eins örugg eins og mjólk, sem er stassaniseruð. Því mundi náttúrlega fylgja talsverð áhætta, vegna þess að mjólkinni yrði þá steypt saman í stórum slumpum. En ég álít, að þetta sé heimilt samkv. l. eins og þau eru nú. Það, sem hefir verið gert í þessu máli, að fá mjólk frá Kleppi, vélhreinsa hana og kæla, er tvímælalaust að gæti nægt, því allir læknar eru sammála um það, að sú mjólk, sem framleidd er þar, sé í raun og veru alveg eins örugg og önnur mjólk, enda hafa 3 læknar og börn þeirra neytt hennar. En það getur vel verið, að það sé ástæða til að gera enn meira fyrir neytendurna á þessu sviði, vegna þess að þó þessi mjólk, sem þarna er framleidd, sé verulega góð mjólk, þá er það einhvernveginn komið inn í tilfinningu manna, að svo sé ekki.

Um það má alltaf deila, hve langt á að fara í því að taka tillit til þessara tilfinninga neytendanna, hvort jafnframt gerilsneyddri mjólk á að leyfa framleiðslu á ógerilsneyddri mjólk, en það heimila l. nú. Ef fara á eftir till. hv. 3. þm. Reykv. og leggja allt í hendur framleiðenda, þá verður að breyta l. En því sama má ná með því að fara að till. meiri hl. landbn. Væri það skynsamlegra en að fara að hringla með þetta nú, sérstaklega þar sem endurskoða á mjólkurl. á þingi 1936.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það er nú orðið nokkuð langt síðan ég kvaddi mér hljóðs, og hafði ég skrifað hér niður hjá mér nokkur atriði, sem ég vildi fara um fáum orðum.

Það fyrsta, sem ég hefi skrifað hjá mér, er úr

ummælum hv. þm. Hafnf. Hann gat um það, að ekki væri þörf á þessum brtt., vegna þess að það, sem þær fjölluðu um, væri í raun og veru tryggt með bráðabirgðaákvæðum mjólkursölulaganna, þar sem stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra."

Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Hafnf. Í þessu ákvæði er það ekki tryggt, að framleiðendur taki söluna í sínar hendur. Í fyrsta lagi er það tilskilið, að stjórnir mjólkurbúanna komi sér saman, en nú er búið að tryggja það, að samkomulag fæst ekki, því eitt þeirra skerst úr leik; síðan er þetta aðeins heimild, en ekki skylda, og ennfremur undir úrskurði landbúnaðarráðherra, hvort samkomulag hafi náðst. Hér eru margar dyr opnar, og þær eru ekki glenntar upp til annars en þess, að út um þær verði smogið. Það er ekki til neins að ætla sér að telja nokkrum trú um það, að í þessu sé nokkur trygging.

Þessi sami hv. þm. sagði, að nokkuð væri öðru máli að gegna með sölu afurða innanlands eða þegar selt er út úr landinu, svo sem er með kjöt, síld og fisk. Þar myndu kaupendur eða neytendur ekki taka því vingjarnlega, ef breytt væri til um það, hvernig vörunni er dreift. Þetta er rétt, en af hverju yrði þessu ekki vel tekið af neytendum? Af því að þeir sjálfir hafa það hugfast, að reynt er að gera neytendunum sem bezt til hæfis.

En myndi ekki hér bezt að hlíta svipaðri reglu og gera neytendum sem bezt til hæfis? Ég hygg, að þó þetta sé innanlandsverzlun, þá haggi það ekki þeirri staðreynd, að svo sé hag seljandans bezt borgið, að sem bezt sé reynt að gera neytendunum til hæfis. Þess vegna höfum við, ég og hv. 3. þm. Reykv., borið fram þær brtt., sem þegar er búið að tala nokkuð fyrir, en ég vil þó bæta við það nokkrum orðum.

Aðalkjarni þeirra breyt., sem við förum fram á, er sá, að sala þeirrar mjólkur, sem framleidd er hér í Rvík, sé gefin frjáls. Þetta er krafa, sem af mörgum ástæðum er eðlileg. Í fyrsta lagi er það mjög óeðlilegt, að óviðkomandi menn ráðist inn í bæjarfélagið og segi við þá, sem þar eru fyrir: Við ætlum að setja ykkur reglur um það, hvernig þið farið með þá vöru, sem þið framleiðið. — Þetta er óeðlilegt. Ég hefi áður minnzt á það, á hvern hátt hér hafi vaxið upp kúabú. Þau hafa vaxið hér upp af beinni þörf bæjarfélagsins, og það er ekki hægt að eiga það undir geðþótta náttúrunnar og landsfólksins, hvort bænum verði mögulegt að eiga áfram þennan varasjóð, sem hann nú á í þeim mönnum, sem framleiða hér mjólk. Það kemur ekki til mála, að Reykvíkingar geti látið það afskiptalaust, að þessari atvinnugrein þeirra sé sparkað burt. Og sé hag þessarar framleiðslu svo mjög þröngvað, að erfiðar aðstæður geri það að verkum, að atvinnuvegurinn verði að leggjast niður, þá er Rvík orðin varasjóðslaus, sem ég svo kalla, í þessum efnum, og verður að gera sér að góðu að taka aðeins við því, sem að henni er rétt af öðrum sveitarfélögum.

Þegar svo er ástatt, að ekki er hægt að komast hjá því að skera úr málum á milli tveggja aðilja, þá verður að setja sig í beggja spor og skilja beggja málstað. Það er þess vegna ekki hægt að neita því, að það er ekki einasta rétt, heldur skylt, að þeir, sem sérstaklega eiga að vera á verði fyrir Rvík, bendi á þá meinloku og það skilningsleysi, sem kemur fram hjá þeim mönnum, sem skoða Rvík eins og sökudólg, sem verði að skammta eins og fanga, og verði að taka þegjandi og möglunarlaust við því, sem að honum er rétt, hvað sem það er og hvernig sem það er framreitt.

En Reykjavík hefir fleiri hagsmuna að gæta, og kem ég að því síðar. Ég vil fyrst benda á það, og legg áherzlu á það, að Rvíkurmarkaðurinn er fyrir 6—7 millj. lítra af mjólk á ári, meðan ekki er tekið af þessum markaði fyrir borgarana sjálfa meira en nemur 2 millj. lítra á ári. Það er ekki hægt að telja Rvík í sök við sveitirnar, ef hún opnar þeim markað fyrir 4—5 millj. lítra af mjólk árlega. Það er ekki með sanngirni neinn refsiskattur á bæinn, vegna þess að héruð utan Rvíkur eigi einhverja meiri og fyllri kröfu en þá, að selja alla þá framleiðslu mjólkurafurða, sem er fram yfir það litla, sem bæjarbúar sjálfir framleiða. Frá sjónarmiði bæjarins er það ekki lítið atriði, hvort bæjarmenn fá að selja þá mjólk, sem þeir framleiða, án skattgreiðslu til manna í öðrum héruðum. Reykjavík hefir ekki í svo fá horn að líta um útgjöld, og mér skilst, að þeir tímar séu framundan, ef ekki koma fyrir sérstök höpp, að fast verði gengið eftir bæjunum um framfærslu þurfamanna og framlag til atvinnubóta, að þess vegna geti Rvík ekki látið vera að halda því fram, að þessar skattgreiðslur eigi fyrst og fremst að vera fyrir Rvík. Það er ekki hægt fyrir Rvík að ganga inn á það, að skattleggja sína borgara svo til annara héraða, að þeir annaðhvort verði ekki færir til þeirrar skattgreiðslu, sem bærinn krefst af þeim, eða að þeir verði að leggja niður sinn eiginn atvinnurekstur.

Ég hefi orðið var við það í þessum umr., að ýmsum finnst óeðlilegt, ef komið er á samsölu, að þá geti nokkuð af framleiðslunni verið fyrir utan hana. Ég vil benda á það, að flestallir þeir, sem framleiða mjólk hér í bænum, eru smáframleiðendur, og sumir geta verið svo settir, að þeir hafi nauðsyn fyrir samsöluna, eða þykir kannske eins gott að vera í samsölunni eins og fyrir utan hana, en allir þeir, sem geta sparað milliliðakostnað og notað vinnuafl heimilis síns til afgreiðslu á mjólk þeirri, sem þeir framleiða, eiga að hafa rétt til þess, enda ekki víst, að þeirra litli búrekstur beri það, að lagt sé á hann sérstakt dreifingargjald. Þetta er alveg eins og það, sem ég hefi bent á um marga smábændur í sveit, sem nú er bannað að selja afurðir sínar nema samkv. mjólkursölulögum og kjötsölulögum. Það getur gert það að verkum, að þeir geti ekki rekið bú sín áfram, þó þeir hingað til hafa getað haldizt við, vegna þess að þeir sjálfir hafa getað lagt fram alla vinnu og

ekki þurft að borga neinn sérstakan dreifingarkostnað; en ef þeir verða að hlíta fyrirmælum þessara laga, getur það skapað þau útgjöld, sem þeirra litlu bú bera ekki.

Nú hefir því verið haldið fram, að menn væru frjálsir að því að selja beint; en þetta er ekki rétt. Það frelsi er aðeins pappírsgagn, þegar sett eru þau skilyrði fyrir því, að menn megi selja beint, að fæstir geta uppfyllt þau. Þess vegna höfum við, ég og hv. meðflm. mínir, borið fram brtt. á þskj. 249. Þar er það tekið fram, að þeim, sem selja mjólk beint til neytenda, sé skylt að hlíta reglugerðarfyrirmælum, sem tryggi hreinlæti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar. Reglugerð þessi á að vera saman af bæjarstjórn (eða sveitarstjórn) og staðfest að landbúnaðarráðherra.

Þetta er eðlilegt, því Rvík á mest á hættu um það, hvort hollustu og hreinlætis er nógsamlega gætt, og því eðlilegt, að það sé sett á vald bæjarstj. að semja þá reglugerð, sem fara skal eftir í þessum efnum. Í bæjarstj. Rvíkur mun líka vera fullkominn skilningur á því og fullkomin alvara í því að stemma stigu fyrir útbreiðslu sjúkdóma og óhreinlegri umgengni í sambandi við framleiðslu og afhendingu mjólkur. En hitt munu bæjarfulltrúar líka skilja betur en mjólkursölun., hve örðugt er í einum svip að uppfylla öll þau skilyrði, sem eru sett. Henni treysti ég því betur til að fara svo lempilega að, að slíkar breyt. komi ekki hraðar á en kleift er fyrir framleiðendur. Þegar bein sala var leyfð átti að koma í veg fyrir það, að sett væru svo ströng skilyrði fyrir leyfinu, að ekki væri hægt að uppfylla þau.

Það sagði einhver í skopi, að það hefði átt að setja inn þau skilyrði, að kýrnar væru með fægðar og málaðar neglur — þ. e. a. s. klaufir. Þetta er auðvitað sagt sem gaman, en að vissu leyti ekki svo mjög fjarri veruleikanum, svo rík tilhneiging sem komið hefir fram í þá átt að girða fyrir það með reglugerð, að hægt yrði að nota leyfið fyrir hinni beinu sölu.

Þá er hitt atriðið, að þessir menn, sem fá leyfi til að selja beint, eiga allir að greiða verðjöfnunargjald af allri sinni mjólk. Hvernig munu þessir menn hugsa um framleiðendur hér í Rvík, sem eiga að greiða verðjöfnunargjald af mjólk sinni í aðra hreppa, án þess að eitthvað komi í staðinn? Halda þeir, að þetta sé sanngjarnt? Þegar svo þar við bætist, að sett hefir verið reglugerð fyrir Rvík um hollustuhætti, sem krefst allmikilla útgjalda, þá verður eitthvað að koma í staðinn fyrir þessi útgjöld. Maður gæti haldið, að þeim væri tryggt að selja vöru sína, en það er alls ekki. Þeir eiga sannarlega á hættu, að samsalan taki alla verzlun af þeim; þeir verða að standa í harðri samkeppni við mjólkursamsöluna, eins og bent var á áðan af einhverjum hv. þm. Bændur þeir, sem fjær búa, hafa rétt til að leggja hér inn mjólk sína á samsöluna, en framleiðendur hér greiða verðjöfnunargjald af mjólk, sem þeim er alls ekki tryggt að geta selt. Ég held, að ekki sé hægt að mótmæla því, að á meðan Rvík framleiðir ekki nema ⅓ af þeirri mjólk, sem hér er neytt, þá sé ósanngjarnt að gera herferð á hendur framleiðendunum hér í bæjarlandinu. Hv. þm. Hafnf. sagðist ekki hafa orðið var við neina óánægju í Hafnarfirði um dreifingu mjólkurinnar. Ég skal ekki véfengja hv. þm., en mér þykir undarlegt, ef hann hefir meint það, að dreifingunni hefir ekki verið ábótavant, og er ég þá kominn að því, að nokkur þörf muni vera á að rifja upp nokkur atriði úr ræðu hv. þm. Hafnf. (**Forseti:** Ef hv. þm. á langt mál eftir, vildi ég beina því til hans, hvort ekki sé rétt að fresta nú fundi). Það stendur vel á fyrir mér. Ég er hér við kaflaskipti í minni ræðu. [Fundarhlé.]

Ég þarf ekki að tala fleira um þetta atriði, hvernig mjólkursölunefnd hefir tekizt að fullnægja óskum kaupenda. Ég ætlaði aðallega að tala um brtt. þm. Reykv., ef hv. þm. Hafnf. hefði ekki gefið í skyn, að þessi óánægja manna með dreifing mjólkur væri ekki á rökum byggð. Hann vitnaði í Hafnarfjörð, — að það væri engin óánægja þar. Ég efast ekki um það. Skilyrðin eru sjálfsagt öðruvísi þar. Bærinn er fámennari. Og svo er annað, sem ég hygg, að mestu varði í þessu mjólkurmáli um öll óhöpp og mistök í störfum mjólkursölun., en það er sú rótgróna óvild til Reykjavíkur, og því hafi málið færzt í þann farveg að verða árásarmál sérstaklega á Rvík. Og það er efalaust af því, að þeir, sem fyrir þessum hlutum standa, hafa jafnan kallað Rvík „sterkasta vígi íhaldsins“. En það mun nú vera svo, að hv. þm. Hafnf. hefir leyst Hafnarfjörð undan að mæta þeirri óvild, sem Rvík á að mæta úr slíkri átt og virðist vera orðin að algerðum fjandskap.

En ég ætla, að það sé ekki vandi að sanna, að það eru mörg atriði, sem mjólkursölun. hefir framkvæmt gegn Reykvíkingum, sem alls ekki eru til gagns fyrir seljendur, en eru fullkomlega til tjóns fyrir Reykjavíkurbúa. Og yfir höfuð hefir óskum neytenda verið svarað með forsi og heimsku. Neytendur óskuðu eftir að fá góða vöru og glöggt flokkaða, með upprunamerki, þannig að þeir vissu, hvaða vöru þeir fengju og hvaðan. Um þetta síðara neitaði samsalan algerlega. Í öðru lagi sendir hún mjög misjafna mjólk að gæðum, og í sumum tilfellum alls ekki sómasamlega neyzluvöru. Ég veit þess mörg dæmi, að þetta hefir valdið veikindum og sjúkdómum í börnum. Er slíkt ekki til þess fallið að gera þetta fyrirkomulag vinsælt. Ég hygg, að hjá þessum göllum hefði vel mátt komast, og að þeir stafi af þrjózku n. og óvild til Reykvíkinga.

Neytendur óskuðu eftir, að mjólkin yrði boðin sem víðast í bænum. Og það er öllum vitanlegt, að það mátti fá mjólk selda viðsvegar í brauðbúðum — og svo að segja alstaðar um bæinn — bara fyrir prósentur af verðinu, og koma því fyrir ákaflega ódýrt fyrir seljendur mjólkurinnar. Þetta var ekki tekið í mál. Svarið við þessu var stórkostleg samfærsla sölustaða, sem virtist vera sniðin eftir sérhagsmunum eins stjórnmálaflokks í landinu, Alþfl., sem á að hafa allar tekjurnar í sinn flokkssjóð.

Neytendur óskuðu eftir því, að þeir, sem sýndu sig að vera skilsamir menn, mættu vera t. d. í vikureikningi. Áður höfðu menn verið í mánaðarreikningi yfirleitt. Þessi breyt. beinlínis

dregur úr mjólkurneyzlunni og veldur því tjóni jafnt fyrir seljendur sem neytendur, ef staðgreiðslu er krafizt í öllum tilfellum. Það virtist algerlega ástæðulaust að neita svo harðlega þessari ósk kaupenda, og til þess fyrst og fremst að sýna þeim sem mesta þrjózku og óvild. Og þetta hefir gengið svo langt — eins og menn nýlega hafa heyrt sögu af —, að heimili, sem eru í sóttkví og mega ekki láta neinn fara af heimilinu, verða að vera í mjólkursvelti. Svo langt gengur þrjózka mjólkursölunefndar, að hún lætur sér ekki segjast af óviðráðanlegum atvikum, eins og t. d. sóttkví.

Þá óskuðu neytendur eftir að fá sérstaka barnamjólk. Mjólkursölun. var nú ekki frá því að ganga inn á þetta. En sá, sem átti að selja mjólkina, gat því aðeins fengið leyfi til þess, að hann hækkaði hana í verði a. m. k. 5 aura lítrann. Hann gat ekki fengið leyfi til að selja sömu tegund fyrir sama verð og áður. Sú mjólk, sem börnum og sjúklingum er sérstaklega ætluð, mátti því aðeins seljast, að hún væri dýrari en seljandi vildi.

Loks kom þetta svokallaða „recepta"-mál, sem allir þekkja og ekki mun þekkjast dæmi um meðal siðaðra manna nokkurn tíma, að menn geta ekki fengið barnamjólk nema eftir læknis-„recepti". Það þekkist, að ýms lyf má ekki láta nema eftir „recepti", sérstaklega eiturlyf. Barnamjólk og sjúklinga er þá af n. sett í sama flokk og eiturlyf. Svona geta menn orðið blindir, þegar ofstæki heltekur. Hún getur þurrkað burt ekki aðeins sómatilfinninguna, heldur líka skynsemina. Ég ímynda mér, að þetta „recepta"-hneykslismál hefði hvar sem er í víðri veröld orðið til þess, að ríkisstj. í viðkomandi landi hefði látið nefndina hverfa tafarlaust úr sínu starfi, því að þetta er fullkomið hneyksli. En okkar sælu ríkisstj. virðist hafa hugnazt þetta mjög vel. Hún hefir aldrei verið hrifnari af sinni kæru mjólkurnefnd en nú, eftir að hún hefir gert sig seka í þessum fíflshætti, sem ég vil kalla, ofan á alla þrjózku og allar árásir á neytendur í Rvík.

Ég gæti talið enn upp fjölmargt til frekari sönnunar, en vil forðast endurtekningar á því, sem áður er búið að segja. Og þó væri ekki vanþörf á að leggja frekari áherzlu á margt af því, til þess að það komist frekar inn í meðvitund manna, hve heimskulegt það er og fjarri öllu réttu, að sá, sem vill selja, geri sér far um að móðga kaupanda á allan hátt og gera honum lífið leitt sem framast má verða, auk þess að vinna honum beint og óbeint tjón. Það er bara leiðinlegt verk að endurtaka oft það, sem búið er að segja áður, bæði munnlega og skriflega.

Þá voru það nokkur atriði hjá hæstv. forsrh., — ég verð víst að kalla hann landbúnaðarráðh., — það er nú nýtt í málinu að kalla þann mann í stj. landbúnaðarráðh., sem helzt vinnur landbúnaðinum eitthvað til meins. Hann sagði, að sjálfstæðismenn væru að berjast innbyrðis um hagsmunamál. Hann kvað okkur þm. Reykv. vera farna að stangast við flm. frv., sem liggur fyrir, flm. væru hver fyrir sitt hagsmunasvæði, og svo kæmum við þvert á móti, og að það væri ekki gott að gera hvorumtveggja til hæfis. Þetta er algerður misskilningur. Flm. frv., sem hér er til umr., hafa hagsmuni yfirleitt allra seljenda að bakhjarli. Það eru bændur bæði í nær- og fjarsveitum, sem standa að því. Þeir eru að flytja þeirra málstað. Það er svo fjarri því, að við þm. Reykv. séum mótfallnir þeirra till., og ég get lýst yfir fyrir mitt leyti, að ég greiði þeirra frv. atkv. Annað mál er, að okkur þykir frv. ekki ganga nógu langt og að þeir hafi ekki tekið nógu mikið tillit til neytenda. Þess vegna verðum við sem menn, er hafa skyldu til að flytja málstað neytenda, að koma með okkar kröfur að auki. Hér eru ekki neinir hagsmunir milli okkar að togast á, enn sem komið er. Ég er sannfærður um, að þessir gallar, sem ég taldi upp, muni allir hverfa, ef það fyrirkomulag verður tekið upp, sem flm. frv. fara fram á. Ég veit, að þá veljast þeir menn til umsjár þessara mála, sem hafa bæði vit og vilja á að gera neytendum til hæfis, fyrst og fremst af umhyggju fyrir sínum umbjóðendum, framleiðendum mjólkur, og líka vegna þess, að það er yfirleitt engin ástæða til að vinna neytendum neitt tjón.

Ég ætla ekki að bæta við þessi orð öðru en nokkrum athugasemdarorðum út af þeim ummælum hæstv. forsrh., að ef farið yrði að gera verulega breyt. á l. hér, myndi hann sjá svo til, að frv. yrði fellt í Ed. Heyrt hefi ég, að þessu frv. yfirleitt væru búin banaráð, — um sannindi þess veit ég ekki. Það getur verið, að það svari hugarfari þeirra manna, sem fylgja þessu mjólkursölumáli að mestu leyti af óvild — að ég ekki segi fjandskap — til neytenda í Reykjavík. Það getur verið, að það svali skapi þeirra í bráð. En ég hygg, að þar verði skamma stund hönd höggi fegin. Því að þessir menn eru komnir í kví, sem þeir losna ekki úr. Annarsvegar eru bændur, sem eru óánægðir með framkomu þeirra og vita, að hún er þeim til tjóns. Hinsvegar eru neytendur, sem þeir hafa tekið upp fjandsamlega afstöðu til. Þeir eru í kví, og munu ekki úr henni losna nema þeir gangi úr henni sjálfviljugir. Og ég segi, að þeir fara þaðan með minni sæmd síðar. Því að það er áreiðanlegt, að þótt Reykvíkingar séu seinþreyttir til vandræða, þá munu þeir hafa tök á að reka af höndum sér menn, sem fara með þeim forsi, frekju og rangindum sem mjólkursölun. og þeir, sem að henni standa fastast. Það sýnir sig, að því lengur sem Reykvíkingar þola þetta, því harðari verður þeirra eftirleikur, þegar þeir rísa upp. Þó að það kosti fleiri ára baráttu, þá skal hún standa. Við biðum eftir, að þeir menn taki þessi mál, sem hafa vit og mannlund til þess að fara siðlega fram gagnvart neytendum. En ef ekki fæst að gert, þá munu þeir geta fundið, hvað á móti er. Þá getur vel verið, að sveigður verði að þeim sá, sem ekki verður létt undir að búa.

Páll Zóphóníasson: Fyrst ætla ég að drepa á nokkur atriði, sem hv. 5. og 6. þm. Reykv. voru með, en aðeins til leiðréttingar, án þess þó að ganga inn á þann skoðanamismun, sem er milli þeirra og mín að öðru leyti.

Hv. þm. sagði, að framleiðendur hér á bæjarlandinu hefðu um það að velja nú, að ganga í mjólkursamsöluna og fá þá alveg sama verð fyrir

sína mjólk og aðrir, sem utan bæjarlandsins eru, eða selja utan við samsöluna og borga verðjöfnunargjald. Þetta er ekki rétt. Hann veit vel, að þeir, sem eru í bæjarlandinu og selja í samsöluna, eru lausir við verðjöfnunargjald af einni kýrnyt fyrir hvern ha. af ræktuðu landi, sem þeir hafa, og fá því hærra verð fyrir mjólkina, en þeir, sem búa utan við, þurfa að borga verðjöfnunargjald. Nemur þetta 3 aurum af lítra, ef ekki eru hafðar kýr á aðkeyptu fóðri. Hitt er annað mál, og má sjálfsagt um deila, hvort verðmismunurinn á mjólkinni af bæjarlandinu og utan við það er nægur til þess að vega upp mismun á framleiðslukostnaði mjólkurinnar á þessum stöðum. Um þetta eru ekki til skýrslur, og því ekkert hægt að fullyrða til né frá.

Í öðru lagi sagði hann, að mjólkin hafi lækkað um einn eyri pr. lítra. Það var meira, eða 1 eyrir heimsend og 2 seld í búð, eða þegar tekið er tillit til magns hvors um sig, 1⅔ eyris að meðaltali.

Hv. þm. treysta bæjarstj. betur en öllum öðrum, að mér skildist, til þess að semja reglugerð viðvíkjandi framleiðslu og sölu þeirrar mjólkur, sem seld væri ógerilsneydd til bæjarbúa. Ég fyrir mitt leyti treysti bæjarlækni Reykjavíkur, sem hefir verið aðalmaður í samningu reglugerðarinnar, sem nú gildir, miklu betur en bæjarstj. Þessi hv. bæjarstj. er nú búin að sýna sig með því að láta lafa uppi reglugerð kringum 20 ár, sem er þannig úr garði gerð, að sjálf bæjarstj. hefir brotið hana árlega og oft á ári, — reglugerð, sem tiltekur t. d., að mjólkurbúðir í bænum megi vera 12 flestar, en nú voru þær orðnar 100. Reglugerð, sem skipar ótal margt, sem ómögulegt er að fullnægja og ekkert vit er að heimta, að fullnægt verði. Þessari bæjarstj., sem þetta líður í áratugi, treystir hann betur en bæjarlæknum til að semja reglur um sölu mjólkur.

En nú vík ég að fyrirvara mínum. Hann byggðist á því, að ég er ekki að öllu leyti sammála breyt. frá landbn. á þskj. 248. Er ég sérstaklega ósamþykkur 4. lið hennar. Með hinum liðunum var ég í sjálfu sér, en leit hinsvegar þannig á, að hægt mundi án þess að breyta l. að ná því sama marki, sem stefnt er að. Og það er aðallega tvennt. Annarsvegar að stj. mjólkursamsölunnar komist í hendur framleiðenda sjálfra 1. maí. Þó að l. yrði breytt nú, myndi það aldrei verða fyrr, því að það myndi taka mikinn tíma að koma l. í gegnum þingið.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti, að allir þeir gallar, sem hann taldi upp og kvað vera samhliða samsölunni, myndu hverfa eins og dögg fyrir sólu, þegar önnur stj. samsölunnar, kosin af framleiðendum, tæki við. Nú hefir hæstv. landbúnaðarráðh. lýst yfir, að hann muni beita sér fyrir, að þessi stj. verði mynduð, — og þá veit hv. 6. þm. Reykv., að óánægjan hverfur eins og dögg fyrir sólu. Það er því sýnt, að það þarf ekki að breyta l. til þess að ná þessu marki.

Hin krafan, sem virðist almenn í bænum, en ég tel nú ekki byggða á réttum forsendum (en hún er almenn í bænum fyrir því, og þess vegna er sjálfsagt að verða við henni), hún er sú, að fá kaldhreinsaða mjólk á markaðinn. Landbúnaðarráðh. hefir líka lýst yfir, að hann muni beita sér fyrir, að þessari kröfu verði fullnægt. Þess vegna þarf ekki heldur að breyta l. af þessari ástæðu.

Af þessu er það, að ég sé ekki þörf á að samþ. hér þær brtt., sem fyrir liggja frá landbn; aðrar koma ekki til greina að mínu áliti. Fyrir því höfum við hv. þm. Hafnf. komið okkur saman um að bera fram rökst. dagskrá, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem landbúnaðarráðherra hefir lýst yfir því, að hann muni beita sér fyrir þeirri skipun á stjórn samsölunnar, sem lögin nr. 1 7. jan. 1935 gera ráð fyrir, eftir 1. maí næstk., og ennfremur, að samsalan hafi í búðum sínum kaldhreinsaða mjólk til sölu, og með því að mjólkursölulögin ber að taka til endurskoðunar eigi síðar en á reglulegu Alþingi 1936, þá sér deildin ekki næga ástæðu til að breyta lögunum að svo komnu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (JörB): Þessi rökstudda dagskrá, sem lesin hefir verið upp, liggur þá einnig fyrir hér til umræðu.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég hefi í gær gert grein fyrir afstöðu minni og sé ekki ástæðu til að þreyta hv. d. með endurtekningu. En það verður varla komizt hjá að svara nokkrum atriðum, sem komu fram hjá hv. 6. þm. Reykv. Heyrði ég að vísu ekki nema seinni hluta ræðu hans, en í þeim hlutanum hygg ég þessi atriði hafi aðallega komið fram. Hann gat þess, sem áður var minnzt á, að í Hafnarfirði hafi ekki verið nein óánægja — a. m. k. ekki nein veruleg — með mjólkursöluna. Nú getur ekki hjá því farið, að þegar gerð er breyt. á sölufyrirkomulagi jafnalmennrar neyzluvöru og mjólk er, að það valdi einhverri truflun, og þá óánægju. Samt held ég þetta sé rétt, sem hv. þm. tók fram, að ekki sé sérstök óánægja með mjólkursöluna í Hafnarfirði, a. m. k. nú orðið. En hv. þm. staðhæfði, að ástæðan til óánægjunnar í Reykjavík væri sú, að Reykvíkingum hefði verið sýndur alveg sérstakur fjandskapur í mjólkursölumálinu, og yfirleitt hefði allt mjólkursölumálið snúizt um það, að sýna Rvík alveg sérstakan fjandskap. Má ég spyrja: Að hverju leyti hefir Rvík aðra aðstöðu í mjólkurmálinu en Hafnarfjörður? Báðir bæirnir hafa nákvæmlega sömu aðstöðu í mjólkursölumálinu, búa nákvæmlega undir sömu l. og við sömu kjör. Þetta ber ekki vott um það, eins og hv. 6. þm. Reykv. vill vera láta, að Reykvíkingum sé sýndur sérstakur fjandskapur, heldur er hitt, að það hefir í Rvík verið hafin sérstök „agitation“ gegn l. Mér dettur ekki í hug að draga dul á það, að meðan l. voru á byrjunarstigi — og sjálfsagt ennþá að einhverju leyti — eru gallar á framkvæmd l., sem smátt og smátt er reynt að leiðrétta og verður haldið áfram að leiðrétta. En þetta, að sama sem engin óánægja er í Hafnarfirði, vegna þess að þar er enginn undirróður, sýnir það, að mikið af óánægjunni í Rvík stafar af undirróðrinum, en ekki raunverulegum mistökum, ef lögunum hefði verið mætt með velvild. Reykjavík hefir ekki á nokkurn hátt aðra aðstöðu viðvíkjandi mjólkurl. en Hafnarfjörður. Það eru fullkomin ósann-

indi. Og andúðin gegn l. í Rvík sýnir allt annað en hv. 6. þm. Reykv. vildi vera láta.

Þá minntist sami þm. á það, að mjólkina hefði mátt selja víðar en hún er seld; það hefði mátt selja hana gegn ákveðnu hundraðsgjaldi í fjöldamörgum búðum í Rvík, þannig að neytendum hefði orðið miklu léttara að ná í hana. Það er alveg rétt, þetta hefði mátt gera, og hefir verið deilt á samsöluna fyrir að gera þetta ekki. En hvernig hefir tekizt þar, sem þetta hefir verið gert, t. d. í Hafnarfirði áður? Það voru borgaðir 6—8 aurar á lítrann, en nú 2, og út af því er einasta óánægjan í Hafnarfirði, svo að útsölumenn mjólkur hafa hótað verkfalli, verði ekki sölulaun hækkuð. Og úr mjólkursölunefnd var bent á hættuna af því að selja mjólkina gegn hundraðsgjaldi, af því að hægt er að stöðva söluna og eyðileggja hana með því, að seljendur gerðu verkfall. Í Hafnarfirði var hægt að mæta þessu vegna þess að staðurinn er ekki stór. En hér í Rvík var ekki hægt að mæta slíku. Þess vegna var samsalan háð seljendum. Nú er hún frjáls sinna gerða, og það er ekki hægt að trufla hennar gang, eins og það fyrirkomulag, sem er í Hafnarfirði, gæti auðveldlega gert til hættu fyrir samsöluna.

Það hefir verið deilt á samsöluna fyrir það, að hún hafi staðgreiðslu. En hverjir eru það, sem að undanförnu hafa aðallega fengið greiðslufrest í búðum, og hverjir eru það, sem aðallega hafa fengið greiðslufrest á mjólk undanfarið? Það eru þeir, sem seljendurnir vita, að er hættulítið eða hættulaust að lána. Það eru þeir, sem geta greitt, ef þeir vilja, og þeir geta staðgreitt, ef þeir vilja. En hinir, sem ekki er hættulaust að lána, þeim hefir ekki verið lánað.

Það er ekki verið að deila á önnur fyrirtæki, sem hafa tekið upp þessa reglu. Ég veit ekki betur en að þessari reglu sé fylgt í fjölda mörgum fyrirtækjum í bænum. Það þarf ekki annað en að ganga út í Austurstræti til að reka sig á fyrirtæki, sem eru rekin ýmist af ríkinu eða einstaklingum, sem líka heimta staðgreiðslu. Og það er einmitt fyrsta skilyrðið til, að hægt sé að koma lagi á mjólkursöluna. Fyrsta skilyrðið til, að hún gangi sæmilega og hægt sé að lækka verðið, er það, að skilvísir menn þurfi ekki að borga fyrir óskilvísa og þurfi svo að leggja það ofan á mjólkurverðið. Engin verzlun getur verið heiðarlegri en sú, að selja gegn staðgreiðslu, þannig, að skilamenn þurfi ekki að borga fyrir vanskilamenn með hærra verðlagi en nauðsynlegt væri annars.

Þá hefir verið deilt á samsöluna fyrir það, að þau skilyrði hafi verið sett um barnamjólk, að hún yrði seld hærra verði en önnur mjólk. Um þetta atriði hefi ég nokkrum sinnum leitað mér upplýsinga. Fyrst er að geta þess, að sú mjólk, sem seld hefir verið sem barnamjólk frá Korpúlfsstöðum og framleidd á sérstakan hátt, var seld á 60 aura áður en samsalan tók til starfa. Það, sem deilan stóð um milli Thors Jensens og mjólkursölun., var ekki þetta atriði, því að þegar n. fór fram á það, að Thor Jensen framleiddi barnamjólk úr sínu fjósi á Korpúlfsstöðum, eftir þeirri reglugerð, sem sett hafði verið, mun hann hafa svarað því, að sín mjólk úr öllum þeim fjósum, sem hann hafði yfir að ráða, væri raunverulega alveg fullkomin barnamjólk og hann gæti því framleitt mjólk í sínum fjósum án þess að hlíta reglum mjólkursölun., og beiddist þess, að fá að selja mjólkina sama verði og hún var annars seld. N. benti honum á, að það fullnægði á engan hátt reglunum um barnamjólk, en bauðst til þess, að ef hann framleiddi barnamjólk eftir þeim settu reglum, þá fengi hann að selja hana 4—5 aurum dýrara en önnur mjólk var seld, eða m. ö. o. 15 aurum ódýrara en hann hafði selt barnamjólkina áður. Þessu tilboði var ekki svarað sérstaklega, en á þeim fundi, þar sem mjólkurmálið var sérstaklega rætt og þar sem þetta mál bar ennfremur á góma, þá áttu þeir tal um þetta, síra Sveinbjörn og hv. þm. G.-K., sem hér er nú viðstaddur, og þá sagði hv. þm., að framleiðslukostnaður á mjólk, þar sem kýrnar verða að fá sérstakt fóður og auk þess að hafa ýmislegt eftirlit með, mundi verða um 45—48 aurar, og hygg ég að það sé sönnu nær. En mjólkursölun. gat vitanlega ekki verið neinn hagur í því, að barnamjólk, sem framleidd væri á Korpúlfsstöðum, væri seld dýrara en mjólk er seld almennt. N. var á móti því, að sú mjólk, sem framleidd var í öllum þeim fjósum, sem þessi bóndi hafði yfir að ráða, væri kaldhreinsuð og síðan kölluð barnamjólk, án þess að fullnægt væri þeim reglum, sem um það hafa verið settar. Um þetta hefir ágreiningurinn snúizt, eftir því sem ég hefi séð af þeim bréfaviðskiptum, sem fram hafa farið um þetta mál.

Þá er ennfremur verið að deila á mjólkursölun. fyrir það, að hún hafi ekki haft nægilega mikið af barnamjólk handa þeim, sem hennar vildu neyta, og að þessi mjólk hafi verið seld með sérstaklega afkáralegum hætti, þar sem menn hafi orðið að koma með læknisvottorð, ef þeir hafi átt að geta fengið barnamjólk. Um þetta hefi ég líka átt tal við n., og hún hefir bent á það, sem óneitanlega er fyrir hana mikil vörn eða mikil afsökun í þessu máli, að læknarnir í bænum, bæði bæjarlæknir og landlæknir, álíti, að það sé rangt fyrirkomulag, heilbrigðislega séð, að kæld ógerilsneydd mjólk sé seld hverjum, sem hafa vill, því að þeir álíti það afslátt af þeim heilbrigðisreglum, sem verði að fylgja um sölu mjólkur; þess vegna eigi ekki að selja slíka mjólk öðrum en þeim, sem samkv. vottorði læknis þoli ekki þá mjólk, sem er gerilsneydd. Við höfum rætt um það talsvert mikið hér, sérstaklega í gær, og þá var það viðurkennt réttilega af hv. þm. G.-K., að gerilsneydd mjólk eða stassaniseruð væri sú langöruggasta mjólk, sem hægt væri að fá; ógerilsneydd mjólk, kaldhreinsuð, væri frá heilbrigðislegu sjónarmiði aldrei jafnörugg, þó að hún kynni að vera eitthvað betri að gæðum en stassaniseruð mjólk. Spurningin er þá sú: Er það þorandi að verða við óskum neytenda, að láta þá fá þessa mjólk, sem þeim þykir bragðbezt, þó að það sé afsláttur á þeim heilbrigðisreglum, sem læknar telja, að verði að fylgja um framleiðslu og sölu mjólkur? Eiga neytendur í þessum bæ að fá þessa mjólk, sem heilbrigðislega séð er ekki eins örugg eins og stassaniserða mjólkin? Á að gera það þvert ofan í það, sem þessir tveir læknar halda fram?

Ég álít, eins og ég sagði í gær, að vel geti komið til mála að leysa málið á þennan hátt, en ég býst við, að það muni sannast, að þeir verði ekki margir, neytendurnir í þessum bæ, sem vilja heldur kaldhreinsuðu mjólkina heldur en þá, sem nú er stassaniseruð í stöð Mjólkurfélagsins, þar sem unnið er með þeim allra fullkomnustu og beztu tækjum, sem talið er, að völ sé á, þar sem mjólkin missir ekki nema örlítið af þeim gæðum, sem ógerilsneydd mjólk hefir, en fyrir það örlitla tap fæst fullkomið heilbrigðislegt öryggi, sem er aðalatriðið fyrir alla mjólkurneyzluna í stórum bæ. Ég hygg, að þeir verði nokkuð margir, sem taka heldur öryggið fyrir sig og sína.

Á það má og benda í þessu sambandi, að fyrir 1½ ári síðan, þegar Mjólkurfélagið tók upp stassaniseringaraðferðina, þá var mikið um það skrifað í öllum dagblöðum þessa bæjar, að þetta væri sú sjálfsagðasta meðferð á mjólk, því að hún væri ekkert skemmd, en fullkomlega örugg frá heilbrigðislegu sjónarmiði. Sérstaklega var þessu haldið fram af þeim blöðum, sem nú reyna að breiða það út, að þessi mjólk sé ekki sérstaklega góð. Þá skrifuðu þessi blöð stórar lofgreinar um þessa aðferð, og það var staðfest af landlækni og Niels Dungal, að mjólkin missti ekkert. Og hvernig fór svo með þessa mjólk? Neyzlan á henni hefir tvöfaldazt á einu ári hér í bæ. Þannig hefir neytendum líkað þessi vara. Fólk hefir kastað hinni mjólkinni frá sér. Það liggja fyrir skýrslur, sem sýna, að þetta er tvímælalaust rétt. Þær skýrslur hefi ég séð hjá mjólkursölun., og líka hefir forstjóri Mjólkurfélagsins sýnt mér þær.

Ég skal ekki fara langt inn á þær umr., sem orðið hafa um verðjöfnunargjaldið og að það séu sérstaklega Reykvíkingar, sem eiga að greiða það. Hv. 2. þm. N.-M. tók það svo rækilega til athugunar. Ég vil þó bæta nokkrum orðum við, þar sem því er haldið fram, að Reykvíkingar, sem standa yfir utan samsöluna, eigi ekki að greiða verðjöfnunargjald, af því að þeir selji beint og hafi því enga vernd eða tryggingu fyrir því, að þeir selji sína vöru. Þetta er ekki rökrétt, vegna þess að samsalan veit alltaf, hve mikið er selt í Reykjavík á hverjum tíma. Þess vegna flytur hún ekki meiri mjólk til bæjarins en hún veit, að muni seljast, reiknað með því, að þeir, sem standa utan við, selji sína mjólk. Þar af leiðandi kemst á þessa sölu fullkomið „kontrol". En auk þess er það kunnugt, og það skulu þeir góðu herrar athuga vel, sem berjast fyrir því að fá kaldhreinsaða mjólk, að auk þess fæst ógerilsneydd mjólk beint frá framleiðendum innan Reykjavíkur, svo að þeir, sem vilja fá þessa mjólk, fá hana þar. En ef nú verður látið undan þeirri kröfu, að selja ógerilsneydda mjólk í búðum samsölunnar, þvert ofan í ráðleggingar læknanna, þá hlýtur það að ganga mest út yfir þá, sem selja utan samsölunnar, því að þá fá neytendur í samsölunni þá mjólk, sem þeir áður fengu aðeins utan hennar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hefi sérstaklega leitazt við að svara þeim árásaratriðum, sem komið hafa fram, en forðazt að draga á nokkurn hátt ný atriði inn í málið.

Jón Pálmason: Á síðasta Alþingi bar ég og hv. þm. Ak. fram till. til breyt. á mjólkurl. á þá leið: í fyrsta lagi, að bráðabirgðaákvæðin væru felld niður, að mjólkursölun. hefði engin ráð yfir samsölunni, í öðru lagi, að verðjöfnunargjaldið væri lægra, og í þriðja lagi, að mjólkursölun. og verðlagsnefnd væru sameinaðar í eina n. Allar þessar till. voru drepnar með shlj. atkv. stjórnarflokkanna beggja, og af þeim sökum hygg ég, að mjög hafi sprottið þær óeirðir og sterka óánægja, sem orðið hefir út af framkvæmd þessa máls síðan þingi sleit.

Nú þegar þetta mál kemur hér fram í annað sinn á þessum vetri, þá skeður það, sem náttúrlega má vera okkur til gleði, sem bárum þessar till. fram, að hv. form. landbn. gengur inn á að samþ. till., sem fara nákvæmlega í sömu átt og okkar till. Ég skal taka það fram, að 4. maðurinn í n., hv. 2. þm. N.-M., gekk einnig inn á þessar till., þó að hann vilji ekki kannast við þær nú. Því töldum við líklegt, að þessar till. okkar yrðu samþ. og yrði þar með fenginn friður um þetta deilumál. En nú hefir það skeð, sem mér þykir í sjálfu sér mjög undarlegt, að einn maður úr landbn., hv. 2. þm. N.-M., hefir borið fram rökst. dagskrá, sem eyðir frv. og þeim till., sem hann var sjálfur búinn að ganga inn á, þó að hann vilji ekki viðurkenna það nú. Verði sú dagskrá samþ., þá situr allt við það sama. Ég þykist sjá, af hvaða orsökum þessi hringsnúningur hv. þm. muni vera sprottinn. Hann er sprottinn af því, að það hefir sýnt sig, að stjórnarflokkarnir báðir eru því mótfallnir, að nokkur breyt. eða lagfæring sé á þessu máli gerð. Það hefir jafnvel gengið svo langt, að hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir, að hann gerði það að fráfararatriði, ef l. yrði breytt.

Ég skal svo víkja með örfáum orðum að þeim atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh., einkum þeirri, sem hann flutti hér í gær til að mótmæla þeim till., sem meiri hl. landbn. hefir nú borið fram. Hæstv. ráðh. fór þeim orðum um þetta frv., að með því væri stefnt að því að eyðileggja framkvæmd þessara l. að mjög miklu leyti. Í því sambandi komst hann að þeirri niðurstöðu, að brtt., sem meiri hl. landbn. hefir borið fram, væru að því leyti skárri, að þær færu fram á, að ýmis viðkvæm deilumál væru eftir sem áður lögð undir mjólkursölun. Eins og hv. frsm. landbn. hefir nú tekið fram, þá er mjólkursölun. ætlað eftir sem áður að hafa með höndum ákvörðun verðjöfnunargjaldsins og úthlutun þess, og það hlýtur alltaf að vera deiluatriði milli einstakra hagsmunasvæða, sem hér eiga hlut að máli.

Aðalatriðið í till. okkar er það, að stjórn á framkvæmdum samsölunnar verði fengin í hendur framleiðendunum sjálfum, sem hér eiga nagsmuna að gæta. Það eru fyrst og fremst þeirra hagsmunir, að sem allra mest seljist af þessari vöru og líka, að verðið sé svipað og verið hefir. Nú heldur hæstv. ráðh. því fram, að það sé engin trygging, sem hér er farið fram á, frá því, sem hægt sé að ná án lagabreyt. og í því sambandi lofaði hann því, að samsalan yrði fengin í hendur framleiðendunum 1. maí, ef þeir gætu allir komið sér saman.

Ég skal þá ofurlítið víkja að því, hversu mikils virði þetta loforð hæstv. ráðh. er. Ég sé ekki, að það sé sérstaklega mikils virði, þegar tillit er tekið til þess, að í bráðabirgðaákvæðum mjólkurl. er það beint skilyrði, að allir aðiljar, sem hlut eiga að máli, komi sér saman um framkvæmd þessa máls, ef þeir eiga að fá yfirráð yfir samsölunni. Ennfremur er það skilyrði, að ráðh. sé einnig samþykkur. Við skulum nú gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. standi við þetta loforð sitt; ég skal ekki efast um það, að hann láti samsöluna af hendi, ef allir koma sér saman, en ég sé ekki, að mikil líkindi séu til samkomulags, þegar vitað er um eitt búið, Mjólkurbú Flóamanna, sem óskar eftir sama skipulagi og verið hefir, eftir þeim fregnum, sem fengizt hafa af fundi framleiðenda, sem haldinn var nýlega hér í bæ. Þar munu hafa verið 3 fulltrúar móti 16, sem vildu hafa sama fyrirkomulag og nú er. Með þessu móti getur minni hl., og það örlítill minni hl., ráðið því, að samsalan verði áfram í höndum mjólkursölunefndar.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að við vildum koma málinu í það horf, að það væri meiri hluti þeirra, sem framleiddu mjólk, sem réði, í stað þess að óviðkomandi óhlutdrægir menn réðu. Ég kasta því þá til hans, hvort það væri ekki meiri hl. n., sem réði nú, og vissulega er það svo, því að það er vitað, að mjólkursölun. hefir ekki verið sammála um mörg þau atriði, sem mest hefir verið deilt um. Nú virðist það vera miklu eðlilegra, að það sé meiri hluti framleiðendanna, sem ræður, og því sé þessi stjórn tekin úr höndum mjólkursölun. og fengin þeim í hendur, og það sem allra fyrst. Og ég fyrir mitt leyti efast ekki neitt um það, að það er grundvallarskilyrði fyrir því, að sættir og friður komist á í sambandi við þetta þýðingarmikla hagsmunamál, að fulltrúar framleiðendanna sjálfir fái, án íhlutunar ríkisvaldsins, að ráða, hvernig þessu öllu er hagað, því að það er gefinn hlutur, og það hljóta þessir menn að sjá, og þeir sjá það nú þegar, að það eru þeirra hagsmunir, sem fyrst og fremst af öllu eru í veði, þegar búið er að koma þessu máli út á þessa slæmu braut, sem það nú er á, þegar búið er að egna neytendurna upp á móti framleiðendunum með vitlausum ráðstöfunum, þar sem þeir fá engu því framgengt, sem þeir fara fram á.

Það er í þessu sambandi vert að geta þess, að það er auðsætt mál, að þeir, sem vilja hafa þetta áfram í sama horfi og nú, þeir hafa á móti sér bæði neytendurna í Reykjavík og framleiðendurna úti um land, að undanteknu því eina búi, sem vill hafa fyrirkomulagið á svipaðan veg og nú.

Viðvíkjandi því, sem hér hefir verið minnzt á, að breyta l. í fleiri atriðum en við, sem erum í meiri hl. landbn., höfum farið fram á, þá er það að segja, að þær till., sem hv. þm. Reykv. bera fram, eru á þann veg, að ég get ekki léð þeim atkv., því að ég tel þær ganga of langt í því að draga fram hlut þeirra, sem búa á bæjarlandinu, á kostnað þeirra, sem utan bæjarlandsins búa.

Eins og menn muna, þá var talsvert um það deilt á síðasta þingi, hvernig verðjöfnunargjaldið ætti að vera. Vildu sumir, og þar á meðal ég, hafa hámarkið 6%, en það var ákveðið 8%. Ég sá ekki til neins að fara fram á að breyta því í það horf, sem mikill meiri hl. var mótfallinn á síðasta þingi, jafnvel þó ég telji, að réttmætt sé. Snertandi það, að það sé sanngjarnt, að þeir framleiðendur innan bæjarlandsins, sem verzla beint, sleppi alveg við verðjöfnunargjaldið, þá efa ég, að það sé rétt, og það er af því, að með því að koma skipulagi á þessi mál, þá er gengið út frá þeirri grundvallarhugsun, að þeir, sem næst eru, kaupi af sér með verðjöfnunargjaldinu of mikið framboð á vörunni frá þeim, sem fjær búa. Hitt er mikið athugamál, hversu hátt þetta gjald megi vera og hvað sé reiknað kýrnyt í þessu sambandi. Ég tel það því verulegt spor í samkomulagsáttina, sem felst í till. meiri hl. landbn., að áætlunin um kýrnyt sé lækkuð um 500 l., en náttúrlega er sá mismunur minnstur hjá þeim, sem fáar eiga kýrnar, og kemur þeim því að hlutfallslega minni notum en þeim, sem fleiri kýr eiga. Þó gildir þetta 15 kr. pr. kú. Að öðru leyti skal ég ekki fara nánar inn á þessar till., en það vil ég taka fram, að ég held, að það væri stefnt til hins betra og leiða til friðar, ef brtt. okkar væru samþ. hér. Annars þykir mér undarleg sú þrjózka, sem kemur fram hjá hæstv. forsrh., að gera það að þessu mikla kappsmáli að halda þessum illa séðu mjólkurlögum óbreyttum og vilja halda uppi þeim ófriði, sem óneitanlega leiðir af því.

Að síðustu vil ég beina þeirri ósk minni til hv. dm., að þeir samþ. brtt. okkar, enda þótt hæstv. forsrh. tali digurbarkalega og hóti því, að allt, sem samþ. kann að verða í þessari hv. d. snertandi þetta mál, verði drepið í efri deild.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mikið, því að ég tel ekki rétt að svo vöxnu máli að blása mikið að þeim æsingi, sem um mál þetta hefir skapazt. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er borið fram til þess að reyna að sætta þá aðila, sem hér deila, og ég vil ekki gera ráð fyrir öðru en að þær sættir takist. Hæstv. forsrh. hefir nú gefið í skyn, að hann vilji vinna að því, að samkomulag náist um þetta mál, með því að taka til greina aðalkröfurnar, sem bornar hafa verið fram af framleiðendum og neytendum. En afstaða hans er eigi að síður mjög undarleg, þar sem hann, jafnhliða því að gefa þetta fyrirheit, að hann skuli vinna að samkomulagi í þessu máli, með því m. a., að frá 1. maí skuli öll yfirráð mjólkursölunnar fengin í hendur framleiðendum og tekin af mjólkursölunefnd, og jafnframt það, að leyfð verði rýmri sala á vélhreinsaðri mjólk en nú er, sem mér skilst, að séu aðalatriðin, sem um er deilt, þá skuli hann jafnframt lýsa því yfir í efri deild, að hann geri það beinlínis að fráfararatriði, ef frv. þetta verður samþ. Þó felst ekkert annað í frv. en það, sem hann hefir lýst yfir, að hann ætli að vinna að. Mér fyndist hann því hreinlega geta samþ. frv.; með því fengi hann þó alltaf skýlausa lagaheimild fyrir því, sem hann hefir lofað að vinna að. Ég get því ekki fundið neina skynsamlega ástæðu fyrir þessari framkomu ráðh. Þar af leiðir,

að ég hlýt að vera mjög vantrúaður á, að ráðh. ætli að vinna að því, sem hann hefir gefið vilyrði um, og vikið er að í dagskrártill. þeirra hv. þm. Hafnf. og hv. 2. þm. N.-M. Ég þykist vita, að flm. dagskrártill. hafi aflað sér upplýsinga um það hjá hæstv. ráðh., sem þeir sveigja að í till. sinni. Annars væri till. blekking ein, sem mér er þrátt fyrir allt næst skapi að halda, því að það er ekki ástæða til að halda, að hæstv. ráðh. sé alvara með þessar yfirlýsingar sínar, þar sem hann hefir þrátt fyrir þær talað af miklum móði á móti því, að nokkrar breyt. verði gerðar á mjólkursölulögunum. Áðan talaði hann t. d. á móti því, að leyfa mikla sölu á vélhreinsaðri mjólk, taldi það vera á móti ráðleggingum lækna að selja hana. Hér held ég, að ráðh. fari skakkt með, því að allt, sem ég hefi heyrt frá læknum um þetta efni, er það, að þeir telja vélhreinsaða mjólk betri og hollari en gerilsneydda mjólk. Vegna þessarar dæmafáu framkomu hæstv. ráðh. í þessu máli er full ástæða til að krefja hann óskoraðrar yfirlýsingar um það, hvað hann í raun og veru ætlist fyrir í málinu, því að eins og sýnt hefir verið fram á, þá eru öll orð hans í hreinni mótsögn við yfirlýsingar þær, sem hann hefir gefið um að segja af sér, ef frv. verður samþ. Hvaða ástæðu hæstv. ráðh. hefir til þess að segja af sér, þó að frv. verði samþ., ef hann á annað borð ætlar að standa við eitthvað af því, sem hann hefir sagt, fæ ég ekki skilið, því að ég get tæplega hugsað mér, að hann fari að segja af sér, þó að 5. gr. laganna verði breytt á þann veg, að verðjöfnunargjaldið hjá innanbæjarframleiðendum verði miðað við 2500 lítra í stað 3000, eins og nú er í lögum.

Annars furðar mig stórkostlega, að hæstv. ráðh. skuli leggjast á móti því að fá lagaheimild fyrir því, sem hann telur sig ætla að gera, því að í raun og veru getur enginn vafi leikið á því, að samkv. gildandi l. er sala á ógerilsneyddri mjólk óheimil, nema þeirri, sem framleidd er á bæjarlandinu. Sömuleiðis tel ég líka mjög vafasamt, að heimilt sé samkv. gildandi l. að fá framleiðendum mjólkursöluna í hendur eftir 1. maí, því að mér skilst, að til þess að það sé hægt þurfi að fást fullkomið samkomulag milli umboðsmanna framleiðendanna, en ég verð að draga mjög í efa, að slíkt samkomulag fáist, þar sem svo bar til nýlega á fundi mjólkurbandalagsins, að einn aðilinn setti sig algerlega á móti þessu.

Hvernig nú stendur á því, að hæstv. ráðh. vill vinna að lagfæringu á mjólkursölunni gegn ákvæðum gildandi laga, í stað þess að fá hreina lagaheimild til þess, finnst mér harla undarlegt, og vænti því að fá skýringu á því, hvað veldur þessari undarlegu afstöðu hans.

Þá finnst mér ástæða til þess að víkja nokkuð að afstöðu þeirra manna, sem fengið hafa heimild til þess að selja beint til neytendanna. Því hefir verið haldið fram, að það væri óeðlilegt, að þeir væru undanþegnir verðjöfnunargjaldinu, þar sem þeir væru með mjólkursölulögunum verndaðir gegn samkeppni frá þeim mjólkurframleiðendum, er fjær búa. En þetta á bara ekki við þá, sem selja beint til neytendanna; þeir eru alls ekki verndaðir gegn samkeppni, því að samsalan getur flutt mjólk ótakmarkað til bæjarins og keppt við þessa framleiðendur. Það væri því miklu nær að snúa þessu við og láta gjaldið ná til þeirra einna, sem framleiða mjólk innan bæjarlandsins og selja hana til samsölunnar, því að það eru þeir, sem eru verndaðir gegn samkeppni. Hér er því öllu snúið öfugt. Ég verð því að neita því, að það sé ekki fullkomlega réttmætt að halda því fram, að þeir, sem selja beint til neytendanna, eigi að vera undanþegnir þessum skatti. Eða þá a. m. k., að þeir séu jafnréttháir þeim, sem láta mjólkina beint til samsölunnar.

Hv. 2. þm. N.-M. gerði að umtalsefni það atriði í brtt. okkar þm. Reykv., að bæjar- eða sveitarstjórnin í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum, þar sem mjólkurlögin koma til framkvæmda, skuli semja reglugerð um það, hvaða heilbrigðiskröfur skuli gera til þeirra manna, sem selja framleiðslu sína beint til neytendanna. Hann sagði, að hann t. d. treysti bæjarlæknunum hér betur til þess að semja slíka reglugerð en bæjarstj. Rvíkur. Hvað þetta snertir, þá ber nú allt að sama brunni, hvort svo er tiltekið, að bæjarlæknirinn eða bæjarstj. skuli semja reglugerð þessa hér, því að bæjarstj. myndi eðlilega fá bæjarlæknirinn sér til aðstoðar við samningu slíkrar reglugerðar, en það er bara eðlilegra að kveða svo á, að bæjarstj. skuli semja þessar reglugerðir fyrir bæjarbúa, eins og aðrar reglugerðir, sem þá snerta. Að fara að undanþiggja þessa einu reglugerð og afhenda hana í hendur mönnum, sem enga þekkingu hafa á þessum hlutum, nær vitanlega engri átt. En eins og kunnugt er, þá er mjólkursölunefnd skipuð með allt annað verkefni fyrir augum. Það verður því að teljast fullkomlega rétt, að bæjarstj. og sveitarstj., hver í sínu umdæmi, séu hinn eini rétti aðili til þess að semja slíkar reglugerðir sem þessar, a. m. k. svo fremi, sem tilgangurinn með þeim á ekki að vera annar en sá, að tryggja sem mestan þrifnað og hollustuhætti gagnvart þeim, sem mjólkurinnar neyta. En eigi tilgangurinn aftur á móti að vera sá með reglugerðum þessum, eins og menn hafa jafnvel haft á tilfinningunni, að setja skilyrðin svo þröng, að ekki sé hægt að fullnægja þeim, svo að þeir hverfi með öllu, sem leyfi geta fengið til mjólkursölu beint til neytendanna, þá má vera, að heppilegra sé að fela samningu þeirra einhverjum öðrum en bæjar- eða sveitarstjórnunum.

Ein ástæðan fyrir því, að hv. þm. taldi sig verða að vantreysta bæjar- og sveitarstjórnum í þessu, var sú, að þverbrotin hefði verið reglugerð um mjólkursölu í bænum, þar sem t. d. reglugerðin hefði kveðið svo á, að aðeins skyldu vera 12 útsölustaðir mjólkur í bænum, þá hefðu þeir í stað þess verið orðnir 100. Um reglugerð þessa er það að segja, að hún var orðin gömul, og bærinn því stækkað mikið frá því að hún var sett. Mun bæjarstj. því ekki hafa talið það brot á reglugerðinni, þó að hún leyfði það, að mjólkursölustöðum væri fjölgað eftir því, sem bærinn stækkaði. Að þetta hafi ekki verið að ástæðulausu gert, sannast bezt á því, að mjólkursölunefnd hefir jafnvel ekki treyst sér til þess að hafa útsölustaðina í Reykjavík

ekki nema 12, heldur hefir hún bara fjórfaldað þá tölu. Þessi ástæða er því einskis virði.

Höfuðtilgangurinn með þessum orðum minum var sá, að reyna að ganga eftir því hjá hæstv. ráðh., hvað hann í rauninni ætlast fyrir, ef frv. þetta verður ekki samþ. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því, að frv. verði að lögum. Það heimilar aðeins það, sem hæstv. ráðh. hefir lýst yfir, að hann ætli að vinna að. Treysti hann sér aftur á móti til þess að vinna að því, sem er höfuðtilgangur frv., án sérstakrar lagaheimildar, þá er vafamál, hvort rétt er að vera að halda frv. til streitu.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég hefði næstum því getað fallið frá orðinu nú, af því það er svo fátt, sem ég þarf að svara úr ræðum hv. þm. Samt sem áður þykir mér viðkunnanlegra að svara nokkuð þeim fyrirspurnum, sem fram komu frá hv. 3. þm. Reykv. Það var þá sérstaklega fyrst það atriði, hvort leyfilegt væri samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um meðferð og sölu mjólkur o. fl. að selja kaldhreinsaða mjólk frá samsölunni hér í Reykjavík. Um þetta atriði hefi ég áður upplýst það, að ég teldi, að svo væri, en ég get gjarnan endurtekið þá yfirlýsingu, úr því eftir þessu er spurt.

Í umr. í dag upplýsti ég það, að ástæðan til þess, að seld hefir verið svokölluð barnamjólk á þann hátt að krefjast læknisrecepts, sem mest hefir verið deilt á mjólkursölunefndina fyrir, var sú, að bæði landlæknir og bæjarlæknir ráðlögðu að hafa þetta fyrirkomulag. Ég hefi síðan í dag spurt einn manninn í mjólkursölun., hvort þetta væri ekki rétt með farið, og bað ég hann að gæta að þessu í bókum mjólkursölun., og þessi maður hefir upplýst það, að svo væri. Þessir tveir góðu læknar töldu svo litla þörf fyrir ógerilsneydda mjólk, af því ekki væri rétt að láta hana af hendi við aðra en þá, sem þyrftu hennar með af heilbrigðisástæðum. Almenningi væri að öllu samanlögðu betra og hollara að nota hina gerilsneyddu mjólk. En þó að svo hafi verið ráðlagt af þeim læknum, sem mjólkursölunefnd hefir sérstaklega leitað til, þá er ekkert í l. því til fyrirstöðu, að ógerilsneydd mjólk sé seld fleirum en sjúklingum, því eins og hv. þdm. vita, þá er aðeins sagt í l., að framleiða megi með sérstökum hætti ógerilsneydda mjólk handa sjúklingum og börnum, og að í reglugerð skuli vera ákveðið, hvernig þessi mjólk skuli framleidd, og að hún skuli vera seld frá mjólkurbúum, sem væru undir heilbrigðiseftirliti. Af þessu má sjá, að vitanlega er hægt að víkja frá till. læknanna. Það má vitanlega framkvæma þetta þannig, að þeir, sem telja sig þurfa að fá ógerilsneydda mjólk, fái hana; þetta er aðeins reglugerðaratriði. Hitt er aftur álitamál frá heilbrigðislegu sjónarmiði, hve mikið eigi að víkja frá þeim reglum, sem settar hafa verið eftir till. hinna tveggja ágætu lækna, til þess að fullnægja smekk almennings, sem heldur vill ógerilsneydda en gerilsneydda mjólk. Ég fyrir mitt leyti tel ekkert því til fyrirstöðu, að þetta verði tekið til athugunar, og ég hefi m. a. leitað upplýsinga hjá þeirri stöð, sem vinnur að gerilsneyðingu mjólkurinnar, um þetta, og hún telur ekkert því til fyrirstöðu, að mjólkin sé kaldhreinsuð. Spurningin er því aðeins um heilbrigðishlið málsins.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. á því að fara að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um verðjöfnunargjaldið, heldur vísa til þess, en ég vil aðeins benda á það, að þeir þm., sem hér eru fyrir Reykjavík, bera það sérstaklega fyrir brjósti að fá afnumið verðjöfnunargjaldið fyrir þá mjólk, sem seld er beint, en aðrir hv. þm. úr sama flokki virðast vera því mótfallnir, eftir umr. að dæma. Ég benti á það í gær og get gjarnan minnt á það aftur, hvernig mjólkursölumálinu væri nú komið, ef fulltrúar frá einstökum mjólkurframleiðslusvæðum með mismunandi hagsmunum hefðu einir haft yfirráðin og svo hefði verið úrskurðað eftir því, hvorir hefðu meiri hlutann. Ég skal taka til dæmis þessar andstæður till. um verðjöfnunargjaldið. Sumir yrðu með því að afnema það fyrir beinu söluna, en aðrir vildu láta það gilda fyrir alla mjólk. Ef svo þeir yrðu í meiri hl., er afnema vildu verðjöfnunargjaldið, þá mundi það verða afnumið, hvort sem hinum þætti nokkurt réttlæti í því eða ekki. En ef hinir yrðu í meiri hl., þá yrði verðjöfnunargjaldið ekki afnumið.

Það, sem ég sérstaklega vil benda á í þessu sambandi, viðvíkjandi þessu mjólkurmáli, er einmitt það, sem hv. 3. þm. Reykv. þóttist leitast við að taka upp eftir mér. Hann minntist sérstaklega á það, að ef þetta frv., sem hér liggur fyrir frá hv. meiri hl. landbn., yrði samþ., þá mundi ég segja af mér. Ég nenni nú ekki að leiðrétta þennan misskilning, því að það gerði ég í hv. Ed., enda veit ég, að hv. 3. þm. Reykv. er miklu kunnugra um þetta atriði en svo, að honum detti í hug, að þetta sé rétt eftir haft. Hann veit vitanlega mætavel, að öll sú röksemdafærsla, sem út af þessu hefir spunnizt, er með öllu út í loftið. Það, sem ég legg megináherzluna á í mjólkurmálinu, er það, að ég vil ekki, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gangi fram, því það gerir ráð fyrir, að hin mismunandi hagsmunasvæði kjósi sér fulltrúa og ráði mjólkurmálinu til lykta eftir því, hvaða hagsmunasvæði eru í meiri hl. á hverjum tíma; ég er frv. mótfallinn vegna þess að ég veit, að þetta er nákvæmlega það sama og að eyðileggja samsöluna. Hér er alveg það sama á ferðinni og var nýskeð í síldarsölumálinu. Hvað skeði þar? Þar börðust hinir mismunandi hagsmunir þangað til flokksmenn hv. 3. þm. Reykv. snéru sér til ríkisstj. og báðu hana um að taka völdin af sér og öðrum fulltrúum síldarframleiðenda og koma á fót einkasölu á síldarsöluna, m. a. Jón Björnsson, því að þeir vissu, að ef hinir mismunandi hagsmunir síldarframleiðenda áttu að ráða og hinir ættu að beygja sig undir það, þá myndu samtökin springa. Þetta sama mundi ske, ef mjólkursölunefndin væri lögð niður og fengi ekki — eins og ætlazt hefir verið til — að dæma áfram milli hinna mismunandi hagsmuna og reyna að komast að réttmætri niðurstöðu.

Ég hefi verið á móti þessu frv. frá hv. meiri hl. landbn. vegna þess, að ég tel óþarft að breyta til í þessu efni.

Ég hefi áður lýst yfir skoðun minni á því atriði, sem einnig hefir verið spurt um, sem sé því, hvort ég muni ætla að bjóða framleiðendum að ráða með beinni tilnefningu meiri hl. þeirra manna, sem samsölunni stjórna. Þetta atriði hefi ég oft minnzt á hér í hv. d. Ég hefi ekki leynt því, hvorki hér á hinu háa Alþingi né heldur á fundum, þar sem ég hefi átt tal við framleiðendur, að það væri vitanlega aðalatriðið fyrir framleiðendur að hafa fullkominn meiri hl. með beinni tilnefningu, því að þá geta þeir til fulls ráðið sínum málum, en þar sem þeir hinsvegar deila um hina mismunandi hagsmuni, aðeins til þess að eyðileggja samtökin, vil ég að menn séu á milli til þess að skera úr, eftir því sem réttlátt er. Það er margbúið að sýna sig í öllum afurðasölumálum undanfarið, að þetta er eina leiðin til þess, að þessi mál geti farið vel úr hendi.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það hafa komið fram nokkur atriði í umr. um þetta mál, sem mér þykir ástæða til að minnast á nokkrum orðum. Það, sem kom mér sérstaklega til þess að standa upp, voru ummæli hv. 5. þm. Reykv. um mjólkurmálið almennt í svari hans til hv. þm. Hafnf.

Ummæli hv. 5. þm. Reykv. voru þau, að mjólkurlögin hefðu verið sett eingöngu — eins og þessi hv. þm. undirstrikaði — til hagsmuna fyrir mjólkurframleiðendur. Þessi skýring hv. þm. er ekki rétt. Í málefnasamningi þeim, sem á sínum tíma var gerður milli stjórnarflokkanna, var það tekið fram, að skipulögð skyldi sala innlendra afurða, m. a. sala mjólkur, með það fyrir augum, að efldir skyldu hagsmunir bæði framleiðenda og neytenda. Þetta getur vel farið saman og á að gera það, ef vel á að fara. Þess vegna var þessi löggjöf um mjólkursöluna ekki einungis sett með það fyrir augum að gæta hagsmuna framleiðendanna, heldur einnig neytendanna. Það er flestum vitanlegt, að neytendur mjólkur hafa mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við sölu, skipulagningu og dreifingu mjólkurinnar meðal neytenda, þar sem bæjarbúar eiga mikið undir því, að verði þessarar vöru sé stillt svo í hóf, að fátæk heimili geti keypt hana. Neytendur hafa einnig þeirra hagsmuna að gæta, að mjólkin, sem þeir kaupa, sé góð og heilnæm vara og að ekki stafi hætta af því, að með mjólkinni berist sýklar, sem óhollusta getur stafað af fyrir neytendur. Verð og vörugæði eru þau tvö atriði, sem neytendur sérstaklega hljóta að hugsa um í sambandi við þá hagsmuni, sem þeir hafa að gæta, þegar rætt er um mjólkursölu og mjólkurafurðir. Þess vegna er ekki rétt að hugsa einungis um einhliða hagsmuni þeirra manna, sem atvinnu hafa af mjólkurframleiðslu, heldur ber einnig að hugsa um hagsmuni þeirra, sem þurfa og vilja kaupa mjólk. Þess vegna var það næsta eðlilegt, a. m. k. frá sjónarmiði Alþfl., sem hefir innan sinna vébanda fjölda af neytendum íslenzkra afurða, að það yrði líka litið á hagsmuni neytenda, þegar sett yrði löggjöf um þetta efni. Það er að vísu svo, að Alþfl. viðurkennir vitanlega, að það er fullkomin þörf á því, að bændur landsins séu studdir í þeirri þungu baráttu, sem þeir eiga nú við að stríða, vegna óárunar. M. a. þess vegna gekk Alþfl. að stjórnarmyndun með það fyrir augum, að bezt væri að efla hag bæði bændanna úti um byggðir landsins og einnig alþýðunnar við sjávarsíðuna, því að Alþfl. er þess fullviss, að hagsmunir alþýðunnar til sjávar og sveita fari saman í flestum megin-landsmálum. Það er því engin furða, þótt Alþfl. líti með tortryggnisaugum á þau vigorð sjálfstæðismanna um það, að það beri að fá framleiðendum eingöngu í hendur yfirráðin yfir mjólkursamsölunni.

Við Alþfl.menn lítum svo á, að neytendur eigi einnig heimtingu á því að koma nálægt þessu máli, og við teljum, að fulltrúi neytenda hafi vissulega ekki haft ill áhrif á sölu mjólkurinnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Ég held, að þetta vigorð um það, að mjólkursamsalan eigi að vera undir stjórn framleiðenda, sé ekki annað en fölsk upphrópun, fyrir þá sök, að aðalgagnrýni Sjálfstfl. og þeirra manna annara, sem með honum standa í þessu svokallaða mjólkurstríði, beinist ekki fyrst og fremst að fulltrúum neytenda í stjórn samsölunnar, heldur að fulltrúum framleiðenda í stjórn samsölunnar. Það er þess vegna augljóst mál, að gagnrýni andstæðinga samsölunnar beinist ekki beinlínis að því, að það séu neytendur, sem hafa hönd í bagga með mjólkursölunni, heldur beinist gagnrýnin að vissum mönnum, alveg án tillits til þess, hvort þeir eru fulltrúar neytenda eða framleiðenda; m. ö. o. er þessi gagnrýni miðuð við það, hvernig þessum ákveðnu pólitísku flokkum líkar við þessa menn, og er þá dómurinn fyrst og fremst lagður á þá eftir pólitískum mælikvarða. Ég ætla, að hv. Sjálfstfl. í Reykjavík telji það t. d. engan höfuðgalla á samsölunni, að hv. 3. þm. Reykv. á sæti í stjórn hennar. Ég hygg, að meiri hl. bæjarstj. Rvíkur hefði getað valið einhvern mjólkurframleiðanda, annaðhvort í nágrenni Rvíkur eða einhversstaðar í meiri fjarlægð, til þess að fara með stjórn samsölunnar að sínu leyti, ef þeir hefðu raunverulega viljað halda fast við þá skoðun, að hjá þeim væri aðalatriðið, að framleiðendur réðu mjólkurdreifingunni og mjólkursölunni yfirleitt hér í bænum. En það var valinn fulltrúi mjólkurneytenda hér í bæ, hv. 3. þm. Reykv., og til vara annar fulltrúi neytenda hér í bæ, ungfrú María Maack, sem er ein af þessum gunnreifu valkyrjum, sem nú eru komnar fram á sjónarsviðið í þessu mjólkurmáli til þess að bjarga hinum þjökuðu neytendum í Rvík, sem höfðu orðið fyrir „offorsi“ og „óforskömmugheitum“ fulltrúa neytenda í mjólkursamsölunni. En það eru fulltrúar eins og sr. Sveinbjörn Högnason og Egill Thorarensen, sem hafa kannske sett sinn svip á samsöluna ekki síður en aðrir. Undan oki þessara fulltrúa samsölunnar vilja þessar valkyrjur hér í Rvík frelsa neytendahópinn sem allra fyrst. Sumir þessara fulltrúa neytenda, þessir sjálfboðaliðar fyrir neytendur hér í bæ, og á ég þar líka við eina ágæta maddömu í Húsmæðrafélaginu, hafa viljað þvo af sér þá skoðun, að þær meintu nokkuð með baráttu sinni í mjólkurmálinu eða kröfum um lækkun mjólkur hér í bænum. Að vísu var það þannig, að meðan sambandið milli þessara valkyrja og

kommúnistanna var sem innilegast, þá gættu þær sín ekki í gleði sinni yfir þessum nýju félögum og samherjum og réttu upp hendurnar með fulltrúum kommúnistanna, sem skilyrðislaust heimtuðu 35 aur. verð á mjólkinni þegar í stað. Síðan hafa þessar ágætu húsmæður séð sig um hönd og kappkosta nú að þvo af sér þann smánarblett, að þær hefðu viljað vera með í því að styðja að mjólkurlækkun í Rvík. Nú kunna menn kannske að segja, að þetta svokallaða, dálitið broslega, en í aðra röndina sorglega mjólkurstríð eigi rót sína að rekja til þess, að stjórn samsölunnar og fyrst og fremst fullrúar framleiðenda í stjórn samsölunnar hafi ekki viljað taka til greina hinar „hóflegu“ kröfur hinna sjálfboðnu fulltrúa „réttlætisins“ í þessu máli, Húsmæðrafélags Reykjavíkur.

Ég hefi dálitið minnzt á það í þessum umr., og vil undirstrika það betur, í hverju þessar kröfur húsmæðranna voru fólgnar, og er hv. þm. það þó mætavel kunnugt af því merkilega skjali, sem hv. Alþ. barst frá þessum félagsskap kvenna hér í bæ, þar sem settar eru fram kröfur þær, sem samþ. voru á fundi Húsmæðrafélagsins. Að vísu vantaði eina kröfuna, sem samþ. var þó á sínum tíma með shlj. atkv., þá kröfuna, sem ég minntist á áðan, að hefði verið látin falla fyrir ofurborð, þegar tímar liðu fram og eitthvað kann að hafa kólnað vináttan milli samherjanna, fulltrúa sjálfstæðiskvennanna og fulltrúa kommúnista. Það vantaði kröfuna um lækkun mjólkurinnar í þetta ágæta plagg. Hinsvegar vil ég fara fáeinum orðum um þessar 5—6 kröfur, sem þessar ágætu húsfrúr báru fram á sínum tíma og sendu stjórn samsölunnar, sem þær telja, að hafi gert það að verkum, að kröfunum var ekki fullnægt, svo að þær voru neyddar til þess að grípa til róttækra ráða, sem sé að reyna að fá kröfum sínum framgengt með því að stuðla að því, að húsmæður í Reykjavík takmörkuðu við sig mjólkurkaupin almennt. Fyrsta krafan var um það, að bökunarhús í bænum hefðu jafnan rétt til brauðasölu í mjólkurbúðum samsölunnar. Í sambandi við það má minna á það atriði, sem drepið hefir verið á í umr. um mjólkurmálið yfirleitt og einnig í blöðunum, að samsalan hafi beitt sérstöku gerræði, þegar hún ákvað, hverjir skyldu fá að selja brauð í mjólkurbúðum samsölunnar. Að vísu orðaði hv. 5. þm. Reykv. þetta svo hóglátlega, að Alþýðubrauðgerðin hefði fengið einkarétt til þess að selja brauð í öllum búðum samsölunnar, sem væru 38, þar sem mjólk er seld, en að vísu eru búðirnar, þar sem Alþýðubrauðgerðin selur brauð, aðeins 19, en ekki 38. En hitt ætla ég, að flestir hv. þdm. viti, að Alþýðubrauðgerðin, sem er eign alþýðusamtakanna í Reykjavík, hefir fjölmörg undanfarin ár haldið niðri brauðaverðinu í bænum og hefir lengstan tímann haft verð á almennri brauðavöru miklu lægri en aðrar brauðasölubúðir hér í bænum. Það kann að vera, að sumum mönnum þyki þetta atriði ekki skipta miklu máli, en frá sjónarmiði neytenda, hvort sem það eru mjólkur- eða brauðaneytendur, er það vissulega ekki lítils virði, að þeir geti keypt neyzluvörur sínar við vægu verði. Þegar þess er einnig gætt, að þessi brauðgerð bauð samsölunni þegar í upphafi sitt lága verð og þar næst mjög mikinn afslátt, áður en nokkurt fast tilboð kom frá öðrum brauðgerðarhúsum í bænum, þá verð ég að segja, að ég tel það enga höfuðsynd, þótt mjólkursamsalan vildi ekki láta þetta brauðgerðarhús, sem sýnt hefir mikla umhyggju fyrir neytendum, standa verr að vígi en önnur, sem hafa brauð á boðstólum í bænum. Ég álít því, að stjórn mjólkursamsölunnar hafi með ákvörðun sinni um það, að láta Alþýðubrauðgerðina annast sölu á brauðum í nokkrum hluta af búðum sínum, ekki gert neitt, sem hægt er að telja ámælisvert, heldur þvert á móti það, sem var rétt og eðlilegt eins og á stóð. Það hefir líka komið á daginn, að hagur mjólkursamsölunnar af brauðasölu í bænum er ekki minni en áætlað var, heldur þvert á móti meiri en stjórn samsölunnar hafði gert sér von um. Ég verð því að líta svo á, að reynslan hafi sýnt það og sannað, að brauðasalan í búðum samsölunnar hafi hvorki orðið til þess, að hagur neytenda í Reykjavík hafi versnað né heldur til þess að hafa fé af öðrum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, sem sé framleiðendum mjólkur.

Í öðru lagi krefst Húsmæðrafélagið þess, að leyfð verði sala mjólkur í öllum brauðsölubúðum í bænum, enda uppfylli þær settar heilbrigðisreglur.

Eitt af því, sem gera þurfti til þess að dreifing mjólkurinnar yrði sem ódýrust, var að takmarka útsölustaðina, og að sjálfsögðu var það gert með því að fækka mjólkurbúðunum úr rúmlega 105 niður í 38. Þetta var einn nauðsynlegur þáttur í „rationaliseringunni“ — byggingu skipulagsins í þessum efnum, svo að ég noti þetta orð hv. 5. þm. Reykv., sem ekki gat á það minnzt án þess að láta í ljós vanþóknun sína yfir því, að þetta orð skyldi vera til í íslenzkri tungu. Það var því barnalegt að ímynda sér, að stjórn samsölunnar færi eftir þessum kröfum Húsmæðrafélagsins.

Í þriðja lagi var þess krafizt, að heimsend mjólk væri komin til neytenda eigi síðar en kl. 8 að morgni. Í því hverfi, sem ég bý í, hefir heimsending mjólkurinnar ávallt verið í bezta lagi síðan samsalan tók til starfa, meira að segja betri en hún var áður en samsalan hóf starfsemi sína.

En sumum neytendum mjólkur þótti það nokkur galli, að mjólkin kom kl. 8 á morgnana. Það þótti ýmsum heimilum of snemmt. Ég held því, að þessi krafa Húsmæðrafélagsins sé ekki sérlega vel grundvölluð. Ef gengið væri um á heimilum hér í Reykjavík með þessa kröfu, myndu margir brosa að henni. (**JakM**: Í hvaða burgeisahverfum er það?). Það er mjög nálægt bústað hv. 3. þm. Reykv. Að vísu er það ekki beinlínis burgeisahverfi, því að þar eru fremur ódýrar íbúðir.

Þá var talað um það að gefa skilvísum kaupendum kost á að fá greiðslufrest á mjólkinni. Ég skal játa, að slíkt gæti verið æskilegt, en mjólkursamsölunni var upphaflega ætlað að draga úr öllum aukakostnaði, og staðgreiðslan er einmitt eitt af róttækustu ráðunum til þess. Þetta getur að vísu hitt suma illa, en það hittir

þá a. m. k. sízt þá, sem fátækastir eru, því að þeir fá yfirleitt hvergi greiðslufrest, hvorki á þessu né öðru. Þeir geta hvort sem er ekki staðið í skilum. Greiðslufresturinn væri því ekki til hagsbóta fyrir þá, sem sárfátækastir eru, heldur þægindi fyrir hina.

Þó ætla ég, að mönnum finnist þessi greiðsluaðferð ekki óþægileg aðeins um stund. Í öllum stærri bæjum í nágrannalöndunum er ekki minnzt á annað en staðgreiðslu mjólkur, og kvartar þar enginn undan. Eftir lítinn tíma verður þetta atriði gleymt. En um það verður ekki deilt, að það verður til stórhagnaðar samsölunni. Að öllu athuguðu er þetta því sjálfsagt fyrirkomulag, nema þá ef reka ætti samsöluna eftir þeirri reglu, að séð væri um, að allir fengju mjólk, hvort sem þeir gætu greitt hana eða ekki. En ég geri ekki ráð fyrir, að fulltrúar húsmæðranna hafi haft þetta í huga.

Um gerilsneyðingu og sölu á vélhreinsaðri eða kaldhreinsaðri mjólk er það að segja, að smekkur manna er hér misjafn. Sumir vilja heldur óhreinsaða mjólk, en sumir kjósa gerilsneydda mjólk. Sumir vilja helzt spenvolga mjólk, en aðrir geta ekki bragðað hana. En það er mikilvægt atriði í þessu sambandi, hvaða aðferð hafa verður um vöndun á mjólkurmeðferð, til þess að tryggja, að varan verði góð og heilnæm. Ég ætla, að menn muni vera sammála um það, að það eina, sem þekkt er í þessum efnum, sé gerilsneyðingin.

Það er áreiðanlega engin tilviljun, að í flestum stærri borgum erlendis er ekki hægt að fá dropa af ógerilsneyddri mjólk. En það er ekki einu sinni svo langt gengið í Reykjavík. Hér eiga menn kost á að fá ógerilsneydda mjólk frá mönnum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Samsalan hefir gert ráðstafanir til þess, að sjúkir menn og börn gætu fengið ógerilsneydda mjólk. En þessu var tekið hér eins og kunnugt er, og var gefið í skyn, að af þessu gæti stafað smitun á hættulegum sjúkdómi, og varð það auðvitað ekki til að ýta undir menn um kaup á þessari mjólk.

Ég hefi þá lýst í fáum orðum afstöðu húsmæðranna, og þó að mjólkursölunefnd tæki þeim ekki eins og hún gerði ráð fyrir, að himinn og jörð myndu forganga, ef þær væru ekki uppfylltar, þá skal ég ekki lá mjólkursölunefnd það.

Hv. þm. G.-K. sagði, að það væri æskilegt fyrir bændur, að friður ríkti í mjólkursölumálinu. Ég er honum sammála um það, að til þess að góður árangur geti orðið af framkvæmd mjólkursölul., væri æskilegt, að friður gæti orðið um málið. En þetta hefir ekki getað orðið, og ég held, að það liggi í augum uppi, hverjir hafa byrjað á ófriðinum. Það voru blöð sjálfstæðismanna hér í bæ og einstakir menn, er þeim fylgdu, þó að ég sé viss um, að margir sjálfstæðismenn hér í bæ hafa ekki tekið þátt í þessum gauragangi og þeim ósanngjörnu og órökstuddu ádeilum, sem fram hafa komið á mjólkursölun. Þessir menn fengust ekki til að taka undir ádeilurnar, þó að aðalmálgagn sjálfstæðismanna hér í bæ og þessi alkunni félagsskapur „húsmæðra“ beitti sér fyrir þessum ófriði.

Ég held því ekki fram, að stj. samsölunnar hafi verið þannig, að ekki hafi verið þörf á að gagnrýna hana. Hefði enginn getað framkvæmt þetta verk svo, að ekki hefði verið hægt að gagnrýna. Mjólkursölun. hefir í nokkrum atriðum gert skyssur, og var það ekki nema eðlilegt, meðan hún var að þreifa sig áfram, eins og ástandið var í þessum málum. En það dylst engum, sem til þekkir, að gagnrýni þessara sjálfstæðisblaða og sjálfstæðishúsfreyja var allt annað en vinsamleg. Þessir aðiljar töldu, að með málið færu menn, sem ekki væru sammála þeim í stjórnmálum, og sögðu, að verið væri að hleypa inn í það pólitík. En það segja sjálfstæðismenn um öll þau mál, sem andstæðingar þeirra fara með. Aftur segja þeir, að þau mál, sem þeir fara sjálfir með, séu rekin ópólitískt. Málin eru sem sé rekin ópólitískt, ef þeim er stjórnað eftir grundvallarreglum íhaldsins, en annars pólitískt. Það er viðtekið hjá þeim, að þau mál séu ópólitísk, sem stjórnað er eftir lífsskoðunum þeirra. (**PHalld**: Vill ekki hv. þm. sýna, hvernig hægt er að stjórna mjólkursölunni eftir lífsskoðunum?). Þannig t. d., að ákveðnir menn geti fengið krit, hvenær sem er. Það er lífsskoðun út af fyrir sig. Og að þeir geti fengið að verzla við sína pólitísku samherja, en ekki andstæðingana. Þetta er lífsskoðun, sem ég ætla, að hv. 5. þm. Reykv. kannist við og hegði sér eftir. (**PHalld**: Já, þetta er praksis sósialista). Annars vil ég minna á, að það kom fyrir í sambandi við umgetna gagnrýni, að sagt var, að menn yrðu að kaupa pólitískt brauð, sem sé frá Alþýðubrauðgerðinni. Þetta þótti sumum alveg voðalegt, að þurfa að kaupa slík brauð.

Til samanburðar skal ég geta um atburð, sem kom fyrir í Danmörku nýlega. Í Gentofte klofnaði íhaldsflokkurinn, og önnur álman sendi meðlimunum bréf þess efnis, að ef þeir ekki kysu með sér, yrðu ekki höfð verzlunarviðskipti við þá. Þá skrifaði Christmas Möller opið bréf til meðlimanna og sagði, að íhaldsflokkurinn ætti ekki að vera á svo lágu menningarstigi að ætlast til, að flokksmennirnir verzluðu ekki við pólitíska andstæðinga. — Þetta ættu íhaldsmenn hér að taka sér til fyrirmyndar.

Þungamiðjan í öllum þeim deilum, sem átt hafa sér stað um mjólkurmálið, hefir verið vígorðið: Yfirráðin til framleiðenda! Ég hefi fært rök að því, að þetta vígorð er ekki meint eftir orðanna hljóðan. Það eru ekki framleiðendur yfirleitt, sem þessir menn vilja fá stjórn mjólkursölunnar í hendur, heldur aðeins vissir menn, vissir framleiðendur, sem ekki eru andstæðingar Sjálfstfl. Ef þeir væru hreinskilnir, myndu þeir segja: Yfirráðin til framleiðenda í Sjálfstfl.!

Ólafur Thors: Ég hafði viðað að mér ýmsum plöggum, sem ég ætlaði að leggja hér fram — ef þau eru þá ekki komin á forngripasafnið, svo langt sem um er liðið frá því málið var síðast á dagskrá.

Hv. síðasti ræðumaður beindi því til okkar sjálfstæðismanna, að við ættum að taka okkur íhaldsflokkinn í Danmörku til fyrirmyndar. Við erum nú ekki vanir að sækja okkar fyrirmyndir þangað, eins og sósialistar. En aftur ætla ég að taka mér sessunaut minn, hv. síðasta ræðu-

mann, til fyrirmyndar og vera fáorður, eins og hann.

Það gæti annars verið tilefni til að hefja ýtarlegar umr. um þetta mál og allt það, sem í því hefir gerzt, því fremur sem það virðist upplýst, að hæstv. landbrh. ætlar að standa á móti nauðsynlegum breyt. á mjólkurl., til þess að girða fyrir, að hægt sé að verða við framkomnum óskum neytenda. Ég mun þó ekki nema að litlu leyti notfæra mér þetta tilefni, sem gefið er, til þess að rekja sögu málsins. Nenni ég ekki að fást við það, þar sem flestum hv. þm. er saga málsins kunn, og sérstaklega þó af hinu, að hér eiga ekki rökin að ráða, því að allt er búið að ákveða fyrirfram af stjórnarliðinu. Það er flokksfylgi, sem á að ráða því, hvað gert skuli, og þeirri ákvörðun verður ekki breytt. En það verður þá okkar, sem undir verðum í málinu, að svara fyrir okkur á sínum tíma. Ætla ég því aðeins að víkja að örfáum atriðum, sem fram hafa komið í umr., og þá sérstaklega í ræðu hv. landbrh.

Það, sem einkennir allt tal hans um þetta mál, er það, að honum finnst sem hagsmunir bænda séu í hers höndum, ef þeir fái nokkru að ráða sjálfir um sín málefni. Hann hampar því, að meðan hann sé ráðh. sleppi hann ekki úr höndum sér völdunum yfir þessu máli. Og rökin eru alltaf þau, að ef bændur fái að ráða, muni allt fara í kaldakol. Þetta er mikið yfirlæti og óviðfelldið. Og þegar litið er á forsögu málsins, kemur það úr hörðustu átt, er landbrh. talar svona. Hann veit, að í mörg ár hafa framleiðendur með frjálsum samtökum girt fyrir skaðlega samkeppni á markaðinum, þó að þeir teldu sig ekki einfæra að nema á brott alla agnúa. Í því skyni að bæta, en ekki færa úr lagi, voru mjólkurl. flutt á Alþingi fyrir tilstilli Mjólkurbandalags Suðurlands og Mjólkurfélags Reykjavíkur. Tilgangur bænda og kröfur voru, að þeir réðu einir í málinu. Þegar þess er gætt, að bændur báru þannig gæfu til að byggja upp sín samtök, kemur það úr hörðustu átt, er landbrh. talar um bændur sem óvita, er ekki megi trúa til að fara með sjálfra sín mál. Bændur hafa alltaf krafizt þess að fá að stjórna þessum málum sjálfir, en landbrh. daufheyrist við þessum kröfum, en hampar í þess stað framan í þá vilyrði um, að hann ætli sér eftir 1. maí að skipa svo til um yfirstj. þessara mála, að bændur fái þar meiri hl. Hann meinar með því, að bændur muni hafa meiri hl. í mjólkurnefnd, en það þýðir í reyndinni ekki annað en að bændur eigi að lúta í lægra haldi í málinu. Fyrirheit hans er það, að mikill minni hl. bænda skuli með tilstyrk leiguliða, sem landbrh. leigir í þessa n., kúga meiri hl. bænda. Þetta er það lýðræði, sem hæstv. landbrh. sýnir bændum í þessu nauðsynjamáli þeirra.

Ég hefi áður bent hæstv. ráðh. á það, að hann misbeitir karlmannslund sinni og skapi með því að segja: „Meðan ég er ráðh., ræð ég, en ekki bændur.“ Lýðræðisráðh. á ekki í svona máli að taka fram fyrir hendurnar á mönnum, sem eiga lífsframfæri sitt undir því, að málið skipist vel. Það er ekki annað en hreystiyrði hjá hæstv. ráðh., er hann segir: „Meðan ég er ráðh, ræð ég, en ekki bændur“, því það er víst, að sósíalistar ráða yfir honum. Hann beygir sína skoðun og sannfæringu undir vilja sósíalista. Þegar hann neitar að verða við óskum framleiðenda, þá er það ekki vegna þess, að hann vilji það ekki, heldur af því að hann hefir ekki manndóm til að sveigja sósíalista til hlýðni við samvizku sína í málinu. En þegar svo augljóst er sem hér, hvorumegin rétturinn er, þá hlyti sá að verða að vægja, sem á röngu hefir að standa.

Það dylst engum, hve óviðeigandi það var, er jafnaðarmaður einn, fulltrúi neytenda, neytti stöðu sinnar í mjólkursölun. til að úthluta sjálfum sér brauðsölu í flestum búðum bæjarins. Slík misbeiting stöðu sinnar hefði í flestum siðmenningarlöndum varðað brottrekstri þessa manns úr starfinu. Er það vansi Reykvíkingum, að þeir skuli þola slíkt. Og það er allt of mikið flokksofstæki að láta leiðast til fylgis við svo rangt mál. Enn verra er þó til þess að vita, að hæstv. landbrh. skuli selja sjálfan sig undir hina sömu sök. En það hefir hann gert.

Ég hefi heyrt hæstv. landbrh. hampa því, að hann treysti sér til þess að jafna deiluna með því að heimila sölu ógerilsneyddrar mjólkur, en jafnframt lýsti hann því yfir, að hann teldi vafasamt, hvort æskilegt væri að leyfa sölu á slíkri mjólk.

Ég hefi áður bent á, að það virðist vera vaxandi skoðun með menningarþjóðunum, að mest sé undir því komið, að mjólkurframleiðslan fari fram við þau skilyrði, að ekki þurfi gerilsneyðingar við. En það er auðvitað ekki hægt að framleiða alla þá mjólk, sem Reykvíkingar þurfa, við þau skilyrði. En ég ætla að halda mér við það, sem hæstv. ráðh. sagði, að vegna þess, hvað háværar kröfur neytendanna væru, þá væri rétt að verða við þeim, og það væri hægt án þess að breyta l. Ég held nú, að það þurfi hártogana við til þess að skýra l. á þá leið. En það, sem mér þykir undarlegast, er það, að hæstv. ráðh. skuli frekar vilja bæta úr ágöllum l. með því að brjóta þau heldur en með því að breyta þeim. Það verður auðvitað á hans ábyrgð, hvernig hann framkvæmir l. En ég leiði athygli hv. þdm. að því, að þessi skilningur hans á l. mun vera mjög hæpinn, og ef hann vill komast hjá að brjóta l., þá stendur honum opin leið til þess að breyta þeim, og sú leið er a. m. k. miklu viðfelldnari.

Hæstv. ráðh. vék að því í ræðu sinni, að óánægjan með framkvæmd mjólkurlaganna stafaði að undirróðri, en ekki af mistökum. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hefði komið eðlilegar fram sem ráðh., svo að ég ekki orði það öðruvísi, ef hann hefði sleppt þessum ummælum. Það er viðurkennt af blaði þess manns, sem notaði tækifæri það, sem hann hafði í mjólkursölunefnd, til þess að sölsa undir sjálfan sig sérstaka hagsmuni, að mjólkursamsalan hafi í upphafi verið í skammarlegu ólagi. Það er ekki neytendunum eða húsmæðrunum að kenna, að tekið var fyrir sölu á ógerilsneyddri mjólk, sem hæstv. ráðh. viðurkennir nú, að sé rétt að láta menn fá. Það er ekki húsmæðrunum að kenna, að svo hagar til, að húsmæðurnar verða að hafa aukið ómak við að kaupa brauð, ef þær vilja ekki hlíta því valdboði að styrkja Alþýðubrauðgerðina um leið

og þær kaupa mjólkina. Þetta eitt er nóg til þess að hrekja ummæli hæstv. ráðh. um það, að hér sé undirróðri um að kenna. En því má bæta við, að mjólkursölun. hefir komið fram með þeim ruddaskap, að ekkert jafnast á við, annað en heimska hennar. Enginn, sem tekið hefir að sér að selja einhverja vöru, myndi svara á sama hátt óánægju neytendanna eins og mjólkursölunefnd svaraði kröfum húsmæðranna, jafnvel þó þær kröfur, sem fram voru bornar, hefðu ekki haft við rök að styðjast. En nú er játað, jafnvel af sjálfum hæstv. ráðh., að þessar kröfur eigi við rök að styðjast, a. m. k. að svo miklu leyti, sem hann telur ástæðu til þess að verða við höfuðkröfunni, en hún var sú, að seld væri ógerilsneydd mjólk.

Ég hygg, að það sé byggt á misskilningi, að mjólkursölunni hafi verið hagað svo áður en mjólkursamsalan tók við, að það hafi ekki verið nema hinir efnaðri, sem höfðu aðstöðu til að fá mjólk lánaða. Ég hygg, að yfirleitt hafi það verið svo, að nær allir neytendur hafi átt kost á að fá mjólkina lánaða, og hygg ég, að það hafi verið svo í reyndinni, að lítill skaði hafi af því orðið. Ég veit a. m. k., að að því er snertir Korpúlfsstaði hefir þeirri reglu verið fylgt, og enginn skaði orðið, svo teljandi sé.

Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um sölu barnamjólkur og samningaumleitanir þær, sem fóru fram milli Sveinbjarnar Högnasonar, formanns mjólkursölun., og mín f. h. Korpúlfsstaðabúsins. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að barnamjólk frá Korpúlfsstöðum hefði verið seld áður fyrir 60 aura lítrinn. Hann sagði það ekki, en það mátti þó skilja það á ræðu hans, að það hefði verið óánægjan með verðlækkunina, sem olli því, að Korpúlfsstaðabúið vildi ekki taka að sér sölu á barnamjólk. Sannleikurinn er sá, að sú barnamjólk, sem seld var frá Korpúlfsstöðum, er í engu lík þeirri barnamjólk, sem selja á samkv. reglugerð um sölu mjólkur og rjóma. Sú mjólk var miklu fitumeiri heldur en mjólkin, sem bera má nafnið barnamjólk samkv. reglugerðinni um sölu mjólkur og rjóma. Samningarnir fóru að öðru leyti svo fram, að Sveinbjörn Högnason talaði við mig um það, hvort Korpúlfsstaðabúið vildi taka að sér sölu barnamjólkur. Eftir að ég hafði talað við eiganda Korpúlfsstaðabúsins, fékk hann þau skilaboð, að sú mjólk, sem farið væri fram á, að búið seldi sem barnamjólk samkv. reglugerðinni um sölu mjólkur og rjóma, væri sama mjólkin, sem búið hefði selt undanfarið sem kælda og vélhreinsaða mjólk. Eigandinn sá hinsvegar, að þarna var krafizt umstangs, sem hann taldi ónauðsynlegt, en hafði í för með sér aukinn kostnað, og beiddist eigandinn undan því að leggja á sig þann aukakostnað og þá auknu fyrirhöfn, sem af því leiddi, og eins baðst hann undan því að leggja að óþörfu aukinn kostnað á neytendurna. Hitt er rangt hjá hæstv. ráðh., og er það ekkert undarlegt, þar sem hann hefir það ekki eftir öðrum en Sveinbirni Högnasyni sjálfum, að eigandi búsins eða ég, sem talaði við hann fyrir hönd eigandans, hefði talið, að verðhækkunin við þetta hefði þurft að vera 5—8 aurar á lítra. Það rétta er, að Eyjólfur Jóhannsson, sem kosinn var í mjólkursölunefnd af Mjólkurbúi Korpúlfsstaða og Mjólkurfélagi Reykjavíkur, bar fram á fundi n. þá ósk, að Thor Jensen fengi að selja barnamjólk og honum væri heimilað að hækka verðið um 5 aura á lítra, en hækkunin mætti þó vera minni. Þessi till. var felld með atkv. Sveinbjarnar Högnasonar og Egils í Sigtúnum, sem kröfðust, að hækkunin yrði minnst 5 aurar, og á þessu strönduðu samningarnir. Þetta sýnir, að skilyrðið fyrir því, að Thor Jensen fengi að selja barnamjólk var það, að hann hækkaði verðið, en það vildi Thor Jensen ekki ganga inn á. (PZ: Þetta er rangt. Sveinbjörn Högnason greiddi ekki atkv.). Er samvizka hv. þm. (PZ) orðin svo viðkvæm, að hann getur ekki setið kyrr í sæti sínu? Sveinbjörn Högnason greiddi ekki atkv. Ég tek það trúanlegt, en hvílík dæmalaus ánægja, að geta leiðrétt mishermi með aðstoð framsóknarmanna. Það er svo óvanalegt. — Viðvíkjandi því, hvort eigandi Korpúlfsstaða hafi haft ástæðu til þess að halda, að hann gæti fullnægt ýtrustu kröfum um framleiðslu mjólkur frá heilbrigðinnar sjónarmiði, vil ég segja það, að hann hafði, þegar þessir samningar stóðu yfir, vottorð frá Hannesi Jónssyni dýralækni, sem er í mjólkursölunefnd, um það, að mjólkin frá Korpúlfsstöðum væri allt að því bezt í heimi! Þessi vottorð eru prentuð í Morgunblaðinu, og hefi ég lagt á mig að leita að þeim, ef einhverjir skyldu vera, sem ekki hafa lesið þau. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, taka upp einstaka kafla úr þessum vottorðum. Annað vottorðið er frá 7. ágúst 1934, en hitt frá 17. des. 1933. Fyrra vottorðið er á þessa leið:

„Það vottast hér með, að við nákvæma rannsókn á tuberculinsprautingu, sem ég hefi framkvæmt nú síðstl. vor á öllum kúm frá kúabúum Thor Jensens, í því skyni að ganga úr skugga um það, hvort berklasýklar fyrirfyndust í kúastofninum, kom það í ljós, að allar kýrnar, jafnt eldri sem yngri, voru gersamlega heilbrigðar og lausar við berkla. Hefir rannsókn þessi því leitt í ljós, að kúastofn þessi er hinn ákjósanlegasti til framleiðslu heilnæmrar ungbarnamjólkur og annarar drykkjarmjólkur."

Hitt vottorðið er á þessa leið:

„Ég undirritaður, Hannes Jónsson dýralæknir í Reykjavík, sem um undanfarin ár hefi haft sérstakt eftirlit með kúabúum Thor Jensens, votta hér með, að ætíð hefir verið sérstaklega vel vandað valið til kúastofnsins á búunum og honum ávallt haldið fullkomlega heilbrigðum, enda hefir hann verið undir stöðugu læknieftirliti og ekkert til þess sparað að halda stofninum sem heilbrigðustum. Um húsakynni kúnna er nú flestum fullkunnugt, og hvergi hérlendis og tæpast erlendis mun vera eins vel til þeirra vandað og á búum Thor Jensens. Sömuleiðis er mér kunnugt um, að öll hirðing og fóðrun skepnanna er í hinu frábærilegasta lagi og hreinlæti hið fullkomnasta, eins og yfirleitt öll umgengni með skepnur og mjólk, enda þar öll hin fullkomnustu tæki til slíks. Öllum þessum atriðum hefi ég veitt nákvæma athygli í hvert skipti, sem ég hefi komið að búunum. Álit mitt er því þetta:

1. Að allur kúastofn sé sérstaklega vel hraust-

ur, enda mikill hluti kúnna fæddur og uppalinn á búunum sjálfum.

2. Að öll meðferð kúnna, bæði hvað snertir hirðingu og fóðrun, sé hin ákjósanlegasta.

3. Að hreinlæti, bæði við mjaltir og alla meðferð mjólkurinnar, fullnægi ströngustu kröfum nútímans.

Að öllu samanlögðu er það sannfæring mín, að sú mjólk, sem framleidd er af kúm Thor Jensens, sé að öllu leyti sú heilnæmasta hrámjólk, sem framleidd verður, og því fullkomlega óhætt að selja hana ógerilsneydda og flytja á loftþéttum flöskum frá mjólkurvinnslustöðinni á Korpúlfsstöðum til neytendanna, eins og gert hefir verið."

Ef á annað borð nokkurt mark er tekið á þessum manni, — ef þið, sem þekkið hann og eruð flokksmenn hans, takið nokkurt mark á honum, þá verðið þið að virða bóndanum á Korpúlfsstöðum það til vorkunnar, að hann gerði það líka og hélt, að hann með slík vottorð í höndum gæti komizt nærri því að fullnægja kröfum hinna hágöfugu herra í mjólkursölun. Hann hélt, að hann með þessi vottorð í höndum myndi geta fullnægt kröfum þeirrar n., sem átti enga fagþekkingu aðra en þá, sem Hannes Jónsson sat inni með. Ég veit ekki, hvað hann álítur nú, en ég held, að hann hljóti að álíta þá menn fávita, sem hann er að eiga við núna, og ég held, að það sé ekki gott að komast hjá því að álíta þetta. Það er líka sönnu nær, að ekkert pólitískt ofstæki hefir gengið lengra en það, að gera með einu pennastriki að engu viðleitni manns til þess að framleiða þessa vöru svo, að hún án gerilsneyðingar fullnægi ýtrustu kröfum neytendanna. Þetta spor aftur á bak úr menningunni yfir í ómenninguna er einn ljótasti votturinn um pólitískt ofstæki á síðari árum, þó að þar sé um auðugan garð að gresja. Ég hygg, að þessi maður hafi haft fullan rétt til þess að segja við þessa spekinga í mjólkursölun., að þeir skyldu ekki heimta af honum verðhækkun á þeirri vöru, sem hann seldi, heldur leyfa honum að selja hana áfram án verðhækkunar, og þess vegna neitaði hann að hækka verðið. Það getur verið, að hann hefði búið betur að eigin hagsmunum, ef hann hefði ekki gert það, en ég er þeirrar trúar, að áður en langt um líður muni hann fá að selja þessa mjólk án gerilsneyðingar.

Ég held, að okkur væri sæmra að leita frekar til umbóta á öðrum sviðum heilbrigðismálanna heldur en að gera slíkar kröfur til meðferðar mjólkur frá heilbrigðinnar sjónarmiði, að við séum þar ólíkir öðrum nágrannaþjóðum okkar. Þið eigið eftir, hv. þm., sem eruð flokksbræður *Hannesar Jónssonar, að komast undan* þessum vottorðum, annaðhvort með því að gera hann að lítilsigldum manni eða játa ykkar eigin yfirsjónir, því aðrar útgöngudyr eigið þið ekki.

Þá held ég, að hæstv. ráðh. hafi dálítið ýkt, þegar hann segist ekki hafa snúið út úr ummælum mínum um „stassaniseringu" mjólkur. Ég sagði, að það væri mín skoðun, að það væri of mikið úr því gert, hvað mjólkin missti mikils í við gerilsneyðingu. Ég hygg hinsvegar, að ef mjólkin er framleidd við þau skilyrði, sem heilbrigðissjónarmiðið krefur, þá sé það kostur að þurfa ekki að gerilsneyða hana. Ég viðurkenni, að einhver aukin sjúkdómshætta fylgi ógerilsneyddri mjólk fram yfir stassaniserða, en ég met hana minna en það, sem missist við stassaniseringuna, ef um alla hnúta er búið samkv. ströngustu heilbrigðiskröfum.

Ef hæstv. ráðh. telur slíka sýkingarhættu samfara sölu ógerilsneyddrar mjólkur, eins og hann vildi láta skína í, þá vil ég spyrja hann að því, hvernig hann geti varið það fyrir samvizku sinni, að hann er að hampa því framan í okkur, að hann ætlí að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að slík vara sé á boðstólum. Ef hæstv. ráðh. teldi sýkingarhættuna svo mikla sem hann vill nú láta skína í, þá væri það ekki nema rökrétt afleiðing af því, að láta ekki selja aðra mjólk en stassaniserða mjólk.

Hitt er ekki útúrsnúningur, heldur það, sem hæstv. ráðh. sagði, að um leið og hann var að tala um hættuna, sem stafað gæti af sölu ógerilsneyddrar mjólkur, var hann að tala um, að sjúklingar þyrftu að fá ógerilsneydda mjólk, rétt eins og þeir menn væru ódauðlegir, af því að þeir væru veikir. Ég hélt nú satt að segja, að það yrði að fara varlegar með sjúka menn heldur en heilbrigða. En annaðhvort er, að hæstv. ráðh. er kaldlyndari en ég gagnvart þessum mönnum, eða honum hefir fatazt rökvísin í þessum efnum, og undrar mig það ekki, því það er engum hent að verja málstað, sem hann veit, að er vondur og hann trúir því ekki á sjálfur.

Það var ekki margt í hinni löngu ræðu hv. 1. landsk., sem ég sé ástæðu til þess að svara. *Þó vil ég víkja að því, að hann skyggndist ekki* nægilega djúpt, þegar hann lézt undrast, að deilt hefði verið á umboðsmenn framleiðendanna, þá Svb. Högnason og Egil í Sigtúnum, umfram umboðsmenn neytendanna. Þetta er nú ekki að öllu leyti rétt, því að það hefir líka verið deilt á Guðmund R. Oddsson, og það að maklegleikum, og sagt, að það væri óviðfelldið að sjá hans hægri hönd rétta upp gegn öllu velsæmi, en það gerðist, þegar hann greiddi sjálfur atkv. með því, að hann fengi sérréttindi sínu eigin fyrirtæki til framdráttar. Að fremur skuli hafa verið deilt á umboðsmenn framleiðendanna er vegna þess, að þeir, sem á þá hafa deilt, hafa deilt fyrir hönd bænda og framleiðenda, og þeim þykir það af öllu verst, að sá skuli höggva, sem hlífa skyldi. Þeim þykir það verst, að sjá umboðsmenn bændanna ljá lið sitt til þess að drepa niður þeirra eigin hagsmuni. Fyrir þetta hefir verið á þá deilt, og kannske líka vegna þess, að þótt þeir þyki ekki nein stórmenni, þá mun samt þykja meiri slægur í þeim en Guðm. R. Oddssyni.

Ég ætla ekki að svara hnjóðsyrðum þeim, sem hann lét falla í garð húsmæðra bæjarins, enda hefi ég gert það með mörgu af því, sem ég þegar hefi sagt. Ég hefi fært rök að því, að það voru ekki neytendurnir, heldur meiri hl. mjólkursölunefndar, sem ollu deilunni.

Ég get þakkað hv. þm. fyrir hönd Maríu Maack, þar sem hann kallaði hana gunnreifa valkyrju. Ég get sagt það, að ég hefi oft kosið, að hún væri í brynju, en hv. 1. landsk. í pilsi, því

það myndi hafa betur notazt að hæfileikum hans við kvennastörf en karla. Hyggist þessi hv. þm. að deila á húsmæður í Reykjavík fyrir það, að þær hafi ekki borið fram neinar kröfur um verðlækkun á mjólk f. h. neytenda og álasa þeim fyrir það, þá vil ég minna á, að neytendafél. hefir lýst því yfir, að það telji, að húsmæður verði að líta með allri sanngirni á hagsmuni bænda, sem að framleiðslunni standa. Þær vilja líta með þeirri sanngirni á málefni bændanna, að bera ekki fram kröfur um lækkun á mjólkurverði fyrr en bændur hafi borið það úr býtum, að það nægi þeim til lífsframfæris. Mér þykir álasið koma úr hörðustu átt, að það komi frá flokksbróður þess manns, hv. 9. landsk. (SE), sem fyrstur rak upp kveinstafi um neyð framleiðenda vegna hins lága mjólkurverðs, þeim manni, sem fyrstur lofaði og lagði við manndóm sinn og mannvit, að mjólkurverðið skyldi hækka til framleiðenda en lækka til neytenda, en þó auðvitað fyrstur rann frá sínum stóru loforðum.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en að lokum segja það, að mig undrar ákaflega mikið öll framkoma hæstv. landbrh. í þessu máli. Ég kenni þessa framkomu hans ofurkappi annarsvegar og hinsvegar talhlýðni við sósíalista, umfram það, sem mér hefði þótt honum sæma. Með þessari framkomu sinni hindrar hann árangur þess lofsamlega tilgangs, sem fólst í mjólkurlögunum. Hann svarar með steyttum hnefa sameiginlegum óskum neytenda og framleiðenda. Og ætíð endar tal hans með hreystiorðum á þessa leið: „Meðan ég er ráðh., ræð ég. Ég ætla að standa og falla með mjólkursölulögunum.“ — Það getur vel verið, að hann komi standandi út úr þessum hildarleik. En ég veit ekki nema honum hafi þá tekizt að leggja að velli einhverja bændur. Og það hélt ég, að landbrh. ætti á hverjum tíma að forðast.

Ég hefi reynt í umr. mínum um þetta mál á þingi að haga orðum mínum þannig, að menn þyrftu ekki vegna minna ummæla að fyllast ofurkappi. Ég er vondaufur um, að viðleitni mín til sátta beri árangur. En ég lofa því, ef ekki þýða neitt sáttatilboð í þessu máli, að þá verði hlutur þeirra, sem níðast á bændum, ekki betri á eftir.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. endaði ræðu sína með þeim ummælum, að ef svokölluðum sáttaboðum yrði ekki tekið, þá yrðu reynd önnur ráð í þessu máli, og að ég væri á góðum vegi með að leggja í rústir hagsmuni bænda hér í nágrenninu. Ég ætla að svara þessum ummælum með þeim staðreyndum, að þeir bændur, sem þykjast hafa orðið harðar úti en aðrir vegna samsölunnar, hafa fengið 26 aura fyrir hvern mjólkurlítra, útborgað mánaðarlega, í staðinn fyrir að þeir fengu 3 mánuðum eftir á 24,4 aura fyrir hvern mjólkurlítra áður en samsalan tók til starfa. Mjólkin hefir því nú þegar hækkað um á annan eyri til framleiðenda. Samhliða því hefir hún lækkað til neytenda um 2 aura. Með þessu verði á mjólkinni til bændanna eru bændurnir hér í Mosfellssveit búnir að greiða 3 aura í verðjöfnunargjald til bænda austanfjalls. Við sölu í samsölunni hafa þannig sparazt 7 aurar fyrir hvern mjólkurlítra úr Mosfellssveitinni, sem samsalan hefir selt. (**ÓTh**: Má ég skila því til bændanna þar?). Vill hv. þm. véfengja þetta? (**ÓTh**: Má vera samtal, herra forseti? — **Forseti**: Nei, ekki samtal). Ég hygg, að hv. þm. G.-K. sé eins gott að hafa ekki samtal um þetta. Og það mun sýna sig, að það verður hægt að bæta við þessa 26 aura til framleiðenda innan skamms. Samsalan stendur sig þannig, að hún borgar til bænda í nágrenni Reykjavíkur 29 aura fyrir hvern mjólkurlítra, og mun geta borgað þeim 30 aura fyrir hana.

Það er nú þegar búið að vinna þó nokkuð á, frá því sem var, í þá átt að koma mjólkursölunni í betra horf. Þrátt fyrir allar árásir, sem samsalan hefir orðið fyrir, hefir hún nýlega borgað 20 þús. kr. í verðjöfnunargjald til Mjólkurbús Flóamanna og 6 þús. kr. til Mjólkurbús Ölfusinga, sem bændur héðan úr nágrenninu hafa greitt af sinni mjólk og fengið þrátt fyrir það hærra verð fyrir hana en áður. Og það mun sýna sig, þegar mjólkursamsalan fær meira og meira að starfa undir eðlilegum starfsháttum og aðstöðu, þá á hún eftir að vinna meira á en hún enn hefir gert. Hún er ekki á leiðinni með að leggja neitt í rústir. En hún hefir þegar unnið mikið á.

Hv. þm. G.-K. taldi það ósamræmi hjá mér að halda því fram, að það mætti taka það til athugunar að selja ógerilsneydda, kaldhreinsaða mjólk, þó að hún væri ekki eins örugg og stassaniseruð mjólk. Ég tók það fram undir umr., að ég áliti það athugunarmál, hvort ekki væri rétt að taka tillit til þess, þegar neytendur hafa þann smekk að vilja heldur kaldhreinsaða mjólk, og láta þá taka á sig sjálfa ábyrgðina á því, að þeir neyti sjálfir þeirrar mjólkur, þó að hún sé ekki eins örugg. En um það, að hún sé ekki eins örugg, þarf ekki að sækja úrskurð til mín eða hv. þm. G.-K. Ég geri ráð fyrir, að það muni fullkomlega nægja að sækja þann úrskurð til Niels Dungals, sem lesa má í Morgunblaðinu frá því fyrir hálfu öðru ári síðan.

Það hefir verið talað mikið um, að það beri að láta að kröfum neytenda og leyfa sölu ógerilsneyddrar mjólkur, því að hún sé af ýmsum talin betri handa sjúkum, og þeir, sem hafa veila meltingu, álíta sumir, að hún eigi betur við sig heldur en gerilsneydd mjólk.

Það, sem hv. þm. G.-K. talaði mikið um, — og að mér virtist af nokkurri viðkvæmni —, var búið á Korpúlfsstöðum. Nú bið ég hv. þm. að taka sérstaklega vel eftir því, að það var rétt, sem ég upplýsti hér í dag, að Thor Jensen taldi framleiðslu mjólkur á búum sínum vera í svo góðu lagi, að hann þyrfti ekki að beygja sig undir þær reglur, sem settar eru sérstaklega um framleiðslu barnamjólkur. Hann vildi fá að hlíta þeim reglum, sem hann hafði haft áður um þá framleiðslu, og ekki breyta til. Hann vildi og gerði kröfu til þess að fá að framleiða mjólkina eins og áður og taldi hana fullnægja þeim kröfum, sem gera þyrfti til barnamjólkur. Hv. þm. G.-K. sagði, að ef fylgja ætti þeim reglum, sem fylgja á nú um framleiðslu barnamjólk-

ur, þá teldi Thor Jensen sig ekki geta framleitt barnamjólk fyrir sama verð og áður. Hann taldi, að óþarft væri að setja þessar sérreglur, sem yrðu til þess að koma fram óþarfri verðhækkun á barnamjólk. Það, sem ég sagði í dag um þetta atriði, er algerlega rétt.

Þá kem ég að öðru atriði. Nú munu hv. þdm. segja sem svo: Það er upplýst af þeim vottorðum, sem hv. þm. G.-K. las upp, að þessi framleiðsla var í svo góðu lagi á Korpúlfsstöðum, að þar þurfti engu við að bæta. Það er eðlilegt, að þeir, sem hlustuðu á hv. þm. G.-K., hugsi sem svo. Í þessu sambandi skal ég upplýsa það, að þegar byrjað var á því hér að skipuleggja mjólkursöluna og mjólkurframleiðsluna samkv. mjólkurlögunum, þá voru fengir til ráðuneytis þrír menn, heldur en tveir, og meðal þeirra var Árni G. Eylands, sem hefir mjög góða þekkingu á þessu máli, en þó sérstaklega hefir annar þeirra manna, Jónas Kristjánsson, þekkingu á málinu, því að hann er sá maðurinn hér á landi, sem hefir fullkomnasta þekkingu á framleiðslu og meðferð mjólkur, og var nýkominn frá útlöndum frá því að kynna sér þessi mál. Hann hefir einnig stjórnað mjólkurbúi á Akureyri undanfarin ár. Þegar hann var ytra, ferðaðist hann í hálfan mánuð um Evrópu til þess að kynna sér þessi mál, og þegar hann kom heim úr þeirri ferð, var hann fenginn til þess að rannsaka, hvernig framleiðsluhættirnir væru á hinum ýmsu mjólkurbúum. Ég vænti þess, að þessi maður verði tæplega tortryggður, en hann taldi verulega galla á mjólkurframleiðslunni á Korpúlfsstöðum. M. a. taldi hann, að þvottur á flöskum væri í ólagi og raki væri í húsinu, þar sem mjólkin var hreinsuð, og ennfremur. að ekki væri nógu vel gengið frá gólfum í húsinu o. fl. Það er ómögulegt að fá umsögn neins manns um þetta, sem treysta má, ef ekki má treysta þessum manni, sem sérstaklega hefir lagt sig eftir að læra þetta starf. Og fyrst endilega þarf að draga inn í umr., hvernig mjólk er frá hinum ýmsu búum, þá vil ég bæta því við, að á meðan ég var lögreglustjóri var gerð rannsókn á mjólk frá Korpúlfsstöðum. Þessi rannsókn var gerð af Trausta Ólafssyni, og vottorð hans um mjólkina eftir þeirri rannsókn eru til enn. Í tveimur af þeim sýnishornum, a. m. k., af þeirri mjólk, sem hann rannsakaði frá Korpúlfsstöðum, sýndi það sig, að fitumagnið var 2,75%. Ef hv. þm. G.-K. óskar eftir að sjá vottorð frá Trausta Ólafssyni um þetta, þá getur hann fengið að sjá þau, því að þau eru til. (**ÓTh:** Ég vil biðja hæstv. ráðh. að segja, hvað meðalfitumagnið var í mjólkinni frá Korpúlfsstöðum). Það var vitanlega ekki tekið, heldur var farið í búðir hér og tekin mjólk, sem komið hafði frá ýmsum stöðum, og þetta var gert mönnum alveg á óvart, fyrirvaralaust, frá fjórum stöðum í annað skiptið, en þremur í hitt skiptið. Mjólkin frá Korpúlfsstöðum var lægst að fitumagni í bæði skiptin, eða með 2,7 fitumagni. Það er ekki verið að hampa þessu. Þetta er einungis eftirlit, sem látið var fara fram. Ég skal taka það fram, að frá öðru búi, sem talið var, að seldi sérstaklega góða mjólk, var þá rannsökuð mjólk, sem reyndist að hafa alltof lágt fitumagn. Hjá báðum þessum búum stafaði þetta of lága fitumagn af því, að talsvert mikið var á þeim báðum gefið af fóðurbæti. Hlutaðeigandi menn voru þá áminntir um að selja ekki svona mjólk. Það má vitanlega agitera um mjólk eins og annað og reyna að fá fólk til að trúa því, að ein mjólk sé betri en önnur.

Þegar hv. þm. G.-K. er að spyrjast fyrir um, hvað meðalfitumagnið hafi verið, og þær fyrirspurnir eru ætlaðar til að verjast þessum staðreyndum, þá eru þær fyrirspurnir vitanlega alveg út í bláinn, því að mjólkin var tekin úr búðum hér í Reykjavík fyrirvaralaust. (**ÓTh:** Þetta eru ósæmilegar blekkingar hjá ráðh.). Þetta er satt. (**ÓTh:** Ósæmilegar blekkingar). Hv. þm. G.-K. veit, að faðir hans hefir alltaf átt við það að stríða, að fitumagnið sé lágt í mjólk hans vegna fóðurbætisgjafar. (**ÓTh:** Ósæmilegar blekkingar). Það er bezt að segja sannleikann *um þetta afdráttarlaust, en hinsvegar vil ég* ekki fara út í neinar deilur um þetta atriði.

Annað, sem hv. þm. G.-K. minntist á, var m. a. brauðasalan. Hann sagði, að mjólkursölun. hefði notað aðstöðu sína til þess að leggja alla brauðasöluna undir Alþýðubrauðgerðina. Ég skal upplýsa það, að ég vissi ekki vel um þetta fyrr en í dag. Skal ég upplýsa hv. þd. um það, að mjólk er seld í 38 búðum. Þar af hefir Alþýðubrauðgerðin 18 eða 19 búðir, Kaupfélagsbrauðgerðin hefir 4 og bakararnir hafa 14 eða 15 búðir. Það er því síður en svo, að það sé undir nokkrum kringumstæðum rétt, sem hvað eftir annað hefir verið fullyrt hér í þessari hv. d. í dag, að Alþýðubrauðgerðin hafi yfirráð yfir öllum mjólkurbúðum hér í bænum.

Það, sem hv. þm. G.-K. varð sérstaklega tíðrætt um og var meginuppistaðan í hans fyrri ræðu um málið, var það, að hann sagði, að það, sem ég ætlaði að gera, væri að kúga bændur, því að það væri að kúga bændur að leyfa þeim ekki að ráða algerlega yfir mjólkursölunni og skera *sjálfir úr sínum ágreiningsmálum um hana. Hann* kvað það vera vantraust á bændur að álíta, að þeir gætu ekki skorið sjálfir úr sínum ágreiningsatriðum og dæmt sjálfir í sínum málum.

Ég benti á það í dag, að það hefði aldrei verið talin heppileg leið, jafnvel þó að bændur eigi í hlut, að menn dæmi sjálfir í sínum málum. Ég vil benda hv. þm. G.-K. á dæmi, þar sem gerð var tilraun til þess að láta framleiðendur dæma sjálfa í sínum málum. Það var í síldarsamlaginu, sem átti að stofna hér um daginn. Þar áttu framleiðendurnir að dæma um það, þ. e. meiri hl. þeirra, hverjir ættu að sitja fyrir hinum þrönga erlenda markaði fyrir síldina, alveg eins og hv. þm. G.-K. vill, að framleiðendur mjólkur, eða meiri hl. þeirra, dæmi í hliðstæðum atriðum í sínum málum, þ. e. dæmi um það, hverjir eigi að sitja fyrir hinum þrönga markaði mjólkur hér í Reykjavík. En hvernig fór? Það fór þannig, að minni hl. þorði ekki að eiga undir meiri hl. stjórnar síldarsamlagsins, og tveir sjálfstæðismenn, þeir Jón Arnesen og Hafsteinn Bergþórsson, *komu til ríkisstj. til þess að biðja hana* að taka málið í sínar hendur, taka málið af framleiðendunum og dæma í málum framleiðendanna. En vegna hvers haldið þér, hv. þdm., að

þessir tveir sjálfstæðismenn hafi óskað eftir þessu? Haldið þér, að það hafi verið vegna þess, að þeir hafi óskað svo mjög eftir einkasölu á síld? Ég segi: Nei, heldur var það vegna þess, að þeir vissu, að það er erfitt að dæma í sínum eigin málum, og vegna þess, að minni hl. vildi ekki beygja sig undir dóm meiri hl., af því að hann þorði það ekki, því að minni hl. hélt, að meiri hl. mundi ekki dæma svo rétt sem ákjósanlegt væri. Þeir báðu ríkisstj. einmitt þess vegna að taka valdið af sjálfum þeim og dæma upp á milli þeirra sjálfra.

Það er einmitt þetta, sem við erum að gera viðvíkjandi mjólkursölunni, að láta sem allra óhlutdrægasta menn dæma um, hvernig eigi að skipta réttindunum til að hagnýta mjólkurmarkaðinn hér í Reykjavík. Ég er fús til að fallast á, að framleiðendur fái að tilnefna meiri hl. í stjórn samsölunnar, og þá eru þeir búnir að fá það, sem þeir geta krafizt í þessu efni, og geta ráðið öllu því, sem snertir þeirra sameiginlegu hagsmuni gagnvart sölunni. Og hvað vilja þeir svo hafa meira? Ég vil ekki sleppa við þá valdinu til þess að dæma í þeirra eigin málum að öðru leyti, eftir því sem hlutföllin verða, um hagsmuni í sambandi við söluna, sem komið gæti á stað óeiningu innbyrðis, sem eyðilegði samtökin.

Ég vil, að framleiðendur fái meiri hl. í stj. sinna sameiginlegu hagsmunamála, þar sem búast má við, að þeir standi saman um sín mál. En í þeim málum, þar sem búast má við, samkv. því, sem ég áðan gat um viðvíkjandi síldarsamlaginu, sem átti að stofna hér á dögunum, að komið geti upp deila á milli mjólkurframleiðenda innbyrðis um hagsmuni þeirra, vil ég ekki, að þeir verði látnir sjálfir dæma, því að þá mundi koma nákvæmlega sama upp og í stjórn síldarsamlagsins um daginn. Það gæti eyðilagt samtökin. En þegar svo væri komið, mundu bændur koma til stj. og biðja hana að dæma í málum sínum, eins og þeir góðu síldarframleiðendur gerðu á dögunum.

Það er talað um, að fyrirkomulag það, sem ég vil taka upp í mjólkursölumálinu, sé ósanngjarnt, það sé að kúga meiri hl. bænda undir vilja minni hl. Mér virðist skína í það hjá hv. þm. G.-K., að ef til vill eigi búin austanfjalls að tilnefna einn mann og búin vestanfjalls annan. En ég get upplýst, að að búunum austanfjalls standa 470 bændur, en að búunum vestanfjalls, að Borgarfirði meðtöldum, standa 430 bændur. Sú regla, sem hv. þm. G.-K. og aðrir, sem hans stefnu fylgja í málinu, vilja innleiða, er fyrst og fremst það, að atkvæðunum verði skipt niður á búatöluna. Og það er bezt, að það komi fram fyrir hv. þd., fyrst hv. þm. G.-K. var að tæpa á því, að eftir þeim hlutföllum mundu framleiðendur vestanfjalls ráða gersamlega yfir samsölunni, vegna þess að búin og félögin, sem þá ættu að kjósa, eru fleiri vestanfjalls en austan og hefðu þess vegna meira atkvæðamagn, samkv. þeim reglum, sem þeir vilja innleiða. Ef þar væri um 3 atkv. að ræða, þá hefðu búin vestanfjalls 2 af þeim á móti því að búin austanfjalls hefðu 1 atkv., eftir þeim reglum, sem þeir vilja innleiða, og búin vestanfjalls gætu þá ráðið lögum og lofum og sett hinum kosti. Það er þetta, sem verið er að reyna að innleiða, og það er bezt, að það komi skýrt fram eins og það er. Það er þetta, sem ég ætla ekki að innleiða. Bændur mega sannarlega ráða samsölunni að öllu leyti, að svo miklu leyti sem um sameiginlega hagsmuni þeirra er að ræða, en bændur mega ekki taka samsöluna í sínar hendur til þess að mynda deilur innbyrðis. Það er þetta, sem ágreiningurinn er um, og hann er ekki um annað.

Skal ég svo fara að stytta mál mitt. Ég vænti þess, að komið hafi sæmilega fram það, sem deilt er um. Vil ég aðeins að lokum segja það, vegna þess að þau ummæli hafa hvað eftir annað fallið hér í hv. d., að ég vildi ekki gera fyrir mjólkursöluna hér í bænum það, sem ég í raun og veru gæti gert, að ég get lýst því yfir enn einu sinni, að mér dettur ekki í hug annað en að gera það, sem í mínu valdi stendur, fyrir mjólkursöluna hér í bænum, án þess að skaða samtök bænda, sem verið er að stefna að með samsölunni. Mér dettur ekki í hug annað en að gera allt sem í mínu valdi stendur, til þess að ráða bót á þeim mistökum, sem á samsölunni eru, sem alltaf hljóta að koma fram hjá byrjunarfyrirtækjum eins og þessu fyrirtæki. Það er blátt áfram útilokað, að neitt nýtt fyrirkomulag, sem tekið er upp um meðferð neyzluvöru, sem svo almennt er notuð eins og mjólk, verði hafið án þess að á því séu einhverjir gallar í fyrstu, og vitanlega er sjálfsagt, að keppt sé að því að lagfæra það þannig, að neytendurnir geti orðið sem ánægðastir. Ég vil taka þetta fram til þess að fyrirbyggja, að þau orð festi sig í huga nokkurs manns, að ég vilji ekki gera allt það fyrir samsöluna, sem mögulegt er í þessu sambandi.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég skal nú reyna að stilla máli mínu í hóf, þar sem mjög er orðið áliðið dags. Ég verð þó að svara nokkrum aths., sem fram hafa komið við till. meiri hl. landbn. Ég skal þá fyrst snúa mér að hv. þm. Hafnf., sem fyrstur hreyfði andmælum og hafði það sérstaklega við frv. að athuga, að það gerir ráð fyrir, að bændurnir sjálfir taki samsöluna í sínar hendur. Taldi hann, að neytendurnir ættu þar að hafa ihlutun um engu síður en bændurnir. Nákvæmlega það sama kom fram hjá hv. 1. landsk. Ég get nú ekki séð, hvað er óeðlilegt við það, að þeir, sem framleiða vöruna og eiga hana, sjái sjálfir um sölu á henni. Þannig hefir það verið til þessa hér á landi, og hefir salan gengið bezt svo. Hverjir hafa verið brautryðjendur um verkun og sölu á kjötinu aðrir en framleiðendurnir sjálfir? Hverjir hafa byggt fullkomin sláturhús og frystihús og séð um söluna utanlands og innan aðrir en bændurnir sjálfir? Það hefir mikið verið talað hér á þinginu, í blöðum og á mannamótum um, hvernig sölufyrirkomulagið væri á Akureyri. En hverjir hafa komið því upp og stjórnað þeim umbótum, sem gerðar hafa verið um framleiðslu og sölu, aðrir en bændurnir sjálfir? Það sama er að segja um mjólkursöluna hér í Rvík. Það var fyrst Mjólkurfélag Reykjavíkur, sem gekkst fyrir fullkominni hreinsun og meðferð á mjólk, sem

seld var í bænum. Það var fyrst fyrir 15 árum, að það byrjaði að gerilsneyða mjólk með ærnum kostnaði. Það hefir gengizt fyrir að koma upp fullkomnum sölubúðum, jafnvel fullkomnari en reglugerð bæjarins krefst. Þetta hefir félagið gert óstutt og ótilknúið af löggjafarvaldinu, vegna þess að framleiðendurnir hafa skilið, að skilyrði fyrir því, að salan gangi vel, er að vanda meðferð mjólkurinnar og hafa fyrirkomulag sölunnar sem hagkvæmast fyrir neytendur, svo að þeir séu ánægðir. Þannig ganga viðskiptin bezt.

Hitt er annað mál og áður viðurkennt, að þegar svo er komið, að löggjafinn hefir gripið inn í og fyrirkomulagið nálgast einkasölu, þá er ekki nema eðlilegt, að neytendum og yfirvöldum sé gefinn kostur á að hafa eftirlit um, að ekki sé níðzt á kaupendum; sérstaklega að verð sé ekki spennt úr hófi fram, þegar samkeppni verkar ekki lengur.

En ég skal sérstaklega taka það fram í sambandi við þau deiluatriði, sem hæstv. forsrh. minntist á, að komið hefðu upp milli framleiðendanna, og hann þess vegna vildi ekki fá þeim sjálfum málið í hendur, að ég álít, að sölunni í bænn verði á engan hátt betur fyrir komið en í höndum þeirra. Hæstv. ráðh. minntist einnig á síldarsölu, sem nú væri orðin einkasala samkv. beiðni framleiðendanna sjálfra, þó l. hefðu gert ráð fyrir, að hún væri frjáls. Ég er því e. t. v. ekki nægilega kunnugur, en ég hygg, að þar hafi rekizt á tveir ólíkir hagsmunir, síldarsaltenda og síldarspekúlanta, og síldarsaltendurnir hafi verið bornir ofurliði og þess vegna verið gripið til einkasölu. En ég held, að það hljóti að koma af sjálfu sér, að framleiðendurnir leitist við að fullnægja kröfum og hagsmunum neytendanna, til þess að tryggja afsetningu á sínum vörum.

Ég skal vera fáorður um brtt. hv. þm. Reykv., því þeim hefir verið svarað af hæstv. landbrh. o. fl. Ég get ekki fallizt á, að það sé sanngjarnt, að þeir, sem framleiða mjólk hér í Reykjavík, séu undanþegnir verðjöfnunargjaldi. Það er alveg óhugsandi annað en að þeir, sem framleiða mjólk innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, greiði verðjöfnunargjald eins og aðrir, því skipulagslaus og hóflaus samkeppni kæmi ekki síður niður á þeim en öðrum. Skipulagið verndar því jafnt þá og hina. En hitt er sjálfsagt að tryggja, að þeir geti á sama hátt og aðrir bændur staðið undir sinni framleiðslu. Ég viðurkenni einnig, að eins og nú er sé sanngjarnt og nauðsynlegt að hafa tiltölulega mikinn hluta af þeirri mjólk, sem daglega þarf til sölu í bænum, framleiddan á bæjarlandinu og nágrenni bæjarins, því oft getur komið það færi, að ekki sé hægt að koma á markaðinn mjólk úr fjarlægum stöðum. Þetta er því nauðsynlegt til þess að tryggja neytendum í bænum nægilega og örugga mjólk, hvernig sem veður og færi er. En þar sem það er nauðsyn, að mikið af mjólk sé framleitt í Rvík og næsta nágrenni, en framleiðslan þar dýrari en annarsstaðar, verður að tryggja framleiðendum þar meira fyrir mjólkina en öðrum. Þetta er gert með mjólkurl., en um það má deila, hvað sá munur á að vera mikill. En ef allur kostnaður af mjólkurl. ætti að koma á þá, sem fjær búa, yrði það til þess að auka mjólkurframleiðsluna hér. En það er vitanlega skökk stefna og óeðlilegt að beina framleiðslunni þangað, sem hún er dýrari, fram yfir það, sem nauðsyn krefur.

Með þessu er í raun og veru svarað því, sem svara þurfti ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann vildi halda því fram, að Reykvíkingar greiddu verðjöfnunargjald fyrir ekki neitt, og því væri það bara gjöf handa bændum. En ég hefi nú sýnt fram á, að mjólkurl. eru sett sameiginlega fyrir Reykvíkinga og aðra, enda koma þau öllum jafnt að liði.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði nokkur orð og minntist á till. meiri hl. landbn. og sagði, að það hefði farið betur, ef þær till. hefðu verið bornar fram á síðasta þingi; þá horfði þetta allt öðruvísi við. Þá varð að setja bráðabirgðaskipulag um mjólkursöluna, því framleiðendur voru ekki tilbúnir að taka hana í sínar hendur. En tíminn til 1. maí ætti að vera nægilegur, og ég lít svo á, að rétt sé að stefna að því, að þeir taki söluna þá í sínar hendur. Einnig horfir þetta nokkuð öðruvísi við nú, þegar leggja á allan kostnað af yfirstjórn og framkvæmd laganna á framleiðendurna sjálfa.

Mér þykir leitt, að hæstv. landbrh. er ekki við, því ég ætlaði að víkja að honum nokkrum orðum og því, sem hann sagði. En ég verð þó að koma að því, sem mig langaði til að svara hæstv. ráðh. — Ég verð að segja, að mér urðu nokkur vonbrigði að því, hvaða viðtökur till. landbn. fengu hjá honum, vegna þess m. a., að aðaltill. er ekki annað en „formulering“ á því, sem l. gera ráð fyrir, að bændurnir taki sjálfir framkvæmd þeirra í sínar hendur. Þar er ekki gert annað en ákveða nánar en l. gera ráð fyrir, eftir hvaða reglum skuli kjósa í stjórn samsölunnar. Það hefir, að ég held, ekki verið bent á, að það fyrirkomulag, sem við stingum upp á, sé ranglátt. Er þar tekið tillit til tveggja höfuðatriða, mjólkurmagns og framleiðendafjölda. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að hæstv. ráðh. var að tala um, hvernig færi um hlutfall í stj. samsölunnar, og virtist álíta, að menn vestan Hellisheiðar mundu ráða þar öllu. En eftir því, sem mér hefir reiknazt til, yrði meiri hl. fulltrúaráðsins skipaður af þeim, sem hag hafa af því, að verðjöfnunargjald sé greitt, en minni hl. af þeim, sem verðjöfnunargjaldið þyrftu að greiða. En vitanlega verður aðalágreiningurinn milli þeirra, sem verðjöfnunargjaldið þurfa að greiða, og þeirra, sem við því eiga að taka.

Ég skal taka það fram, að mér hefir ekki dottið í hug að hagga við meginatriði mjólkurlaganna.

Annað atriði, sem n. leggur til, er, að rýmkuð séu ákvæðin um sölu á kaldhreinsaðri mjólk. En ég vil taka það fram, að mitt álit er, að stassaniseraða mjólkin sé bezt, og óska því ekki breytinga. Og þar sem blandað er saman mjólk frá mörgum búum, er stassanisering langtryggust. En því er haldið fram, að hægt sé að framleiða holla og góða mjólk með kaldhreinsun, þar sem fullnægt er skilyrðum um hreinlæti og nákvæmni í meðferð. Og þar sem fjölda margir vilja fá mjólkina þannig, og hverfandi sú

hætta, sem af því stafar fyrir heilsu manna, er sjálfsagt að rýmka um ákvæðin fyrir þeirri sölu. Og ég skal játa, að hæstv. landbrh. hefir nú rétt hendina á móti, þar sem hann hefir lofað að vinna að báðum þessum breyt., að framleiðendur taki við stj. samsölunnar 1. maí, ef samkomulag næst milli þeirra, og að með reglugerð verði rýmkað um skilyrði fyrir því, að neytendur geti fengið kaldhreinsaða nýmjólk. Er ég hæstv. landbrh. þakklátur fyrir að hafa rétt þannig hendina á móti til samkomulags og treysti honum til að rýmka svo um þetta, að við megi una.

Ég hefi heyrt, að hæstv. ráðh. hafi lýst því yfir í Ed., að hann ætlaði að standa eða falla með mjólkursamsölunni. Er það vel mælt, því það er gott mál og fullkomlega þess vert. Á sama hátt munu mörg hundruð bændur hugsa, að þeir standi eða falli fjárhagslega með samsölunni. Eina leiðin, sem þeir sjá til bjargar sinni atvinnu, er að vel takist um framkvæmd mjólkurlaganna.

Það hefir verið deilt hart um framkvæmd mjólkurl., bæði í blöðum og útvarpi, og skal ég ekki blanda mér í þá deilu eða ásaka neinn. Það er ekki hæst í huga þeirra bænda, sem ég er fulltrúi fyrir, heldur uggur og ótti yfir þeim hjaðningavígum, sem orðið hafa út af þessum ópólitísku vörum. Þeir óska ekki annars en friðar um þessi mál og að þeir geti fengið það verð fyrir sínar vörur, að þeir megi öruggir stunda framleiðslu þessara hollu og góðu vara. — Ég vil segja út af aðkasti, sem hæstv. landbrh. hefir orðið fyrir, að ég treysti honum til að greiða úr þessum málum, þegar hann hefir gefið beint loforð um það. Það eru tvö atriði, sem ég legg höfuðáherzlu á, að gangi fram, og þar sem hæstv. landbrh. hefir lýst yfir, að hann treysti sér til að koma þeim fram með þeim l., sem nú gilda, vil ég rétta mína hönd á móti og standa með honum að því að koma þeim breyt. fram. Hann hefir áður haft þetta mál til meðferðar, gefið út um það bráðabirgðalög og tekizt að jafna ýmsan ágreining. Ég get því sætt mig við að leggja málið aftur í hans hendur, og fela honum á ný að jafna þann ágreining, sem enn er. Og í því trausti, að honum takist giftusamlega að koma fram þeim tveim meginatriðum, sem ég nefndi, lýsi ég yfir því, að ég mun greiða atkv. með þeirri rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það er naumast, að aumingja framleiðendurnir og neytendurnir að þessari vöru eru fallnir í hendur pólitískra manna, einkum sósíalistanna. Það eru vitanlega fjöldamargir, bæði framleiðendur og neytendur, sem óska breytinga, og þá sérstaklega um framkvæmdir. En forráðamenn þessara aðilja beggja halda rétti beggja og svara nei við öllum kröfum, sem koma fram um bætt skipulag. Þetta mál ber öll merki svörtustu einokunar. Skal ég benda á nokkur atriði, sem sýna einokun eins og henni er verst lýst. Það er algild regla, sem menn eru sammála um, að hver vörutegund selst því meir, sem fleiri hafa hana á boðstólum og því meira sem ber á henni. Sama gildir auðvitað um mjólkina, að hún mundi seljast því meir, sem hún væri seld víðar og þægilegra væri að ná í hana. En hvað segja svo þeir pólitísku menn um þetta? Þeir segja nei, og aftur nei. Þessar kröfur eru svar neytenda. Eitt atriðið er mjög eftirtektarvert. Neytendur biðja um fleiri tegundir þessarar vöru. Sumir vilja spenvolga nýmjólk, en aðrir vilja ógerilsneydda mjólk, kaldhreinsaða, vegna þess að það er betra að geyma hana. Þetta voru vitanlega ofur eðlilegar kröfur, en þeim var samt svarað algerlega neitandi. Þeim, sem geta selt spenvolga nýmjólk, er gert eins óhægt fyrir með þessari reglugerð og unnt er — þessari reglugerð, sem er svo vitlaus, að það er engu líkara en að hún hafi verið samin fyrir „Spegilinn“. Ein ósk neytenda var sú, að sú venja mætti haldast, sem áður var algeng, að heimilin í bænum gætu fengið keyptar þær brauðtegundir í mjólkurbúðunum, sem þau áður voru vön að kaupa. Þetta er ef til vill ekki gott að sameina í öllum búðunum, en vissulega má þó koma á móti kaupendunum í þessu efni. Þessari ósk neytenda var einnig neitað. Svarið var: „Ef þið viljið kaupa brauð, þá gerið svo vel að kaupa þær tegundir, sem samsalan vill selja ykkur.“ Ef þetta er ekki einkenni hinnar verstu einokunar, þá veit ég ekki, hver þau eru.

Ein óskin var, að menn gætu komizt að hagkvæmum kjörum um greiðslu á andvirði mjólkurinnar til samsölunnar. Að sjálfsögðu þarf vart að taka það fram, að enginn hefir farið fram á það, að samsalan veiti óskilvísum kaupendum gjaldfrest. Það hefir verið venja, að verzlanir hér í bæ og víðar á landinu veittu gjaldfrest á vörukaupum, enda þótt hv. 1. landsk. lýsti því með miklum fjálgleik, að slíkt ætti sér yfirleitt hvergi stað erlendis. Ég leyfi mér að efast um, að hv. þm. hafi smogið í gegnum hverja mjólkursölubúð erlendis, og þess vegna er mér næst að ætla, að hv. þm. hafi hreint ekki vitað, hvað hann var að segja, heldur sagt það hugsunarlaust, beint út í loftið. Þessari ósk var vitanlega neitað. Svörin voru þessi: „Ætlist þið til þess, að bændur ausi fé í þá, sem ekki borga?“

Eitt einkenni enn á einkasölu er það, að verðið hækkar venjulega frá því, sem það áður var. Það á einnig heima í þessu tilfelli. Nú þykir það ekki kostur á fyrirkomulagi fyrirtækis, að verðið hækki, án þess að eitthvað komi til greina, sem vegið getur upp á móti. Hvað kom á móti? Ekkert nema aukin óþægindi. Allir ókostir einokunar komu í staðinn. Einkennilegast af öllu þessu fargani er þó það, að þeir, sem fyrir þessu standa, byrjuðu með því að halda því fram, hve skaðleg ógerilsneydd mjólk gæti verið, og menn mættu því vara sig á því að kaupa hana, hún væri slíkur eiturvökvi, að menn skyldu ekki kaupa hana án þess að hún hefði gengið í gegnum hendur samsölunnar. Þetta var ekki gert af því, að þeir, sem fyrir þessu standa, hafi svo mikinn áhuga fyrir því, að ekki sé seld heilsuspillandi mjólk, heldur var þetta ein aðferðin til þess að hræða bæjarbúa frá því að kaupa aðra mjólk en þá, sem samsölunni þóknaðist.

Ég las einu sinni grein í ensku blaði, sem ég undraðist. Hún var eftir lækni og prentuð í við-

lesnu blaði. Þar er því m. a. haldið fram, að enginn ætti að láta mjólk koma inn fyrir sínar varir, því að mjólkin væri fyrst og fremst alls ekki ætluð mönnum, því að þeim væri ætlað að drekka móðurmjólkina; þetta mjólkurþamb væri eitt af því, sem væri að drepa fólkið. Þetta er vitanlega tóm fjarstæða. Því var líka haldið fram af vissum flokki manna, að það væri fjarstæða að gefa mönnum meðul, sem gerð væru úr vessum úr líkömum dýra, t. d. serum. Þessi enski læknir kvað það vera eins um mjólkina. Líkt og þessum lækni fórst forráðamönnum þessarar samsölu í upphafi. Ég minnist ræðu, sem sr. Sveinbjörn Högnason hélt á fyrsta fundi Húsmæðrafélagsins í Nýja bíó. Hann fór um það mörgum orðum, hvílíkan óþverra Reykvíkingar legðu sér til munns. Hann kvaðst hafa farið í fjós bæði utanbæjar og innan, en aldrei hafa séð annan eins viðbjóð og mjólkina. Þetta var eingöngu gert í því skyni að hræða Reykvíkinga frá því að kaupa aðra mjólk en „stassaniseraða" eða „pasteuriseraða" mjólk frá samsölunni. Til þess að þvinga Reykvíkinga gersamlega undir vald þessarar einokunar, sem er ekkert annað en ofbeldi, bæði í garð framleiðenda og neytenda, er svo látið líta svo út, sem hér sé verið að vinna bæði fyrir framleiðendur og neytendur! Svo er fenginn læknir til þess að lýsa yfir því, að það sé blátt áfram hreinn voði að kaupa nokkuð annað en mjólk, sem hefir verið soðin upp í 80°. Við vitum vel, að læknar eru mestu „humbugistar" í þessum efnum. Það sýnir dæmið um enska lækninn, sem ég minntist á rétt áðan, m. a. mjög ljóslega. Svo taka umboðsmenn framleiðendanna upp þetta bull hér, að mjólkin sé ódrekkandi ópasteuriseruð. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að þvinga alla þá menn, sem sent hafa mjólk til bæjarins, undir ok ofbeldisins, sem er mjólkursamsalan í þessu tilfelli. Að öðru leyti er þetta gert til þess að hræða Reykvíkinga frá viðskiptum við aðra en samsöluna.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að bæjarstj. Rvíkur hefði ekki verið trúandi til þess að setja reglugerð um meðferð og sölu mjólkur. Þegar þessi hv. þm. leitar að einhverjum til þess að gera óþarfar og vitlausar kröfur, þá er eðlilegt, að **hann** leiti til þeirra, því að **honum** finnst það vera verkefni þeirra bæjarstjórnarmeðlima að setja alla þá þvingun, sem hugsanleg er í þessu efni, á allt fyrirkomulagið viðvíkjandi mjólkursölunni. Slík hugmynd hv. þm. um verkefni bæjarstj. Rvíkur er vitanlega byggð á eintómum misskilningi og þekkingarskorti á eðli starfsaðferða bæjarstjórnarinnar.

Það mætti taka margt til athugunar í ræðum þeirra hv. þm., sem mælt hafa gegn því, að þessar till., sem hér liggja fyrir til lagfæringar á þessari mjólkursölu, nái fram að ganga. Sumpart hafa aðrir hv. þm. svarað þessu og sumpart finnst mér það geta legið á milli hluta. Samt vil ég segja það við hv. 2. þm. N.-M., að hann þurfti ekki að ómaka sig með því að reyna að leiðrétta það, sem ég hafði sagt hér áður um aðstöðu framleiðenda hér í Rvík í þessu máli. Ég fór með rétt mál, en hann með rangt. Ég hafði sagt, að þeir, sem óskuðu eftir að fá að selja sína mjólk utan mjólkursamsölunnar, yrðu að borga verðjöfnunargjald, og ég sagði einnig, að þeir, sem sendu sína mjólk í samsöluna, yrðu líka að greiða verðjöfnunargjald, að því undanteknu, að 1 ha. væri notaður til framleiðslu á fóðri handa hverri kú. Þetta þurfti hv. þm. ekki að reyna að leiðrétta, því að það er rétt. Hann sagði aftur á móti, að þeir, sem legðu mjólk inn í samsöluna, væru undanþegnir verðjöfnunargjaldi. Það er rangt. Þeir eru skyldugir til þess að greiða verðjöfnunargjald, en þeir fá undanþágu á greiðslu verðjöfnunargjalds fyrir mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi, þannig að 1 ha. af ræktuðu landi er ætlaður til fóðurframleiðslu fyrir hverja kú.

Mig langar líka til þess að segja fáein orð við hæstv. forsrh. Mér finnst furðulegt, að hann skuli leitast við að láta líta svo út, sem hér sé ekkert merkilegt á ferðinni, þótt menn séu óánægðir vegna framkvæmdar þessara laga. Hann sagði, að þetta væri ekkert merkilegt, vegna þess að menn væru alstaðar erlendis óánægðir með þetta. Ég held ég þekki þetta frá útlöndum, sagði hann. Þetta er algild regla. — En er þessi óánægja hér í sambandi við þessi lög ekki jafnsjálfsögð fyrir það? Hæstv. ráðh. nefndi reyndar ekki, hvað menn erlendis væru óánægðir með í þessu efni. En ætli það sé ekki eitthvað svipað og hér á sér stað.

Mér var það einnig undrunarefni, að hæstv. ráðh. skyldi leggja áherzlu á það, að allt það, sem ábótavant væri í þessu efni, mætti lagfæra með lögunum sjálfum eins og þau eru. Hvers vegna hefir þessu þá ekki verið kippt í lag? — Hæstv. ráðh. segir: „Ég skal laga þetta!" Hvers vegna hefir þetta ekki verið lagað fyrr en komið hefir fram frv. í þinginu, og þingið fyrirskipar, að það skuli lagfært? Hvers vegna segir hæstv. ráðh., þegar till. kemur fram um breyt. á þessum lögum, að þetta megi lagfæra án þess að ný lög þurfi að koma til?

Ég hefi ekki trú á því, að hæstv. ráðh. sé að hugsa um að slá sér upp á því að segja frá því, að framleiðendur utan Rvíkur hafi fengið 26 aura fyrir hvern lítra mjólkur í stað 24,4 aur. fyrir hvern lítra áður en samsalan tók til starfa, og framleiðendur í Rvík, sem ekki borga verðjöfnunargjald, fái 29 aura. Þetta lýsir engu, nema til komi miklu frekari upplýsingar. Það er t. d. hægt að setja fram þá spurningu, hvort þetta fé er greitt með þeim peningum, sem samsalan hefir vegna þess, að hún borgar ekki allt út jafnóðum. Getur hún greitt 26—29 aur. með því fé, sem lagt var út í gær t. d.? Samsalan hefir um 100 þús. kr. af fé framleiðenda, sem hún þarf ekki að greiða strax. Hve mikið af þeim peningum gengur til þess að geta greitt 26—29 aur.? Ef það skyldi nú hafa verið tekið lán? Þannig vakna ótal spurningar í þessu sambandi, sem svara þarf, áður en þessar upplýsingar hæstv. ráðh. gefa nokkra meiningu. Mér finnst rangt að slá slíku fram án þess að gefa svo fyllilegar upplýsingar, að hver maður geti séð, hvað það þýðir. Af sjálfum tölunum verður lítið séð.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þdm., hvort þeim þyki líklegt og heppilegt, að jafnmikið of-

urkapp verði lagt á að „skipuleggja“ og gert hefir verið upp á síðkastið. Reykjavík fiskar ekki allan sinn neyzlufisk sjálf. Hér í bæ er seldur fiskur, sem sumpart er veiddur af bæjarmönnum sjálfum, en sumpart er aðfluttur, t. d. frá Grindavík, Keflavík, Sandgerði, Ólafsvík, Stykkishólmi og jafnvel frá Húnaflóa. Hugsum okkur nú, að skipuleggja ætti þessa fisksölu, og Reykvíkingar, sem draga bein úr sjó, yrðu skattlagðir með allt að 10% af verði aflans til þess að borga Snæfellingum, Húnvetningum og Reykjanesbúum, til þess að jafna verðið. Það vill nú svo undarlega til, að það er að mörgu leyti svipað ástatt um nýjan fisk og mjólk. Þær vörutegundir líkjast talsvert að eðlisfari í sumu tilliti. Þannig er nýr fiskur og ný mjólk sérstakar vörutegundir, þó að það þurfi að geyma þær og breyta þeim í aðrar vörutegundir. Mjólkinni er t. d. breytt í skyr, smjör og osta, eins og kunnugt er, en fiskinum er breytt í harðfisk eða saltfisk. Þessum vörutegundum er báðum þannig farið, að fyrir þær fæst hæst verð, ef þær seljast nýjar, hærra verð heldur en ef þær eru gerðar markaðshæf vara fyrir erlendan markað.

Á þessu, sem nú var nefnt, sést það, að þessar tvær vörutegundir — nýr fiskur og ný mjólk — eru að mörgu leyti eðlislíkar vörutegundir. Skyldi nokkrum detta í hug, að hæstv. ríkisstj. færi nú að skipuleggja þessa fisksölu? Skyldi nokkrum koma til hugar, að byrjað yrði á því að skattleggja fátæka reykvíska sjómenn með 10% skatti á verðmæti aflans, til þess að greiða það svo öðrum sjómönnum á Reykjanesi, Snæfellsnesi og við Húnaflóa? Mundu Reykvíkingar sætta sig við það, að þessi fisksala væri lögð í sömu viðjar og mjólkursalan? Mundu menn sætta sig við það, að þeim yrði t. d. bannað að fara með fisk eftir götum bæjarins til sölu? Ætli sósíalistar í hv. deild — sem nú eru háttaðir og sofnaðir út frá þessum umr., sökum þess að þeir eru áhugasamari en sjálfir framleiðendurnir um það að gera enga breytingu á mjólkurlögunum — ætli þeir vildu beita sjómenn í Rvík svo lúalegum fantabrögðum, að koma því til vegar, að þeir yrðu skattlagðir til þess að borga vinnu annara sjómanna alla leið frá Húnaflóa og að Atlantshafsströnd Suðurlands? Ég held ekki.

Þetta, sem nú var drepið á, er aðeins smáspegilmynd af því, sem nú er verið að gera í mjólkurmálinu. Mönnum þykir þetta e. t. v. eðlilegt, vegna þess að ár eftir ár heyrist sami söngurinn um það, að Reykvíkingar verði að leggja bændum svo mikið til sem með nokkru móti sé unnt að pína út úr neytendum í Reykjavík handa þeim. Og ekki nóg með það, heldur verður sjálft ríkisvaldið að hlaupa undir bagga með þeim og láta ríkissjóð styrkja þá næstum því til allra framkvæmda, sem þeir þurfa að inna af höndum. Sjómenn eiga ekki slíkri umhyggju að venjast, nema ef nefna skyldi löggjöfina um kreppuhjálp fyrir smábátaútveginn til þess að leggja stærri útgerðina í rústir. Þessi mynd, sem brugðið hefir verið upp, ætti að geta sýnt hv. þdm., að það, sem verið er hér að gera í þessu mjólkurmáli, er allt óeðlilegt, og að það er vafasamt, hvort það verður nokkrum að gagni. Það er afturför fyrir alla — bæði framleiðendur og neytendur —, að gerð skuli vera tilraun til þess að draga úr því, sem er brýn þörf fyrir alla framleiðendur, og ekki sízt fyrir neytendur, að hægt sé að reka framleiðsluna á sem ódýrastan, „praktiskastan“ og heppilegastan hátt. Það er verið að draga úr þessari þörf. Það er verið að gera alla jafna í þessu efni — skussana og þá duglegu.

Gunnar Thoroddsen: Þetta frv. um breyt. á mjólkurlögunum svokölluðu fer fram á þá aðalbreyt., að stjórn samsölunnar sé fengin í hendur framleiðendunum sjálfum. Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð um þetta frv., en get þó verið fáorður, vegna þess að ýtarleg grein hefir verið gerð fyrir því áður.

Tillögur meiri hl. landbn. eru allmikið ólíkar frv. að formi, en að efni til falla þær að mestu saman við frv. það, sem við hv. þm. Borgf., hv. þm. G.-K. og ég flytjum. Og ég get lýst því yfir, að ég er þeim till. samþykkur í aðalatriðunum og mun greiða þeim atkv.

Hv. þm. Mýr. gerði í gær ýtarlega grein fyrir till. meiri hl. landbn., og var þá ekki annað á honum að skilja en að hann teldi það nauðsynlega úrlausn málsins að samþ. þessar tillögur. Það kom mér þess vegna undarlega fyrir sjónir, að hann skyldi segja það í síðustu ræðu sinni, að hann myndi falla frá þessum till. og greiða atkv. með rökst. dagskránni.

Ég verð nú að segja um hv. þm. Mýr., að svo bregðast krosstré sem önnur tré. Þessi hv. þm. hefir á undanförnum árum oft verið hálfgerður krossberi, hann hefir haft þann þunga kross að bera, sem er hans eigin sannfæring, og hann virðist nú ætla, eins og svo oft fyrr, að sligast undan þeim þunga krossi.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um brtt., en víkja fáeinum orðum að frv. sjálfu. Meginatriðið er það, að stjórn samsölunnar sé þegar tekin úr höndum mjólkursölunefndar og fengin framleiðendum sjálfum í hendur, en í mjólkurlögunum er gert ráð fyrir því, að framleiðendur fari sjálfir með stjórn samsölunnar eftir 1. maí, ef samkomulag næst milli mjólkurbúanna og ráðherra leyfir.

Í þessu máli á fyrst og fremst að fara eftir kröfum þeirra aðilja, sem þetta skiptir mestu máli, og þeir eru tveir: Annarsvegar bændur og hinsvegar neytendur. Það er nú upplýst og er ómótmælanlegt, að framleiðendur óska þess eindregið, að stjórn mjólkursamsölunnar sé fengin í hendur þeim sjálfum. Á fundum bænda hafa verið samþ. tillögur, þar sem þess er einróma óskað, að stjórn sölunnar yrði fengin þeim í hendur. Aðeins eitt mjólkurbú hefir ekki tekið þessa afstöðu, og það er Mjólkurbú Flóam. Það má í fáum orðum segja, að mikill meiri hl. bænda hafi verið sameinaður um þessa ósk. Auk þessa hafa verið haldnir nokkrir þingmálafundir, sem hafa borið fram þessa sömu ósk, og vil ég í því sambandi minna á fund, sem haldinn var í Borgarnesi 13. febr. Það mætti nú kannske segja, að ekki væri rétt að fara eftir óskum, sem bornar væru fram af öðrum aðilanum, ef

hinn aðilinn, sem er neytendur í Reykjavík og Hafnarfirði, væri þeim ósamþykkur. En nú vill svo til, að sá aðilinn hefir gert sömu kröfu og bændur. Húsmæðrafélagið í Reykjavík hefir gert einróma kröfu um það, að fyrirkomulaginu yrði breytt í það horf, að stjórn samsölunnar yrði fengin í hendur framleiðendum sjálfum. M. ö. o., bæði bændur og neytendur hafa óskað þess nær eindregið, að þær breyt. séu gerðar, að stjórn samsölunnar sé í höndum framleiðendanna sjálfra. — Hvaða ástæðu getur þá hæstv. landbrh., hæstv. ríkisstj. og hv. þingmeirihl. haft til að leggjast á móti þessari kröfu? Hæstv. landbrh. hefir gefið yfirlýsingu um það, að hann muni beita sér eindregið á móti þessu frv. og segir, að það þýði ekki að samþ. þessar breyt. hér í þessari hv. d., því hann muni beita sér á móti þeim í Ed. og fá þær felldar. Ástæðan til þessa getur ekki verið umhyggja fyrir hagsmunum framleiðenda, og ekki heldur fyrir hagsmunum neytenda, því báðir þessir aðilar hafa óskað eftir breytingunni. En hvaða hagsmunir eru það þá, sem hæstv. ráðh. ber fyrir brjósti? Það eru eingöngu pólitískir hagsmunir. Hæstv. ráðh. og þingmeirihl. sjá það, að með því að gefa eftir í þessu máli, þá er gefið eftir á pólitísku einræði. Hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að hann muni segja af sér, ef breytt verði í það horf, sem við óskum. Það er augljóst, að verið er að vernda pólitíska hagsmuni hæstv. ráðh. sjálfs, en ekkert verið að hugsa um hagsmuni framleiðenda eða neytenda.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að þessu sinni, en mér þótti rétt, að ég sem flm. segði nokkur orð við þessa umr.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því, að ég hefi þá trú, að sá ráðh. verði ekki langlífur í ráðherrastóli, sem setur pólitíska hagsmuni ofar hagsmunum bæði framleiðenda og neytenda í landinu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er ekki mikið, sem ég þarf að segja, en ég vil samt ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um sumt það, sem sagt hefir verið hér í þessari hv. deild.

Hv. þm. G.-K. sagði, að menn gerðust ófeimnir nú á dögum. Þetta er satt um hann sjálfan. Það þarf mikla ófeimni til þess að segja af fundi í mjólkurverðlagsnefnd, sem þessum hv. þm. var boðið á og hann lézt ætla að koma á, en kom ekki, og ætla sér á þennan hátt að seilast til Sveinbjörns Högnasonar til að reyna að hnífla í hann og segja, að hann hafi greitt þarna atkv., þó að hann eigi ekki sæti í n., og vitanlega þá ekki heldur atkvæðisrétt. Það þarf sannarlega ófeiminn mann til þess, þegar hann veit, að form. verðlagsnefndarinnar er í d. og veit, hvað fram fór, að skrökva þá frá rótum, búa blátt áfram til heila sögu, til að reyna að ná sér niðri á andstæðing. Til þessa þarf ófeimni og óskammfeilni á háu stigi, hv. þm. G.-K.

Einkennileg kenning kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. Ég benti á, að mér þætti líklegt, að treysta mætti betur bæjarlækni til að semja reglugerð um meðferð mjólkur heldur en bæjarstj. Rvíkur. Ég byggði þetta á því, að bæjarstj. Rvíkur hefir látið vera í gildi reglugerð frá 1917, og hún hefir alltaf verið þverbrotin. Ég benti á í það sinn, að greinar þessarar reglugerðar eru 23 að tölu og þær hafa allar verið brotnar. Ég tók dæmi af 9. gr., sem ákveður það, að búðir megi ekki vera færri en 7 og ekki fleiri en 12, og varði brot á þessu þús. kr. sekt. Þá grein hefir nú bæjarstjórnin sjálf brotið 60—70 sinnum. En þá segir hv. 3. þm. Reykv., að af því bæjarstj. hafi sett reglugerðina, þá megi hún líka brjóta hana. Bæjarstj. á þá að hafa einkarétt á því að brjóta þær reglur, sem hún sjálf setur. Eftir því ættum við þm. að hafa leyfi til að brjóta lög, ef við brjótum ekki önnur lög en þau, sem við setjum sjálfir. Hv. 5. þm. Reykv. var að taka undir þetta með honum, en ég kann ekki við þessa sérfræðikenningu; hún á ekki heima í mínum flokki, og ekki við mína sérfræðihugsun. (**JakM:** Breytir ekki Alþ. lögum?). Jú, en þá er lögunum breytt, en bæjarstj. Rvíkur hefir aldrei séð ástæðu til að breyta þessari reglugerð. (**JakM:** Það hefir verið gert með þessum samþykktum). Einmitt, gert með því að brjóta hana. Kannske þjófar séu þá að breyta hegningarlögunum en ekki brjóta þau, þá þeir stela? Enginn mátti setja hér upp mjólkurbúð nema hann hefði til þess leyfi, en 23 mjólkurbúðir voru hér til, þegar samsalan hóf starf sitt, sem aldrei höfðu fengið leyfi. Svona dæmi gæti ég tekið í hvaða grein sem væri, og þess vegna er ekki von, að ég treysti bæjarstj. betur en bæjarlækni.

Þá var hv. 5. þm. Reykv. búinn að koma auga á það, sem hann hefði átt að vera búinn að sjá áður, að munur er á því verði, sem Reykvíkingar fá fyrir sína mjólk, þegar þeir eru í samsölunni, og því, sem þeir fá, sem fyrir utan bæinn búa.

Þá var hann að tala um, að mjólkin væri einokuð og nefndi sem dæmi því til sönnunar eitt með öðru, að mjólkin hefði hækkað í verði. Hann hefir þá verið búinn að gleyma því, sem hann sagði áður í kvöld, en ég þá leiðrétti hjá honum, að mjólkin hefði lækkað um 1 eyri, sem raunar er 1⅔.

Ég vil benda á það, að þeir hv. þm., sem eru sama sinnis eins og hv. 6. þm. Reykv., að allir gallar hverfi, ef stjórn mjólkursölunnar sé látin í hendur framleiðenda sjálfra, og allir þeir hv. þm. í þessari hv. d., sem eru þeirrar skoðunar, að það sé rétt að hafa í búðum samsölunnar ógerilsneydda mjólk, þeir ættu að styðja að því, að þetta náist, með því að samþ. rökst. dagskrána, nema þeir beri svo gott traust til hæstv. landbúnaðarráðh., að hann geri þetta án þess. Ég gæti gert hvort sem heldur væri, en til tryggingar vil ég heldur, að rökst. dagskráin sé samþ.

Jakob Möller [óyfirl.]: Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, þarf ég ekki margt að segja. Það er fullkominn misskilningur hjá honum, að bæjarstj. Rvíkur eigi að líta eftir því, að þeir menn, sem reka hér verzlun, hvort sem er með mjólk eða annað, hafi fengið verzlunarleyfi. Það er lögreglustjóri, sem á að hafa eftirlit með því, og ef eitthvað hefir verið af ó-

löglegum verzlunum, þá er það ekki bæjarstj. að kenna. Það er ekki hennar hlutverk að líta eftir því, hvort þær hafi fengið leyfi. Um þetta hefði hv. 2. þm. N.-M. getað fengið upplýsingar, ef hann hefði snúið sér til hæstv. forsrh., sem hefir verið lögreglustjóri hér í Reykjavík.

Hæstv. forsrh. mun hafa neitað því, að hann hafi lýst því yfir í hv. Ed., að hann myndi gera það að fráfararsök, ef þetta frv. yrði samþ. Ég hafði ekki gert ráð fyrir, að hæstv. ráðh. tæki hér fyrstur til máls eftir kaffihléið, og hafði því ekki tækifæri til að heyra allt, sem hann sagði þá, en mér skilst, að hann hafi þá leiðrétt þetta og gefið í skyn, að ég hafi vitað betur heldur en fram kom í ræðu minni. Ég sagði í dag, að ég hefði heyrt þetta, og ég var fullkomlega í góðri trú, mér var sagt þetta af þm., sem á sæti í hv. Ed., og hefir hann þá misskilið hæstv. ráðh., en hitt stendur ómótmælt, að hann berst á móti samþ. frv., jafnframt því sem hann gefur yfirlýsingu um, að hann vilji vinna að því, að höfuðatriði þess komist í framkvæmd.

Hæstv. ráðh. gerir þá grein fyrir andstöðu sinni gegn frv., að ef framleiðendur fái óskoruð yfirráð, muni allt fara í handaskolum, vegna mismunandi hagsmuna framleiðendanna. Þetta er ekkert annað en viðbára, sem styðst ekki við neitt. Ef hæstv. ráðh. finnst ekki nægilega tryggilega um búið í frv. og þurfi að gera á því breyt., þá ætti að vera hægt fyrir hann að bera fram brtt., sem kæmu í veg fyrir, að slíkur ólestur þurfi að verða á framkvæmdinni. Ef það er tryggt, að hann vilji vinna að því, að meðferð þessa máls verði framkvæmd á þann hátt, sem hann hefir lýst yfir, þá væri eins gott að tryggja það með því að samþ. brtt. En hæstv. ráðh. óskar ekki eftir lagaheimild til að gera þetta; hann vill gera það í trássi við lög. Þar við bætist, að ég fæ ekki betur séð en það sé fullkomlega tryggt í frv. og brtt., að ekki geti til þess komið, að neitt þurfi að fara í ólestri í höndum framleiðenda. Ég hygg, að það sé svo um búið, að til þess geti varla komið. Þetta er gersamlega ósambærilegt við síldarmálið, vegna þess að sú lagasetning, sem um þau gildir, er svo ónákvæm, að ekki er eðlilegt, að þau komi til framkv. fyrr en búið er að fylla í þær eyður.

Hæstv. ráðh. gerði enga grein fyrir því, hvaða árekstrar ættu sérstaklega að geta orðið af því, að stjórnin væri í höndum framleiðenda sjálfra. Ég get ekki heldur séð, hvar þeir geta orðið, þegar búið er að leggja aðallínuna með þeirri reglugerð, sem gefin yrði út. Þeirri reglugerð yrði að breyta í samræmi við það, sem hér yrði ákveðið, t. d. að leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk, en að út af því þurfi að verða nokkrir árekstrar, getur mér ekki skilizt.

Mér skilst, að samkv. till. meiri hl. landbn. eigi mjólkursölunefnd að skera úr, ef ágreiningur verður í samsölustj. Hæstv. ráðh. sagði, að óþarft væri að breyta framkvæmdaratriðum. Það hefir margsinnis verið bent á, að hér er ekki um annað að ræða en það, að borið hefir verið fram frv. til laga um breyt. á mjólkursölulögunum, til þess að hindra það, að framkvæmd þeirra verði öðruvísi en mjólkurframleiðendur og neytendur æskja eftir.

Því til sönnunar, að samkv. núgildandi lögum sé ekki hægt að verða við þeim kröfum, sem hafa verið bornar fram, skal ég vekja athygli á því, að þegar n. var að ræða um það, hvort leyfa skyldi Korpúlfsstaðabúinu að selja ógerilsneydda mjólk, þá leit n. svo á, að það væri óheimilt samkv. lögum. Ég á sjálfur sæti í n. og er þess vegna fullkunnugt um þetta. Mér var þá bent á ákvæði í lögum, sem væru þessu til fyrirstöðu, og ég er fullkomlega viss um það, að eins og lögin eru er óheimilt og ekki hægt að breyta þessu nema með því að breyta lögunum. Mér er því óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér að koma þessum breyt. í framkvæmd. Að vísu veit ég, að hægt er að aka seglum nokkuð eftir vindi, og framkvæmd laga og reglugerða getur verið mismunandi, eftir því hverjir eiga hlut að máli, og því til sönnunar skal ég vekja athygli á því, að það var sett sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að Korpúlfsstaðir fengju að selja ógerilsneydda mjólk, að verðið hækkaði um 5 aura á lítra. Þessari kröfu var haldið fram bæði af verðlagsnefnd og mjólkursölunefnd og því haldið fram, að samkv. lögum væri óheimilt að veita mönnum leyfi til að selja ógerilsneydda mjólk nema með hærra verði. En þegar það féll niður, að Korpúlfsstöðum yrði veitt þetta leyfi, og Kleppsbúinu var veitt það, þá var fallið frá þessari kröfu um hækkað verð, þó það væri gallhart nei við Korpúlfsstaði, að þeir fengju umrætt leyfi nema verðhækkun kæmi á mjólkina. Þetta sýnir, að í höndum þeirra manna, sem með framkvæmdirnar fara, er þeim hagað mismunandi, eftir því hver hlut á að máli; en auðvitað er það ekki hægt þannig, að þá sé alltaf jafnt fylgt settum lögum og reglugerðum. Af því, sem hér hefir skeð, þar sem hv. frsm. meiri hl. landbn. hefir lýst því yfir, að hann leggist á móti þeim till., sem hann sjálfur hefir samið og hlotið lof manna fyrir, þykist ég sjá, að það eigi að koma frv. fyrir kattarnef. Það er meira að segja ekki nokkur hreyfing í þá átt að koma málinu í viðunandi horf, og er því full ástæða til að vekja athygli á því, hvað það kostar að spyrna á móti kröfunum og halda óánægjunni við.

Talið er, að mjólkurneyzla Reykvíkinga nú, ef miðað er við eðlilega notkun, sé um 6 millj. og 600 þús. lítrar að meðaltali yfir árið, eða að meðaltali á dag yfir 17 þús. lítra. Nú er það kunnugt, að meðalsala mjólkur hjá mjólkursamsölunni er komin niður fyrir 13 þús. lítra á dag, og sú mjólk, sem seld er utan samsölunnar, mun vera eitthvað á annað þús., eða um 17 hundruð lítrar á dag, þannig að öll mjólkursalan í bænum er nú að meðaltali ekki yfir 15 þús. lítra á dag. Það er því bersýnilegt, að mjólkursalan nú er 2 þús. lítrum á dag fyrir neðan meðalmjólkurneyzlu eins og hún er eðlileg og hefir verið að undanförnu. Það er þannig nokkurn veginn víst, að vegna óánægju og ósamkomulags hefir mjólkursalan hér í bænum minnkað um allt að 2 þús. lítra á dag, og þó sennilega meira, því gera má ráð fyrir, að á þessum tíma árs, þegar fólk er með langflesta móti í bænum, sé dagleg sala mjólkur að jafnaði meiri en að meðaltali yfir allt árið. Þannig er það augljóst, að með þessum

reipdrætti, sem hæstv. stj. og hennar flokkar standa fyrir, eru mjólkurframleiðendur skaðaðir um stórfé. Það liggur alveg í augum uppi, að þetta ástand getur ekki haldizt til lengdar, og ég furða mig á því, að hæstv. stj. skuli vilja vinna það til, aðeins fyrir ofurkapp, að verða þess valdandi, að þetta vandræðaástand, sem nú ríkir í þessu efni, skuli haldast enn um ófyrirsjáanlegan tíma. Því að ég þori að staðhæfa það, að ástandið fer versnandi, en ekki batnandi, ef stj. heldur uppteknum hætti og varast það mest af öllu að gera kaupendum mjólkurinnar til hæfis í þessu máli hér í bænum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja þessar umr. meira. Það er fyrirsjáanlegt um afdrif frv., að þau eru fyrirhuguð, og að þeirri niðurstöðu verður ekki breytt með lengri ræðuhöldum.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Eitt af því, sem sérstaklega hefir komið fram undir þessum síðustu umr., er það, að sumir hv. þdm. undrast yfir því, að þeir landbnm., sem standa að brtt., skuli geta sætt sig við að samþ. þá rökst. dagskrá, sem fyrir liggur. Það, sem þá greinir á við fylgismenn mjólkurlaganna og núv. framkvæmd þeirra, eru aðeins tvö atriði, og ekki annað en það, að framleiðendurnir fái sjálfir í sínar hendur yfirráðin um sölu mjólkurinnar, og í öðru lagi, að neytendum hér í bænum verði gefinn kostur á ógerilsneyddri mjólk til kaups. Deilan er aðeins um það, hvort hægt sé að ná þessu tvennu, ef dagskrártill. verður samþ., og þá án lagabreyt., sem flm. frv. ætluðu sér að koma fram með því að gera lagabreyt. Þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þessar ráðstafanir til breyt. á framkvæmd mjólkursölunnar sé hægt að gera án lagabreyt., og þess vegna eru þeir í fullu samræmi við sjálfa sig, þó að þeir samþ. dagskrána. En ef þessar brtt. við mjólkursölul. verða felldar í Ed., sem að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, þá ná þeir engum árangri. Verði dagskrártill. hinsvegar samþ., þá eru meiri líkur til, að þeir nái betur þeim tilgangi, sem felst í brtt. og þeir leggja sérstaka áherzlu á.

Um einstök atriði, sem fram hafa komið í umr., skal ég ekki lengja mál mitt mikið. Ég vil þó sérstaklega út frá því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, gera lítilsháttar aths. Hann hélt því fram, að mjólkursalan í bænum væri talsvert fyrir neðan hið venjulega sölumark, sem var áður en mjólkurverkfallið hófst. En það getur ekki staðizt. Mjólkurverkfallið hefir þá verið byrjað í janúar, því að hin daglega sala á neyzlumjólk í bænum er hin sama nú eins og þá, og álika og áður var. Um þetta hafa að vísu staðið nokkrar deilur. En þetta hefir verið reiknað nákvæmlega út af Árna G. Eylands og þrem til fjórum mönnum öðrum, sem hafa gert nákvæman samanburð á mjólkursölunni í bænum fyrir og eftir verkfallið. Þær skýrslur, sem hv. 3. þm. Reykv. miðar við, eru eftir Eyjólfi Jóhannssyni, en hinir telja sig hafa hrakið þær fullkomlega. — Hv. 3. þm. Reykv. spurði, hvort ég teldi leyfilegt að selja ógerilsneydda og kaldhreinsaða mjólk í bænum án þess að breyta lögunum. Ég vil spyrja hann aftur á móti, hvernig færi, ef allt í einu væri afnumin ákvörðunin um það, að neytendur þyrftu læknisvottorð til þess að fá ógerilsneydda mjólk keypta. Væri þá ekki þar með fengið allt, sem krafizt er í þessu efni í frv.? Er það ekki önnur aðalkrafan í frv. að fá kaldhreinsaða mjólk á markaðinn? Vitanlega er það heimilt samkv. núgildandi lögum að afnema skilyrðið um læknisvottorðin, og þá er um leið orðið heimilt að neyta almennt ógerilsneyddrar mjólkur. Þetta er nú allur galdurinn.

Ég fæ ekki séð, að það sé neitt ákvæði í lögunum, sem hindri það, að neytendur geti fengið ógerilsneydda mjólk. Ef menn vilja gefa það frjálst og afnema þetta skilyrði um læknisvottorðin, þá sé ég ekki, að neitt sé því til fyrirstöðu í lögunum, að það fáist; og geri ég ráð fyrir, að hv. 3. þm. Reykv. fallist á, að þetta sé ekki mikill galdur.

Hitt höfuðatriðið, sem hv. þm. drap á, að framleiðendur ættu sjálfir að taka mjólkursöluna í sínar hendur, það er náttúrlega réttmætt að vissu leyti; en þó er það vitanlega að mestu komið undir því skipulagi, sem er á félagsskap bænda á þessu sviði, og því samkomulagi, sem þar ríkir, hvort fært er að fá þeim mjólkursöluna í hendur, óskorað. Flóabúið hefir alltaf staðið á móti því hingað til. Nú eru miklar líkur til, að það geti fallizt á þá miðlunarleið, sem ég hefi stungið upp á til úrlausnar í þessu máli, og þá verður að standa á hinum mjólkurbúunum, ef það ekki tekst. Þess vegna er tvímælalaust hægt að koma þessu fram án þess að nokkur lagabreyt. verði samþ., og ég vil endurtaka það enn, að með því að samþ. dagskrártill., þá komast þeir þdm., sem að frv. og brtt. standa, miklu nær því að fá kröfum sínum framgengt heldur en þó að þeir fái frv. samþ. hér í d., þegar það verður síðar fellt í Ed.

Ég vil ekki eyða tíma til þess að elta ólar um þau atriði, sem fram komu í ræðu hv. 5. þm. Reykv., t. d. um samanburð á því að leggja verðjöfnunargjald á fisk, sem seldur er til neyzlu innanlands, eins og á mjólkina. En hér er óliku saman að jafna; það er svo sáralítið brot af fiskinum, sem selt er innanlands, svo að verðjöfnunargjald af því yrði óverulegt. Í öðru lagi má benda á það, ef á að rökræða þetta, að fiskmarkaðurinn er ekkert betri hér innanlands en útlendi markaðurinn. Fiskurinn er seldur til fisksalanna hér í bænum með hlutfallslega svipuðu verði og fæst fyrir hann verkaðan. En hið háa útsöluverð á fiskinum hér í Reykjavík stafar eingöngu af því, hvernig fisksölunni er hagað; útsölumennirnir leggja svo mikið á hann. (**P-Halld:** Þetta er rangt). Það er sanngjarnt að hafa verðjöfnunargjald á þeirri mjólk, sem seld er á opinberum markaði, af því að verðið, sem fæst fyrir þá mjólk, er miklu hærra en það, sem fæst fyrir þá mjólk, sem unnið er úr í mjólkurbúunum. Aftur á móti fá fisksalarnir fiskinn hjá sjómönnunum fyrir gangverð fiskjarins á hverjum tíma. Þess vegna er þetta algerlega hugsunarvilla hjá hv. 5. þm. Reykv., og rangt að telja það sambærilegt að leggja verðjöfnunargjald á fiskinn, sem seldur er hér í bænum, eins og mjólkina.

Ég vil enn á ný mótmæla því, sem verið er að læða hér út um bæinn, að það verð, sem samsalan borgar út fyrir mjólkina, sé að einhverju leyti falskt. Það er ekki hægt að mótmæla því, að samsalan borgar nú hærra verð til mjólkurframleiðendanna t. d. hér í Mosfellssveit en áður var, og þá segja andstæðingar hennar, að þetta sé falskt verð, þannig að samsalan taki fram fyrir sig og hafi með lánsfé borgað út hærra verð til framleiðenda en hún raunverulega getur staðið við. Þetta er gersamlega tilhæfulaust, og skal ég í þessu sambandi upplýsa, að það er hægt að hækka mjólkurverðið enn meira til bænda en gert hefir verið. Ég skal ennfremur upplýsa það, að samsalan fékk fyrir 3 vikum heimild til þess að taka 36500 kr. lán til stofnkostnaðar, vegna kaupa á bílum, lagfæringa á búðum o. fl. Blöð Sjálfstfl. í bænum hafa verið með ósæmilegar dylgjur um samsöluna út af þessu og talað um, að hún stæði fjárhagslega höllum fæti og væri búin að fá 35 þús. kr. eyðslulán. Þetta er vitanlega tilhæfulaust; enda var samsalan ekki búin að taka lánið fyrir viku síðan. — Ég vil þá vænta þess, að hv. 5. þm. Reykv. láti sér ekki sæma það að breiða út róg og gróusögur um samsöluna, hvorki um hag hennar né söluskýrslur. Skýrslur og reikningar samsölunnar eru færðir af starfsmönnum hennar, sem vita, hvað þeir eru að gera, og vinna fyrir opnum tjöldum. Hv. 5. þm. Reykv. fer hér með hinn ósæmilegasta róg, og mig undrar, að hann skuli leyfa sér að viðhafa slíkan málflutning hér í þd.

Ég hefi nú leiðrétt veigamestu atriðin og rangfærslurnar í ræðu hv. 5. þm. Reykv., og kem þá að fyrirspurn hans um það, hvers vegna framleiðendum skuli ekki vera fengin mjólkursamsalan í sínar hendur. Hv. þm. veit, að það er ákveðið í lögunum, að samsalan skuli fara með mjólkursöluna þangað til 1. maí. næstk. og fara með stjórn hennar. Þess vegna er alls ekki hægt að breyta til um þetta fyrr.

Viðvíkjandi sölu á ógerilsneyddu mjólkinni er það að segja, að það hefir verið reynt að spilla fyrir og eyðileggja sölu mjólkur frá Kleppsbúinu, og talað um, að hún væri óholl og hættuleg til neyzlu. Þess vegna getur vel verið, að það sé búið að koma þeirri trú inn hjá neytendum og að hún sé minna keypt en ella. Það má vel vera, að þeir, sem þykjast vera að vinna fyrir neytendur í bænum, séu að eyðileggja þessa tilraun um sölu á ógerilsneyddri mjólk, þannig að það þurfi að taka hana upp á annan hátt. — En það er eftirtektarvert, að blöð Sjálfstfl. skuli hafa leyft sér að birta slíkar greinar, með feitletruðum þriggja dálka fyrirsögnum, um þessa hættulegu mjólk frá Kleppsbúinu, sem báðir læknarnir á Kleppi og læknirinn á Laugarnesi (Maggi Magnús) hafa notað handa sér og sínum fjölskyldum í mörg ár. Með þessum greinum, sem birtar hafa verið í Morgunbl. og Vísi, hefir verið reynt af andstæðingum samsölunnar að eyðileggja sölu á þessari mjólk, og má vel vera, að það þurfi að endurtaka þá tilraun.

Ég skal svo láta máli mínu lokið; ég er búinn að svara því, sem mest er um vert, og það, sem sagt verður hér á eftir í nótt, verður að mestu leyti endurtekningar á því, sem þegar er búið að taka fram.

Jón Pálmason: Það hefir ýmislegt komið fram í þessum umr., sem mér þykir athugavert, og sumt af því verð ég að telja svo kynlegt, að ég get ekki komizt hjá að fara um það nokkrum orðum. Eru það einkum og sérstaklega nokkur atriði í ræðu hv. frsm. landbn., er ég vildi drepa á.

Hann vék að þeirri breyttu aðstöðu, sem orðið hefði frá því á síðasta þingi um yfirráð framleiðenda yfir samsölunni. Ég skal játa, að það er nokkuð til í þessu. Þó var mér það ljóst á síðasta þingi, að framleiðendurnir sjálfir, og engir aðrir, áttu að hafa full yfirráð yfir mjólkursölunni.

Í öðru lagi sagði hann, að aðstaðan væri nú breytt frá því, sem var á síðasta þingi, að því leyti, að nú væri með nýjum lögum ætlazt til, að framleiðendur bæru sjálfir allan kostnað við framkvæmd afurðasölulaganna, en ríkissjóður, sem áður hefði greitt kostnað við mjólkursölunefnd og kjötsölunefnd, væri nú laus við þau útgjöld.

Það er rétt, að þetta er veruleg breyting. En hún er þó aðeins tilfærsla á kostnaðinum og sízt ástæða til að eyða að óþörfu í þetta, þó ríkissjóður ætti að greiða. En það kemur hér fram sem oftar, að menn eru viðkvæmari fyrir sínum hag en ríkissjóðsins, og mun það ekkert nýtt um þingmenn. Þrátt fyrir þetta tel ég, að aðstaðan sé ekki breytt að því er sjálf undirstöðuatriðin snertir.

Hv. þm. Mýr. sagðist hafa það efst í huga að koma í veg fyrir, að ófriður héldist áfram í þessum efnum milli framleiðenda og neytenda mjólkurinnar, því að undir því ættu báðir aðilar sitt fjárhagslega gengi, að viðskiptin færu sem greiðast og bezt fram. Þetta er vitaskuld alveg rétt, enda mun það vera efst í huga framleiðenda og áreiðanlega mjög ofarlega í huga neytenda í Reykjavík, að núv. ófriði verði aflétt. — Það er auðséð, að hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. hefir verið það vel ljóst, að það var fullkomin þörf á þeim brtt., sem þeir fluttu í n. og við hv. þm. Ak. vorum samþykkir og gengum inn á. En hvað skeður svo? Þegar brtt. landbn. eru komnar til umr. hér í þd., þá ganga flm. frá þeim, fyrst hv. 2. þm. N.-M. og síðan hv. þm. Mýr., og lýsa sig samþykka hinni rökst. dagskrá frá hv. þm. Hafnf., sem ekki horfir til neinna bóta í þessu máli. Ég verð að segja það, að þessir menn, sem snúast þannig á móti sinni eigin sannfæringu í þessu máli, eru brjóstumkennanlegir. Þeir hafa orðið að beygja sig fyrir hinu pólitíska valdi síns flokks og hæstv. landbrh., sem ekki vill gera neina breyt. á mjólkursölulögunum. Ég skal ekki véfengja það, að þeir muni bera fullt traust til hæstv. landbrh. um, að honum muni takast að greiða úr deilunum. En það er nú fengin fullkomin reynsla fyrir því, að hæstv. ráðh. er ekki treystandi til að greiða úr þessu máli; það er öllum kunnugt, hvernig honum hefir gengið það hér í bænum undanfarna mánuði. Og hvað finnst þá þessum hv. þdm. vera leggjandi upp úr loforðum og fagurgala hæstv. ráðh.? Hvernig geta

þeir tekið slík loforð til greina? Það er full ástæða til að taka það til athugunar áður en umr. er lokið.

Ég hefi nú hlustað á allar ræður hæstv. landbrh. í þessu máli, og ekki fundið, að neitt væri hægt upp úr þeim að leggja. Hæstv. ráðh. hefir tvístigið sitt á hvað; hin góðu áform, sem hann talar um í öðru orðinu, tekur hann að miklu leyti aftur í hinu, þannig að ræðurnar eta sig upp. — Nú eru það einkum 4 atriði, sem fyrir liggja í brtt. landbn., og út frá þeim atriðum skal ég nú víkja nánar að málinu sjálfu.

Að því er snertir kröfuna um aukna sölu á ógerilsneyddri mjólk hér í bænum hefir hæstv. ráðh. lofað að athuga möguleikana fyrir því, að sú sala verði leyfð. En það hefir ekkert komið fram um það hjá honum, hvað hann muni gera, ef meiri hl. mjólkursölunefndar leggur á móti því. Það er því engin trygging fyrir, að neitt verði breytt til í þessu efni, eftir þeim svörum, sem hæstv. ráðh. hefir gefið. Ég efast ekki um, að hann vilji gjarnan gera það sjálfur, en hvort hann framkvæmir það gegn vilja mjólkursölun., er með öllu óvíst.

Þá kem ég að afstöðu hæstv. ráðh. gegn þeirri kröfu, að framleiðendur fái full yfirráð yfir mjólkursölunni. Hæstv. ráðh. gaf þá yfirlýsingu, að þegar fullt samkomulag væri orðið meðal framleiðenda um skipulag og stjórn mjólkursölunnar, þá væri hann fús til að leggja yfirráðin í þeirra hendur. En það eru sáralitlar líkur til þess, að samkomulag náist með öllum framleiðendum; það þarf ekki nema einn fulltrúa frá mjólkurbúunum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur til þess að koma í veg fyrir það. Hæstv. ráðh. hefir einnig lýst því yfir, að framleiðendur skyldu fá meiri hl. í mjólkursölun. og að hún eigi að hafa yfirstjórn á mjólkursölunni. Þetta bendir til þess, að hæstv. ráðh. ætlast til, að mjólkursölun. haldi þessum yfirráðum áfram, en ekki framleiðendafélög bænda.

Þá kem ég að 3. atriðinu í brtt. meiri hl., um að mjólkursölunefnd og mjólkurverðlagsnefnd verði sameinaðar, og jafnframt verði breytt til um skipun í þá einu nefnd. Um þetta atriði hefir hæstv. ráðh. engin loforð gefið. — Í fjórða lagi er í till. meiri hl. ætlazt til, að kýrnyt, sem verðjöfnunargjald miðast við, sé færð úr 3000 niður í 2500 lítra um árið; en það gildir 15 kr. lækkun á verðjöfnunargjaldinu fyrir hverja kú í bænum. Engin yfirlýsing hefir komið fram frá hæstv. ráðh. gagnvart þessu. N. vildi gera þessa tilraun til samkomulags gegn kröfum þeirra manna, er reka mjólkurframleiðslu hér í bænum, og sá hún sér ekki fært að fara lengra í því efni. Þó er þetta samkomulagstillaga. En verði dagskrártill. samþ., þá er vitanlega engra breyt. að vænta á því sviði. — Þá þótti mér það góð rúsína í síðustu ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann hélt því fram, að þeir, sem óska eftir breyt. á mjólkursölunni, muni vinna meira á í því efni, ef dagskrártill. verður samþ. heldur en brtt. meiri hl. landbn., af því að þær mundu sennilega verða felldar í Ed. Þessi ummæli hæstv. ráðh. sýna það og sanna betur en nokkuð annað, hversu mikið er hægt að leggja upp úr loforðum hans. Hann heldur því fram, að þó að till. meiri hl. landbn. verði samþ. í Nd., þá verði þær felldar með atkv. stjórnarliðsins í Ed. Og að fenginni þeirri niðurstöðu muni stj. ekki gera neitt til úrlausnar í þessu máli. M. ö. o., þá sér hæstv. ráðh. enga ástæðu til að efna sín fögru loforð, ef loforð skyldi kalla.

Ég get ekki stillt mig um að benda hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. á þessa rúsínu. Þessi ummæli hæstv. ráðh. ættu þeir að athuga, þegar þeir eru að hugsa um velferð mjólkurframleiðenda í nærsveitum Reykjavíkur, sem eiga allan hag sinn undir því, að vel takist um úrlausn þessa máls. Till. velta á atkvæði ráðh. sjálfs í efri deild, ef þær fara þangað, en hann telur meira virði fyrir þá sem endurbætur að samþ. dagskrá, sem ekkert segir, heldur en að samþ. þeirra eigin till. Slík heilindi eru nokkuð fágæt, en við fáum hér að sjá ýms skrítin dæmi um staðfestu og alvöru sumra hv. þm.

Það er undarlegt, þegar ekki er um stærra ágreiningsatriði að ræða, hvílíkt kapp er á það lagt að heimta, að engin breyt. verði gerð á þessum l., sem þegar hafa reynzt jafnilla og þessi mjólkurlög hafa reynzt. Ég verð að segja það, að hv. þdm. hafa enga tryggingu fyrir því, að breyt. komist á í þessu efni, nema þessi lagabreyt. verði samþ. áður en þingi verður frestað.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla að svara ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann taldi mig og hv. 2. þm. N.-M. brjóstumkennanlega fyrir það að hafa horfið að því ráði að taka á móti tilboði hæstv. landbrh. í þeim aðalatriðum, sem við höfum lagt til og farið fram á. Ég vil aðeins segja þessum hv. þm. það, að þegar um það er að ræða að fá annaðhvort ekkert eða mikið af því, sem ég fer fram á, þá er ég ekki sá þverhaus að segja: annaðhvort allt eða ekkert. Þegar yfirlýsing kom frá hæstv. ráðh. um það, að hann treysti sér til þess að framkvæma þetta á þeim grundvelli, sem þegar hefir verið lagður, þá tek ég heldur við því en eiga það á hættu að fá ekkert. Ég skal að vísu ekki ábyrgjast hv. þm., þó hann kunni að hafa lagt annað upp úr orðum hæstv. ráðh., en tímarnir verða að skera úr þessu.

Ég ætlaði líka að svara hv. 11. landsk., en ég sé, að hann er farinn burt úr hv. d., og mun ég því láta staðar numið að sinni.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég vil ekki láta ómótmælt þeim orðum hæstv. landbrh., að ég hafi farið rógsherferð á hendur samsölunni með því að spyrjast frekar fyrir um atriði, sem mjög ófullnægjandi upplýsingar voru fyrir hendi um. Ég veit vel, að hv. dm. var kunnugt um, hvað ég átti við. Hæstv. ráðh. var svo ógætinn að upplýsa það nú, að eðlilegur og réttmætur grundvöllur hefði hvílt undir fyrirspurn minni. Hann upplýsti það, að fyrir utan það fé, sem samsalan greiðir framleiðendum fyrir mjólk — og hann hrósaði sér af því, að það væri hærra en áður hefði verið —, þá hafi samsalan yfir fé að ráða, einnig frá framleiðendum, sem færi til þess að borga stofnkostnaðinn, sem væri 36300 kr. Það var því engin fjarstæða, þótt ég spyrði, hvort það fé, sem samsalan hefir með höndum umfram það, sem hún borg-

ar framleiðendunum, væri allt í sjóði og hvort ekki væri tekið af því fé til þess að bæta upp lítratöluna.

Hæstv. ráðh. upplýsti það með frásögn sinni um stofnkostnaðinn, að rétt var til getið hjá mér, að samsalan hefir mikið fé umfram það, sem hún þarf til þess að greiða framleiðendum á hverjum tíma. (**Forsrh.**: Ekki spillir það neitt fyrir samsölunni). Vissulega ekki. En ef það spillir fyrir bændum, þá má ekki gleyma því heldur. Ég hélt, að þeir hefðu nóg með sitt fé að gera, þótt þeir séu ekki að fleygja því í samsöluna til þess að greiða ýmislegt, sem mætti fresta að greiða, eða til þess að bæta upp fyrstu lítratöluna, af því að samsalan þarf ekki að skila af sér andvirði mjólkur, sem henni berst síðar, jafnóðum.

Hæstv. ráðh. svaraði ekki því atriði, sem ég spurði hann um í sambandi við þær upplýsingar, sem hann gaf. Hann sagði að vísu, að í sjóði væri mikið fé, sem framleiðendur ættu hjá samsölunni, en hinsvegar á hann eftir að svara hinu, sem ég spurði hann um, hvort samsalan væri reiðubúin til þess að borga áfram sama verð og nú fyrir mjólk, sem hún fær. Ég ætlast til þess, að hv. meiri hl. landbn. sjái til þess, að framkvæmdur verði vilji þessa meiri hl. í þeim till., sem hann hefir borið fram í hv. n. um það, að litið sé á fleira en það, sem hæstv. ráðh. þóknast að gera, sem sé, að líka verði lækkað verðjöfnunargjald hjá framleiðendum í Reykjavík úr 3000 niður í 2500 lítra. Ég hefi bent á það, að hægt væri að gera það með því t. d. að lækka hundraðstöluna, sem verðjöfnunargjaldið er nú reiknað með, 8%, sem raunverulega er reiknað með, því að í lögunum er gert ráð fyrir því, að ef það komi í ljós við rannsókn, að nauðsynlegt sé að hækka verðjöfnunargjaldið úr 5% upp í 8%, þá sé heimild til þess. Engin slík rannsókn hefir farið fram, en verðjöfnunargjaldið var þegar í öndverðu ákveðið 8%. Ég bendi á, að þessa lagfæringu má gera, ef hv. meiri hl. landbn. gengur eftir því, með því að lækka verðjöfnunargjaldið á þann hátt, sem bent var á.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að segja fáein orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Hann hélt því fram, að það væri einfalt mál að koma í framkvæmd sölu á ógerilsneyddri mjólk með því að fella úr reglugerðinni um mjólkursöluna kröfuna um það, að þeir, sem vildu fá ógerilsneydda mjólk frá samsölunni, þurfi að leggja fram læknisvottorð. Það er alveg rétt, að það er einfalt mál að nema þetta ákvæði burt úr reglugerðinni. En er það heimilt samkv. lögunum? Í. 7. gr. l. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Öll mjólk og rjómi, sem seldur er frá samsölunni samkv. þessum l., skal vera gerilsneyddur.“ — Svo er næsta málsgr. um það, að um framleiðslu og meðferð mjólkur skuli sett ákvæði með reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Þarna er að vísu ekki beinlínis tekið fram, að leyfð sé sala á ógerilsneyddri mjólk, en það er þó óhætt að leggja þá meiningu í þetta ákvæði, að eftir sérstakri reglugerð skuli heimilt að selja ógerilsneydda mjólk handa börnum og sjúklingum. En lögin leyfa ekki neina aðra sölu frá sölumiðstöðinni á slíkri mjólk, nema handa börnum og sjúklingum. Nú verður vitanlega að gera þá kröfu, að það sé tryggt, að slík mjólk sé ekki notuð handa öðrum, en það verður ekki séð, að það sé tryggt með öðru en læknisvottorði. Þess vegna verð ég að líta svo á, að óheimilt sé að fella úr reglugerðinni ákvæðið um læknisvottorð. Þannig hlýtur mjólkursölun. að hafa litið á þetta atriði. Þess vegna hefir hún sett þetta í reglugerðina, og hæstv. landbrh. virðist einnig hafa litið svo á, þar sem hann hefir staðfest þessa reglugerð. Ég geri ráð fyrir því, að þótt hann hafi staðfest reglugerðina, þá þurfi það ekki að stafa af því, að hann hafi talið það óhjákvæmilega nauðsyn þrátt fyrir orðalag l., en ég er viss um, að sérhver lögfræðingur annar en hæstv. ráðh. mundi kveða upp sama úrskurð um þetta atriði eins og ég hefi gert, fyrst lögin mæla svo fyrir, að einungis börn og sjúklingar skuli fá keypta ógerilsneydda mjólk, og þá þarf að liggja fyrir trygging fyrir því, að ekki fái aðrir að neyta slíkrar mjólkur. Þetta er því aðeins undantekningarákvæði frá því almenna ákvæði, að öll mjólk frá sölumiðstöðinni skuli vera gerilsneydd.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um mjólkurneyzluna, vil ég bæta við fáeinum orðum. Hann sagði, að ef það væri á rökum byggt, sem ég sagði um mjólkurneyzluna á dag, þá hlyti mjólkurverkfallið að hafa byrjað strax þegar mjólkursamsalan hóf starfsemi sína. Í sambandi við þetta skal ég vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að strax fyrsta dag samsölunnar var það viðurkennt af öllum, að svo mikið ólag hefði verið á framkvæmd mjólkursölunnar, að þess væri alls ekki að vænta, að eins mikils hefði verið neytt af mjólk á dag eins og eðlilegt og venjulegt er. Þetta var viðurkennt, ekki aðeins af sjálfstæðismönnum, heldur einnig af aðalmálgagni hæstv. ríkisstj. Það komst svo að orði, að á mjólkursölunni væri skammarlegt ólag. Og þetta ólag hlýtur að hafa haft þær afleiðingar, að salan minnkaði þegar í stað. Ef hún hefir ekki vaxið, þá er það bersýnilegt, að andúð sú, sem vaknaði gegn samsölunni þegar í upphafi, hefir haft sín áhrif, og þau áhrif hljóta að haldast enn þann dag í dag.

Hvort neyzlan hefir minnkað eftir að mjólkurverkfallið skall á, er ekki gott að segja um, en það er ekki ólíklegt, að fjöldi manna hafi minnkað sína mjólkurneyzlu, en svo mun hinsvegar töluverður hópur manna hafa aukið sína neyzlu, svo að það mun að líkindum hafa vegið nokkurn veginn hvað á móti öðru. En þó hygg ég, að tölur mjólkursamsölunnar sýni, að mjólkursalan hafi minnkað eftir 25. febrúar. Ennfremur er það kunnugt, að samsalan hefir ákveðið að fara í skaðabótamál út af undirróðri fyrir minnkaðri mjólkurneyzlu. Vitanlega hlýtur sú málshöfðun að byggjast á því, að mjólkurneyzlan hafi minnkað hér í bænum, því að annars gæti ekki verið um neinar skaðabætur að ræða. En hitt hefir verið trú manna, að mjólkurneyzlan í Rvík hafi verið meiri en sala á mjólk síðan samsalan hófst bendir til. Eftir þeirri uppgerð að dæma lítur út fyrir, að mjólkurneyzlan hafi verið ½

lítri á mann hvern dag, en það er minni mjólkurneyzla en talin hefir verið eðlileg, því að a. m. k. ⅔ lítra á mann daglega hefir verið talin sæmilega viðunandi mjólkurneyzla.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mikið, en þó vil ég svara hv. síðasta ræðumanni. Rök sín, sem hann reyndi að færa fram fyrir því, að mjólkurneyzlan hefði minnkað, byggði hann aðallega á því, að svo mikið ólag hefði verið á mjólkursölunni fyrstu dagana, að þótt mjólkurneyzlan sé svipuð nú og hún var þá, sanni það ekki, að sama neyzla sé nú og hafi verið áður en samsalan byrjaði. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þótt dálitið ólag væri á heimsendingu mjólkurinnar fyrstu dagana, þá var samt engin tregða á því að senda mjólkina út eða á eftirspurn eftir mjólk þessa daga, því að engin samtök voru um það, að menn keyptu ekki sína mjólk og fengju hana senda, jafnvel þótt hún kæmi seinna en áður. Um þetta hafa menn fengið skýrslu frá mjólkurbúunum, því að hvert bú um sig veit, hvað það hefir selt mikið, bæði Mjólkurfélag Reykjavíkur, búið í Borgarnesi, Ölfusbúið, Mjólkurbú Flóamanna og Korpúlfsstaðabúið, svo að það er bezt að reikna út, hve mikið hefir verið framleitt í Reykjavík. Þetta gerði mjólkurn. í viðurvist hr. Eyjólfs Jóhannssonar, og skal ég taka það fram, að hann gat ekki mótmælt þessum tölum, sem gefnar voru upp áður en þessi þræta reis upp. Það sýndi sig, að samkv. þessum tölum er mjólkurneyzlan sú sama og áður. Þetta er ekki hægt að hrekja með öðru móti en því, að gera ráð fyrir, að gefnar hafi verið upp falskar tölur. Skýrslan um þetta liggur fyrir og hefir verið birt.

Hvað hitt atriðið snertir, þá skal ég ekki vera langorður. Það stendur í l., að framleiða megi mjólk handa ungbörnum og sjúklingum, og að um það skuli sett ákvæði í reglugerð. En svo býr hv. 3. þm. Reykv. til setningu, sem eftir hans dómi á að standa í lögunum, sem sé, að framleiða megi þessa mjólk handa börnum og sjúklingum, og að ekki megi afhenda hana nema gegn læknisvottorði. En þetta stendur bara ekki í l., en það þyrfti að standa þar í augum hv. 3. þm. Reykv.

Það hefir oft komið fram í þessum umr., og síðast í hv. Ed., að það væri aðeins eintóm þröngsýni að vera að gera kröfu um læknisvottorð, þar sem nú væri engin þörf fyrir það, hvorki í l. né annarsstaðar, vegna þess að það væri vitanlegt, að selja mætti þessa mjólk ekki síður þeim, sem ekkert læknisvottorð hefðu, heldur en öðrum. Það má ennfremur benda á, að það hefir mikið verið vikið frá þessari reglugerð, vegna þess að þeir, sem framleiða mjólk í Reykjavík, mega selja ógerilsneydda mjólk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. N.-M. og þm. Hafnf. samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, JörB.
nei: SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

2. Barnavernd.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd (þmfrv., A. 54).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Eins og segir í grg. frv., þá miðar það að því að kveða nánar á um ýmislegt í starfi barnaverndarnefnda en gert er í núgildandi l. um þessi efni. Þegar l. voru sett, voru þau nýsmíði. Það hafði ekki verið til nein skipun á framkvæmd barnaverndarmála, að öðru leyti en því, sem sveitarstjórnir og fátækrastjórnir hafa með þau mál fjallað, þegar nauðsyn hefir krafizt. Af því starfi, sem unnið hefir verið á þessu sviði síðan, er það augljóst, að þetta er mjög merkilegt mál og að hér er mikið verkefni að vinna. Að vísu er það misjafnt eftir því, hvar er á landinu, og er starfið vitanlega mest hér í Reykjavík, þar sem mannfjöldinn er mestur saman kominn, og hér verða þau tilfelli flest, sem til kasta barnaverndarnefndanna koma.

Í hinum upprunalegu l. var ekki tryggilega gengið frá því, að nefndirnar hefðu góða aðstöðu til starfa. Þar sem mikið reynir á þær t. d., var ekki tiltekið um það, hvort starfið skyldi launað, en sumstaðar er þetta svo mikið starf, að ekki verður komizt hjá því að ákveða einhverja þóknun, enda mun sú hafa orðið raunin á hér í Reykjavík. Sömuleiðis var ekki heldur upprunalega áskilið neitt um það, að bæjarfélögum og sveitarfélögum skyldi skylt að sjá nefndunum fyrir einhverju starfsfé. En það er fengin reynsla fyrir því, að ekki er hægt að vinna þetta verk öðruvísi, og hefir því verið að því horfið að ætla barnaverndarnefndunum eitthvað úr að spila, til þess að þeim sé unnt að inna skyldustörf sín sómasamlega af hendi.

Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum breyt. á því, hvernig sjálfar nefndirnar séu skipaðar, og ekki heldur kjörtímabili þeirra. Það er í 5. gr. frv., sem ræðir um 6. gr. l., sem aðalbreytingarnar eru. Þar er hlutverk barnaverndarnefnda flokkað og skilgreint ýtarlegar heldur en í hinum gildandi l., og er það gert með tilliti til þess, að hér hefir barnaverndarnefnd orðið að láta mikið til sín taka, en hinsvegar staðið illa að vígi, af því að ógreinilega hefir verið kveðið á um starfssvið hennar, en hér í frv. er því skipt niður í fjóra flokka: Fræðslustarf, eftirlitsstarf, íhlutun um uppeldisáhrif og úrskurðarvald um afbrotamál barna. — Í gildandi l. er svo ákveðið, að barnaverndarnefndir geti, hvenær sem þær

vilja, tekið að sér að rannsaka mál barna og kveðið upp um það rökstuddan úrskurð. En þeim er ekki gert þetta að skyldu og geta því skotið því fram af sér. Í þessu frv. er aftur á móti gert ráð fyrir því, að afbrotamál barna — og þau eru því miður ekki svo fá — skuli undantekningarlaust leggja fyrir barnaverndarnefnd, og getur hún, ef meiri hl. n. óskar, rannsakað málið og kveðið upp um það rökstuddan úrskurð. Það er því eftir sem áður nefndunum í sjálfsvald sett, hvort þær taka að sér þessi mál eða ekki, en ég tel, að betur fari á því, að um þessi mál sé ekki úrskurðað, nema því aðeins, að barnaverndarnefnd hafi gefizt kostur á að kynna sér þau, og ef meiri hl. óskar, þá geti hún kveðið upp rökstuddan úrskurð um málin. En til þess að tryggja það betur en gert er í gildandi l., að sá úrskurður sé réttmætur, þá hefir mér þótt sjálfsagt að binda gildi úrskurðarins við það, að uppeldisfræðingur eða sálsýkisfræðingur væri með í ráðum. Þó mönnum kunni kannske að koma það undarlega fyrir sjónir, þá er það síður en svo út í loftið. Það er ekkert tíðara en að afbrotamaður sé rannsakaður af slíkum sérfræðingi til þess að dómendur og aðrir hafi vitnisburð hans og álit við að styðjast. Og þegar á að kveða upp úrskurð í afbrotamáli barns, eru sömu ástæður fyrir hendi. Það er oft ekki á færi nokkurs annars en sérfræðings að segja til um það, af hvaða rótum afbrot barns er runnið, en þá ráðstöfun, sem gerð er með barnið, þann dvalarstað, sem því er ætlaður, og það fólk, sem á að vera með því, verður að velja með tilliti til hins mjög mikilvæga dóms sérfræðingsins. Þar, sem barnaverndarnefndir hafa fullkomið dómsvald í afbrotamálum barna, eins og t. d. sumstaðar í Bandaríkjunum, eru uppeldis- og sálsýkisfræðingar alltaf til kvaddir til þess að vera með í ráðum og kveða upp slíka úrskurði. Þó er hér gerð sú takmörkun, að sé sakborningur ekki fullra 8 ára, þá sé barnaverndarnefndum ekki þörf á að hafa slíkan mann með í ráðum. Það liggur í því, að um afbrotamál barns innan þess aldurs er oft um gáleysisverk að ræða eða verk, sem barnið hefir verið teymt til að gera af eldri félögum, án þess að um nokkra spillta hvöt eða „abnormt" hugarfar sé að ræða. Einnig er sú takmörkun hér á, að barnið sé ekki fullra 12 ára. Það var ekkert um það í eldri l., hvað skuli gera að þessu loknu, er barnaverndarnefnd hefir kveðið upp úrskurð í máli barns. Ég hefi talið sjálfsagt, og munu margir mér sammála um það, að senda beri viðkomandi lögregluyfirvöldum afrit af þeim úrskurði, og sé hann þess eðlis, að lögreglustjóri geti ekki við unað, þá megi áfrýja honum til dómsmrh., en þó því aðeins, að hann sé ekki meðundirritaður af sérfræðingi.

Þá vildi ég aðeins minnast á 7. gr. frv. Barnaverndarnefndir bæði hér og annarsstaðar hafa stundum talið nauðsyn á að ráðstafa börnum burt af heimilunum, þegar þær hafa talið heimilisbrag og fjárhag foreldranna þannig, að ekki sé forsvaranlegt, að börnin séu hjá þeim, og stundum hefir það einnig verið gert eftir óskum foreldranna, sem ekki hafa talið sig geta haft barn eða börn undir höndum. Þá hefir börnunum verið komið á góð heimili, þar sem þeim líður vel og tekið hefir verið ástfóstri við þau. En svo koma foreldrarnir kannske litlu seinna og þykjast hafa jafnað allar snurður og vilja hafa sín börn. Þannig komast börnin á hrakninga, sem oft vilja ekki fara aftur til foreldranna og þeir ekki missa, sem tekið hafa. Í þessari gr. er því gert ráð fyrir, að undir vissum kringumstæðum verði kröfur foreldranna ekki teknar til greina. Og er það fyrst í því tilfelli, að barni hafi verið ráðstafað út af afbrotamáli, þannig að foreldraheimili þyki ekki góður dvalarstaður fyrir það framvegis, og ennfremur ef misfellur eru á heimilisbrag, þó barnið sé ekki sakborningur. Ég hygg, að þessu sé bezt farið þannig, en vitanlega verður í slíkum tilfellum að gæta allrar lipurðar og gætni.

Þá vildi ég ennfremur minnast á 8. gr. frv., sem fjallar um það, hvenær barnaverndarnefndir skuli skerast í mál barna og ástæður þeirra, og hvaða aðilar geta krafizt þess, að hún láti slík mál til sín taka. Ég hefi talið rétt, að það sé ekki bundið við meiri hl. n., heldur aðeins ef nefndarhluti, sem til þess er skipaður að hafa eftirlit með sliku, einstakur nm. eða ráðinn sérfræðilegur eftirlitsmaður n. álíta, að rétt sé að ráðstafa barni burt af heimilinu, og meiri hl. n. fellst ekki á það, þá sé slíkum aðila, sem ráðstöfunar æskir, heimilt að kveðja bæjar- eða héraðslækni til frekari athugunar á málinu, því oft munu slíkar ráðstafanir byggjast á heilsufarslegum ástæðum.

Öllum ráðstöfunum og úrskurðum barnaverndarnefndar er gert ráð fyrir, að skjóta megi til barnaverndarráðs, og er það í samræmi við eldri lög.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að barnaverndarnefnd geti krafizt aðstoðar lögregluvalds til þess að úrskurða mann af heimili. En mér hefir þótt rétt, að þegar hér sé um móður eða fyrirvinnu heimilis að ræða, þá skuli barninu ráðstafað burt, en ekki hlutaðeigandi mönnum, enda mun sú hafa verið venjan, þótt svona sé til tekið í lögunum.

Í 15. gr. frv. er atriði, sem mörgum kann að koma kynlega fyrir sjónir. En það er byggt á reynslu, og til þess getur komið, að nauðsynlegt sé að hafa slíkt ákvæði. Fyrri hluti gr. er 16. gr. l., en síðari málsgr. hljóðar svo: „Skylt er húsráðendum slíkra heimila eða hæla að leyfa barnaverndarnefnd eða umboðsmanni hennar að hlynna að barninu á hvern þann hátt, er nefndin telur sér fært og óskar, heimilinu að kostnaðarlausu." — Mér er um það kunnugt, að heimili, sem hafa börn í dvöl, hafa mælzt undan því, að barnaverndarnefnd hefði af þeim frekari afskipti og ekki talið sér kærkomið, þótt að þeim hafi verið hlynnt og skoðað það sem móðgun við heimilið. En það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að barnaverndarnefnd sé ekki heimilt að gera það fyrir börnin, sem heimilunum er að kostnaðarlausu.

Á skipun barnaverndarráðs er gert ráð fyrir nokkurri breyt., og er það ef til vill sú breyt., sem mest kann að verða deiluefni. Um leið og verksvið barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs er aukið, þá hafa menn litið svo til, að

óhjákvæmilegt væri, að einn maður í barnaverndarráði hefði læknismenntun, því mörg þau mál, sem koma til kasta barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs, eru þess eðlis, að það þarf lækni til að segja um þau álit sitt. Nú er sú skipun á, að kirkjan tilnefnir einn mann í barnaverndarráð. Ekki er það minn vilji að rýra hlut kirkjunnar, en ég held, að það sé á öðrum sviðum fremur en þessu, þar sem hennar vel metna og góða starf gæti komið að notum. Við þurfum lækni í barnaverndarráð, og ég hefi talið bezt, að hann væri tilnefndur eftir tillögum landlæknis. Presturinn í ráðinu gengur úr, en læknirinn kemur í staðinn; að öðru leyti er ráðið eins skipað, ef þetta yrði að lögum.

Í 22. gr. er gert ráð fyrir því, að umboð núv. barnaverndarráðs falli niður um leið og l. öðlast gildi, og skal það þá skipað samkv. l. þessum.

Með þessu frv. er leitazt við að gera þetta starf allt faglegra heldur en það hefir áður verið, með því að leita skuli faglegrar aðstoðar, þegar nauðsyn krefur.

Ég hefi ekki haft mikinn tíma til að undirbúa þetta mál og geri því ráð fyrir, að á þessu frv. séu ýmsir gallar, sem standa til bóta í þessari hv. d. og þeirri n., sem um það mun fjalla. Það er síður en svo, að ég taki því illa, þó menn gerist til að gagnrýna einstök atriði eða koma með bendingar, sem kynnu að vera til bóta.

Ég vildi mega vænta, að d. taki þessu merkilega máli vel og að n., sem ég hefi í hyggju að fela það til frekari rannsóknar, vildi gefa því greiða og góða meðferð, og er það allshn., sem ég vildi leyfa mér að vísa því til. Það mætti að vísu eins fara til menntmn., en ég held, að á hinu fari engu verr. (**Forseti**: Það á nú eiginlega heima í menntmn.).

Gísli Sveinsson: Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að taka neitt til máls, en vil aðeins leyfa mér að styðja till. hv. flm. um það, að vísa málinu til allshn., því það er alls ekki tilfellið, að það eigi heima í menntmn. Auk þess er svo mikið athugavert við þetta frv., að það er rétt, að allshn., þar sem hv. flm. á ekki sæti, taki þetta mál til rækilegrar meðferðar, að fengnum betri upplýsingum en hann hefir haft tíma til að afla sér. Mín till. er því eins og hv. flm., að frv. fari til allshn.; það hefir þörf á því og heyrir undir hana.

Bergur Jónsson: Án þess að ég kæri mig nokkuð um að draga þetta mál undir allshn., þar sem ég á sæti, vil ég aðeins taka það fram, að mig minnir ekki betur en að einmitt þessi mál hafi verið í allshn. áður.

Forseti (JörB): Þetta þarf nú ekki að verða deiluefni, en málið er engu að síður uppeldis- og menningarmál. En ég fyrir mitt leyti geri þetta ekki að kappsmáli.

Gísli Sveinsson: Þó nefnd séu börn og uppeldi í einhverju máli, þá þarf það ekki að heyra undir uppeldis- og menningarmál.

Forseti (JörB): Það þarf það vitanlega ekki, en þetta mál er það engu að síður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 20:1 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 54, n. 534).

Garðar Þorsteinsson: Með því að hv. 2. þm. Reykv., frsm. n., er ekki til staðar, skal ég geta þess, að frv. þetta var sent til ýmsra barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs, og höfðu allshn. aðeins borizt svör frá fáum nefndum til baka. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að það sé bæði eðlilegt og réttmætt, að þessum lögum um barnavernd sé að einhverju leyti breytt. En n. var sammála um, að ef það ætti að gerast, þá stæði hún ekki vel að vígi, þar sem upplýsingar og umsagnir frá ýmsum barnaverndarnefndum væru enn ókomnar. Allshn. varð því sammála um að afgr. þetta frv. með rökst. dagskrá og fela ríkisstj. að afla þeirra upplýsinga um málið, sem n. var ekki búin að fá, og undirbúa afgreiðslu þess.

Sigurður Einarsson: Þar sem till. hefir komið frá hv. allshn. um að afgr. þetta frv. með rökst. dagskrá, get ég ekki látið hjá líða að víkja að því nokkrum orðum. Ég get út af fyrir sig sætt mig allvel við það, að frv. sé vísað til stj. með þeim rökstuðningi, að ætlazt er til, að tekið verði á málinu. Og það, sem gerir það að verkum, að ég get nú sætt mig við þetta, er það, að nú liggur fyrir þessu þingi frv. um fátækraframfærslu, sem taka verður tillit til og snertir þetta barnaverndarfrv. En það frv. var samið áður en fátækralagafrv. kom fram. Tel ég heppilegra, að Alþingi afgr. fátækralagafrv. á undan hinu.

Hinsvegar vil ég benda á, að það er hin mesta þörf á að endurskoða barnaverndarlögin. Ég er kominn að þeirri niðurstöðu, að þau komi að sáralitlu gagni eins og þau nú eru framkvæmd. M. a. skal ég geta þess, að það er ekki séð fyrir neinum tekjum til framkvæmda þeim málum, sem barnaverndarráðin hafa með höndum, og hafa þau sífellt átt undir högg að sækja með það, enda þótt þau þurfi nauðsynlega á talsverðu fé að halda. Síðan ég kom í fjvn. hefir ekki verið tekið greiðlega í það af n. að veita fé í fjárl. í þessu augnamiði. M. ö. o. hafa engin föst fjárframlög verið áætluð til þessara hluta. Og vitanlega bitnar það svo á börnunum, sem barnaverndarlögin eiga að koma að haldi. — En þar sem fyrir liggur endurskoðun á framfærslulögunum og taka verður tillit til þeirra á ýmsan hátt, þá get ég fallizt á, að þessu frv. verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 534, frá allshn., samþ. með 21 shlj. atkv.

---

3. Útflutningsgjald.

Á 59. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (þmfrv., A. 430).

Á 61. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen) [óyfirl.]: Það hefir smátt og smátt færzt í þá átt hjá okkur sjómönnum og útgerðarmönnum, að hagnýta meira og meira af þeim fiskafla, sem komið hefir um borð, þ. á. m. voru um skeið verkaðir hausar og hryggir, sem áður fóru forgörðum, einkum eftir að útgerðin stækkaði og niður lagðist að hagnýta hausana til manneldis. M. ö. o., hér var farið að hagnýta þann hluta aflans, sem um langt skeið hafði verið verðlaus, en nú er svo komið, að gefur töluvert verðmæti til útflutnings og miklar vonir um, að gefi allmiklar tekjur og gjaldeyri til landsmanna.

Á Akranesi, þar sem ég er kunnugastur, eru hausar og hryggir töluvert mikill liður af aflanum. En þessari tilraun manna til þess að hagnýta þessi efni hefir verið svarað svo af Alþ., að leggja á vöruna hærri skatt en á aðrar sjávarafurðir. Í stað 1½% útflutningsgjalds, sem er á sjávarafurðum yfirleitt, voru lögð 10% á þessa vöru. Síðan hækkar síðasta þing þetta úr 10 í 30%. Ástæðan fyrir því, að þetta varð ofan á, þó ýmsir mótmæltu, var sú, að í landinu er til vísir til iðnaðar, sem vinnur úr þessum efnum. En þó að það sé náttúrlega mikilsvert að fá slíkan iðnað rekinn í landinu vegna þeirrar vinnu, sem hann skapar, þurfa þær innlendu verksmiðjur að vera nokkurnveginn samkeppnisfærar við þá, sem kaupa vöruna óunna og flytja hana út. En nú hefir reynslan sýnt það, a. m. k. á þessu ári, að þrátt fyrir þessa tollhækkun hafa innlendu verksmiðjurnar ekki verið samkeppnisfærar við hina útlendu menn, sem hingað koma til að kaupa þessa vöru. Þrátt fyrir þennan 30 kr. verndartoll á smálest af þessari vöru, þá hafa ýmsir, sem seldu vöru þessa óunna til útlanda, borið úr býtum 10—20 kr. hærra verð fyrir smálest heldur en verksmiðjurnar hér við Faxaflóa treystu sér til að borga fyrir þessa vöru. Þar sem nú svo er komið, að hæstv. Alþ. hefir misst marks með þessari tilraun til að tryggja atvinnuveg í sambandi við þessar innlendu verksmiðjur, þá skilst mér, að sá grundvöllur sé gersamlega horfinn, sem þeir menn byggðu á, sem komu á þessum tolli sem verndartolli, þeir menn, sem vegna hagsmuna innlendu verksmiðjanna gerðust svo harðleiknir við útgerðina að leggja þessa háu tolla á þessar afurðir. Og þess vegna er það, að mínum dómi, blátt áfram ekki forsvaranlegt að leggja slíkar hömlur á menn og rýra á þennan hátt möguleika þeirra til að bera úr býtum sæmilegt verð fyrir sínar afurðir, eins og gert er með jafnháum tolli sem þessum. Útgerðarmenn verða að fórna miklu meira vegna þessara háu tolla heldur en nemur vöxtum af þeim höfuðstól, sem liggur í verksmiðjunum, og þeirri aukinni vinnu í landinu, sem skapast með því að unnið er úr beinunum hér. Af þessum ástæðum er það, að ég hefi hér í þessu frv., eftir mjög ákveðinni áskorun frá mönnum hér við Faxaflóa og víðar, borið fram till. um, að ekki sé gerður greinarmunur á tolli af þessari vörutegund og öðrum vörutegundum, sem sjávarútvegurinn framleiðir, þannig að sami tollur verði látinn ganga yfir þessa vöru og aðrar sjávarafurðir.

Ég vil vænta þess, að hæstv. Alþ. sjái sanngirni í því að gera hér ekki upp á milli og leiðrétti því nú á þessu þingi það ósamræmi og óréttlæti, sem það hefir hér framið gagnvart sjávarútveginum, með hækkun tolls á þessari sérstöku vörutegund.

Skal ég svo ekki fylgja þessu frv. úr hlaði með fleiri orðum, en vil aðeins óska, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

Jónas Guðmundsson: Mér þykir furðu gegna, að slíkt frv. sem þetta skuli koma fram hér á Alþ. Á síðasta þingi var gott samkomulag um að setja þennan iðnað, sem er að rísa upp hér í landinu, fiskimjölsiðnaðinn, á bekk með öðrum iðngreinum, sem áskilin voru þau fríðindi að veita þeim nokkra vernd. Um þau rök, sem hv. þm. Borgf. færir fram í grg. frv., er það að segja, að þar er gengið algerlega framhjá því, sem er meginatriðið í þessu máli, nfl. hvernig stendur á því, að menn fá ekki hærra verð fyrir þau hráefni, sem hér koma til greina, en raun hefir á orðið, ekki eins hátt verð og t. d. í fyrra. Það er sem sé ekki minnzt með einu orði í grg. frv. á þá gífurlegu verðlækkun, sem orðin er á þessum vörum á heimsmarkaðinum. Það ætti hv. þm. Borgf. að eiga mjög hægt með að ganga úr skugga um, að einmitt þessi vara, fiskimjöl, hefir stórkostlega fallið í verði frá því í fyrra. Í þessu liggur það fyrst og fremst, að verksmiðjurnar hafa ekki getað gefið eins hátt verð fyrir þessar afurðir nú og í fyrra. Samt sem áður virðist hafa verið unnið 700 tonnum meira af þessu mjöli í landinu nú en búið var á sama tíma í fyrra, og það þrátt fyrir það, að verðlíkin á miklum hluta landsins hefir á þessu ári verið margfalt lélegri en í fyrra. Það vita sem sé allir, að útgerðin hefir brugðizt á Austfjörðum og Norðurlandi á þessu ári og því ekki getað framleitt hráefni á borð við það, sem hún gerði áður. Samt hefir verið unnið 700 tonnum meira af fiskimjöli í landinu heldur en búið var á sama tíma í fyrra.

Ég vil ekki gerast meinsmaður þess, að frv. þetta komist til sjútvn. og verði athugað þar. Mér finnst rétt að sýna því þann sóma, fyrst það er komið inn á þing. En ég vil alvarlega undirstrika það, að það er mjög hættulegt, ef á næsta þingi eftir að þessum iðnaði hefir verið sýnd af Alþ. sú viðurkenning að reyna að halda honum innanlands, á svo að fara að rísa upp og breyta þessum ákvæðum, sem sett voru til verndar þessum iðnaði. Sérstaklega er það óviðkunnanlegt að hætta að reyna að vinna á móti því, að þessi hráefni fari óunnin út úr landinu, þegar

það er vitað, að verðlækkun á þessum hráefnum stafar eingöngu af verðfalli á fiskimjöli á heimsmarkaðinum. Hinsvegar vitum við ekki um það, hvaða verð Norðmenn setja á þetta hráefni framvegis.

Ég vil benda á það, að fyrir þetta hráefni, sem selt var út úr landinu og er rúml. 1000 tonn, hafa fengizt 120 þús. kr. Ef úr þessu hráefni hefði verið unnið mjöl í landinu, þá hefði fengizt fyrir það 230 þús. kr. sem mjöl. Svo að það, hvað þjóðin hefir skaðazt á að selja þetta hráefni út úr landinu óunnið, ætti út af fyrir sig að vera næg ástæða til þess að banna bókstaflega útflutning á þessu hráefni. Það er önnur leið til til þess að tryggja sannvirði fyrir hráefni þetta, og hún er að láta íslenzku verksmiðjurnar vinna úr því. Ríkisverksmiðjurnar hafa ekkert að gera mikinn hluta ársins. Þær hafa öll tæki til þess að vinna mjöl úr þessu hráefni. Hvers vegna á þá að láta þær standa tómar og fólkið vera atvinnulaust og láta þetta hráefni fara út úr landinu handa öðrum þjóðum til þess að skapa sér verðmæti úr því?

Það er ekkert launungarmál, hvað fæst fyrir fiskimjöl á erlendum markaði. Og það má alveg eins fá sannvirði þessa hráefnis á erlendum markaði með því að vinna úr því mjöl eins og með því að selja það óunnið út úr landinu. Það væri að mínu áliti langtum nær að banna útflutning á því heldur en að afnema tollhækkunina, sem á því var gerð í fyrra.

Flm. (Pétur Ottesen) [óyfirl.]: Því hefir verið skotið að mér, að vegna sérstakra kringumstæðna væri æskilegt, að þessum þingfundi lyki fljótt. Skal ég verða við tilmælum um að lengja ekki til muna umr. um þetta mál. Það verður vitanlega tækifæri til að fara inn á að ræða þær hliðar málsins, sem hv. 6. landsk. gerði að umtalsefni, við síðari umr. málsins. En í sambandi við það, sem hv. þm. talaði um, að í grg. frv. hefði verið gengið framhjá því að geta um það verðfall á fiskimjöli, sem orðið er á heimsmarkaðinum, vil ég aðeins benda á, að sú verðlækkun hefir þá eins hitt þá Norðmenn, sem keypt hafa þetta hráefni, eins og okkur Íslendinga. En þrátt fyrir það treystu Norðmenn sér til að borga svo miklu hærra verð fyrir það en íslenzku verksmiðjurnar. Hér kemur fram svo óeðlilega mikill verðmunur í tilboðum þeirra útlendu kaupmanna, sem keypt hafa þetta hráefni hér, og tilboðum íslenzku verksmiðjanna, að við það er alls ekki hlítandi að vernda þessa atvinnu, íslenzku fiskimjölsvinnsluna, með svo geigvænlegum tolli, sem lagður var á þennan hráefnaútflutning á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 608 og 609).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hefir athugað þetta frv. og leitaði m. a. umsagnar bæði Fiskifél. og eins íslenzkra fiskmjölsframleiðenda, en áður höfðu n. borizt ýtarlegar umsagnir frá ýmsum sjávarútvegsmönnum í grennd við Faxaflóa.

Ekki varð samkomulag um afgreiðslu málsins. Minni hl. n., hv. þm. Vestm. og hv. 3. landsk., vildi láta færa tollinn af skreið niður í 10 kr. á tonnið, eins og hann var áður en l. um þennan útflutningstoll var breytt á síðasta þingi. Enginn nm. lagði til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hinsvegar lítur meiri hl. n. svo á, að fyrir þessum l., sem voru sett á síðasta þingi, sé ekki enn fengin sú reynsla, að rétt sé að breyta þeim nú þegar. Það hefir ekkert komið enn í ljós, sem bendir til þess, að sú tollhækkun, sem gerð var á skreið á síðasta þingi, hafi sett beinaverðið óhæfilega niður í hlutfalli við fiskimjölsverð á erlendum markaði. En ef það kynni að sýna sig fyrir næstu vertíð, að verð á skreiðinni yrði of lágt, miðað við fiskimjölsverð á erlendum markaði, þá ætti að vera nógur tími á næsta þingi að breyta lögunum.

Umsagnir þær, sem n. bárust, voru ekki allar á einn veg, eins og gefur að skilja. Í fyrsta lagi kom áskorun frá útgerðarmönnum að færa útflutningsgjald af skreið niður í það, sem farið er fram á í frv. Í öðru lagi kom umsögn frá Fiskifél., sem fer í raun og veru í sömu átt, en þó segir í því áliti, að síðan íslenzkar fiskmjölsverksmiðjur hafi tekið til starfa hér á landi, hafi beinaverðið hækkað mikið. Ef þessar verksmiðjur yrðu að hætta vegna lækkunar á þessum tolli, þá gæti það orðið til þess, að verðið lækkaði að mun, sjávarútveginum til tjóns.

Ég álít þessa umsögn Fiskifél. mjög athyglisverða. Þar er bent á það höfuðatriði málsins, að beinaverðið fari fyrst verulega hækkandi, þegar íslenzkar fiskmjölsverksmiðjur voru settar upp. Það er aðeins vegna samkeppni þeirra við erlenda kaupendur, að beinaverðið hefir farið upp í það, sem það hefir verið á undanförnum árum.

Að því athuguðu, að mjög stutt reynsla er fengin fyrir l. þessum og meiri hl. sjútvn. telur, að ekki hafi komið fram sannanir um, að beinaverð hafi lækkað svo, að það sé ekki í réttu hlutfalli við fiskmjölsverð á erlendum markaði, ennfremur að því athuguðu, að litlar líkur eru til, að beinamjölsverksmiðjur hér á landi gætu staðizt samkeppnina, ef tollurinn yrði lækkaður eins og hér er farið fram á, þá leggur meiri hl. n., hv. þm. N.-Þ., hv. 6. þm. Reykv. og ég, til, að frv. verði afgr. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem borin er fram á þskj. 609.

Læt ég svo útrætt um þetta mál, en ég geri ráð fyrir, að hv. flm., sem hefir ekki fengið neina áheyrn hjá n., og eins minni hl. n., geri grein fyrir sinni skoðun í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Páll Þorbjörnsson): Hv. form. sjútvn. hefir nú gert grein fyrir því, hvernig þessu máli gekk í sjútvn., og er það alveg rétt, sem hann sagði, að nm. voru sammála um, að n. gæti ekki mælt með að frv. væri samþ. óbreytt. Hinsvegar gat ekki orðið samkomulag um brtt., og urðum við hv. þm. Vestm. í minni hl. Við höfum lagt til, að frv. verði

samþ. með þeirri breyt., að tollurinn verði færður niður í það, sem hann var áður en þessi óheillalög voru sett á síðasta þingi. Hv. form. sjútvn. gat um það áðan, að leitað hefði verið umsagnar ýmissa stofnana um þetta frv. Það var skrifað Fiskifél. og stjórn ísl. fiskmjölsframleiðenda. Það verður að líta svo á, að Fiskifél. sé fyrst og fremst sá aðili, sem ætti að gæta hagsmuna þeirra, sem láta þetta hráefni af hendi og greiða tollinn, en stjórn fiskmjölsframleiðenda fulltrúi þeirra, sem vilja hafa þennan háa verndartoll á vörunni, enda kom það í ljós, að Fiskifél. lagði til, að frv. væri samþ., en eigendur fiskmjölsverksmiðjanna lögðu til, að frv. yrði fellt. En meiri hl. sjútvn. tók meira tillit til málflutnings verksmiðjaeigendanna en þess málstaðar, sem Fiskifél. hélt fram.

Ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem virtist byggður á bréfi frá Fiskifél., þar sem því er haldið fram, að beinin hafi fyrst hækkað í verði þegar fiskmjölsverksmiðjurnar komust hér upp og fóru að keppa við Norðmennina um kaup á þessu hráefni. En þetta er misskilningur. Norðmenn höfðu fyrst menn í verstöðvunum til þess að safna þessum beinum saman og greiddu þá ekkert fyrir þau. En svo var fljótlega farið að greiða ½ eyri fyrir hvern þorskhaus, en eftir nokkurn tíma komst verðið upp í 1½ eyri. Síðan ísl. fiskmjölsverksmiðjurnar tóku til starfa hefir verðið komizt hæst upp í 1,7 aura fyrir hvern haus. Má því kannske segja, að það megi þakka ísl. verksmiðjunum, að verðið hafi hækkað um 0,2 aura pr. haus. Annars verð ég að segja það, að ég tel ekki rétt að taka eina iðngrein út úr og vernda hana með háum verndartolli, eins og nú er orðinn á þessum beinavörum, þar sem hann er orðinn um 30%. Þegar nú þess er gætt, að ýmislegur kostnaður leggst á beinin óunnin til viðbótar tollinum, þá virðist svo, að ísl. verksmiðjurnar ættu að geta keypt beinin hærra verði en Norðmenn, en það er bara síður en svo, að þær geri það.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég get verið þakklátur hv. minni hl. sjútvn. fyrir þá afgreiðslu, sem frv. hefir fengið hjá honum. Að vísu hefir hann ekki talið sig geta gengið að frv. óbreyttu, en það er þó stórbót í því, frá því sem nú er, að hann telur ekki rétt, að tekinn sé annar eða hærri tollur af þessum fiskafurðum en öðrum fiskafurðum, sem út eru fluttar. Hefir hv. minni hl. þó ekki séð sér annað fært en styðja hinar innlendu fiskmjölsverksmiðjur með verndartolli á þessa vöru, sem nemur 10 kr. pr. smálest.

Ég sýndi fram á það undir umr. um daginn, að aðstaða verksmiðjanna væri svo erfið, að þessi verndartollur dygði ekki til þess að þær gætu staðizt samkeppnina við Norðmenn, og út frá því varð sú niðurstaða hjá mér, að hverfa alveg af þessari verndartollsbraut. Ég þykist nú sjá forlög þess, að ekki verður hægt að fá þetta mál fært í það horf, sem ég teldi sanngjarnast, og að greiða verði 10 kr. í útflutningsgjald af smálest, eins og verið hefir undanfarið, og verð ég að sjálfsögðu að sætta mig við það, enda nokkur bót frá því, sem nú er. Til þess nú að sýna enn betur fram á, hvernig verksmiðjurnar hafa staðizt samkeppnina við Norðmenn um þessa vöru, þá hefi ég fengið reikninga frá mönnum, sem seldu fiskmjölsverksmiðjunum, og sömuleiðis frá mönnum, sem seldu Norðmönnum: Þar sýnir það sig, að verksmiðjurnar hafa keypt vöruna flokkaða í þrjá flokka. Fyrir 1. fl. hafa seljendur fengið 100 kr. pr. smálest, fyrir 2. fl. 90 kr. og fyrir 3. fl. 75 kr. Aftur á móti sýna reikningarnir, að Norðmenn hafa keypt hér sömu vöru alveg óflokkaða og gefið fyrir hana allt að 130 kr. pr. smálest. Til viðbótar hafa þeir svo orðið að borga 30 kr. í útflutningsgjald á hverja smálest. Hafa þeir því greitt 160 kr. fyrir hverja smálest á sama tíma sem fiskmjölsverksmiðjurnar borga aðeins 100 kr. fyrir fyrsta flokk.

Það er vitanlega rétt, að það er mjög mikilsvert fyrir okkur að geta í þessu efni sem öðru unnið úr hráefnum okkar sjálfir, en svo dýru verði má ekki kaupa það, að óþolandi verði fyrir eigendur hráefnanna.

Ef nú sú verður raunin á, sem allt virðist benda til, að fiskmjölsverksmiðjurnar þoli ekki samkeppnina um kaup þessara hráefna, þá er hreint og beint ekki til grundvöllur fyrir þessa iðngrein hér, og verksmiðjurnar verða að taka afleiðingunum af því, því að það er ekki hægt að krefjast þess, að framleiðendur þessarar vöru greiði svo mikla fórn til þess að halda verksmiðjunum uppi sem hér er um að ræða.

Það hefir komið fram undir umr. um þetta mál, að það væri harla undarlegt, að ísl. fiskimenn skuli selja hinum innlendu verksmiðjum afurðir sínar fyrir svona lágt verð, samanborið við það, sem hinir erlendu kaupendur greiða. Í þessu liggur þannig, að verksmiðjurnar sendu út menn til fiskimannanna og lögðu fölur á þessa vöru löngu áður en hinir erlendu kaupendur fóru að kaupa. Jafnframt munu þeir hafa boðið fram lán upp á væntanleg viðskipti. Þetta mun vera ástæðan fyrir því, að sjómenn seldu verksmiðjunum meira heldur en Norðmönnum, sem ekki byrjuðu að kaupa fyrr en beinin voru orðin þurr, en þá var komið fram á vor.

Að hægt sé að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta þings, eins og hv. meiri hl. hefir drepið á, er vitanlega hin mesta fjarstæða. Slíkt er bara mislukkuð tilraun, eins og dagskráin er vitanlega öll, til þess að koma máli þessu fyrir kattarnef, sem sýnir ljóslega, í hve miklum vandræðum hv. meiri hl. sjútvn. er með að vísa frá sér sjálfsagðri kröfu sem krafan um lækkun beinatollsins er.

Ég vænti þess nú fastlega, að hv. dm. geti fallizt á brtt. hv. minni hl. sjútvn., sem ég sé mér ekki annað fært en fallast á, eftir því sem málið stendur nú, og bæta þannig úr hinni hörðu útreið, sem sjávarútvegsmenn urðu fyrir á síðasta þingi með hinni ósanngjörnu hækkun beinatollsins.

Verzlunin með fiskbeinin er svo að kalla ný hjá okkur, en þó er hún þegar orðin mikill stuðningur fyrir útgerðina, sem m. a. má sjá á því, að á Akranesi hafa tekjur af henni numið 6000—7000 kr. á bát. Eigi nú að fara að skerða þetta, eins og slíkur verndartollur sem þessi hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér, þá

hlýtur það að koma sér mjög illa fyrir útveginn, og það ekki síst á tímum eins og nú standa yfir. Ég fyrir mitt leyti tel ekki ná nokkurri átt að ganga svo í berhögg við útveginn. Það verður því ekki aðeins að teljast siðferðisleg skylda Alþingis að verða við þessum réttmætu kröfum sjávarútvegsmannanna, heldur beinlínis óhjákvæmileg skylda, sem ekki er hægt undan að skorast. Enda mun það svo, að sjómenn telji svo að sér búið, að hér geti ekki verið um annað fyrir Alþingi að gera en rétta hluta þeirra í þessu efni.

Að sjálfsögðu hefði ég helzt kosið, að þetta umrædda útflutningsgjald hefði með öllu verið látið falla niður, eins og ég fer fram á í frv., en eins og ég þegar hefi tekið fram, mun ég sætta mig við, að það verði framvegis eins og það var áður en það var hækkað á þinginu í fyrra.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 28. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson: Það er aðeins örlítið, sem ég þarf að segja í sambandi við þetta mál. Mér þykir sennilegt, að það komi mörgum á óvart, að ég sé með því að viðhalda hinum háa tolli á fiskbeinum. Það er orðið mörgum kunnugt, að ég tel, að útflutningsgjald af ísl. afurðum eigi sér ekki neina stoð í skynsamlegu viti. Og þessi skoðun mín er alveg óbreytt. En ástæðan til þess, að ég hefi verið með í þeim meiri hl. sjútvn., sem borið hefir fram rökst. dagskrá í málinu, er sú, að þessi l. eru ákaflega ung, ekki ársgömul, og það er þræta um það, hvort það muni vera eigendur þessarar útflutningsvöru eða kaupendur hennar, sem borga þennan skatt. Og sú spurning er frá mínu sjónarmiði ekki ennþá leyst. Mín afstaða er sú, að ef eigendur þessarar vöru greiði í raun og veru þennan skatt, þ. e. a. s. ef tollurinn lækkar útflutningsvöruna um sömu upphæð og hann er ákveðinn, þá álít ég, að hann eigi alveg að hverfa. En ef tollurinn yrði lækkaður niður í 10 eða 15 kr. á smálest, þá yrði það kannske til þess, að hann sæti í því fari í fjöldamörg ár. Ég vildi þess vegna enga miðlun í málinu, heldur vildi ég afla mér sæmilegra upplýsinga, og ef þær færðu mér sannanir fyrir því, að þetta útflutningsgjald sé í raun og veru greitt af eigendum vörunnar, þá verður það auðvitað mín krafa, að tollurinn hverfi alveg, því þá á hann enga stoð.

Ég veit, að það kemur ekki til neinnar sölu á þessari vöru þangað til næsta þing kemur saman, og þess vegna er það öllum að skaðlausu, þó málinu sé slegið á frest. Og enda þótt það sé talsvert mikið notað að ófrægja menn fyrir afstöðu, sem þeir taka til mála, og að ég geti búizt við því, að ég sé ekki í hagstæðu ljósi í þessu máli, þá ætla ég samt að treysta á það, að ég muni hafa svo mikla tiltrú, að ég falli ekki á tortryggni manna. En mér þótti rétt, áður en málið kom til atkv., að gera grein fyrir afstöðu minni, og hún er þessi, sem ég hefi nú lýst.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég hefi furðað mig á því fyrst og fremst, að till. um að fella niður þennan toll skuli hafa komið fram hér, og í annan stað á því, hvað sá hluti sjútvn., sem er á móti því, að þær verði samþ., virðist linur í sókninni, og á þessu verð ég að fá skýringu áður en gengið er til atkv. Mér finnst málið liggja þannig fyrir, að það sé augljóst, að það sé bókstaflega ekkert vit í því að fella niður þennan toll, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið.

Hv. meðmælendur frv. eru ekki alveg sammála í sínum rökfærslum. Hv. 3. landsk. sagði, að það ættu sér stað einhver samtök milli eigenda íslenzku fiskmjölsverksmiðjanna og hinna norsku kaupenda beinanna um að kaupa beinin fyrir sama verð, og er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að í það horf færist. En hinsvegar sagði hv. þm. Borgf., að Norðmenn hefðu keypt beinin á 130 kr. tonnið á sama tíma og innlendu verksmiðjurnar keyptu þau fyrir 90 til 100 kr. og allt niður í 75 kr. Ef þetta er rétt, er augljóst, að norsku kaupendurnir þola vel þennan toll, og það er engin skynsamleg ástæða til að álíta, að þó tollurinn væri færður niður, þá færu þeir ótilneyddir að kaupa beinin ennþá hærra verði. Ef Norðmenn eru svo vel samkeppnisfærir að geta gefið allt að 130 kr. fyrir tonnið af beinunum, þá hljóta hinir að fá lítið af þeim, sem þurfa að kaupa þau á 75—100 kr. Hvers vegna skyldu þeir þá fara að hækka verðið enn meira, þó tollurinn væri felldur niður? Mér finnst bókstaflega málið liggja þannig fyrir, að það sé hreint ekkert vit í þeirri uppástungu, að fella gjaldið niður, þó ekki væri fyrir aðra sök en þá, að með því er slegið hendinni af tekjum í ríkissjóð; þó stórkostlegar séu þær að vísu ekki, þá er það það, sem það er, og ríkissjóði veitir víst ekki af sínu, skilst mér.

Ef ég fæ ekki skýrari rök fyrir nauðsyn þess að fella niður þennan toll, þá er augljóst, að ég verð, eftir því áliti, sem ég hefi getað myndað mér af umr. þeim, sem hér hafa farið fram, og öðrum upplýsingum, sem ég hefi fengið, að greiða hiklaust atkv. á móti frv.

Frsm. minni hl. (Páll Þorbjörnsson): Ég hefi litlu við að bæta það, sem ég sagði um þetta mál áður, þegar það var hér á dagskrá.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt, að Norðmenn hefðu samið við íslenzka fiskmjölsframleiðendur um sameiginlegt verð á beinum; vildi hann draga þá ályktun, að þetta stangaðist við það, sem hv. þm. Borgf. sagði um sama efni. Ég hélt fram í minni ræðu, að þegar búið var að leggja þennan mjög svo ósanngjarna verndartoll á beinin, þá hefðu Norðmenn farið að sjá sér hag í því að semja við íslenzku beinamjölsframleiðendurna um að ganga inn á samkomulag við þá um visst verð á beinunum. Ég skal ekki segja, hvort svo hefir verið gengið frá þessu á einstökum stöðum, að verðið hafi verið jafnt. En maður veit það, sem er aðalatriðið, að ísl. verksmiðjueigendurnir hafa ekki borgað hærra verð en Norðmenn, og sýnist þó svo, að þegar kominn er 30 kr. verndartollur á beinin, þá hefði þeim átt að vera í lófa lagið að útiloka Norðmenn frá því að kaupa hér nokkur bein, með því að borga þau hærra verði. En þeir gerðu

það ekki, enda er á allra vitorði, að það var samkomulag um það fyrir síðustu vertíð milli íslenzku og norsku beinakaupendanna að kaupa beinin sama verði.

Ég hygg, að ekki hafi komið hér fram í umr. áður eitt atriði, sem útvegsmenn hér hafa bent mér á, og það er það, að þegar beinin féllu svo mjög í verði eins og þau gerðu á síðasta ári, sem áreiðanlega má að miklu leyti rekja til hins háa útflutningsgjalds, þá datt nokkrum útgerðarmönnum, sem áttu bein, í hug að fara fram á það við eigendur fiskmjölsverksmiðjanna, að þeir möluðu beinin fyrir þá fyrir kostnaðarverð. Þeir segjast hafa búizt við, að þeir yrðu fúsir til þess, þar sem þeir hafa undanfarið verið að klifa á því, að verksmiðjurnar væru reknar með tapi. En það brá svo einkennilega við, að þeir voru ófáanlegir til þess að mala beinin fyrir kostnaðarverð, þ. e. a. s. gera eigendum beinanna reikning fyrir raunverulegum kostnaði við mölunina og tryggja þannig, að þeir sköðuðust ekki á rekstrinum. Ég hygg, að af þessu megi draga þá ályktun, að ekki sé allt sannleikanum samkvæmt, sem sagt hefir verið um hina mjög svo bágu afkomu þessarar iðju og þörf hennar fyrir þennan óheyrilega verndartoll, sem hvergi mun eiga sinn líka.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en get þó ekki látið hjá líða, áður en ég sezt niður, að mótmæla því, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., er hann vildi halda fram, að sín afstaða væri að fella niður gjaldið að öllu leyti. Þegar málið lá fyrir sjútvn. í því formi, að það átti ekkert útflutningsgjald að hafa af þessari vöru, en þannig kom það frá hv. þm. Borgf., man ég ekki til, að hv. 6. þm. Reykv. téði sig því samþykkan; hefir hann þó ekkert skirrzt við að skera sig út úr í n., og var því í lófa lagið að mæla með frv. óbreyttu.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. færði þetta mál eiginlega inn á nýja braut, fór að tala um, að þessi tollur, 30 kr. af hverri smálest af útfluttum beinum, gæfi drjúgar tekjur í ríkissjóð, og þar sem ríkissjóður væri tekjuþurfi, mætti ekki skera þá tekjuvon niður. Ég skal fyllilega viðurkenna, að þarna getur verið um talsverðan tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð, því ég ætla, að með því magni af beinum, sem skýrslur liggja fyrir um, þá geti tollurinn numið 250 þús. kr., ef hann er 30 kr. á smálest og ef öll beinin væru flutt út óunnin. En það er nú svo, þegar um er að ræða tekjuöflun í ríkissjóð, að málið hefir ætíð tvær hliðar, aðra, sem veit að ríkissjóði, og hina, sem veit að gjaldendunum. Og ég hélt, að hv. 3. þm. Reykv. hefði fullan skilning á því, að það eru takmörk fyrir, hvað hægt er að seilast langt niður í vasa gjaldendanna. Þegar farið er að ganga eins langt og hér, að taka ⅓ af verði vörunnar í ríkissjóð, þá ætti honum eins og öðrum að þykja of langt gengið. Þegar miðað er við það verð, sem innlendu verksmiðjurnar greiða, þá nemur þessi 30 kr. tollur allt að ⅓ af verði vörunnar. Þegar litið er á þær skoðanir, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir réttilega haldið fram í öðrum tilfellum, þegar átt hefir eins og hér að ganga of nærri einstaklingunum til þess að krefja skatta inn í ríkissjóð, þá finnst mér þær stangast svo hrottalega við afstöðu hans nú, að ég veit ekki, hvar hv. þm. hefir þau bein, að þola slíkan árekstur.

Ég upplýsti það í því, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, að það er nú svo komið hjá ýmsum vélbátum, sem afla um og yfir meðallag og geta sætt beztu sölu á beinum, að það, sem þeir fá fyrir beinin, er orðinn það mikill þáttur í framleiðslutekjum þeirra, að þeir hafa þar af talsverðan stuðning í útgerðinni. Þegar svo langt er gengið að heimta þriðjung af andvirði þessa hluta framleiðslunnar, sem er miklu lengra gengið heldur en Alþingi hefir nokkru sinni gengið og hægt er að ganga, þá er vitanlega mjög skertur sá stuðningur. Það getur jafnvel leitt til þess, að hætt verði að hirða þessa vöru og henni kastað, eins og áður var gert að miklu leyti. Þá missa ekki aðeins sjómenn og útgerðarmenn sitt verðmæti, heldur missir ríkissjóður líka þær tekjur, sem hann annars getur krækt þarna í, því eins og málið liggur nú fyrir n. og ég hefi gengið inn á, þá á að haldast áfram 10 kr. gjald af hverri smálest af útfluttum beinum.

Þetta er sú hliðin, sem að ríkissjóði snýr og þeim, sem beinin selja. En þá er hin hliðin, sem notuð hefir verið sem grundvöllur undir þessa lagasetningu, sem sé verndun þeirrar iðngreinar hér í landinu, sem hér á hlut að máli, fiskmjölsiðnaðarins. Ég sé ekki, að það sé fært að ganga lengra á móts við fiskmjölsverksmiðjurnar þeim til verndar, ef annars þykir rétt að gera nokkuð í því efni, heldur en að heimila þennan 10 kr. skatt á smálest. Ég held, að það sé nógu langt gengið til þess að jafna aðstöðumun þessa innlenda iðnaðar og hinna erlendu keppinauta, ef hann á annað borð hefir skilyrði til þess að gera þessa vöru verðmæta án þess að taka allt of mikið af hinu raunverulega verðmæti hennar til sín.

Hv. 3. þm. Reykv. þótti meiri hl. sjútvn. linur í sókninni í þessu máli. Hvers vegna eru þeir linir í sókninni, þessir fulltrúar sjávarútvegsmanna, þegar þeir vilja viðhalda því óskaplega ranglæti, sem ofan á varð að fremja hér á síðasta Alþingi, að taka allt að ⅓ af verðmæti einnar af framleiðsluvörum sjávarútvegsins sem toll í ríkissjóð? Ætli það hreyfi sér ekki sú hugsun hjá sumum þeirra, að þeir standi hér fyrir röngum málstað, sem þeim gangi illa að verja fyrir sínum umbjóðendum? Skýrasta sönnunin fyrir því voru einmitt þau rök, sem jafnrökfimur maður og hv. 6. þm. Reykv. bar hér fram fyrir sinni aðstöðu. Þau sýndu, hve ómöguleg er aðstaða meiri hl. sjútvn., sem ber skylda til að bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti og verja hann fyrir ágangi ríkisvaldsins, þegar það vill hrifsa til sín mikinn hluta af andvirði einnar framleiðsluvöru hans. Þessi vondi málstaður og vonda samvizka gerir það að verkum, að þeir, sem hv. 3. þm. Reykv. þykir linir í sókninni, vilja sem minnst tala um þetta mál, sem þeir treysta sér ekki til að verja fyrir sjómönnunum, sem þeir eiga að vinna fyrir. Þeir kinoka sér við að gerast mjög harðir málsvarar þessa

iðnrekstrar, sem ekki virðist eiga meiri tilverurétt en það, að hann getur ekki starfað á þeim grundvelli að gera sem mest verðmæti úr hráefninu fyrir framleiðendur þess, eða sambærilegt við það, sem þeir geta fengið fyrir það annarsstaðar. Það má e. t. v. skilja ummæli hv. 3. þm. Reykv. svo, að hann sé ekki eins viðkvæmur fyrir þörfum fátækra sjómanna og útvegsmanna, sem þessi skattálagning lendir á, og verði þess vegna skeleggari en meiri hl. sjútvn. í baráttunni.

Ég skal ekki að svo stöddu fara inn á það plagg, sem forstöðumaður fiskmjölsverksmiðjunnar hér í Reykjavík hefir lagt fyrir sjútvn., eða þá aðferð yfirleitt, sem forsvarsmenn verksmiðjanna hafa haft við sinn málflutning, þó ástæða hefði verið til þess. Getur verið, að ég geri það í blaðagrein, í tilefni af því, hvernig tekið hefir verið á móti þessu frv. um lækkun beinaskattsins í blaðaumræðum; ég á þar ýmsu ósvarað, og það er ýmislegt þess vert í málsvörn andstæðinga málsins, að það sé dregið fram í dagsljósið. Eins væri full ástæða til að athuga þau rök, sem forseti Fiskifél. flytur í bréfi til sjútvn. fyrir því, að þetta frv. eigi að samþ. Fiskifél. er, eins og menn vita, allsherjarfélagsskapur allra sjávarútvegsmanna í landinu, og út frá því sjónarmiði er þetta bréf skrifað með fullri sanngirni, líka gagnvart fiskmjölsverksmiðjunum. En ég ætla ekki heldur, nema frekara tilefni gefist til, að fara út í afstöðu þessa fulltrúa sjávarútvegsins í heild í þessu máli.

Jónas Guðmundsson: Mér finnst á þessum umr., sem hér hafa farið fram, sérstaklega á ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Borgf., að þar kenna ógurlegs misskilnings og ósamræmis við það, sem þessi hv. þm. hefir haldið hér fram á þingi áður. Hann vill nú láta gera hér tilraun til að ganga af einni efnilegustu iðngrein landsins dauðri, með því að neita henni um svipaðan stuðning eins og aðrar iðngreinar landsins njóta, og hans eiginn atvinnuvegur nýtur í ríkara mæli heldur en nokkur önnur atvinnugrein. Þessi hv. þm. hefir ekkert á móti því, þó kaupstaðarbúar séu skattlagðir með mjólkurlögum og kjötlögum o. fl. til stuðnings landbúnaðinum, og hann hefir ekki haft á móti því, þó varið væri stórfé úr ríkissjóði honum til styrktar. En þeim unga atvinnuvegi, sem sýnist geta orðið þjóðinni til mikilla hagsbóta í framtíðinni, fiskiðnaðinum, vill hann vega að með því að svipta hann þeirri ívilnun, sem honum var veitt á síðasta þingi, til þess að gera honum mögulegt að blómgast í landinu, þrátt fyrir ógurlega harða baráttu við norska keppinauta.

Það hefir legið fyrir sjútvn. skýr og greinileg skýrsla frá stjórn félags fiskmjölsframleiðenda í landinu. Í þeirri skýrslu votta flestar verksmiðjurnar, að ef þær geti ekki fengið að njóta neinnar ívilnunar af hálfu þess opinbera í framtíðinni, þá sjái þær sér ekki fært annað en stöðva rekstur sinn. Og þetta er rétt. Það hefir ýmsu verið blandað inn í þessar umr., sem ég vil ekki minnast á. En ég vil biðja menn að athuga það, að ef ríkisvaldið neitar verksmiðjunum um þennan stuðning, sem sjálfsagt er að veita þeim, þá er allt útlit fyrir, að þær hætti að keppa við útlendinga um kaup á beinunum. Hvernig hugsar hv. þm. Borgf. sér ástandið þá, þegar Norðmenn eru orðnir einir um að bjóða í þessa framleiðslu? Er hann búinn að gleyma, hvernig fór árið 1932? Þá keyptu íslenzku verksmiðjurnar ekki bein og þau féllu niður í 60 kr. tonnið hæst. Norðmenn létu meira að segja umboðsmenn sína hér liggja með vöruna fram á árið 1933, svo mikil þröng var á markaðinum; sumir þeirra, sem voru félausir menn, urðu gjaldþrota af þessum sökum og hafa ekki verzlað með þessa vöru síðan. Svipað mundi verða uppi á teningnum aftur, ef gengið væri inn á þá braut að gera íslenzku verksmiðjunum ómögulegt að starfa.

Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja um útflutning á beinum og fiskmjöli, þá hefir verið flutt út nú 3428 tonn af fiskmjöli, en ekki nema 2646 tonn í fyrra á sama tíma. Þetta sýnir, að íslenzku verksmiðjurnar fá allmikið af beinaframleiðslunni, þrátt fyrir það háa verð, sem sagt er, að Norðmenn bjóði. Er það af því, að íslenzkir framleiðendur vilja ekki selja Norðmönnum? Nei, það er vitanlega af því, að þeir kaupa beinin ekkert hærra verði. Af beinum óunnum er aftur á móti flutt út 1242 tonn, og á því tapar þjóðin 113 þús. kr., samanborið við að vinna þau og flytja út mjölið. Ef hún hefði flutt þetta út sem mjöl, þá hefði fengizt fyrir það 113 þús. meira en að flytja það út sem hráefni. Og þetta er ágætt dæmi til skýringar þess, hvernig mönnum eins og hv. þm. Borgf. getur missýnzt, þegar gripur þá æsing út af slíkum málum eins og þetta frv. flytur.

Ég sé ekki, að það sé rétt að þreyta hv. d. á því að ræða þetta lengur, og sízt þar sem málið verður tekið fyrir aftur á morgun, og hv. þm. Borgf. er ekki enn búinn að ausa úr sér öllu, sem hann ætlar sér. En ég hefi hugsað mér, ef þessu á fram að ganga, að koma með till. um að svipta aðra atvinnuvegi líka þeim styrk, sem þeir eiga að fá. Vænti ég þá góðs stuðnings frá hv. þm. Borgf., sérstaklega hvað landbúnaðinn snertir.

Umr. frestað.

Á 86. og 87. fundi í Nd., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég kvaddi mér áður hljóðs í því skyni, að mér mætti auðnast að fá frekari upplýsingar hjá hv. flm. frv. eða hv. minni hl. sjútvn. — upplýsingar, sem gætu sannfært mig um, að eiginlega væri nokkurt vit í þeim kröfum, sem gerðar eru í frv. um afnám þessa útflutningsgjalds. Ég verð að játa, að ég er jafnnær eftir það, sem hv. flm. hefir látið frá sér heyra. Hv. þm. Borgf., flm. frv., talaði að vísu um það, að það ættu að vera takmörk fyrir því, hversu langt væri seilzt ofan í vasa gjaldendanna í þessu tilfelli, og get ég auðvitað

fallizt á það. En að minu áliti er það þó aðallega bundið við innlenda gjaldendur, íslenzka þegna. Hitt virðist mér skipta minna máli, þótt farið sé eftir föngum ofan í vasa erlendra gjaldenda, sem reyna að afla sér fjár hér á landi. Ég hélt því fram, og geri það enn, að afnám þessa vörugjalds væri í rauninni ekkert annað en eftirgjöf gjaldsins til þeirra útlendinga, sem kaupa þessar vörur. Innlendir framleiðendur mundu ekki fá neitt meira fyrir vörur sínar eftir en áður, og hv. flm. frv. og hv. minni hl. n. hafa í rauninni ekkert gert til þess að sýna fram á, að líklegt væri, að öðruvísi fari. Mér er sagt, að það sé aðallega um tvo kaupendur að þessari vöru að ræða erlendis. Nú tala hv. andmælendur þessa útflutningsgjalds um það, að þessir útlendu kaupendur hafi gert samtök við innlenda kaupendur um verðlag og kaup fyrir sama verð. Raunar segir hv. flm. frv., að útlendingar hafi keypt þessa vöru fyrir hærra verð, en mér skilst, að hv. minni hl. sjútvn. hafi ekki fengið nein gögn fyrir því, að svo sé. En hvort heldur sem er, þá er engin ástæða til að álíta, að afnám skattsins hefði það í för með sér, að útlendir kaupendur hættu að geta gert samkomulag við innlendu kaupendurna um verðið. Sú samkeppni, sem hér um ræðir, er aðallega á milli innlendra og útlendra kaupenda, og ef því er slegið föstu, að þeir muni gera samkomulag sín á milli um verð, þá er augljóst, að verði útflutningsgjald þessarar vöru afnumið, þá verður útkoman á þessu sú, að það er sama og þessum erlendu kaupendum sé gefið þetta gjald, að þeim séu gefnar þessar 20 krónur. Mér er óskiljanlegur sá hugsunargangur þeirra hv. þm., sem telja sjálfsagt að fella þetta gjald niður. Það er allt öðru máli að gegna með útflutningsgjald af öðrum almennum afurðum okkar, því að það er yfirleitt nokkurn veginn tryggur markaður fyrir þær erlendis, og þar kemst samkeppnin að, en því er ekki til að dreifa í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Hv. þm. Borgf. sagðist hafa hin og þessi plögg, sem styddu sinn málstað, og tilfærði hann í því sambandi umsögn forseta Fiskifél. Íslands. Ég minnist þess ekki, að þessi maður hafi hingað til verið mikið átrúnaðargoð hv. þm., en ég vil hinsvegar ekki lítið úr þessu gera, en meðan ekkert er látið uppi um, hvaða rök hann hafi fram að færa, þá get ég vitanlega ekki tekið þau til greina. (PO: Þau eru hér). Annars veit ég ekki betur en að hv. n. hafi fengið umsagnir úr fleiri áttum, og væri eðlilegt, að þær væru látnar fylgjast að, og færi vel á því, að hv. n. birti þetta með áliti sínu.

Ég leyfi mér að mótmæla því, að hér sé um hagsmunamál að ræða fyrir íslenzka framleiðendur yfirleitt. Hitt þykist ég hafa hugmynd um, að einstakir menn á meðal þessara framleiðenda, sem hér eiga hagsmuna að gæta, umboðsmenn erlendra kaupenda þessarar vörutegundar, fái drjúgan skilding í þóknun fyrir þessa umboðsmennsku sína, og er þá auðskilið, að þeir sjái eftir þeim tekjum, sem þeir hafa aflað sér með þessu móti. En þessu má ekki rugla saman við almenna hagsmuni manna í þessu efni, því að það verður að taka meira til greina innlenda hagsmuni, sem eru bundnir við það, að þetta efni, sem hér um ræðir, sé kyrrt í landinu, svo að þessi starfsemi, sem komið hefir verið á fót á þessu sviði, geti haldið áfram og mikið meira fáist þannig upp úr þessari vöru en við það að flytja hráefnin óunnin út úr landinu, og vil ég í því sambandi vísa til þess, sem hv. 6. landsk. sagði um þetta atriði, því að hann er manna kunnugastur þessum málum. Ég get fúslega játað, að ég er ekki vel kunnugur þessum málum, en ég hefi aðeins krafizt rökstuðnings þeirra manna, sem vilja fella niður þetta gjald, sem hér um ræðir, en sá rökstuðningur hefir ekki enn komið fram.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég býst varla við því að geta sannfært hv. 3. þm. Reykv. um réttmæti þess, að eigi sé svo freklega gengið til verks sem hér er gert í því að skattleggja fiskimenn hér á landi. Ég býst við, að það sé búið að undirbúa hans skoðun í þessu máli af þeim aðilum, sem hafa komið þessu máli inn á þá braut hér á þingi, sem gerir það að verkum, að allar velsæmisreglur í skattálagningu á framleiðendur landsins hafa verið brotnar, þar sem í þessu eina tilfelli hefir verið svo langt gengið, að skatturinn af þessari vöru nemur allt að því ⅓ af raunverulegu andvirði vörunnar. Og þótt þetta sé gert í þeim lofsverða tilgangi að styðja innlendan iðnað í þessari grein, sem sé vinnslu úr beinamjöli, þá eru samt takmörk fyrir því, hversu langt er hægt að ganga í því að skipta afla þeirra manna, sem hér um ræðir, og taka af honum svo og svo mikinn hluta og rétta hann að þeim mönnum, sem standa fyrir þessari innlendu starfsemi. Nú hefir verið gerð grein fyrir því hér áður, að því fer fjarri, að svo mikið fáist upp úr vinnslu þessara afurða í landinu sjálfu, að það nemi þeim mismun, sem reynsla þessa árs hefir sýnt, að sjómenn áttu kost á að fá upp úr þessum afurðum, ef þeir væru óbundnir af þessu ákvæði löggjafarinnar, sem sé ef ekki hefði verið lögverndað að taka svo og svo mikinn hluta inn í ríkissjóðinn af réttmætum afla þeirra, sem er svo varið til verndunar þessa iðnrekstrar í landinu. Ég get að sjálfsögðu tekið undir með þeim mönnum, sem vilja styðja innlendan iðnrekstur, en það eru þó takmörk fyrir því, hvað langt er hægt að ganga í því að færa á milli manna eignarheimild verðmætanna, og mér virðist vera gengið út fyrir þau takmörk í þessu tilfelli. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram í áframhaldi af því, sem fram kom hjá hv. 6. landsk., fyrsta höfundi þessarar tollalöggjafar, að þetta væri nauðsynleg og óhjákvæmileg ráðstöfun til þess að halda við þessum atvinnurekstri hér á landi, og með því að leggja niður þennan toll mundi þessi verksmiðjurekstur alveg leggjast niður. Hv. 6. landsk. hélt því fram, að við það minnkaði sú samkeppni, sem átt hefir sér stað um innkaup á þessum vörum, og ef ekki væri um slíka samkeppni að ræða innanlands, þá væri þar með öll samkeppni fallin niður um kaup á þessari vöru. Út frá þessum forsendum komst hv. 3. þm. Reykv. að þeirri niðurstöðu, að það væri sama

og að gefa útlendingum þennan mun, sem hér um ræðir, og til þess að bjarga landsmönnum frá þessum voða væri nauðsynlegt að leggja háan toll á þessar sérstöku afurðir sjávarútvegsmanna, sem nemur ⅓ af verðgildi þessara afurða. Nú hefir reynsla þessa árs greinilega sýnt, að það er samkeppni um þessa vöru milli hinna erlendu kaupenda, og nú er það yfirleitt svo, að verðlag á útflutningsvörum byggist á þeirri þörf, fyrst og fremst, sem er fyrir vörurnar á heimsmarkaðinum, og á þeirri samkeppni, sem á sér stað um kaup á þessum vörum. Að því er þessa vörutegund, sem hér um ræðir, snertir, er engin undantekning í þessu efni. Það er líka samkeppni um kaup á þessari vöru, og markaðurinn fyrir hana er töluvert rúmur erlendis, ekki síður en markaðurinn fyrir ýmsar aðrar afurðir okkar, og rýmri t. d., ef við miðum við sölumöguleikana fyrir saltkjötið okkar, sem við seljum aðallega til eins lands, og þó að kaupendur beinanna séu aðallega í sama landi, þá er markaðurinn fyrir þá vöru samt miklu rýmri og nær langt út fyrir Noreg. Þar sem markaðurinn fyrir þessa vöru er yfirleitt nokkuð rúmur, þá verðum við í þessu efni að byggja á þeirri frjálsu samkeppni, sem skapast við sölu slíkra vara, og þeirri tryggingu, sem sú frjálsa samkeppni veitir fyrir því, að við fáum eðlilegt verð fyrir vöruna. Það ber allt að sama brunni með það, að í þessu tilfelli gildir það sama og með aðrar vörur okkar. Sé það tilfinnanlegt — sem það náttúrlega er —, að útflytjendur þessa lands greiði 1½% af verði á öðrum sjávarafurðum, því skyldi það þá ekki vera tilfinnanlegt fyrir þá, sem þessa vöru eiga, að verða að borga um 30% af verði þessarar sérstöku vöru? Þetta er það, sem hér skilur á milli og óánægjan hefir risið út af, að hér í þessu tilfelli er seilzt með miklu tilfinnanlegri ágengni ofan í vasa sjómanna en nokkur dæmi eru til, bæði að því er snertir þá sjálfa og framleiðendur þessa lands. Það er þetta, sem farið er fram á, að verði leiðrétt með þessu frv., sem hér hefir verið flutt, og á þeim grundvelli er það, að minni hl. sjútvn. hefir lagt til, að haldið verði eftir a. m. k. 10 króna tolli á hverju tonni, sem yrði til verndar þessum innlenda iðnrekstri.

Hv. 6. landsk., beinaverksmiðjuforstjórinn í Neskaupstað, hélt því þá fram, að það væri sama sem að leggja þessar verksmiðjur gersamlega niður, ef ekki fengist svo hár tollur á þennan útflutning til þess að vernda þennan innlenda iðnað. Mér þykir ástæða til að benda á það, hversu lítil takmörk eru á hóflausum kröfum þessa hv. þm. um aukin hlunnindi fyrir beinaverksmiðjurnar, með því að minna á það, að það var síður en svo, að hann vildi gera sig ánægðan með þessi 30% sem toll á hverja smálest, því hans till. á þinginu var hvorki meira né minna en 40 kr. á smálest. Og þetta lagði hann til eftir að Alþingi var búið að veita þá ívilnun að lækka útflutningsgjaldið af fiskmjöli úr 10 kr. á smálest niður í 1½% af verði, og mun sú ívilnun hafa numið um 7 kr. á smálest. Þá fer hv. 6. landsk. fram á, að lagður verði á hverja smálest af útfluttum beinum 40 kr. tollur til frekari verndar fyrir verksmiðjurnar. Ég held yfirleitt, að mjög erfitt sé að ofbjóða velsæmistilfinningu Alþingis gagnvart þeim mönnum, sem á miðunum eru að skapa verðmæti þjóðarinnar til öflunar gjaldeyris fyrir lífsnauðsynjar o. fl. Ég held það sé ákaflega erfitt að misbjóða velsæmi Alþingis, ef það er ekki gert með svo hóflausri kröfu sem þessari frá hv. 6. landsk., beinaverksmiðjuforstjóranum á Norðfirði. Og með slíkum skatti, ef hann verður samþ., er beinlínis framið eignarnám.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að hér væri ekki gengið á rétt framleiðendanna. Hann hélt, að óánægjan með hann stafaði eingöngu frá þeim sárfáu milliliðum, sem keypt hafa þessa vöru fyrir útlenda kaupendur. Það mætti merkilegt heita, ef þessir milliliðir, sem ekki eru nema þrír talsins, ættu svo mikið undir sér, að þeir gætu fengið alla þá sjómenn víðsvegar um land, sem hirða þessa vöru, til þess að taka þátt í þeirri óánægjuöldu, sem risin er hér á landi út af þessum tolli. Það þýðir ekkert fyrir hv. 3. þm. Reykv. að ætla þannig að leiða umr. frá kjarna málsins. Slíkt er ekkert annað en vindhögg, sem hann reynir að bjarga sér á, af því hann getur engin rök fundið fyrir þessari ósanngjörnu kröfu. Nei, frá þeim sjálfum, sem hirða þessi verðmæti, er krafan komin um að færa þetta í skynsamlegra og réttlátara horf. Sú krafa er komin frá öllum framleiðendum hér við Faxaflóa, í Vestmannaeyjum og víðar, þar sem menn hafa hagsmuna að gæta gagnvart þessum ósanngjarna tolli.

Ég sýndi fram á það síðast, þegar ég talaði, og færði fram vottorð, sem ég hefi í höndum frá manni, sem keypti fiskbein til útflutnings og borgaði 130 kr. á bryggju fyrir smálest í öllum flokkum og auk þess útflutningsgjald. Það liggja fyrir upplýsingar um tvo útlenda kaupendur, sem borguðu 105 kr. fyrir smálest á sama tíma og verðið innanlands var 95—100 kr. Þetta sýnir, að það er fullkomin samkeppni um þessa vöru, þar á meðal milli erlendra kaupenda. Það er því mjög eðlilegt, að þeir, sem framleiða þessa vöru, snúi sér til Alþingis með að fá létt af þessum ósanngjarna tolli. Það má undarlegt heita, ef hinir raunverulegu framleiðendur koma ekki til með að greiða tollinn, því ef hann væri ekki, þá mundu þessar 30 kr. á smálest renna beint til framleiðendanna, og það vita þeir bezt, sem að framleiðslunni vinna, að þá munar ekki lítið um að fá þá upphæð, sem nú rennur beint í ríkissjóðinn.

Hv. 6. landsk. minnti á það, að fyrir lægi umsögn allra forstjóra fiskmjölsverksmiðjanna á landinu, og lýsti því yfir, að ef tollurinn ekki yrði látinn haldast, þá mundu verksmiðjurnar ekki geta haldið áfram starfsemi sinni. Ég býst þess vegna við, að þess verði ekki langt að bíða, ef Alþingi veitir ekkert viðnám, að við sjáum enn framan í enn hærri kröfur frá hv. 6. landsk., forstjóranum frá Neskaupstað, um hækkun þessa tolls fram úr því, sem nú er, því honum þykir náttúrlega gott að koma að svo hlaupviðum dyrum hjá Alþingi sem raun hefir verið á. En jafnframt því, sem þeir lýsa yfir sínu ráðþroti, ef Alþingi leyfi þeim ekki að njóta þessara hlunninda, þá skorast þeir undan að birta

rekstrarreikninga verksmiðjanna til þess að sanna þessa fullyrðingu, en telja, að hún muni ein duga til þess að sanna fyrir Alþingi, að tollurinn sé réttmætur. Þessi neitun þeirra um að leggja fram reikningsleg gögn er ekki nema eðlileg afleiðing af því, hve lítið þeir þurftu fyrir því að hafa að fá síðasta þing til að veita atvinnurekstri sínum þennan stuðning. Þau rök, sem þeir færa fyrir því, að rétt sé að styðja þennan iðnað með svo gífurlegum skatti á framleiðendur, eru, að fyrir hverja smálest af útfluttu fiskmjöli fáist 250 kr. Nú er það vitað, að verksmiðjurnar kaupa beinin fyrir 100 kr. smálestina; mismunurinn er 150 kr., en engin skilgreining er fáanleg um það, hvert þeir peningar fara, hve mikið af þeim fer í vinnulaun og hve mikið rennur til eigenda verksmiðjanna sjálfra. Það væri þó náttúrlega mjög æskilegt að fá rökstuddar upplýsingar um þetta, sérstaklega þar sem svo til háttar, að þessi fyrirtæki eru að mestu leyti rekin fyrir erlent fé, sem eign erlendra manna. Út frá því, sem liggur fyrir, er ekkert hægt að áætla um það, hve mikið af þessum 150 kr. mundi fara til sjómannanna sjálfra, ef löggjafarvaldið hefði ekki unnið það óhappaverk að skerða eign þeirra, eins og ég hefi tekið fram og nemur ⅓ af verði vörunnar. Hv. 6. landsk. vitnaði töluvert í það, að aðrir iðnrekendur í landinu, sérstaklega þeir, sem ynnu úr landbúnaðarvörum, nytu mikils stuðnings frá hinu opinbera, og hann gekk svo langt að vitna til l. frá síðasta Alþingi um sölu landbúnaðarafurða, kjötsölulaganna og mjólkursölulaganna. Ég veit nú ekki betur en að það sé svo komið, að bændur borgi sjálfir kostnaðinn við framkvæmd þeirra laga, kostnað við þær nefndir, sem annast sölu varanna, svo mér er ekki kunnugt um, að bændur njóti neins styrks eða stuðnings frá því opinbera í því efni vegna þessarar löggjafar. Ég ætla, að hv. 6. landsk., forstjóranum úr Neskaupstað, veitist næsta örðugt að sýna fram á það, að nokkur iðnrekstur í landinu njóti svipaðs styrks og fiskmjölsverksmiðjurnar njóta af þeim gífurlega skatti, sem sjómenn eru skattlagðir með. Ég vil benda honum á, hvernig d. tók í það að veita færa-, neta- og öngultaumagerð í landinu stuðning. Það var farið fram á, að lagður væri 5% verðskattur á innfluttar vörur af þessum tegundum, en d. fannst ekki fært að leggja slíkan skatt á fátæka sjómenn. Þetta var fellt hér í d., ég held með atkv. þessa hv. þm. Þegar þetta er nú borið saman við þann stuðning, sem fiskmjölsverksmiðjunum er veittur með skattinum á beinin, sem nemur þriðjungi verðs, þá held ég öllum megi vera ljóst, að þvílíkt djúp er staðfest milli þessara tegunda iðnaðarins, að enginn samanburður er mögulegur. Það er sýnt, að hér er farið svo langt út fyrir öll takmörk, að algerlega er brotið í bága við allar þinglegar skyldur gagnvart þessum framleiðendum og lofsamlegri viðleitni þeirra til þess að skapa aukin verðmæti og gjaldeyri fyrir þjóðina. Það er sýnt, að þingið getur ekki staðið við annað en rétta aftur þeirra hlut með því að samþ. till. minni hl. sjútvn. um að færa tollinn niður í 10 kr. á smálest, og hafa fiskmjölsverksmiðjurnar þá unnið mikið á, ef þær þurfa ekki að greiða nema venjulegt útflutningsgjald af fiskmjölinu. Og verði það gjald fellt niður samkv. minni till., þá verða verksmiðjurnar algerlega skattfrjálsar, og það getur hv. 6. landsk. stutt með sínu atkv., ef hann vill. Hv. þm. sagði, að það væri ekki að sjá, að innlendu verksmiðjurnar stæðu öðrum að baki með að bjóða í og kaupa fiskbeinin, því þeim hefði á síðasta ári áskotnazt meira af þeirri vöru en öðrum, sem hana vilja kaupa. Ég drap á það áður, að þetta lægi í því, að verksmiðjurnar hefðu verið svo snemma í tíðinni með sín kaup og verið búnar að festa þau áður en hægt var að vita, hvert verða mundi hið raunverulega markaðsverð þegar varan yrði seld. Það lá mest í þessu, en það má hv. 6. landsk. vita, að ef framleiðendur væru ekki svo svínbeygðir af kúgun Alþingis, þá mundu þeir ekki láta verksmiðjurnar kúga sig eins aftur, heldur bíða hins venjulega sölutíma, þegar séð væri, hvert verða mundi samkeppnisverð vörunnar. Ég sé það hér í skjali frá fiskmjölsverksmiðjunum, að kvartað er ákaflega undan því, hve illa þær standi að vígi í samkeppni við norskar verksmiðjur, vegna hinna háu skatta til opinberra þarfa, sem verksmiðjurnar hér þurfi að greiða. Ég skal ekki vefengja, að eitthvað sé satt í þessu; það þekkja allir, að nú herðir hér mjög á öllum sköttum, en leiðin til þess að jafna þennan aðstöðumun milli erlendu og innlendu verksmiðjanna er ekki sú, að sækja mismuninn í vasa þeirra einna, sem framleiða vörurnar, heldur jafna því á heildina, því þess er ekki að vænta, að jafndugandi stétt og íslenzku fiskimennirnir láti til lengdar bjóða sér slíkt órétt-læti. Þess vegna má Alþingi vera það ljóst, að það eykur stórlega á gremju þeirra, ef það þverskallast og daufheyrist við réttlátum kröfum þessara manna.

Hv. 3. þm. Reykv., sem þykist víst vera búinn að inna af hendi Torfalögin fyrir Vestfirðinga hér, var að fara fram á það, að ég léti fram koma þau rök, sem forseti Fiskifél. hefir fram að bera gegn þessum tolli. Þessi hv. þm. er ekki hér staddur nú; hann er kannske einn af þeim, sem lokar sig inni á ráðstefnu í ráðherraherberginu og vilja ekki hlusta á, þegar verið er að bera fram kveinstafi fátækra sjómanna. Það var víst hv. 2. þm. Reykv. (HV), sem lokaði herberginu. Hann kemur nú í dyrnar. Hann er einn af þeim, sem ekki þarf að hlusta á slíkt, slíkur burgeis sem hann er. Já, hann staðfestir það með því að loka aftur! Annars var það nú 3. þm. Reykv. (JakM), sem ég var að lýsa eftir, — hann kemur þarna. Ég ætla þá að láta hann heyra, hvað forseti Fiskifél. hefir að segja um tollinn. Hv. 6. landsk., sem situr þarna fyrir Norðfjarðarverksmiðjuna sína, hefir gott af að heyra það líka, hvað yfirmaður sjómannanna segir. Hann segir hér í bréfi sínu, þar sem hann talar um þetta 30 kr. gjald á smálest, sem sett var á síðasta þingi, að því hafi verið komið fram „fyrir harðfylgi fiskmjölsverksmiðja þeirra, sem fyrir voru í landinu", og á hann þar vitanlega fyrst og fremst við hv. 6. landsk., sem varð til þess að flytja þetta harðræði gegn sjómönnum inn í þingið, þó hann

fengi ekki að fullu kröfum sínum framgengt. Svo segir hann ennfremur, að mál þetta hafi verið samþ. án þess það „væri nægilega athugað með tilliti til þess, hverjar afleiðingar tollhækkun þessi hefði fyrir afkomu smáútvegsins, en frá smáútgerðinni kemur mest af þeim fiskbeinum, sem fiskmjöl er unnið úr hér á landi, eða flutt eru út óunnin, því stærri veiðiskipin hafa ekki svo nokkru nemi talið borga sig að safna slíkum úrgangi til þess að flytja hann til lands og láta þurrka hann þar."

Þetta kemur þannig heim við það, sem ég hefi haldið hér fram og vitanlegt er, að það eru einungis smærri útvegsmennirnir, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli, og má því segja, að Alþingi ríður ekki á garðinn þar, sem hann er hæstur; þykist það líklega geta haft í fullu tré við þessa smærri útvegsmenn og ekki þurfa að vanda mjög aðgerðir sínar, þegar þessir smælingjar þjóðfélagsins eiga í hlut. Það væri rétt fyrir hv. 6. landsk., sem telur sig sérstaklega málsvara þeirra, sem bera lægra hlut í þjóðfélaginu, að athuga, hverja hann er hér að skattleggja til framdráttar sinni og öðrum fiskmjölsverksmiðjum í landinu, sem sumar munu vera starfræktar hér fyrir erlendan höfuðstól, þannig að ágóðinn, ef einhver er, rennur beina leið út úr landinu til þeirra, sem lagt hafa fram fé í þessi fyrirtæki.

Forseti Fiskifél. viðurkennir fyllilega, að ef hægt sé að reka fiskmjölsverksmiðjurnar án þess að þær þurfi að vera byrði á framleiðendunum, þá beri vitanlega að fagna komu þeirra og áframhaldandi rekstri í landinu. En hann bendir jafnframt á, að það megi ekki ganga svo langt í því að skerða verðmæti fiskbeinanna, að hætta sé á, að menn kippi að sér hendinni með að hirða þau; gerir hann yfirleitt ráð fyrir, að svo frekleg skattálagning, sem hér er um að ræða, geti haft slíkar afleiðingar. Hann segir m. a. um þetta:

„Það veitir mjög mikla atvinnu í landinu að þurrka og verka beinin, ásamt flutningi þeirra frá aðgerðarstöðunum og þar til þau eru komin í verksmiðjurnar eða í flutningaskip þau, sem flytja þau út óunnin. Lækki verð á beinum frá því, sem verið hefir, hvort heldur er af of háu útflutningsgjaldi — sem raunverulega lendir á framleiðanda —" (Hann er ekki í neinum vafa um það, forsetinn, hvar gjaldið lendir, að það lendir á framleiðendunum og engum öðrum.) „eða af því að samkeppnin um kaup á beinum minnkar, t. d. fyrir samtök innlendra verksmiðja," — það er að segja þegar búið er að hlaða svo undir þær, að þær geta útilokað samkeppni annarsstaðar að, en að því stefnir hv. 6. landsk., m. a. með því að fara svo freklega í kröfurnar eins og hann gerði með sínum 40 kr. skatti á smálest af útfluttum beinum, er hann bar fram till. um á síðasta þingi. — Þegar þannig er búið að útiloka samkeppnina segir Kristján Bergsson, forseti Fiskifélagsins, „gæti svo farið, að útgerðarmönnum þætti ekki borga sig að hirða beinin lengur, og töpuðust þá þau vinnulaun, sem verkun beinanna gefur í landinu, og auk þess sá hagnaður, sem útgerðin hefir haft af því, að hirða beinin og hún á engan hátt má við að missa eins og hag hennar er nú komið." Það er þessi bági hagur útgerðarinnar, sem forseti Fiskifél. vitanlega miðar við, þegar hann andmælir því, að Alþingi gangi svo freklega í að skattleggja þessa framleiðslugrein sjávarútvegsmanna. „Tollvernd þá, sem hér um ræðir, hefði eingöngu verið hægt að réttlæta, ef breyting þurru beinanna í fiskmjöl hefði veitt svo mikla atvinnu, að það hefði vegið upp á móti þessari fórn útgerðarinnar, en svo er ekki," segir forsetinn. „Mest vinnan liggur í þurrkun beinanna og flutningi á þeim, og er sú vinna jöfn í landinu, hvort beinin eru flutt út unnin eða óunnin, en þessi vinna mundi auðvitað minnka, eða jafnvel hverfa, ef útgerðarmönnum þætti ekki borga sig að hirða beinin, eða ekki nema nokkurn hluta þeirra, enda mundu verksmiðjurnar ekki vera betur settar þá, því þá mundi þær skorta hráefni til þess að vinna úr." — Þess vegna er líka vert fyrir þá menn, sem freklegast berjast fyrir, að hlaðið sé undir verksmiðjurnar á kostnað framleiðenda, að athuga það að ganga ekki svo langt í kröfum sínum, að það gangi út yfir þá sjálfa.

Svo segir forseti Fiskifél. að lokum: „Þegar vér svo jafnframt tökum tillit til hins mikla fjölda manna hér á landi, sem atvinnu hefir af fiskveiðum á smærri skipum, og þá hlutabót, sem þeir fá af þessum hluta afla síns, og athugum jafnframt fjárhagsafkomu þeirra manna, þá er það augljóst, að ekki nær nokkurri átt að íþyngja þeim til framdráttar þeim fáu mönnum, sem við verksmiðjurnar vinna, eða eigendum verksmiðjanna."

Þetta eru þá niðurlagsorð forseta Fiskifél., jafnframt því að hann leggur til, að frv. þetta um niðurfelling beinaskattsins verði samþ. Það eru þannig ekki smáútvegsmennirnir einir, sem hv. 6. landsk. hefir á móti sér í þessu máli, heldur liggur hér fyrir skýrt og skorinort álit þess manns, sem sjávarútvegsmenn yfirleitt hafa valið til að veita forstöðu sínum allsherjarfélagsskap, og það kemur algerlega heim og saman við þær kröfur fiskimanna, sem felast í því frv., sem ég hefi flutt inn í þingið um þetta mál.

Það ætti svo í raun og veru ekki að vera þörf á að fara fleiri orðum um þetta mál, því ef menn vilja, eins og vænta verður í lengstu lög af öllum þorra hv. þm., líta eingöngu á þá sanngirni, sem felst í kröfu sjómanna um léttingu eða niðurfellingu þessa gífurlega skatts, sem er alveg sérstæður í íslenzkri löggjöf, þá ætti það við óhlutdræga athugun að nægja til þess að skattinum yrði gersamlega létt af, þó þeir, sem hlut eiga að máli, verði sennilega eftir atvikum að sætta sig við, að nokkur hluti hans haldist. Ég skal aðeins benda á það hér, að þegar athugað er, að það er ekki nema nokkur hluti útgerðarinnar, sem hér á hlut að máli, þá nemur þessi skattur allmiklu, miðað við framleiðsluna síðastl. ár. Hann nemur hvorki meira né minna en 246 þús. kr., eða nálega ¼ millj. Ég sé, að hv. þm. hristir höfuðið. Þetta er miðað við, að öll beinin væru flutt út óunnin og byggt á þeim skýrslum, sem verksmiðjurnar gefa sjálfar. En ef beinin væru öll unnin í landinu, þá næmi

skatturinn í rikissjóð ekki nema 25 þús. kr. með 1¾% útflutningsgjaldi af fiskmjölinu. Ég dreg þetta fram til þess að sýna aðstöðumuninn milli verksmiðjanna annarsvegar, sem ekki þurfa að greiða nema 1¾% gjald af framleiðslu sinni, og hinna fátæku sjómanna hinsvegar, sem verða að borga 30 kr. af smálest af hráefninu, sem út er flutt, eða allt að því ⅓ af verði þess. Það kann að vera rétt að styðja fiskmjölsiðnaðinn eitthvað, en að fara svona langt í því efni og sækja stuðninginn niður í vasa tiltölulega fárra einstaklinga í landinu, það er svo dæmafátt ranglæti, að Alþingi er eigi sæmandi.

Ég hefi þá orðið við þeim tilmælum hv. 3. þm. Reykv. að koma fram með þau rök, sem forseti Fiskifél. færir fram fyrir þeirri eindregnu skoðun sinni, að þetta frv. eigi að samþ. En því miður held ég, að þetta hafi farið framhjá hv. þm., og get ég þá lánað honum skjalið til athugunar, að hvað miklu gagni sem það kemur nú; það sýnir endanleg afstaða hv. þm. við afgreiðslu málsins, sem ég óska, að fari fram að viðhöfðu nafnakalli. En ég segi þetta af því, að ég mun nú vera búinn að útenda minn ræðutíma og hefi því miður ekki aðstöðu til að taka til máls aftur nema fyrir stutta aths. Vænti ég, að hv. minni hl. sjútvn. haldi uppi fullkominni vörn fyrir þá réttlátu kröfu fiskimanna, sem hér er um að ræða, og að hv. d. leiðrétti þau slysalegu mistök, að meiri hl. sjútvn. varð til þess að leggjast á móti þessu máli, með því að samþ. frv.

Jónas Guðmundsson: Hv. þm. Borgf. hefir nú haldið hér eina af þessum alkunnu ræðum sínum, til þess að reyna að verða til að bana þeim litla vísi til fiskmjölsiðnaðar, sem risið hefir upp í landinu. Ég hefði haft margt við þessa ræðu og aðrar, sem hér hafa verið haldnar, að athuga, en af því fáir eru í d. og þýðingarlítið að tala yfir auðum stólum, þá verð ég að láta mér nægja, þar sem ennþá eru þó skrifuð Alþingistíðindi, að færa fram nokkur mótmæli.

Ég gat um það um daginn, að 1932, áður en innlendu verksmiðjurnar fóru nokkuð að marki að keppa innbyrðis um hráefnið, þá hefði verðið verið mjög lágt. Sérstaklega var mikið verðfall 1931; Norðmenn treystu sér ekki að taka á móti vörunni, hún hrúgaðist upp í landinu, og tapið skall á umboðsmennina, sem margir urðu gjaldþrota. Það er því hægt að færa fullar sannanir fyrir því, og það mun vera eina atriðið í umsögn forseta Fiskifél., sem hv. þm. Borgf. ekki las hér upp, að innlendu verksmiðjurnar urðu til þess að hækka verðið á þessari vöru.

Ég hefi einnig bent á það áður, að þrátt fyrir þennan toll og hið háa verð, sem Norðmenn hafa boðið, að dómi hv. þm. Borgf., hafa íslenzku verksmiðjurnar fengið um eitt þús. tonnum meira af beinum í ár heldur en árið 1934, án þess þó kaup Norðmanna hafi minnkað. Þetta sýnir, að þrátt fyrir tollinn hefir hirðing beinanna mjög farið í vöxt, og eins hitt, að Íslendingar greiða orðið eins mikið fyrir þau, og sumstaðar meira heldur en Norðmenn hafa boðið. Það liggur hér líka fyrir vottorð frá einum erlenda aðalkaupandanum hér í því skjali, sem stjórn félags íslenzkra fiskmjölsframleiðenda hefir sent sjútvn. Þar lýsir hann yfir, að hann hafi keypt bein í Keflavík, Gerðum og á Akranesi fyrir 105 kr. tonnið, sem er nákvæmlega sama verð og íslenzku verksmiðjurnar keyptu fyrir lægst; sumar keyptu hærra verði. Vafalaust hafa Norðmenn einnig í einstökum tilfellum keypt hærra verði, en á aðalmarkaðsstöðunum var verðið alveg hið sama hjá innlendum og erlendum kaupendum. Það sýnir sig því glöggt, að greiðsla tollsins lendir á útlendum kaupendum, en ekki innlendum seljendum vörunnar.

Ég sýndi einnig fram á það um daginn, að 1242 tonn eru flutt út af óunnum beinum, og við það tapar þjóðin um 113 þús. kr. erlendum gjaldeyri samanborið við að vinna þau í landinu. Þetta kemur líka út af því, að því minna hráefni sem íslenzku verksmiðjurnar fá, því minna geta þær greitt út fyrir hvert tonn. Það er þannig fyrsta skilyrðið til þess, að íslenzku verksmiðjurnar geti verið samkeppnisfærar við þær útlendu, að þær fái mikið hráefni, og að því miðar þessi vernd, að halda hráefninu að innlendu verksmiðjunum og auka um leið samkeppnina milli þeirra innbyrðis, því hver verksmiðja verður að keppa að því að fá sem mest hráefni til þess að fá sem beztan hag af starfsemi sinni. Þess vegna kemur þetta ekki niður á þeim, sem hráefnið hagnýta.

Hv. þm. Borgf. sagði í fyrri ræðu sinni, að það væri rangt að vernda atvinnurekstur, sem ætti ekki tilverurétt. Ég get verið honum sammála um það. En er það þá svo, að innlendi fiskmjölsiðnaðurinn eigi ekki rétt á sér? Það er viðurkennt í bréfinu frá forseta Fiskifél., að innl. verksmiðjurnar hafi orðið til þess að hækka verðið á fiskúrganginum, og ég efast ekki um, að hv. þm. Borgf. taki það sem góð og gild rök, eins og annað frá forseta Fiskifél. Ennfremur er sannanlegt, að íslenzku verksmiðjurnar hafa haldið þessu verði uppi, og síðan þær fóru að starfa hefir hagnýting þessa hráefnis farið hraðvaxandi frá því, sem áður var; má því svo að orði kveða, að þær hafi skapað þessa atvinnugrein, sem framleiðir milljónar verðmæti úr þeim hlutum, sem áður var fleygt. Þetta segir svo hv. þm. Borgf., að sé atvinnuvegur, sem engan tilverurétt eigi. Og þegar hann á að stríða við stórkostlegt verðfall á miðju starfstímabili og harðvítuga samkeppni við erlend fyrirtæki, þá vill hv. þm. Borgf. ganga í lið með þeim, sem vilja þennan íslenzka iðnað feigan. Ég óska hv. þm. Borgf. og öðrum, sem hans mál styðja, til hamingju með það, þegar innlendu verksmiðjurnar verða að hætta og útlendingar verða aftur einir um að bjóða í beinin. Það segir í bréfi forseta Fiskifél., að ef verksmiðjurnar hefðu veitt svo mikla atvinnu, að það hefði vegið á móti fórn útgerðarmanna, þá hefði beinatollurinn e. t. v. verið réttlætanlegur. Þetta las hv. þm. Borgf. En þeir gleyma því, bæði hann og forseti Fiskifél., sem telja má eitt aðalatriðið í þessu máli, en það er sú hlið, sem að gjaldeyrismálunum snýr. Þeir gleyma því, að ef þau 8200 tonn af fiskúrgangi, sem nú er talið, að falli til í landinu, væru seld til Nor-

egs fyrir 135 kr. tonnið, næmi andvirðið 1107 þús. kr., en öll atvinnan við að flytja vöruna milli hafna hér og fiskmjölið til útlanda tapaðist. Væri hráefnið aftur á móti allt unnið í landinu, fengist úr því um 7000 tonn af fiskmjöli, sem gerði með 250 kr. verði á tonni, sem verður að telja meðalverð, 1750 þús. kr. Á þennan hátt fengist a. m. k. 643 þús. kr. meiri gjaldeyrir inn í landið heldur en ef allt hráefnið væri flutt út óunnið. En sú upphæð nægði t. d. til að greiða ⅔ af öllu því, sem greiða þarf til útlanda í vexti og afborganir af öllum ríkisskuldunum.

Það kemur fram í umr., að mönnum er ekki ljóst, hverjir borga þennan toll, sem í fyrra var hækkaður úr 10 kr. upp í 30 kr. Hv. þm. Borgf. svarar þessu fyrir sitt leyti þannig, að það geri eigendur hráefnisins, útgerðarmenn og sjómenn. Er þetta nú rétt hjá hv. þm.? Mjög víða á landinu kaupa verksmiðjurnar sjálfar eða einstakir menn hráefnið blautt. Þrátt fyrir verðhækkunina á erlenda markaðinum hefir verðið á hráefninu blautu ekki fallið. Sjómenn og útgerðarmenn hafa því hvergi, þar sem þeir selja hráefnið blautt, tapað einum einasta eyri. En þá eru hinir, sem þurrka hráefnið sjálfir, og svo þeir, sem kaupa hráefnið blautt til þess að þurrka það og selja það svo aftur þurrt. Eru það þeir, sem tapa á tollinum?

Hér á landi starfa a. m. k. 9 verksmiðjur, sem keppa um þetta hráefni, og að undanteknu því 160 kr. verði á tonn, sem hér hefir verið nefnt og er þá einhver sérstök undantekning, hefir hæsta verð á þessu hráefni verið í sumar 135 kr. á tonn. Mér er ekki kunnugt um, að verðið hafi nokkursstaðar orðið þar yfir, og er ég þó kunnugur þessu, þar sem ég er einn af þeim aðilum, sem um þessa vöru keppa, eins og hv. þm. Borgf. tók fram.

En eru það þá þeir, sem kaupa beinin blaut og þurrka þau, sem borga þennan toll?

Ef tollurinn væri enginn, þá nytu Norðmenn þess, að þeir eru lengra á veg komnir með sínar verksmiðjur, þeir borga lægri vinnulaun og minni álögur. Þar að auki eru okkar verksmiðjur nýjar, en norsku verksmiðjurnar eru orðnar gamlar og búnar að borga sig mikið niður og njóta því þeirra hlunninda í samkeppninni að starfa með miklu minna lánsfé heldur en þær íslenzku og þurfa því miklu minna að svara út af vöxtum og afborgunum. Íslenzku verksmiðjurnar bjóða svo það verð fyrir hráefnin, sem þær sjá sér fært, og erlendu kaupendurnir fara eftir því með tilboð sín, bjóða ef til vill 5—10 kr. hærra í tonnið, til þess að tryggja sér, að þeir fái vöruna. Sé tollurinn á hráefnunum, verða þeir líka að greiða þennan verðmun til eigendanna, en auk þess tollinn í ríkissjóð.

Það er þannig í öllum tilfellum hinn erlendi kaupandi, sem verður að greiða þennan toll. Það eru ekki sjómenn eða útgerðarmenn, sem njóta góðs af því, að þessi tollur sé felldur niður, það eru ekki heldur þeir, sem kaupa beinin blaut, þurrka þau og selja síðan verksmiðjunum. Þeir, sem njóta góðs af því, eru eingöngu hinir erlendu kaupendur, sem miða verð sitt við það, sem íslenzku verksmiðjurnar geta boðið. Það dettur engum í hug, að erlendir kaupendur fari að bjóða frá sér allt vit, þegar þeim er það fullkunnugt, hvað innlendu verksmiðjurnar geta boðið.

Og til hvers er svo þessi tollur settur? Hann er settur til þess að veita innlendu verksmiðjunum þá vernd og tryggingu, sem þurfa þykir til þess að vega á móti því, að Norðmenn eru búnir að fara lengur með þessi mál og lengra á veg komnir. Og þegar þetta hvorttveggja er athugað, að tollur þessi er settur til verndar innlendum atvinnurekstri og að hann kemur eingöngu niður á erlendum hagsmunum, þá þykir mér það hlutverk illt, sem hv. þm. Borgf. hefir valið sér, það hlutverk, að verja hagsmuni hinna útlendu keppinauta okkar. Ég hefði vel getað unnað honum annars betra.

Þá kom hann að verðfallinu á beinunum. Það er eins og enginn viti, að það hefir orðið gífurlegt verðfall á þeim. Í fyrra fengust 150 kr. fyrir tonnið, en nú er það í 105 kr. Þetta stafar af tollinum, segir hv. þm. Borgf. En það er alveg rangt. Það stafar af því verðfalli, sem orðið hefir á verksmiðjuafurðunum. Það vita allir, sem við útgerð hafa fengizt, að ríkisstj. var búin að selja til Þýzkalands fleiri þús. tonn af síldarmjöli fyrir 11 pund tonnið, en varð að færa verðið niður í 9 pund, þrátt fyrir það, þó búið væri að semja um verðið. Þetta stafar af því, að í Þýzkalandi er búið að setja einkarétt á innflutning, sölu og dreifingu vörunnar innan Þýzkalands, og sú stefna var ákveðin að færa alla sölu, bæði hjá Norðmönnum og Íslendingum, stórkostlega niður. Um það tvennt var að velja fyrir stj., að selja utan Þýzkalands eða lækka verðið, og hún tók hann kostinn að selja fyrir 9 pund. Ellefu pundin, sem um hafði verið samið, var ómögulegt að fá. Og verðfallið á fiskmjöli er miklu meira en á síldarmjöli. Í fyrra var bezta sala 330 ísl. krónur fyrir tonnið, en nú í ár aðeins 240 kr. tonnið við þær sölur, sem allajafna hafa farið fram. Lítið eitt hefir verið selt fyrir 250 kr. tonnið, og við beztu sölur fyrri hluta árs hefir verðið ef til vill komizt upp í 270 kr. á tonn. En fyrri hluta ársins var tiltölulega lítið selt, því þá gengu verksmiðjurnar út frá því, að verðið yrði líkt á þessu ári eins og það var í fyrra. En þetta verðfall stafar af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í Þýzkalandi og ég gat um áðan; og þetta verðfall er svo stórkostlegt, að það nemur 90 kr. á tonn. Af þessu verðfalli hefir helmingurinn komið niður á hráefnunum, en hinn helmingurinn hefir lent á verksmiðjunum sem tap hjá þeim, og þetta er ástæðan til þess, að þeir, sem selja beinin, fá minna fyrir þau nú en í fyrra.

Þessu getur hv. þm. Borgf. ekki móti mælt. Ég get ekki ímyndað mér, að hægt sé að finna rök, sem leggja megi fram móti þeim sönnunum, sem ég benti á, þar sem ég gat um síldarmjölssölu ríkisstj. til Þýzkalands. Það er svo augljóst af því dæmi, að það, sem veldur verðfallinu hér, er verðlagið, sem er á erlendum markaði, og ekkert annað.

Hv. þm. Borgf. sagði m. a., að ég, og við, sem að þessum verndartolli stæðum, vildum ofbjóða velsæmistilfinningu landsmanna. Þessu vil ég vísa til baka, með tilliti til þeirra raka, sem ég

hefi fært fyrir því, að það væri rangt af ríkisvaldinu að hjálpa ekki þessari iðngrein.

Eitt af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, sýndi mjög greinilega, hve ófróður hann er í þessum efnum. Hann sagði, að markaður fyrir fiskmjöl væri rúmur. (Ég skrifaði þetta niður eftir honum). Þetta er algerlega rangt. Það er langt frá því, að sá markaður sé rúmur. Hann er þvert á móti mjög þröngur og takmarkaður. Það er í raun og veru aðeins hægt að selja mjölið til Þýzkalands. Utan Þýzkalands þýðir ekki að ætla sér að fá hærra verð. Markaður í þeim löndum, sem sunnar eru í álfunni, má heita lokaður fyrir öðrum en Þjóðverjum. (Þeir kaupa vöruna að og flytja hana svo aftur út þangað). Til Sviss og Hollands eru stundum seld lítil „parti", en verð er þar yfirleitt lægra en í Þýzkalandi. En íslenzkt fiskmjöl þykir betra heldur en norskt, og því meiri von um sölu á því.

Hv. þm. Borgf. endurtók það víst þrisvar eða fjórum sinnum, að ég væri forstjóri beinaverksmiðjunnar á Norðfirði, og vildi víst láta líta svo út, að ég hefði hér eiginhagsmuna að gæta. Hann sagði, að það hefði verið fyrir harðfylgi mitt, að þessi tollur var settur í fyrra. Það var fyrsta þingið, sem ég sat, og ef það á að hafa verið fyrir harðfylgi mitt, að þessi tollur komst á á því þingi, þá verð ég að taka mér það til tekna sem hrós fyrir það, hve duglegur ég sé að vinna málum mínum framgang. En ég get því miður ekki tekið þetta mér til tekna; ég á ekki lofið skilið. Tollurinn var lagður á í fyrra vegna þess, að þingmenn töldu, að vegna örðugra ástæðna verksmiðjanna væri sanngjarnt og rétt að veita þeim þennan stuðning.

Hvað hinu viðvíkur, að ég hafi eitthvað minni rétt til að halda fram þessari skoðun vegna þess, að ég veiti þessari verksmiðju forstöðu, þá vil ég benda á, að mér finnst hv. þm. Borgf. geta talað um hagsmunamál bændanna, þó hann sjálfur sé bóndi, og þá finnst mér ekkert óeðlilegra, þó að ég tali fyrir hagsmunum þeirrar iðngreinar, sem ég og mínir hafa lífsuppeldi við. (PO: Mátti ég ekki nefna þetta?). Jú, það er algerlega reiðilaust af mér, en ég er að benda á ósamræmið, sem felst í þessari framkomu hv. þm. Ef hann vill, að ég láti þessi mál afskiptalaus, þá væri samræmi í því, að hann léti mál bændastéttarinnar afskiptalaus. (PO: Ég held, að þið gerið mikið út um mál bændanna).

Þá er eftir að víkja að þessu dæmalausa verði á beinunum, sem keypt voru á Akranesi fyrir 160 kr. tonnið. (PO: Fyrir 130 krónur). Að viðbættum tolli 160 kr. Nú er það upplýst, að verð á fiskmjöli í Þýzkalandi er 240 ísl. kr. tonnið, þangað komið. Ef nú á að kaupa beinin hér fyrir 130 kr. og bæta þar við tolli, 30 kr., og svo flutningsgjaldi til Noregs, 20 kr., þá eru komnar 180 kr. Þar við bætist svo flutningsgjald til Þýzkalands og afvigt og rýrnun 10%, og er tonnið þá komið upp í 216 kr. Eru þá eftir aðeins 24 kr. fyrir verksmiðjuna til að borga vinnulaun og standa undir opinberum gjöldum, vöxtum, afborgunum og öllum öðrum kostnaði. Það þarf enginn að halda, að þetta nái nokkurri átt. Ef þetta tilfelli hefir átt sér stað, þá hafa kaupin verið gerð af einhverjum alveg sérstökum ástæðum. Þau hafa verið gerð vegna þess, að einhver hefir verið búinn að gera samning um sölu á ákveðnu magni og hefir orðið að kaupa þetta til þess að geta staðið við þann sölusamning. Það þarf enginn að segja mér, að fyrir 24 kr. sé hægt að gera vöru úr einu tonni af beinum. Ef þessi kaup hafa átt sér stað (og ég er ekki að efa, að hv. þm. Borgf. segi eins og hann veit sannast, hvort sem því kynni að hafa verið skrökvað að honum), þá hefir það verið af alveg sérstökum ástæðum.

Hv. þm. sagði, að við hefðum aldrei lagt það á borðið, hvað yrði af þeim 150 kr. af tonni, sem verksmiðjurnar fengju. Verð á fiskmjöli er nú í dag 240 kr. tonnið, komið til Þýzkalands. Meðalverð ársins er nokkru hærra, en það stafar af því, að fyrri hluta ársins var salan nokkru hagstæðari.

Frá þessum 240 kr. dregst fyrst og fremst verðið á hráefninu, en það er 105 krónur tonnið, og verður þá afgangurinn 135 kr., en ekki 150 kr. Kostnaðurinn við að flytja hráefnið til verksmiðjanna er um 25 kr. á tonn; að vísu mun þessi kostnaður vera minni hér við Faxaflóa, en almennt er þetta ekki of hátt áætlað. Þá er flutningskostnaður á mjölinu til Þýzkalands 25 kr., — frá Reykjavík mun hann vera um 20 kr. á tonn, en frá flestum öðrum stöðum 25 kr. Hér eru þá komnar 50 kr. Þar við bætist svo a. m. k. 10% rýrnun. Ef beinin eru vel þurr, verður rýrnunin ekki yfir 10%, en á 2. flokks vöru er rýrnunin oft 15% og getur jafnvel komizt upp í 20%, og venjulega mun mega telja hana 10—15%. Vélaorku má reikna 10 kr. á tonn. Hér í Reykjavík er það rafmagn, en annarsstaðar kol, olía og koks og a. þ. k., og mun þetta ekki ofreiknað á 10 kr. Ég reikna þetta rúmt, en annars er hægt að fá þetta greinilega sundurliðað hjá verksmiðjunni hér í Reykjavík, því hún hefir góða bókfærslu, og gæti hún vel látið hv. þm. Borgf. í té fullkomna skýrslu um þetta. — Umbúðirnar kosta 10 kr. á tonn. Vinnulaun er ekki hægt að reikna minna en 25 kr. Því auk vinnunnar við sjálfa vinnsluna er mikil vinna við tilflutning á hráefni. Vátrygging og fleiri smáútgjöld eru lágt reiknuð 10 kr. Lóðagjald, útsvör og skattar eru líka lágt reiknað 10 kr. á tonn. Samtals verða þetta 125 kr. á tonn, og sé það lagt við verð hráefnisins, sem er 105 kr., þá eru það 230 kr., og eru þá eftir um 10 kr. á hvert tonn af fiskmjöli, en þá er líka eftir að taka tillit til vaxtagreiðslu, og verksmiðjurnar kosta eitt til tvö hundruð þús. kr. og mest af verði þeirra er lánsfé, því verksmiðjurnar eru svo ungar, að lítið er búið að borga af stofnkostnaðinum. Einnig er eftir að taka tillit til stjórnarkostnaðar, sem ekki er beinlínis tekinn með í vinnulaunum; líka er eftir að gera afskrift á vélum, en þær eru dýrar og skemmast oft, einkum ef hráefnið er ekki vel verkað og t. d. leynist í því járn eða annað, sem sérstaklega getur skemmt vélarnar. Það er líka eftir að taka tillit til óhappa, sem geta orðið við sölu á mjölinu, og upp í allt þetta á verksmiðjan að hafa 10 kr. á tonn.

Það má vel vera, að hv. þm. Borgf. telji þetta rangt reiknað, en ég skal þá leggja fram, ef þess

er óskað, sundurliðaðan reikning frá verksmiðjunni hér i Reykjavík. Frá minni verksmiðju get ég ekki lagt fram skýrslu um þetta fyrr en þá á næsta þingi, því ég þarf að komast heim til þess að ná í reikninga hennar. — Þetta læt ég svo nægja sem svar við því, að við höfum ekki lagt neitt á borðið, sem sýni það, hvað verður af þeim 150 kr., sem hv. þm. Borgf. sagði, að verksmiðjurnar fengju af andvirði þess fiskmjöls, sem þær seldu.

Eitt var það, sem hv. þm. Borgf. hafði eftir formanni Fiskifél. og mig furðar á, að hann skyldi láta frá sér fara. En hv. þm. Borgf. virðist tilbiðja form. Fiskifél. eins og skurðgoð og gleypa við öllu, sem hann segir, án þess að gagnrýna það nokkuð. Hann segir, að vinna við flutning beinanna verði eftir sem áður í landinu, þó að Norðmenn kaupi beinin. Sjá ekki allir, hver reginvitleysa þetta er? Ef Norðmenn kaupa beinin, þá flytja þeir þau sjálfir út á skipum, sem þeir senda hingað til þess að smala þeim saman á höfnunum. En ef ísl. verksmiðjurnar kaupa beinin, þá verða það ísl. skip, sem flytja þau, og ísl. menn, sem vinna að flutningnum, og vinnan við að koma þeim í mjöl verður framkvæmd af ísl. verkamönnum. Öll þessi vinna tapast út úr landinu, ef Norðmenn kaupa beinin, og ennfremur er það, að sé mjölið unnið hér í landinu, þá verður það líka flutt út á ísl. skipum, og þau munar um minna en 7 þús. tonn. Og svo vill hv. þm. halda því fram, að þetta bréf frá form. Fiskifél. sé einskonar páfabréf, sem allir eigi að fara eftir.

Mín skoðun er sú, að þetta frv. eigi ekki annað betra skilið en að farið sé eftir till. meiri hl. sjútvn. og frv. sé fellt nú við 2. umr.

Ég hefi haldið því fram, að rétt væri að banna útflutning á þeim hráefnum, sem við sjálfir getum unnið úr. Það er okkur til minnkunar að flytja þau hráefni út, á meðan við höfum mikið af atvinnulausu fólki í landinu og á meðan við erum í vandræðum með erlendan gjaldeyri til þess að kaupa fyrir nauðsynlegar vörur.

Ég hefi sýnt fram á, að það eru ekki sjómenn eða útgerðarmenn, sem borga þennan toll. Ég hefi sýnt fram á, að það eru ekki þeir, sem kaupa beinin blaut og þurrka þau, sem borga hann, heldur eru það eingöngu hinir erlendu kaupendur.

En ef það þætti tryggja hag þeirra, sem eiga hráefnin, þá væri hægt að láta ríkisverksmiðjurnar taka þau til vinnslu fyrir sannvirði. Ef eigendur teldu sér það betra en selja vöruna fyrir ákveðið verð, þá ætti sú leið að standa opin. En það er okkur til minnkunar að flytja út hráefni, sem við getum unnið úr hér í landinu.

Ég ætla ekki að þreyta hv. d. með lengri ræðu; ég hefi ekki leyfi til að taka aftur til máls, en vænti þess þó, að ef sérstaklega verður hallað réttu máli, þá leyfi hæstv. forseti mér að gera stutta aths.

Frsm. minni hl. (Páll Þorbjörnsson): Þeir hafa rembzt við það, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., að sannfæra hv. d. um, að það væru eingöngu norsku kaupendurnir, en ekki íslenzkir sjómenn, sem yrðu að bera þungann af þeim svívirðingartolli, sem lagður er á þessa vöru. Hv. 6. landsk. var með reikninga og rökstuðning í sambandi við þetta, og hjó ég sérstaklega eftir því, sem hann sagði um 90 kr. verðlækkun, sem orðið hefði á hverju tonni af fiskmjöli frá því í fyrra, og helminginn af þessu verðfalli sagði hann, að eigendur beinanna hefðu orðið að taka á sig, en hinar 45 krónurnar hefði orðið að taka af þeim ágóða, sem fiskmjölsverksmiðjurnar hefðu haft. Vegna þess barlóms, sem hér var í fyrra um hag og gengi þessara verksmiðja, þá þykir mér þetta góð játning, að hagnaður verksmiðjanna skuli á undanförnum árum hafa verið svo góður, að þær gátu tekið á sig 45 kr. halla á hvert tonn.

Ég hefi, síðan þetta mál var síðast til umr., lítillega reynt að fá upplýsingar um það, í hvaða hlutfalli stendur verð á beinum. Niðurstaðan hefir orðið sú, að verð á fiskmjöli hefir lækkað um 19,3% frá því í fyrra, en beinin á innlendum markaði um 30%. Ég vil því spyrja þessa forsvarsmenn fiskmjölsframleiðenda, þá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., hvernig standi á því, að bein á innlendum markaði eru felld um 30%, en mjölið ekki nema um 19,3%, ef það er ekki gert í skjóli þess, að hér hefir verið settur sá hæsti verndartollur, sem þekkist.

Hvað veldur þessu? Og hverjir ætli borgi þennan toll, aðrir en þeir, sem afhenda verksmiðjunum hráefnin? Ég vil, að hv. þdm. sé ljóst, að sá útreikningur, sem ég hefi gert á verðfallinu, hafi við rök að styðjast. Hefi ég stuðzt við heimildir frá Fiskifél. Íslands. 1934 hefir meðalverð á smálest af fiskmjölinu verið 310 kr. á þýzkum markaði, og nú er upplýst, að íslenzkar verksmiðjur, sem verzluðu við Þjóðverja, fengu 1935 250 kr. fyrir smálest. Einnig hefir hv. 6. landsk. upplýst, að 1934 hafi beinin verið keypt á bryggju í Keflavík fyrir 150 kr. tonnið, en í sumar á 105 kr. tn. Verðið á beinunum hefir því lækkað um 30% á sama tíma sem verð á mjölinu hefir ekki lækkað um nema 19,3%.

Ég hygg, að þetta sé nú nægilegt til að sanna, að rök þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. um, að þetta fé sé eingöngu tekið af Norðmönnum, en komi ekki niður á framleiðendunum sjálfum, eru ekkert annað en blekking.

Það var ýmislegt, sem kom fram í ræðu hv. 6. landsk., sem ástæða hefði verið til að fara út í, en ég má ekki vera að því, þar sem þetta er ekki nema aths.

Ég vil þó aðeins, áður en ég sezt niður, mótmæla þeirri staðhæfingu, að það mundi gefa 600 þús. kr. aukna valútu, ef beinin væru öll unnin í landinu. Það kann að vera, að þetta gæti staðizt, ef við gætum unnið kolin úr íslenzkri jörð. En ég hygg, að kolin hafi gleymzt og ýmislegt fleira, sem þarf að kaupa.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr.; þær eru nú þegar orðnar nokkuð langar. En mig undrar að heyra menn vera að deila um, hverjiir borgi tollinn, hvort það séu innlendir framleiðendur eða erlendir kaupendur. Vitanlega eru það framleiðendurnir, sem tollinn borga. Hv. 6. landsk. talaði um, að það

mætti sjá, að það væru kaupendurnir, sem borguðu tollinn, á því, að þeir greiddu 105 kr. fyrir tonnið hér á staðnum, eða sama verð og innlendu verksmiðjurnar greiddu. Þetta er vitanlega misskilningur. Verðið til framleiðenda er miðað við verðið á heimsmarkaðinum. Raunverulegt verð á heimsmarkaðinum er því hér 105 + 30 = 135 kr. Ég veit, að hv. 6. landsk. mun segja, að þó þessi tollur verði afnuminn, þá muni Norðmenn ekki greiða meira fyrir beinin til framleiðendanna en nú. Það má vel vera, að svo fari, en það er þá af því, að kaupendurnir taka sig saman um að greiða ekki heimsmarkaðsverð fyrir vöruna. Innlendir og erlendir kaupendur gefa þá ekki sannvirði fyrir vöruna. Ef íslenzkir fiskmjölsframleiðendur hafa ekki bolmagn til þess að kaupa með markaðsverði og gefa sama verð fyrir hráefnin og Norðmenn, þá er það vegna þess, að framleiðslan hjá þeim verður dýrari. Ef Norðmenn nota sér af því, eru það aðeins verzlunarhyggindi. En ef íslenzku verksmiðjurnar væru samkeppnisfærar, ætti verðið að vera 30 kr. hærra. Það leiðir af sjálfu sér. Ég geri auk þess ráð fyrir, að verðið á beinunum mundi hækka, ef tollurinn væri afnuminn. Norðmenn gætu með góðum hagnaði gefið ísl. framleiðendum hærra verð, ef þeir losnuðu við 30 kr. toll af hverju tn. Og ég tel ósannað nema 10 kr. tollur pr. tn. sé nægilegur til þess að tryggja ísl. framleiðsluna. En 30 kr. tollur er ekki annað en að halda verðinu 30 kr. undir sannvirði. Norðmenn mundu ekki borga 30 kr. hærra fyrir hvert tn. en Íslendingar, ef þeir hefðu ekki hagnað af því.

Einnig er það upplýst af hv. 6. landsk., að Norðmenn verði að greiða 50 kr. meira fyrir tn. Af því eru 20 kr. flutningsgjald og 30 kr. tollur. Ég vil í þessu sambandi minnast á útreikninga þessa hv. þm., án þess þó að geta nú hrakið tölulega einstaka liði. Einn liður hlýtur þó að vera rangur. Hv. 6. landsk. talaði um, að flutningsgjald á beinum til Noregs væri 20 kr. pr. tn., ef beinin eru tekin á hverri höfn. En þegar hv. þm. var að gera grein fyrir kostnaðinum við ísl. fiskmjölsframleiðsluna, taldi hann, að verksmiðjurnar þyrftu að borga 25 kr. pr. tn. fyrir að viða að sér beinunum. Ég get ekki skilið, að það þurfi að vera 5 kr. dýrara að flytja beinin af Austfjörðum til Norðfjarðar en alla leið til Noregs. Mitt reikningshöfuð grípur það ekki. Mér þykir það einkennilegt af þessum framkvæmdarstjóra verksmiðjunnar að ætla að telja mönnum trú um, að hann greiði 5 kr. meira fyrir flutningana af næstu höfnum til Norðfjarðar en Norðmenn þurfa að greiða til Noregs. Hv. þm. sagði, að aðstaða Norðmanna væri önnur; þeir greiddu lægri vinnulaun. En sá liður getur ekki réttlætt svona háa tollgreiðslu, vegna þess að þm. upplýsti, að vinnulaunin væru ekki nema 25 kr. á tn. Mismunur vinnulaunanna getur því engan veginn réttlætt 30 kr. toll. Þar verða að koma fram sterkari rök.

Hv. 6. landsk. upplýsti einnig, að í sumar hefði verð á beinum verið 105 kr. yfirleitt. Þó skýrði hv. þm. frá, að eitt „parti“ hefði selzt fyrir 135 kr. pr. tn. Sýnir þetta, að þegar samkeppni kemur í verzlunina, hækkar verðið. Ég fæ því ekki annað séð en dæmið, sem hv. þm. nefndi, sanni, að verðið á beinunum mundi hækka, ef tollurinn fellur niður eða lækkar. Að vísu er kaupþol Norðmanna ekki ótæmandi, en ísl. verksmiðjurnar ættu að geta verið samkeppnisfærar, þó að þær fái beinin ekki 30 kr. ódýrari.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég vildi aðeins benda á, að þær tölur, sem hv. 6. landsk. kom með, eru augsýnilega rangar. Að lokum skal ég taka það fram, að ég vil fallast á að styrkja ísl. beinaverksmiðjurnar, en ég tel ekki réttlátt, að framleiðendurnir sjálfir séu eingöngu látnir greiða þann styrk, heldur ætti að afnema útflutningsgjaldið af mjölinu, eða að ríkið styrkti þær beinlínis. Hitt er ekki sanngjarnt, að taka svona mikinn skatt af framleiðendunum, þó stuðla beri að því, að beinin verði unnin hér á landi. Hag verksmiðjanna verður að styðja á annan hátt en á kostnað framleiðendanna, svo að þær geti keypt fyrir sama verð og erlendir kaupendur gefa á sama tíma.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það er hvorttveggja, að tveir hv. síðustu ræðumenn hafa hnekkt töluverðu af þeirri blekkingafræði, sem hv. 6. landsk. var að reyna að bera hér fram, sér og sinni verksmiðju til framdráttar, enda verður þetta ekki nema örstutt aths. Það eru tvö atriði, sem hv. 6. landsk. minnti mig á, að ég hefði dregið undan úr skýrslu forseta Fiskifél. Ég þakka hv. þm. fyrir að minna mig á þetta, og mun því nota þessa stuttu aths. til þess að sýna, hvað megi út frá þeim staðreyndum draga.

Ef tollurinn yrði lækkaður, hlýtur að leiða af því, að innlendu verksmiðjurnar yrðu að hækka verðið, til þess að standast samkeppnina við Norðmenn. Hráefnin munu vafalaust hækka. Það er því rétt að athuga, hvaða aðstöðu fiskmjölsverksmiðjurnar hér á landi höfðu áður en tollurinn var lagður á, og hver aðstaða þeirra er nú.

Áður stóðust verksmiðjurnar samkeppnina við Norðmenn, þó þær greiddu jafnhátt útflutningsgjald af mjölinu. Samt voru þær færar um að keppa við Norðmenn, og ekki aðeins að þær greiddu jafnhátt verð fyrir hráefnin, heldur hærra stundum. En eftir að aðstaða verksmiðjanna hefir verið bætt, með því nálega að fella niður útflutningsgjaldið af mjölinu og setja 10 kr. útflutningsgjald á hvert tn. af beinum, til þess að létta verksmiðjunum samkeppnina við Norðmenn, þá kemur hv. 6. landsk. með frv. um að hækka tollinn úr 10 kr. og upp í 40 kr. Það er því rétt að bera saman hagsmuni þeirra, sem verið er að vinna fyrir. Áður stóðu verksmiðjurnar Norðmönnum á sporði, en nú segja hv. þm., að þær deyi hordauða, ef ekki sé lagður á ranglátur skattur þeim til framdráttar. Í sömu andránni segir hv. 6. landsk. ennfremur, að orðið hafi verðfall á afurðunum og tap á rekstrinum 1934. Þá gátu verksmiðjurnar mætt þessu með því að láta það ganga út yfir hagnaðinn. Hv. 3. landsk. hefir minnzt á þetta og sýnt fram á, hve óskaplegt ósamræmi var í tölulestri hv. 6. landsk., sem slitur einstakar tölur út úr samhengi, en þykist ekki geta nálgazt reikningana til þess að leggja fram, vegna fjarlægðar. En þm. mun ekki telja þá innlegg í málið, og þess vegna notar

hann fjarlægðina sem skálkaskjól. Hv. 6. landsk. segir, að það kosti 25 kr. á tn. að flytja beinin milli fjarða á Austurlandi, en hér er ekki reiknað með nema 10 kr. kostnaði að flytja þau milli nesja. Ég vil því benda á, að hv. þm. telur flutningskostnaðinn 25 kr. á tn. og leggur það til grundvallar sínum útreikningum, en hann er sumstaðar 10 kr. og sumstaðar enginn. Það sýnir því ekki rétta niðurstöðu, þegar reikningarnir eru settir þannig upp. Ég sé, að hæstv. forseti er að gefa mér bendingu, en ég á margt eftir. En þessi málarekstur sýnir, hvert stefnir í þessum málum hér á landi. Hv. 6. landsk. hefir nú sýnt á sér rétthverfuna gagnvart sjómönnunum með þessum 40 kr. skatti. Áður hefir hann þótzt bera þá á höndum sér, með útbreiddan faðminn og allt viljað fyrir þá gera, en þarna fyrst kemur rétthverfan fram. Ég verð því að segja, í tilefni af því, að þessi till. er hans fyrsta verk hér á þingi fyrir sjómennina, að „ill var þín fyrsta ganga".

Það er þegar búið að hrekja þá reginvitleysu, sem haldið hefir verið fram, að framleiðendurnir borguðu ekki tollinn. En þetta er vitanlega ekki annað en verndartollur, sem leiðir það af sér, að annar kaupandinn greiðir 100 kr., en hinn 130 kr. fyrir tn., og þó selja báðir á sömu markaði. Hv. 6. landsk. krossaði sig fyrir því, að þetta væri verndartollur eða að framleiðendurnir þyrftu að borga hann, og var helzt á honum að skilja, að enginn mundi finna til hans. Kom það einnig fram hjá hv. þm., að hann er ekki að bera hag sjómannanna fyrir brjósti, því honum var ekki nóg að leggja 30 kr. útflutningstoll á hvert tn. af beinunum, heldur vildi hann banna útflutninginn, til þess að tryggja sína stofnun, hvort sem sjómennirnir fá nokkuð fyrir beinin eða ekki.

Ég á margt fleira eftir, sem ég vildi segja, en ég sé, að hæstv. forseti er farinn að gefa mér bendingu, og bið ég hann velvirðingar. Ég vil að lokum benda á, að hér er annar verksmiðjuiðnaður, þar sem er lýsisbræðslan, sem engra verndartolla hefir notið, og þó gengið svo vel, að nú er að mestu hætt að flytja lýsið út óunnið. Ég vil sérstaklega benda á þetta sem alveg hliðstætt dæmi, þar sem keppa þarf á sömu mörkuðum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að þakka hv. þm. Borgf. fyrir, að hann gaf mér og öðrum kost á að heyra umsögn forseta Fiskifél. Íslands. Þó ég hafi að vísu grætt ákaflega lítið á því, virðist mér það vera meining forseta, að útflutningsgjaldið hljóti að lenda á framleiðendunum; hann gerir að öðru leyti enga grein fyrir því, en sannar hinsvegar það gagnstæða með því, sem hann segir um málið. Hann segir m. a.: „Lækki verðið á beinunum frá því, sem verið hefir, hvort heldur er af of háu útflutningsgjaldi — sem raunverulega lendir á framleiðanda — eða af því að samkeppnin um kaup á beinunum minnkar, t. d. fyrir samtök innlendra verksmiðja, gæti svo farið, að útgerðarmönnum þætti ekki borga sig að hirða beinin lengur, og töpuðust þá þau vinnulaun, sem verkun beinanna gefur í landinu, og auk þess sá hagnaður, sem útgerðin hefir haft af því að hirða beinin og hún á engan hátt má við að missa eins og hag hennar nú er komið".

Þetta má skilja á tvo vegu, en ef tollurinn lendir á framleiðendum, þá muni verðið lækka. Hann gengur sem sé út frá, að verðið geti lækkað vegna samtaka innlendu verksmiðjanna, en gengur einnig út frá, að Norðmenn fylgi verðlagi innlenda markaðsins, og ber þannig til baka, að tollurinn lendi á framleiðendunum. Hvað skeður svo, ef tollurinn er afnuminn? Ekki annað en það, að Norðmenn verða að kaupa beinin með gangverði á innlendum markaði.

Umsögn forseta Fiskifél. verður því að öllu athuguðu lítill stuðningur við málið, engu fremur en málflutningur hv. 8. landsk.

Norðmenn munu vitanlega haga sér eins og hygginn kaupmaður og ekki gefa hærra verð en þeir þurfa, en bjóða á móti sínum keppinautum meðan þeir sjá sér fært.

Svo var hv. þm. með bollaleggingar um það, að verið gæti, að Norðmenn litu í náð til okkar í þessu efni. Ég get nú ekki séð, hvaða ástæða er til að ætla, að þeir geri það. (GÞ: Til þess að tryggja sér vöruna). Þegar Norðmenn voru einir um hituna, höfðu þeir ekki við neinn að keppa. En þegar þeir urðu það ekki lengur, þá hækkuðu þeir sig í það verð, sem hér var boðið fyrir vöruna, en meira hafa þeir ekki gefið fyrir vöruna.

Norðmenn standa betur að vígi en innanlandsverksmiðjur um flutninga á þessari vöru að verksmiðjunum. Aðstaða Norðmanna um flutninga á vörunni til Noregs er þannig, að þeir fá vöruna flutta með skipum, sem annars mundu fara tóm eða hálftóm til Noregs og fá fyrir aðra flutninga, sem þau hafa verið í, greitt fullt gjald, fullan kostnað við þær ferðir, sem þau hafa verið í. Hv. 8. landsk. getur, ef hann vill, fengið staðfestingu á þessu.

Það, sem hv. flm. frv. og aðrir þeir, sem hans málstað styðja, áttu að sanna, var það, að þessi tollur væri tekinn af íslenzkum framleiðendum. En þeir hafa ekki fært rök né minnstu líkur fyrir, að svo sé. Jafnvel vitnisburður þess manns, sem þeir hafa leitt fram sem sterkasta stuðningsmann þessarar kenningar þeirra, forseta Fiskifél., sannar hið gagnstæða, þar sem hann gerir ráð fyrir því, að verðlagið fari algerlega eftir því, hvað innlendu verksmiðjurnar borga fyrir vöruna.

Jónas Guðmundsson: Gegn þessu frv. hafa nú risið upp 3 andmælendur, síðan ég talaði hér síðast. Og þrátt fyrir það, þótt ræður þeirra hafi verið nokkuð á reiki, vildi ég minnast á fáein atriði í þeim.

Þá var það fyrst, að hv. 3. landsk. vildi leiða rök að því, að það væri rangt hjá mér, að verðfallið á mjölinu hafi verið eins mikið og ég sagði. Hann kom fram með tölur frá Fiskifél. um, að það hefði verið 60 kr. á tonn. Verið getur, að þetta séu réttar tölur hjá Fiskifél. En á mínum útreikningi tók ég hæsta verð fyrir vöruna á þýzkum markaði í fyrra og meðalverð nú. En þrátt fyrir 45 kr. verðfall á tonn af hráefninu, þá verður samt eftir 15 kr. verðfall á

tonni af mjöli, sem kemur niður á verksmiðjunum sjálfum. Og í sumum tilfellum, sérstaklega þar sem verksmiðjurnar keyptu hráefnið háu verði á fyrri hl. vertíðar, kemur verðfallið meira niður á þeim en þetta tilfærða dæmi sýnir. Þessar upplýsingar hv. þm. sýna, að verðlækkunin á mjölinu er meiri en verðlækkunin á hráefninu.

Ég sýndi fram á það áðan, og hv. 3. þm. Reykv. hefir ennfremur sýnt fram á það, að það eru ekki innlendir framleiðendur, sem borga tollinn. Ég hefi sýnt fram á, að sjómenn borga hann ekki. Ekki heldur þeir, sem kaupa beinin blaut og þurrka þau til hagnýtingar, því að þeir verða alltaf að gefa fyrir beinin eftir því, hvað verksmiðjurnar gefa fyrir þau. Og Norðmenn mundu alls ekki gefa Íslendingum 30 kr. viðbót við það, sem þeir gætu fengið beinin fyrir hér, þó að útflutningsgjaldið yrði fellt niður.

Hv. 8. landsk. sagði, að miða yrði við það verð, sem væri á þessari vöru, þ. e. hráefninu, á heimsmarkaðinum. En því er þar til að svara, að þetta er nú ekki heimsmarkaðsvara. Það eru aðeins Norðmenn, einir erlendra þjóða, sem kaupa hráefni þetta af okkur. Og þar að auki eru það aðeins tvö norsk firmu, sem hafa samkomulag sín á milli viðvíkjandi verðlaginu, sem kaupa þetta hráefni. Þau hafa samkomulag um að gefa líkt fyrir þetta hráefni. Verð þeirra fyrir vöruna getur munað fáeinum kr. á tonni á einstökum stöðum á landinu, en yfirleitt er það svipað alstaðar á landinu.

Hv. þm. sagði, að ef tollurinn yrði afnuminn, þá gætu Norðmenn notað sér það til þess að yfirbjóða íslenzku verksmiðjurnar. Já. Þess vegna var reyndar þessi tollur settur; til þess að vernda íslenzku verksmiðjurnar gegn þeirri betri aðstöðu, sem Norðmenn hafa um vinnslu þessa hráefnis, gegnum langa reynslu í þessu efni. Hvar væri þá tryggingin fyrir því, að framleiðendur fái sæmilegt verð fyrir þessa vöru, ef íslenzku verksmiðjurnar verða að hætta?

Hv. 8. landsk. sagði, að það hlyti að verða kostnaðarsamara fyrir Norðmenn að flytja beinin til Noregs heldur en fyrir ísl. verksmiðjurnar að flytja þau á milli hafna hér innanlands. Nú hefir hv. 3. þm. Reykv. svarað þessu og upplýst það, að Norðmenn geta fengið ódýran flutning á þessu hráefni til sín með skipum, sem annars mundu fara tóm héðan til Noregs og eru í förum vegna annara flutninga, sem þau fá fulla borgun fyrir, án tillits til flutnings á beinunum. Þannig verður það ódýrara fyrir Norðmenn að flytja þetta hráefni til sinna verksmiðja heldur en fyrir ísl. verksmiðjurnar á milli hafna hér, að undanskildum nokkrum höfnum við Faxaflóa, eins og hv. þm. Borgf. gat um, að væri lítill kostnaður við þessa flutninga þar.

Þá sagði hv. 8. landsk., að ég hefði farið með rangar tölur. En ég get hvenær sem er fengið þessar tölur greinilegar og réttar, — hvenær sem er.

Þá vil ég svara hv. þm. Borgf. nokkrum orðum. Hann var að tala um missögn í minum tölulestri. Hv. þm. sagði, að engin skýring hefði fylgt hjá mér um það, hvernig verksmiðjurnar hefðu farið með þær 150 kr. á hvert tonn, sem þær hefðu haft til ráðstöfunar. Nú hefi ég lagt fram greinilega skýrslu um þetta. En þá segir hv. þm. Borgf., að ég mislesi tölurnar.

Sami hv. þm. sagði áðan, að nú hefði ég sýnt sjómönnum á mér rétthverfuna, en áður hefði ég sýnt þeim ranghverfuna á mér, þar sem ég, með því að vera á móti frv., rísi nú á móti hagsmunum sjómanna. En það eru ekki sjómenn eða útgerðarmenn, sem borga þennan toll. Ekki heldur þeir, sem atvinnu hafa við verksmiðjurnar innlendu. Það eru útlendu verksmiðjurnar, sem borga tollinn. (PO: Þetta eru falsrök). Illur málstaður krefst hávaða og illra aðdróttana. Og hv. þm. Borgf. hefir viðhaft þetta í sinni ræðu til varnar sínum illa málstað.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það var bara út af skýringu hv. 3. þm. Reykv. á orðum forseta Fiskifél. Íslands. Hv. þm. sagði, að með þeirri skýrslu mótmælti hann því, sem hann vildi sanna. Það, sem forseti Fiskifél. bendir hér á, er (með hliðsjón af þeim till., sem hv. 6. landsk. kom fram með í fyrra og fyrir lágu á síðasta þingi), að ef skatturinn af beinaútflutningnum verður hafður svo hár, að með honum verði Norðmenn, eða þeir, sem vilja kaupa hér þetta hráefni, útilokaðir frá því að geta það, þá verði innlendu verksmiðjurnar einvaldar um verðið á þessu hráefni. Og þá er hinn rétti grundvöllur fenginn undir þá niðurstöðu, sem hann kemst að og dregur af þessu. Þessi málflutningur hv. 3. þm. Reykv. er því ekkert annað en rangfærsla á orðum forseta Fiskifél. Ísl. Og því fremur er þessi rangfærsla ógeðsleg, sem hér á utanþingsmaður í hlut.

Ég sé, að hæstv. forseti er með ritblýið á lofti, til merkis um, að nú sé nóg komið. Ég vænti þess, að hv. 8. landsk. reki tilhlýðilega staðleysur hv. 6. landsk. ofan í þann hv. þm., því að hann (8. landsk.) er þó enn óheftur í þessu máli. En ég held, að við höfum sýnt fram á, að þessar tölur, sem hv. 6. landsk. hefir lesið hér upp, geti ekki samrýmzt. Því að hv. 6. landsk. segir í öðru orðinu, að verksmiðjurnar hafi verið færar um að draga af ágóða 45 kr. skaða á tonn, sem þær hafi orðið fyrir í sambandi við afurðasöluna, en í hinu orðinu segir hann, að þær hafi ekki einu sinni haft 10 kr. á tonn til að hlaupa upp á. Þessi tölulestur er á sinn hátt líkastur því, þegar stangast stórhyrndir bálvondir hrútar.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hann hefði nú ekki sannfærzt um það, að réttmætt væri að fella niður þetta gjald. Get ég náttúrlega ekki gert að því, þó að sá hv. þm. sé svo ómóttækilegur fyrir sannleikann í þessu máli, að hann þurfi kannske enn sterkari rök til þess að sannfærast um það rétta í málinu.

Minna má þó hv. þm. á það, að það mun talið, að Íslendingar borgi nú útflutningsgjald af saltfiskinum, sem seldur er til Spánar. Það eru ekki kaupendur fiskjarins, sem borga þetta gjald. En framleiðendur fá lægra verð fyrir fiskinn en annars mundi vera, og þannig er þetta gjald fengið. En vitanlega ræður hið almenna markaðsverð á

fiskinum því, hvað kaupendur borga. Með þessum tolli á beinunum er séð fyrir því, að verðið á þeim til framleiðendanna hljóti alltaf að verða 30 kr. fyrir neðan raunverulegt markaðsverð fyrir hvert tonn. Það er því útilokað, að íslenzku verksmiðjurnar bjóði í beinin hærra verð en sem svarar 30 kr. fyrir neðan markaðsverð fyrir tonnið, á meðan þessi 30 kr. skattur helzt.

Ég hefi fúslega viðurkennt, að vel mætti vera, að norsku kaupendurnir að þessum hráefnum mundu ekki bjóða hærra verð fyrir þessa vöru heldur en innlendu verksmiðjurnar. Þó tók ég það jafnframt fram, að vel gæti samt vel farið, því að það mundi sennilega reynast svo, að hérlendir framleiðendur þessa hráefnis mundu fremur hafa tilhneigingu til að selja innlendum kaupendum vöru sína heldur en þeim norsku. Það er því ekki óeðlilegt, þó að Norðmenn bjóði 10—20 kr. meira fyrir tonnið af beinunum heldur en verksmiðjurnar hér. Þeir mundu samt hagnast. Ég sagði ekki, að það bæri að líta á þetta sem einhverja náðargjöf til Íslendinga. Þetta eru vitanlega verzlunarhyggindi, sem í þessum kringumstæðum mundu verða viðhöfð af Norðmönnum, til þess að tryggja sér meira af framleiðslunni.

Hv. 6. landsk. heldur því fram, að framleiðendur borguðu ekki tollinn. Hann sagði einnig, að tollurinn lenti ekki á þeim, sem kaupa beinin blaut, þurrka þau og selja svo aftur til norsku verksmiðjanna, af því að þær gæfu alltaf fyrir beinin eftir því, hvað hátt verð ísl. verksmiðjurnar borguðu. En það verð hlýtur alltaf að verða fyrir neðan það, sem Norðmenn mundu gefa nú, ef tollurinn væri ekki til.

Hv. 6. landsk. sagði í sinni ræðu, að tollurinn sé settur á til þess að vernda ísl. verksmiðjurnar gegn samkeppni norsku verksmiðjanna. Þetta er einmitt það, sem vakir fyrir þessum hv. þm., sem vilja hafa þennan toll, að varna því, að ísl. verksmiðjurnar verði yfirboðnar. Það er fjarri því, að það sé nein sanngirni í því að varna því, að slíkt yfirboð komi fram. Mér virðist það heilbrigt, að slíkt yfirboð komi fram. Og ef svo er, sem hv. 6. landsk. viðurkenndi, að þessi tollur sé settur á til þess að varna slíku yfirboði, þá leiðir líka af því, að það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína, mundi hækka, ef tollur þessi yrði afnuminn. Íslenzku verksmiðjurnar yrðu þá annaðhvort að sjá af beinunum til norsku verksmiðjanna fyrir hið háa verð, sem þá hefði hækkað fyrir afnám tollsins og sem tollinum svarar, eða þá að ísl. verksmiðjurnar yrðu að hækka verðið jafnt og hinar norsku. Ég veit, að hver einasti maður hlýtur að fallast á, að slíkt gjald, sem varnar því, að framleiðendur fái raunverulegt markaðsverð fyrir sína vöru, það lendir eingöngu á framleiðendunum.

Það er vitanlega út í bláinn sagt, þegar hv. 6. landsk. heldur því fram, að það sé oft 5 kr. dýrara að flytja hvert tonn á milli hafna á Austfjörðum heldur en frá sömu höfnum til Noregs. Ég er hissa á, að þessi hv. þm. skuli láta slíka vitleysu frá sér fara.

Ég vil að síðustu gera fyrirspurn til hv. 6. landsk. Ef hann heldur því fram, að ekki megi afnema þennan rangláta toll, því að með því sé verið sama sem að drepa þennan vísi til innlendrar framleiðslu, sem er fiskmjölsframleiðslan — vill hann þá ekki einnig hjálpa þessum vísi til framleiðslu með því að vera með afnámi útflutningsgjalds af sjávarafurðum? Það mál verður til umr. hér á þingi bráðlega. Mín spá er, að hv. 6. landsk. leggist á móti því máli. (JG: Ég mun svara þessu þá).

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. þm. Borgf. var eitthvað að gefa það í skyn, að ég hefði snúið út úr ummælum forseta Fiskifél. En ég las ummælin orðrétt upp úr umsögn forsetans. Og ég geri ráð fyrir, að sá maður hafi þekkingu á þessum hlutum. Ef hv. þm. Borgf. vill véfengja, að ég hafi farið rétt með, þá gæti ég slegið þessu upp aftur. En slíkt er auðvitað óþarfi.

Það er ljóst af orðum forsetans, að hann gerir ráð fyrir mismunandi orsökum til verðlækkunar á beinunum. Ein af þessum mismunandi orsökum eru samtök innlendu verksmiðjanna, sem byggist á því, að það er viðurkennt, að það verðlag, sem innlendu verksmiðjurnar gefa fyrir hráefnið, ræður því, hvaða verð Norðmenn gefa fyrir þessa vöru.

Í síðari ræðu sinni undirstrikaði hv. 8. landsk. það enn betur, hvaða skoðun hann hefði á þessu. Hann kvað þá enn sterkar að orði, þar sem hann gerði ráð fyrir, að Norðmenn borguðu ekki meira en þeir þyrftu til þess að geta fengið beinin. En áður var hann að tala um, að Norðmenn borguðu eitthvað af náð og miskunn til ísl. framleiðenda.

Markaðsverð er það verð, sem borgað er fyrir vöruna innanlands. En heimsmarkaður er ekki til á þessari vöru; það er aðeins misskilningur hjá hv. 8. landsk. Noregur er eina landið, sem kaupir þessa vöru af okkur, og þar eru meira að segja ekki nema tvö firmu, sem kaupa vöruna. Hvernig á svo að tala um heimsmarkað fyrir slíka vöru. Ræður hv. 8. landsk. um heimsmarkað fyrir þessa vöru sýna fyrst og fremst hans lélega málstað. Það sýnir líka hans veika málstað, að hann fer að bera þetta saman við útflutningsgjald af saltfiski, sem markaður er fyrir í mörgum löndum og er almenn neyzluvara heilla þjóða. Það er ekki hægt að bera saman þessar tvær vörutegundir. Það er virkilega hægt að tala um heimsmarkað fyrir saltfisk. En engu hliðstæðu er til að dreifa um fiskmjölið. Það vita allir hv. þm.

Þá endurtók hv. 8. landsk., að það gæti ekki náð neinni átt, að flutningsgjöld gætu verið hærri á beinum hér á milli hafna heldur en héðan og til Noregs. En við, sem erum á móti afnámi tollsins, höfum útskýrt, í hverju þetta liggur, og þarf ekki að endurtaka það hér enn þá einu sinni. Ég býst nú við, að hv. 8. landsk., eins og margra málfærslumanna er siður í réttinum, standi nú upp og segi: Ég mótmæli því, sem andmælandi minn hefir sagt. En ég býst ekki við rökum.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég ætla þá að leyfa mér að byrja á því að mótmæla þessum staðhæfingum hv. 3. þm. Reykv., þó að hann standi hér upp og segi, að flutningskostnaður á

þessari vöru sé minni héðan frá höfnum til Noregs heldur en á milli hafna hér. Rök hans byggðust ekki á öðru en því, sem hann heyrði hv. 6. landsk. segja um þetta. Vitanlega hefir hann aldrei heyrt þetta fyrr. Hvaðan hefir hv. 3. þm. Reykv. það líka, að ekki nema 2 firmu erlend kaupi þessa vöru af okkur? Hv. 3. þm. Reykv. veit jafnlítið um það atriði og ég. (**JakM**: Fáir vita þó jafnlítið um þetta og hv. 8. landsk.).

Það má vitanlega um það deila, hvort hægt sé að tala um heimsmarkaðsverð á þessari vöru. En hvort sem almennt markaðsverð er kallað heimsmarkaðsverð eða hvað annað, þá kemur það fram við það, að útlendir og innlendir kaupendur hafi jafna aðstöðu til að bjóða í vöruna.

Hv. 6. landsk. sagði, að tollurinn væri hafður á þessari vöru til að varna því, að ísl. verksmiðjurnar yrðu yfirboðnar í samkeppni um kaup á þessari vöru. Verður tollurinn þá ekki í raun og veru einnig til þess að varna því, að hið raunverulega verð, sem án hans væri hægt að fá í útlöndum fyrir beinin, komi fram? Jú, auðvitað. Þetta leiðir svo það af sér, að íslenzkir framleiðendur borga raunverulega þennan toll. Þess vegna, þegar með l. eru með þessum tolli settar hömlur við því, að raunverulegt markaðsverð, þ. e. a. s. það, sem útlendu verksmiðjurnar borga til þess að geta fengið vöruna — þegar hömlur eru settar við því, að framleiðendur geti fengið allt markaðsverðið, þá kemur tollurinn niður á framleiðendunum. Og þannig, með tollinum, verður þá verðið 30 kr. lægra fyrir tonnið til framleiðendanna heldur en það mundi vera án tollsins.

Ég man nú ekki orðrétt það, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði eftir mér um, að það væri útilokað, að Norðmenn borguðu hærra verð fyrir beinin heldur en innlendu verksmiðjurnar. En mér virðist það ekki óeðlilegt, að Norðmenn notuðu eitthvað af þeim 30 kr., sem þeir nú borga í toll fyrir hvert tonn af þessari vöru, til þess að tryggja sér vöruna, og við það mundi vitanlega hækka það verð, sem framleiðendur fengju fyrir vöruna.

Ef hv. þm. vill skýra frá minni afstöðu til þessa máls, þá er það skylda hans að gera það hlutdrægnislaust.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89., 90. og 91. fundi í Nd., 3., 4. og 5. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 609, frá meiri hl. sjútvn., samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JakM, JÓl, JG, MT, PZ, PHalld, SigfJ, BÁ, BB, JörB.

nei: GÞ, GSv, HannJ, JJós, JS, ÓTh, PÞ, PO, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ.

GÍ greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (JónP, SK, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

4. Aukaútsvör ríkisstofnana.

Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana (þmfrv., A. 542).

Á 71. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það væri í sjálfu sér alveg heilbrigð stefna, þegar settar eru upp ríkisstofnanir, að láta þær bera sömu skatta og einkafyrirtæki. Þá fyrst kæmi það reikningslega skýrt fram, hvernig fyrirtækin bera sig. Það má að vísu segja t. d. um tekjuskattinn, að það hafi ekki nema aðeins reikningslega þýðingu, þar sem hvorttveggja rennur í sama vasann, en væri þó rétt, til þess að sjá, hvernig fyrirtækin bera sig.

En það verður að játa, að það er erfitt að koma þessu í kring, vegna þeirra breyttu hátta, sem verða við það, að þetta er tekið á eina hönd. Vafalaust mætti þó finna sanngjarna leið, sem gæfi tilsvarandi skattgreiðslu og einkafyrirtækin.

En það er ekki þessi hlið málsins, sem ég ætla að ræða í sambandi við þetta frv., heldur sá liður skattgreiðslunnar, sem hefir raunverulega þýðingu, en það er aukaútsvarið, sem er aðaltekjustofn bæjarfélaganna.

Það er augljóst mál, að koma má bæjarfélögunum á vonarvöl með því að taka fleiri og fleiri vörur í einkasölur og gera svo að segja skattfrjálsar. Með því eru tekjustofnar teknir af bæjarfélögum og afhentir ríkinu. Þetta var gert með lögunum frá 4. júní 1924. Má vera, að þegar þessi lög voru sett, þá hafi mönnum ekki verið ljóst, að svona myndi fara. Og ekki ósennilegt, að 5% gjaldið þá hafi verið hlutfallslega svipað því, sem hér er lagt til í frv. mínu. Þá var útsvarsstiginn allt annar en nú og útsvörin miklu lægri. En hvorugt kemst nærri því, sem greiðast myndi, ef lagt væri útsvar á eftir sömu reglum og gildir um aðra.

Þegar 5% gjaldið var ákveðið 1924, voru hér aðeins tvær ríkisverzlanir: Vínverzlunin, sem allir voru sammála um, og tóbakseinkasalan, sem mjög var deilt um. En hin síðari ár hafa bætzt við fleiri slíkar ríkisverzlanir: viðtækjaverzlun, rafmagnseinkasala, einkasala á efnagerðarvörum og bílaeinkasala. Og eftir margendurteknum yfirlýsingum stjórnarflokkanna á Alþingi og í blöðum eru þessar einkasölur aðeins áfangar á þeirri braut, sem farin verður, ef sömu flokkar fara áfram með völd í landinu. Hér er því komið inn á braut, sem er algert drep fyrir bæjarfélögin, ef gjald þessara ríkisstofnana er sett of lágt.

Þessu næst er rétt að athuga, hver munur er á 5% skattgreiðslu ríkisstofnana og útsvarsgreiðslu einstaklinga. Ég mun leggja til grundvallar út-

svarsgreiðslu í Reykjavík; útkoman yrði enn óhagstæðari fyrir ríkisstofnanirnar, ef aðrir kaupstaðir væru einnig teknir með.

Útsvör á fyrirtæki eru fyrst og fremst reiknuð eftir föstum skattstiga. Auk þess greiða þau umsetningargjald, án tillits til gróða eða taps. Þetta umsetningargjald hefir ekki verið birt, en er mjög mismunandi. Ég hygg, að eigi muni fjarri að áætla gjaldið af vín- og tóbaksverzlun 1—2%, því þar er um stórfellda álagningu að ræða. Umsetningargjöld þessara verzlana yrðu því um 10—20 þús. Ég tek til varúðar lægstu upphæðina. Útkoman verður þá þessi: Með 5% gjaldinu nú greiðir hún frá kr. 18600 til kr. 25000. Sé miðað við 25 þús., sýnir það ½ millj. kr. ágóða. Hugsum okkur, að 5 einkafyrirtæki hefðu vínverzlunina með höndum. Kæmi þá um 100 þús. kr. gróði á hvert fyrirtæki. Hvert þessara fyrirtækja yrði að greiða í útsvar: 5510 kr. af 25 þús. kr. og 40% af afgangi, eða kr. 35510.00. Þetta margfaldað með 5 gerir um 178 þús. kr. Svo er bætt ofan á 10%, eða kr. 17800.00 = 195800 kr. Þar við bætist svo umsetningargjald, áætlað 10 þús. kr., og verður þá útsvarið samtals kr. 205800.00. En hálfrar millj. króna gróði hjá áfengisverzluninni gefur bæjarsjóði 25 þús. kr. Tap bæjarsjóðs á því, að þessi eina vara er rekin í einkasölu, er því kr. 180000.00.

Það munar um minna.

Með 5% gjaldinu nú greiðir tóbakseinkasalan í bæjarsjóð 30 þús. kr. Er því ágóði fyrirtækisins um 600 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir, að tóbaksheildsölunni væri deilt niður á 10 einkafyrirtæki, kæmi 60 þús. kr. ágóði í hvern hlut. Útsvar hverrar verzlunar yrði: 5510 kr. af 25 þús. og 40% af 35 þús. kr., eða kr. 19510.00. Þetta margfaldað með 10 gerir kr. 195100.00. Þar við bætist 10%, kr. 19500.00 = 214650.00 kr. Loks kemur umsetningargjaldið, áætlað 10 þús. kr. Verður þá útsvarið samtals kr. 224650.00. En 5% gjald tóbakseinkasölunnar gaf 30 þús. kr. Tap bæjarsjóðs hér verður því ca. kr. 194500.00.

Á þessum tveimur ríkiseinkasölum nemur því tap bæjarsjóðs 374500 kr. móts við það, að verzlunin væri rekin af skattskyldum einkafyrirtækjum.

Svipuð er útkoman að því er snertir viðtækjaverzlun ríkisins og aðrar svipaðar einkasölur, og áætla ég tapið þar kr. 75500.00.

Samtals nemur því tap bæjarsjóðs á þessum ríkisverzlunum kr. 450000.00, eða nál. ½ milljón króna!

Ef mönnum þykja þetta ótrúlega há gjöld, má líta á raunveruleg gjöld verzlana, sem mestan ágóða hafa, undir innflutningshöftum og öllum ókjörum. Skóverzlunin Lárus G. Lúðvígsson greiðir t. d. nú kr. 59400.00 í útsvar, eða hærra en allar ríkisverzlanirnar til samans, með sínar hreinu tekjur, á aðra milljón króna. Þessi verzlun er að vísu stór, en hefir þó ekki nema ca. 1/10 af hreinum gróða allra hinna fyrirtækjanna, sem þó greiða ekki eins hátt útsvar.

Ég skal svo ekki telja upp fleiri tölur. En þó að ágóði af þessum ríkisstofnunum renni allur til opinberra þarfa, er hér um svo verulega röskun að ræða um tekjuöflun milli ríkis og bæja, að ekki verður komizt hjá að taka hana til athugunar og færa til meira samræmis. Í frv. er ekki farið fram á, að þessar stofnanir ríkisins séu látnar standa undir sömu gjöldum og þau fyrirtæki, sem eru í höndum einstaklinga. En ég vildi sýna fram á, að það er nauðsyn að koma hér á nokkru meira samræmi en nú er samkv. l. frá 1924. Væri gjaldið hækkað um helming, úr 5% upp í 10%, mun láta nærri, að það fylgi breyttum tíma, svo hlutfallið yrði svipað og 1924. Eftir að hafa lagt fram þessar þurru tölur, skal ég svo ekki orðlengja frekar um málið nú, en óska, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. *með 11 shlj. atkv.*

Á 90. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 720 og 721).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Fyrir þessu þingi hafa legið æðimörg frv., sem hafa gengið út á það að útvega einstökum bæjarfélögum nýja tekjustofna. Undirtektir þær, sem frv. þessi hafa fengið, hafa verið mjög misjafnar, sérstaklega í hv. Nd. Það byrjaði með því, að þessi hv. d. afgreiddi málin nokkurnveginn í samræmi, en það hefir sýnt sig, að hv. Nd. hefir afgr. þau í algerðu ósamræmi, þannig, að sum af þessum málum hafa þar verið felld, en önnur alveg samskonar mál hafa verið samþ. T. d. var á fyrri hluta þessa þings, að ég ætla, heldur en á haustþinginu í fyrra, fellt frv. um heimild fyrir Akureyrarkaupstað til að leggja á vörugjald, og nú á dögunum var fellt frv. um samskonar heimild fyrir Siglufjarðarbæ, en hinsvegar er búið að senda hingað frv., sem búið er að samþ. í hv. Nd. og er um að heimila Sauðárkróki alveg samskonar rétt og þann, sem búið var að neita hinum bæjunum um.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er með öðrum hætti en hin frv., þar sem það fjallar aðeins um að hækka aukaútsvör ríkisstofnana um helming, en náskylt hinum málunum að því leyti, að það fjallar um að auka tekjustofna þeirra bæja, þar sem ríkisstofnanir starfa. Nú er það orðið ljóst ýmsum hv. þm., að þetta ósamræmi, sem kemur fram í afgreiðslu þessara mála, er hvorki heppilegt, sanngjarnt eða réttlátt á nokkurn hátt. Þess vegna hefir, eins og hv. þdm. kannast við, verið borin fram í Sþ. þáltill. um það að fela hæstv. ríkisstj. að rannsaka þessi mál í heild sinni og leggja lagafrv. fyrir næsta Alþ., sem kemur nú saman eftir fáar vikur. Nú finnst oss í meiri hl. fjhn., eins og sjá má á þskj. 720, rétt að láta öll þessi mál, sem snerta tekjustofna bæjarfélaganna, heyra þarna undir og afgr. ekki meira af þeim á þessu þingi en búið er nú þegar. Þess vegna leggjum við til að afgr. málið með þeirri rökst. dagskrá, sem við berum fram á þskj. 720. Ég tel víst, að þetta mál um gjöld ríkisstofnana til bæjarfélaga verði tekið til athugunar jafnhliða því, sem aðrir tekjustofnar bæjarfélaganna eru athugaðir. M. ö. o., mergur málsins er, hvernig ríkið og bæjarfélögin og sveitarfélögin eigi að skipta með sér þeim tekj-

um, sem talið er fært að leggja á skattborgarana, og þá er sjálfsagt, að þetta komi til athugunar eins og hvað annað. Hinsvegar er ekki sýnt, að nauðsyn beri til að afgr. þetta nú. Hér er það aðallega Reykjavík, sem hlut á að máli, og efnahagur Reykjavíkur er talinn það góður, að það getur ekki skipt neinu verulegu máli, þó að þetta biði í nokkrar vikur, þar sem tekjuaukning sú, er af þessu leiðir, yrði svo lítil.

Hvort svo að lokinni þeirri athugun, sem fram á að fara, verður horfið að því að hækka þetta gjald eða að finna aðra tekjustofna, — um það skal ég ekki neitt segja. En till. meiri hl. fjhn. er, að mál þetta verði afgr. á þann hátt, sem ég hefi tekið fram.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Eins og ég gat um í framsöguræðu minni um þetta mál, þá er í raun og veru tæplega hægt að segja, að hér sé nýr tekjustofn fyrir bæjarfélögin. Ef litið er á útsvarsálagninguna 1924 og svo borið saman við, hvernig nú er komið, þá er ekki fjarri sanni að segja, að hér sé um leiðréttingu að ræða. Þau 10%, sem ríkisstofnunum er ætlað að greiða til bæjarfélags, verða ekki meiri nú hlutfallslega miðað við það, sem aðrir skattþegnar verða að greiða, heldur en 5% 1924. Þetta frv. er að því leyti óháð þeim öðrum frv., sem hér hafa komið fram um aukna tekjustofna fyrir bæjarfélög. Ég hefi ekkert á móti því, að rannsakað verði, hve heppilegt það muni reynast að halda áfram á þeirri braut, að ríkið gangi inn á þann tekjustofn, sem bæjarfélögunum er eðlilegastur, en það er beinu skattarnir, sem bundnir eru við þann stað, þar sem þeir eru innheimtir, og skilja svo bæjar- og sveitarfélögin eftir með allar þarfir sínar og síauknar kvaðir án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. En ég legg áherzlu á það, að þetta mál er svo einfalt, að það haggar ekki eða torveldar á nokkurn hátt þær ákvarðanir, sem kunna að verða teknar í þessum málum. Þetta er ekkert annað en að reikna 10% í staðinn fyrir 5%.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það gæti ekki skipt neinu máli, þótt þetta biði um nokkrar vikur. Mér er það að vísu kunnugt, að fram hefir komið þáltill. um, að stj. láti athuga þessi mál og leggi till. um þau fyrir næsta þing, sem mun koma saman hálfum öðrum mánuði eftir að þessu þingi er slitið. En ég er ekki búinn að sjá, að búið verði að brjóta jafnvandasamt mál til mergjar á svo stuttum tíma, og þó svo að málið kæmi fram á þinginu, þá hefði ég haldið, eftir því sem gengur um afgreiðslu einfaldari mála, að allerfiðlega gæti gengið að brjóta þá hnetu að fá slíkt frv. afgr. á næsta þingi, svo það getur orðið um lengri tíma að ræða en nokkrar vikur.

Það ber líka að athuga, að hér er að ýmsu leyti um allt annað að ræða heldur en verið hefir í öðrum frv., sem hér hafa verið flutt í svipuðum tilgangi. Í fyrsta lagi er þetta afareinfalt, og í öðru lagi er hér ekki um nýjan tekjustofn að ræða, heldur aðeins það, að reikna gamlan tekjustofn öðruvísi en áður. En með vörugjaldi er tekin upp ný tekjuöflunaraðferð og í grundvallaratriðum næsta ólík þeirri, sem nú er.

Ég skal ekki frekar en hv. frsm. meiri hl. spá neinu um það, hvernig rannsókn þessara mála lyktar, en ég þykist vita, að ef sú leið verður tekin að hækka gjöld ríkisstofnana til bæjar- og sveitarfélaga, þá verði sú hækkun bæði meiri og flóknari en hér er gert ráð fyrir, því ef þær vörur, sem eru í einkasölu, verða látnar bera hlutfallslega sama gjald til bæjar- og sveitarfélaga eins og þær hefðu orðið að bera í höndum einstaklinga, þá yrði það miklu flóknari útreikningur og leiddi til miklu meiri hækkunar, og auk þess yrði þá að setja ýms ákvæði um það, hvernig þessi gjöld ættu að dreifast á milli allra þeirra sveitarfélaga, sem hefðu fengið tekjur af þessum vörum, ef þær hefðu verið í einstakra manna höndum. Þetta frv. kostar engu flóknari útreikning, heldur aðeins að skrifa 10% í staðinn fyrir 5%, og haggar engum grundvallaratriðum.

Hér er aðeins um það eitt að tala, hvort hv. þm. vilja leyfa þessa hækkun, og kemur það ekkert við þeirri gröf, sem hv. frsm. meiri hl. vill grafa þessu frv. Ég vil því fara fram á það við hv. þdm., að þeir greiði atkv. um þetta frv. án tillits til þeirrar rannsóknar, sem fram kann að fara á skyldum málum fyrir næsta þing.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hér væri ekki um nýjan tekjustofn að ræða. Þetta er að vísu rétt að nokkru leyti. Það er um að tvöfalda tekjustofn, sem viss bær hefir haft, en sama má segja um sum önnur frv. um svipað efni, sem hér hafa legið fyrir þinginu. Þannig er t. d. með hafnargjöld á Siglufirði, að ekki var um neitt annað að ræða en hækkun á þeim. Sé þetta einfalt, þá var það líka einfalt.

En þetta er ekki eins einfalt eins og hv. 1. þm. Reykv. vill vera láta, því með einkasölu ríkisins er á það að líta, að það er í raun og veru allt landið eða landsmenn í heild, sem borga þennan skatt í ríkissjóð. Þetta er byggt á því, að á meðan verzlun með þessar vörur var frjáls, þá guldu kaupmenn vitanlega útsvör af þeirri verzlun, sem þeir höfðu með þessar vörur. En þá voru ekki allir heildsalarnir, sem nú eru í Rvík, heldur voru margir smákaupmenn úti um land, svo sem brennivínssalar, tóbakskaupmenn og þeir, sem verzluðu með rafmagnsáhöld o. m. fl. þesskonar, sínir eigin heildsalar. Ég hygg, að þó að þessi tekjustofn yrði notaður áfram fyrir bæjar- og sveitarfélög, þá mundi það þykja bæði sanngjarnt og eðlilegt eftir nána athugun, að þessu yrði skipt eitthvað á milli sveitarfélaga landsins, a. m. k. að svo miklu leyti sem lagt er á vöruna í heildsölu, og hér er um heildsölu að ræða. Og ef farið er út í þá sálma, þá er málið ekki alveg eins einfalt og hv. 1. þm. Reykv. vill vera láta. Hvað því viðvíkur, að það mundi verða of lítill frestur fyrir stj. til næsta þings til að undirbúa löggjöf um þessi mál, þ. e. aukna tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, og að hætta sé á því, að Alþ. muni ekki á næsta þingi geta gengið frá l. um það efni, jafnvel þó að stj. tækist að undirbúa þetta, þá er auðvitað

ekki hægt að fullyrða neitt um það, hvernig það mundi fara. En Alþ. það, er nú situr, hefir nú litið þannig á, að þetta mundi mega takast. Og þess vegna hefir það samþ. þáltill. þar að lútandi. Ég hygg líka, að hv. 1. þm. Reykv. hafi greitt þeirri þáltill. atkv. sitt. A. m. k. mun hann ekki hafa greitt atkv. á móti henni. Og úr því að hæstv. Alþ. hefir ákveðið, að stj. skuli gera athugun um þetta mál til næsta þings og leggja fram frv. um það á því þingi, og þá er því þingi auðvitað ætlað að gera l. um það, þá er að minu áliti rétt að halda sér við það, úr því að líka svo hefir tekizt til, að hv. Nd. hefir afgr. þetta mál af algerðu handahófi, samþ. þetta og fellt annað frv., sem var algerlega hliðstætt. Og þó að hv. Ed. vildi koma lagfæringu á þetta nú og afgr. þetta í samræmi, þá er það alveg sýnilega ómögulegt, því að hv. Nd. situr vitanlega við sinn keip í þessum málum. Ég hygg því réttast, að þetta fari allt eina og sömu leið. Auðvitað má skoða það sem hvert annað slys, að verið var að hleypa í gegn frv. um tekjuöflun fyrir Vestmannaeyjar og gera það að l. En þegar það mál kom til atkv. hér í hv. d., þá horfðu ýms önnur mál öðruvisi við en nú. Fyrst þau mál gátu ekki náð æskilegri afgreiðslu, þá álít ég réttast, að þetta mál fari sömu leiðina.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki deila við hv. 1. þm. Eyf. um afgreiðslu hv. Nd. á málum þingsins yfirleitt. En mér virðist stundum farið óþarflega langt í því að telja ósamræmi í því, ef mál líta líkt út á yfirborðinu, þó að þau séu afgr. sitt með hverjum hætti. Það er náttúrlega munur á því, hvort Vestmannaeyjar fá heimild til að leggja á vörugjald hjá sér eða t. d. Akureyri og Reykjavík. (BSt: En Siglufjörður?). Ég játa, að á Siglufirði eru miklu svipaðri staðhættir og í Vestmannaeyjum heldur en í Reykjavík og á Akureyri.

Það má ekki eingöngu dæma þetta frv. eftir ytra útliti. Mér virðist eðlilegt, að þessi mál öll verði rannsökuð, tekjuöflunarmöguleikar bæjar- og sveitarfélaga, og að niðurstaða þeirra rannsókna verði lögð sem frv. til heildarlöggjafar um þessi mál fyrir Alþ. Með því út af fyrir sig, að Alþ. samþ. ályktun til stj. um undirbúning málsins fyrir næsta þing, er það þó ekki vitað, hvort það muni takast fyrir því. Þingið vill, að þetta mál verði rannsakað sem fyrst og vill leyfa stj. að glíma við það. En slíkt er þó engin sönnun fyrir því, að mál þetta verði afgr. á næsta þingi.

Mér virtist hv. frsm. meiri hl. snúa út úr því, sem ég sagði um það, hvað þetta mál væri einfalt. Ég dró það skýrt fram, að þetta mál væri alls ekki einfalt, ef ætti að taka gjöld af ríkisstofnunum með almennum sköttum fyrir bæjar- og sveitarfélög, því að þá þyrfti til þess mikla útreikninga. Ég tók það einmitt fram, að málið væri margbrotið með þeim hætti. En sú breyt., sem ég fer fram á í frv. minu, hún er ákaflega einföld. Því að hún fer fram á það aðeins, að í staðinn fyrir, að í l. er nú, að verzlanir ríkisins greiði í stað venjulegs aukaútsvars ákveðið gjald til bæjarsjóða, er nemi 5% af hreinum ágóða, komi það ákvæði í l., að þessar verzlanir greiði 10% í stað 5% o. s. frv. Þetta er ákaflega einfalt mál. Í minu frv. er ekkert farið inn á flóknar leiðir í þessu máli. Það er því hægt fyrir hv. þm. að taka þá ákvörðun að samþ. þetta frv., alveg án þess að ganga með því að nokkru leyti inn á svið þess máls, sem stj. hefir verið falið að rannsaka og undirbúa löggjöf um fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 720, frá meiri hl. fjhn., samþ. með 9:4 atkv.

---

5. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 60. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (þmfrv., A. 434).

Á 62. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Það er með öllu óþarft að láta langar skýringar fylgja frv. þessu, sakir þess, að öllum hv. þdm. er svo kunn sú nauðsyn, sem liggur til grundvallar fyrir framkomu þess. Hin örstutta grg. gerir jafnvel fulla grein fyrir þörfinni og þeirri sanngirni, sem fylgir þessari kröfu sjávarútvegsmanna. Það er alkunna, að sjávarútvegurinn stendur svo höllum fæti, að það er hreint og beint óvíst, hvort það tekst að halda honum uppi. Og þegar svo er komið, virðist í fyllsta máta óeðlilegt að viðhalda á honum skattgjaldi, sem ekki er þekkt hjá öðrum þjóðum. Kröfurnar um að létta þessum skatti af sjávarútveginum ættu að eiga þeim mun meiri rétt á sér, þegar þess er gætt, að á haustþinginu í fyrra var borin fram og samþ. krafa um að létta samskonar gjaldi, sem hér er um að ræða, af landbúnaðarafurðum.

Ég á nú von á því, áður en frv. þetta verður endanlega samþ. af þinginu, að heyra þær raddir, að ríkissjóður megi ekki við því að missa þennan skattstofn. Ég skal fúslega viðurkenna, að fjárhagur ríkissjóðs sé þröngur, en í þessu tilfelli ber þess að gæta, að ekki mun ókleift að spara sum útgjöld ríkissjóðs, til þess að létta á framleiðslunni. Annars er það víst, að svo fremi, að ekki verður létt ýmsum kvöðum af þessum atvinnuvegi, þá fellur hann í rústir, og ekki verður þá betra að innheimta skatta og gjöld.

Ég býst við, að hv. dm. hafi tekið eftir því, að við flm. þessa frv. höfum ekki treyst okkur að leggja til, að niður falli tollur, sem lagður er á samkv. 2. gr. l. nr. 63 28. jan. 1935, en samkv. þeirri gr. er útflutningsgjald lagt á: síldarmjöl, óþurrkaðan fiskúrgang, síld o. fl. Við flm. þessa frv. erum vitanlega allir sammála um,

að sanngjarnt sé að létta þeim skatti af útgerðinni eins og öðrum sköttum, sem hvíla þungt á henni, og munum við leita hófanna um það við n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki til athugunar, hvort ekki þyki fært að létta af því gjaldi einnig. Um sanngirniskröfuna þarf ekki að ræða.

Ég tel ekki nauðsynlegt að fylgja þessu máli úr hlaði með lengri framsöguræðu og leyfi mér að mælast til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Mér þykir rétt í sambandi við þetta mál, um að nema útflutningsgjald af sjávarafurðum, að skýra frá því, að ríkisstj. hefir, í samráði við sína stuðningsflokka, ákveðið að leggja fyrir þetta þing nú næstu daga frv. um afnám gjalds til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs að mestu eða öllu leyti.

Það er rétt að geta þess, að fyrir sjútvn. hafa legið tvö frv. skyld þessu máli nú að undanförnu, annað frá stjórnarflokkunum, en hitt frá fulltrúum sjávarútvegsins. Eftir þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á þessum málum, er ákveðið að afnema gjaldið til markaðs- og verðjöfnunarsjóðs að mestu eða öllu leyti. Mér þykir rétt í sambandi við þetta mál að gefa þetta nú þegar til kynna.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða þetta mál, en ég vil gera það að till. minni, að í stað þess, að þetta mál fari til sjútvn., þá fari það til fjhn., af því að það snertir gjald, sem upphaflega var sett á sem liður í tekjuöflun ríkissjóðs. Annars vil ég taka það fram, að ég sé ekki nokkrar líkur fyrir því, að ríkissjóður þoli nú að verða af þeim tekjum, sem þetta gjald hefir fært honum. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í þessar umr., en vildi aðeins gera þetta að till. minni, að málinu verði vísað til fjhn.

Flm. (Ólafur Thors): Ég vil láta í ljós ánægju yfir þeirri yfirlýsingu, sem féll af vörum hæstv. atvmrh. um, að stjórnarfl. hefðu fyrir sitt leyti aðhyllzt, að niður félli 6% gjaldið til verðjöfnunarsjóðs. Tel ég rétt að skýra frá því, að Sjálfstfl. hefir óskað eftir því, ef þess væri nokkur kostur, að þetta gjald gæti fallið niður, og hafa staðið yfir samningaumleitanir um þetta mál innan sjútvn. Nd. milli stjórnarfl. og Sjálfstfl., og við höfum talið, sjálfstæðismenn, að það sé í sjálfu sér sanngirnisleg ósk stjórnarfl. og okkar, að þetta mál nái fram að ganga, þó að menn sjái á því ýms vandkvæði. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. atvmrh. um, að stjórnarfl. hafi fyrir sitt leyti talið þetta kleift, og þegar Sjálfstfl. einnig lítur svo á, að það muni vera kleift, má telja það sem úrskurð um, að þessu gjaldi, sem sjávarútvegsmenn hafa kvartað mikið undan, verði nú létt af sjávarútveginum með sanngirnislegum vilja okkar allra. Ég veit, að þetta verður ánægjuefni allra, sem vita um, hve mikla örðugleika sjávarútv. hefir átt við að stríða.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil þakka hv. þm. G.-K. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. Hinsvegar er það ekki rétt, sem mér skildist hann segja, að stjórnarfl. hefðu í þessu efni aðhyllzt ósk eða till. Sjálfstfl. í þessu efni.

Ég er ekki vanur að skýra frá því, sem gerist í nefndum, og mun ekki heldur gera það nú, en mér skilst, að það frv., sem liggur fyrir sjútvn. frá hv. sjálfstæðismönnum, sé allt annars efnis en stjórnarfl. geta gert sig ánægða með.

Sigurður Kristjánsson: Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði hér um annað frv., sem fyrir liggur viðvíkjandi sjávarútveginum, vil ég taka það fram, að það er ekki rétt með farið, að það frv. sé frá Sjálfstfl., þó að óhætt sé að fullyrða, að þingflokkur sjálfstæðismanna sé því samþykkur. En frv. var lagt fram af mér persónulega í sjútvn. og með þeim orðum, að ég ætlaðist til, að það yrði ekki neitt flokksmál, heldur óskaði eftir, að það yrði tekið til meðferðar í n. og hæstv. atvmrh. yrði hafður með í ráðum. En forsaga þessa máls er sú — ég ætla þó ekki að blanda neinu óskyldu þar inn í —, að þetta mál var fyrir nokkru vakið af mér innan stjórnar sölusambands ísl. fiskframleiðenda, en svo kom ég með það hér inn af því, að ég áleit, að það ætti ekki að vera pólitískt, heldur athugast af öllum flokkum í sameiningu. En það vildi ég taka fram um leið, að það var alls ekki minn tilgangur, að ætlazt væri til þess, að engu fé yrði varið í því augnamiði, sem ætlazt er til með verðjöfnunarsjóðnum. Ég tel ekki, að útgerð landsmanna megi við því, að ríkið láti svo sem sér komi þetta mál ekkert við. Þess vegna kom mér aldrei til hugar, að þetta gjald yrði með öllu fellt niður. Ég ætlaðist til þess, og mitt frv. fer í þá átt, að þessu gjaldi sé létt af sjávarútveginum á þann hátt, að hann beri það ekki einn, og það er skoðun mín og margra annara, að hagur fleiri en útgerðarmanna velti á því, hvort hér er hægt að framleiða saltfisk og selja hann. Mér skildist á hæstv. ráðh., að meining hans sé sú, að þetta gjald falli alveg niður — að hvorki fiskeigendur né ríkissjóður greiði neitt gjald í þessu augnamiði —, og þá ber náttúrlega mikið á milli.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins víkja að neinum deilum um þetta, en eftir því, sem hefir andað að útgerðinni og útvegsmönnum frá stjórnarfl. hingað til, þá kemur mér það ekki á óvart, þó að þarna beri nokkuð mikið á milli og þó að stjórnarfl. ætlist til þess, að ekki verði mikið gert til þess að afla markaða fyrir þessa vöru. Annars skal ég geta þess í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði — að hann sæi ekki að ríkissjóður gæti misst þessara tekna, sem ætlazt er til, að hér falli niður, en það er útflutningsgjald af fiski —, að ég sé ekki, að sjávarútvegurinn geti eða megi við því að greiða þetta gjald. Það er því það sama, sem hér ber á milli, eins og oft áður, að annarsvegar eru menn, sem miklu ráða og vilja mjólka þessa kú, sjávarútveginn, án þess að gefa henni og án þess að hugsa fyrir því, að hún geti lifað til þess að mjólka, en hinsvegar aðrir, við sjálfstæðismenn, sem erum þeirrar skoðunar, að þegar um það er að ræða að taka fé af atvinnu-

rekstri, eigi ekki aðeins að líta á það, hvort ríkissjóður hafi þörf fyrir fé, heldur eigi einnig að líta á það, að sá, sem á að greiða fé, geti það.

Flm. (Ólafur Thors): Ég þarf í raun og veru engu sérstöku að bæta við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði. En ég vil aðeins taka fram, út af því, sem hæstv. atvmrh. beindi til mín, að ég var ekki að gefa mínum orðum neinn blæ af því, að ríkisstj. hefði látið sannfærast fyrir rök sjálfstæðismanna í þessu máli.

Ég geri ráð fyrir því, að alveg eins og stjórnarfl. og stjórnarandstæðingar töldu sig á sínum tíma til neydda að leggja þennan skatt á sjávarútveginn, þá sé nú svo komið, fyrir breytta rás viðburðanna, að þessir sömu aðilar geti séð rætast sameiginlega ósk sína um að létta af þessu gjaldi.

Út af till. hæstv. fjmrh. um að vísa þessu máli til fjhn. vil ég taka það fram, að ég er því mótfallinn. Það er á allra vitund, að slík mál sem þetta hafa alltaf verið hjá sjútvn. Við höfum verið að tala um það tveir fjhnm., sem saman sitjum, og okkur kemur saman um, að málið eigi heima í sjútvn. og að nýbúið sé að vísa tveimur samskonar málum þangað.

Héðinn Valdimarsson: Vegna þess að hv. 6. þm. Reykv. minntist á, að hann hefði hreyft frv. því, sem nú liggur fyrir sjútvn., en ekki er komið fyrir þingið, í fisksölunefndinni, vil ég taka það fram, að mér fannst hv. þm. gefa nokkuð villandi upplýsingar.

Það, sem þessi hv. þm. kom með, var ekki annað en það, að það gjald, sem nú er tekið af fiski og lagt í markaðs- og verðjöfnunarsjóð, yrði tekið úr ríkissjóði. Eftir upplýsingu hæstv. atvmrh. er ekki ætlazt til þess, heldur að gjaldið falli burt, vegna þess að hætt verði að veita fé í þessu augnamiði. En ég vil taka það fram, að ég hefi ekki orðið var við neinn sameiginlegan vilja hjá stjórnarfl. og Sjálfstfl. í þessu máli.

Sigurður Kristjánsson: Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagzt hafa komið með frv. í fisksölunefndinni, en það er misskilningur; ég sagðist aðeins hafa hreyft þessu máli fyrir löngu í fisksölunefndinni og kom með það í tillöguformi. Það var kjarni málsins, að ég fór fram á, að n., sem samkv. sinni stöðu er skyldug til þess að vera á verði um hagsmunamál útgerðarinnar, sendi Alþingi beiðni um þetta, og mér var kunnugt um, að það var skoðun margra, að það væri sanngjarnt. En síðan lagði ég það fram í frumvarpsformi í sjútvn., í þeim tilgangi, að n. tæki það að sér fyrst og fremst að ræða það við atvmrh. og síðan að flytja málið.

Ég get skýrt frá því jafnframt, að á næsta fundi n. kom fram frv. frá meiri hl. sjútvn., þeim nm., sem eru stuðningsmenn hæstv. stj., einmitt í þá átt, sem hæstv. atvmrh. gat um og er nokkuð annað mál. Það fer saman í þessum frv., að bæði vilja létta þessu gjaldi af sjávarútveginum.

Ég skal ekki segja um það, hvort stj. hefir fyrir löngu hugsað sér að gera þetta, en ekki varð ég var við, að hún hreyfði þessu máli fyrr en ég var búinn að leggja frv. fram. Það má vel vera, að hún fari svo vel með vilja sinn að létta þessu gjaldi af, en ef það á að fylgja, að ekki á að sjá á neinn annan hátt fyrir því, að markaðs- og verðjöfnunarsjóður geti starfað í þágu útvegsins á þann hátt, sem ætlazt er til, þá skilst mér, að þessi gjöf, sem stj. ætlar að rétta sjávarútveginum, sé heldur innantóm.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af því, í hvaða n. þetta mál fer. Frv. um afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum hefir verið afgr. frá fjhn. En hvað viðvíkur því, að hér hafi á þessu þingi verið vísað hliðstæðum málum til sjútvn., þar sem er frv. um útflutningsgjald af beinum, þá er það ekki hliðstætt, því að það útflutningsgjald var ekki lagt á sem tekjuöflun, heldur sem verndartollur, og þess vegna snertir það frekar sjútvn. Finnst mér því eðlilegt, að þessu máli verði vísað til fjhn., en geri það þó ekki að neinu kappsmáli.

Finnur Jónsson: Það er aðeins stutt aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hv. þm. sagði, að ef það ætti að fylgja afnámi gjaldsins í markaðs- og verðjöfnunarsjóð, að ekki yrði gert það, sem átti að gera fyrir sjávarútveginn með markaðs- og verðjöfnunarsjóði, þá teldi hann þessa gjöf lítils virði. Nú vil ég spyrja þennan hv. þm.: Er honum svo fast í hendi að halda áfram að framkvæma allt það, sem átti að gera með fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði, að hann endilega vilji leggja þann skatt á landsmenn yfirleitt, og þannig að halda áfram öllu því, sem átti að nota markaðs- og verðjöfnunarsjóð til? Harmar hann, að þær ástæður, er voru fyrir hendi, eru nú orðnar það breyttar, að ástæða er til að koma fram með það frv., sem hér liggur fyrir? — Í öðru lagi er ástæða til að benda á, að í 13. gr. l. um fiskimálanefnd er gert ráð fyrir, að ríkisstj. veiti einstökum mönnum eða félögum lán eða styrk til þess að koma upp tækjum til að verka fisk með nýjum aðferðum, og ennfremur að gera tilraunir um útflutning á nýja markaði. Fiskimálan. á að sjá um þetta, og til þessara framkvæmda var stj. veitt 1 millj. kr. lántökuheimild á síðasta þingi. Af þessu fé mun vera óeydd talsvert mikil fúlga, og efast ég ekki um, að hæstv. ríkisstj. muni verja því, sem óeytt er af fénu, í þessum tilgangi, og meðan svo er, er ekki ástæða til að bera stj. á brýn, að hún sjái ekki að verulegu leyti fyrir þessari þörf sjávarútvegsins, hvað sem líður markaðs- og verðjöfnunarsjóðnum. En ástæða væri til að segja, að ekki væri nema sjálfsagt, að sjávarútvegurinn legði eitthvað á móti, og þá gætum við athugað, hvort halda bæri einhverjum hluta af þessu háa gjaldi, sem allir þingflokkar voru sammála um að leggja á sjávarútveginn á síðasta þingi.

Flm. (Ólafur Thors): Ég segi eins og hæstv. fjmrh., að ég geri ekki að neinu kappsmáli, í hvaða n. málið fer, en mér finnst réttara, að það fari til sjútvn.

Mér finnst, að umr. um þetta mál snúist að allmiklu leyti um annað mál, og sannast að segja hafa þær verið nokkuð skringilegar. Það er þinginu til háðungar, að maður, sem er kallaður form. sjútvn., skuli leyfa hér að halda því fram, að engu máli skipti, hvort leyst sé sú þörf sjávarútvegsins, sem þó af öllum löggjöfunum hefir verið talin svo rík, að tilvinnandi hefir þótt að leggja okurgjald á sjávarútveginn í því skyni, að henni yrði fullnægt.

Að öðru leyti er sú þræta, sem hér fer fram, ástæðulaus og gagnslaus. Það hefir komið fram yfirlýsing frá hæstv. atvmrh., að stjórnarfl. séu búnir að ákveða fyrir sitt leyti að létta þessu gjaldi af sjávarafurðunum. Það er og upplýst, að Sjálfstfl. er þeirrar sömu skoðunar, og það er upplýst af hæstv. atvmrh., að honum hefir verið kunnugt frá þingbyrjun, að Sjálfstæðisfl. vill þetta, og það er viðurkennt af mér, að mér hefir verið kunnugt um, að hæstv. atvmrh. hefir haft sömu tilhneigingu til að létta þessum skatti af. Samtalið milli okkar hefir eingöngu snúizt um það, hvort kleift þætti að gera þetta. Nú lýsti hann því yfir, að hans flokkur teldi það kleift, og ég lýsti yfir, að Sjálfstfl. teldi það kleift. Mér er því ekki ljóst, hvers vegna er verið að rífast. Legg ég því til, að deilur falli niður, en menn sameinist í ánægju yfir því, að þessum þungbæra skatti verður af létt.

Sigurður Kristjánsson: Það er aðeins örstutt svar við þeirri spurningu, sem hv. þm. Ísaf. kom með. Mér fannst hún nú eiginlega ekki koma þessu máli neitt við. — Hann spurði að því, hvort ég væri ákafur með því, að það væri borgað, sem lög um markaðs- og verðjöfnunarsjóð gera ráð fyrir, og hvort ég harmaði, að þörfin væri nú ekki fyrir hendi.

Það er held ég það fyrsta, að þessi hv. þm. viti, hvað það er, sem þurfti að borga. Það stendur í lögunum, hvað eigi að gera við sjóðinn, að það eigi með honum að tryggja og rýmka markaði fyrir saltfisk og að verja honum til verðjöfnunar á fiski. Ég get svarað þessum hv. þm. strax. Ég er áfram um, að þetta sé gert — að markaðurinn sé rýmkaður og tryggður og viðhaldið og menn fái verðjöfnunaruppbætur, þegar ekki er hægt að láta eitt yfir alla ganga um sölu fiskjarins. Mér er ekki kunnugt um, að þessi hv. þm., sem er athafnamikill maður, sé búinn að gera neitt til þess að létta af þörfinni fyrir markaði fyrir sjávarafurðir. Hitt skyldi ég ekki harma, ef það væri gert á þann hátt, að nægir markaðir væru fyrir hendi. Það er áreiðanlegt, að bæði ég og aðrir, sem eitthvað hugsa um sjávarútveginn, vilja láta eitthvað af mörkum til þess að tryggja þá markaði, sem fyrir eru, og rýmka þá, en ég álít aðeins ekki rétt að líta á málið svo sem það sé hagur útgerðarmanna einna, sem er hagur landsmanna allra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Flm. þessa máls, hv. þm. G.-K., lét þau orð falla, að sjálfsagt væri að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, því að búið væri að afnema útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Ég hefi þá skoðun, að hér sé um ólíkar kringumstæður að ræða. Ég vil vekja athygli n., sem fær þetta mál til meðferðar, á því, að til þess að framleiða landbúnaðarafurðir þarf sá, sem það gerir, að eiga land eða hafa afnotarétt af því. En af því leiðir, að hann þarf að borga vexti af höfuðstól, eftir því hve landið er talið mikils virði. Sjórinn er aftur á móti sameign allra, þó að vísu það kapital, sem úr honum fæst, komi í hendur þeirra, sem hann nytja. Það gjald, sem borgað er í ríkissjóð sem útflutningsgjald af sjávarafurðum, skoða ég sem afgjald til allra landsmanna í heild, fyrir afnot, sem allir eiga rétt til, en sumir þegnar nota; það er svipað og upprekstrargjald í hrepp fyrir land, sem allir eiga sameiginlega, en þeir borga svo leigu af, sem nota. Nú má deila um, hve sjórinn sé mikils virði og hve hátt þetta gjald eigi að vera. En það hygg ég, að allir séu sammála um, að hann sé mikils virði. (PO: Þá ættum við að fá afnotagjöld frá Englendingum og Frökkum, sem hér veiða). Telur hv. þm. sjóinn kringum landið ekki okkar eign, og ekki verðmikinn?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16:13 atkv.

Á 99., 100. og 101. fundi í Nd., 14., 16. og 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 434, n. 623).

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er, eins og kunnugt er, flutt af nokkrum sjálfstæðismönnum, aðallega þeim, sem eru úr sjávarútvegskjördæmum. Ég hefði haldið, að það lægi nokkurn veginn ljóst fyrir, enda eru fleiri þeirrar skoðunar, að eftir að útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum var af létt, þá væri talið sjálfsagt að afnema þetta gjald einnig af sjávarútveginum. Það þarf að vísu ekki að ganga í grafgötur um það, að þessu máli hefir ekki verið tekið með velvilja af hæstv. stj., og má telja það ennþá furðulegra fyrir þá sök, að þetta þing og þessi hæstv. stj. er að gera margháttaðar ráðstafanir, sem beinlínis íþyngja þessum atvinnuvegi, og get ég í því sambandi minnt á frv. til l. um bráðabirgðaverðtoll, sem flutt var með samþykki hæstv. stj., frv., sem að vísu á að vera til þess að hlaða undir innlendan iðnað, en gengur þó í höfuðatriðum út á að íþyngja atvinnuvegunum, sérstaklega sjávarútveginum. Svo er frv. um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, sem gerir ráð fyrir því að skattleggja mjög margar vörutegundir, sem eru beinlínis neyzluvörur bæði sjávarútvegsmanna og annara landsmanna, og mun þetta frv. áreiðanlega íþyngja sjávarútveginum allverulega. Enda þótt hæstv. stj. hafi allt fram að þessu á yfirstandandi þingi bæði beint og óbeint sýnt sjávarútveginum ýmiskonar óvild og íþyngt honum á ýmsa lund, þá held ég, að menn hafi ekki átt von á því, að hæstv. stj. mundi beita þeirri aðferð að hnýta aftan í frv. nýjum skatti, hinum nýja benzínskatti, og kemur hann sem kunn-

ugt er mjög hart niður á útgerðinni, því að hún þarf á mjög miklum landflutningum að halda. Þegar þess er gætt, að hin nýju tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstj. ganga öll út á að íþyngja sérstaklega sjávarútveginum, þá væri ekki síður nauðsyn á að létta af beinum skatti til ríkissjóðs af vörum sjávarútvegsins. Ég þarf náttúrlega ekki að minnast á það, að útvegsmenn, sem héldu hér fund í haust, gerðu það einróma að kröfu sinni, að þessum beina skatti á framleiðsluvöru þeirra væri létt af. Því hefir stundum verið slengt framan í okkur, sem höfum komið með þessa kröfu, þessa jafnréttis- og réttlætiskröfu um afnám útflutningsgjalds á sjávarafurðum, að okkur bæri skylda til að sjá ríkissjóði fyrir jafnmiklum tekjum, ef við vildum losna við þetta gjald. Minni hl., sem heldur því fram, að rétt sé að afnema þetta útflutningsgjald af sjávarafurðum, viðurkennir ekki, að honum beri skylda til þess að gera þetta. Sjútvn. hefir aðallega það starf með höndum að berjast fyrir hagsmunum sjávarútvegsins. Þess vegna skýtur það skökku við, ef íþyngja á sjávarútvegsmönnum með sköttum meira en öðrum landsmönnum. N. á að gegna þessari skyldu fyrst og fremst. Hæstv. stj. hefir nógar n. og leiguþjóna til þess að skipa til að greiða jákvæði hverju tekjuöflunarfrv., sem henni þóknast að bera hér fram; það hefir sýnt sig allgreinilega síðustu dagana. Ég þykist vita, að ekki muni hafa skipazt neitt veður í lofti hjá hv. stjórnarflokkum síðan þetta frv. var hér fyrst á dagskrá, og þó hefir greinilega verið sýnt fram á það, að sjávarútvegsmenn eiga heimtingu á því, að þessum skatti sé létt af, sem er hvergi nokkursstaðar í neinu landi nema hér lagður á framleiðsluvörur landsmanna. Þegar því er haldið fram, að sjávarútvegúrinn eigi heimtingu á því að losna við þetta útflutningsgjald, þá afsaka sumir menn sig með því, að útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum hafi verið létt af sökum þess, hversu ójafnt það hafi komið niður á bændum landsins; sumir bændur, sem selt hafa kjöt á innlendum markaði, hafi alveg sloppið við útflutningsgjaldið, en það hefir hinsvegar lagzt á þá, sem urðu að senda kjöt, saltað og freðið, til útlanda. Þetta er aðeins yfirvarpsástæða, og má benda á það í þessu sambandi, að það eru til lög, sem framsóknarmenn hafa sett hér á þinginu, hin svo kölluðu kjötsölulög, sem gera einmitt ráð fyrir verðjöfnun milli hinna ýmsu landshluta og kjötframleiðenda. Það hefði verið leikur einn að jafna þessu útflutningsgjaldi milli framleiðendanna og gera aðstöðuna jafna fyrir bændur með þessum lögum. Ástæðan fyrir því, að útflutningsgjaldi á landbúnaðarafurðum var létt af, var sú, að fulltrúar bænda hér á þingi viðurkenndu, að útflutningsgjaldið var í sjálfu sér rangt, og af því að bændur stóðu þessum mönnum næst, þá voru þeir fyrst teknir úr flokki og þessu gjaldi létt af landbúnaðarafurðum.

Ég vil minna hv. dm. á það, að hæstv. fjmrh. talaði með miklum fjálgleik, þegar hann var að verja hið svonefnda bráðabirgðatekjuöflunarfrv. fyrir nokkrum dögum, um það, að þetta frv. væri ekki þannig útbúið, að hinir svokölluðu smáframleiðendur í landinu yrðu fyrir nokkrum skaða af því. Það er orðinn nokkuð algengur „frasi“ hjá þessum mönnum, bæði kommúnistum og jafnaðarmönnum, að þeir þykjast vilja gera allt fyrir smáframleiðendur landsins, en hirða svo ekkert um þá stærri. En það er nú því miður svo, að hér á landi er lítið um stórframleiðendur, svo að þessir framleiðendur geta því flestir komið undir þá smærri. En þegar hæstv. ráðh. sagði þetta, var benzínskatturinn ekki kominn inn í frv., og býst ég ekki við, að smáframleiðendur þessa lands séu neitt hrifnir af frv. eins og það er nú, með benzínskatti og auk þess verðtolli, sem nær yfir allar fatnaðarvörur og margar nauðsynjavörur. Þegar svo þar við bætist, að hæstv. stj. skellir skollaeyrunum við þeirri jafnréttis- og réttlætiskröfu, að útflutningsgjaldi af sjávarafurðum sé af létt, þá veit ég ekki, hvar þessa „umhyggju“ hæstv. stj. fyrir hagsmunum smáframleiðenda er að finna, því að þeir, sem eru svo sem kunnugt er margfalt fleiri en þeir stóru, verða fullt eins tilfinnanlega fyrir barðinu á þessari ranglátu löggjöf.

En sjávarútvegsnefnd á ekki að bera hag neinna sérstakra veiðimanna fyrir brjósti, heldur allrar stéttarinnar. En meiri hl. sjútvn. hefir skotið sér undan þessari réttlátu kröfu sjávarútvegsins, sem er tvöfalt réttlátari síðan létt var útflutningsgjaldinu af landbúnaðarafurðum. Skatturinn hefir alltaf verið ranglátur, en hann er tvöfalt ranglátari, þegar annar atvinnuvegurinn er losaður við hann, en hinn látinn bera hann áfram.

Það má vera, að meiri hl. sjútvn. beri sigur af hólmi í þessu máli, en hitt er víst, að krafan um afnám útflutningsgjaldsins er ekki þar með fallin niður. Hönd hv. meiri hl. sjútvn. mun verða skamma stund fegin því höggi, sem hún nú greiðir sjávarútveginum.

Aldrei hafa horfur þessa atvinnuvegar verið jafnerfiðlegar og nú. Hvert markaðslandið bregzt á fætur öðru. Á Ítalíu verður enginn fiskur seldur, nema gegn vörum. Um Spán er allt í óvissu, en almennt aðeins búizt við broti af innflutningsleyfi síðasta árs. Í Portúgal er að vísu ekki innflutningsbann á fiski, en þeir auka stöðugt útgerð á eigin skipum, og auk þess er samkeppnin við Norðmenn þar svo hörð, að verðið á íslenzkum fiski þar svarar alls ekki framleiðslukostnaði. Að vísu hefir dálítið af fiski verið selt til Suður-Ameríku, og sumir gera sér miklar vonir um sölu þangað. Það má vel vera, að einhver sala takist þangað, en það er barnaskapur að halda, að saltfiskssala þangað bæti á nálægum tíma upp þann markað, sem þegar hefir tapazt í Evrópulöndunum. Þegar litið er á það, hvað Suður-Ameríka flytur inn af fiski í allt, sést bezt, að Íslendingar geta aldrei flutt þangað inn mikið af saltfiski í harðri samkeppni við Noreg og Newfoundland. Ég er ekki að gera lítið úr þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til markaðsöflunar í Suður-Ameríku, en ég vil aðeins taka afstöðu gegn þeirri óleyfilegu bjartsýni, að Suður-Ameríkumarkaðurinn muni bæta það upp, sem misstst hefir og missist í Evrópulöndunum.

Svona er nú ástandið hjá þessum atvinnuvegi, sem sjútvn. vill ekki unna þess, að létt sé af honum ranglátu gjaldi, sem hann greiðir fram yfir aðra landsmenn. — Ég öfunda ekki þennan meiri hl., sem nú er á hverjum degi að rétta upp hendurnar til þess að íþyngja afkomu útgerðarmanna enn meir og þeirra sjómanna og verkamanna, sem atvinnu hafa hjá þeim.

Þótt þetta mál nái ekki afgreiðslu nú, mega þó andstæðingar þess vera vissir um það, að ávallt verða einhverjir til þess að halda uppi sókn í þessu máli, sem er réttlætismál, hvernig sem á það er litið, og fullkomið réttlætismál nú.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Þetta mál, sem er eitt hið mesta réttlætis- og áhugamál sjávarútvegsins, hefir nú verið sótt hér gegn stj., en þó sýnir hún þessu máli það tómlæti og þá óvirðingu, að enginn ráðh. er viðstaddur, þegar það er rætt. Sú svívirðing, sem stj. reynir að sýna sjávarútveginum með þessu, staðfestir þann orðróm, að henni sé ekki sárt um, þótt markaðir tapist í Suðurlöndum, og einstakir menn henni nákomnir hafi róið að því öllum árum að eyðileggja beztu markaði okkar þar. Ég vona, að stj. frétti þetta eftir mér, og hún á eftir að heyra það víðar að. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem áður hefir verið margsagt og sannað, að það er útvegurinn, sem hefir haldið uppi fjárhag og menningu landsins síðustu áratugi og lagt allt það fram, sem varið hefir verið til efnalegra og andlegra framfara í landinu. Það eru því athafnamennirnir á því sviði, sem borið hafa ljós í hús þjóðarinnar. Því er það furða að mæta slíkum ofsa og fjandskap sem raun er á af hálfu stjórnarflokkanna í garð sjávarútvegsins. En víst er, að sá kuldi, er sjávarútvegurinn hefir kennt frá framsóknar- og jafnaðarmönnum, stafar ekki af því, að þessi atvinnuvegur hafi bakað þjóðfélaginu tjón. heldur af hatri á einstökum mönnum, sem að honum standa, og af hatri á því einkarekstrarfyrirkomulagi, sem hann hefir verið rekinn með.

En þrátt fyrir allt það, sem þessi atvinnuvegur hefir lagt og leggur beint af mörkum, er hitt þó enn meira, sem hann leggur óbeint af mörkum til ríkis og einstaklinga. Það eru þessi óbeinu framlög, sem ber fyrst og fremst að vernda, en til þess verður að létta af hinum beinu gjöldum, eins og útflutningsgjaldinu.

Þetta gjald var upphaflega lagt á sem gróðaskattur, en ekki með þeim rökum, að rétt væri að leggja skatta á framleiðsluvörur til útflutnings. Það er kunnugt, að um tíma varð allmikill hagnaður á rekstrinum, en hitt er líka á allra vitorði, að sá gróði hefir nú í mörg ár samfleytt snúizt upp í verulegt tap, svo að hver peningur, sem græddist á góðu árunum, er nú tapaður, og líka það fé, sem útgerðarmenn hafa aflað með öðru móti. Enda hefi ég engan heyrt halda því fram, að neitt annað réttlæti þennan skatt en fjárþörf ríkissjóðs. En í almennum viðskiptum þýðir ekki að segja: Ég þarf peninga og þess vegna verður þú að borga þá. Það er stj. ein, sem beitir þessari reglu gagnvart sjávarútveginum. — Því hefir verið haldið fram með réttu, að ef ríkissjóður missi tekjur sínar af útflutningsgjaldinu, verði hann annaðhvort að lækka útgjöld sín eða fá tekjur í staðinn. En eins og kunnugt er, lætur stj. sér ekki til hugar koma að draga úr neinum gjöldum, og því hefir sífellt klingt í eyrum okkar, sem heimtum afnám gjaldsins, að við verðum að sjá fyrir tekjum í staðinn. Ég hefi nú áður margsinnis sýnt fram á það, hvílík firra þetta er og þvertré í höfðum þeirra manna, er halda þessu fram. Það er stj. að þessu þingi loknu bætt við 3½ millj. kr. fyrir tekjum. En það er hlutverk sjútvn. að gæta hagsmuna sjávarútvegsins, en ekki að mala gull í ríkissjóðinn. Um fjáröflun ríkissjóðs kemur til kasta atkvæðis hvers þm. gagnvart tillögum stjórnarinnar. Þrátt fyrir þetta hafa flm. þessa frv. boðizt til að sjá fyrir tekjum í staðinn, ef ekki eru hlaupin gönuhlaup í eyðslu. En nú hefir stj. að þessu þingi loknu bætt við 3½ millj. kr. álögum á einu ári, og svo segir hún, að sjútvn. sé skyldug til að sjá fyrir tekjum, sem vegi á móti útflutningsgjaldinu, ef það verði afnumið! Á síðasta stigi málsins er komið með hækkunartill., sem nema um 350 þús. kr. í ríkissjóð, ef þær verða samþ. Þetta er svipuð upphæð og útflutningsgjaldið nemur. Mér skilst því, að stj. þurfi ekki að leita til sjútvn. til þess að láta hana benda sér á leiðir til fjáröflunar.

Ég veit vel, að þetta mál kemst ekki gegnum þingið að þessu sinni, enda hefir mér skilizt, að stj. og þjónustufólk hennar sé alráðið í því að leggja það niður við trogið og slátra því. En það mega þeir herrar vita, að ofríki þeirra mun ekki eiga sér langan aldur, og áður en langt um líður verða þeir kallaðir til reikningsskapar fyrir framkomu sína í þessu máli og fjandskap sinn gegn sjávarútveginum fyrr og síðar. Og af því að nú er ekki lengur hægt að selja fisk án ríkjasamninga og stj. hefir núið andstæðingum sínum því um nasir, að þeir hafi vanrækt að afla markaða, verða þeir áreiðanlega spurðir að því, hvað þeir hafa gert til þess að afla markaða á Spáni og Ítalíu. Það mega þeir vera vissir um.

Ég veit, að það er ætlun meiri hl. sjútvn. að humma þetta mál fram af sér með því að þegja. Meiri hl. hefir ekki gefið út neitt álit, heldur hefir hann tekið það sama ráð og stj., að enda mótstöðu sína gegn málinu með því að sýna því fulla fyrirlitningu. En þeir skulu þó ekki halda, að sóknin verði látin niður falla. Þetta mál verður flutt á næsta þingi, og þótt nú sé komið illa fyrir sjávarútveginum, býst ég því miður við því, að þá verði hag hans enn verr komið, þrátt fyrir alla einlægni(!) stj. í þá átt að afla markaðar í markaðslöndunum.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Í ræðu, sem hv. 6. þm. Reykv. hélt í gær um þetta mál, tók ég eftir því, að hann sagði, að ríkisstj. væri grunuð um ótrúmennsku gagnvart sjávarútveginum, og ennfremur, að ýmsir menn í stjórnarflokkunum væru grunaðir um að spilla saltfiskmarkaðinum. Fyrir þessu færði hann engin rök,

og eru þetta aðeins stóryrði, sem ég get látið mér nægja að vísa á bug. Það er kunnugt, að ríkisstj. hefir gert allt og mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að tryggja saltfisksmarkaðinn. Það er kunnugt, að um þetta standa stjórnarflokkarnir saman báðir sem einn, og þessi gífuryrði hv. 6. þm. Reykv. eru ekki annað en tilhæfulaus ósannindi, sem ég vildi ekki láta ómótmælt.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Finnur Jónsson: Það er nokkuð langt liðið síðan þetta mál var hér til umr. síðast, og var ýmislegt í ræðum hv. minni hl. sjútvn., sem ég gjarnan hefði viljað svara, en skal ekki fara ýtarlega út í nú. Ég hefi áður í umr. um annað mál hér í d. bent á, þegar talað hefir verið um, að ekkert samræmi væri í því að greiða útflutningsgjald af sjávarafurðum, en fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, að á sama ári og fellt var niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum var lækkað útflutningsgjald af síld, sem mun hafa numið í venjulegu árferði fullkomlega eins miklu og því útflutningsgjaldi, sem fellt var niður af landbúnaðarafurðum. Ég skal fúslega viðurkenna, að það væri ákaflega gott fyrir sjávarútveginn, ef Alþingi sæi fært að fella þetta gjald niður, en ennþá hefir hvorki ríkisstj. né fjvn. treyst sér til að leggja fram neina till. í því efni. Það hefir verið bent á, að mikil nauðsyn væri á að leggja þetta gjald niður vegna þess, að útflutningur á saltfiski til ýmissa landa væri nú orðinn mjög takmarkaður og mundi jafnvel stöðvast. En ef spár þeirra, sem verst spá í þessu efni, kunna að rætast, þá er það áreiðanlegt, að niðurfelling þessa útflutningsgjalds eitt saman getur ekki bjargað fiskútgerðinni frá því hruni, sem yfir henni vofir. Það, sem þess vegna þarf að gera í þessum málum, er það, sem ríkisstj. hefir nú með höndum, sem sé að reyna að koma á sem allra hagkvæmustum samningum við erlend ríki um innflutning á saltfiski, og ennfremur að bæta og breyta verkunaraðferðunum þannig, að líkur séu til, að hægt sé að selja fisk í öðru ástandi en sem saltfisk. Í þessu efni hafa verið gerðar mjög víðtækar ráðstafanir af hálfu Alþingis, en segja má, að þær hafi verið gerðar nokkuð seint, en það var ekki á valdi núv. Alþingis eða núv. stj. að gera þær ráðstafanir svo snemma sem þurft hefði með.

Það var gerð krafa um það frá hv. þm. Vestm. til meiri hl. sjútvn., að honum bæri sérstaklega skylda til að sjá hag sjávarútvegsins borgið. Það er vissulega satt, en sú sama skylda hvílir á öllum þingheimi. Og þar sem hv. fjvn. einum rómi, og þar á meðal einn af flm. þess frv., sem hér liggur fyrir, hefir í till. sínum við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 áætlað tekjur af þessu útflutningsgjaldi 700000 kr., og engin brtt. hefir komið við þessa till. frá hv. þm., og þessi gr. fjárlfrv. samþ. alveg einróma, eftir því sem ég bezt veit, þá lítur út fyrir, að menn hafi álitið, að ríkissjóður mætti ekki missa þær tekjur, sem útflutningsgjaldið getur veitt honum. Áskorunum þeim, sem hv. þm. Vestm. beindi til okkar í meiri hl. sjútvn., ætti hann þess vegna heldur að beina til þingheims yfirleitt, sem hefir gert ráð fyrir, að útflutningsgjaldið héldist á næsta ári, og þar á meðal til sinna flokksmanna í fjvn., og þó sérstaklega þess manns úr fjvn., sem er meðflm. hans að þessu frv. (hv. þm. Borgf.).

Ég hefi orðið var við, að hv. minni hl. sjútvn. ber hér fram í þessari d. frv., sem ekki virðist, að þeir hafi sérstakan áhuga fyrir að koma í framkvæmd. Ég vil geta þess með þetta frv., að það var afgr. frá sjútvn. 16. nóv., en minni hl. skilaði nál. fyrst 9 dögum seinna. Það ber ekki vott um, að þeir hafi álitið, að það hefði þann byr í þessari d., að þeir teldu þörf á að hraða afgreiðslu þess af þeim orsökum.

Annað mál var einnig afgr. frá sjútvn., sem minnihl.menn studdu og voru flm. fyrir. Það var frv. um markaðssjóð saltfisks. Það mál var afgr. í sjútvn. 9. nóv. Nál. hefir ekki komið enn þann dag í dag frá minni hl. sjútvn. Af þessu má sjá, að þau mál, sem þessi minni hl. ber fram í þessari d., eru meira flutt til að sýnast heldur en af því, að minni hl. geri sér von um, að þau muni komast fram, eða hafi verulegan áhuga fyrir að koma þeim fram. Ég vil láta þessa sérstaklega getið, af því að það var deilt hér á hæstv. forseta fyrir nokkru fyrir það, að þetta frv. hefði ekki verið hér til umr. í d. fyrr en raun hefir á orðið.

Þar sem mjög er liðið á þingtímann og ekki sýnilegt, að flm. frv., ekki einu sinni sá, sem á sæti í fjvn., ætli að gera neina till. um að fella þennan lið niður úr fjárlagafrv., þá leyfi ég mér ásamt hv. 3. landsk. og hv. þm. N.-Þ. að bera fram rökst. dagskrá, sem ég óska, að hæstv. forseti beri undir atkv. að umr. lokinni.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá meiri hl. sjútvn.:

„Þar eð fjvn. einum rómi, þar á meðal einn flm. þessa frv., hefir í till. sínum við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 áætlað tekjur af útflutningsgjaldi 700000 kr., og engin till. hefir komið fram til breyt. á þessu, heldur hefir sá tekjuliður þvert á móti verið samþ. í e. hlj. í sameinuðu Alþingi og ekkert útlit þannig er fyrir, að mál þetta nái fram að ganga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi rökst. dagskrá liggur þá einnig fyrir hér til umr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er einstaklega broslegur þókstuðningurinn á þessari dagskrártill., sem hér er borin fram. Þetta frv. kom fram í þingbyrjun, en er nú til 2. umr., svo að það hefir verið hægagangur á afgreiðslu þess. Nú er væntanlega komið að þinglokum, og því var þess varla að vænta, að fjvn. gæti gert till. sínar viðvíkjandi breyt. á fjárl. með hliðsjón af því, að þetta frv. yrði samþ. Náttúrlega gat það ekki komið til mála fyrr en vitað var nokkurn veginn með vissu, eða a. m. k. að líkur sýndust vera til þess, að þetta frv. yrði samþ. En það vita allir,

að til þess voru sáralitlar líkur þegar í upphafi, m. a. vegna þess, að það var aðeins minni hl. sjútvn., sem mælti með, að frv. yrði samþ., en meiri hl., þ. e. a. s. fulltrúar stjórnarflokkanna í n., fékkst ekki til að leggja því liðsyrði. Ég hygg, að þeir hafi ekki komið fram með nein opinber andmæli gegn frv., en af því, hvernig þeir tóku í málið, voru litlar líkur til þess, að það næði fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna var, eins og ég sagði, engin von til þess, að fjvn. gerði till. sínar við fjárl. þannig, að gert væri ráð fyrir því, að þetta frv. væri samþ. Hinsvegar er engan veginn ómögulegt eða ógerningur að samþ. þetta frv. af þessum ástæðum, fyrst og fremst af því, að ef vilji væri til þess, væri möguleiki til þess enn, þar sem 3. umr. fjárl. er ekki afstaðin, að gera þær breyt. á fjárlfrv., sem gerði það kleift að samþ. þetta frv.

Í annan stað er það vitanlegt, að þing verður háð snemma á næsta ári, og það þing á að hefjast eftir tæpa tvo mánuði, og væri þá einnig, þó að þetta frv. væri samþ., en ekki séð fyrir tekjuöflun í stað þeirra tekna, sem þar væru niður felldar, tími til þess að bæta úr því á því væntanlega þingi næsta árs. Rökstuðningur þessarar dagskrártill. er því alveg út í loftið og fullnægir alls ekki þeirri kröfu, sem til slíks rökstuðnings ber að gera.

Hinsvegar vil ég minna á það, að með nýjum sköttum og tollum hefir síðasta þing og það yfirstandandi þing verið að afla svo mikilla tekjuöflunarmöguleika fyrir stj., að það er mörgum sinnum sú upphæð, sem útflutningsgjaldið gefur, sem aflað er með þeim tekjuaukal., og m. a. ættu menn að láta sér skiljast það, að þótt því sé borið við, að miklu af þessum tekjum eigi að verja til þess að ráða bót á yfirvofandi atvinnuleysisvandræðum hér á landi, þá er það lítt skiljanlegt, að nokkur þm. geti ekki látið sér skiljast það, að það er ekki hægt að gera neinar ráðstafanir til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem nokkrar líkur eru til, að gætu náð þeim tilgangi eins vel, hvað þá betur heldur en ef létt væri undir með atvinnurekstrinum í landinu og almenningur þannig studdur til þess að fá meiri atvinnu en ella væri kostur á. Það er eiginlega alveg óskiljanleg afstaða hjá stjórnarflokkunum, þegar þeir leggjast af öllum mætti á móti því, að á nokkurn hátt sé létt byrðum af þessum aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútgerðinni, þótt ekki væri til annars en að auka atvinnuna í landinu, því að það er augljóst, að því meira sem þrengt er að honum, því slælegar verður hann rekinn og því stopulli verður hann og því meira verður atvinnuleysið, og það atvinnuleysi, sem skapast af því, að þessi atvinnurekstur er ekki rekinn með eins miklum krafti og unnt væri, er miklu meira en hægt er að bæta úr með þeim ráðstöfunum, sem hægt er að koma á í framkvæmdum fyrir afskipti stjórnarflokkanna. Það er atvinnnubótavinna og ýms önnur vinna í landinu, sem ráðgert er að auka eða halda uppi til þess að bæta úr brýnustu þörfum manna, sem atvinnulausir verða vegna vanmættis atvinnuveganna.

En það er önnur hlið á þessu máli, sem mér virðist líka nokkuð þýðingarmikil, en ég efast um, að stjórnarflokkarnir hafi gert sér grein fyrir eins og vert er. Mér virðist, að þessi skattheimta af atvinnuvegi, sem hefir verið og er rekinn með stöðugu tapi í heildinni, hvað sem líður einstökum fyrirtækjum, sem enn kunna að berjast í bökkum, sé alláþekk fjárglæfrum í rekstri einstakra manna. Það er vitað, að sjávarútvegurinn er rekinn á þann hátt, að það er aðallega á kostnað lánveitenda, sem leggja fé fram til rekstrarins. Og svo eru atvinnurekendur neyddir til að taka af því lánsfé, sem þeir starfa með og geta ekki endurgreitt, svo og svo mikinn skerf til þess að leggja í ríkissjóð. Það er náttúrlega enginn vafi á því, að önnur eins meðferð á lánsfé í verzlun einstakra manna mundi tvímælalaust varða við ákvæði hegningarlaganna. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að svo verði litið á, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái ekki að þessu leyti til þings eða stjórnar, og einstaklingar, sem þannig er gengið yfir, eru náttúrlega sýknir saka, því að þeir eiga við ofurefli að etja, þannig, að það, sem er ósæmilegt í þessu, og í raun og veru alveg hliðstætt við hegningarvert athæfi einstaklinganna, það er algerlega á ábyrgð þings og stj., eða þeirra ráðandi flokka, sem gangast fyrir að halda uppi slíkri skattrúningu á atvinnu, sem algerlega er rekin fyrir lánsfé.

Það er vitanlegt, að atvinnurekstur í þessari atvinnugrein aflar sér lánsfjár bæði hjá einstaklingum og opinberum lánsstofnunum, og hinar innlendu opinberu lánsstofnanir afla sér hinsvegar lánsfjár hjá erlendum lánsstofnunum, og gagnvart öllum þessum lánsstofnunum virðist mér, að í raun og veru séu af ríkisvaldinu framin „systematisk“ svik eða fjárprettir með því að leggja slíkan skatt á atvinnurekstur, sem vitað er um, að ekki getur frá ári til árs skilað því fé, sem hann hefir fengið að láni til rekstrarins. Þetta er í raun og veru ekkert annað en sviksamlegt athæfi, þó að það sé löglegt, og mér virðist, þegar málið er athugað frá þessari hlið, þá sé ekki eingöngu um það að ræða frá þingsins sjónarmiði, hvernig hægt sé fyrir ríkissjóð að verða án þessara tekna og afla sér annara í staðinn. Mér virðist þörfin einnig vera svo knýjandi vegna þeirrar siðferðislegu skyldu, sem hvílir á þingi og stj. í þessum efnum, að það verði að krefjast þess, að slíku gjaldi sem þessu verði létt af. Þetta er í raun og veru sviksamlegt athæfi, þótt það sé löghelgað. Hér er ekki einungis um það að ræða, að vera án tekna eða ekki fyrir ríkissjóð. Hin siðferðislega skylda þings og þjóðar er hér svo rík, að klifa verður þrítugan hamarinn til að létta af slíkum gjöldum, sem aðeins eru þjófnaður úr sjálfs sín hendi af fé, sem einstaklingum og þjóðinni er trúað fyrir.

Sú upphæð, sem hér ræðir um, er veruleg upphæð, áætluð 700 þús. kr., en þegar litið er á það, að síðustu þing hafa hækkað skatta um margfalda þessa upphæð, er það engin afsökun fyrir því, að halda slíkri skattálagningu áfram, að ekki sé bent á aðra skattstofna í staðinn.

Hér hafa verið bornar fram margar till. um sparnað í ríkisrekstri, sem vegið gæti á móti þessu útflutningsgjaldi. Og það hefir margsinnis

verið sýnt fram á það af öðrum hér, að allur fjárhagur ríkisins er undir því kominn, að atvinnuvegirnir geti haldið áfram. *Og ég veit*, að öllum hv. þm. er það ljóst, að það atvinnuleysi, sem skapast af lömun atvinnuveganna, verður ekki læknað með bráðabirgðaráðstöfunum.

Ég vil því láta fella þetta gjald niður, alveg *burtséð frá því, þótt meiri hl. sjútvn. telji erfitt* að afla fjár í staðinn. Annars er það alls ekki hlutverk sjútvn. að sjá ríkissjóði fyrir tekjum. Hennar hlutverk er fyrst og fremst að vernda hagsmuni sjávarútvegsins, og hún átti að gera *till. sínar með það eitt fyrir augum að hlynna* sem bezt að sjávarútveginum, bæði þeim, sem reka hann, og öllum þeim mörgu, sem að honum vinna á annan hátt.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Mér þykir leitt, að hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, því að ég kvaddi mér hljóðs eingöngu vegna þeirra fáu orða, sem hann sagði hér. Það má vel vera, að hann hirði ekkert um að svara þessu neinu, því að það mátti heita, að hann sæist ekki hér í hv. d., þegar fyrri hl. umr. fór fram; hæstv. ráðh. kom hér rétt inn í dyrnar áður en umr. var frestað, og hann heyrði ekkert af því, sem hv. frsm. málsins sagði, og hann fór út úr hv. d. án þess að vita, hver var frsm. málsins. Hann greip aðeins seinustu orðin í ræðu minni, en ekki var vandvirknin meiri en það, að hann fór ekki rétt með það, sem ég sagði. Þetta get ég borið undir hv. d., því að ég hygg, að hér séu sömu menn og þá voru við. Hann sagði, að ég hefði sagt, að hæstv. ráðh. væru grunaðir um ótrúmennsku við sjávarútveginn. Ég var svo gætinn að skrifa niður hjá mér ummæli mín um þetta. Ég sagði, að það væri grunur um það, að hæstv. stj. væri ekkert sérlega þungt þenkjandi, þótt erfiðleikar mættu sjávarútveginum. Þessi ummæli mín byggði ég á þeim kulda, sem hæstv. stj. og þeir flokkar, sem að henni standa, mæta þeim málefnum með, sem eitthvað snerta hag sjávarútvegsins og borin hafa verið fram hér á hv. þingi. Ég get ekki skilið, að nokkur geti mótmælt því, að ýms önnur mál *hafi fengið hlýrri viðtökur hér á hv. þingi af* hálfu hæstv. stj. heldur en málefni sjávarútvegsins, og til marks um þetta nægir að benda á það eitt, að stórmáli eins og því, hvort létta eigi af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, hefir *varla verið sinnt af hæstv. ríkisstj.* Þetta mál var borið fram í þingbyrjun, en það er fyrst nú að koma til 2. umr., þegar þingið er senn á enda, og sjálfum hæstv. atvmrh. finnst svo lítið til um málið, að hann rétt rekur inn höfuðið, þegar umr. er að verða búin. Ég tel það skyldu mína að finna að þeim viðtökum, sem jafnmikilsvert mál og þetta fær, en ég sé samt ekki ástæðu til þess að fara út í langar rökræður um það í þetta skipti, bæði af því, að það hefir verið gert áður, bæði nú á þingi og eins á næsta þingi á undan, og eins af því, að það er auðsætt, að þetta mál getur ekki fengið samþykki á þessu þingi, svo að það er þýðingarlaust að vera að lengja umr. um málið. En ég vil aðeins draga þá ályktun af tómlæti hæstv. stj. og stuðningsfl. hennar í garð þessa máls, að annað tveggja hljóti það að stafa af þeirri andúð, sem vitað er, að þessir flokkar ala í brjósti gegn *einkarekstri á atvinnufyrirtækjum*, eða af því, að þeir álíta þennan atvinnuveg, sem hér um ræðir, ekki eins þýðingarmikinn fyrir land og lýð eins og við, sem höfum flutt þetta mál, teljum hann vera.

Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. málsins, hv. þm. Vestm., muni gera að sérstöku umtalsefni þá dagskrártill., sem fram er komin, og skal ég því vera fáorður um hana. En sumt af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, var þess eðlis, að ég vil ekki láta því ómótmælt. Hann lét sér nú sæma að sýna þessu máli svo mikið tómlæti, að hann lét sig vanta, þegar hann átti að tala, og varð að fresta umr. hans vegna. Þegar hann svo loksins kom, þá var engin rök hjá honum að finna. Hann sagði, að það væri sennilegt, að flutningur okkar á þessu frv. væri látalæti tóm, og hann sagði ennfremur, að við meintum ekkert með þessu, og þóttist hann draga þetta af því, að við hefðum ekki ýtt mikið á eftir málinu. Við höfum vissulega ýtt töluvert á eftir þessu máli, því að á fyrri hluta þessa þings, í fyrravor, kvartaði þessi hv. þm. undan því, hvað við létum óðslega út af þessu máli, og hann *hélt þá* margar ræður um ákafa okkar og taldi vitavert, hvað við vildum, að málinu væri hrundið fast fram, svo að andstæðingarnir fengju ekki tóm til þess að brjóta það til mergjar.

Hv. þm. taldi þetta allt fals hjá okkur, og til marks um það væri það, að okkur stæði á sama, hvort málið næði fram að ganga eða ekki. Þessi rök hjá hv. þm. stangast á, en ég vil að þessu sinni ekki eyða orðum að því að mót*mæla fyrri ásökuninni, en þeirri síðari vil ég* mótmæla, því að við fluttum þetta mál, eins og kunnugt er, í þingbyrjun, og það er ekki hægt að sýna meiri áhuga fyrir flutningi máls á fyrsta stigi en að flytja það sæmilega snemma. Í öðru *lagi stóð ekki á okkur að athuga málið í n.*, en hinsvegar er ekki venja, að þm. heimti með frekju, að mál sé tekið á dagskrá. Það er ekki venja, að menn snúi sér til hæstv. forseta og biðji hann um að reka á eftir máli í n. eða að taka það á dagskrá, fyrr en drátturinn er orðinn svo mikill, að manni virðist málið ekki fá að njóta jafnréttis við önnur mál; og við fórum því fyrst að reka á eftir þessu máli, þegar okkur fannst það vera sett aftur fyrir önnur ómerkari mál. Hitt, sem hv. þm. sagði, að við hefðum sýnt tómlæti, sem honum fannst bera vott um ótrúmennsku við sjávarútveginn, þegar við fluttum málið um afnám 6% gjaldsins, það er byggt á misskilningi hjá honum, og virðist hann vera búinn að gleyma því, að það var gripið til þess mjög svo fátíða bragðs að setja mál, sem átti að mæta þessu frumvarpi okkar og verða því að bana, inn í annað óskylt mál sem brtt. við 3. umr. Það var okkur vitanlegt, að frv. var dautt, því það er ekki hægt að samþ. tvær till. á sama þingi, sem fara í gagnstæða átt hvor við aðra. Ég býst við, að hv. þdm. *hafi* ekki athugað þetta, því hér var sannast að segja um fágæta meðferð máls að ræða. Mér þykir viðkunnanlegra að rifja þetta upp hér, þar sem í ræðu hv. frsm.

meiri hl. sjútvn. fólust alvarleg brigzl í okkar garð, minnihlutamanna. Annars reiðist ég enganveginn slíkum ummælum, og það stafar af því, að barátta okkar sjálfstæðismanna sem fulltrúa þeirra, er við sjávarsíðuna lifa, er öllum kunn, og allar tilraunir til að fella okkur í áliti sem slíka eru því fyrirfram dauðadæmdar.

Ég sagði áðan, að það væri tvennt, sem ég vildi minnast á viðvíkjandi þessari dagskrártill. Það er í sjálfu sér undarlegt, þegar komið er að atkvgr. í lok þessarar umr., að gripið skuli vera til þess að koma með dagskrá í málinu. Það er að sönnu alltaf heimilt að koma með dagskrá í máli. Dagskrá er annaðhvort einföld dagskrá eða rökstudd dagskrá. Nú hefir hv. frsm. meiri hl. ætlað að koma með rökst. dagskrá, en það hefir farið svo, að hann hefir skapað till. í sinni mynd, eins og sagt er að guð hafi skapað manninn, að dagskráin varð einföld. En nú er mælt svo fyrir í þingsköpum, að einföld dagskrá má ekki koma síðar fram en það, að aðeins frsm. máls hafi talað. Ég verð því að fara fram á það við forseta, að hann vísi þessari einföldu dagskrá frá. Það þurfa ekki mikil rök fyrir því, að þessi dagskrá er ekki rökstudd. Ég hefi hér þetta málverk fyrir framan mig. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð fjárveitinganefnd einum rómi, þar á meðal einn flm. frv. þessa, hefir í till. sínum við frv. til fjárl. fyrir árið 1936 áætlað tekjur af útflutningsgjaldi 700000 kr., og engar till. hafa komið fram til breyt. á þessu, heldur hefir sá tekjuliður þvert á móti verið samþ. í sameinuðu Alþingi, og ekkert útlit þannig er fyrir, að mál þetta nái nú fram að ganga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þeir hv. þm., sem skrifað hafa undir þessa dagskrá, eru meiri hluti sjútvn. Það er sýnilega ekkert við það að athuga, þó tekjuliðir, sem staðið hafa í fjárlögum ríkisins, haldi áfram að vera þar. Slíkir liðir eru fastir liðir og verða að halda áfram að vera þar, meðan þeir tekjustofnar eru til, sem þeir byggjast á. Meðan tekjustofnarnir eru ekki felldir niður verða samsvarandi tekjuliðir að standa í frv., því það væri ekki nema tóm vitleysa að fella niður tekjulið á fjárl., ef lögin um tekjustofninn héldu áfram að vera í gildi og tekjur samkv. þeim lögum héldu áfram að koma í ríkissjóðinn. Alveg eins þó frv. komi fram um að nema úr gildi tekjustofn, þá verður samt sem áður tekjuliðurinn að standa í fjárl. þangað til frv. um að nema tekjustofninn úr gildi hefir verið samþ. Útflutningsgjaldið hlaut því að standa í fjárlagafrv. þangað til búið var að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir. Ég þykist vita, að hv. flm. komist að raun um það við nánari athugun, að dagskrártill. þeirra er á engum rökum byggð, og þegar hv. form. sjútvn. fær að setjast í það tignarsæti að komast í fjvn. — því miður getur orðið nokkuð langt eftir því að bíða, því hann er ekki í þvílíkum hávegum í sínum flokki og hv. 9. landsk. og hv. þm. A.-Sk., sem ég álít fremstu menn sinna flokka —, en þegar hv. þm. Ísaf. er stiginn svo í áliti og tign, mun hann a. m. k. skilja þetta til fulls.

Ég hefi nú sýnt fram á það, að dagskráin getur ekki staðizt, auk þess, sem hún er næsta þýðingarlaus, þar sem komið er að atkvgr. um frv., og sýnist ekkert meiri fyrirhöfn að afgr. það þannig á eðlilegan máta en að vera að burðast með þessa dagskrá, sem er ekkert nema gagnsæ blekking, því það er misskilningur hjá þessum hv. þm., að þeir geti skýlt sér með dagskránni. Hún er alveg eins og nýju fötin keisarans, en þó reyndar ljótari, því hún er svo blettótt, en föt keisarans voru það ekki, því þau voru ekki neitt.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 6. þm. Reykv. segir, að hann hafi ekki viðhaft þau orð, að hann grunaði stj. um ótrúmennsku gagnvart sjávarútveginum, en trúlegt þykir mér, að hann búist við, að kalt andi frá okkur til útgerðarinnar, en ég læt mér slíkar skoðanir í léttu rúmi liggja. Ég læt mér nægja að vísa til þess, sem við höfum gert fyrir sjávarútveginn, og fer ekki lengra út í það mál við þetta tækifæri.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Mér finnst dagskrá sú, er hér liggur fyrir, ljóst merki þess, að hv. flm. hennar, meiri hl. sjútvn., þyki þær byrðar, er þeir taka á sínar herðar gagnvart sjávarútveginum, helzt til þungar fyrir þá eina að bera, því með þessari dagskrá eru þeir að gera tilraun til þess að velta á aðra ábyrgðinni á sínum eigin verkum. Og þar sem dagskrártill. þessi snertir mig sem þann eina af flm. frv., sem er í fjvn., og þar sem í dagskrártill. er vísað til fjvn., þá sé ég ástæðu til þess að segja hér nokkur orð.

Hv. 6. þm. Reykv. hefir lesið þessa dagskrá og sagt sitt álit um hana, sem ég tel í alla staði rétt, en til skilningsauka fyrir hv. frsm. meiri hl., þm. Ísaf., vil ég til viðbótar við það, sem hv. 6. þm. Reykv. tók fram, segja honum það, að liðum fjárl. má skipta í tvo flokka hvoru megin, bæði tekjumegin og gjaldamegin. Í öðrum flokknum eru tekju- eða gjaldaliðir, sem ákveðnir eru með sérstökum lögum og ekki er hægt að segja um, hve miklir þeir verða eða háir; hinsvegar eru þeir liðir, sem ákveðnir eru með fjárl. sjálfum og öðlast ekki gildi fyrr en með fjárl. sjálfum, þegar þau eru staðfest. Nú er útflutningsgjaldið ákveðið með sérstökum lögum, og það er áætlað 700 þús. kr. Það hefir því engin áhrif, þó sú breyt. væri gerð á fjárl. að fella þennan tekjulið niður, þó frv. um að afnema útflutningsgjald á sjávarafurðum væri komið fram á Alþingi, ef það frv. næði ekki fram að ganga. Þessar tekjur mundu eftir sem áður renna í ríkissjóðinn, þó þær væru hvergi áætlaðar í fjárl. Niðurfelling tekjuliðsins í fjárl. hefði því engin áhrif fyrir þá, sem þurfa að borga þetta útflutningsgjald. Alveg hliðstætt þessu er það dæmi, að þýðingarlaust væri að setja nýjan tekjulið í fjárl., þó frv. um nýja tekjuöflun kæmi fram, ef það frv. næði ekki samþykki. Ríkissjóður mundi ekki fá þessar nýju tekjur, þó þær væru áætlaðar í fjárl. Það leiðir því af sjálfu sér, að tilraun hv. flm. dagskr. til að skjóta ábyrgðinni af sínum gerðum yfir á aðra hefir við engin rök að styðjast, þó þeir reyni með þessu að skjóta sér undan ábyrgð-

inni til þess að gera sig betri en þeir eru í augum sjómanna og útgerðarmanna, þegar þeir krefja þessa hv. þm. reikningsskapar á gerðum sínum.

Ég þarf ekki fleiri orð að hafa um þessa dagskrá til þess að sýna það, að hún er alveg sérstakt plagg. Ég verð að segja, að það hafi ekki verið að ástæðulausu, að hv. 6. þm. Reykv. vakti athygli hæstv. forseta á henni; þó hún kannske sé ekki þannig vaxin, að hæstv. forseti sjái sig neyddan til þess að vísa henni frá, þá er hún a. m. k. prófsteinn á það, hverjir hv. þm. vilja gerast meðsekir í því afskaplegasta þekkingarleysi, sem dæmi eru til, að komið hafi fram á Alþingi. Það var þegar sýnt þegar nál. meiri hl. sjútvn. kom fram, að stjórnarflokkarnir ætluðu að vera á móti málinu, og þar með væri þessi tilraun til þess að fella niður útflutningsgjaldið dauð og ætti enga framgangsmöguleika á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Það er eiginlega búið að svara hv. meiri hl. sjútvn. nægilega og sýna fram á, að við í minni hl. erum saklausir af að hafa dregið þetta mál á langinn. Hitt var aftur ljóst, þegar meiri hl. tók þá afstöðu til málsins, sem raun varð á, að vonlítið var um málið, þó minni hl. skilaði áliti sínu, sem hann gerði nægilega snemma, eða fyrir 2 vikum. Meiri hl. veit, að það hefir enga sérstaka þýðingu fyrir málið, hvort álit minni hl. kom fyrr eða seinna, úr því stjórnarflokkarnir sáu sér ekki fært að verða við þeirri sjálfsögðu kröfu sjómanna að fella niður útflutningsgjaldið.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um áskoranir mínar, en þetta eru ekki áskoranir mínar, heldur fjölda sjómanna, og hv. form. sjútvn. ætti að taka þeirra óskir til greina, sem sendu ýtarlegar fundarályktanir um að óska, að létt yrði af þessum skatti. Mjög margir sjómenn í öllum verstöðvum við Faxaflóa og víðar tóku þátt í þessum fundahöldum. Ég kemst ekki hjá því að líta svo á, þó ekki sé meira sagt en það, að mér finnst það ákaflega einkennilegt, að meiri hl. skyldi ekki vilja taka þessar óskir til greina og fella niður gjaldið í þessu árferði, sem nú er.

Hv. frsm. var að tala um eftirgjöf síldartollsins í sambandi við ívilnanir til landbúnaðarins, en þar var ekkert samband á milli. Eftirgjöf síldartollsins var ekkert annað en pólitísk fríðindi til sósialistaflokksins, sem ekki kom útgerðinni yfirleitt til góða, heldur aðeins nokkrum sjómönnum, og var notuð sem pólitísk agitation fyrir sósialista. Þessi till. um niðurfellingu útflutningsgjaldsins er ekki fram komin til þess að toga hagsmuni einstakra stétta, heldur allra þeirra, sem lifa á sjávarútvegi. Hin þröngu sjónarmið meiri hl. eiga ekki að koma til greina í sambandi við þetta frv. En úr því nú að hv. meiri hl. sjútvn. treystir sér ekki til þess að taka undir kröfur útvegsmanna á þessum tímum, hefði það þó óneitanlega verið drengilegra og karlmannlegra að kannast við það, hvaða hug þeir bæru til þessara manna, játa hreinskilnislega afstöðu sína heldur en vera að burðast með dagskrá, sem ekki er nema tóm vitleysa, eins og hv. þm. Borgf. hefir sýnt fram á, og aðeins flutt til þess að reyna að koma sökinni á því að eyðileggja málið yfir á annara herðar. Það er engum blöðum um að fletta, að það er ekki öðrum að kenna en meiri hl. hv. sjútvn., að frv. nær ekki fram að ganga. Þeir verða því að uppskera sjálfir fyrir sín verk, hvort sem það verður hrós eða last. Að þetta mál sé sanngirnismál, eru allir sjómenn og útgerðarmenn sammála um, og ég hefi ekki heyrt, að mótmæli gegn þessu frv. hafi komið frá hændum heldur. Af þessu er það séð, að meiri hl. hefir valið sér hið verra hlutskiptið, og því er ekki rétt, að hv. þd. taki á sig þá ábyrgð, sem þessir menn hafa tekið á sínar herðar og eru nú að reyna að velta yfir á aðra, og sízt af öllu á mann í fjvn., sem flutt hefir þetta frv., þó hann hafi ekki gert sig hlægilegan með því að vilja fella útflutningsgjaldið af fjárl. áður en séð var um afdrif þess. Nei, það eru þeir hv. þm. Ísaf., hv. þm. N.-Þ. og hv. 3. landsk., sem hafa svikizt um skyldu sína, og úr því þeir hafa gert það, þá fer bezt á því, að þeir, en ekki aðrir, beri ábyrgð á sínum verkum.

Út af því, að við hv. 6. þm. Reykv. höfum ekki komið með nál. um frv. um markaðssjóð fyrir saltfisk, skal ég geta þess, að þegar það frv. kom fram, fylgdi því sú beiðni frá hv. 6. þm. Reykv. að fá hæstv. atvmrh. til viðtals í n., en að tveim dögum liðnum kom form. sjútvn. með það svar frá meiri hl. í þinginu, að hann ætlaði að koma fram með frv. um að afnema 6% útflutningsgjaldið af fiskinum. Sagði hv. form. n., að þetta væri svar við frv. hv. 6. þm. Reykv. um markaðssjóðinn. Þegar svo frv. kom fram á sjónarsviðið, kom í ljós, að stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til þess að afnema fisktollinn alveg, og urðu eftir nokkrar dreggjar af honum. Það var ekki á okkar vitorði, að stj. stæði svo vel í stykkinu, að hún gæti létt af þessum tolli, en úr því svo var, þá fórum við að sjálfsögðu ekki að halda til streitu okkar frv. Við vorum því manna fegnastir, að hægt væri að létta af fiskskattinum. Þegar þetta er athugað, er ljóst, að það hefði verið mesti óþarfi fyrir okkur hv. 6. þm. Reykv. að vera að burðast með nál. um frv., sem meiri hl. þingsins áleit óþarft mál og hefði ekki leyft fram að ganga. Því síður var ástæða til þess að koma með nál. um frv., þegar þannig var gripið fram fyrir málið af sjálfri hæstv. stj., sem gaf yfirlýsingu um, að frv. væri óþarft.

Ég hefi þá svarað þeim tveimur ásökunum, sem beint hefir verið til minni hl. sjútvn., að nál. um það frv., sem hér liggur fyrir, hafi komið of seint frá okkur, og að nál. um frv. um markaðssjóð saltfiskjar hafi ekki komið fram. Ég hefi sýnt fram á það, að fyrri ásökunin er röng, nál. kom nógu snemma, og í síðara tilfellinu þurfti ekkert nál. Allt þetta fjas hjá hv. meiri hl. sjútvn. er því ekki annað en vífilengjur, sem ná hámarki sínu í þeirri lexíu, sem liggur á borði hæstv. forseta og kölluð er rökst. dagskrá.

Það er svo sem ekkert frekar við því að gera fyrir okkur, sem höfum borið þetta mál fram. Það lítur sennilega ekki út fyrir, að það nái að komast fram, úr því að meiri hl. n. tók þessa

afstöðu og að málið hefir ekki fundið náð fyrir augum stjórnarflokkanna. En það hefði óneitanlega verið karlmannlegra fyrir þessa menn að fella málið hreinlega heldur en að vera að burðast við að koma því fyrir kattarnef á svo ósæmilegan hátt sem hér er farið fram á með þessari dagskrártillögu.

Finnur Jónsson: Það hafa talað hér fjórir sjálfstæðismenn síðan ég sagði hér nokkur orð um þetta efni áðan. Fyrstur á vaðið reið hv. 3. þm. Reykv., sem er hér nú ekki nærstaddur, en hann fullyrti, að þetta mál hefði verið til umr. í fjvn. og ekki fengið þar neina áheyrn. Mér hefir verið sagt af þrem fjvnm., sem ég hefi náð í, að þetta mál hafi aldrei komið til orða í fjvn., og styrkist sú umsögn við ummæli hv. þm. Borgf., sem talaði hér áðan. Hv. 3. þm. Reykv. var að bera sjútvn. það á brýn, að hún hefði svikið sína skyldu með því að fylgja ekki þessu máli, og er það, eftir fenginni reynslu, vel sæmandi hv. 3. þm. Reykv. að bregða öðrum um, að þeir hafi svikizt um skyldur sínar. En af því að hann er ekki hér viðstaddur, þá fer ég ekki nánar út í það. — Hv. 6. þm. Reykv. vildi reyna að afsanna það, að minni hl. sjútvn. hefði dregið málið á langinn. En það vill nú svo vel til, að ég hefi fyrir framan mig málaskrá sjútvn. og gerðabók. Þar stendur, að þetta mál hafi verið afgr. 16. nóv. í n., en loks 9 dögum síðar skilaði minni hl. áliti. (SK: »Meiri hl. hefir líka komið það illa. Endemis hræsni!). Meiri hl. var á móti því og rak því ekki nauðsyn til fyrir hann að skila sínu áliti svo snemma. Minni hl., sem var að tala um seina afgreiðslu á þessu máli, hefir því engum um að kenna nema sjálfum sér. Þetta mál kom til n. 1. nóv. og var afgr. í réttri röð við önnur mál, eins og venja hefir verið til um afgreiðslu mála í sjútvn. á þessu þingi, þ. 16. nóv. Ég mótmæli því algerlega, að nokkurntíma hafi verið gengið eftir því af hálfu minni hl. í n., að þetta mál yrði afgr. fyrr. Þeir vissu sjálfir vel, að málið mundi verða tekið fyrir í réttri röð í n., og það var gert. Það er sem sagt, að ef þessum minnihl.mönnum hefði verið mikið í mun að herða á þessu máli, þá mátti ekki minna af þeim krefjast en að þeir hefðu ekki 9 daga meðgöngutíma á nál. með mál, sem var þeim jafnkunnugt og þetta. Hv. 6. þm. Reykv. gerðist gamansamur og sagði, að þessi dagskrá, sem við meirihl.menn höfum borið fram, gæti ekki staðizt, af því að það væri eins mikil fyrirhöfn að greiða atkv. um dagskrána eins og frv. sjálft. Ég býst nú við, að það hafi ekki venjulega nein áhrif um dagskrártill., hvort það er meiri eða minni fyrirhöfn að greiða atkv. um þær en frv., sem till. er um. Mér finnst þau rök, sem hv. 6. þm. Reykv. notaði, vera heldur í léttara lagi,

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að þessi dagskrá væri komin fram vegna þess, að sjútvn. væri að velta af sér ábyrgð yfir á aðra. Nú er það svo, að sjútvn. einsömul getur vitanlega hvorki létt byrðum af skattgreiðendum eða lagt þær á. Það er meiri hl. Alþ., sem gerir það, en ekki ein og ein þingnefnd. Ummæli hv. þm. Borgf. um þetta eru því sögð algerlega út í loftið og eiga sennilega að vera vörn þess, að hann, sem er í fjvn., gerði ekki neinar aths. við þann stóra lið í fjárlfrv. um 700 þús. kr. tekjur handa ríkissjóði af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Hv. þm. Borgf. getur ekki neitað því, að ef hann hefði gert ráð fyrir því, að þessi liður yrði lækkaður fyrir það, að þetta frv. næði fram að ganga, þá hefði hann sem gætinn maður í fjvn. vitanlega ekki gengið að þessari till. um að áætla útflutningsgjald sjávarafurða mörg hundruð þús. kr. hærra en það hefði orðið, ef þetta frv. hefði náð fram að ganga.

Hv. þm. Vestm. talaði hér síðastur og sagði m. a., að það væri ákaflega ábyrgðarlaust, að mér skildist, af meiri hl. sjútvn. að vilja ekki létta þessum skatti af sjávarútveginum. Ég hefi nú í rauninni svarað þessu áður með því, sem ég sagði til hv. 6. þm. Reykv., að sjútvn. getur alls ekki létt þessu af upp á sitt eindæmi; jafnvel þótt meiri og minni hl. stæðu saman, hefði ekki verið hægt að rýra tekjur ríkissjóðs svona mikið án þess a. m. k. að benda á eitthvað í staðinn. Í þessu sambandi sagði hv. þm. Vestm., að meiri hl. sjútvn. hefði svikizt um að gera skyldu sína. Ég vil mótmæla þessu algerlega sem tilhæfulausu. Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að það væri vitanlegt, að sú mikla kreppa, sem er og vofir yfir sjávarútveginum, á á engan hátt rót sína að rekja til þessa útflutningsgjalds, og ég veit, að hv. þm. Vestm. segir það ekki heldur. Ég veit, að honum er vel kunnugt um það, að vandræði sjávarútvegsins eru alveg óskyld þessu útflutningsgjaldi. Allir óbeinir skattar — aðflutnings- og útflutningsgjöld — hljóta í mörgum tilfellum að koma ranglátlega niður á þeim, sem greiða þá, en meðan svo er ástatt, að hver biti og sopi fátæklinga er skattaður, er nokkuð erfitt að telja einn óbeina skattinn öðrum ranglátari. Nú skal ég þó játa, að það er nokkurt réttlæti í þeirri kröfu að segja, að af því að útflutningsgjaldinu er af létt af landbúnaðarvörum, þá skuli því einnig létt af sjávarútvegsvörum. En þess ber að gæta, að í sama mund og gjaldinu var létt af landbúnaðarafurðum, þá var létt gjaldi af sjávarútveginum, sem nam að krónutali hærri upphæð heldur en útflutningsgjaldið var af landbúnaðarafurðum. Ég á þar við síldartollinn, sem var lækkaður úr 1 kr. á tunnu niður í 1⅝ %, eins og venjulegt útflutningsgjald var. En hv. þm. Vestm. er víst búinn að gleyma því, hvernig þetta mál var, því að hann heldur því fram, að þessu gjaldi hafi verið létt af vegna nokkurra sjómanna. En það er nú svo, að þetta gjald er greitt af útgerðarmönnum að a. m. k. ⅔ hl., en af sjómönnum ekki nema að ⅓ hl. Það er því fráleitt að segja, að þessi breyt. hafi verið gerð vegna nokkurra sjómanna. Ennfremur er það órökstuddur sleggjudómur, að það hafi verið gert vegna flokkshagsmuna að aflétta þessu gjaldi. Ég veit ekki, hvaða flokkshagsmunir eru í því að aflétta útflutningsgjaldi, sem að ⅔ hl. kemur útgerðarmönnum til góða.

Ég held, að það sé ekki margt fleira, sem ég þarf að segja í þessu sambandi. En út af því, sem hér hefir fallið um álagningu fiskiskattsins, að stj. og stjórnarflokkarnir hafi tekið á sitt breiða

bak að afnema þessa skatta án þess að taka nokkuð í staðinn, og því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í þessu máli hér á dögunum, að einstakir menn úr stj.liðinu væru grunaðir um að hafa reynt að spilla fyrir markaði á saltfiski þar, sem hann hefði verið beztur, þá vil ég segja það, að þarna virðist koma á daginn, af hvaða ástæðum Sjálfstfl. hefir skotið sér undan þeirri sjálfsögðu skyldu að taka þátt í meðferð utanríkismála. Af þessari yfirlýsingu hv. 6. þm. Reykv. verður ekki annað séð en að hún staðfesti þann grun, sem á hefir leikið um, að sjálfstæðismenn skjóti sér undan þessari skyldu af því, að þeir búist við, að í þessum málum verði mjög miklir erfiðleikar á næstunni, og að þeir ætli svo að nota sér það, að þeir þykjast ekki hafa tækifæri til að vita, hvað fram fer í þessum málum, til þess að kasta svívirðilegum getsökum að stj. og stj.-flokkunum. Það hefði ég þó ekki haldið um a. m. k. suma í þessum flokkum, að þeir teldu sér samboðið.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að fara út í háa pólitík við hv. þm. Ísaf. Ég tel þessa síðustu setningu í ræðu hans þessu máli alveg óviðkomandi. Það hefir eitthvað slegið út í fyrir hv. þm., að því er virðist út af því, að hann hefir álitið, að hann væri kominn í nokkuð mikið öngþveiti með aðstöðu sína í þessu máli. Hann vill nú gjarnan slá út í aðra sálma til þess að dylja sína vesölu aðstöðu. Hv. þm. hefir þó komið með þá játningu í þessu máli, að öll sanngirni mælti með því, að þetta útflutningsgjald væri afnumið, og um það er ég honum algerlega sammála. Það, sem skilur milli okkar, er það, að ég vil létta gjaldinu af þegar í stað, en hv. þm. finnst ekki enn kominn tími til þess. En svo segir hv. þm. í þessu sambandi, að skattarnir komi oft ranglega niður og að hér sé skattlagður hver biti og sopi hjá fátækum mönnum. Þetta er að vissu leyti nokkuð rétt. En hv. þm. er bara ekki ánægður með þetta. Hann vill skattleggja bitann og sopann ennþá meira, og hann hefir verið að greiða fyrir því með atkv. sínu undanfarna daga, að hækka skattana á bitunum og sopunum og spjörunum enn meira, og hv. þm. vill bæta við — hann vill skattleggja sopana og bitana, sem þessir menn hafa sér til lífsframdráttar. Hann er sem sagt á hraðri skattahækkunarbraut, en hann gat þess þó, að þegar til kæmi, þá sé útflutningsgjaldið af sjávarafurðum hið fyrsta, sem þurfi að létta af. Ég er svo, úr því sem komið er, ekkert óánægður með þessa afstöðu. En hvað viðvíkur þessum vafningum hans um það, að við höfum ekki komið nægilega snemma með nál., og það, að við höfum eigi sótt þetta mál af nægilegu kappi í n., þá verður hver og einn að dæma um þær ásakanir sjálfur. — Það var annað mál, sem var hér á þinginu í fyrra, sem snerti sjávarútveginn mjög mikið — frv. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda —, þá var þannig, að þegar í deildina kom, talaði þessi hv. þm. um, hvað hv. þm. Vestm. og 6. þm. Reykv. hefðu sótt þetta mál af miklu kappi og hvað við hefðum verið vanstilltir í nefndinni, að dómi hv. þm. Ísaf. Nú er öðru máli að gegna. Hv. þm. Ísaf. er eins og vant er á móti útgerðarmönnum og hagsmunum útgerðarinnar, nema síldarútveginum, þar sem hann á sjálfur hlut að. Hv. þm. segir, að þessu gjaldi eigi fyrst að létta af þegar farið verði að vinna að því í hans eigin flokki, en mér virðist nú hans flokkur ekki vera beinlínis á þeirri leið að aflétta sköttunum. Ef við athugum t. d., hvað verið er að gera nú hérna í hinni d., þá sjáum við, að verið er bæta sköttum á skatta ofan; það er verið að skattleggja nauðsynjavörur almennings og það er verið að skattleggja benzínið. Á þessu sést, að núv. stj. er alls ekki fær um að aflétta neinum tollum.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta. Það er sennilega þýðingarlaust að deila meira um þetta mál. — Ég sagði áðan og vil endurtaka það, að meiri hl. hefir í þessu máli valið sér það hlutskipti, sem verra er, að íþyngja sjávarútveginum, en ekki að greiða úr fyrir honum. — Þá kom enn einu sinni fram, mér liggur við að segja, sú falsröksemd í þessu máli, að sjútvn. hefði borið skylda til þess að benda á einhverja nýja tekjustofna. En mér er spurn: Hvaða nýir tekjustofnar voru útvegaðir, þegar síldartollinum var af létt? Ég veit, að hv. þm. er þetta mál minnisstætt, og tek þess vegna þetta dæmi. Ég veit ekki til þess, að hv. þm. hafi þá gert ráð fyrir því, að ríkissjóður fengi neina nýja tekjustofna, þegar því gjaldi var létt af. Nei, það er ekki sjútvn., sem á að hafa það hlutverk að benda á tekjustofna fyrir ríkið. Til þess er kjörin sérstök n. í þinginu, eins og eðlilegt er.

Ólafur Thors: Það er ekki af því, að ég þurfi að bæta við þau rök, sem fram hafa verið flutt fyrir þessu frv., að ég hefi kvatt mér hljóðs, heldur vegna þess, að mér þykir það óviðfelldið sem 1. flm. frv. að segja alls ekkert um það við 2. umr.

Ég verð að viðurkenna það, að þessar undirtektir, sem málið hefir fengið hjá hv. meiri hl. sjútvn., þykja mér mjög furðulegar; ekki af því, að ég viti það ekki mjög vel, að þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, eru reiðubúnir til þess að bera fyrir borð hagsmuni sjávarútvegsins, en ég hélt, sannast sagna, að þá brysti þor til þess að beita sér á móti till. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, eftir að þeir höfðu verið minntir á það við 1. umr., að þeir réðu úrslitum um það á síðasta þingi, með eins atkv. mun, að aflétt var útflutningsgjöldum af landbúnaðarafurðum. Ég get ekki séð, hvernig það er hægt fyrir þessa sömu menn, eftir að það hefir verið upplýst, hve höllum fæti sjávarútvegurinn stendur yfirleitt, að beita sér á móti því, að þessu ósanngjarna gjaldi verði létt af sjávarútveginum, þegar því hefir verið létt af landbúnaðinum með þeirra atbeina. En svo torskilið sem þetta er að því er þm. almennt snertir, þá verður það samt ennþá torskildara, þegar þeir menn eiga hlut að máli, sem sérstaklega eru af þinginu kjörnir til þess að gæta hagsmuna sjávarútvegsins, en það ættu þeir menn að vera, sem eru í sjútvn. Alþ.

Mér þykir þetta því furðulegra fyrir það, að ég hafði leyft mér að byggja — þó ekki á góð-

vild þessara manna — þá á kjarkleysi þeirra. Ég hefi nú séð borna fram í málinu rökst. dagskrá, sem er afskræmis skripi. Það er að vísu ekki undarlegt, þegar athugað er, að hv. þm. Ísaf. er flm. hennar, því hann er manna kunnastur að því að vera seinheppinn í till. sínum um afgr. mála. En þessi rökst. dagskrá ber samt vott um meiri kjark heldur en ég hélt, að þessi hv. þm. ætti til. Kjarkurinn er þá líka sýnilega mjög þungt haldinn og alveg aðframkominn, því þessi lítilmótlegi kappi hefir valið þá leið að reyna að skríða undir fald annara, sem þó er tilgangslaust, vegna þess, að allir sjá og skilja, að hér er um hrein tyllirök að ræða, alveg hreinar og helberar blekkingar.

Svo smánarlegt sem það er, að hv. meiri hl. sjútvn. sýni málefnum sjávarútvegsins slíkan kala á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir, þá er hitt þó nærri verra, að meiri hl. skuli ekki hafa þann manndóm að þora að koma fram í dagsljósið og sýna sinn innri mann, en vilja heldur gera sig berann að jafnframunalegri grunnhyggni og kemur fram í þessari dagskrártill. Ég þarf ekki að rökstyðja þessi ummæli mín, það hefir áður verið gert af mínum flokksmönnum, og sérstaklega af hv. þm. Borgf., sem hefir glöggleg tekið það fram, að það er ekki á valdi hv. fjvn. að nema úr gildi slík lög, sem eru um útflutningsgjöld eða aðra skattstofna ríkissjóðs, og þess vegna eru tekjustofnarnir taldir með þangað til Alþingi hefir breytt l. Þessi fáránlega tilraun að skríða undir skjól annara er því gagnslaus og ekki til annars en að sýna bilaðan kjark og grunna vitsmuni, og ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós andúð mína á slíkri afgreiðslu á málum. Ég veit það, að hv. þm. Ísaf. er ekki sérlega snjall eða fimur í rökum, og ekki bætir það um, þótt hv. 2. þm. N.-M. hvísli í eyrun á honum.

Ég læt í ljós andúð mína gegn slíkri afgreiðslu sem hér er við höfð á þessu mikla þjóðþrifamáli, og það má mikið vera, ef augu sjávarútvegsmanna fara ekki að opnast og þeir að vakna til skilnings á þeim huga, sem inni fyrir býr hjá þeim mönnum, sem þannig fara með mál þeirra.

Að síðustu vil ég taka það fram, að það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Vestm., þegar hann lýsti því yfir, að hann hefði glaðzt af orðum hv. þm. Ísaf. Ég veit ekki, á hverju slík yfirlýsing ætti að byggjast. Eins og hv. þm. Vestm. viti það ekki, að ekki er að marka eitt einasta orð af því, sem hv. þm. Ísaf. segir. Auðvitað hefir þetta verið sagt í naprasta háði, en ég hélt ekki, að hv. þm. Vestm. væri svona háðskur, og jafnvel viti borinn maður ætti ekki að vera svona meinháðskur í sambandi við þetta mikla alvörumál.

Finnur Jónsson: Ég þarf ekki miklu að svara af því, sem sagt hefir verið hér við þessa umr. Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að á því þingi, þegar breytt var síldartollinum, þá var líka aflétt fleiri gjöldum, m. a. gengismun á kaffi- og sykurtolli, og með þessu voru tekjustofnar ríkissjóðs rýrðir, en í þess stað var svo ríkissjóði aftur aflað tekna með hækkuðum tekjuskatti, og það er afareinfalt mál, að í hvert sinn sem Alþ. breytir verulega til um tekjustofna ríkissjóðs án þess að draga úr útgjöldum, þá verður að sjá fyrir öðrum tekjum í staðinn fyrir þær, sem felldar eru niður að einhverju eða öllu leyti. Sú skylda, að sjá ríkissjóði fyrir peningum, hvílir fyrst og fremst á stjórnarflokkunum, og sjálfstæðismönnum er þetta vel ljóst, og þess vegna eru þeir æ ofan í æ að leggja fram till. um stór útgjöld, án þess að benda á nokkra leið til tekjuöflunar í staðinn.

Hv. þm. G.-K. þarf ég lítið að svara. Það, sem hann sagði, var mest persónulegur skætingur til mín, og læt ég mér hann í léttu rúmi liggja. Hvort ég á hann skilið eða ekki, kemur í ljós á sínum tíma, og það hefir komið í ljós, því ég hefi í mörg ár starfað að opinberum málum, og það kann að vera, að hv. þm. G.-K. fái líka að sjá það, ef hann sleppur út um þær bakdyr, sem hv. 2. landsk. sagði, að hann mundi verða staddur við árið 2935.

Annars er það greinilegt, að þetta mál er flutt í agitations-skyni. Er það m. a. greinilegt af því, að hv. minni hl. sjútvn. dregur í 9 daga að gefa út nál. um málið. Eins er það sýnilegt, þegar lítið er á fyrri afstöðu sjálfstæðismanna. Hvers vegna notuðu þeir ekki aðstöðu sína, þegar þeir voru í meiri hl., til þess að létta gjöldum af sjávarútveginum? Hvers vegna leiðréttu þeir ekki hinn rangláta síldartoll og síldarmjölstoll meðan þeir voru í meiri hl. á Alþ.? Vegna þess að þessi flokkur sá ekki ástæðu til þess að aflétta þessum sköttum frekar en öðrum óbeinum sköttum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. G.-K. er svo gamall hér á þingi, að hann sé einn af forfeðrum þessara gjalda, en ég hefi heyrt sagt, að nokkur hluti þeirra sé undan hans ættarrifjum runninn.

Nú sagði hv. þm. G.-K. út frá því, sem hann minntist á afstöðu hv. þm. Borgf. til málsins, að það væri ekki á valdi hv. fjvn. að aflétta útflutningsgjöldum. Ég veit vel, að það er ekki á valdi fjvn., og það er ekki heldur á valdi sjútvn., en ég vil benda á, að nú hefir hv. fjvn. komið fram með merkilegt frv., sem nefnt er „bandormurinn" og nú er orðið það liðamargt, að þar er talað um breyt. á 12—16 lögum. Ef hv. fjvn. hefði verið sérstaklega umhugað um að breyta útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, þá hefði hún getað hnýtt þessum eina lið aftan við, eins og öðrum liðum, sem þar hefir verið bætt við, en þetta hefir ekki komið fram í sambandi við það frv.

Þá var hv. þm. G.-K. eitthvað að vorkenna mér, að ég þyrði ekki að koma fram í dagsljósið með þessa dagskrártill. Ég get sagt honum það, að ég þori vel að koma fram í dagsljósið, því ég get vel gert samanburð á því, sem gert hefir verið til hagsbóta fyrir sjávarútveginn samkv. þeim till., sem ég hefi flutt á þeim stutta tíma, sem ég hefi átt sæti á Alþingi, og samkv. þeim till., sem hann hefir gert þau 4 ár, sem hann hefir átt sæti á Alþ. næst á undan. Ég þori mjög vel að gera þann samanburð frammi fyrir kjósendum.

Þá var hv. þm. G.-K. að víta hv. þm. Vestm. fyrir, að hann hefði lýst því yfir, að hann væri ánægður með þá yfirlýsingu, sem ég gaf fyrir mína hönd, að ég áliti, að útflutningsgjaldið væri eitt hið fyrsta af þeim gjöldum, sem ætti að af-

nema, eða með fyrstu gjaldalækkunum, sem ættu að fara fram, að óbreyttri afstöðu. Það má vel vera, að hv. þm. Vestm. taki þessum vítum með þögn og þolinmæði, en ég get vel skilið ánægju hans með orð mín, því að hv. þm. Vestm. er að betra kunnur heldur en hv. þm. G.-K., sem er kunnur að þeim einstöku endemum að hlaupa undan skyldum sínum í utanríkismálan. og kúga flokk sinn til þess að gera slíkt hið sama.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. kannaðist við það, að engin einstök n. á Alþ. hefði úrslitavald um það, hvaða lagafrv. yrðu samþ. eða hvaða lög væru numin úr gildi, heldur lægi það á valdi meiri hl. Alþ. Ég vil vekja athygli hans og annara hv. þdm. á því, að með þessari yfirlýsingu sinni er hann algerlega búinn að kippa fótunum undan sinni eigin dagskrártill. Sú lélega fótfesta, sem þessi rökst. dagskrá hafði í upphafi, er nú komin svo, að þessi hv. þm. getur ekki einu sinni sjálfur greitt henni atkv., hvað þá heldur að hann geti ætlazt til þess, að aðrir geri það. Í þessum sporum er hv. þm. Ísaf. nú staddur, og var það ekki nema að líkindum, að sá yrði endirinn, þegar búið væri að benda á, hvílík fáfræði felst í því að bera fram slíkt plagg sem þessa dagskrá. Því var yfirlýst 16. nóv., að tekin væri ákvörðun um, að þetta mál skyldi ekki ganga í gegn á þessu þingi; það kom fram í þeirri samþykkt, sem þá var gerð. En ég vil víta afstöðu hv. meiri hl. sjútvn. til málsins, því þótt hún vildi ekki afgr. það, bar henni að skila áliti, vegna þess að meiri hl. Alþ. á að afgr. málið, en ekki n. ein.

Hv. þm. Ísaf. minntist á „bandorminn", en það er eitt lagafrv., sem hefir fengið þetta heiti, mjög að óverðskulduðu. Og það mun hafa verið þetta um „bandorminn", sem hv. 2. þm. N.-M. var að hvísla að hv. þm. Ísaf., svo ég held, að hv. þm. G.-K. hafi orðið sannspár um, að það yrði ekki til mikillar upplyftingar fyrir hv. þm. Ísaf., sem hv. 2. þm. N.-M hvíslaði að honum. Það er kunnugt um bandorminn, þegar talað er um hann í sinni eiginlegu merkingu, að hann er eitt allra versta kvikindi, sem við höfum átt við að stríða, og hefir orðið valdur að dauða fjölda manna, sem hafa dáið úr svokallaðri sullaveiki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. sjútvn. samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

nei: PHalld, PO, BJ, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JÓl. MT, ÓTh[1]), SK, TT, EE, JakM, JJós, JónP, JS

greiddu ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

---

1) **ÓTh**: Ég lýsti yfir því í ræðu í gær og sýndi fram á með rökum, að dagskráin væri svo vitlaus, að ekki væri hægt að greiða atkv. um hana. Ég mun því sitja hjá við atkvgr.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Jarðræktarlög (frv. ÞBr).

Á 9. fundi í Ed., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög] (þmfrv., A. 16).

Á 11. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Það er kunnugra mál en á þurfi að minnast, hversu íslenzkur landbúnaður stendur nú höllum fæti. Það hafa á undanförnum árum verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að rétta þann atvinnuveg við, og þarf ekki á það að minnast. Seinasta tilraunin var gerð á síðasta Alþ. með lagasetningu, sem miðaði í þá átt að bæta verðlag afurðanna innanlands. Enn er ekki komin full reynsla af þeirri löggjöf. Við verðum að vænta, að af henni leiði nokkra hagsbót fyrir landbúnaðinn, en það held ég, að flestum mönnum komi þegar saman um, að hún muni hvergi nærri einhlít. Þegar um það er að ræða að bæta aðstöðu þessa atvinnuvegar, þá er það sérstaklega tvennt, sem menn líta á. Annað er það, að reyna að koma afurðunum í hærra verð, og að því var reynt að vinna á síðasta Alþ., hitt að reyna að lækka framleiðslukostnaðinn, og miðar þetta frv., sem hér er flutt, einmitt í þá átt. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu mikill munur er á því, hvort landbóndinn hefir ræktað land til þess að framleiða þann heyjaforða, sem hann þarf handa sínum búpeningi, eða hann þarf að afla heyja á óræktuðu landi víðsvegar úti um bithaga við hina verstu aðstöðu. Það er svo á flestum jörðum, að það borgar sig naumast að hafa aðkeypt verkafólk til slíkra heyaflana og auk þess notast miklu verr af þeim vinnukrafti, sem heimilin annars eiga ráð á, svo sem börnum og unglingum, þegar þarf að sækja heyskapinn langt burt frá bænum. Þetta horfir öðruvísi við, þegar ekki er á nema ræktað land að ganga, tún við bæinn. Þess vegna hygg ég, að menn geti fallizt á, að það sé rétt stefna, sem hér kemur fram í þessu frv., að styðja að því, að framleiðslukostnaðurinn geti lækkað einmitt með því að styðja að betri jarðrækt í landinu, á líka lund og hér er farið fram á.

Fyrir utan þann mikla kostnað, sem landbóndinn verður að hafa af kaupgjaldi til verkafólks, þá er það einn liður í búrekstrinum, sem vissulega er gaumur gefandi, og það eru hin miklu áburðarkaup. Til þeirra kaupa þarf erlendan gjaldeyri, og ég hygg, að valutaástand ríkisins sé ekki þann veg sem stendur, að ekki sé æskilegt að geta dregið úr þeim kaupum. Þess vegna er það fyrsta atriði, sem þetta frv. miðar að, að skapa bændum aðstöðu til þess að geta dregið úr kaupum erlends áburðar og þar með unnið að nokkrum gjaldeyrissparnaði fyrir þjóðina í heild. Frv. miðar að því að draga úr áburðarkaupunum, með því að styðja að betri hagnýtingu innlends áburðar, þess áburðar, sem búpeningurinn sjálfur framleiðir og kostar aðeins það að hafa aðstöðu til þess að hirða hann svo, að þau næringarefni fyrir jurtirnar, sem í honum felast, geti komið að fullum notum. Þess vegna er það lagt til í þessu frv., að styrkur til safnþróa verði hækkaður um 50 aura fyrir hvert metið dagsverk. Það er sameiginlegt álit allra þeirra, sem þekkingu hafa á landbúnaði, að mest fari forgörðum af þeim dýrmætu efnum, sem í búfjáráburðinum eru innibundin, í þvaginu, og þá liggur næst að styrkja bændur til þess að geta varðveitt þau efni, og það því fremur sem köfnunarefnin, sem í þvaginu felast, eru sérstaklega dýr áburðartegund. Enn sem komið er er ekki lengra komið hirðingu áburðarins hér á landi heldur en svo, að samkv. síðustu skýrslum hefir ekki verið byggt yfir nema 28% af þeim áburði, sem til fellur í landinu. Er þetta nokkuð mismunandi í hinum ýmsu sýslum landsins, sumar hafa komið upp áburðargeymslum yfir allt að helming áburðarins, eða vel það, en aðrar aftur ekki yfir nema rúm 9%, og sjá allir, hversu þá er langt í land til þess að svo sé sem vera ætti um þetta efni. Hinsvegar er á það að líta, að ef allur áburður undan búfé landsmanna væri svo hirtur sem hægt væri, mundi búfénaðurinn geta framleitt 2 aðalefnin, sem nauðsynleg eru í áburðinn, fosforsýru og kali. Það hefir víða þótt bera á því við jarðabætur, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum, að menn tækju ekki það bezta land til ræktunar, tækju jafnvel leirmóa og lélegt land, af því þeir gætu ekki lagt í þann mikla kostnað að taka deiglendismóa til ræktunar, vegna þess, hve framræslan væri mikil og kostnaðarsöm. Það er sameiginlegt mál þeirra manna, sem bezta þekkingu hafa á þessum hlutum, að í mýrunum okkar felist yfirleitt frjóefnaríkasti jarðvegurinn, sem við eigum kost á. En framhjá þessu landi hefir víða verið gengið, vegna þess hve framræslu-

kostnaðurinn hefir verið mikill, og jafnvel þar, sem deiglendi hefir verið tekið til ræktunar, hefir víða ekki verið framræst svo sem skyldi, og afraksturinn hefir þá orðið eftir því bæði minni og sérstaklega lakari að gæðum. Af opinberum skýrslum er það fyllilega ljóst, hversu framræsla er mjög skammt á veg komin hér á landi, aðeins 7% af hinu ræktaða landi, jafnvel þó matjurtagarðar séu taldir með, hefir verið ræst fram. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að styrkur til framræslu á ræktuðu landi sé hækkaður um 50 aura fyrir hvert metið dagsverk í opnum skurðum og upp í 2 kr. í lokræsum, því það hefir þótt við brenna, að lokræsagerðin væri vanrækt vegna þess, hve kostnaðarsöm hún væri. Auk þess er á það að líta, að með framræslunni er betur tryggð ending jarðabótanna, og góð framræsla kemur í veg fyrir, að ræktað land þýfist aftur á fáum árum, eins og þótt hefir við brenna þar, sem framræslu hefir verið áfátt.

Ein af þeim vörum, sem við verðum að kaupa til manneldis frá öðrum löndum, eru jarðepli og ýmiskonar garðamatur. Þess vegna er m. a. af gjaldeyrisástæðum fyllsta nauðsyn þess að styðja betur heldur en enn hefir verið gert að aukinni garðrækt í landinu. Það er nauðsynlegt, sérstaklega fyrir smábóndann, að gera garðræktina að stærri lið í framleiðslunni, því hún hefir þann kost með sér, að til hennar þarf miklu minni höfuðstól heldur en til búfjárræktar. Þess er sannarlega þörf, að lögð sé áherzla á þær greinir landbúnaðarins, sem heimta minnstan höfuðstól, og fyrir nýbýlinginn, sem er að koma fótum fyrir sig, liggur næst að stunda garðræktina og auka hana sem mest, bæði til heimilisþarfa og til markaðssölu. Auk þess er á það að líta, að hin síðustu ár hefir borið allmjög á ýmiskonar veikleika og sýki í búfénaði, sérstaklega sauðfé. Skiptir þá ekki litlu, að bóndinn hafi eitthvað annað jafnframt við að styðjast, þegar einhver slík veiki kemur upp og gerir tilfinnanlegt tjón. Við megum því vera rannsóknarstofu háskólans þakklát fyrir það mikla verk, sem hún hefir unnið til þess að finna upp lækningarmeðul og varnarlyf gegn sumum þessum sjúkdómum. En þó eru sumir sjúkdómar, sem enn hefir ekki verið fundið neitt meðal við, t. d. riðuveiki, sem hefir gert mikið tjón hér á landi, og veit ég dæmi um einn ungan bónda, sem var nýbyrjaður að búa, að hann varð einmitt vegna þessarar veiki að fella svo til allan sinn sauðfjárstofn, og sneri hann sér þá vitanlega að garðmetisframleiðslu, sem ég hygg, að sé það skjól, sem menn geta helzt flúið í, þegar slíkt kemur fyrir. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að styrkur til garðræktar verði hækkaður um þriðjung og að vandaðir vermireitir og gróðurhús njóti einnig styrks, því ef á að framleiða fjölbreyttan garðamat, þá eru vermireitir og gróðurhús nauðsynleg.

Þá er það kunnugt mál, að íslenzkur landbúnaður hefir á undanförnum öldum oltið á því, hvernig hefir tekizt með nýtingu heyja, og er hún alveg undir veðráttunni komin. Þegar heyskaparveðrátta hefir brugðizt, hefir sú orðið reyndin á, að heyin hafa verið stórskemmd eftir sumarið. Það eru eftirtektarverð orð, sem forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans í atvinnuvegunum segir í álitsskjali sínu, sem ég hygg hann hafi sent atvmrn. Þar segir meðal annars svo:

„Nýting heyja er komin undir hverflyndi veðra, og afkoma manna og búpenings í voða eftir óþurrkasumar, ef ekki fer því betri vetur á eftir. Það eru slæmar heynýtingar, sem er höfuðorsökin til þess, að mannfellir hefir orðið að meðaltali 20. hvert ár frá því landið byggðist. Þótt landsmenn virðist hafa gleymt harðærinu í bili, þá þarf ekki mikla svartsýni til að spá endurtekningu á því, sem ávallt hefir endurtekið sig svo lengi sem sögur fara af þessari þjóð.“

Það þarf ekki neinu við þessi orð að bæta. En ég vil aðeins minna á, að nokkurt ráð er til gegn þessum voða, og það er, að bændur komi upp votheyshlöðum, til þess að geta tryggt sér nokkurn veginn nýtingu a. m. k. þriðjungs heyaflans. Það er reynsla fyrir því, að það má alveg að skaðlausu fóðra skepnur á votheyi að ⅓. Tilraunir sumra manna, t. d. búnaðarskólastjórans á Hvanneyri, benda í þá átt, að nota megi vothey að skaðlausu í miklu stærri stíl. Hinsvegar er svo ástatt í landinu, að votheyshlöður eru til aðeins yfir 3¼ % ársaflans. Í grg. frv. eru skýrslur, sem sýna, hvernig þessu er háttað í hverju einstöku héraði. T. d. get ég nefnt, að í Suður-Múlasýslu eru ekki til votheystóftir fyrir nema 330 hesta. Verður þó þetta að teljast votviðrasamt hérað. Ætla ég, að mönnum, sem bera landbúnað fyrir brjósti, sé ljóst, að hér verður að vinna að umbótum, og að það má ekki lengur svo til ganga, að ekki sé kippt í liðinn. Við höfum fengið rækilega áminningu hvað eftir annað í þessu efni — og nú síðast á því sumri, sem síðast leið — um það, hversu landbúnaðurinn stendur höllum fæti eftir votviðrasumar, og hversu tilfinnanlegt er fyrir bændur að kaupa jafnmikið af fóðurbæti eins og þeir hafa orðið að gera í tveimur til þremur landsfjórðungum síðastl. haust. Er þó ekki enn séð, hvernig fer um framgöngu fénaðar á komandi vori. Einmitt af því, hversu þörfin er ákaflega brýn og hversu mikil nauðsyn er á því, að stigið sé allmyndarlegt spor til framfara á þessu sviði, þá er hér lagt til, að styrkur til votheystófta sé hækkaður úr 50 aurum upp í 2 kr. á dagsverk.

Það hefir komið í ljós ofan á alla aðra erfiðleika, sem bændur í þremur landsfjórðungum áttu við að stríða síðastl. sumar, að þegar hey voru komin í garð eða hlöðu, drap þau til stórskemmda í austanrigningum síðastl. haust. Má öllum vera ljóst mál, hversu geysilegur skaði slíkt er og voði fyrir íslenzkan landbúnað, ef svo á til að ganga framvegis. Þess vegna er nauðsyn að styrkja bændur betur en gert er til að koma sér upp þurrheyshlöðum yfir heyafla sinn. Er því lagt til, að slíkar byggingar séu ekki einbundnar við steinsteypu, eins og nú er í lögum, heldur megi einnig veita styrk til hlöðubygginga úr öðru efni, ef þær eru vandaðar, til þess að herða á, að þessar nauðsynlegu byggingar rísi upp sem víðast. Það má fullyrða, að í hinum þurrviðrasamari sveitum séu hlöður úr öðru efni allvaranlegar, ef þær eru traustlega og vel byggðar. En kostnaðurinn er hinsvegar allmikill. Auk

þess stendur allvíða svo á, ekki aðeins á einstökum bæjum, heldur í einstökum sveitum, að ekki eru tök á því að afla innlends efnis til steinsteypu. Eru þá þeir aðilar algerlega afskiptir þessum styrk. Þess vegna er hér lagt til, að styrkur til hlöðubygginga fáist með rýmkuðum skilyrðum.

Um leið og lagt er til, að aukinn sé styrkur til sérstakra jarðræktarframkvæmda, leiðir af sjálfu sér, að það verður að láta þá bændur, sem eru leiguliðar á opinberum jarðeignum, njóta samræmis við aðra bændur að því er tekur til þeirra jarðabóta, sem leiguliðar nota til landskuldargreiðslu af jörðum sínum, og eru ákvæði um það einnig í þessu frv.

Reynslan hefir leitt í ljós, að þá fyrst kemur skriður á jarðræktarframkvæmdir í hverri sveit og héraði, þegar kostur gefst á vélum til jarðvinnslu. Hin seinvirka aðferð hvetur menn ekki nærri eins til þess að hefjast handa um jarðabætur eins og afköst nýtízku véla. Það hvetur menn mjög að sjá, hversu fljótt þær vinna og hversu fljótt jarðabætur þær, sem unnar eru með þeim, koma að fullum notum.

Hinsvegar eru jarðræktarvélar svo dýr áhöld, að búnaðarfélögum og jafnvel heilum búnaðarsamböndum hefir reynzt ofurefli að festa kaup á þeim, svo að þess eru ekki fá dæmi, að þau hafa orðið jafnvel ár eftir ár að sækja um greiðslufrest á þeim lánum, sem fengin voru til vélakaupa. Virðist því reynslan hafa sýnt, að sá styrkur, sem nú er veittur til þessara vélakaupa, sé ekki nægilegur, og sé því nauðsynlegt að hækka hann nokkuð, enda er það lagt til í þessu frv.

Eins og mönnum er kunnugt, er um merkilega nýjung að ræða í íslenzkum landbúnaði, þar sem eru tilraunir Búnaðarfélagsins með kornrækt. Reynslan virðist jafnvel sýna það ljóst nú þegar, að byggrækt gæti hér á landi orðið alveg árviss; og yrði þá fengin ný aðstaða til þess ekki aðeins að bæta fóðurforðann handa búpeningi landsmanna og tryggja þar með afurðir hans, heldur stórbæta aðstöðu til eggjaframleiðslu og svínaræktar, þótt ekki sé talað um það mikla búsílag, sem byggræktin má veita til manneldis. Þess vegna er lagt til, að kornskurðaráhöld og þreskivélar njóti sama styrks og aðrar jarðyrkjuvélar.

Vegna hins örðuga hags ríkissjóðs munu nú ýmsir segja, að hann sé ekki megnugur að standast kostnað þann, sem af breyt. á jarðræktarl. samkv. frv. þessu mundi leiða. En ég verð þó að segja, að þetta horfir allmikið öðruvísi við nú á þessu þingi heldur en í byrjun síðasta þings, þegar frv. um þetta sama efni var flutt. Því að síðan hafa verið samin tekjuaukalög, sem munu gefa af sér um 2 millj. króna í ríkissjóð. Virðist þá mega ætlast til þess, að a. m. k. töluverðum hluta af þeirri upphæð verði varið til þess að auka jarðræktina í landinu og styrkja þannig bændur til sjálfshjálpar, því að þess er og að geta, að þeim styrk, sem varið er til jarðræktar, honum er ekki kastað á glæ. Hann er ekki aðeins til hagsbóta fyrir þá bændakynslóð, sem nú lifir í landinu, heldur og fyrir komandi kynslóðir. Og það má segja um það fé, sem varið er til jarðræktar, eins og segir í dæmisögunni um byggkornið, **að það byggkorn mun síðar verða að gulli.**

Áður en ég lagði þetta frv. fram á síðasta þingi, bað ég hr. Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra að gera fyrir mig útreikning samkv. þeim skýrslum, sem fyrir lágu þá, hversu miklu myndi nema fyrir ríkissjóð, ef jarðræktarl. yrði breytt á þann hátt, sem þá var lagt til. Samkv. hans útreikningi var kostnaðaraukinn rúmar 50 þús. kr., miðað við skýrslur 1933. Og er þá þessi kostnaðarauki sem svarar 1/40 hluta af þeim tekjuauka, sem ríkissjóður fær samkv. l., sem samþ. voru á síðasta þingi. Virðist þá ekki óeðlilegt, þótt þess sé farið á flot fyrir landbúnaðarins hönd, að hann njóti a. m. k. 2½% af þeirri tekjuaukaupphæð.

Þá vil ég geta þess, að Bændafl. flutti á síðasta þingi frv. um það, að frestað yrði framkvæmd á 5. gr. l. frá 1933, að mig minnir, um bifreiðaskatt, þannig að fellt yrði niður framlag til malbikunar í kaupstöðum. Sú upphæð nemur 15% af bifreiðaskattinum, 60 þús. kr. að minnsta kosti. Hefði slíkt frv. verið samþ., voru þar með fengnir þeir peningar, sem þarf til þess að standast þann kostnað, sem leiðir af þeirri lagasetningu, sem hér er farið fram á. Það varð nú ekki, en það mun verða flutt till. í sömu átt á þessu þingi. Og þeir menn, sem að þessu frv. standa, munu verða fúsir til þess, ef nauðsyn krefur, að flytja lækkunartill. við fjárl. eða á annan hátt, til þess að ekki þyrfti að bera það í vænginn, að ekki væri séð fyrir neinu fé til þessara framkvæmda.

Þegar litið er á það, hversu mjög þykir skorta á næga atvinnu fyrir fólkið í landinu, þá virðist sannarlega þess vert, að reynt sé að styðja að því, að það fólk, sem í sveitunum lifir, þurfi ekki að flýja vegna þess að það geti ekki séð afkomu sinni borgið, og flykkjast í kaupstaðina ofan á þann atvinnuleysingjahóp, sem þar er fyrir. Þess vegna vil ég líta svo á, að þetta sé ekki aðeins mál sveitanna, heldur sé það og mál kaupstaðanna; því að það má öllum ljóst vera, að ef sá straumur rennur stríðar, sem verið hefir á undanförnum árum úr sveitum í kaupstaði, þá vofir einnig voðinn yfir kaupstöðunum sjálfum. — Ég vil því halda því fram, að þetta sé ekki aðeins mál bændastéttarinnar, heldur allra stétta í landinu.

Fer ég svo ekki fleiri orðum um þetta mál að sinni. Skal aðeins að lokum geta þess, að frv. þetta hefir fengið beztu meðmæli búnaðarmálastjóra, búnaðarþings þess, sem nú situr, og svonefnds landsfundar bænda. Ég legg til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 451 og 486).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Landbn. hefir haft frv. þetta til athugunar. Hefir það legið hjá henni nokkuð lengi, en er nú komið þaðan. Á fundi, þar sem málið var til meðferðar, var hv. 2. þm. Rang. ekki viðstaddur, en nú hefir hann skilað áliti sínu, og er hann afstöðu n. ósamþykkur.

Ástæðan fyrir því, að við mælum ekki með frv., er sú, að við álítum hækkun þá á framlögum ríkissjóðs, sem farið er fram á, honum um megn. Í landinu er mikil þörf verklegra framkvæmda, og væri að vísu æskilegt, að hægt væri að greiða meira fyrir dagsverkið og að verðlauna ýms verk, sem unnin eru. En það verður þó að hafa hliðsjón af því, hver geta ríkissjóðs er á hverjum tíma, og eins af því, að ríkissjóður leggur ekki svo lítið fé nú þegar til styrktar ræktuninni. Væru nú góðir tímar, myndu menn vilja leggja meira til þess að efla ræktun landsins, en nú liggja mál fyrir, sem bráðari úrlausnar þurfa við, eins og t. d. aukning grænmetis- og jarðeplaræktar. Nú eru miklir erfiðleikar hjá aðalatvinnugreinum landsins. Landbúnaðurinn hefir verið að reyna að koma sem mestu af afurðum sínum til neyzlu innanlands. Hefir verið reynt að taka hér upp ræktun á þeim fæðutegundum, sem hér eru notaðar og hægt er að rækta hér. T. d. hefir verið gerð tilraun um kornrækt, og gæti hún e. t. v. síðar orðið öflugur atvinnuvegur með því tíðarfari, sem nú er hér. En þá hluti, sem um ræðir í frv., tel ég ekki svo aðkallandi, að ástæða sé til þeirra vegna að binda ríkissjóði þungar byrðar. Það er enginn vandi að koma með till. um aukningu fjárframlaga ríkissjóðs til margra þeirra hluta, sem nytsemd er að, en á erfiðum tímum verður þó að miða allt slíkt við getuna. Í frv. er ekki gert ráð fyrir öðrum tekjuauka en þeim, sem e. t. v. kynni að leiða af aukningu ræktunarinnar einhverntíma í framtíðinni.

Till. okkar nm. er sú, að málinu verði vísað til stj. Komi betri tímar, er ekki nema sjálfsagt, að aukin verði framlögin til styrktar landbúnaðinum.

Hv. minni hl. mælir með samþykkt þessa frv., þó að hann að vísu segist geta fallizt á brtt. við 3. umr. Þær liggja ekki fyrir nú, og sé ég því ekki ástæðu til að tala um nál. hv. minni hl. fyrr en till. hans liggja fyrir, en eins og skoðanir hans liggja nú fyrir í nál., getur það ekki breytt afstöðu meiri hl. um að vísa máli þessu til hæstv. ríkisstjórnar.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég var kallaður í landssímann, svo ég heyrði ekki fyrri hluta ræðu hv. frsm. meiri hl. En mér skildist af síðari hlutanum, að einu rökin, sem lægju að því, að vísa bæri máli þessu til ríkisstj., væru þau, að frv. þetta hefði nokkurn kostnað í för með sér, og að ekki væri séð fyrir tekjum.

Ég fæ ekki annað séð en að till. hv. meiri hl. um að vísa máli þessu til ríkisstj. sé aðeins sérstakt form til að svæfa málið, m. ö. o. tilraun til að fella það. Þessi aðferð er ekki venjuleg, nema þegar mál eru illa undirbúin, en því er ekki hér til að dreifa. Þetta mál er vel undirbúið, liggur ljóst fyrir og er því algerlega vandalaust fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir því. Það er ekkert við það unnið að vísa máli þessu til ríkisstj. Hér liggur fyrir till. um hækkun styrks til vissra jarðabóta, sem gerðar eru á sveitabýlum, og hv. þm. er vorkunnarlaust að gera það upp við sig, hvort hækka beri þennan styrk eða ekki. Það, sem á milli ber, er því, að meiri hl. vill eyða frv., *en ég legg hinsvegar til*, að það verði samþ., þó ég hinsvegar sé fús til að fallast á brtt. Sé ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir því nú, eða ekki fyrr en séð verður, hvort málið nær að ganga til 3. umr. Er ástæðulaust að eyða dýrmætum tíma í að ræða brtt., sem fyrirfram má vita, að verða drepnar. Ég þarf að öðru leyti ekki að bæta miklu við það, sem fram er tekið í nál.

Um það er ekki mikill ágreiningur í landinu, að jarðræktarlögin hafa orðið til ómetanlegs gagns. Hafa þau tvímælalaust orðið lyftistöng þeirra framfara, er orðið hafa í sveitum landsins síðastl. 12 ár, — framfara, sem í mörgum tilfellum hafa gert bændum kleift að standa undir þeim útgjöldum, er á þá hafa hlaðizt undanfarin ár. Þó erfiðlega hafi gengið hin síðustu árin, mundi ástandið samt ennþá alvarlegra hjá landbúnaðinum, ef jarðræktin hefði ekki verið svo hraðstíg á síðustu árum sem raun er á orðin. Það er einnig játað af flestum, sem skyn bera á mál landbúnaðarins, að skilyrðin til þess, að hann geti borið sig, er, að menn lifi af ræktuðu, véltæku landi, og að því hafa jarðræktarlögin stuðlað.

Nú gerðust þau tíðindi á síðastl. ári fyrir atbeina ríkisstj., að kaupið hækkaði í sveitunum, þó það breyttist ekki í kauptúnum og kaupstöðum. Þetta gerði það að verkum, að aðstaða bænda varð erfiðari, og þeir geta nú síður ráðizt í ræktunarframkvæmdir eða byggingar en áður. Heimilisfólk er yfirleitt orðið fátt, og venjulega verður að kaupa að vinnuafl, ef eitthvað verulegt á að gera. Kauphækkunin var fóðruð með því, að afurðaverð til bændanna ætti að hækka, en efndirnar hafa orðið þær, að það hefir fremur lækkað en hækkað, nema e. t. v. má segja, að í fyrrahaust hafi kjötverðið hækkað lítilsháttar sumstaðar, þó jafnvel sé um það deilt líka.

Þegar nú svo er, að afurðaverðið stendur í stað eða lækkar, en kaupgjaldið hækkar, er skiljanlegt, að gagnsemi jarðræktarstyrksins verði minni en áður var, af þeirri einföldu ástæðu, að nú fæst minna framkvæmt fyrir hverja krónu en áður var. Nú er svo *um* sumt af þeim framkvæmdum, sem frv. á þskj. 16 fjallar um, að það er alls ekki umþráttað, að lífsnauðsyn sé á að auka þær. Skal ég þar fyrst og fremst nefna súrheystóttir, eins og ég líka bendi á í nál. Á þetta ekki aðeins við hér um Suðurland, heldur einnig í þurrviðrasamari sveitunum á Norðurlandi. Þar hafa hey stórskemmzt vegna vöntunar á votheystóttum. Er alkunnugt, hvernig fór á Norður- og Austurlandi sumarið 1934, þegar vart náðist óskemmd heytugga. Afleiðingar þess hafa svo komið fram í slæmum fénaðarhöldum, fé verið veilla fyrir og vanhöldin meiri, og fé væntanlega lélegt til frálags í haust.

Af þessu öllu saman verður ljóst, að tjónið

verður ekki tölum talið. Er það þá nokkur hagsýni frá sjónarmiði heildarinnar að láta ganga þannig til ár eftir ár? Borgar sig ekki betur að verja nokkrum þúsundum króna af almannafé til að reyna að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig ár eftir ár?

Mér kemur ekki til hugar að neita því, að ef frv. þetta nær fram að ganga, er það nokkur gjaldaauki fyrir ríkissjóð. En stórfé getur ekki talizt, að um sé að ræða, þó að hugsazt geti, að næði 50 þús. kr. á ári, ef frv. yrði samþ. óbreytt. En fús mundi ég til lækkunar á sumum liðum, og lækkuðu útgjöld þá að sama skapi. Og ef nauðsyn þætti til bera að spara eitthvað annað í staðinn, þá mundi auðvelt að finna eitthvað, sem mætti skera niður. Má t. d. benda á kostnað við eina n., sem er allmikill, eða nemur rúmlega þessari upphæð. Á ég þar við fiskimálanefnd. Störf hennar munu nú tæpast svo mikil, að ekki mætti fela þau öðrum án tilfinnanlegs kostnaðar. Þó að vísu sé ekki greitt til hennar beint úr ríkissjóði, þá er það samt tekið af framleiðslunni, og kemur þá nokkuð í sama stað niður.

Ég vildi benda hæstv. ríkisstj. eða meiri hl. þings á þennan kostnað, sem mætti spara alveg, algerlega létta af skattgreiðendum. Þetta fé rennur í vasa örfárra manna eins og bitlingur, manna, sem mundu vel komast af án þess að fá það, en í hinu tilfellinu mundi það renna í vasa fjölda manna, sem er nauðsynlegt að fá þetta fé vegna lífsafkomu sinnar.

Ég vildi aðeins benda á þetta, en ef meiri hl. vildi, mundi hægt að finna marga liði óþarfa, sem hægt er að spara á meira fé en þessa litlu fúlgu. Og ég vil benda á að lokum, að það er venjulegt, þegar sagt er a, að þá verður líka að segja b. Þegar stjórnarflokkarnir ákváðu að hækka kaupið 1934, þá átti ríkisstj. að vera það ljóst, að það mundi draga dilk á eftir sér, einnig fyrir ríkissjóðinn. Því er ekki hægt að hlaupa frá.

Ég endurtek svo aðeins ósk mína í nál., að frv. verði vísað til 3. umr. óbreyttu, og tek það fram, að ég er fús til samkomulags við meðnm. mína.

Þorsteinn Briem: Það mun hafa verið 23. febr., sem máli þessu var vísað til hv. landbn., og er það því ekki vonum fyrri að hún hefir skilað áliti. Ég get þakkað hv. minni hl. fyrir hans undirtektir. En mig undrar þær undirtektir stórlega, sem frv. hefir fengið hjá hv. meiri hl. Er svo að sjá á nál. hans, að hann telji það eitt athugavert við frv., að það hefir kostnað í för með sér. Hann viðurkennir, að það væri æskilegt að geta styrkt ræktun og búnaðarframkvæmdir á þennan veg, en ber aðeins fyrir sig kostnaðinn. Þess vegna á að fella frv. — eða vísa því til ríkisstj., sem er ekki annað en fínna form til að fella málið. Þess skal geta, að það hefir verið rannsakað af fyrrv. búnaðarmálastjóra, hver mundi verða kostnaður af þessari lagabreyt., og niðurstaðan varð, að það mundi nema um 50 þús. kr., miðað við jarðabótaskýrslur síðustu ára. En þegar litið er á þann stuðning, sem landbúnaðinum er veittur, ef frv. nær fram að ganga, verður ekki litið svo á, að þetta sé stór upphæð. Frv. felur í sér þessar aðalbreyt.:

I. Að styrkurinn sé aukinn um ⅓ til opinna skurða og að helmingi til lokræsa.

Það er alkunna meðal allra, er við jarðrækt fást, að algengasti gallinn á allri nýrækt er sá, að framræslan er ekki svo góð sem skyldi, og þar af leiðandi verður ending jarðabótanna minni og afrakstur lélegri að vöxtum, og þó einkum að gæðum. Búnaðarþingið hefir í umsögn sinni um þetta mál lagt hina mestu áherzlu á þetta atriði frv. og mælt mjög eindregið með því, að frv. í heild næði fram að ganga.

II. Samkv. frv. á að hækka verulega styrkinn til þeirra framkvæmda, er lúta að betri hagnýtingu innlends áburðar, en nú er.

Þegar þess er gætt, að með góðri áburðarhirðingu fær búfjáráburðurinn lagt til alla þá forfósýru og kalí, sem bændur þurfa til viðhalds ræktuninni, og ⅔ þess köfnunarefnis, sem með þarf, þá er auðsætt, hversu mjög mætti spara kaup erlends áburðar, ef bændur fengju meiri stuðning í þessu efni. Og eins og gjaldeyrismálum landsins er nú komið, þá skiptir eigi heldur litlu fyrir sjálft ríkið, að unnt verði að spara erlendan áburð.

Það virðist ekki vera ágreiningsmál milli flokka hér á þingi, að styrkja beri matjurtarækt í landinu. Þetta frv. felur í sér stóraukinn styrk til þeirra, er koma sér upp matjurtagörðum. Þá er og hér í fyrsta sinn lagt til að veita styrk til gróðrarskála og vermireita. Er það alkunnugt, hve mikilsverð garðræktin er. Með aukinni garðrækt vinnst hvorttveggja, hollara mataræði hjá landsmönnum og gjaldeyrissparnaður fyrir ríkið sjálft. Og þó vissulega beri vel að meta þær till. allar, er miða að því að styrkja garðræktina á næstu árum, þá ætla ég, að þessi styrkaukning komi í beztar þarfir og að mestu gagni öllum þorra bænda.

En það, sem þorri bænda og helztu búnaðarfrömuðir eru sammála um, að skipti hvað mestu máli, er hækkun styrks til votheystótta. Hér í frv. er og lagt til, að hann verði fjórfaldaður frá því, sem nú er. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í fyrrasumar var svo votviðrasamt í tveimur landshlutum, að fóðurbætiskaup, er af því leiddi, urðu bændum um megn, auk þess stórskaða, sem bændur biðu víða af ýmiskonar vanhöldum og óhreysti í fé.

Hefir því og verið yfirlýst af núv. búnaðarmálastjóra, að ef maímánuður hefði ekki verið eins einmuna góður síðastl. vor og hann var, þá hefði orðið stórfellir í þessum tveimur landshlutum. Slík stórhætta af efnatapi heyja í votviðratíð getur alltaf vofað yfir íslenzkum landbúnaði, meðan ekki eru til votheystóftir á hverju býli.

Það er kunnugt, að enn í ár hefir í sumum sveitum Austurlands a. m. k. tapazt mikið af heyjum, og liggur nú undir snjó, en mikið af því, sem síðast náðist, er ónýtur hrakningur. Má því öllum ljóst vera, að hér þarf bráðra aðgerða og aðstoðar af hálfu þess opinbera. Þetta mál þolir enga bið. Og mig undrar stórlega, að hv. meiri hl. skuli ekki einu sinni taka tillit til þessara brýnu þarfa landbúnaðarins.

Þá er sama að segja um þurrheyshlöðurnar. Hér er lagt til, að styrkur til þeirra sé hækkaður

um helming, og eigi bundinn við steinhlöður einar, eins og nú er. Einyrkjarnir munu bezt finna vinninginn og verksparnaðinn, að geta stungið heyjunum jafnóðum inn í hlöðu, móts við stríðið við heytóftirnar. Og þó er munurinn eigi minni að vetrinum. Í fæstum héruðum er heygeymsla trygg nema undir járnþaki. Þess eru a. m. k. dæmi á Austurlandi í haust, að heyið hefir eyðilagzt í heystæðum af því að hlöður eru ekki til, eða ekki undir járnþaki. Hér er því um brýna þörf að ræða fyrir landbúnaðinn, og mig undrar, að hv. meiri hl. skyldi ekki heldur taka tillit til þessa.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að fullkomin ástæða væri til þess að styðja kornrækt í landinu. Í frv. mínu er einmitt ákvæði um að styðja kornrækt. Fyrir lofsverðar tilraunir Bf. Ísl. í þessu efni, er það nú sýnt, að vel er hægt að stunda kornrækt hér á landi með góðum árangri, a. m. k. í suðurhluta landsins. Með aukinni kornyrkju fengist ekki aðeins ný vara til manneldis, sem gerði það að verkum, að kaup á sömu vöru frá útlöndum spöruðust, heldur mundi það líka vinnast við þetta, að hægt væri að tryggja fóður búpeningsins betur en nú er auðið með innlendu fóðri. Auk þess gefur kornræktin aðstöðu til þess að stunda meiri eggjaframleiðslu og svínarækt á ódýrari hátt en nú er. Það má því segja, að það kenni nokkurra mótsagna hjá hv. frsm., þegar hann leggur líka á móti styrk til þessara véla, því að vitað er, að bæði félög einstakra manna og einstaklingar í landinu, sem sjálfir hafa gert tilraunir í þessu efni undanfarin ár, mundu ráðast í stærri framkvæmdir, ef þá skorti ekki vélar, sem kosta allmikið fé.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ríkissjóður legði nú allmikið fé fram til ræktunar í landinu. Rétt er það að vísu, en þegar á það er litið, að kaupið hefir nú, einmitt að nokkru leyti fyrir aðgerðir hins opinbera, hækkað allmjög í sveitum landsins, og það svo mjög, að það nemur meiru en öllu því framlagi, sem veitt hefir verið samkv. jarðræktarlögunum til búnaðarframkvæmda, þá er auðséð, að það er sízt ástæða til þess að telja þetta litla fé eftir eins og nú er komið. Og eins og hv. frsm. tók fram, þá leiðir það af sjálfu sér, að þegar hið opinbera gerir ráðstafanir til þess að þessar jarðræktarframkvæmdir verði dýrari en ella, þá verður líka að auka styrkinn til þeirra sömu framkvæmda. Það hefir verið á það bent, að jafnvel ein einasta nefnd, eins og t. d. fiskimálanefnd, muni kosta jafnmikið í rekstri og svarar því fé, sem það mundi kosta árlega fyrir ríkissjóð, að þetta frv. yrði að lögum, og það hefir ekki ennþá sézt neinn verulegur árangur af starfi þessarar nefndar. Ég verð því að líta svo á, að það komi að allmikið meiri notum fyrir þjóðfélagið, að bændur séu styrktir til þess að bæta jarðir sínar og lækka þar með framleiðslukostnaðinn, heldur en að halda þessari n. uppi dýrum dómum. Ef farið væri út í sparnaðarhlið þessa máls og ef um það væri að ræða að spara upphæð á móti þessum útgjaldalið, þá mætti finna fleiri liði en þennan, sem ég nefndi, til þess að hægt væri að spara fyllilega þá upphæð, sem svarar til þessa fjárframlags, og get ég í því sambandi t. d. bent á það, ef horfið væri að því ráði að samræma meira en orðið er laun þeirra, sem taka laun utan launalaga, við laun annara, sem taka sín laun samkv. launalögum. Hvor leiðin, sem farin yrði, mundi nægja til þess að vega upp á móti útgjöldum þessa frv.

Það hefir komið í ljós við framkvæmd þeirra laga, sem að því miða að hækka afurðaverðið, að það reynast allmiklir örðugleikar á þeirri viðleitni í framkvæmdinni, og skal ég ekki fara frekar út í það í þessum umr., hverjar orsakir til þess liggja, en ég ætla, að menn geti verið sammála um, að það komi sér bezt, bæði fyrir framleiðendur og neytendur, að hægt væri að stuðla að því, að framleiðslukostnaður á landbúnaðarafurðum gæti lækkað sem mest, því að þá ættu bændur landsins auðveldara með að framfleyta sér og sínum, jafnvel þótt afurðir þeirra hækkuðu minna. Ég verð því að líta svo á, að það verði til góðs, ekki aðeins fyrir framleiðendur, heldur einnig fyrir neytendur, ef þetta frv. verður samþ. Eins og nú horfir við, þá er það svo allvíða á landinu, að bændur virðast vera að gefast upp. Ég veit t. d. um einn hrepp í þeirri sýslu, sem ég á heima í, þar sem líkur eru til þess, að 5—6 jarðir af 23 byggist ekki á næsta vori. Og hvað verður um þá menn, sem flýja frá jörðunum? Þeir flykkjast í sjóþorpin og kaupstaðina og koma til viðbótar við þann atvinnuleysingjahóp, sem þar er fyrir. Ég verð því að líta svo á, að slíkt mál sem þetta ætti að njóta velvildar fulltrúa allra stétta og flokka, en ekki sæta þeirri meðferð, sem lítur út fyrir, að því sé ætluð.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. minni hl. n. hefir gert grein fyrir sinni skoðun á málinu. Hann kallaði það sérstakt form til þess að fella frv. að vísa því til hæstv. stj. Það má vera, að þeir, sem ekki bera traust til hæstv. stj., kalli það að fella mál, ef því er vísað til hennar, en frá sjónarmiði þeirra, sem treysta hæstv. stj., horfir þetta allt öðruvísi við, því að þeir efast ekkert um, að hæstv. stj. muni gera allt, sem unnt er, málinu til góðs. Það er því töluverður munur á því að vísa máli til stj. og að fella það. Hv. frsm. minni hl. sagði, að þetta mál væri ofur einfalt og að hægt væri að gera grein fyrir því í fljótu bragði. Það er nú svo. Það er einfalt og ekki einfalt. Það er einfalt frá höfundarins hendi, sem ekki virðist hafa gert annað í búnaðarmálum en að lesa í gömlum lögum viðvíkjandi landbúnaði og finna, hvar hægt væri að breyta tölum og segja: Þetta skal vera svona og þetta svona o. s. frv. En gallinn á þessu er bara sá, að það geta verið breytt viðhorf frá því, sem var, þegar lög þau, sem um er að ræða, voru sett, og það hefir breytzt viðhorfið.

Hv. frsm. minni hl. talaði um kauphækkun í sveitum og ráðstafanir hæstv. stj. sumarið 1932. Það varð kauphækkun; það er rétt. En ég fullyrði, og ég býst ekki við, að hv. frsm. minni hl. geti fært nokkur rök gegn því, að hún hefir ekki aukið útgjöldin hjá sveitafólkinu. Þó að útgjöldin hafi eitthvað aukizt, þá hefir runnið til sveitanna jafnmikið fé, sem komið hefir af

kauphækkuninni. Mér hefir líka verið sagt víða af landinu, að þrátt fyrir kauphækkunina hafi kaupið fyrir kaupavinnuna hjá bændum ekki hækkað yfirleitt. Það er því ekkert annað en órökstudd staðhæfing að halda því fram, að kauphækkunin hafi yfirleitt haft í för með sér aukin útgjöld hjá bændum landsins. Það er fullyrðing, sem mér finnst ósamboðin jafnrökföstum manni og hv. 2. þm. Rang. er; hinsvegar tel ég hana ekki ósamboðna hv. 10. landsk. Hitt er annað mál, að bændur eiga við ýmsa örðugleika að etja, en það hafa allar stéttir við svipaða örðugleika að stríða.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að verðið fyrir kjötið hefði verið verra 1934 en áður. Í þessu sambandi er það aðgætandi, að bændur eru í vafa um, hvort það hafi hækkað eða ekki, en í huga hv. þm. er þetta vafi á því, hvort þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að skipuleggja sölu sláturafurðanna, hafi komið að notum. Ef menn athuguðu, hvernig komið var um sölu á kjöti, þá hygg ég, að þeir mundu sjá, að illa var komið, og jafnvel þótt engin hækkun hefði átt sér stað, þá voru þær ráðstafanir, sem gerðar voru, mjög þýðingarmiklar. Þetta ætti hv. þm. líka að athuga. Það, sem viðbúið var að skeði, kom einnig á daginn, því að eftir því, sem markaðshorfurnar fyrir kjötið versnuðu erlendis, fóru fleiri héruð landsins að keppa um bezta innanlandsmarkaðinn, sem var markaðurinn í kaupstöðunum, og þá sérstaklega í Reykjavík. Fjöldi kaupfélaga og sláturfélaga keppti um markaðinn hér, til þess að koma sínu kjöti út. Hvernig hefði þá farið, ef ekkert hefði verið gert til þess að koma í veg fyrir þessa yfirvofandi hættu? Það, sem þá var gert, var það, að verðinu var jafnað niður, og þau héruð, sem fjarst voru markaðinum hér og sent höfðu kjöt til útlanda og fengið lágt verð fyrir, voru keypt frá því að keppa á markaðinum, sérstaklega í Reykjavík. Þetta atriði ætti hv. 2. þm. Rang. vissulega að taka til athugunar, ekki síst að því er snertir hans eigið kjördæmi. Það má vera, að einhverjir hugsi sem svo, að það hefði átt að fara eftir pólitík og flokksfylgi um kjötkaup, þannig að þeir, sem áttu sjálfstæðismenn á þingi, hefðu meiri möguleika til kjötsölu í Reykjavík, en það er nú harla ósennilegt, að sjálfstæðismenn hér í bæ hefðu t. d. farið að kaupa kjöt á eina krónu — jafnvel þótt það hefði verið framleitt af skoðanabræðrum þeirra —, ef kjöt hefði verið á boðstólum á 50 eða 75 aura t. d. frá Þingeyingum, svo að ég taki einhverjar tölur af handahófi. Það var rétt hjá hv. þm., þegar hann talaði um súrheystóftir, að það er nauðsynlegt að hlynna sem mest að því, að bændur séu sem bezt undir slæmt tíðarfar búnir, svo að þeir geti verkað heyið sem bezt. Ég er nú að vísu ekki búfróður, og hv. andmælendur minir eru a. m. k. heldur ekki búfræðingar, en ég hefi samt aflað mér þeirra upplýsinga frá einum ráðunaut búnaðarfél., að unnt væri að hjálpa bændum til þess að verka heyið á viðunandi hátt með ekki mjög miklum kostnaði. Hv. þm. sagði, að það væri ekki nema 50 þús. kr. útgjaldahækkun, sem af þessu frv. leiðir. Þetta er ágizkun ein. (**ÞBr:** Þetta er útreikningur Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra). Það er að vísu ágætur maður, en samt hafa ekki allir hans útreikningar staðizt. Með þessum orðum er ég ekki að lasta Sigurð búnaðarmálastjóra. Ég met hann mikils fyrir áhuga á íslenzkum landbúnaði. En það gera margir fleiri góðir menn áætlanir, sem ekki standast.

Hv. frsm. sagði, að það væri engum vandkvæðum bundið að afla peninga í því skyni, sem hér um ræðir; hann taldi bezt að taka eina nefndina — fiskimálanefnd tók hann til — og skera hana niður. Hélt hv. þm. því fram, að hún hefði lítið verkefni, þegar sölusambandið væri komið upp. Það er rétt hjá hv. þm., að verkefni hennar minnkar við það, að hún hættir að sjá um saltfisksöluna, en verkefni hennar verður samt sem áður mjög mikið. Ég býst við því, að fiskimálanefnd hafi fullkomlega borgað sig með þeim framkvæmdum og uppástungum, sem hún hefir gert, og þætti mér mjög illa farið og óviðeigandi af þeim, sem telja sig styrktarmenn landbúnaðarins, ef þeir fara að krukka í hina atvinnuvegina til þess að ná einhverju handa landbúnaðinum. Sjálfstfl. hefir verið á móti stofnun fiskimálan., en ég sé ekki betur en að aðrar og stærri þjóðir, sem fiskveiðar stunda, hafi farið að dæmi okkar Íslendinga og komið upp hjá sér samskonar stofnun, t. d. Norðmenn og Newfoundlendingar, sem hafa einnig gert svipaðar ráðstafanir um sölu á sínum afurðum, og loks hafa Englendingar komið sér upp fiskimálanefnd í síldarmálum. Á þessum erfiðu tímum, þegar markaðsvörur okkar, kjöt og fiskur, seljast illa, þá þarf að leita að öllum hugsanlegum möguleikum til þess að koma einhverjum öðrum framleiðsluvörum okkar í verð, svo að við getum á þann hátt bætt okkur upp það tjón, sem minnkandi markaður aðalframleiðslu okkar hefir í för með sér. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að fiskimálanefnd átti mestan þátt í því, að hafizt var handa um karfaveiðar í haust, sem að mestu leyti bættu stórútgerðarmönnum og skipshöfnum þeirra þann stóra halla, sem margir þeirra urðu fyrir á síldveiðunum í sumar. Fiskimálan. hefir einnig haft með höndum tilraunir um fiskherzlu í því augnamiði, að framleiðsla okkar verði fjölbreyttari en verið hefir. Mér fyndist því afaróviðeigandi, ef leggja ætti niður þá stofnun, sem hefir sýnt, að hún hefir beitt sér fyrir ýmsum uppástungum og framkvæmdum, sem líklegt er, að muni skapa mikla aukningu á atvinnu manna. Mér finnst því uppástunga hv. 2. þm. Rang. í þessu efni alls ekki eiga rétt á sér, ef þessi sparnaður, sem hann talar um, ætti að koma niður á fiskimálanefnd.

Þá kem ég að hv. 10. landsk. Till. hans í búnaðarmálum tek ég alls ekki alvarlega. Fyrst þegar hann er orðinn áhrifalaus að mestu hér í þinginu, þá fer hann að bera fram till. um aukin framlög til landbúnaðarins, en þegar hann var ráðh., þá var lítið um slíkar till. og þá kom hv. þm. ekki auga á hina brýnu nauðsyn, sem hann telur nú vera á votheysgryfjum. Þá hafði hv. þm. áhuga fyrir ýmislegu öðru. Báðir hv. andmælendur gerðu það að umtalsefni, hve mikið gagn væri að jarðræktarlögunum. Ég get vel

tekið undir þetta með hv. þm. Ég efast ekkert um, að þau hafi bjargað mörgum bóndanum og gert honum mögulegt að veita viðnám þeim miklu erfiðleikum, sem yfir hann hafa dunið upp á síðkastið. En þess ber að gæta, að aðstæður hafa breytzt mikið að ýmsu leyti síðan þessi lög voru sett. Um það leyti sem þau voru sett var nokkurn veginn auðvelt að selja allar íslenzkar landbúnaðarafurðir. En nú er því miður allt annað uppi á teningnum, svo sem kunnugt er. Það er t. d. gagnslítið að fjölga sauðfjárstofni bænda á meðan kjötið selst ekki allt. Nú er spurningin, hvort fara á sömu leið og hv. 10. landsk. vill fara, til þess að gera bændum kleift að lifa á viðunandi hátt, og um það hefi ég og fleiri andstæðingar þessa frv. þegar talað. En ég verð að segja, að þótt frv. sé einfalt og ófrumlegt, þá tel ég þetta mál yfirleitt flóknara en svo, að unnt sé á stuttum tíma eða í þingn. að athuga, hvaða leið ætti að fara. Það liggja ekki fyrir nægilegar rannsóknir til þess að hægt sé að ákveða, hvaða nýbreytni í búnaði helzt beri að styrkja og hvernig, en meiri hl. landbn. treystir hæstv. ríkisstj. til þess að láta athuga það. Ég minntist á tvennt í fyrri ræðu minni, aukna kartöflurækt og kornrækt. Hvorttveggja er merkilegt, og um aðra þessa atvinnugrein, kartöfluræktina, er þegar komið frv. Það er engin mótsögn hjá mér, þó ég vilji vísa til stj. kornræktarmálinu, og að það verði athugað, hvort rétt sé að veita styrk til vélakaupa handa þeirri atvinnugrein. Þetta og annað á stj., sem kraftinn hefir til þess, að láta athuga af þekkingu, því að það er mjög áríðandi, að því styrktarfé sem ríkissjóður leggur fram til atvinnuveganna, sé varið til þeirra framleiðslugreina, sem bezt borgar sig að stunda.

Það er víst, að árið 1923 og lengi eftir það kom jarðræktarstyrkurinn að góðu gagni. Nú er meiri vafi á um það gagn. Nú er brýn þörf að rannsaka það gaumgæfilega, hverskonar búnaður er arðvænlegastur og líklegastur til hagsbóta fyrir bændurna.

Það er sjálfsagt rétt, að margir bændur eru nú að gefast upp við búskapinn, en það stendur í raun og veru í sambandi við hina almennu örðugleika, og mér er það ekki sýnt, að bændur hætti við að bregða búi, þó þetta frv. verði samþ. Ég veit, að hv. 10. landsk. dettur ekki í hug að halda því fram, að þessir sex bændur í Akraneshreppi haldi áfram búskap sínum, ef þeir vita, að frv. verði samþ.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á flest andmæli hv. 10. landsk. gegn ræðu minni, og skal þá loks minnast á það, sem hann skaut fram, að það mætti spara á launalögum til þess að finna fé. Hér ber að sama brunni og áður. Þetta þykir honum hægt nú, þó hann hafi ekki séð það meðan hann var ráðh. Þá var hann ekki að klípa við neglur sér þau laun, sem hann réði yfir, t. d. til kreppulánasjóðsstjórnarinnar. Honum datt það ekki í hug. Þá bar ekki heldur á þeim eldlega áhuga hjá honum fyrir því að efla búnaðinn, sem nú logar uppi í honum, þegar hann er orðinn vanmáttugur og veit, að hann getur engu komið fram.

Þá var hv. þm. að fara hér með einhver vísdómsorð, að því er mér skildist eftir núv. búnaðarmálastjóra, um það, að ef síðastl. maímánuður hefði ekki verið eins góður og hann var, þá hefði orðið kolfellir í tveimur landsfjórðungum. Það er nú alltaf auðvelt að mála svartar myndir með því að setja *ef* fyrir framan. Við gætum sagt það, að ef hafís kæmi og lokaði landinu allan veturinn, þá yrði afkoman verri en í góðæri. Við komumst auðvitað ekki hjá því að vera háðir tíðarfarinu. Við erum þannig settir, að við megum alltaf til með að einhverju leyti að treysta á himnaföðurinn eins og Kristrún í Hamravík.

Hv. 10. landsk. sagði, að frv. þetta hefði farið til landbn. 23. febr. Ég hefi ekki athugað, hvort þetta er rétt, en ég býst við, að hann geti farið rétt með tölustafi. En ég ætla bara ekkert að fara að afsaka landbn., þó hún hafi ekki skilað frv. fyrr en þetta. Yfirleitt hefi ég ekki tekið þessar og aðrar slíkar till. þessa hv. þm. í mikilli alvöru. Mér hefir skilizt, að bak við þær væri ekki hinn sanni áhugi, og ræð ég það af því, að þær koma þá fyrst, er þessi hv. þm. hefir misst skilyrði til þess að koma þeim til framkvæmda.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. játaði það afdráttarlaust, að jarðræktarlögin hefðu á sínum tíma verið sett af þörf og að þau hafi gert mikið gagn. En viðhorfið sé nú orðið mjög breytt og vafasamt sé, hvort þau séu nú jafnsjálfsögð og áður. Og vandkvæðin eru þau, segir hann, að nú sé orðið mjög hæpið með markað fyrir framleiðsluvörur landbúnaðarins. Það þurfi a. m. k. að rannsaka það, hvaða tegundir framleiðslu helzt sé markaður fyrir.

Ég skal játa það, að ef þingið lítur svo á, að það eigi að láta skeika að sköpuðu með aðalframleiðslugreinar landbúnaðarins, þá sé þetta rétt. **(JBald:** Þetta er útúrsnúningur). Ef hann er staðráðinn í því, að réttast sé að láta skeika að sköpuðu með landbúnaðinn, og lofa bændum að flosna upp og flytja sig í aðrar atvinnugreinir, ég veit ekki hverjar. Ef á að skeika að sköpuðu með þetta og láta býli sveitanna, sem staðið hafa frá landnámstíð, leggjast í eyði. Ef þannig á að skeika að sköpuðu, er réttara að athuga það, hvað helzt á að styrkja. Því ef halda skal áfram að styrkja landbúnaðinn, þá þarf vitanlega að vera fyrir hendi sannfæring um það, að landbúnaðurinn eigi að lifa. Fyrir mér er ekkert „ef" í þessu efni. Ég get ekki annað séð en að landbúnaðurinn verði að lifa. Ég sé engar útgöngudyr fyrir það fólk, sem stundar hann, engar atvinnugreinir aðrar, sem það gæti horfið að. Og ég sé ekki betur en Alþingi líti einnig svo á. Það er meira að segja reynt að örva menn til þess að hverfa frá öðrum atvinnugreinum til landbúnaðarins. Slíkt hlýtur að vera meint með ýmsum þeim frv., sem fram eru borin, svo sem frv. um nýbýli. Mér skilst afstaða Alþingis til landbúnaðarins byggjast á þeirri trú, að sá atvinnuvegur geti brauðfætt það fólk, er hann stundar.

Hv. frsm. meiri hl. var að benda á það, að örðugt væri að selja landbúnaðarvörur. Ég veit,

að örðugleikar eru töluverðir á því að selja þann hluta þeirra vara, sem ekki er notaður innanlands, en þó má benda á það, að þeir örðugleikar eru ekki svipað því eins miklir og með sjávarafurðir. Því það er áreiðanlega stórum erfiðara að selja fyrir sjávarútveginn heldur en landbúnaðinn, og á það sérstaklega við stærstu vörutegund sjávarútvegsins, saltfiskinn. Þar að auki er þess að gæta, að enn hefir verið ákaflega lítið gert til þess að vinna nýja markaði fyrir landbúnaðarvörur. Af hálfu þess opinbera hefir ekkert verið til þess gert. Einkafyrirtæki, sem annast þessa sölu, hafa eitthvað reynt, en ég hygg, að þær tilraunir hafi verið bæði kraftlitlar og fálmkenndar. Og miklar líkur eru til þess, ef það mál væri tekið öðrum tökum, að þá mætti margfalda þann erlenda markað, sem nú er til fyrir landbúnaðarvörur, þ. e. a. s. kjötið. Og ástæðan til þess, hve miklu auðveldara er að finna markað fyrir kjötið en fiskinn, er sú, hve kjötframleiðsla okkar er lítil. Hún er svo lítil, að hennar gætir bókstaflega ekkert á heimsmarkaðinum. Það er allt annað mál með saltfiskinn, þar erum við meðal hinna stærri framleiðenda; þess vegna er aukning þeirrar framleiðslu hættuleg. Með kjötið er öðru máli að gegna. Ég er þeirrar skoðunar, að ef það mál væri tekið skynsamlegum tökum, þá gætum við fengið mikinn erlendan markað fyrir kjöt, því lítilfjörlegar tilraunir í þá átt, gerðar af vanmáttugum mönnum, benda ótvírætt til þess.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að rannsaka þyrfti, hvaða atvinnugreinir landbúnaðarins ætti að styrkja, og hann nefndi kartöfluræktina og kornræktina. Það eru allir sammála um, að það beri að styrkja kartöfluræktina, og það er verið að gera tilraun með löggjöf til að auka hana. Það er alveg sjálfsagt mál, að framleiða á í landinu sjálfu allar þær kartöflur, sem við notum, og notkunina á líka mikið að auka. Þess vegna er rétt að verja fé til þess að auka þá ræktun. En á það hefir verið bent af hv. 10. landsk., að frv. hans hefir að geyma ákvæði, sem miða að því að auka kartöfluræktina.

Um kornræktina ætla ég ekki að ræða. Ég er ákaflega trúlítill á það, að kornræktin geti orðið aðalatvinnuvegur. Það verður kannske hægt að stunda hana í sambandi við annan stærri atvinnurekstur, til þess að framleiða fóður fyrir nautgripi, hesta og e. t. v. svín. Ég skal játa, að ég hefi þó ekki mikla trú á þessu. En ég vil benda hv. frsm. meiri hl. á það, að kornrækt væri hægt að stunda jafnframt kjötframleiðslu, og að hún yrði einmitt til þess að auka kjötframleiðsluna, og hún er sú eina framleiðsla landbúnaðarins, sem við getum aukið vegna erlendra markaðsmöguleika, því ég hefi enga trú á því, að við þurfum að láta okkur detta í hug að selja mjólkurvörur til útlanda. Þar erum við ekki samkeppnisfærir. Danskir bændur hafa undanfarið fengið 7 til 9 aura fyrir sína mjólk; einhvernveginn komast þeir af með það. Íslenzkir framleiðendur fá miklu meira verð fyrir sína mjólk, og vita þó allir, hve örðugt þeir eiga. Það er svo, að þeir draga stöðugt úr framleiðslunni, meira að segja hér í grennd við Reykjavík. Það sýnist því ekki vera skilyrði fyrir fleira fólk við mjólkurframleiðsluna, og að hverju er þá að hverfa, ef ekki að kjötframleiðslunni? Hinsvegar tel ég það æskilegt, ef komizt gæti á meiri verkaskipting með framleiðendum, þannig að í sumum héruðum væri framleidd einhliða mjólk, en í öðrum einhliða kjöt, þ. e. a. s. fyrir utan þá mjólk, sem framleidd væri til heimanotkunar. Þetta er rannsóknarefni. Á undanförnum árum hefir verið unnið að framleiðslunni í blindni. Enginn maður á landinu getur sagt um það, hver hinn raunverulegi framleiðslukostnaður er á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þetta þarf að rannsaka, ef menn álíta, að landbúnaðurinn eigi að lifa eða vaxa, og ég er sannfærður um, að kjötframleiðslan á að vaxa. En ef landbúnaðurinn á að byggjast á kjötframleiðslu, þá verður sú framleiðsla að byggjast á heyöflun, og þá verður að bæta skilyrðin fyrir því, að hægt sé að vernda heyin frá skemmdum eins og nauðsyn krefur. Í óþurrkasumrum er ekki nema ein leið til þess, og það er votheysgerð. En sú verkunaraðferð er ekki notuð sem vera ber; það verður því að veita fé til þess að koma henni á, með því að auka styrk til votheystófta. Það er þessi styrkhækkun, sem ég legg höfuðáherzluna á. Ég játa fullkomlega, að það er full þörf á því að hækka fleiri styrki til landbúnaðarins, en ég álít eins og sakir standa mesta þörf á að hækka þennan styrk.

Þá kom hv. frsm. meiri hl. að kauphækkuninni í sveitunum, sem við hv. 10. landsk. minntumst á. Ég gat nú ekki vel fylgzt með því, sem hann sagði um hana. Hann játaði að vísu, að kaupið hefði hækkað, en virtist þó halda því fram, að bændur hefðu samt ekki þurft að borga neitt hærra kaup. Er það ekki rétt skilið? (**JBald**: Það hefir sumstaðar ekki hækkað). Ef hv. þm. heldur það, þá er það mesti misskilningur. (**JBald**: Ég hefi eins góðar heimildir og hv. ræðumaður). Ég ætla, að ég sé þessu fullt eins kunnugur og hv. 4. landsk. Ég veit, að kaup það, sem bændur hafa þurft að greiða, hefir alstaðar hækkað, og sumstaðar meira en vegakaupið. Ég skal ekki fullyrða, að það hafi hækkað meira í almennri vinnu, en kaup iðnaðarmanna, t. d. smiða, til sveita hefir hækkað meira en hlutfallslega við vegakaupið á tveimur síðastl. árum. Þá sagði hann, að hvað sem kauphækkun í sveitum liði, þá væri á það að líta, að þetta væri fé, sem ekki færi burt úr sveitunum. En þetta er dæmi, sem hvorki ég eða hv. 4. landsk. getur reiknað. Það er vafalaust rétt, að mikið af því kaupi, sem bændur greiða, fer ekki út úr sveitunum, en ég hygg þó, að mjög mikið fé fari samt þannig til manna, sem búsettir eru utan sveitanna. En hvað sem þessu líður, þá hlýtur hv. þm. að skilja það, að þó kaupið renni til manna innan sveitanna, þá bætir það ekkert aðstöðu þeirra bænda, sem þurfa að kaupa vinnu til þess að byggja súrheystóftir, hlöður eða safnþrær. Þetta eru því engin rök. Hér er aðeins um það að ræða, að aðstaða bænda til þess að byggja þessi mannvirki hefir versnað vegna kauphækkunarinnar.

Næst kom hv. þm. að því, hvað bændur hefðu fengið fyrir þessa kauphækkun. Jú, þeir fengu kjötsölu- og mjólkursölulögin. Hann talaði nokk-

að langt mál um kjötsölulögin, og í sambandi við það tal kom hann með eina yfirlýsingu, sem mér þótti vænt um, því ég veit, að hann stendur við hana síðar, þegar rætt verður um það mál. Hann talaði um það, að bændur í fjarlægari héruðum hefðu verið keyptir til þess að hætta að senda kjöt á Reykjavíkurmarkaðinn. Með þessu á hann vitanlega við verðjöfnunargjaldið. Það er alveg rétt, að það gjald var rökstutt og réttlætt með því, að þeir, sem hefðu bezta aðstöðu til þess að selja kjöt sitt á Reykjavíkurmarkaðinum, ættu að greiða þetta gjald, gegn því, að hinir, sem fjær búa, kepptu ekki við þá um þann markað. En hvernig varð þetta í framkvæmdinni? Hvernig var þetta loforð haldið? Það var svikizt aftan að sunnlenzkum bændum í þessu máli. Bæði í fyrra og núna var hrúgað inn á markaðinn hér kjöti úr fjarlægum héruðum. Það getur verið, að þetta hafi verið afsakanlegt í fyrra, meðan menn vissu ekki, hve mikið kjöt þyrfti til þess að fullnægja Rvíkurmarkaðinum, en í sumar endurtók sig sama sagan. Það var enn hrúgað inn svo miklu kjöti úr fjarlægum verðlagssvæðum, að bændur á Suðurlandi hafa þurft að frysta til útflutnings meira og minna af sínu kjöti. Þannig er nú viðhorf sunnlenzkra bænda. Verð það, er þeir fengu í fyrra fyrir sitt kjöt, var ekki nema á pappírnum. Kjötverðlagsnefnd leyfði þeim ekki að hækka verðið eftir nýár fyrir geymslu og frystingu, svo að sá kostnaður kom til frádráttar á því reiknaða verði. Af þessu leiddi, að jafnvel verðið í fyrra, hvað þá nú, varð litið eða ekkert hærra en verið hafði áður. Ég veit, að hv. frsm. meiri hl., eftir þá játningu, sem hann er búinn að gera um tilgang kjötlaganna, styður þá að því — og hann mun fá tækifæri til þess áður en langt um líður —, að þessi meðferð á sunnlenzkum bændum endurtaki sig ekki oftar. Ég skal játa, að ef hv. frsm. sér um það, þá getur vel verið, að það muni meiru fyrir sunnlenzka bændur heldur en þó þeir fengju lítilsháttar aukinn styrk til votheystófta og fleiri framkvæmda. Því þetta má heita lífs eða dauða spursmál fyrir þá eins og sakir standa nú, hvort þeir fá að sitja að Reykjavíkurmarkaðinum. Það er greinilegt, að það hefir verið unnið að því með föstu takmarki fyrir augum að koma kjötmarkaðinum hér í Reykjavík á aðrar hendur heldur en hann hefir verið á og sýnist eiga að vera á að eðlilegum hætti. En hvað sem þessu öllu saman líður, þá stendur óhaggað, að eins og sakir standa nú hafa hvorki kjötlögin eða mjólkurlögin orðið til þess að hækka til muna tekjur bænda, svo þeir standa verr að vígi eftir kauphækkunina heldur en áður til þess að koma í framkvæmd þeim mannvirkjum, sem hér er um að ræða.

Ég get verið fáorður um annað, sem fram kom í ræðu hv. frsm. Ég leyfði mér að benda á í fyrri ræðu minni, í sambandi við þann kostnaðarauka, sem af þessu frv. mundi leiða, að ein nefnd kostaði meira fé heldur en hér væri um að ræða, fiskimálanefndin. Hv. frsm. gerði nú nokkuð mikið úr því, hvað þessi n. hefði þegar gert mikið gagn. Ég vil bara spyrja hann, hvort hann getur ekki hugsað sér, að sú stjórn, sem skipuð hefir verið fyrir fisksamsöluna, mundi geta leyst nokkurn veginn sama hlutverk af höndum og fiskimálanefnd. Finnst honum eðlilegt að vera að tvískipta þessu, hafa tvo framkvæmdastjóra yfir fisksamsölunni, 7 manna nefnd yfir þeim, og svo aðra 7 manna stj. yfir þeirri n.? Er nú nokkurt vit í svona fyrirkomulagi?

Ég held nú, að þó fiskimálanefnd kunni að hafa orðið að einhverju gagni, þá séu það náttúrlega frekar þær fjárveitingar, sem veittar hafa verið til markaðsleita og tilrauna með nýjar verkunaraðferðir, sem komið hafa að liði, heldur en beinlínis fiskimálanefndin. Og þó n. sjálf gerði eitthvert gagn, þá má gera ráð fyrir, að núv. stj. fisksamsölunnar mundi geta látið sama gagn af sér leiða.

Hv. frsm. minntist á, að þessi fiskimálanefnd hefði staðið að mestu leyti fyrir karfaveiðunum. Ég held, að það hafi nú fremur verið stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem hafði forgöngu í því máli. Hann talaði einnig um harðfiskverkunina. Hún hefir nú náttúrlega enn ekki komið að neinu verulegu gagni, hún er í svo smáum stíl, að hún getur ekki haft neina þjóðhagslega þýðingu í svipinn.

Hv. frsm. minntist ekki á það, sem einn mikilsvirtur flokksbróðir hans taldi fiskimálanefnd mest til gildis, að hún hefði gengizt fyrir því að senda frystan fisk til Póllands. Hann sagði frá því, að send hefðu verið 200 þús. tonn og virtist telja, að þar með væri ráðið fram úr fisksöluvandræðum Íslendinga. Ég held, að það hafi nú aldrei farið meira en 200 tonn, og ég veit ekki, hvað mörg hundruð þús. kr. tapið af þeirri sendingu varð, en það bjargráð mun ekki hafa orðið að miklu gagni.

Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hv. 10. landsk.; ég veit, að hann er margfaldlega maður til þess sjálfur. En mér þykir hálfleiðinlegt þetta sífellda nudd um, að hann hafi ekkert gert meðan hann var í stj., en nú eftir að hann er orðinn vanmáttugur, eins og það er orðað, komi hann með hvert frv. eftir annað til stuðnings landbúnaðinum. Það er satt bezt að segja, að meðan hann var í stj. voru gerðar miklu stórfelldari ráðstafanir til hagsbóta landbúnaðinum heldur en gerðar hafa verið á Íslandi nokkurn tíma fyrr eða síðar. Á ég þar við kreppulánin, fyrir utan ýms önnur stórmál, sem hann beitti sér fyrir vegna landbúnaðarins. Það er eðlilegt, að þegar verið er að koma fram svo stórvægilegum ráðstöfunum, þá séu hin smærri málin látin bíða. Yfirleitt er það svo, að ekki er heppilegt að taka allt of mörg mál fyrir í einu. Ég minni á þetta af því, að þetta mætti náttúrlega jafnframt vera árás á mig, sem gerzt hefi talsmaður þessa máls, en ekki af því, að ég áliti, að hv. 10. landsk. geti ekki svarað fyrir sig sjálfur. Það kom líka annað fram í þessu hjá hv. frsm. meiri hl., sem mér þótti leiðinlegt að heyra af hans vörum. Hann talaði um, að hv. 10. landsk. væri „vanmáttugur“ nú og gæti engu komið fram. Er hann að gefa yfirlýsingu um, að slík mál sem þetta nái ekki fram að ganga af því, að það er ekki maður úr stjórnarliðinu, sem ber það fram? Þessi hugsun, sem því miður hefir of mikið bólað á á Alþingi síðustu árin, er svo

ógeðsleg, að það er raunalegt að heyra jafnmikilsvirtan mann eins og hv. frsm. meiri hl. koma fram með hana í sölum Alþingis.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. vildi svo sem halda því fram, að það væri nokkuð annað en fella þetta frv. að vísa því til stj.; hún mundi taka það til velviljaðrar athugunar og sú athugun mundi bera mikinn og glæsilegan árangur. Já, ég efast svo sem ekki um, að það sé velvilja að mæta hjá hæstv. stj., þegar þessar till. eiga hlut að máli. — Hv. frsm. meiri hl. var að reyna að skjóta sér undan því, sem ég hafði sagt, að kaupgjaldið hefði hækkað í sveitum fyrir atbeina ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni standa. Náttúrlega hefir kaupið ekki hækkað eins mikið yfir háslåttinn eins og aðra tíma árs. En vor og haust hefir hækkunin yfirleitt numið ⅓, og það er einmitt sá tíminn, sem bændur verja til jarðabóta, svo ég ætla, að það sé ekki ofmælt, að allur sá styrkur, sem veittur er samkv. jarðræktarlögunum, hverfi í þessa kauphækkun, og miklu meira en það.

Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi að vísu þörf bænda fyrir votheystóftir. Þakka skyldi honum! En hann vildi láta í veðri vaka, að þær þyrftu svo sem ekkert að kosta. Það mun hafa vakað fyrir honum, að það mætti byggja þær úr ódýrara efni heldur en steini. Já, það má koma upp endingarlausum tóftum úr ódýrara efni, en bæði skemmist meira í þeim, og svo er það mesti misskilningur, að tóftir úr innlendu efni kosti svo sem ekkert. Hv. þm. hefir í sumum tilfellum gott auga fyrir kaupgjaldi, en hann virðist vilja sleppa því alveg aftur í sumum. Hann má vita það, að vinnulaun við að byggja tóftir úr innlendu efni verða eins mikil eins og við steyptar tóftir. Þar sem ekki er um að ræða minna en 9 kr. á dag, kosta tóftir byggðar úr allra einfaldasta efni jafnvel stórfé fyrir þann bónda, sem rekur bú sitt með tapi. Svo mig undrar það, að maður eins og hv. frsm. meiri hl. skuli slá slíku fram.

Þá vildi hann bera brigður á áætlun fyrrv. búnaðarmálastjóra. Hann hafði ekki gert neina ágizkun í þessu efni; hann reiknaði þetta nákvæmlega út eftir skýrslum síðustu ára, sem jarðabótaskýrslur ná yfir. Hygg ég, að það gefi allskýra bendingu um kostnaðinn, sem af þessu hlyti að leiða. Náttúrlega er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrirfram, hvað greiða þarf á hverju ári, en þessi áætlun gefur svo skýra bendingu sem yfirleitt er hægt að fá fyrirfram.

Hv. frsm. meiri hl. sparaði ekki skætinginn til mín persónulega. Ég er slíku ekki óvanur úr þeim herbúðum og tek það ekki nærri mér. Hann vildi segja, að fyrst eftir að ég var kominn úr meirihlutaaðstöðu hér á þingi hefði ég farið að skipta mér af málefnum landbúnaðarins. Ég vil bara spyrja hann, hvort það hafi verið algert afskiptaleysi af málum landbúnaðarins á því eina þingi, er ég hafði aðstöðu til þess að koma málum fram. Ég vil spyrja hann, hvort ekki hafi falizt neitt annað en gamlar tölur í þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru vegna kreppuskulda bænda. Ég vil spyrja hann, hvort frystihúsastyrkurinn t. d. hafi ekki numið meiru en 50 þús. kr. Það framlag eitt nam tífaldri þeirri upphæð, sem hér er um að ræða. Ég vil einnig spyrja hann, hvort ábúðarlögin, sem gengu fram á því ári, hafi aðeins verið í því fólgin að breyta gömlum tölum.

Hv. frsm. meiri hl. reynir að leita sér sóma með því að tala óvirðulega um þær till., sem koma fram frá þeim mönnum, sem hér eru í minni hl., og er það náttúrlega í réttu samræmi við aðra framkomu stjórnarflokkanna, þar sem þeir geta ekki litið nokkurt mál réttu auga, ef það er ekki borið fram af manni úr þeirra herbúðum.

Þá kastaði hv. frsm. meiri hl. því fram, sem ég vænti ekki af honum, með því ég ætla, að slíkt sé óvenjulegt frá hans hendi. Hann var að gera skop að fyrrv. flokksforingja hér á Alþingi, sem nú er látinn, og þó einhver fyrrv. flokksbróðir hans hafi einhverntíma meðan hann lifði komið fram með skrif eða ræðu í líka átt, þá tel ég hv. frsm. meiri hl. algerlega ósæmandi að tala þannig eftir að hlutaðeigandi er dáinn.

Hv. frsm. vildi og halda því fram, að það hefði verið önnur aðstaða árið 1923, þegar jarðræktarlögin voru sett, heldur en á þessum árum til þess að styrkja bændur til jarðræktar. Þá hefði verið svo ágætur og ótakmarkaður markaður fyrir landbúnaðarafurðir. Hvernig var markaðurinn fyrir aðalútflutningsvöru landbúnaðarins 1923? Það var saltkjötsmarkaðurinn í Noregi. Fyrstu kjötfrystihúsin voru byggð 1925, að mig minnir. Þau voru a. m. k. ekki komin upp 1923, svo að landbúnaðurinn hafði þá ekki annan markað fyrir aðalframleiðsluvöruna heldur en saltkjötsmarkaðinn norska. Og hv. þm. ættu að muna, hvernig sá markaður var, hversu hann var rúmur. Það var ekki af því, að markaðshorfurnar væru svo glæsilegar, að jarðræktarlögin voru sett. Ef þær hefðu verið mjög glæsilegar, má vera, að bændur hefðu fremur treyst sér að ráðast í landbúnaðarframkvæmdir án þess að fá svo háan styrk sem þar var gert ráð fyrir. Það var meðfram af því, að markaðshorfurnar voru slæmar, að nauðsynlegt þótti að styrkja bændur til þess að auka ræktunina, til þess að þeir gætu framleitt sína vöru með minni tilkostnaði. Og það stendur einmitt nokkuð svipað á nú. Hagur búenda er þannig, að framleiðsla þeirra ber sig ekki. Til þess að framleiðslan beri sig þarf að vinna að því hvorutveggja, að reyna að hækka afurðaverðið, eftir því sem er mögulegt, og reyna að fá framleiðslukostnaðinn lækkaðan. Það kennir töluverðs misskilnings hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann heldur því fram, að aukinn styrkur til jarðræktar miði eingöngu til þess að auka framleiðsluna. Það má vera, að hann hafi einhver áhrif í þá átt, en fyrst og fremst verður það til þess, að framleiðslukostnaðurinn minnkar, ef bændur fá aðstöðu til þess að rækta jörð sína betur en áður. Þá hætta þeir að meira eða minna leyti hinum dýra heyskap á lélegum engjum, en afla heyjanna í þess stað á ræktuðu og véltæku landi. Það ætti öllum að vera ljóst, hvað stórmikill þáttur það er í því að lækka framleiðslukostnaðinn, ef hægt er að beina landbúnaðinum í þá átt, að menn þurfi

ekki að afla heyja nema á ræktuðu landi, véltækum túnum eða flæðiengjum. Sérstaklega munar þetta miklu fyrir einyrkjann. Ef hann nær þeirri aðstöðu að geta aflað heyjanna heima við bæ, getur hann betur notað vinnukraft barna sinna og annara liðléttinga, sem hann þarf að sjá fyrir, og þannig unnið tvennt í einu, sparað aðkeyptan vinnukraft og fengið meiri eftirtekju eftir vinnu heimafólks síns.

Í öðru lagi er það ekki vitað, nema unnt væri að rýmka markaðinn fyrir aðalframleiðsluvöru bænda, kjötið. Það er ekki fullreynt. Við vitum, að Norðmenn, sem sjálfir framleiða mikið kjöt, hafa þessi ár með góðum árangri selt kjöt til Frakklands og unnið þar nýjað markað, sem þeir telja sér mikinn ávinning að. Þessi leið hefir alls ekki verið reynd af hálfu okkar Ísl., og svo kann að vera um fleiri hugsanlegar leiðir, að þær hafa ekki ennþá verið fullkomlega prófaðar. Þó þunglega horfi nú um markaðsmöguleika fyrir framleiðslu landbúnaðarins, þá verður ekki annað sagt en illa hafi litið út fyrri, m. a. einmitt árið 1923, þegar jarðræktarlögin voru sett. Þessi rök hv. frsm. meiri hl. falla því um sjálf sig.

Hv. frsm. var að bera það í vænginn, að n. hefði haft of stuttan tíma til þess að athuga þetta mál. Ja — hún hefir nú haft þennan tíma frá því 23. febr., og auk þess hafði málið legið fyrir landbn. áður, svo hún hefði átt að hafa haft aðstöðu til að athuga það allvel. Frv. hafði verið sent Búnaðarfél., og það hafði gefið því meðmæli sín. Það hafði verið lagt fyrir búnaðarþing og fengið meðmæli þess. Þær fáu breyt., sem búnaðarþingið lagði til, að gerðar yrðu á því frv., sem áður hafði verið lagt fram, voru teknar til greina í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég undrast það því, að hv. frsm. meiri hl. skuli jafnvel bera þetta í vænginn, að n. hafi ekki haft aðstöðu til að kynna sér frv.

Hv. frsm. meiri hl. sló enn á skoptóninn, sem honum er svo títt, þegar hann talaði um, að bændurnir í sveitunum væru að gefast upp. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. tæki því eins vel, ef gert væri skop að atvinnuleysinu við sjávarsíðuna. Það er fjarri mér að svara honum í sama tón, en það er eins og það bregði ljósi yfir þann huga, sem hann ber til bændastéttarinnar, að geta ekki talað um það öðruvísi en í hálfgerðum skoptón, að bændur landsins séu að flosna upp, jafnvel margir í sama hreppi. Ég get gefið þær upplýsingar, að það er ekki minn hreppur, sem þar á hlut að máli.

Hv. frsm. meiri hl. vildi bera brigður á, að þetta frv. hefði áhrif í þá átt að halda bændum við býlin. Ég verð að líta svo á, að þegar bændur fá ekki önnur svör á Alþingi við þeirra réttmætu kröfum til löggjafarvaldsins heldur en hér virðist eiga að gefa, þá sé það a. m. k. enginn þáttur í því að halda þeim föstum við býlin.

Hv. frsm. meiri hl. reyndi að hafa í flimtingum orð núv. búnaðarmálastjóra. Vænti ég þess sízt af honum, því þau voru af fullum þunga töluð þessi orð búnaðarmálastjóra í útvarpið, þar sem hann benti á, að ef ekki hefði rætzt svo vel úr um tíðarfar síðastl. vor, þá hefði orðið kolfellir í sveitum landsins. Ég álít, að þetta ástand, sem stafaði af því, að ekki voru nægar votheystóftir til, hafi verið alvarlegra en það, að hafa beri slík orð í flimtingum.

Hv. frsm. meiri hl. vék að því, að ég hefði sagt, að nokkra upphæð mætti spara móti útgjöldum þessa frv. með því að samræma betur laun þeirra manna, sem taka laun utan launalaganna, og þeirra, sem taka laun eftir launalögunum. Ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að þarna megi koma að allmiklum umbótum. Ég veit ekki betur en að það sé þegjandi viðurkennt af mönnum úr öllum flokkum. Sé ég ekki, hvað það kemur málinu við, að ég ætlaði þeim mönnum, sem höfðu stjórn kreppulánasjóðs á hendi, þau laun, sem ég ætlaði þeim, því þau voru a. m. k. allmiklu neðan við þau laun, sem greidd hafa verið af núv. stjórn mönnum, sem ekki hafa nærri því eins mikið ábyrgðarstarf á hendi eins og stjórn kreppulánasjóðs.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 8. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Bernharð Stefánsson: Út af ummælum, sem féllu hjá hv. flm. þessa frv. um afgreiðslu landbn. á málinu, vil ég taka það fram, að ég sé ekki annað en að n. hafi afgr. málið á forsvaranlegan hátt. Að vísu er það rétt, að það er nokkuð langt síðan málinu var vísað til n., en þess ber að gæta, að mestallan þann tíma hefir þingið ekki setið að störfum. Ég vil benda á það, að n. skilaði nál. það snemma, að ef á annað borð er fylgi í þinginu til þess að gera frv. að lögum, þá er áreiðanlega nægur tími til þess. N. hefir að vísu látið ganga fyrir að afgr. stjórnarfrv., og er það gömul venja hjá n. í þinginu, en enn er þó nægur tími til að gera þetta frv. að l.

Þetta frv. á að vera borið fram af hendi hv. flm. sem hagsmunamál bænda, og það var helzt að heyra á honum, að þeir, sem ekki fylgdu þessu frv. hans, létu sér í léttu rúmi liggja hag og afkomu landbúnaðarins í heild sinni. Í þessu sambandi talaði hv. flm. um það, að hér væri ekki um stóra upphæð að ræða, sem samkv. frv. ætti að verja til landbúnaðarins úr ríkissjóði. Eins og hv. frsm. meiri hl. benti á í gær, er náttúrlega ekkert víst um það, hversu háa upphæð er hér um að ræða, því að þeir útreikningar, sem fram hafa farið um þetta, sýna ekki annað en hvað þetta hefði verið mikil upphæð, ef lögin hefðu gilt fyrr, en geta ekki fyllilega sýnt það fyrir framtíðina. En ég skal þó játa, að engar líkur eru til þess, að um það stóra upphæð sé að ræða, að ef bændum riði núna mest á framkvæmdum og aðgerðum í þessa átt, þá væri ekki sjálfsagt að samþ. þetta frv., þrátt fyrir það, þótt fjárhagur ríkissjóðs og þjóðarinnar sé erfiður eins og nú stendur. En það er alltaf þægilegt fyrir þá, sem ekki bera neina sérstaka ábyrgð, að gera kröfur. Það má alltaf finna ýmislegt, sem í sjálfu sér væri gott og nauðsynlegt, en ég hygg, að hv. flm. þessa frv. muni þó játa, að einhversstaðar hljóti takmörkin að vera fyrir því, hversu mikið sé hægt að láta af hendi rakna til landbúnaðarframkvæmda eins

og til hvers annars, og ef ekki er hægt fjárhagsins vegna að fá allt, sem manni kynni að detta í hug, að væri gott að fá, þá verður vitanlega að meta, hvað það er, sem mest þörf er fyrir. Þá verður auðvitað það nauðsynlegasta að sitja í fyrirrúmi, en það, sem er síður aðkallandi, frekar að sitja á hakanum. Það, að ég vil ekki gera þetta frv. að lögum nú, er þá ekki heldur sökum þess, að ég vilji ekki auka við útgjöld úr ríkissjóði til landbúnaðarins þessari upphæð, sem hér getur verið um að ræða, heldur stafar það af því, að ég tel annað nauðsynlegra og meira aðkallandi. Ég vona, að hv. flm. geti viðurkennt, að þetta eru ekki tóm orð hjá mér, því að ég hefi einmitt flutt frv., sem nú liggur fyrir, um ekki aðeins jafnhátt framlag og gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur hærra, en ég tel bara það, sem farið er fram á í minni till., nauðsynlegra en þetta. Það munu allir játa, að ræktunin sé mikið þjóðþrifamál, en ég lít svo á, að aukin ræktun, sérstaklega grasrækt, sé ekki það, sem nú ríður mest á, að styrkt sé með auknu framlagi úr ríkissjóði. Ég tel bændum enn nauðsynlegra, að skuldamál þeirra frá eldri tímum séu endanlega leidd til sæmilegra lykta, og ekki síður það, að sala á afurðum bænda komist í viðunandi horf. Því að hvaða gagn er í rauninni að því að stækka túnin og fjölga kúnum, ef ekkert er hægt að gera við mjólkina? Og hvaða gagn er að því, ef tekjurnar fara næstum allar í vexti og afborganir af skuldum? Það má þó enginn taka orð mín svo, að ég sé með þessu að segja, að aukin ræktun eigi að leggjast niður. Ég er aðeins að tala um, hvaða nýjar aðgerðir séu nauðsynlegastar af hálfu löggjafarvaldsins. En ræktun og þær búnaðarframkvæmdir, sem þetta frv. fjallar um, hafa verið allmiklar undanfarin ár, og ég efast ekki um, að samkv. þeim jarðræktarstyrk, sem nú er veittur, muni þær halda áfram að allverulegu leyti. Ég álít, að þetta tvennt, sem ég hefi nú nefnt, eigi að ganga fyrir auknum styrk til þeirra framkvæmda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

En þetta frv. fjallar að vísu um fleira en aukna ræktun, t. d. súrheystóftir, sem samkv. því á að styrkja. Í þessu sambandi minntist hv. flm. frv. á það, hversu óhagstætt tíðarfarið hefði verið í fyrrasumar, og hann sagði, að ef veðráttan hefði ekki batnað á þeim tíma í vor, sem raun varð á, þá hefði orðið kolfellir a. m. k. í tveim landsfjórðungum. Mér finnst þetta vera stór orð. Ég hygg, að einhvern tíma í sögu landsins hafi komið eins slæmt sumar, og samt hefir aldrei orðið kolfellir í tveim landsfjórðungum, ekki einu sinni í móðuharðindunum. En hitt get ég gengið inn á, að hefði tíðarfarið ekki batnað um svipað leyti og raun bar vitni um, þá hefði sjálfsagt illa farið. Og hverjar þær ráðstafanir, sem orðið geta til þess að koma í veg fyrir fóðurskort og felli, má náttúrlega kalla nauðsynjamál. En ég er bara ekki viss um, að jafnvel þótt þetta frv. yrði samþ., þá mundu koma nægilega margar votheysgryfjur, því að enda þótt ekki sé tiltakanlega dýrt að koma upp votheysgryfjum, miðað við aðrar framkvæmdir bænda, þá hafa þeir gert undarlega lítið að því hingað til. Og orsökin til þess er, að mínu áliti, ekki aðallega getuleysi, heldur er tíðarfarið, t. d. á Norðurlandi, þannig oftast nær, að tekizt hefir allsæmilega að þurrka hey. Sumar eins og í fyrra er a. m. k. á Norðurlandi algerð undantekning. Og þótt allir viti, að heyþurrkun geti brugðizt, þá þykja þó svo miklir ókostir vera á votheyi og meðferð þess, að það hefir engu síður orðið þess valdandi, hversu lítið er til af votheysgryfjum, heldur en getuleysi bænda. Með þessu er ég auðvitað ekki að segja, að ekki sé nauðsynlegt að byggja þær, en ég hefi ekki trú á því, að öllu yrði óhætt í óþurrkatíð, þótt þetta frv. yrði samþ.

Ég er ekki fyrsti maðurinn í þessum umr., sem minnist á afurðasölu bænda í sambandi við þetta mál. Það var allmikið talað um það í gær, og m. a. sagði hv. 2. þm. Rang. þá merkileg orð, svo framarlega sem hægt er að taka þau alvarlega. Hann sagði, að hægt væri að fá markað fyrir margfalt meiri kjötframleiðslu en nú er, ef hæfir menn fengjust við söluna. (PM: Ekki orðaði ég það svona). Ég skrifaði það niður. Það var a. m. k. mjög svipað þessu. Ég kalla þetta fréttir! Ef hann getur bent á leið til þess að fá margfaldan markað fyrir kjötframleiðslu okkar, þá er hann — það skal ég játa — ekki aðeins velgerðamaður íslenzkra bænda, heldur einnig allrar þjóðarinnar. — Það er talað um, að fólkið flykkist úr sveitunum til sjávarbæjanna, og er það talið mikið böl, en það virðist næstum eins og það sé ekki verkefni fyrir fleira fólk í sveitunum. Ástandið hefir verið þannig, að það hefir ekki virzt vera hægt að selja meira kjöt né meiri mjólk, eða aðrar landbúnaðarafurðir, a. m. k. ekki við sæmilegu verði. Ef hægt væri að margfalda söluna, þá væri þetta vandamál leyst. Ef hv. 2. þm. Rang. hefði virkilega á hendinni margfalda markaði fyrir kjötframleiðslu okkar, þá skyldi ég berjast fyrir því með oddi og egg, að honum væri falin forstaða kjötsölunnar.

Enda þótt áframhaldandi ræktun sé — eins og ég hefi áður sagt — nauðsynleg og sjálfsagt sé, að ríkið styðji að henni, þá verð ég að telja, að eins og nú standa sakir sé ekki sama, í hvaða átt ræktunin beinist. Á meðan hv. 2. þm. Rang. hefir ekki margfaldað markaðinn fyrir kjötframleiðsluna, og meðan ekki hefir tekizt að finna nægilega víðan og góðan markað fyrir mjólkurafurðir okkar, þá verð ég að líta svo á, að það sé enn nauðsynlegra að styðja að garðræktinni, þar sem við vitum, að markaður er enn fyrir hendi fyrir þær vörur, sem þar um ræðir, heldur en að styðja þær framkvæmdir, sem stefna að aukinni búfjárrækt. Á þessu byggist það, eins og hv. frsm. meiri hl. n. benti á, að við í meiri hl. leggjum til, að málinu sé vísað til hæstv. stj. til frekari rannsóknar. Við teljum nauðsynlegt, að jarðræktarlögin verði endurskoðuð, m. a. með það fyrir augum, hvort ekki mætti beina framkvæmdum jarðræktarmálanna meira í ákveðna átt en gert hefir verið, þannig að það, sem mest þörf er á, sæti fyrir. Hv. flm. frv. telur það náttúrlega einskis virði, að málinu sé vísað til hæstv. stj., því að það sé aðeins annað form fyrir því að drepa það. Hann er vitanlega sjálfráður um, hvernig hann lítur á það, en þetta

vakti fyrir okkur meiri hl. landbn., að það sé einmitt þörf á athugun um þessi efni. Hv. flm. talaði í gær um þau svör, sem útlit væri fyrir, að bændur fengju í þessu máli, og það var auðheyrt á honum, að honum fannst þau mundu verða köld. Hvað mig snertir, þá á ég till., sem liggja fyrir þinginu, er ég tel, að muni, eins og nú er ástatt, koma bændum að miklu meiri notum en þær till., sem þetta frv. felur í sér. Ég þykist í þessu efni vera meira í samræmi við óskir bænda, eins og þær eru nú, heldur en hv. flm. frv. að því er frv. hans snertir. A. m. k. er því svo háttað um mína umbjóðendur, að þeir telja, að þau mál, sem ég nefndi áðan, séu mest aðkallandi, og ef athugaðar eru samþykktir, sem gerðar hafa verið á fundum bænda, sem komið hafa saman til þess að ræða mál sín, þá kemur það í ljós, að það eru fyrst og fremst þessi mál, sem þær fjalla um. Hitt veit ég aftur á móti, að hv. flm. mun nota pólitískt, að þessu máli er vísað frá, til stj., og mér dettur í hug, að til þess hafi refirnir máske verið skornir. Um það skal ég að vísu ekki fullyrða. En mér dettur það í hug af því, að í vor sem leið var þetta notað á þingmálafundum og deilt á mig og Framsfl. fyrir að hafa drepið þetta frv. á vetrarþinginu, og það var flokksbróðir hv. 10. landsk., sem hélt þessu fram. Ég leiðrétti það og sagði, að frv. lægi enn fyrir þinginu og biði þar afgreiðslu. Annað sagði ég ekki um frv. En blaðið Framsókn skýrði frá því á eftir, að ég hefði lofað fylgi við málið. Þar sem byrjað var að nota þetta mál á þennan hátt, pólitískt, áður en afdrif þess voru komin í ljós á þinginu, þá má nærri geta, hvers muni vera von, þegar úrslit þess eru kunn orðin. Þessi aðferð er algeng hjá smáum landsmálaflokkum, sem hyggjast að vinna sig upp. Þeir gera kröfur á kröfur ofan, sem ekki er mögulegt að fullnægja. Þetta er það, sem hefir viðgengizt bæði hér á landi og í öðrum lýðræðislöndum, og hefir leitt til þess m. a., að sumar þjóðir hafa orðið fráhverfar þingræðinu. Ég ætla ekki að gefa Bændafl. nein ráð, eða biðjast undan ádeilu hans á mig og Framsfl., þó að þessu máli verði vísað á bug. En skeð gæti, ef svo ólíklega vildi til, að hv. flm., 10. landsk., yrði ráðh. í annað sinn og ætti þá að framkvæma þær till., sem Bændafl. hefir haft á prjónunum á Alþingi, í blöðum sínum og á þingmálafundum, að þá kynnu þær ef til vill að horfa öðruvísi við fyrir honum heldur en meðan þær eru aðeins flokksbeita, sem haldið er, að falli í góðan jarðveg hjá bændum.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Hv. form. landbn. hefir nú gert ýtarlega grein fyrir till. meiri hl., til viðbótar því, sem ég sagði í gær, og að nokkru leyti svarað því, sem þá kom fram frá hv. andmælendum okkar, svo að það er minni ástæða til þess fyrir mig að vera langorður í þetta sinn. Enda er hv. 1. þm. Eyf. sennilega kunnugastur högum manna í sveitunum af okkur fjórum, sem höfum deilt um þetta mál, að hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang. alveg ólöstuðum. Það er líka eðlilegt, að sá maður, er sjálfur hefir stundað landbúnað sem atvinnurekstur, hafi mesta kynningu af honum, enda þótt hv. 10. landsk. hafi um skeið verið búsettur í sveit sem prestur.

Ég get þó ekki gengið alveg framhjá ýmsum svigurmælum hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk., þar sem þeir héldu því fram, að með till. okkar um að vísa þessu frv. til stj. segðum við það eitt, að engin ástæða væri til þess að styðja landbúnaðinn meira en nú er gert. Þetta er svo herfilegur útúrsnúningur, að hann er a. m. k. ekki samboðinn hv. 2. þm. Rang.

Það kemur greinilega fram í nál. meiri hl. n. og átti einnig að vera ljóst af framsöguræðu minni í gær, að við í meiri hl. landbn. vildum fullkomlega styrkja landbúnaðinn, en værum hinsvegar ekki viðbúnir að gera till. um, á hvern hátt það hentaði bezt. Aðstaða landbúnaðarins er að mörgu leyti gerbreytt síðan 1923, þegar jarðræktarlögin voru sett. Nú hefir hann að ýmsu leyti aðra annmarka við að stríða en þá; þetta hefir oft verið tekið fram af mér og hv. 1. þm. Eyf. Hv. andmælendur okkar hafa því engan rétt til þess að halda því fram, að við viljum ekkert gera fyrir landbúnaðinn. Þeim svigurmælum vísa ég á bug sem algerlega ósönnum og óréttmætum.

Hv. 2. þm. Rang. flutti langt mál um sölu á landbúnaðarafurðum og taldi, að það mundi mega selja miklu meira af íslenzku kjöti erlendis, ef hæfari menn fengjust til að fara með þá verzlun en verið hefir hér á landi undanfarið. Og hv. 1. þm. Eyf. fór alveg rétt með ummæli hv. 2. þm. Rang. Ég skrifaði þau hjá mér og býst við, að það hafi fleiri gert. Hv. þm. sagði, að það, sem hingað til hefði verið gert til þess að útvega markað fyrir kjötið erlendis, væri aðeins lítilfjörlegt fálm vanmegna og lítt hæfra manna. Þetta eru óneitanlega stór orð og hörð. Ég hefi að vísu ekki kynnt mér nákvæmlega, hvernig kjötsalan hefir verið framkvæmd. En eftir því, sem ég veit bezt, þá verð ég að líta svo á, að í þessum orðum hv. 2. þm. Rang. felist mjög hörð árás, a. m. k. á tvo menn sérstaklega, sinn úr hvorum flokki verzlunarstéttarinnar, annan í kaupmannastétt, en hinn í Samb. ísl. samvinnufél. (PM: Þetta er allt slitið úr samhengi, og mun ég skýra það nánar síðar). Mér finnst, að hin ómaklegu ummæli hv. þm. snerti sérstaklega illa þessa tvo menn, og ég get gjarnan sagt, hverjir þeir eru, því ég veit, að þeir hafa manna mest unnið að því á síðari árum að selja íslenzkar landbúnaðarafurðir erlendis. Þeir eru Garðar Gíslason af hendi kaupmanna og Jón Árnason framkvæmdarstjóri fyrir samvinnufélögin í landinu. Ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvernig hv. 2. þm. Rang. fer að burtforklára þau orð úr ræðu sinni, sem hann hafði um þetta og þá sölustarfsemi, sem rekin hefir verið á þessu sviði. (PM: Ég sagði, að tilraunirnar hefðu verið fálm, sem þó hefði borið nokkurn árangur). Ætli það sé nú ekki viðbót frá hv. þm. eftir á? (PM: Það stendur sjálfsagt hjá skrifurunum). Ég tek fullkomlega undir það með hv. 1. þm. Eyf., að ef þau ummæli hv. 2. þm. Rang. hafa við rök að styðjast, að það sé hægt að margfalda markaðsmöguleika fyrir íslenzkt kjöt erlendis, þegar hæfir menn fara með þau mál, þá er hnúturinn leystur, og væri það

sannarlega fagnaðarefni, ef treysta mætti fullyrðingum hv. þm.

Út af svigurmælum hv. þm. um það, að við viljum ekki styðja landbúnaðinn, get ég minnt á nýbýlamálið; það er leið, sem bent hefir verið á til þess, að fleira fólk geti lifað í sveitunum, sérstaklega þar, sem landið er ódýrt og fólkið getur stundað jöfnum höndum landbúnað og sjómennsku, eins og gert hefir verið frá landnámstíð. En síðan fólkinu fjölgaði í bæjunum, hefir mjög dregið úr þessu, og útgerðin að mestu leyti verið rekin þaðan og úr sjávarþorpum. Ég hefi áður flutt hér á Alþingi frv. um fjölgun smábýla í grennd við kaupstaði og sjávarþorp, og virðist mér það liggja opið fyrir, að fjölskyldur, sem hefðu þar aðsetur, ættu um að velja fjölbreyttari atvinnugreinar en jarðrækt og sjóróðra. Bóndinn gæti stundað sjó á vertíðinni, jarðrækt og heyskap að sumrinu á landi sínu, og daglaunavinnu eða önnur störf þess á milli. — Sú hugsun hefir aðallega verið lögð til grundvallar fyrir nýbýlum, að þar gæti fleira fólk lifað í sveitunum á tiltölulega litlu landi, í nábýli, og haft þar fjölbreyttari framleiðslu og verkefni en áður var; og reynsla nágrannaþjóðanna hefir sýnt, að þetta gefst vel þar. Ég tel því heppilegast að veita landbúnaðinum aukinn stuðning til fjölbreyttari búnaðarhátta í sambandi við nýbýli. En frv. hv. 10. landsk., sem hér er til umr., miðar eingöngu að því að styrkja landbúnaðinn eins og hann var rekinn 1923. Ég skil ekki annað en að hv. andmælendur mínir hljóti að játa, að stórfelldar breyt. hafi orðið í búnaðarháttum hér á landi síðan 1923, er jarðræktarlögin voru sett, og að það er annað og fleira, sem stendur landbúnaðinum fyrir þrifum nú, en vöntun á ræktuðu landi.

Hv. frsm. minni hl. talaði um kauphækkunina í sveitunum, sem mjög hefði aukið á erfiðleika bænda; en hv. þm. færði engin rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Að vísu sagði hann, að kaup trésmiða og steinsmiða hefði hækkað til muna í sveitunum. En ég sé ekki, að það standi í neinu sambandi við hækkun á vegavinnukaupinu. Mér þykir sennilegra, að það stafi af því, að óvenjulega mikil atvinna hafi verið við byggingar í nágrannakaupstöðunum. Annars er mér ekki kunnugt um, að kaup smiða hafi hækkað svo mikið á síðustu missirum sem hv. þm. heldur fram. En hinu fell ég ekki frá, að meiri hlutinn af kauphækkuninni í vegavinnu ríkisins hefir runnið til sveitanna, beint eða óbeint. Það má vera, að hækkunin hafi ekki runnið beint í vasa bænda nema að nokkru leyti, en ef hún hefir aukið tekjur á heimilum þeirra, sem engum blöðum þarf um að fletta, vegna vinnu sona þeirra eða heimilisfólks við vegagerð, þá er sama sem það komi bændum til tekna. Og þó að nokkuð af kauphækkuninni renni til lausamanna, sem eiga heima í sveitunum, þá kemur það líka að gagni fyrir þær.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. sagði um afurðasöluna, og þeim ummælum, sem hann hafði eftir mér úr svarræðu minni í gær og hann vildi fá staðfest. — Það er rétt, að ég hélt því fram í ræðu minni, að með kjötlögunum hefði norðlenzkt kjöt verið keypt út af innlenda markaðnum hér í Rvík. En hv. þm. tók þessi orð mín ákaflega strangt og bókstaflega. Það er vitanlegt, að norðl. kjöt og kjöt úr ýmsum landshl. hefir verið talsvert mikið á markaði hér í Rvík á síðari árum. Og það, sem ég átti við með þessum orðum, var, að með kjötlögunum hefðu framleiðendur sunnan- og vestanlands keypt af sér þá skriðu af kjöti úr öðrum landshlutum, sem annars hefði runnið hingað á Reykjavíkurmarkaðinn og valdið hruni á kjötverðinu innanlands. (PM: Skriðan hefir bara hlaupið þrátt fyrir það, að lögin voru sett). Nei, skriðan hefir ekki hlaupið. Það sést bezt á því, hvað mikið kjöt hefir verið selt til útlanda. Það er fullvíst, að bændur norðan- og austanlands hefðu aukið geysilega kjötflutninga til Reykjavíkur, ef lögin hefðu ekki sett takmörk fyrir því. Menn hugsa ekki svo mikið um náungann, þegar verið er að keppa um verðmætin. Og norðlenzkir bændur eru yfirleitt ekki betri en það, að þeir hefðu sennilega viljað selja kjöt sitt fyrir 10 aur. hærra verð á kg. til Reykjavíkur heldur en þeir gátu fengið fyrir það í Noregi. Þessu kjöti þeirra hefir því í raun og veru verið rýmt hér af markaðnum frá sunnlenzkum bændum.

Það er ekki gott viðfangs, þegar framleitt er miklu meira af kjöti en hægt er að selja í Noregi og Englandi. Í báðum þessum löndum eru kvótarnir of litlir, og verkefni kjötlaganna er að hindra það, að kjötsalan lendi í hnút hér innanlands og safnist of mikið hingað til Reykjavíkur; og verðjöfnunargjaldið er sömuleiðis sett til þess að hindra það, að kjötmarkaðurinn verði eyðilagður hér í Reykjavík fyrir sunnlenzkum bændum. Ég held því, að hv. 2. þm. Rang. þurfi ekki að kæra yfir þessari meðferð á þeim. (PM: Hún er svívirðileg). Hv. þm. segir, að hún sé svívirðileg. En getur hann ekki skilið, að það sé líka dálítið erfitt fyrir bændur í öðrum landshlutum að þurfa að sæta miklu lægra verði fyrir kjöt sitt heldur en hægt er að fá fyrir það hér í Reykjavík? En með kjötlögunum er þeim bægt frá þeim markaði.

Hv. 2. þm. Rang. minntist á þann sparnaðarmöguleika að leggja niður fiskimálanefnd og vildi ekki fallast á, að hún hefði átt upptök að neinum úrlausnum í fisksölumálunum. Við erum þar sinn á hvorri skoðun. Ég benti á í ræðu minni í gær, að hún átti mestan þátt í harðfiskverkuninni, og ég álít ennfremur, að fiskimálanefnd hafi unnið sérstaklega þarft verk með því að undirbúa karfaveiðarnar og koma þeim á stað, sem bættu mikið úr því, hvað síldveiðin reyndist lítil. Það er aftur á móti rétt hjá hv. þm., að það misheppnaðist salan á hraðfrystum fiski til Póllands. En það vill nú svo einkennilega til, að sá maður, sem átti hlut að þeirri sölu og stóð fyrir henni ásamt nefndinni, var mjög dáður af hv. 2. þm. Rang. í þingræðu í fyrra. Þessi maður er Magnús Andrésson. Það vill nú oft verða svo, að slíkar tilraunir sem þessi mistakist í byrjun, og verður fiskimálan. ekki álasað fyrir það, þó að hún geri tilraunir um markaðsleit, sem ekki verður vitað um fyrirfram, hvern árangur gefur. Það ríður mjög mikið á því að selja sem mest af nýjum og hertum fiski, af því að horfurnar fyrir saltfisksölunni eru svo slæm-

ar; og má jafnvel telja það lífsspursmál fyrir þjóðina að fá markað fyrir nýjan fisk. Allar tilraunir, sem gerðar eru til þess að rýmka fiskmarkaðinn, eru mjög virðingarverðar. Sú tilraun, sem gerð var með harðfiskinn, gefur fulla bendingu um, að í framtíðinni muni takast að létta mikið á saltfisksmarkaðinum. Á því er enginn vafi. — Er hv. þm. ekki svo fróður, að hann viti, að á fyrri öldum var fiskurinn yfirleitt verkaður þannig hér á landi? Sá fiskur, sem átti að geymast, var hertur. Og það er tiltölulega stutt síðan breytt var um þá verkunaraðferð og farið að salta fiskinn til útflutnings. M. a. má á það benda til meðmæla harðfiskinum, að ekki þarf að flytja í hann salt frá útlöndum, og út af fyrir sig sparar það erlendan gjaldeyri. Því fyrr sem byrjað er á að herða fiskinn, því betra.

Þessar umbótatilraunir má beinlínis þakka fiskimálan., og álít ég, að hún hafi þar unnið mjög gott starf á þessu ári. Tel ég því í mesta máta varhugavert að leggja hana niður, eins og nú er ástatt, þegar þörfin er svo brýn á því að leita nýrra markaða. Hitt tel ég fjarstæðu, að fela stjórn fisksölusambandsins að taka við þessum verkefnum; hún á aðeins að hafa saltfisksverzlunina, og virðist það fullerfitt. Sú sparnaðartill. hv. þm., að leggja niður fiskimálan., er því bæði vanhugsuð og óheppileg.

Þá fór hv. 2. þm. Rang. í lok ræðu sinnar að bera lof á hv. 10. landsk. fyrir þau störf, sem hann hefði unnið í þágu landbúnaðarins meðan hann var ráðh. Ég skal ekki draga mikið úr því lofi, en þó hygg ég, að hin stærri löggjafarmálefni, sem Alþingi afgreiddi í stjórnartíð hv. 10. landsk. á sviði landbúnaðarins, hafi verið flutt að frumkvæði annara og undirbúin að ýmsu leyti áður en hann tók við, enda þótt það félli í hans hlut að leggja þau fyrir þingið og framfylgja þeim. Það, sem ég fann sérstaklega að við framkomu hv. 10. landsk., var, að hann vildi tiltölulega litlu fórna fyrir landbúnaðinn á meðan hann var ráðh. og átti þá frumkvæði að fáu í þá átt; en nú, eftir að hann er orðinn gersamlega áhrifalaus á Alþingi, virðist hann lostinn svo eldlegum áhuga, að hann kann sér ekki hóf í kröfum um framlög til landbúnaðarmála. Þegar hann er orðinn svo vanmáttugur, að hann situr nú líklega aðeins við annan mann í flokki hér í þinginu, þá gerist hann svo aðgangsfrekur, af því hann veit, að hann þarf ekki að svara til ábyrgðar eða sýna lit á að framkvæma till. sínar.

Það hefir einhver frægur stjórnmálamaður sagt, að bezt sæist, hvað í mönnum byggi, er þeir kæmust í valdaaðstöðu — hver hugur fylgdi máli með áhugamál þeirra. En þetta á ekki við um hv. 10. landsk., því að það er fyrst þegar hann er búinn að vera í valdastóli og hafa mátt-inn, en ekki dýrðina, að hann fær áhuga á þessum stórlandbúnaðarframförum. Till. hans er líka snauð af nýjum hugmyndum til bjargar út úr erfiðleikunum. Hann dregur upp slóð, sem mér virðist ekki fært að halda lengra á. Maður þarf að láta sér detta eitthvað nýtt í hug til bjargráða. Eitt er víst, og það er, að við verðum að spara sem mest kaup á útlendum mat og búa meira að okkar eigin framleiðslu. Íslendingar verða sannarlega sjálfir að hugsa um þessa hluti, því að þrátt fyrir öll vinsamleg orð milli þjóða er enginn, sem hugsar um neina þjóð, nema hún geri það sjálf. Eiginlega þarf ég eftir þetta engu að svara hv. 10. landsk. Ræða hans var mest endurtekning á því, sem hv. 2. þm. Rang. hafði sagt. Hann var að tala um kauphækkunina, sem þegar er búið að svara. Ég verð að segja það, að mikið af ræðum þessa hv. þm. finnst mér vera þannig, að ekki sé hægt að festa hönd á neinu — ekki af því hve mikil rök eru hjá honum, heldur af því, hve röksemdir hans eru lítilfjörlegar og allt afsleppt hjá honum. Hann var að bera saman ástandið 1923 og nú, þegar jarðræktarl. voru sett, en hann verður að athuga það, að þá var enginn hörgull á að selja framleiðsluna. En nú þarf að hugsa til breyt. á atvinnuvegunum. Það þýðir ekkert að styrkja framleiðslu þar, sem ekki er hægt að selja, eins og hv. 1. þm. Eyf. réttilega tók fram. Þó að óhætt hafi verið að styrkja þessa einhæfu framleiðslu landbúnaðarins 1923, þá hafa miklar breyt. orðið síðan, og það er að mínu áliti ekki fært lengur. Þótt við, hv. 1. þm. Eyf. og ég, viljum vísa þessu máli til stj., þá þýðir það ekki það, að við viljum á engan hátt styrkja landbúnaðinn. Hv. 10. landsk. talaði um sölu á kjöti og bar okkur saman við Noreg í því efni. Hann sagði, að Norðmenn seldu kjöt til Frakklands með góðum árangri. Ég dreg engan efa á, að þetta sé rétt, en það verður að athuga, að það er dálítið annað að selja kjöt frá Íslandi heldur en Noregi. Bændur í Noregi geta sent kjötið úr sláturhúsunum inn í járnbrautarklefa og látið það svo fara beina leið til Frakklands; þetta getum við ekki gert. Okkar land liggur langt úti í Atlantshafi, en það þýðir, að okkar vörur verða eldri og allur umbeini kostnaðarsamari heldur en hjá Norðmönnum. Ég fékk tækifæri til þess að sjá þetta sjálfur í sumar ásamt hv. 1. þm. Skagf., hversu létt og auðvelt vinum vorum við Eyrarsund veittist að koma vörum sínum á markaðinn, hvernig þeir geta tekið fiskinn og sent hann nýjan suður til Hamborgar, Parísar, Belgíu og e. t. v. alla leið suður til Ítalíu. Við verðum líka að reikna með okkar aðstæðum, og það er þess vegna ekki hægt að bera það saman, þegar verið er að tala um það, hve nágrannaþjóðirnar eigi hægt með að selja vörur sínar. Það, sem hefir hjálpað okkur hingað til, bæði sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum, er það, hvað við höfum haft mikla framleiðslu og ódýra vöru. Á þessu höfum við lifað hingað til, en nú, þegar kreppan er skollin á, er ekki hægt að selja það magn af þessum vörum, sem þarf. Er því ekki til neins að troða gamlar slóðir. Það er sjálfsagt rétt, að búnaðarþingið hefir mælt með þessu frv., en það er svo með allar stofnanir — við skulum taka til dæmis Fiskifélagið og Búnaðarfélagið —, að þær geta ómögulega slegið hendinni á móti því, sem horfir til aukinna fjárframlaga til þeirra atvinnugreina, sem þessi félög vinna fyrir. Það er auðvitað eðlilegt, að þessar stofnanir geri sitt ýtrasta hver á sínu sviði til þess að fá aukin framlög til atvinnuveganna, en það er aftur Alþingis að meta á hverjum tíma, hve mikið ríkið geti lagt

fram í þarfir atvinnuveganna og hvar það komi að beztu gagni. Það er þetta, sem við vildum láta stj. athuga í sambandi við þetta frv. og við því vildum, að til hennar væri vísað.

Ég vil að lokum segja það, að þó að n. hafi haft þetta mál til athugunar síðan í febr., þá er minnst af þeim tíma þingtími, og eðlilega hefir það ekki verið til athugunar í n. á öðrum tímum en þingtímanum. Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. þm., eða að honum hafi misheyrzt það, sem ég sagði um þetta. Ég sagði aldrei, að við hefðum ekki haft tíma til að athuga frv., en ég sagði, að við hefðum ekki haft tíma til að athuga, á hvern hátt mætti veita fjárframlög eftir jarðræktarl. og gera þær breyt. á þeim, sem nú kæmu að mestu gagni. Þetta er allt annað mál heldur en að athuga sjálft frv. Ég álít, að það sé of mikið verk til þess að það verði unnið í þingnefnd, en til slíkra hluta höfum við ávallt milliþinganefndir til að athuga um stefnubreyt. í löggjöf. Til þess höfðum við ekki tíma, en við höfðum vitanlega tíma til að lesa yfir frv. og bera það saman við eldri löggjöf.

Það er algerlega rangt hjá hv. 10. landsk., að ég hafi verið að skopast að atvinnuleysi í sveitum. Ég var ekkert að skopast að því, þó að bændur úr Akraneshreppi ætluðu að hætta búskap og flytja á mölina. En ég sagði annað, af því að mér fannst hv. þm. draga þetta fram til framdráttar sínu máli, — ég sagði, að þessir menn myndu ekki hætta við að fara frá jörðum sínum, þó að þetta frv. yrði samþ. Ég skopast ekki að atvinnuleysi, hvorki í sveitum né við sjó. Það er of alvarlegt til þess, en það kemur spaugilega fram hjá hv. þm., og það er það rakaleysi, sem ég var að benda á.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 9. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er búið að ræða þetta mál töluvert hér í hv. d., og hefir það verið tekið á töluvert breiðari grundvelli en þurft hefði, að mér finnst. Hafa kjötlögin verið dregin inn í umr., og um þau hefir komið fram skoðun hjá hv. 2. þm. Rang., sem ég get alls ekki sætt mig við, þó ég búist við, að tækifæri gefist til þess að ræða það mál á öðrum vettvangi hér í hv. d. En ég tek það þegar fram, að ég teldi það ekki viðunandi fyrirkomulag, að vissar sveitir taki að sér að selja allt kjöt til Reykjavíkur, gegn því að veita þeim sveitum, sem við hinn lélega erlenda markað eiga að búa, nokkurra aura uppbót á hvert kjötkg.

Um frv. það, sem fyrir liggur, vil ég svo segja nokkur orð. Þeim till., sem í því felast, vil ég skipta aðallega í tvo flokka. Sumar þeirra tel ég þegar svo aðkallandi, að mér þykir það ekki forsvaranleg afgreiðsla á frv. að vísa þeim til stj., enda geri ég ekki ráð fyrir, að stj. verði svo handtakagreið við að koma þeim í framkvæmd sem vera þyrfti. Og þessi atriði frv., sem ég tel nauðsynlegt að hraða svo mjög og ekki þurfa að verða ríkissjóði til neinna verulegra þyngsla, eru ákvæði 4. og 5. greinar um aukinn styrk til votheystófta og til að byggja þurrheyshlöður. Þó ég sé ekki sammála hv. 1. þm. Eyf. um, að ekki sé lengur nauðsyn til að styrkja ræktun vegna aukinnar kvikfjárræktar, þá tel ég, að samt sem áður þurfi að leggja miklu meiri áherzlu á það en gert er að vernda það fóður, sem bændur afla af hinni auknu ræktun, svo að það ónýtist ekki eða stórskemmist. Þessar gr. frv. beinast að því að veita meiri styrk en áður hefir verið veittur til þess að byggja votheystóftir og þurrheyshlöður úr öðru efni en steinsteypu. Við vitum, að í illviðrasumrum eins og nú ganga er það hey, sem sett er í garða, illa sett. Og sumstaðar hagar svo til, að ekki er hægt að ná í steypuefni til þessara bygginga nema með ærnum kostnaði. Um notkun votheysins er það að segja, að henni hefir fleygt svo fram, að sumir bændur gera nú vothey úr ¼ til ⅓ af sinni töðu, og hefir það reynzt prýðilega gott fóður handa nautpeningi, hrossum og jafnvel sauðfé. Hinsvegar eru margir enn dálitið hikandi við að leggja í að byggja steyptar tóftir, en ef styrkur til þeirra væri aukinn eins og lagt er til í frv., þá tel ég víst, að koma mundi miklu meiri skriður á byggingu þeirra, og það tel ég í votviðrasumrum það albezta bjargráð, sem hægt er að finna fyrir bændur á Suður- og Vesturlandi. Ég legg þess vegna sérstaka áherzlu á það, að þessar gr. frv. verði ekki lamaðar svo nú, að þessar framkvæmdir komist ekki á fyrr en eftir svo eða svo langan tíma. Ég vildi því fyrir mitt leyti óska þess, að frv. verði vísað til 3. umr., svo hægt væri að taka það til athugunar, hvort ekki næðist samkomulag um það í hv. d. að gera nokkurn hluta frv. að lögum, en ef það fæst ekki, þá óska ég, að umr. verði frestað, svo hægt sé að reyna að bjarga þessum gr. frv.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon) [óyfirl.]: Ég gerði í fyrradag allýtarlega grein fyrir skoðun minni á þessu frv., en það eru nokkur atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., sem ég vil drepa á, án þess að fara að gera miklar endurtekningar á því, sem ég hefi áður sagt. Það kom fram í ræðum þeirra beggja, hv. 1. þm. Eyf. og hv. frsm. meiri hl., sú aðalmótbára gegn frv., að það bakaði ríkissjóði útgjöld, ef samþ. yrði. Þessu verður ekki neitað, að þau útgjöld geta orðið nokkur. Hinsvegar hefi ég getið þess, að draga mætti úr þeim útgjöldum nokkuð, og ég mundi vera fús til samvinnu í því efni um ýms atriði frv. En með tilliti til þessara útgjalda vil ég benda á það, að á síðari árum hafa verið veittar í fjárl. stórar upphæðir til atvinnubóta í kaupstöðunum, og á það vil ég benda, sem áður hefir verið gert, að jarðræktarstyrkinn ber að skoða sem einskonar atvinnubótastyrk til sveitanna. Þær framkvæmdir myndu verða bændum algert ofurefli að ráðast í, ef þessi rekstur yrði ekki bættur. Ég hefi bent á, að aðstaða bænda til þess að ráðast í nýjar framkvæmdir sé slæm, og getuleysi þeirra stafar mikið af þeirri kauphækkun, sem núv. stjórnarflokkar beinlínis hafa knúð fram. Það hefir verið vefengt, að þessi kauphækkun hafi verið almenn hjá bændum. Vitanlega er það ekkert annað en hreinasta firra.

Það er auðskilið mál, að þeir, sem á annað borð selja vinnuafl sitt, vilja ekki vinna fyrir miklu lægra kaup heldur en borgað er í opinberri vinnu í sveitum. — Þegar hv. frsm. meiri hl. var að tala hér í gær, var hér merkur bóndi af þessum slóðum að hlusta á. Ég spurði hann þá um þetta, sem ég raunar hefi nú leitað mér upplýsinga um áður, hve miklu kauphækkunin næmi hjá bændum á Suðurlandi. Sagðist hann þora að fullyrða, að kauphækkunin í haust næmi a. m. k. þriðjungi, og hygg ég, að það láti nærri. Aftur á móti sagði hann, að um sláttinn væri kaupið tiltölulega lægra. Kauphækkun þessi er gersamlega óhjákvæmileg afleiðing af þeim opinberu ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í þessu efni, og ég get ekki betur séð en að stjórnarflokkarnir verði að taka afleiðingunum af gerðum sínum, úr því þeir hafa orðið þess valdandi, að bændur verða að greiða hærra kaup heldur en þeir hefðu þurft, ef ekki hefði verið gripið til þessara opinberu ráðstafana. Þá hefðu bændur staðið betur að vígi með sínar framkvæmdir. Það er því skylda hins opinbera að kippa þessu í lag með öðrum ráðstöfunum, sem verka á móti þessum kauphækkunarráðstöfunum.

Þá hefir verið vikið að því að nýju, bæði af hv. 1. þm. Eyf. og hv. frsm. meiri hl., 4. landsk., að viðhorfið væri breytt frá þeim tíma, þegar jarðræktarl. voru sett. Einkanlega báru þeir við erfiðleikunum í afurðasölunni, og þess vegna orki tvímælis, hvort rétt sé að auka framleiðsluna og þá vitanlega jarðræktina. Þeir segja *báðir — og hv. 1. þm. Eyf. lagði sérstaklega* mikla áherzlu á það —, að aukin ræktun sé ekki mest aðkallandi fyrir sveitirnar. Ég hefi nú þá óbifanlegu sannfæringu, að gæti landbúnaðurinn ekki komið sínum málum í það horf, að hann geti haft tiltölulega mikla framleiðslu með litlu vinnuafli, þá eigi hann litla framtíð fyrir höndum. Eftir því, sem nú stefnir, virðast fyrir dyrum ófyrirsjáanlegar breyt., sem við myndum í sjálfu sér hreint frá óska eftir. Það myndi verða flestum bændum um megn að þurfa að kaupa vinnu í stórum stíl. Þetta vitum við báðir, hv. 1. þm. Eyf. og ég. Það myndi verða meiri hluti bænda, sem ekki gæti komið málum sínum í það horf sem skyldi. — Af þeim örðugleikum, sem bændur hafa átt við að stríða síðustu árin, hefir það leitt, að þeir hafa dregizt aftur úr á sviði umbótanna meir en aðrir atvinnuvegir. Það er sannfæring mín, að það sé bókstaflega lífsspursmál fyrir landbúnaðinn, að jarðræktin geti haldið áfram.

Ég kem þá loks að því máli, sem hefir dregizt svo mjög inn í þessar umr. og jafnvel orðið aðalumræðuefnið — þ. e. afurðasala landbúnaðarins. Því hefir verið haldið hér fram, að til séu töluverðir markaðsmöguleikar, sérstaklega fyrir frosið kjöt. Ég hefi látið í ljós þá skoðun í fyrra, að markaðurinn gæti stóraukizt. Ég hafði í því sambandi hreyft því, að lítið hefði verið gert, af hálfu hins opinbera a. m. k., til að vinna nýja markaði fyrir íslenzkt lambakjöt. Það lítur út fyrir, að þeir hv. 1. þm. Eyf. og hv. 4. landsk. ætli að taka upp það hlutverk, sem hv. þm. S.-Þ. hefir venjulega á hendi. Þeir voru hér að kasta hnútum að mér fyrir það, að ég hefði gerzt svo djarfur að leyfa mér að minnast á Sambandið í sambandi við þessa gagnrýni. Sannleikurinn er sá, að ég hafði ekkert gagnrýnt Sambandið, a. m. k. ekki beinlínis. Þeir gerðu mér upp orð, sem ég hafði sagt í allt öðru sambandi, en ég beindi aldrei slíkum orðum til S. Í. S. Það, sem ég sagði um þetta atriði, var bókstaflega, að það hefði ekkert verið gert af hálfu hins opinbera til þess að vinna nýja markaði. En það vita bæði ég og aðrir, að markaður fyrir afurðirnar verður ekki unninn með því að gera lítilfjörlegar og fálmandi tilraunir, ekki sízt þegar þær tilraunir framkvæmir viðvaningur. En jafnvel þó að þessu hafi verið svona varið, þá munu tilraunirnar hafa borið ótrúlegan árangur. Þetta voru auðvitað ekki tilraunir, sem höfðu neina almenna þýðingu, en þessi sala var þó upp á nokkur hundruð tonn fyrir mjög gott verð. Ég fyrir mitt leyti hefi talsverða ástæðu til að halda, að salan hefði getað orðið meiri, ef það hefði verið gert af mönnum, sem hefðu haft betri skilyrði heldur en þessir menn. Ég verð að líta svo á, að það sé ástæða til þess fyrir okkur að selja kjötið eingöngu til Englands. Aðalmarkaðirnir eru annarsstaðar. Ég hefi bent á, að við stöndum vel að vígi með markað fyrir kjöt. Allur kjötútflutningur okkar nemur ekki yfir 2—3 þús. tonn. En hvað er það af öllu kjöti, sem neytt er í Norðurálfunni? Það er vitanlega eins og krækiber í ámu. Ég skal játa, að það er auðvitað spursmál, hvort við getum fengið viðunandi markaði. Um það er ekki unnt að segja, *nema að undangenginni rannsókn og eftir að* tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma íslenzku kjöti á aðra markaði. Það er vitanlega ómögulegt að slá því föstu fyrirfram, hvort hægt sé að selja íslenzkt kjöt annarsstaðar en í Englandi, og það kostar náttúrlega mikla peninga að reyna fyrir sér um slíkt. Hv. þm. taldi staðhæfingar mínar um afurðasöluna hreinustu fjarstæður. Ég hefi auðvitað engin skilyrði til að vita um það, að hve miklu leyti þeir menn, sem fengizt hafa við þessar tilraunir, hafi verið á réttri braut með þær, en hitt veit ég, að árangurinn hefir verið ákaflega lítill. — Hv. 4. landsk. minntist á í þessu sambandi sölu á síld og sölu fiskjar til Póllands og talaði í því sambandi um mann, sem hann sagði, að ég hefði mikið álit á og hefði minnzt á í þingræðu. Það er alveg rétt hjá honum, að ég drap á þetta einmitt í þessu sambandi. — Árið 1933 ætla ég, að seldar hafi verið 180 þús. tunnur af síld. Mér er nær að halda, að ef vel hefði verið á haldið þá, hefði okkur getað tekizt að vinna góðan markað fyrir síldina, en mér er óhætt að segja, að okkur hefir hraparlega mistekizt í því máli. Annars er ekki ástæða til að fara að ræða það mál hér nú. — En nú er svo komið með kjötið, að jafnvel þó að við hefðum á að skipa manni, sem hefði skilyrði til að vinna fyrir aukinn kjötmarkað og vildi taka það að sér, þá myndu ekki vera möguleikar til að opna nýja markaði. Þeir, sem hafa komizt upp á að nota íslenzkt kindakjöt, eru sammála um, að það sé gott, en þó mun það ekki notað nema í nokkrum löndum. En það stafar af því, að ekki er gert meira til að vinna markaði fyrir það. Það getur e. t. v. tekið mörg ár, en

ég tel æskilegast, að við gætum tekið upp fleiri verkunaraðferðir heldur en gert hefir verið. Eitt er þó víst, að ef þessum málum væri fullkominn sómi sýndur og vel að þeim unnið, þá mætti takast að auka markaðinn að miklum mun. — Eftir kjötsölul. hafa nærsveitir Reykjavíkur rétt til þess að flytja kjöt á Reykjavíkurmarkað, en fjarsveitirnar mega því aðeins flytja þangað, að nærsveitirnar geti ekki fullnægt markaðinum. En nú kemur hér fram sú skoðun hjá hv. 1. þm. Eyf., að það sé eðlilegt, að allar sveitir hafi jafnan rétt til að selja kjöt á Reykjavíkurmarkaði. Hver er þá tilgangur laganna? Það er mér ekki fullljóst. Samkv. þessu ættu kjötsölul. ekki að vera sett til að tryggja nærsveitunum hér Reykjavíkurmarkaðinn, heldur til þess að lækka kjötverðið. Nei, sannleikurinn er sá, að kjötsölul. eru miðuð við það, að nærsveitir Reykjavíkur fái einar að búa að Reykjavíkurmarkaðinum svo lengi sem þær geta fullnægt honum. Og það er ákaflega eðlilegt, og margt, sem mælir með því, að svo sé. Þessar sveitir hafa frá fornu fari haft sína afurðasölu hér. Fjórar af þeim sýslum, sem hér eiga hlut að máli — Gullbr. og Kjósar, Árnes- og Rangárvallasýslur —, slátra öllu sínu sauðfé í Reykjavík, eða svo að segja öllu (Kjósar- og Gullbr.sýslur öllu). Í tveimur sýslum — Borgarfjarðar- og Vestur-Skaftafellssýslum — slátra menn nokkru af sínu fé í Reykjavík. En um hinar er það að segja, að Mýrasýsla og austurhluti Hnappadalssýslu hafa miklu betri aðstöðu til að flytja kjöt á markaðinn vegna tíðra samgangna milli Borgarness og Reykjavíkur. Hvaða vit er nú í því frá þjóðhagslegu sjónarmiði af Skaftfellingum að slátra hér í Reykjavík og frysta þar til útflutnings og flytja svo með ærnum kostnaði frosið kjöt til neyzlu í Reykjavík? Slíkt getur vitanlega ekki gengið til lengdar. Auk þess hafa nærsveitir Reykjavíkur verra kjöt til útflutnings heldur en þau héruð framleiða, sem öll hafa notað Reykjavíkurmarkaðinn í haust. (MJ: Mega ekki Reykvíkingar nota gott kjöt?). Jú, að vísu, en ef hv. þm. ætlar að byggja kröfur sínar í þessu máli á því, að það sé óforsvaranlegt að bjóða Reykvíkingum kjöt úr Borgarfirði, þá hygg ég, að hann fái ekki marga bændur til fylgis við sig um það. Ég held, að við getum verið fullsæmdir af Borgarfjarðarkjötinu. Ég veit ekki betur en að við séum báðir uppaldir á borgfirzku sauðakjöti, og ég álít, að það þurfi enginn að kenna í brjósti um okkur Reykvíkinga fyrir að leggja okkur það til munns. Sannleikurinn er sá, að víða í sveitum hafa menn orðið að fara þær leiðir, að nota heima þá vöru, sem óútgengileg er til sölu, og selja hina frá sér, sem betri er. Og þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Við verðum að flytja út þá vöru, sem útgengilegust er, jafnvel þótt við að öðru jöfnu myndum nota hana heima. Það hefir verið svo undanfarin ár, að sumarslátrun hefir verið alldrjúg tekjulind fyrir ýmsa bændur hér í nágrenni Reykjavíkur, en þetta hefir eðlilega breytzt, þegar sláturtíðin byrjaði síðastl. haust um miðjan ágúst, og þá koma vitanlega margir með fé og kjötið hrúgast upp á markaðinum. Helzt þetta svo alla sláturtíðina, að kjöti er dembt til Reykjavíkur og Sláturfél. Suðurl. hefir ekki séð sér annað fært en að frysta til útflutnings milli 7—8 þús. skrokka. Mér er óhætt að fullyrða, að Slf. Sl. er mjög óánægt með þetta fyrirkomulag á kjötsölunni. Þrátt fyrir það, að bændur á Suðurlandi hafa mjög lítið hagnazt af þessu fyrirkomulagi, þá verða þeir að borga hátt verðjöfnunargjald af kjöti sínu, sem rennur svo til annara, sem hafa góð og jafnvel betri skilyrði til kjötframleiðslu. Ef þessu fer svo fram ár eftir ár, þá er fyrirsjáanlegt, að engir möguleikar verða á því að halda kjötsölul. uppi. (Forseti: Hv. þm. er kominn út fyrir efnið). Ég get svarað hæstv. forseta því, að raunar er þetta mál ekki á dagskrá, en það hefir nú orðið svo, að umr. um jarðræktarl. hafa beinzt að afurðasölumálunum, og er það ekki fjarskyldara efni heldur en oft og tíðum hefir verið rætt á Alþ. undir vissum dagskrárliðum.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 12. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 16, n. 451 og 486, 517).

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég verð að harma það, að hv. 1. þm. Eyf. er ekki viðstaddur, en ég verð samt að koma nokkuð inn á þau atriði, sem hann vék að í ræðu sinni. Hann talaði mjög um það, hversu mikill kostnaðarauki væri að þessu frv. Ég hefi áður gert grein fyrir því, að kostnaðurinn væri ekki svo ógurlegur, þar sem hann yrði ekki meiri en 50 þús. kr., ef miðað er við framkvæmdir síðustu ára. Honum óx samt sem áður þessi upphæð í augum og sagði, að alltaf væri hægt að gera kröfur, og yfir höfuð skildist mér á hv. þm., að hann teldi þann flokk, sem ég tilheyri, ekkert gera nema kröfur. Ég vil þá taka það fram, að Bændafl. hefir farið mjög gætilega í að gera kröfur til útgjalda, og sízt um skör fram. Hv. þm. hefði frekar átt að beina þessum orðum til annara flokka, svo sem eins og samflokksmanna hans sumra, og þó sérstaklega til samliðsmanna sinna í stj., sem sé jafnaðarmanna, því að þeir hafa á undanförnum árum sérstaklega leikið sér að því að gera kröfur, háar kröfur, svo að segja má, að þegar við höfum gert kröfur um hundruð, þá hafi þeir gert kröfur um þúsund, og þegar við höfum gert kröfur um þúsund, hafa þeir gert kröfur um hundruð þúsunda, og ef við höfum þorað að fara svo hátt að gera kröfur um hundruð þúsunda, þá hafa þeir gert kröfur um milljónir. Veit ég ekki betur en fyrir þessu þingi liggi frv. frá jafnaðarmönnum, þar sem um milljónaútgjöld er að ræða, bæði með framlagi og lántöku, til framkvæmda og atvinnufyrirtækja. Það mætti því segja sem svo, að það hefði verið meiri þörf fyrir þennan hv. þm. að beina sínum geiri í aðra átt.

Hv. þm. sagði, að nú væri það ekki höfuðatriðið fyrir landbúnaðinn að auka ræktunina. Ég vil þá segja, að eitt fyrsta atriðið hjá landbúnaðinum er það, að við getum lækkað framleiðslukostnaðinn. Og þá held ég, að menn fái varla um það deilt, að eitt höfuðskilyrðið til þess er aukin ræktun. Það er augljóst mál, að

það, sem landbúnaðinum ríður mest á, er að geta horfið sem mest frá hinni dýru rányrkju og í hennar stað stundað jarðræktarbúskap með þeim áhöldum og vélum, sem nútíminn getur látið í té. Ég ætla, að það sé auðvelt að bera saman afkomuskilyrði þeirra bænda, sem verða að stunda heyskap á þýfðum túnum og reytingsslægjum úti um bithagana, og afkomu þeirra bænda, sem hafa fengið aðstöðu til að geta aflað allra sinna heyja á véltæku og ræktuðu landi. Sá munur er svo mikill, að þess er alls ekki að vænta, að rányrkjubóndinn geti staðizt nokkurn samanburð við ræktunarbóndann, vélyrkjubóndann, nema alveg sérstakar ástæður aðrar séu fyrir hendi. Það borgar sig ekki að taka fólk til að vinna að heyskap á reytingsslægjum, eins og oft var áður gert. Fólkshaldið er allt of dýrt til þess að slík rányrkja fái borið sig. Má ganga út frá því sem vísu, að erfitt verði að útvega markað, sem getur samsvarað þeim kostnaði, sem slíkur búskapur hefir í för með sér. Hv. þm. talaði um það, að í þessu máli væru skuldamálin og afurðasölumálin þau mál, sem miklu meira riði á í þessu efni. Það er vitanlegt, að það gamla súrdeig skuldamálanna er erfitt að leysa og mesta þörf er að vinna að því. Ég get í því sambandi þakkað honum fyrir, að hann hefir flutt frv., sem miðar að því að bæta úr lausn skuldamálanna, sem sé breyt. á l. um kreppulánasjóð. Hann vissi, að á leiðinni var frv. af minni hálfu í þessari deild, en gegnum annan mann fékk ég tilmæli um, að ég setti mig ekki á móti því, að hann flytti frv., og tók ég það til greina, ekki sízt vegna þess, að hann hafði aðstöðu til að fylgja málinu betur eftir, m. a. vegna þess, að hann á sæti í landbn. Og ég óska þess, að þessum hv. þm. takist svo vel að vinna að þessu máli, að það nái framgangi á þessu þingi. Hinsvegar verð ég að láta í ljós undrun mína og hryggð yfir því, að einn af hv. meðnm. hans í landbn., hv. 4. landsk., skuli hafa tekið því máli svo kuldalega sem hann hefir gert.

Annað atriði, sem þessi hv. þm. vildi leggja mesta áherzlu á, var afurðasölumálið. Ég er honum þar sammála, svo langt sem það nær. Það ætti vitanlega að vera sameiginlegt áhugamál allra hv. þm. að koma afurðasölumálunum í sem allra bezt horf og láta þar einskis ófreistað, hvorki utanlands né innanlands. En ég vil í því sambandi benda á það, að það hafa ekki verið notaðir allir hugsanlegir möguleikar til að auka markaðinn erlendis fyrir þessa vöru. Ég get ekki tekið undir þau orð hans, að eins og nú stendur séu allir möguleikar lokaðir; það getum við ekki sagt, á meðan allir möguleikar hafa ekki verið nýttir.

Hann spurði um það, hvaða gagn væri að rækta og slétta túnin og fjölga kúnum, þegar ekki væri hægt að selja mjólkina. Það hafa verið leidd rök að því af ýmsum búnaðarfrömuðum, að mjólkurneyzlan sé ekki nærri því eins mikil og verið gæti og vera ætti. Það er alveg víst, að það er hægt að auka mjólkurneyzluna mikið, bæði í kaupstöðum og sveitunum líka, og spara sér þar með aðkeyptar vörur. En það, sem fyrir mér var fyrst og fremst aðalatriðið með þessu frv., var það, að heyskaparkostnaðurinn og þar með framleiðslukostnaðurinn gæti lækkað.

Það hafa verið leidd rök að því, að jarðræktarstyrkurinn er nú raunverulega horfinn á móti þeirri kauphækkun, sem orðið hefir í sveitunum, og eru því þessar brtt. mínar aðeins lítilfjörleg úrlausn af hendi þess opinbera til að bæta úr því misræmi, sem orðið er milli jarðræktarstyrksins og kaupgjaldsins.

Hv. þm. talaði um þau orð, sem ég vitnaði í og hafði eftir núv. búnaðarmálastjóra, að það hefði orðið mikill fellir síðasta vor, hefði ekki verið svo gott tíðarfar sem var í maí. Ég ætla, að búnaðarmálastjóri sé maður fyrir sínum orðum og ég þurfi ekki að verja hans orð, enda játaði hv. þm., að illa mundi hafa farið a. m. k. í tveimur landsfjórðungum, ef vorið hefði ekki verið eins einmuna gott og það var. Þannig var ástatt af því, hversu sumarið 1934 var votviðrasamt. Þá höfðu bændur ekki getað verkað hey sín þannig, að þau væru í raun og veru hæf til fóðurs. En slíkt ástand hefði ekki þurft að skapast og bændur hefðu getað sparað sér áð miklu leyti fóðurbætiskaup, sem hafa komið fjárhag þeirra mjög nálægt hruni, ef þeir hefðu haft nægilega miklar votheystóftir. Og því verð ég að halda fram, að slíkt árferði geti ávallt komið aftur og því sé það mesta nauðsyn til að tryggja búskap bænda, að votheystóftir séu til á hverju einasta sveitaheimili. Hv. þm. sagði, að votheysgerð hefði ýmsa ókosti í för með sér. Hefir hann kannske átt við það, hversu mikið erfiði fylgdi því að vetri til, þar sem tóftunum er illa fyrir komið, t. d. þar sem þær eru grafnar niður í hóla langt frá peningshúsunum, og má það satt vera. En með þessum l. á að koma í veg fyrir það erfiði, því að svo er vitanlega til ætlazt, að tóftunum verði sem haganlegast fyrir komið og Búnaðarfélagið hafi í gegnum sína trúnaðarmenn nákvæmt eftirlit með því.

Þá sagði hv. þm. þau orð, sem undruðu mig. Hann sagði, að ekki væri verkefni fyrir fleira fólk í sveitum Íslands. Þessi orð undruðu mig, ekki sízt vegna þess, að sá flokkur, sem hann tilheyrir, hefir mjög borið fyrir brjósti stofnun nýbýla og samvinnubyggða og önnur slík mál, sem eru einmitt reist á þeirri hugsun, að það sé sjálfsagt mál að stuðla að því að fjölga fólkinu í sveitunum og skapa því þar sem flest verkefni. Og jafnvel þó að fjárhagur ríkissjóðs leyfi ekki, að miklu sé varið nú til nýbýla og samvinnubyggða, þá má samt líta svo á, að það sé ekki einskis vert að geta haldið því fólki í sveitunum, sem nú er þar. Jafnvel þó að ekki sýnist glæsilegir möguleikar fyrir fólk í sveitunum eins og stendur, þá verða þó allir að játa, hversu mikil nauðsyn það er fyrir allt okkar þjóðfélag, að það fólk, sem nú hefir bjargræði sitt í sveitunum, haldi þeim bjargræðisvegi áfram. Einnig fyrir þá, sem við sjóinn búa, er það mesta nauðsynjamál, að straumurinn úr sveitunum stöðvist, svo að ekki aukist meira á það atvinnuleysi, sem nú er í þorpum og bæjum.

Hv. þm. benti á það, að þótt hann væri mótfallinn þessu frv., þá hefði hann eigi að síður vilja til að stuðla að jarðræktinni. Nefndi hann þar til frv. um garðyrkju og verzlun með kart-

öflur og garðávexti og styrk til garðyrkju, sem hann væri flm. að. Um þennan garðyrkjustyrk er það að segja, að ég sé ekki, að hans till. séu neitt betri eða álitlegri en mínar till. Fyrst og fremst er sá styrkur, sem þar um ræðir, aðeins bundinn við nokkur ár, en samkv. minum till. á styrkurinn að vera áframhaldandi. Í öðru lagi felst breyt. fyrst og fremst í því, að það, sem í minu frv. er nefnt styrkur, er í hans frv. og öðru líku nefnt verðlaun. Og þó að orðið „verðlaun“ sé áferðarfallegt, þá hefir það ýmsa ókosti í framkvæmdinni, sem ekki er um að ræða samkv. minu frv.

Og ég get m. a. bent á, að það munu ekki liggja fyrir neinar alveg óbrigðular og öruggar skýrslur um það, þrátt fyrir okkar hreppstjóraskýrslur, hversu mikið af kartöflum hver einstakur framleiðandi hefir ræktað síðasta ár, svo að þegar ætti að fara að útbýta verðlaununum, þá hygg ég, að nokkrir erfiðleikar verði á því að ljúka með alveg öruggum tölum þá kartöfluaukningu, sem verðlaunin eiga að miðast við. Við höfum reynslu fyrir því í sveitum, að það eru ekki nærri því allir framleiðendur, sem mæta á hreppaskilum, og þá verða hreppstjórar að setja einhverjar ágizkunartölur, þegar framteljendur mæta ekki sjálfir. Í öðru lagi ætla ég, að framtal undanfarinna ára hafi ekki verið sem ábyggilegast, svo að sem minnst sé sagt, og sé þar ónákvæmni í sveitum, þá er þó ennþá meiri ónákvæmni í þorpum og kaupstöðum, svo að ég hygg, að þeirri n., sem ætti að hafa á hendi útbýtingu verðlaunanna, mætti nokkur vandi, þegar hún færi að útbýta þeim. Svo er einnig þess að gæta, að á undanförnum árum hefir verið allmikið um sýki í kartöflum, og því er hætt við, að framleiðslan í sveitunum svari ekki nærri því til stærðar garðanna. Þó að einhver framleiðandi fái kannske 10 tunnum meiri kartöflur en árið áður, þá er alls ekki þar með sagt, að hjá honum hafi kartöfluræktin aukizt, því að hjá þeim manni, sem ræktar kartöflur að nokkrum mun, getur tíðarfarið eitt valdið 10 tunna mismun á uppskerunni.

Þá má einnig benda á það, að þessi verðlaun koma að miklu meira gagni fyrir stórframleiðendur en smáframleiðendur, því að samkv. frv. hans verða menn að auka kartöfluræktina allverulega til að hljóta verðlaun fyrir, en samkv. minu frv. geta menn fengið styrk, jafnvel þótt kartöflugarðurinn sé ekki stækkaður um meira en 200 ferm.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í minu frv., að styrkt verði sú grein jarðyrkjunnar, sem ég verð að telja mjög mikilsverða, en þessi grein er garðrækt, önnur en kartöfluræktin. Þessi ákvæði í minu frv. eru í því fólgin, að gert er ráð fyrir styrk til vermireita og gróðurhúsa, sem öllum er kunnugt, að er mikill þáttur í garðyrkjunni, ef á að rækta með nokkurnveginn öruggum árangri annað garðmeti en kartöflur. Og þetta hjálpar einnig til að tryggja það, að sem allra minnst þurfi að flytja inn af kartöflum á sumrin, en eins og allir vita, þá eru útlendar kartöflur langdýrastar á þeim tíma. Það er því svo, að jafnvel þótt ég vilji mjög viðurkenna þann áhuga, sem kemur fram í þessu frv. hv. þm., þá get ég ekki séð, að frv. hans hafi mikla yfirburði yfir mitt frv. Og um það getur þó enginn ágreiningur orðið, að til frambúðar er mitt frv. miklu betra.

Þá er á það að líta, að vegna gjaldeyrisvandræða þjóðarinnar er það afarmikilsvert fyrir okkur að geta sparað sem mest innkaup á þeim erlendu nauðsynjavörum, sem jarðræktin þarf með, en það er áburðurinn. Það er mikið fé, sem árlega fer út úr landinu fyrir útlendan áburð. En ef allur okkar búfjáráburður væri hirtur og nýttur, svo sem bezt mætti verða, þá gefur hann alla þá fosfórsýru og allt það kali, sem ræktunin þarf eins og hún er nú. Má því augljóst vera, hversu mikið gjaldeyrisspursmál það er, að áburðargeymslan komist í sem bezt horf, en að því er stefnt með þessu frv.

Hv. þm. vildi draga það í efa, að ef Bændafl. kæmist til valda, þá myndi hann beita sér eins fyrir þeim umbótum, sem felast í frv., eins og hann gerir nú þegar hann er í stjórnarandstöðu. En ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að ef Bændafl. kæmist í stjórn, þá myndi hann láta það verða sitt fyrsta verk að endurskoða jarðræktarlöggjöfina og myndi þá ekki verða órifari í till. sínum heldur en hér er lagt til í frv.

Hv. 4. landsk. talaði um þá aðstöðubreyt., sem orðin væri nú frá því að jarðræktarlögin voru fyrst sett, sem var árið 1923, og átti hann þar við markaðsskilyrðin út á við. En sú aðstöðubreyt. er miklu minni en í fljótu bragði virðist.

Þegar jarðræktarlögin voru sett, voru mjög svipaðar aðstæður eins og nú, þá var nýafstaðið geysilegt verðfall á öllum innlendum afurðum, og ekki sízt á kjöti, og þá vissu menn, að yfir vofði hátollur á kjöti í því landinu, sem mest hafði keypt af þeirri vöru. Að menn þá gátu staðizt þetta mikla verðfall, sem varð á íslenzkum vörum á árunum 1920—1923, var eingöngu því að þakka, að bændur stóðu þá á gömlum merg og höfðu betri aðstöðu heldur en nú til að mæta því, af því að í stríðinu höfðu þeir fengið óvenjulega hátt verð fyrir vörur sínar, og á hinn bóginn höfðu þeir ekki lagt í neinn verulegan kostnað við byggingar eða annað þess háttar. En aðstöðuhorfurnar voru orðnar hinar alvarlegustu um sölumöguleika út á við, þegar jarðræktarlögin voru sett. En þá sáu menn réttu leiðina út úr vandræðunum, sem komið var í og vofðu yfir, og leiðin var einmitt þessi, að framleiðslukostnaðurinn yrði lækkaður með aukinni ræktun. Nú stendur mjög svipað á, og þess vegna verður að vinna í sömu átt, vinna að því að lækka framleiðslukostnaðinn með aukinni ræktun. Það er ekki fyrst og fremst með aukinni ræktun stefnt að því, að bændur fái betri aðstöðu til að auka búin, heldur að hinu, að lækka framleiðslukostnaðinn á þeim heyjum, sem þeir þurfa til þess að fæða búpening sinn. Það er nú sýnt, að bændur þola ekki að afla heyja sinna með þeirri þúsund ára gömlu heyskaparaðferð, sem hér hefir tíðkazt, að reyta saman hey sín með lélegum verkfærum á rýrum mýrum og bithögum. En lækkaður framleiðslukostnaður heyjanna hefir hvorttveggja það í för með sér, að bændur þola þá fremur verðfall á vörum sínum

og geta líka fremur þolað að minnka bústofn sinn, og þurfa þar af leiðandi minna að kosta til í gerð peningshúsa. Því meiri sem tilkostnaðurinn er við öflun heyjanna, því síður er hægt að ætlast til, að bændur geti lifað af litlum búum.

Hv. þm. talaði um, að smábændur og nýbýlamenn gætu aflað sér aukatekna með því að skjótast til sjávar og leita sér þar aukaatvinnu, einkum á vetrarvertíðinni. En ég vil nú spyrja þennan hv. þm.: Er ekki orðið þröngt fyrir dyrum fyrir sveitamanninn að komast að sjávarsíðunni, þegar í mörgum kaupstöðum er búið að setja bann við því, að aðkomumenn megi koma þangað í atvinnuleit, og leitað er allra ráða til að hafa áhrif á atvinnurekendur um það, að þeir veiti ekki aðkomumönnum vinnu? Mér finnst þess vegna, að þessi ávísun sé næsta lítilsverð eins og nú er komið málum.

Hv. þm. var að tala um, að sölumöguleikar væru mjög þröngir og þess vegna þyrfti, að mér skildist, að draga saman framleiðsluna, því ekki mætti ofhlaða á markaðinn. En stefnir hann þá að sama marki með sjávarútveginn? Stefnir hann að því, að sjávarútvegurinn verði dreginn saman eða öll aukning hans stöðvuð? Nei, ég veit ekki betur en að hann og hans flokksmenn flytji frv., þar sem stofnað er til kaupa á nýjum togurum fyrir milljónir króna.

Það er um framleiðslu á landbúnaðarafurðum eins og um sjávarafurðir, að það verður að leita að nýjum markaðsmöguleikum fyrir þær, þegar þeir eldri lokast eða þverra, og það er ekki hægt um það að segja, meðan ekki hafa verið gerðar rækilegar tilraunir í þá átt, hvort ekki sé hægt að finna þar nýjar leiðir, eins og menn hafa góða trú á, að hægt sé að finna í sjávarafurðasölunni.

Hann talaði um, að ég væri djarfari nú í því að gera kröfur heldur en ég hefði verið þegar ég var í stjórnaraðstöðu. En vill hann bera saman þær tölur, sem stjórnin þá gerði kröfur um fyrir landbúnaðinn, og þær lágu tölur, sem við tölum nú um? Í staðinn fyrir hundruð þúsunda þá, er nú talað um tugi þúsunda, og í staðinn fyrir milljónir þá, leyfum við okkur nú ekki að tala nema um hundruð þúsunda, svo að okkar kröfur nú eru ekki nema ⅒ hluti af þeim kröfum, sem gerðar voru fyrir landbúnaðinn þegar ég var í meirihl.aðstöðu á þingi. Samt leyfir hann sér að halda því fram, að fyrst nú komi ég með till. um stóraukin útgjöld til landbúnaðarins. Ég veit ekki, hvaða meiri fjarstæðu er hægt að segja en þetta.

Hann talaði um, að ég færi troðnar slóðir. En hefir sú stjórn, sem nú situr, eða núv. þingmeirihluti farið inn á nýja vegi? Ég veit ekki betur en að það, sem þessi stjórn hefir gert, sé að troða slóðir fyrrv. stjórna.

Þá talaði hv. þm. réttilega um það, að vegna gjaldeyrisvandræðanna þyrftum við að spara sem mest kaup á erlendum mat. En alveg það sama má segja um aðra erlenda vöru, og á ég þar við erlendan áburð. Hygg ég, að sú krónan, sem fer fyrir áburð, sé jafnerfið til yfirfærslu og bönkunum jafnmikils virði eins og sú króna, sem fer fyrir erlendan mat.

Hv. þm. lét mikið af því, að hann hefði lært ýmislegt í lögjöfnunarnefndinni, t. d. það, hve auðvelt væri fyrir aðrar þjóðir að nota markað á meginlandi álfunnar. Talaði hann í því sambandi um útflutning Norðmanna á frystu kjöti til Frakklands; en ég vil benda honum á, að Norðmenn þurfa líka yfir á að fara til þess að koma kjötinu til Frakklands, og þegar um fryst kjöt er að ræða, hygg ég, að það skipti litlu máli, hvort það kemst vikunni fyrr eða síðar á markaðsstað, — ég tala nú ekki um, ef teknar væru upp aðrar frystiaðferðir á kjöti, aðferðir, sem reyndar hafa verið á fiski og þótt gefast vel. Það er eitt af því, sem óreynt er, hversu mikið mætti bæta markaðsmöguleika fyrir íslenzkt kjöt með því að nota allra nýjustu aðferðir við frystingu þess.

Annars kom afstaða þessa hv. þm. gagnvart landbúnaðinum allgreinilega í ljós í sambandi við annað frv., frumvarpið um kreppulánasjóð. Þar kom hann að því, að kreppulánabréfin væru tekin af bændum og gefin bæjarfélögunum. Það er m. ö. o. að taka það, sem upphaflega var ætlað bændum til hjálpar, og gefa það bæjarfélögunum til þess að skattgreiðendur þar, og þá fyrst og fremst hæstu skattgreiðendurnir, fengju lægri útsvör. Ég get ekki stillt mig um að benda á þessar undirtektir, því þær bera þess ljósan vott, að jafnaðarmenn eru komnir í þá aðstöðu, sem menn reyndar vita, að þeir — þ. e. a. s. foringjarnir — eru orðnir með tekjuhæstu mönnunum í kaupstöðunum, og þess vegna stefna þeir að því, að útsvarsgreiðendur fái sem bezta aðstöðu og meta það meira en að styðja nauðstaddan atvinnuveg, og það þann atvinnuveg, sem þjóðlíf vort byggist á og þrátt fyrir allar þrengingar verður að teljast undirstaða þjóðernis vors og afkomu vorrar í bráð og lengd.

Hv. þm. fylgir því væntanlega á þessu þingi, að veitt sé ½ millj. króna til atvinnubóta í kaupstöðunum, og það má vel vera, að þess sé full þörf, — en hann ætti þá ekki heldur að sjá eftir ⅒ af þeirri upphæð til að styrkja atvinnu og afkomumöguleika sveitanna.

Þá var eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem ég get ekki stillt mig um að gera aths. við. Hann hafði þau orð um það, að ekki mætti flytja kjöt úr fjarlægum sveitum inn á fyrstu verðlagssvæði, að sú hugsun lægi bak við kjötsölulögin, og að verðuppbótin væri verðlaun, sem fyrstu verðlagssvæðin greiddu fyrir það, að þau slyppu við jafnharða samkeppni og áður hefði verið af öðrum verðlagssvæðum. En ég vil benda á, að þótt þessu væri þannig háttað, þá verður að gera undantekningu frá þessu um þau héruð, sem ekki hafa aðstöðu til þess að flytja freðkjöt á erlendan markað, en hafa hinsvegar góða aðstöðu til þess að koma kjöti sínu með bifreiðum inn á fyrstu verðlagssvæði. Það mælir öll sanngirni með því, að þessar sveitir njóti þeirra gæða, sem hægt er að fá á innlendum markaði, m. a. vegna þess, að þær hafa ekki notið styrks til frystihúsbygginga. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að fara ekki langt út í óskyld mál). Hv. 2. þm. Rang. hafði gefið ástæðu til þessa.

Vegna þess að ég hefi ekki aðstöðu til hér á eftir að koma með nema stutta aths. vil ég biðja afsökunar á því, að ég kemst ekki hjá að ræða

um brtt., sem liggur hér fyrir, þótt hv. flm. hafi ekki mælt fyrir henni, en ég hefi þá það mér til afsökunar, að ég bauð honum að fá orðið á undan mér, en hann þáði það ekki. Ég ætla því að taka til athugunar þessa brtt., sem flutt er við frv. mitt og felur í sér að nema í burt öll ákvæði, sem í því eru, önnur en þau, sem eru um vothey og þurrhey.

Ég get að vísu þakkað þá viðurkenningu, sem hann gaf á laugardaginn, að í frv. mínu fælist mesta bjargráð fyrir landbúnaðinn. En ég verð að segja það, að brtt. stefnir að svo miklum niðurskurði á frv. mínu, að ég hlýt að vera henni fullkomlega andstæður. Hitt verð ég þó að játa, að þótt brtt. hans næði fram að ganga, þá væri mikils um vert, ef það, sem eftir verður af frv. mínu, yrði samþ., því ákvæðin um votheysgerð eru svo þýðingarmikil, að þau skipta miklu máli fyrir íslenzkan landbúnað. En ég vil benda á það, að Búnaðarfél. og búnaðarþingið í fyrra lögðu engu minni áherzlu á hin önnur ákvæði, sem hv. þm. Dal. leggur nú til, að numin séu úr frv. T. d. ræðir 2. gr. frv. mins um styrk til framræslu og lokræsagerðar, og lagði búnaðarþingið jafnvel mesta áherzlu á að fá þeim atriðum framgengt. Ég get þess vegna alls ekki sætt mig við, að frv. verði svo skert og skaðskemmt sem ég tel, að það verði, ef brtt. hv. þm. Dal. verður samþ., þótt ég hinsvegar játi, að mér þætti mikið fengið með því að fá samþykkt það, sem þá væri eftir, ef ekki væri um annað að gera. Því lítið er betra en ekki neitt.

Bernharð Stefánsson: Þegar þetta mál var hér til umr. fyrir nokkru síðan, sagði ég nokkur orð um það, til þess að gera grein fyrir afstöðu minni og flokks míns til þess. Það var ekki tilgangur minn að svara ræðum annara þm., því það var hlutverk frsm. n. Nú hefir það undarlega skeð, að tveir hv. þm. hafa tekið sér nærri þau fáu orð, sem ég þá sagði. Þessir þm. eru hv. 2. þm. Rang. og hv. 10. landsk. (**MG:** Var það ekki von?). Mér finnst engin ástæða til þess, og þegar þeir eru að svara mér, þá eru þeir að svara ræðu, sem ég aldrei hefi haldið; sérstaklega á þetta við hv. 10. landsk. Tilgangur minn með ræðu minni var sá, sem ég áðan nefndi, og ég hygg, að það hafi ekki verið nema eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem ég minntist á, og tvö atriði í ræðu hv. 10. landsk., svo mér kemur dálítið einkennilega fyrir sjónir, hvernig í þetta hefir verið tekið. Það er nú orðið nokkuð langt síðan hv. 2. þm. Rang. flutti ræðu sína, svo þótt ég skrifaði sumt niður eftir honum, þá er ég farinn að gleyma samhenginu í því og þarf ekki að hafa langt mál til að svara honum. Það var sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi minnast á.

Hann var ákaflega hneykslaður á því, sem ég hafði sagt viðvíkjandi orðum hans um kjötsöluna. Hann tók það auðsjáanlega svo, að ég hefði verið að gera grín að sér. Hann talaði um, að ég hefði verið með kímni. En ég skal geta þess, að mér var bláköld alvara. Það var alls ekki af nokkurri viðkvæmni fyrir S. Í. S., að ég lét þess getið, að ef hægt væri að margfalda markaðinn fyrir kjötið, þá teldi ég það hið mesta nauðsynjamál, og að sá, sem gæti gert það, yrði velgerðamaður allrar þjóðarinnar. Og ég álít enn, og stend við það, að ég tel það mesta nauðsynjamálið, sem landbúnaðinn varðar eins og stendur, að hægt sé að koma afurðasölu bænda í betra horf. Mér var fullkomin alvara, er ég sagði þetta í fyrri ræðu minni, og er það enn.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að stjórnarflokkarnir hefðu valdið kauphækkun í sveitum með hækkun vegavinnukaupsins, og mér skildist, að framlög þau til bænda, sem þetta frv. fer fram á, ættu að vera einhversskonar endurgjald til bænda fyrir það. Ég er nú ekki svo kunnugur um land allt, að ég geti sagt um það, hve mikið kveður að þessari kauphækkun, eða hvort hún hefir orðið svo teljandi sé. En sjálfur hefi ég ekki orðið mikið var við kauphækkun í sveitum síðan núv. stj. tók við; a. m. k. hefir kaup kaupafólks alls ekki hækkað í minu héraði. Annars mun kaupgjald í sveitum vera mjög misjafnt og m. a. fara eftir því, hve hátt kaup er greitt í næstu kaupstöðum. Ég veit þannig, að í nágrannakaupstöðum við mig er greitt miklu hærra kaup en stj. greiðir í vegavinnu, og **það** kaupgjald hefir fyrst og fremst áhrif á kaupgjaldið í sveitunum. Hinsvegar má vel vera, að hækkun vegavinnukaupsins hafi sumstaðar valdið einhverri kauphækkun, en þó ekki nærri eins mikilli og blöð stjórnarandstæðinga láta.

Hv. 10. landsk. sagði, að mér hefðu vaxið þessi 50 þús. kr. framlög til landbúnaðarins í augum. Ég tók hið gagnstæða einmitt skýrt fram, að ég teldi þessa upphæð sízt eftir landbúnaðinum, og þótt hærri væri. En hitt lét ég í ljós, að vel mætti verja þessari upphæð á hagkvæmari hátt fyrir landbúnaðinn en frv. ætlast til, og því vildi ég láta skjóta málinu til stj., svo að rannsakaðir væru allir möguleikar á því að láta slík framlög koma að sem mestu haldi. Annars fer ég ekki frekar út í þá sálma, þar sem bæði ég og frsm. meiri hl. gerðum skýra grein fyrir þessu á dögunum.

Ég ætla alveg að leiða það hjá mér að fara að rökræða um það við hv. 10. landsk., hvort Bændafl. geri sanngjarnar kröfur eða ekki. En hitt dylst mér ekki, að margar af kröfum og till. hv. 10. landsk. og flokksbræðra hans eru aðeins tálbeita ábyrgðarlauss flokks til þess að veiða sér fylgi, og að ómögulegt er að fullnægja þeim sumum, enda mundu nýjar koma jafnharðan, því yfirboð þurfa þeir alltaf að gera. Hvað það kemur þessu máli við, hvaða kröfur Alþfl. hafi gert á sínum tíma — það skil ég ekki. En að vísu reyndi hann að vinna sér fylgi með yfirboðum, á meðan hann var í stjórnarandstöðu, og hefir Bændafl. auðsjáanlega tekið það til fyrirmyndar.

Mér er sagt, að hv. 10. landsk. hafi sagt, að ég hefði ekki talið neina nauðsyn á ræktun og aukinni framleiðslu. (**ÞBr:** Ég hefi skrifað hjá mér —). Mér er alveg sama, hvað þm. hefir skrifað, ég hefi aldrei sagt þetta. Enda er ekki verið að tala um það að stöðva aukna framleiðslu og ræktun, þótt þessu frv. sé vísað til stj. Hitt sagði ég, að eins og tímarnir væru nú, væri það ekki aukin framleiðsla og ræktun, sem **mest** riði á. (**ÞBr:** Til hvers er að auka ræktun og fjölga kúm, sagði hv. þm.). Já, ef mjólkin selst ekki,

sagði ég. Ég sagði þetta til að undirbyggja þá skoðun mína, að aukin ræktun sé ekki það allra nauðsynlegasta fyrir bændur eins og stendur, heldur að koma afurðunum í það verð, að unnt sé að halda búskapnum áfram.

Ég minntist líka á skuldamál bænda og sagði, að þau þyrftu að komast í fast horf, og hjálp til þess yrði að ganga fyrir auknum framlögum til ræktunar. Ég átti þá við frv. okkar hv. 2. þm. Eyf. um þá breyt. á lögum um kreppulánasjóð, að þrefaldað yrði það fé, sem veitt er til að létta byrðar ábyrgðarmannanna. Hv. 10. landsk. kvaðst hafa fengið tilmæli um að flytja ekki slíkt frv. Hvaðan hefir hann fengið þau? Ekki frá mér. (ÞBr: Gegnum annan mann). Hv. þm. segir þetta ekki satt. (ÞBr: Maðurinn getur borið vitni um það). Þá segir hann ekki satt.

Hv. 10. landsk. sagði í fyrri ræðu sinni, að fellir hefði orðið í fyrra á Norðurlandi, ef vorið hefði ekki orðið eins gott og raun varð á. Hann tók svo stórt upp í sig, að hann sagði, að kolfellir myndi hafa orðið í tveim landsfjórðungum. Mér þótti þetta nú nokkuð stór orð, því að kolfellir myndi nánast þýða það, að hver skepna hefði fallið úr hor, en slík fádæmi hafa aldrei skeð frá upphafi Íslandsbyggðar, sem betur fer. Þótt heyin væru slæm eftir sumarið, mun þetta talsvert ofmælt hjá hv. þm. Þó veit ég vel, að illa hefði farið, ef vorið hefði orðið slæmt. En ég er ekki viss um, að það hefði breytt svo miklu, þótt búið hefði verið að samþ. þetta frv. hv. 10. landsk. fyrir t. d. 2 árum. Orsökin til þess, hve súrheysgryfjur eru fáar á Norðurlandi, er ekki sú fyrst og fremst, að ekki hafi verið veittur styrkur til þeirra. Ástæðurnar eru aðrar, og sú, sem ekki er veigaminnst, er, að slík sumur sem í fyrra eru sjaldgæf á Norðurlandi.

Hv. 10. landsk. sagði, að ég hefði sagt, að ekki væri verkefni fyrir fleira fólk í sveitunum, en þetta er rangt með farið, eins og flest, sem hv. þm. hefir eftir mér. Verkefnin eru vitanlega til fyrir miklu fleiri en nú búa í sveitunum. En skilyrðin til þess að vinna að þeim verkefnum eru þau, að markaður fáist fyrir framleiðsluna. Hv. 10. landsk. minntist á frv. mitt um verðlaun fyrir aukna kartöfluframleiðslu, og skildist mér á honum, að hann teldi vafasamt, að það kæmi að gagni. Hann var að tala um í þessu sambandi, að skýrslur kartöflueigenda væru eigi ávallt sem ábyggilegastar. En mönnum er þó gert að lagaskyldu að telja fram, og hreppstjórar eiga að gefa skýrslu um framtölin. Ég geri ráð fyrir, að hreppstjórar útfylli þessar skýrslur ekki af handahófi, þótt menn mæti ekki á hreppskilaþingi, heldur leiti sér upplýsinga hjá þeim, sem hlut eiga að máli. Annars býst ég við, að oftast sé fremur vantalið en oftalið, en verðlaunin ættu að vera hvatning til manna um að telja rétt fram.

Hv. 10. landsk. sagði, að ég fengi að sjá það, ef Bændafl. kæmist til valda, að hann myndi standa við öll sín loforð. Það þýðir nú lítið að vera að þrátta um það, hvað framtíðin ber í skauti sínu. En ég hefi litla trú á hvorutveggja, að Bændafl. komist til valda, þó ekki sé fyrir það synjandi, né heldur að hann stæði við öll sín fögru loforð, þótt svo ólíklega vildi til. Það er vitanlegt, hvernig það bæri að, ef Bændafl. kæmist í stjórnaraðstöðu. Það yrði aðeins í samvinnu við Sjálfstæðisfl., enda hefir verið lýst yfir því ótvírætt í Mgbl. Ég ætla ekki að fara að deila hér á Sjálfstfl. Hann kemur þessu máli ekki við, og ég geri mér venjulega far um að sýna ekki óþarfa áreitni. En sá flokkur hefir áður farið með völd í landinu, og ekki til neinna heilla fyrir landbúnaðinn. Býst ég við, að Bændafl. dragi töluverðan dám af honum í stjórnarsambúð. Ég get því ekki tekið það trúanlegt, að Bændafl. myndi standa við öll sín stóru orð um framlög til landbúnaðarins, ef hann færi með stjórn. Það er dálítið annað, að bera ekki ábyrgð á neinu og heita gulli og grænum skógum, heldur að efna þau loforð, sem gefin hafa verið til fylgisveiða. En það er ekki aðeins, að fengin sé reynsla af Sjálfstfl. við völd í landinu, heldur hefir hv. 10. landsk. sjálfur verið ráðh. áður. Ég er ekki að lasta hann og játa, að ég studdi hann í þeim sessi. En mig minnir — og segi honum það ekki til lasts —, að í ráðherratíð sinni gæti hv. 10. landsk. stungið fótum við fjárkröfum, jafnvel þótt verja ætti fénu til gagnlegra hluta í sjálfu sér. Og ég býst við, að eins færi aftur, ef það ætti fyrir honum að liggja að komast í sama sess. Því að hugsanlegur möguleiki er það, að Bændafl. kunni einhverntíma að fara með stjórn landsins að einhverju leyti, þótt það sé ákaflega ólíklegt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég flyt hér brtt. við frv. og vil gera nokkra grein fyrir þeim. — Eins og ég hefi sagt áður, tel ég sumar till. í þessu frv. hafa í för með sér aðkallandi umbætur, sérstaklega þær, sem snerta verndun á fóðri og miða að því að byggja og bæta votheysþrær og hlöður.

Mér hefir heyrzt það á undirtektum meiri hl. n., að fullvíst sé, að hv. deild afgr. ekki málið með samþykkt laga, heldur muni taka þann kost, að vísa því til stj. En af því að ég get búizt við, að það taki tíma að fá málið afgr. frá stj., vil ég fara miðlunarveg. Mér þótti bera nauðsyn til að bjarga því úr frv., sem sízt þolir bið, og eru það þá einkum ákvæði 4. og 5. gr., og auk þess það, sem lýtur að garðrækt, þótt ég hafi ekki tekið það með. Ég tel, að þótt þau breytingaratriði verði samþ., sé ekki stofnað til neins óbærilegs kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Búnaðarsamband Dala- og Snæfellsnessýslu, þar sem ég á sæti í stjórn, lagði á aðalfundi sínum á síðasta vori mikla áherzlu á aukinn styrk til þess að byggja votheysgryfjur og hlöður, bæði steyptar og ósteyptar. Undanfarin sumur hafa heyin stórskemmzt vegna þess, að þau hafa ekki náðst nógu fljótt, og jafnvel eftir að þau hafa náðst í garða. Hlöður flýta mjög fyrir hirðingu í stopulli þurrkatíð, og í langvarandi óþurrkatíð verða votheysgryfjurnar til bjargar.

Ég vil með þessum brtt. ekki leggja meira á ríkissjóð en ýtrasta nauðsyn krefur. Ég get því ekki skilið annað en allir þeir, sem nokkra umhyggju bera fyrir landbúnaðinum, geti fylgt frv., ef brtt. mínar eru teknar til greina. Ég álít enga þörf á að skjóta þessum atriðum frv. til stj., heldur geti Alþingi verið fullkomlega dómbært

um þau sjálft. Það virðist ekki svo afskaplegt vandamál, hvort hækka eigi ofurlítið styrk til að gera súrheyrsþrær og hlöður, sem byggðar eru úr öðru en steypu og járni. Sem sagt, mér sýnist, að viljinn til þess að gera ekkert í þessu máli komi fram í því yfirskini að vilja þó ekki fella frv. alveg, heldur skjóta því til ríkisstj. Ég teldi því hreinna gengið að verki, ef ekkert má samþ. af frv., að drepa það skilmálalaust heldur en að vera að vísa því til ríkisstj.

Forseti (EÁrna): Það eru nú orðnar nokkuð langar umr. um þetta mál. Ég hafði hugsað mér að ljúka málinu fyrir kl. 4 og verð því að biðja menn, sem óska að gera aths., að vera stuttorðir og halda sér fullkomlega við efnið.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Þetta skal aðeins vera örstutt aths. — Hv. 1. þm. Eyf. sagðist ekki hafa orðið var við svo mikla kauphækkun í sveitum á síðustu árum. Ég skil ekki, að til sé sá maður í landinu, sem ekki hefir orðið var við vor- og haustkauphækkun í sveitum.

Hv. þm. sagði ennfremur, að 50 þús. kr. væri ekki stór upphæð, en þó vill hann með engu móti, að þeirri upphæð sé varið til þess að auka ræktun á þann hátt, sem lagt er til í frv. Hann vildi halda því fram, að þeirri upphæð mætti verja betur á annan hátt, en hann benti bara ekki á neina aðra leið, sem hann ætlaði að fara, svo ég verð að álíta, að hann sjái ekki heldur aðra leið landbúnaðinum til hagsbóta. Og ég vil enn benda honum á, að eins og Alþ. fannst það sjálfsögð leið 1923, þegar jarðræktarlögin voru sett, að vinna með þeim að því, að framleiðslukostnaður á landbúnaðarafurðum gæti lækkað, eins verður það nú að vera a. m. k. eitt höfuðskilyrði til þess, að landbúnaðurinn geti borið sig, að framleiðslukostnaðurinn geti lækkað, og það að mun.

Hv. þm. vildi þá gera aths. við þau orð, sem ég hefi skrifað upp eftir honum og ég vona, að komi heim við handrit skrifaranna. Orðin voru þessi: „Til hvers væri að auka ræktun og fjölga kúm, ef ómögulegt væri að selja mjólkina?“ Ég hefi í þessu sambandi bent á, að hægt væri að auka mjólkurneyzluna í landinu, ekki aðeins í bæjum, heldur og í sveitum. En náttúrlega er nauðsynlegt til þess að geta aukið mjólkurneyzluna sem mest, að framleiðslukostnaðurinn á henni geti einnig lækkað, og mér er ekki ljóst, hvernig hann getur lækkað nema með aukinni ræktun og kauplækkun. En ég býst ekki við, að stjórnarflokkarnir telji það neitt heillaráð. Svo vildi ég benda hv. þm. á, að það er fleira ræktun heldur en túnaukning. Það er ræktun að breyta túnkarganum, sem enn er til allt of víða hér á landi, í sléttan töðuvöll. Sú framkvæmd getur lækkað framleiðslukostnaðinn, þó hún auki ekki svo mjög töðufallið.

Mér kemur það undarlega fyrir, ef hv. þm. kannast ekki við það, að hann hafi mælzt til þess við mann utan þings, að ég flytti ekki frv. um breyt. á kreppulánasjóðslögunum. Og get ég leitt þriðja mann til samtals við hv. þm. áður en langt um líður, og skal þá koma í ljós, hvað hæft er í þessu.

Þá talaði hv. þm. um það, að of sterkt hefði verið að orði komizt hjá mér, er ég talaði um „kolfelli“. Ég man ekki betur en að búnaðarmálastjóri sjálfur viðhefði það orð, þó að hv. þm. vilji halda því fram, að það þýði, að hver einasti kollur á kind falli. Það er oft talað um kolfelli í sögu landsins og annálum, þó öllum sé vitanlegt, að ekki hafi hvert einasta kýr- og sauðarhöfuð í landinu legið dautt. Og eftir málvenju hygg ég, að kolfellir þýði mikill fellir.

Hv. þm. vildi þá halda því fram, að í hans kjördæmi, Eyjafjarðarsýslu, hefði það engu breytt, þó styrkur til votheystófta hefði verið hækkaður, því venjulega væri þar svo góð veðrátta, að slík sumur sem 1934 væru mjög sjaldgæf. Það skal ég vitanlega játa, og ég man, að í þau 8 ár, sem ég var í Eyjafjarðarsýslu, kom fyrir sumar, sem aldrei þurfti að snúa flekk til ónýtis. En Eyjafjarðarsýsla er ein bezta sveit landsins, og þó hún sé ágæt, fögur og lofsverð í alla staði, þá er hún ekki sama sem allt Ísland. (**BSt:** Ég talaði um Norðurland yfirleitt). Ég vil mótmæla þessu hvað snertir allt Norðurland. Ég er uppalinn í einni sveit Norðurlands, og þar er mikill skilningur á þörf votheystófta.

Hv. þm. sagði það vera ranghermi hjá mér, að hann hefði vikið að því í sinni ræðu, að eins og stæði nú um markaðshorfur, væri vafasamt, hvort verkefni væri fyrir fleira fólk í sveitunum. Ég skrifaði þessi orð upp um leið og hann hélt ræðu sína á laugardaginn. Náttúrlega getur verið, að á þessum dögum, sem síðan eru liðnir, hafi eitthvað ruglazt hjá mér um samhengið, en orðin sjálf skrifaði ég upp, og eftir því sem hann vildi sjálfur túlka þessi orð nú, fannst mér, að meiningin hefði ekki breytzt svo mjög hjá mér, því hann vildi halda því fram, að skilyrðin til þess, að hægt væri af afla markaða, væru svo þröng og lokuð, að það væri eins og stæði ekki til neins að auka ræktun, en ég skal endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er fleira ræktun heldur en túnaukning.

Um kartöflufrv. skal ég ekki tala nú; það gefst tækifæri til þess síðar.

Hv. þm. lýsti því yfir, að hann hefði ekki trú á efndum Bændafl. í þessu máli, og færði því til sönnunar, að Bændafl. myndi leita samvinnu við Sjálfstfl., ef svo bæri undir, og vitnaði þar í einhverja grein, sem birzt hefði í Morgunblaðinu. En ég vil minna á það, að blað Bændafl. hefir þegar svarað þeirri grein (**JBald:** Það var nú heldur loðið.) og borið hana svo til baka, að Morgunblaðið reiddist mjög yfir því svari og hafði í hótunum við Bændafl., sem vitanlega tekur slíkt ekki nærri sér. Um það, að Bændafl. muni leita samvinnu við Sjálfstfl., vísa ég til þeirrar yfirlýsingar, sem kom í blaði flokksins, og þar sem mér er skammtaður tími, skal ég láta það duga.

Hv. þm. sagði, að þegar ég var í stj., hefði ég stungið fótum við útgjöldum. En ég vil bara spyrja hann, hvort ég hafi stungið fótum við þegar um útgjöld til landbúnaðarins var að ræða. Ég ætla, að ekkert þing hafi samþ. meira af útgjöldum til landbúnaðarins heldur en einmitt það þing, er ég var í meirihlutaaðstöðu í stjórninni.

ATKVGR.
Till. á þskj. 451, frá meiri hl. landbn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 8:7 atkv.

2. Vörugjald á Sauðárkróki.

Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds (þmfrv., A. 467).

Á 67. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús Jónsson): Við flm. þessa frv. komum fram með það eftir ítrekuðum óskum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps um að gera tilraun til að afla aukinna tekna til að mæta útgjöldum hreppsins. Þessi útgjöld fara sívaxandi, og þrátt fyrir hækkuð útsvör hrökkva þau ekki lengur til að standa straum af þeim. Bæði eru útsvörin orðin það há, að ekki er hægt að hækka þau meira, og svo gjaldast þau verr og verr með hverju ári, sem líður. Á þessu ári var líka sérstök ástæða til, að þau greiðast verr en nokkru sinni áður. Á Sauðárkróki var svo óvenjumikið atvinnuleysi síðastl. sumar, að fjöldi verkamanna var ekki nema matvinnungur yfir bezta tíma ársins, og útlit er fyrir, að sveitarþyngsli vaxi mikið til næsta vors.

Það hafa komið hér fram áður frv. í svipaða átt og þetta, um tekjuauka handa einstökum bæjar- eða sveitarfélögum. Þeim hefir verið misjafnlega tekið og átt fremur erfitt uppdráttar. Við flm. þessa frv. höfum farið nokkuð aðra leið, og hún er sú, að tekið verði gjald af aðfluttri vöru, hliðstætt vörutolli, en þó því aðeins, að samþ. verði af lögmætum fundi atkvæðisbærra manna á Sauðárkróki og síðan af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Þarna er það lagt á vald þeirra, sem gjaldið eiga að greiða, hvort þeir vilja taka það á sig eða ekki.

Grg. frv. skýrir frá, hver er tilgangur frv. og hvernig þetta gjald skuli lagt á, og þarf ég ekki að fara um það fleiri orðum. Óska ég, að frv. verði látið ganga til 2. umr. og vísað til fjhn.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það kemur hér fram, sem áður hefir verið bent á, þegar svipuð mál hafa verið á ferðinni, að það stefnir út í hinn mesta voða, ef svona er haldið áfram. Það er ekkert annað en það, að þessir kaupstaðir og kauptún fara að hafa ótakmarkað vald svo að segja til þess að leggja gjald á viðskipti manna víðsvegar úti um héruð. Þetta er umsetningarskattur, sem ekki aðeins leggst á íbúa kaupstaðanna sjálfa, heldur umsetningu allra, sem í kaupstaðnum verzla. Ég býst við, að hv. flm. haldi fram, að hér sé um svo lítið gjald að ræða, að það muni ekkert um það. En það er ekki aðalatriðið til þess að byrja með, hvort gjaldið er hátt eða lágt. Hitt er aðalatriðið, að það er tekið af óréttmætum stofni. Úr því að byrjað er að leggja á slík gjöld, er ekki séð, hvar það endar. Það getur þá orðið haldið áfram þangað til þetta er orðinn tilfinnanlegur skattur á þeim, sem ekki ber skylda til þess á neinn hátt að standa undir sveitarþyngslum þeirra sveitar- eða bæjarfélaga, sem skattinn fá, mönnum úr öðrum sveitarfélögum.

Ég vildi vekja athygli á þessu strax, að ef því kauptúni, sem hér er um að ræða, Sauðárkróki, er veitt þessi heimild, þá koma hin kauptúnin á eftir, hvert einasta þorp, sem orðið er hreppsfélag út af fyrir sig. Og ef kauptúnin fengju yfirleitt slíkan tekjustofn, mundu hinir smærri verzlunarstaðir fljótlega reyna að verða sem fyrst sjálfstæð hreppsfélög, þar sem þau þá ættu þarna vísan tekjustofn, sem lendir á sýslubúum í heild, eða þeim hluta þeirra, sem verzlun hafa á viðkomandi stað. Mér finnst, að með þessu sé svo freklega gengið á rétt þeirra, sem heima eiga utan verzlunarstaðanna, en hafa þar öll viðskipti sín, að það nái ekki nokkurri átt, þó tekizt hafa á einum eða tveimur stöðum að fá slíkt í gegn. Ég reikna þar ekki með Vestmannaeyjakaupstað, því hann hefir þá sérstöðu, að þar er ekki umsetningarskattur tekinn af öðrum en kaupstaðarbúum sjálfum.

Ég sé ekki, að kaupstaðirnir og kauptúnin hafi neitt meiri þörf á auknum tekjustofnum heldur en sveitarfélög uppi um sýslur, sem hafa við nákvæmlega sömu erfiðleika að stríða við öflun nauðsynlegs fjár til sinna útgjalda. Kaupstaðirnir og kauptúnin standa þó það betur að vígi, að gegnum þau fer öll verzlun, og á verzlanirnar eru venjulega lögð ríflég útsvör.

Ég verð því að segja, að mér finnst þegar búið að seilast nægilega langt niður í vasa sveitarfélaganna, þó ekki sé enn farið að auka á þær byrðar með því að láta kauptúnin leggja sérstakan neyzluskatt á öll viðskipti síns héraðs.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Það var ræða hv. þm. V.-Húnv., sem varð þess valdandi, að ég sá mig til neyddan að standa upp. Ég held, að hann hefði getað sparað sér allmikinn hluta af ræðu sinni með því að lesa yfir 1. gr. frv. Hann virðist ekki hafa lesið hana fyllilega, eftir ræðu hans að dæma. Hann virðist fremur hafa haft í huga frv., sem flutt hafa verið hér áður og gera ráð fyrir að leggja vörugjald á án þess aðilar séu að spurðir. Hér er nokkuð öðru máli að gegna. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að allir atkvæðisbærir menn á Sauðárkróki fái atkv. um, hvort þetta gjald skuli lagt á eða ekki. Við skulum nú segja, að þeir sjái svo hag síns sveitarfélags, að þeir taki á sig gjaldið af frjálsum vilja. En þá á næst að bera málið undir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Í henni eru 14 menn, og þar af eiga Sauðárkróksbúar einn. Ég held því, að það sé ekki ástæða til þess að vantreysta því, að sýslunefndin gæti fullkomlega hags hinna sveitarfélaganna, sem nefndarmenn mæta fyrir, ef þeir telja ekki þörfina svo brýna, að þessi ráðstöfun sé alveg óhjákvæmileg. Þeir munu hafa vit og vilja til þess að gæta hagsmuna sveitarinnar í þessu efni, svo að ég held, að óþarfi sé að hafa

áhyggjur út af því. Mér virðist því, að með þessu ákvæði sé sleginn varnagli fyrir því, að þetta gjald verði lagt á nema því aðeins, að meiri hluti gjaldenda sé fús til þess að taka það á sig.

Ég skal líka taka það fram, og ég hygg mér sé óhætt að segja, að ég tali þar einnig f. h. meðflm. míns, að þetta er aðeins flutt sem bráðabirgðaúrlausn til þess að bæta úr hinni mest aðkallandi þörf. Og ég er fús til að taka höndum saman við hv. þm. V.-Húnv. og hvern þann, sem kemur með skynsamlega lausn á því, hvernig við getum bjargað sveitar- og bæjarfélögum út úr þeim fjárhagsvandræðum, sem nú þjaka þau og eru að verða hreinasta niðurdrep. En það gagnar ekkert aðþrengdum sveitarfélögum að eiga von á einhverju. Þetta sveitarfélag þarf á hjálp að halda vegna þeirra sérstöku ástæðna, sem fyrir hendi eru, og það má ekki og getur ekki beðið.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hafði nú lesið 1. gr. frv. ræki lega yfir, svo það var ekki af því, að ég vissi ekki, hvað í henni fólst, að ég talaði þessi varúðarorð áðan, því jafnvel þó segja megi með nokkrum rökum, að þarna sé settur nokkur varnagli fyrir því, að ekki verði farið út í öfgar í þessu máli, þá er alls engin trygging fyrir því, þegar af stað er farið með svona hluti, að ekki sé smátt og smátt losað sig við slíkar varáðarráðstafanir, eins og komið hefir fram hér áður á þingi. Þær hafa verið numdar í burt rétt strax. Þarf ekki að leita langt aftur í tímann til þess að finna þess dæmi. Það var á þingi hér í fyrra.

Hv. 7. landsk. talaði um hina miklu þörf sveitarfélaganna til þess að auka tekjustofna sína, og ég skal ekki mótmæla þeirri miklu þörf. En það liggur í augum uppi, að hér getur ekki verið um nýja tekjustofna að ræða, nema að því leyti sem hægt er að fá þá frá þeim sveitarfélögum, sem skipta við Sauðárkrók. En bæjarbúar sjálfir eru ekki frekar færir um að borga þetta gjald af vörunum heldur en þeir eru færir um að borga það með hækkuðu útsvari.

Um þessi tryggingarákvæði, sem sett eru í 1. gr. frv., er það að segja, að þó hlutaðeigandi sýslunefndir hafi samþ. slíka álagningu, þá þarf ekki með því að vera tryggt, að ekki sé gengið á rétt hlutaðeigandi sveitarfélaga, vegna þess að þau gætu verið í minni hluta, þó þau séu það ekki í þessu tilfelli. Það er ekki alltaf svo, að allt sýslufélagið skipti við einn stað, heldur eru fleiri verzlunarstaðir í sýslunni, sem sum sveitarfélögin skipta að mestu leyti við.

Ég vildi aðeins færa fram þessi varúðarorð, því þessi tryggingarákvæði, sem sett eru í frv., eru mjög veigalítil, og þó þau reynist að halda í einstökum tilfellum, þá er hætt við, að þau muni verða numin úr gildi með lagasetningu hér á þingi, enda er það hrein fjarstæða að vera að setja svona lagaákvæði um hvern hrepp út af fyrir sig. Ef á að ganga inn á þessa braut almennt, þá væri eðlilegast að koma með eina heildarlöggjöf um það, á hvern hátt hlutaðeigandi kauptún geti aflað sér tekna á umsetningu verzlunar sinnar. Ég hefi nú bent á leið í þessu máli til tekjuöflunar fyrir sýslusjóði, sem kæmi fram í lækkandi sýslusjóðsgjöldum og yrði þá um leið tekjuöflun fyrir sveitarfélög. Það frv. var flutt snemma á þessu þingi í vor, og ennþá hefir ekkert bólað á því. Ég skal þiggja þá samvinnu, sem hv. 7. landsk. var að bjóða mér áðan, og vonast ég þá eftir, að hann reki á eftir þessu máli, því einhvern þátt hlýtur hann og hans flokkur að eiga í því, að málið fær ekki afgreiðslu. Þeir eru svo fjölmennir, sjálfstæðismennirnir hér á þingi, að þeir ættu einhverju að geta ráðið um það, að mál fái þinglega afgreiðslu, en séu ekki svæfð í nefnd.

Ég vil þá um leið nota tækifærið og skora á hæstv. forseta að taka til greina þessa kvörtun mína, sem ég hefi einnig áður borið fram um drátt á þessu máli frá n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 548 og 558, 549).

Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson): Fjhn. hefir haft þetta mál til meðferðar og ekki getað orðið á eitt sátt um það. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., og einn nm. af þeim hluta áskildi sér rétt til að bera fram brtt., sem nú er fram komin á þskj. 549. En einn nm. gat ekki fallizt á frv. og kom fram með sérstakt nál.

Ég skal geta þess, að eins og tekið er fram í grg. frv., þá litum við flm. svo á, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun þangað til löggjöf yrði sett um þetta nauðsynjamál sveitar- og bæjarfélaga almennt. Þar sem fram er komin till. til þál. um að fela hæstv. ríkisstj. að undirbúa þetta mál til næsta þings, þá má telja líklegt, að það verði afgr. á því þingi, þó vitanlega sé það ekkert víst. En þó sú löggjöf yrði sett, kemur það ekki að notum í þessu tilfelli, þar sem fólkið stendur uppi allslaust undir veturinn.

Hinsvegar getur þetta frv. komið að þeim notum, sem til er ætlazt, í bráðina, þó brtt. hv. 1. þm. Árn. verði samþ., og því getum við flm. sætt okkur við hana. Vænti ég, að með þeirri breyt. geti meginþorri dm. fallizt á frv.

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og frsm. meiri hl. fjhn. hefir skýrt frá, gat ég ekki orðið samnm. mínum sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég hefi því leyft mér að bera fram rökst. dagskrá því til frávísunar á þskj. 558. Ástæður mínar fyrir þeirri rökst. dagskrá eru þær, að eins og hv. frsm. gat um, er komin fram í Sþ. till. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þar sem skorað er á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Ég tel ekki rétt að grípa fram fyrir hendurnar á þeim aðilum, sem þetta mál fá til meðferðar og koma væntanlega með heildarlöggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga fyrir næsta þing. Mér er ljóst, að það er mikil nauðsyn að gera ráðstafanir til tekjuöflunar fyrir bæjar- og sveitarfélög yfirleitt. En mér finnst ekki rétt, þar sem

skammt er til næsta þings, að taka eitt sveitarfélag út úr og veita því úrlausn, sem óvíst er, hvort verður framtíðarlausn þessa vandamáls. Ég veit vitanlega ekki, hverjar verða till. hæstv. stj. í þessu máli né hver verður afgreiðsla þingsins á þeim á sínum tíma. En ef eitt sveitarfélag er tekið þannig út úr rétt áður en búast má við, að sett verði heildarlöggjöf, getur það einungis orðið til þess að valda óánægju og skapa glundroða. Þó ég viðurkenni fúslega, að Sauðárkrókur muni hafa mikla þörf fyrir nýja tekjustofna, þá eru mörg önnur sveitarfélög, sem e. t. v. þarfnast þeirra ekki síður, og því ástæðulaust að taka þannig eitt út úr. Auk þess álít ég þá tekjuöflunarleið, sem hér er farið fram á, vægast sagt neyðarúrræði. Það á að leggja skatt á neyzluvörur almennings, og það jafnvel neyzluvörur annara sveitarfélaga, þó þetta frv. hafi það fram yfir önnur frv. í líka átt, sem lögð hafa verið fyrir þingið, að hér er gert ráð fyrir samþykki sýslunefndar og meiri hluta hreppsbúa áður en gjaldið er lagt á. Ég vænti, að hv. d. geti fallizt á, að ekki sé knýjandi nauðsyn til að taka þetta eina sveitarfélag út úr og veita því nýjan tekjustofn, heldur geti það beðið þangað til almennar ráðstafanir verða gerðar í þessu efni, og því sé rétt að samþ. þá rökst. dagskrá, sem ég hefi leyft mér að bera fram á þskj. 558.

Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson): Ég get ekki varizt því að láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. 1. landsk. skuli mæla á móti frv. þessu, sem fram er komið vegna sérstaks neyðarástands eins hreppsfélags landsins. Ég hélt, að hann myndi einmitt líta á nauðsyn þá, sem hér er um að ræða, líta á hag verkalýðsins þar nyrðra í þessu efni. Hér stendur alveg sérstaklega á. Fólk hafði búizt við mikilli síldarsöltun og talsverðri atvinnu í sambandi við hana. En síldin brást, eins og menn vita, og þeir, sem byggt höfðu atvinnuvonir sínar á henni, stóðu uppi með tvær hendur tómar. Má nærri geta, hvernig afkoma þessa fólks er nú, þegar farið er að líða á veturinn. Með tilliti til þessa er frv. borið fram, því að eitthvað verður að gera.

Ef dagskrártill. sú, sem hér liggur fyrir, hefði nokkurt bjargráð að geyma, þá myndi ég taka henni fegins hendi, en svo er auðsjáanlega ekki. Hún gerir ekki ráð fyrir björg fyrr en einhverntíma í framtíðinni. Mér finnst því einmitt, að Alþfl. ætti að finna sér skylt að taka höndum saman við okkur til bjargar þessu fólki, sem svo er nauðulega statt.

Hv. þm. telur ekki rétt að samþ. frv., af því að hann vill ekki taka fram fyrir hendurnar á n. þeirri, sem fengið hefir málið til meðferðar og á að ráða bót á því í heild sinni fyrir allt landið. Hann kveðst ekki vilja taka eitt hreppsfélag út úr á þennan hátt. Þetta er nú gott og blessað út af fyrir sig. En hér stendur, eins og ég hefi tekið fram, alveg sérstaklega á. Ég efast um, að nokkurt hreppsfélag hafi orðið jafnhart úti og Sauðárkrókur. Vonandi þarf þetta hreppsfélag ekki á slíkri hjálp að halda í framtíðinni, en eins og nú er ástatt, er þörfin brýn. Og þó að l. þessi giltu ekki lengur en til ársloka 1936, teldi ég það mikla bót. Vænti ég þess, að hv. þd. líti á allar aðstæður og samþ. okkar frv., en felli dagskrártill.

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég efast ekki um, að hv. 2. þm. Skagf. skýri rétt frá og að vandræðin séu mikil á Sauðárkróki, þar sem vonir manna um atvinnu hafa brugðizt svo gersamlega. En þessa sögu má segja af fleiri sveitarfélögum, a. m. k. um alla þá staði norðanlands, sem byggt hafa vonir sínar á síldveiðinni. En þó að hér sé að vísu um mikla þörf að ræða, þá liggja samt ekki fyrir upplýsingar þess efnis, að þessa fjár sé ekki hægt að afla á sama hátt og önnur bæjar- og sveitarfélög verða að gera. Mestur hluti þess fjár, sem fengist með þessari aðferð, yrði tekinn úr vösum hreppsbúa og annara Skagfirðinga. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um það, að Sauðárkrókur hafi notfært sér þá einu fjáröflunarleið, sem bæjar- og sveitarfélögum er heimiluð með l., útsvörin, þannig, að hann geti staðið við skuldbindingar sínar á næsta ári. Á meðan slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir, er ekki hægt að fara þessa leið, sem frv. fer fram á, að því er snertir eitt sérstakt sveitarfélag. Hingað til hefir engu sveitarfélagi verið veitt þessi heimild, og aðeins einu bæjarfélagi. Ég held því ekki, að ég bregðist skyldu minni sem Alþfl.maður, þótt ég vilji ekki ganga inn á þessa neyðarráðstöfun. Ég vænti þess, að þetta sveitarfélag geti, eins og önnur, staðið straum af útgjöldum sínum með árlegum útsvörum. Og þó að þetta hreppsfélag hafi orðið fyrir þungum búsifjum vegna síldarleysisins, þá hafa fleiri þá sögu að segja, án þess að þau hafi þar fyrir leitað til Alþingis um hjálp.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. gat þess, að þetta mál væri svo vaxið, að því væri aðeins ætlað að ná til eins hreppsfélags, sem er rétt. Hann vildi því ekki styðja málið. En hann veit þó, að fleiri kaupstaðir hafa farið fram á slíka aðstoð sem þessa, svo sem Siglufjörður, Vestmannaeyjar og Akureyri. Mér þykir undarleg afstaða sósialista hér, þar sem vitað er, að flokksbræður þeirra í bæjarstj. Siglufjarðar eru þessu máli fylgjandi. Mætti ætla, að þeir létu reynsluna meiru ráða um afstöðu sína til málanna en það „princip" að vilja ekki óbeina skatta. Auk þess er komin fram till. frá hv. 1. þm. Árn. þess efnis, að þessi heimild nái aðeins til ársins 1936. Ég ber fram samskonar till. við frv. til l. um hafnarl. fyrir Siglufjörð, þar sem farið er fram á, að heimildin takmarkist við árið 1936. Till. hv. 1. þm. Árn. ætti a. m. k. að vera hægt að samþ. En þegar heimildartíminn væri útrunninn, mætti gera ráð fyrir, að stj. hefði gert ráðstafanir til að afla bæjar- og sveitaðfélögum nýrra tekna.

Það er ekki rétt að segja, að hér sé verið að taka eitt sveitarfélag út úr, þar sem fyrir liggja samskonar beiðnir frá öðrum.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Allir verða að viðurkenna, að þörf sveitarfélaganna á auknum tekjustofnum er aðkallandi. Ég hefi flutt hér á þingi frv. til lausnar þessu vandamáli. Eins og

í grg. þess var tekið fram, var það aðeins tilraun og bar að skoðast sem fyrsta skrefið til að reyna að koma málinu á sæmilegan grundvöll. En hér er um svo mikið mál að ræða, að það verður að taka föstum tökum. Ég hygg, að bezt verði að reyna að útvega sveitar- og bæjarfélögunum sjálfstæða tekjustofna, að greina milli tekjustofna þeirra og ríkissjóðs. Það dugir ekki að gera þetta að pólitísku númeri með því að tala um neyzluskatt og því um líkt. Í okkar þjóðfélagi verða menn að sætta sig við meira eða minna af þessum óbeinu sköttum. En þeir eru bezt komnir hjá ríkissjóði. Ég tel ekki rétt að dreifa þeim milli tveggja aðilja.

Þessi dagskrártill. er að mínum dómi sjálfsögð. Hæstv. stj. verður að taka málið almennt til athugunar. Hjá því verður alls ekki komizt að skapa bæjar- og sveitarfélögum sjálfstæða tekjustofna. Er þá bezt, að þau fái fasta tekjustofna, sem ríkið má ekki veikja með því að gera þá jafnframt að tekjustofnum fyrir sig. Það er heldur ekki heppilegt, að sveitarfélögin séu að seilast í tekjustofna ríkisins. Því legg ég til, málefnisins vegna, að dagskrártill. verði samþ., enda myndi það flýta fyrir eðlilegri lausn þessa vandamáls.

Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson): Hv. 1. landsk. sagði, að Sauðárkrókur ætti að geta bjargazt af næsta ár með því að leggja á hæfileg útsvör. Ég held, að það sé ekkert bjargráð. Útsvörin eru nú þegar svo há, að þau innheimtast ekki, og sveitarstj. væri ekkert betur komin, þó að hún hækkaði útsvörin.

Hv. þm. V.-Húnv. lagði til, málefnisins vegna, að hin rökst. dagskrá yrði samþ. Ég legg nú til, einmitt málefnisins vegna, að hún sé felld. Ég sé ekki betur en að skylt sé að bjarga þeim, sem svo nauðulega eru staddir, að þeir geta það ekki sjálfir. Ég hefi enga tryggingu fyrir því, að verzlanirnar á Sauðárkróki vilji taka að sér að halda lífinu í fólkinu með vörulánum, upp á það að fá greiðsluna einhverntíma og einhverntíma. En ef hreppurinn gæti tryggt greiðsluna, býst ég við, að þær myndu lána mönnum eftir þörfum.

Þetta mál er engan veginn hliðstætt kröfum frá öðrum sveitarfélögum, því að hér er ekki um að ræða neitt valdboð ofan frá, heldur er það gjaldendum í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja taka á sig þetta gjald eða ekki. Mér finnst það talsverður munur.

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 7. landsk. Ég hefi tekið það fram, að ég væri á móti þessu frv. af því, að fyrir Alþingi liggur nú þáltill., þar sem skorað er á stj. að gera ráðstafanir til að afla sveitar- og bæjarfélögunum nýrra tekjustofna. Það eru margir hv. þm. aðrir en ég mótfallnir þessu máli, eins og sést á því, að í byrjun þingsins var fellt frv., sem fór í svipaða átt og þetta, þar sem farið var fram á, að Akureyri væri aflað fjár með svipuðum hætti, og að því er Siglufjörð snertir er mér kunnugt um, að útgerðarmenn, sem hér héldu fund nýlega, hafa samþ. mótmæli gegn því að skattleggja vörur, sem fluttar eru út frá Siglufirði, samkv. 10. gr. í frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjörð. Það er því auðséð, að andstaða gegn þessu máli kemur einmitt frá mönnum, sem ég geri ráð fyrir, að hv. 7. landsk. muni vilja taka talsvert tillit til. — Þessi afstaða mín er yfirleitt í samræmi við aðra afstöðu mína á Alþingi.

Þegar hv. 2. þm. Skagf. segir, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða vegna sérstakra ástæðna, þá er það rétt, ef brtt. hv. 1. þm. Árn. er tekin til greina. Þar er gert ráð fyrir, að heimildin gildi aðeins til ársloka 1936, og hv. 2. þm. Skagf. kvaðst geta sætt sig við þá breyt., en þetta atriði var ekki í frv.

Hér á landi eru mörg sveitarfélög, sem eiga við álíka örðugleika að búa og Sauðárkrókur. Það hefir því ekki verið hrakið, sem ég held fram, að hér eigi að fara að taka eitt hreppsfélag út úr og útbúa fyrir það sérstaka löggjöf. Þungamiðja málsins er einmitt þetta, að óeðlilegt er að gera á þennan hátt upp á milli sveitarfélaganna, hvaða leiðir svo sem kann að verða lagt inn á í þessu efni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 558, frá minni hl. fjhn., felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, HV, MT, PZ, PÞ, StJSt, BJ, BB, EmJ, FJ.

nei: GSv, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, EE, GÞ, JörB.

Sjö þm. (ÁÁ, BÁ, EystJ, GG, JG, PO, SE) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:6 atkv.
2. gr. samþ. með 16:3 atkv.
Brtt. 549 (ný 3. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 573, 580).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 580. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Við afgreiðslu þessa frv. til 3. umr. fyrir 2 dögum voru haldnar hér í d. margar og merkilegar ræður. Inn í þær umr. blönduðust almennar umr. um þessi mál í heild, og komu þá fram raddir um það, að ósanngjarnt væri að taka út úr eitt einstakt sveitarfélag og leyfa því álagningu þessa gjalds, en láta önnur sveitarfélög sitja hjá, sem jafnvel hefðu miklu meiri þörf fyrir það. Til þess nú að ráða bót á þessu ósamræmi hefi ég ráðizt í að bera fram brtt. við frv. þetta, sem breyta því á þann veg, að það verði lög um tekjustofn fyrir alla kaupstaði utan Reykjavíkur, og þau kauptún, sem eru sérstök hreppsfélög. Brtt. mínar miða því að því að gera gagngerðar breyt. á frv. Í 1. brtt. minni legg ég til, að bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Rvíkur og hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, verði heimilað að leggja vörugjald á innfluttar og útfluttar vörur í kaupstaðnum eða kauptúninu, og renni gjaldið í bæjar- eða sveitarsjóð,

Þá legg ég til, að í 2. gr. verði svo ákveðið, að vörurnar skuli allar flokkaðar til vörugjalds af atvmrn., sem svo setji gjaldskrá um, hve hátt vörugjaldið megi vera í hverjum flokki. Þetta tel ég heppilegri aðferð en að vera að tína vörutegundirnar upp í löggjöfinni, eins og sumstaðar er gert. Það má vel vera, að sumum finnist, að með þessu sé lagt nokkuð mikið vald í hendur stj., en þá er því til að svara, að með þessu er stj. sízt gefið meira vald en hún hefir t. d. í þessu efni hér í Rvík, þar sem hún á að staðfesta ýmsar reglugerðir um vörugjald o. fl. Gjaldskrá þessari er svo ætlað að gilda fyrir alla kaupstaði utan Reykjavíkur og kauptún, sem lögin ná til. Þó er gert ráð fyrir, að þar sem sérstaklega standi á, að dómi ráðherra, þá megi lækka gjöldin í heild um allt að 50% frá því, sem gjaldskráin ákveður.

Þá er 3. brtt., þar sem lagt er til, að bætt verði við tveimur nýjum greinum, sem verði 3. og 4. gr. Þar er fyrst ákveðið, hvernig því skuli hagað til, þegar bæjar- eða sveitarfélag hefir samþykkt að leggja gjald þetta á, og ennfremur hvernig það skuli innheimt.

Fjórða brtt. er við 3. gr. frv., sem nú verður 5. gr., þar sem eru ákvæði um það, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1936 og gilda aðeins það ár.

Fimmta brtt. er um, að fyrirsögn frv. skuli vera: Frv. til laga um vörugjald.

Ég þykist vita, að ýmsir hv. þm. telji sig þurfa meiri umhugsunartíma til þess að átta sig á þessari breyt. en þeir geta fengið á þessum fundi; má því mín vegna fresta umr. þessari til morguns.

Ég vil svo að síðustu taka það fram, að vilji Alþingi á annað borð hjálpa bæjar- og sveitarfélögunum í þessu efni, þá á sú hjálp að ganga yfir þau öll, sem þörf hafa fyrir hana, en það á ekki að vera að draga eitt og eitt út úr. — Þá er eitt enn. Verði brtt. mínar samþ. og frv. verði þannig að lögum, þá verður það miklu viðtækara en það er nú. Nú er aðeins gert ráð fyrir að heimila hreppsnefnd Sauðárkróks að innkalla gjald, sem nemi 50% af vörutollinum eins og hann verður þar á hverjum tíma. Nær það gjald því ekki til vara, sem t. d. eru fluttar til Sauðárkróks héðan frá Rvík og vörutollur hefir verið greiddur af hér. M. ö. o., það yrði allmikið af vörum undanþegið því gjaldi.

Að þetta er flutt sem brtt. við frv. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkróks til álagningar vörugjalds, er sökum þess, hve áliðið er orðið þings. Þó að brtt. verði samþ. hér, eiga þær eftir að fara til Ed. og fá sína eldskírn þar. Þá vil ég að endingu biðja hv. þdm. að gæta þess, að hér er ekki um að ræða skyldu fyrir bæjar- og sveitarfélögin, heldur aðeins heimild.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég tók ekki eftir, að hv. 6. landsk. gerði grein fyrir því, hvers vegna Reykjavíkurbær væri undanskilinn þeim fríðindum, sem í till. hans felast. Till. hv. þm. gera ráð fyrir, að bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur, og hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, verði heimilað að leggja vörugjald á inn- og útfluttar vörur í kaupstaðnum eða kauptúninu, og að gjald það renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð. Hvers vegna Reykjavíkurbær væri undanskilinn þessum fríðindum, gat hv. þm. ekkert um. Að vísu féllu þau orð hjá honum, að tilgangurinn með brtt. væri aðallega sá, að heimild þessi væri veitt öllum þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem þyrftu slíks tekjustofns með. Má þá kannske skilja þessi ummæli svo, að hv. þm. telji fjárhag Reykjavíkurbæjar ekki þannig farinn, að nauðsyn beri til fyrir bæjarfélagið að grípa til tekjuöflunar á þennan hátt. Að sjálfsögðu þakka ég þá viðurkenningu á fjármálastjórn Reykjavíkur, sem óbeinlínis felst í þessu. En hinsvegar geri ég ráð fyrir, að svo kunni jafnvel að fara, að bænum verði óumflýjanlegt að grípa til þessarar eða annarar tekjuöflunar, verði það úr, að fátækralöggjöfinni verði breytt á þann veg, sem nú eru líkur á, að verði gert. Annars er skylt að þakka þá traustsyfirlýsingu fyrir Reykjavíkurbæ, sem í þessu felst, og skal ég ekki neita því, að sú yfirlýsing kemur úr óvæntri átt, þegar miðað er við þann flokk, sem hv. þm. tilheyrir. En það skal játað, að þessi hv. þm. sýnir það á ýmsan hátt, að hann er víðsýnni og sanngjarnari maður heldur en ýmsir af hans flokksbræðrum. En ég geri ráð fyrir því, að Reykvíkingar yfirleitt telji sér nokkurn sóma að því og skoði sem viðurkenningu á þeirri fjármálastjórn, sem verið hefir á bænum, ef þessi löggjöf verður afgr. þannig, að með henni sé staðfest, að Reykjavíkurbær sé eina bæjarfélagið, og í raun og veru eina sveitarfélagið hér á landi, sem ekki þurfi að hlaupa undir bagga með á þann hátt, sem ráðgert er með þessum tillögum.

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Við 2. umr. þessa máls lýsti ég yfir því og byggði á því mína rökst. dagskrá, að ég teldi óeðlilegt að taka út úr eitt sveitarfélag, ef ætti að veita slík hlunnindi, sem farið er fram á handa Sauðárkróki. Af því leiðir það, ef þingið á annað borð vill ganga inn á þá braut að afla sveitar- og bæjarsjóðum tekna með vörugjaldi, þá álít ég, að það eigi að ganga jafnt yfir alla og þess vegna séu till. hv. 6. landsk. spor í réttari átt heldur en frv. eins og það liggur fyrir nú gerir ráð fyrir. Ég vil þó skjóta því fram, að mér finnst einn ágalli á þessum till., sem mætti bæta úr með nýrri brtt. Samkv. þeim þarf ekki að leita samþykkis sýslunefndar fyrir álagningu þessa gjalds í einstökum kauptúnum, sem eru innan sýslufélagsins. Það mun víða haga svo til um kauptún, að vörur, sem þangað eru fluttar, ganga til héraðanna í nágrenni við kauptúnið, og kemur þessi skattur þar af leiðandi niður á héraðsbúum, eða fleirum heldur en kauptúnsbúunum á hverjum stað. Þess vegna er það sanngjarnara í frv. hv. 2. þm. Skagf. og hv. 7. landsk., að samkv. því þurfti að fá samþykki sýslunefndar til þess, að hægt væri að leggja þetta gjald á.

Ég hefði talið réttara fyrir mitt leyti, af því að þetta er umfangsmikið mál, að það væri ekki afgr. nú, þar sem það er 3. umr., heldur tekið út af dagskrá, svo að mönnum gæfist kostur á að gera við það brtt., m. a. í þá átt, sem ég nefndi og mér þykir ekki ósennilegt, að kæmu

fram til samræmis við frv. það, sem hér er til umræðu.

En ég get að lokum sagt það, að ef það er, sem kom í ljós við 2. umr. þessa máls, að meiri hl. þm. sé því fylgjandi að veita einu kauptúni þessa heimild, þá kýs ég þó heldur fyrir mitt leyti, þar sem í því felst meira jafnrétti, að veita þá öllum kaupstöðum og kauptúnum þessa heimild, er þess óska, ef á að opna þá leið á annað borð.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég var dálitið undrandi yfir þessum brtt., því að mér komu þær fyrir sjónir sem eitt af þeim gömlu og alþekktu ráðum, þegar mistekst að drepa mál, þá að reyna að koma með brtt., sem eru þannig úr garði gerðar, að fullar líkur eru til, að takist að drepa málið á þann veg. Ég býst við, að þessar till. séu sprottnar upp af því, að þeir, sem greiddu atkv. á móti því við síðustu umr. málsins, að Sauðárkrókur fengi þessi réttindi til eins árs, hafi hugsað sér, að það skyldi samt ekki verða, með því að gera málið þannig úr garði, að engar líkur séu til, að það verði samþ. á þessu þingi.

Hv. 1. landsk. kom að vísu inn á það, að það væri allmikil vöntun hjá hv. 6. landsk. í till. hans, þar sem fallið hefðu niður hjá honum þau ákvæði, að þeir, sem þessi skattur á að lenda á, hafi rétt til þess að segja álit sitt um, hvort hann skuli á lagður eða ekki. Ég get tekið undir það með hv. 6. landsk., að það er ekki ósanngjarnt eins og nú er ástatt hjá mörgum hreppsfélögum og kauptúnum, að þeir hafi rétt til þess að leggja á slíkt vörugjald. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt til þess að bjarga þeim úr vandræðunum. En það er eftir að finna þá leið, sem er fær og þannig löguð, að þeir, sem eiga að bera þessar byrðar, hafi líka tækifæri til þess að segja álit sitt um það — samþ. eða neita, að slíkt gjald skuli lagt á. Í frv. okkar hv. 2. þm. Skagf. er valin sú leið, að það eru hreppsbúar sjálfir og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, sem á að segja til um þetta. Slíkt mætti vitanlega gera annarsstaðar, þar sem svo hagar til, að verzlunarsvæðið nær yfir það sýslufélag, sem viðkomandi kauptún stendur við. En þegar svo hagar til, sem er mjög víða, að kauptúnið er í öðru sýslufélagi heldur en því, sem aðallega skiptir við það, liggur það í augum uppi, að þessi aðferð getur tæplega komið að notum. Það verður því, ef það sama á að nást og gert er ráð fyrir í okkar frv., að leggja það undir dóm sýslun. þeirrar sýslu, sem verzlar við viðkomandi kauptún, hvort slíkt vörugjald skuli lagt á eða ekki. En mér sýnast ýmsir örðugleikar á því og tel næsta hæpið, að slíkt geti komið til mála, enda vakti þetta aðeins fyrir okkur sem bráðabirgðalausn, en að sjálfsögðu erum við ekki á móti því, ef slíkt gæti komið til greina, þar sem eins hagar til. En eins og brtt. hv. 6. landsk. eru úr garði gerðar, skoða ég þær alveg fráleitar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Brtt. þær, sem liggja fyrir á þskj. 580, gera ráð fyrir því, að öllum kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kauptúnum verði heimilað að leggja á vörugjald. Ef á að hverfa að því að afgr. eitthvað um þessi mál og ekki á að fresta því til næsta þings, þá vil ég gera þá aths. við þetta sérstaklega, að í fyrsta lagi tel ég, að óhjákvæmilegt sé, að samþykki sýslunefndar komi til. Í öðru lagi vil ég benda á það, að þessi leið felur í sér möguleika fyrir kauptún, þar sem verzlunarfyrirtæki eru, sem verzla við þau héruð, sem þar liggja að, til þess að afla sér tekna með því að leggja gjald á vörur, sem seldar eru íbúum annara sveitarfélaga. Út frá þessu finnst mér, að komið gæti til athugunar, hvort ekki væri réttara, ef á að fara inn á þessa braut yfirleitt, að láta sýslufélögin hafa heimild til þess að afla sér með þessu móti tekna og létta sýslusjóðsgjaldinu af hreppunum á þann hátt. Mér sýnist þetta meiri sanngirni heldur en að láta kauptúnið, sem hefir verzlunarfyrirtækin, sem verzla við allt héraðið, sitja eitt að þessari álagningu.

Annars vil ég segja um þessi mál yfirleitt, að mér finnst eðlilegast, að þeim málum, sem um þessa tekjuöflun fjalla, verði frestað til næsta þings, en í stað þess verði samþ. till. til þál., sem komin er fram á þskj. 545 og flutt er af þm. úr öllum flokkum, þar sem gert er ráð fyrir því, að fyrir næsta þing verði þessi mál rannsökuð og undirbúnar till. til úrlausnar á þeim.

Þessi mál eru svo vandasöm og um þau liggja fyrir svo margar till. nú þegar, að mér finnst óvarlegt að rjúka í að samþ. eitt eða annað af þessu tægi á þeim stutta tíma, sem nú er fyrir hendi til þess að rannsaka málið. Vildi ég því eindregið leggja til, að þessum málum verði frestað til næsta þings, en þáltill. á þskj. 545 verði samþ. En ef á að samþ. eitthvað um þetta almennt, vil ég leggja ríka áherzlu á, að þessu máli verði frestað að þessu sinni og tekið út af dagskrá, svo að mönnum gefist kostur á að athuga þær stórfelldu brtt., sem fyrir liggja á þskj. 580.

Jón Pálmason: Það er kunnugt mál, að á undanförnum árum hefir verið allmikill ágreiningur um það, hvort sú stefna ætti að vera ríkjandi í skattamálum að taka gjöldin sem mest með beinum eða óbeinum sköttum.

Það er og kunnugt mál, að sá flokkur manna, sem nefnir sig Alþfl., hefir verið harðastur á því að taka öll gjöld, eða sem mest af þeim, með beinum sköttum.

Þegar skattalögin voru til umr. á haustþinginu 1934, muna menn væntanlega eftir því, að allmikill ágreiningur varð um það, hvort ekki ætti nokkur hluti af tekjuskattinum að falla til sveitar- og bæjarfélaga. En það var fellt. Nú skoða ég það svo, að þessar brtt., sem hér eru lagðar fram af hv. 6. landsk., séu fullkomin viðurkenning frá hans hálfu, sem ekki er óeðlileg, að hér sé komið svo langt í því að leggja á beina skatta — ekki einungis til ríkisins, heldur og til sveitar- og bæjarfélaga —, að þar sé ekki hægt að fara lengra. Þetta hefir mér og sjálfstæðismönnum yfirleitt verið ljóst, að það er svo langt komið á þessari braut, að ekki er hugsanlegt að fara lengra. En þegar um er að ræða að

færa valdið til tollaálagningar frá Alþingi yfir í hendur bæjar- og sveitarfélaga, þá kemur margt til greina, sem taka ber í reikninginn. Ég verð að taka undir með hæstv. fjmrh., að það sé athugaverð leið að gera almenna breyt. í þá átt, að gefa sveitarfélögum tækifæri til tollaálagningar. Virðist eðlilegra að gefa það vald í hendur sýslufélaganna heldur en einstökum kauptúnum, því að með þeim hætti, sem hér er farið fram á, og með brtt. mundi þetta verka þannig, að kauptúnin fengju tækifæri til þess að yfirfæra sín gjöld í mörgum tilfellum yfir á sveitarfélög, sem í ýmsum héruðum landsins eru í jafnmiklum vandræðum með sína fjárhagslegu afkomu eins og kauptúnin sjálf. Í þessu sambandi vildi ég einnig geta þess, að ég vil sérstaklega leggja áherzlu á í þessu efni, að þótt inn á þessa breyt. verði gengið, mun ég samt aldrei geta léð því atkv. mitt, að slíkt gjald verði lagt á útfluttar vörur. Það er nokkru öðru máli að gegna um aðfluttar vörur, þó að þær séu að einhverju leyti skattlagðar, en með útfluttar vörur kemur það alls ekki til mála, því að gjöld, sem þannig eru lögð á framleiðsluna, jafnhliða því sem hún er í þeim vandræðum, sem hún nú er í, eru þau verstu gjöld, sem lögð eru á almenning.

Viðvíkjandi því, að þessar till. séu fram komnar til þess að verða að fótakefli því frv., sem þær eru við, þá má það vel vera, en ég skal taka það fram, af því að ég greiddi því frv. atkv., þegar það var hér síðast til umr., að ég gerði það með það fyrir augum, að það sýslufélag, sem í þessu einstaka tilfelli er um að ræða, hefði vald á því, hvort þetta gjald yrði lagt á eða ekki. Ég lít svo á, að í þessu tilfelli sé heimildin eingöngu bundin við það, að viðkomandi kauptún sé í svo miklum vandræðum, að forsvaranlegt sé að fara fram á að fá samþ. sýslunefndarinnar fyrir því, að þetta gjald verði lagt á. En ef á að útfæra þessa heimild fyrir landið allt, verður að búa betur um þá hnúta heldur en gert er í þeim brtt., sem fyrir liggja. Ég vil taka það fram, að fljótt á litið virðist mér sú leið, sem hæstv. fjmrh. benti á, vera tiltækilegri en hitt, að fá sveitarstjórnum þetta vald.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi mikla tilhneigingu til þess að hallast að stefnu hv. 6. landsk. um breyt. á þessu frv. Ekki þó á þann hátt, sem hér er farið fram á, heldur þá höfuðstefnu, sem þar kemur fram, að gera allsherjarlagasetningu um þessa hluti.

Hv. 7. landsk. benti á, að ekki væri hægt að koma við þeim öryggisráðstöfunum um þessa álagningu, sem fælist í þeirra frv., ef ætti að gera þessa heimild almenna. En það er einmitt stærsti ókosturinn við þetta frv., að það eru sett sérákvæði fyrir þetta kauptún, sem önnur kauptún geta ekki komið undir. Það er leitað að ákvæðum, sem kannske örfá sveitarfélög geta notað sér, en önnur alls ekki, og það án tillits til þess, hvort þetta sveitarfélag eða kauptún sé meira þurfandi fyrir þessa hluti heldur en hin kauptúnin, sem ekki geta notað sér þessi sérstöku tryggingarákvæði.

Það, sem verður að gera, er að skapa öllum sem svipaða þörf hafa fyrir auknar tekjur, einhverja möguleika til þess að afla sér þeirra, og með brtt. hv. 6. landsk. er gengið inn á þá braut.

Mér þótti vænt um að heyra, að hæstv. fjmrh. hefir fallizt á öll þau rök, sem ég hefi fært fram í þessum málum, þegar þau hafa verið á ferðinni á þingi, því að það er ekki svo að skilja, að þetta sé fyrsta málið um þetta efni, sem hér hefir verið afgr., heldur hafa ýmsir kaupstaðir farið fram á svipaða lagasetningu, sem þeir hafa fengið í gegn á þingi. Þessi lög verka og hafa verkað þannig, að með þeim er verið að leggja gjöld á aðra heldur en þá, sem eiga undir gjöldunum að standa. En ef á að ganga inn á þessa braut á annað borð fyrir einstök kauptún, þá er sjálfsagt, að önnur kauptún fái þennan sama rétt. Það verður því að finna einhver sameiginleg skilyrði, sem allir geta verið undir, til þess að enginn þurfi að vera útundan, þegar að því kemur að njóta þessara laga.

Ég gæti fallizt á það, og teldi það æskilega leið, að fresta þessari lagasetningu nú að sinni, en hallast aftur á móti að þeirri þáltill., sem er á þskj. 545 um endurskoðun á þessum hlutum, og mætti þá væntanlega bera fram á næsta þingi frv. um aukna tekjustofna fyrir hreppsfélögin.

Þó að þetta mál verði afgr. nú, er ekki með því náð út yfir önnur sveitarfélög en þau, sem eru kauptún, en hinum sveitarfélögunum er eftir að fullnægja, og það þarf að gerast innan langs tíma, ef bjarga á við fjárhagsafkomu þeirra, því að eins og bent hefir verið á í grg. fyrir þáltill. á þskj. 545, þá bera hin ýmsu mál, sem borin hafa verið fram hér á þingi og farið hafa í þessa átt, þess ljósast vitni, hve mikil þörf er á endurbótum á þessu sviði.

Verði þessar till. hv. 6. landsk. samþ., tel ég það yfirlýsingu þingsins um það, að hér verði að fara að hefjast handa, og þó að frv. svo breytt næði ekki samþ. hv. Ed., þá er það a. m. k. áherzla til viðbótar við það, ef þáltill. yrði samþ., að hér verði að hefjast handa til þess að fá viðunandi lausn þessara mála. Og það þykir mér mest um vert, að sú lausn kæmi sem fyrst, þó að það verði ekki á þessu þingi.

Annars vil ég benda á, að þann rétt, sem Sauðárkrókur fengi með því að þetta frv. yrði samþ., fengi hann fullkomlega, ef frv. það yrði samþ., sem ég bar fram í fyrra og nú aftur, og þá myndu öll önnur kauptún og sveitarfélög njóta þess líka. Það er því fyrsta sporið, sem skynsamlegt er að stíga í þessu máli, því að það kæmi öllum til nokkurs stuðnings.

En það er að vísu ekki nema bráðabirgðaléttir eða fyrsta sporið í þessa átt, og því jafnmikil nauðsyn á að fá fullkomna endurskoðun á þessari löggjöf.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 573, 580, 600, 603, 610).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 610. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Ég flyt hér eina brtt. á þskj. 610, við brtt. á þskj. 580. Ég vil taka það fram strax, að ég mun þó ekki greiða þeim brtt. atkv., sem eru á þskj. 580. En ef þær ná fram að ganga, þá þykir mér betra, að þær verði samþ. með þeim breyt., sem mín brtt. á þskj. 610 gerir ráð fyrir.

Brtt. mín er í þá átt, að 1. gr. brtt. á þskj. 580 orðist um. Brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 580 gerir ráð fyrir, að heimild sé veitt hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, að leggja vörugjald á allar innfluttar og útfluttar vörur í kauptúninu, til tekjuöflunar fyrir viðkomandi sveitarfélög. Með brtt. minni á þskj. 610 legg ég til, að ekki aðeins kauptún, sem eru sérstök hreppsfélög, heldur einnig sveitarfélög, þar sem meiri hluti hreppsbúa býr í kauptúni, fái þessa heimild, ef brtt. á þskj. 580 verður á annað borð samþ. að öðru leyti.

Það er enginn vafi á því, að ef gengið verður inn á þá braut að veita kaupstöðum og kauptúnum heimild til að leggja á vörugjald hjá sér, þá á það ekki síður að ná til þeirra kauptúna, sem ekki eru sérstakt hreppsfélag, eins og hinna, ef meiri hl. íbúa sveitarfélagsins þar er í kauptúninu. Skal ég nefna dæmi, sem mér er kunnugt um, því að það er um kauptún í mínu kjördæmi. Þar eru 3 kauptún. Eitt af þeim, Patreksfjörður, er sérstakur hreppur. Hin tvö kauptúnin, Bíldudalur og Flatey, eru hvort fyrir sig hluti úr hreppsfélagi. Nú er svo ástatt, að fjárhagur þessara tveggja kauptúna, sem ekki eru sérstakur hreppur hvort fyrir sig, er miklu verri en fjárhagur Patreksfjarðar, enda þótt ég beri ekki brigður á, að því kauptúni veiti ekki af að fá auknar tekjur líka. Af þessum þremur kauptúnum hefir Bíldudalur langverstar fjárhagsástæður. Þar eru kringum 300 íbúar, og er kauptúnið hluti úr Suðurfjarðahreppi. En 150 manns eru í hreppnum utan kauptúnsins. Eftir 1. brtt. á þskj. 580 ætti Patreksfjörður að fá heimild til að leggja vörugjald á vörur, sem þaðan og þangað eru fluttar, en Bíldudalur mætti ekki leggja á vörugjald hjá sér. Ef á annað borð er gengið inn á þá braut að veita kauptúnum þessa heimild, þá held ég því fram, að það ætti alls ekki að einskorða hana við þau kauptún, sem eru sérstakt hreppsfélag, heldur ætti slík heimild þá að ná til þeirra kauptúna einnig, sem eru það ekki, eða til allra kauptúna.

Þessa dagana er (svo ég nefni annað dæmi) verið að ræða um að gera kauptún, sem hefir verið klofið á milli tveggja hreppsfélaga, að einu hreppsfélagi. Og sú tilviljun, að löggjafinn gengur inn á að sameina það kauptún í eitt hreppsfélag, mun þá verða til þess, að leggja má á vörugjald, til hagsbóta fyrir nyrðri hluta kauptúnsins, sem er í Engihlíðarhreppi. En á meðan kauptúnið er klofið á milli tveggja hreppsfélaga, þannig að norðurhlutinn er í Engihlíðarhreppi, en suðurhlutinn í Blönduóshreppi, þá hafa þeir fyrir norðan ána enga heimild til að leggja á vörugjald. Það hlýtur hver maður af þessu að sjá, að um rétta hugsun er að ræða í minni brtt. En ég vil endurtaka það, að ég ber brtt. fram aðeins til vonar og vara, ef svo skyldi fara, að brtt. á þskj. 580 yrði samþ., því að í raun og veru vil ég ekki, að sú brtt. nái samþ. að svo komnu, og ekki heldur frv. á þskj. 573.

Nú liggur fyrir Alþ. þáltill. frá allmörgum hv. þm., þar sem skorað er á stj. að rannsaka, hvaða tekjustofnar muni vera tiltækilegastir til þess að afla aukinna tekna fyrir kaupstaði og kauptún, umfram útsvarsálagningarleiðina, sem nú er farin. Mér virðist það dálítið undarlegt, að flm. þessarar brtt. á þskj. 580 er aðalflm. þessarar þáltill. Nú er í þessari þáltill. það ekki bundið við neinar sérstakar leiðir, hvernig vandamál kaupstaða og kauptúna í þessu efni skuli leyst. M. ö. o., það er engin vissa fyrir því, þó að þessi þáltill. gengi í gegn, að þingið mundi velja þá leið að veita þessum aðilum heimild til þess að ná nauðsynlegum tekjum með vörugjaldi. Nú er það kunnugt, hvað sem að öðru leyti má segja um vörugjaldsálagningarleiðina, þá er það viðvíkjandi innheimtu léttasta leiðin til þess að ná peningum, þó að sú leið sé oft og tíðum mjög ranglát. Og ég er ekki í vafa um það, þótt þessi heimild, sem hér er farið fram á í frv., sé bundin við eitt ár, þá muni hún verða tekin upp í allflestum kaupstöðum og kauptúnum, sem svona heimild fá fyrir eitt ár, einnig á næstu árum. Mun þá og verða erfitt fyrir þingið að breyta til og vísa kaupstöðum og kauptúnum á aðra tekjustofna, sem erfiðara er að nota. Þess vegna álít ég það ekki rétt, að gengið sé á þessu þingi inn á þá braut að veita örfáum stöðum, svo sem Siglufirði og Sauðárkróki og (svo ég vísi til þess, sem áður hefir komið fram) Akureyri, leyfi til að auka tekjur sínar á annan hátt en með útsvarsálagningu, en láta um önnur kauptún og kaupstaði sitja eingöngu við þessa tekjuöflunarleið. Ég álít ekki heldur rétt að velja þessa leið rannsóknarlaust, sem um getur í frv., heldur eigi hæstv. Alþ. að halda sér við þáltill., sem er um það, að athugað verði fyrir næsta þing, hvaða tekjustofnar eru tiltækilegastir til þess að veita bæjar- og sveitarfélögum auknar tekjur til hjálpar út úr því fjárhagslega öngþveiti, sem mörg af þeim eru nú í.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það eru reyndar einhverjir fleiri, sem eiga brtt. við þetta frv., en hafa ekki talað fyrir sínum till. En ég á ekki neina brtt. við frv., heldur vildi ég aðeins í sambandi við þetta frv. um Sauðárkrók fara nokkrum almennum orðum um þá miklu þörf, sem kemur fram í öllum þessum brtt., á því að auka eða endurbæta möguleikana fyrir bæjar- og sveitarfélög til þess að afla sér tekna. Því að í þessum till. felst vitanlega fullkomin viðurkenning fyrir því, að sveitarfélög séu alveg komin að þrotum um það, að geta aflað nauðsynlegra tekna til sinna þarfa. Það má segja, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að sú kenning, sem haldið hefir verið fram, að að því ætti að stefna að gera beina skatta að aðaltekjum, bæði fyrir ríki, bæjarfélög og sveitarfélög, hafi beðið algert skipbrot hér á þessu landi. Það er alkunnugt, að bæir og sveitarfélög hafa verið byggð upp á þessari stefnu, þ. e. að afla fjár til sameigin-

legra þarfa með beinum sköttum, nefnilega með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Nú hefir það sýnt sig, að ekki er lengur hægt að afla tekna handa sveitarfélögum á þennan hátt. Viðurkenning á þessu hefir þá fyrst og fremst fengizt frá hv. 6. landsk., sem ber nú hér fram till. í þessu máli á þskj. 580. Og það er dálítið eftirtektarvert, að hún kemur fram frá manni úr þeim flokki, sem hefir haldið því fram sem aðalstefnu þess flokks, að afla beri tekna með beinum sköttum, ekki aðeins fyrir bæjar- og sveitarfélög, heldur einnig fyrir ríkið. Þessi brtt. felur því í sér fullkomna uppgjöf í þessu atriði af hálfu þessara manna á þeirri stefnu, að aflað sé umgetinna tekna með beinum sköttum að mestöllu leyti. Þeim, sem haldið hafa því fram, að þessi leið væri ófær, kemur þessi stefnubreyt. ekkert á óvart. Þessi stefnubreyt. sýnir, að þessir góðu menn, samflokksmenn hv. 6. landsk., eru nú búnir að sjá, að þessi tekjuöflunarleið, þó að hún sé að mörgu leyti sanngjörn, er ómöguleg í framkvæmdinni. En allar till. hér, sem ganga í þá átt að bæta úr þörf sveitar- og bæjarfélaga, ganga út á nýja skatta, þ. e. a. s. að finna nýjar leiðir til þess að leggja nýja skatta á þessa sömu menn. Áður hafa komið fram till. um það, að létta erfiðleikunum af sveitar- og bæjarfélögum með því að lata nokkurn hluta af tekjum ríkisins, t. d. nokkurn hluta af tekju- og eignarskatti og fasteignaskattinn, ganga til sveitarfélaganna og létta gjöldum af sveitar- og sýslusjóðum, t. d. berklavarnagjaldinu. En allar þær till., sem nú koma fram um hjálp til bæjar- og sveitarfélaga, ganga í þá átt að leggja enn á nýja skatta í nýrri mynd.

En úrlausn málsins liggur ekki í því, að yfirfæra nýja skatta á sömu mennina og eru að kikna undir gömlu sköttunum. Það, sem verður að viðurkenna í orði, en þó fyrst og fremst í verki, er það, að ríkið hefir gengið svo hart að mönnum með álögum, að þeim er af þeim ástæðum ekki lengur unnt að standa undir gjöldum til bæjar-, sveitar- eða sýslusjóða. Eina úrlausnin er sú, að slaka eitthvað á skattheimtunni til ríkisins og létta þannig á einstaklingunum.

En það, sem þó er ef til vill allra varhugaverðast við þá till., sem hér liggur fyrir, og aðrar svipaðar, er það, að með þeim hætti á að fara að ganga í þá átt að leggja á gjöld í kaupstöðum og kauptúnum, sem þeir sjálfir verða ekki einir að greiða, heldur einnig önnur hreppsfélög og kaupstaðir, sem einskis njóta af gjaldinu, og eru þannig skylduð til að kosta málefni allt annara sveitarfélaga og taka við byrðum af þeim, án þess að hafa aðstöðu til að létta hag sinn neitt með sama hætti.

Þetta kemur einna ljósast fram í frv. um hafnargjöld á Siglufirði. Það gengur í þá átt að hækka vörugjaldið um allt að 100% til bæjarþarfa og gera á þann hátt skattskylda alla þá, sem atvinnu stunda á Siglufirði yfir sumartímann. Og þetta er farið fram á á þeim stað, sem ríkið hefir reist og keypt hverja verksmiðjuna eftir aðra og þannig neytt menn óbeinlínis til þess að leggja þar upp allar sínar afurðir, enda þótt þeim hefði verið það miklu hagkvæmara annarsstaðar, og þannig á allan hátt eflt og skapað atvinnulíf bæjarins. Nú á samkv. frv. að gera Siglufirði kleift að varpa byrðum sínum yfir á þá menn, sem vegna verksmiðjanna beint og óbeint stunda þar atvinnu sína um sumartímann. Ég nefni Siglufjarðarfrv. sem dæmi, en annars ganga hinar almennu till. hv. 6. landsk. alveg í sömu átt og hafa sömu verkanir, ef þær verða samþ. Ég vil benda á það, að þegar gerðar voru breyt. á útsvarslögunum 1926, var það fyrst og fremst vegna þess, að í óefni þótti vera komið um álöguheimildir kaupstaða, þar sem menn stunda vinnu stuttan tíma ársins, vegna þess að svo mikið var oft lagt á þá á þessum stöðum, að lítið eða ekkert var hægt að leggja á þá heima fyrir. Allra lengst var þó gengið í þessu efni á Siglufirði. Þar var ranglætið svo hróplegt, að ég man, að menn hér á þingi setti hljóða, þegar upplýsingar voru gefnar um það. Í þeim till., sem hér liggja fyrir um hækkuð vörugjöld til bæjarþarfa, er því beinlínis horfið frá stefnu þeirri, er útsvarslögin 1926 spruttu af.

Það hefir verið talað um, og komið fram brtt. um það, að draga mætti úr ranglætinu, sem í þessum till. felst, með því að veita sýslunefndum íhlutunarrétt um álagningu slíks gjalds. Þetta getur verið til nokkurra bóta, en það kemur ekki að gagni þar, sem sýslubúar verzla við kaupstað, sem er sjálfstætt lögsagnarumdæmi, né heldur verndar það fjarlæg sveitarfélög fyrir því, að gjald þetta geti verið lagt á einstaklinga þeirra, sem leita sér atvinnu í kaupstöðum, eins og t. d. Siglufirði. Þessi brtt. hv. þm. Ísaf. dregur því aðeins úr ranglætinu að sáralitlu leyti.

Ef hv. þm. er nokkur alvara með það, að draga úr örðugleikum sveitar- og bæjarfélaga, þá er eina ráðið að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, svo eitthvað af núv. skattstofnum hans geti runnið til sveitar- og bæjarfélaga. Þetta er heppilegasta, réttasta og raunhæfasta leiðin. Því að það hefir þegar sýnt sig, og mun sýna sig betur, að takmörk eru fyrir því, hversu langt er hægt að ganga í því að hrúga niður nýjum sköttum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hélt, að samkomulag hefði orðið um að láta þetta og önnur slík frv. bíða vegna þáltill. þeirrar um þessi mál, sem hér er komin fram. En þar sem ég sé, að svo er ekki, vil ég flytja skrifl. brtt. um það, að slík heimild, ef veitt verður, sé fyrir bæjar- og sýslufélög, en ekki bæjar- og hreppsfélög. Mér finnst rétt, að hreppar, þar sem ekki er kauptún, geti einnig notið slíks gjalds. Annars fer svo, að kauptúnin ein geta skattlagt þær vörur, sem seldar eru út um sveitirnar, án þess að sveitirnar fái nokkuð í aðra hönd.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hæstv. fjmrh.: [Sjá þskj. 627].

Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin, og auk þess skrifl., þarf að veita afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.: Ég þyrfti að minnast á margt í sambandi við þessi mál, en mun hér aðeins stikla á aðalatriðunum. — Hvað viðvíkur brtt. við brtt. minar, kem ég að því síðar. En ég vil fyrst svara hv. 3. þm. Reykv. nokkru. Hann var að spyrja, hvers vegna Reykjavík ætti að vera undanskilin. Ég get sagt honum það. Reykjavík hefir meiri og fleiri tekjustofna en aðrir kaupstaðir. Fyrst og fremst hefir hún útsvarsálagningarheimildina og getur þar með skattlagt næstum alla tekjuhæstu menn landsins, sem mjög margir eru launaðir af almannafé. Útsvarið er einnig umsetningargjald og er því einskonar vörugjald, en eins og kunnugt er, fer mest af verzlun landsmanna gegnum Reykjavík. Loks hefir Reykjavík það fram yfir aðra kaupstaði að hafa álagningarmöguleika á ríkisverzlanirnir, að undanskilinni áfengisverzluninni. Þá hefir og Reykjavík allra kaupstaða mest verið veitt hjálp ríkissjóðs til framkvæmdar verkefna Reykjavík til hagsbóta. Reykjavík hefir því algerða sérstöðu, enda veit ég, að það kemur í ljós, þegar farið verður að endurskoða þessi mál, að Reykjavík hefir skattstofna, sem aðrir bæir hafa ekki, og því verður að láta gilda um hana aðrar reglur en um hina kaupstaðina, eins og títt er um höfuðborgir. Auk þess er hagur Reykjavíkur betri en hinna kaupstaðanna. Hitt kemur mér auðvitað ekki til hugar, að tekjustofnar Reykjavíkur verði ekki líka athugaðir og tryggðir.

Þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv. sögðu í dag, að Alþfl. vildi ná bæjar- og sveitargjöldum með tollum og hefði því alveg horfið frá sínum upphaflegu kenningum um beina skatta, og töluðu um skoðanagjaldþrot í því sambandi. Ég skal nú nokkuð víkja að þessu atriði.

„Gjaldþrot" hinnar beinu álagningar „eftir efnum og ástæðum" er bein afleiðing af breyttum verzlunarháttum síðari ára. Eftir því sem samvinnufélögunum hefir vaxið fiskur um hrygg, en þau eru sem kunnugt er vernduð í þessum efnum með sérstakri löggjöf, hefir tekjustofnum kaupstaðanna farið síhnignandi. Rekstrarútsvörin ná ekki til samvinnufélaganna, en áður var lagt á veltu kaupmanna alveg eins utan kaupstaðarins og innan og utansveitarmenn þannig í raun réttri skattlagðir.

Svipað má segja um Siglufjörð. Þar hefir ríkið látið reisa miklar verksmiðjur, sem að vísu veita bæjarbúum mikla atvinnu, en eru undanþegnar öllum sköttum. En í fyrra var þar lagt á verksmiðju, sem var í einstaks manns eign, 20—30 þús. kr. Málið horfir því þannig við, að vegna þess að verzlun og atvinnurekstur hefir sífellt færzt meira í hendur ríkis og samvinnufélaga, nást tekjurnar ekki lengur inn með gamla laginu. Því verður að taka upp nýja aðferð. Og þótt talað sé um að leysa málið á næsta þingi, þolir það enga bið að veita bæjarfélögum og sveitar einhverja úrlausn. Þau rísa ekki lengur undir byrðum sínum — og er það heppilegra, að ríkissjóður verði beinlínis að hlaupa undir bagga með þeim en að styrkja þau á þennan hátt? Þótt stefna Alþfl. í þessu máli hafi verið rétt og sé það enn í sjálfu sér, vil ég þó beygja mig fyrir breyttu viðhorfi. Afstaða Alþingis til till. minna fer eftir því, hvort réttara verður talið að gefa eina slíka allsherjarheimild eða hvort hver á að pota fyrir sig. Sannleikurinn er sá, að hagur allra bæjar- og sveitarfélaga er svo lakur, að nauðsynlegt er að veita þessa heimild sem bráðabirgðalausn. Hinsvegar er ég á móti því, að verið sé að veita einu og einu sveitarfélagi slíka heimild.

Ég er samþ. þeirri brtt. hv. þm. Ísaf., að sýslunefndir veiti sveitarfélögum leyfin, en atvmrh. kaupstöðunum. Geri ég ráð fyrir, að sveitarfélögin færi svo skýr rök fyrir sínu máli, að sýslunefndum veitist auðvelt að meta þörf þeirra fyrir slíka heimild. Eitt frv., um að veita Akureyrarbæ slíka heimild, hefir nú verið fellt. Nú eru hér á ferðinni Siglufjörður og Sauðárkrókur, og Vestmannaeyjar í Ed. Þá má einnig nefna síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn. Halda menn, að ekki standi svipað á fyrir kauptúnunum fyrir austan? Þar eru 4 stór kauptún, sem hafa ennþá verri möguleika til þess að taka beina skatta heldur en önnur sveitarfélög, þar sem útgerðin hefir alveg brugðizt þar á síðastl. ári. Halda menn, að þorpin á Vestfjörðum og Snæfellsnesi þurfi þessarar heimildar eins með eins og þorp annarsstaðar á landinu? Ég vil benda á, að það er ákaflega undarlegt, að menn skuli heldur vera með því að samþ. þessa álagningu fyrir einn og einn stað heldur en að gefa allsherjarheimild til þess að koma þessu í framkvæmd þar, sem þess þarf með, og það verður viðkomandi sýslunefnd og ráðuneyti að meta.

Ég get ekki búizt við, að ég fái að tala aftur, því að ég er víst dauður við þessa umr., en ég vil að lokum geta þess, að mitt atkv. um þetta mál er eingöngu bundið við mínar till. og þær brtt., sem hv. þm. Ísaf. hefir flutt.

Viðvíkjandi brtt., sem hv. þm. Barð. hefir flutt við þetta frv., vil ég segja það, að ef till. hv. þm. Ísaf. verða samþ., sé ég ekki annað en að svo mikið vald sé fengið hverri sýslunefnd í hendur, að ekki ætti að þurfa að grípa til þess ráðs, sem hv. þm. Barð. leggur til, að láta fram fara atkvgr. í hreppunum um þetta mál. Ég álít, að með brtt. hv. þm. Ísaf. sé þetta svo takmarkað, þar sem heimildin er bundin við samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, að það megi vel við una.

Þá er að síðustu að minnast á brtt. hæstv. fjmrh., sem leggja til, að gjaldið renni í sýslusjóð, en ekki hreppssjóð. Ég verð að segja, að við þá till. hefi ég talsvert mikið að athuga. Ef gert er ráð fyrir, að á þessu þingi verði samþ. frv. til framfærslulaga, sem nú liggur fyrir þinginu, en er ennþá í n., þá þýðir það, að meginhlutinn af fátækraframfærslunni er lagður yfir á kaupstaðina, þannig að þeir missa allan rétt til þess að krefjast endurgreiðslu frá öðrum stöðum. Þessar till. minar eru fyrst og fremst miðaðar við það, að þegar á að leggja á kaupstaðina þessa nýju fátækraframfærslu án þess að þeir eigi von í neinni endurgreiðslu, þá þarf að tryggja fjárhag þeirra. Það er fyrsta röksemdin frá minni hálfu fyrir þessu vörugjaldsfrv.

Verði þetta gjald látið renna í sýslusjóð í staðinn fyrir hreppssjóð þeirra kauptúna, sem aðallega taka við fátækraframfærslunni, þá veit ég ekki, hvernig það mundi yfirleitt verka, hvort

hægt væri að létta af svo miklu af sýslusjóðsgjaldinu, að þeim kæmi að verulegu gagni. Ég vil ekki segja neitt ákveðið um það. Það hafa sjálfsagt aðrir þm. meira um það að segja heldur en ég. Hinsvegar finnst mér engin frágangssök að samþ. frv. með þeirri breyt. — Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Mun ég ekki taka til máls aftur nema sérstaklega verði að mér veitzt og ég fái þá að fljóta á náð hæstv. forseta.

Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson): Ég varð hissa, þegar ég sá brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 580. Mér þóttu þær kynlegastar vegna þess, að þær brjóta í bág við stefnu hans og hans flokks í þessu efni. Í öðru lagi vegna þess, að þær eru bein mótsögn gegn þeim rökum, sem flutt voru við 2. umr. þessa máls gegn frv. okkar hv. 7. landsk. Aðalröksemdirnar á móti frv. þá voru þær, að í fyrsta lagi væri frv. óþarft, vegna þess að fram væri komin þáltill. í Sþ., þar sem skorað væri á ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing frv. um tekjur handa sveitar- og bæjarfélögum. Í öðru lagi var aðalmótbáran gegn frv. sú, að með frv. væri lagður skattur á neyzluvörur almennings. Ég sé ekki annað en að í brtt. hv. 6. landsk. sé gengið alveg í sömu átt, og þykir mér það þess vegna einkennileg veðrabrigði.

Hv. 6. landsk. sagði í síðustu ræðu sinni, að það væri breytt viðhorf, sem hefði valdið því, að hann nú getur gengið inn á þessa stefnu. En ég skil ekkert í því, að viðhorfið sé svo mikið breytt frá því 2. umr. fór fram. Þess vegna grunar mig, að það sé eitthvað annað, sem hefir ráðið því, að hann kemur fram með þessar brtt. Hvort það á að vera bjarnargreiði við verkalýðinn á Sauðárkróki, skal ég ekki segja. En þegar við 2. umr. kom í ljós, að frv. hafði fylgi, fóru andstæðingar þess að stinga saman nefjum, hvernig þeir ættu að fara að. Og úrræðið varð það, að bera fram þessar brtt. Mér finnst sannast hér sem oftar, að örskammt sé öfganna á milli.

Ég skal svo aðeins í fáum orðum bera saman frv. og brtt. — Samkv. frv. getur hjálpin, sem því er ætlað að veita, komizt til framkvæmda þegar á öndverðu næsta ári, en samkv. brtt. ekki fyrr en miklu seinna. Til þess að koma þeim í framkvæmd þarf bæði mikinn undirbúning og langan tíma, og gæti ég bezt trúað, að þær kæmu alls ekki að notum á næsta ári. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að leggja aðeins gjald á þær vörur, sem vörutollur er tekinn af í ríkissjóð. En eins og menn vita, eru undanþegnar því gjaldi fyrst og fremst aðalnauðsynjavörur almennings, kornvörur o. fl., t. d. kaffi, sykur og tóbaksvörur, sem raunar getur orkað tvímælis um, hvort eigi að telja nauðsynjavörur eða ekki. En samkv. brtt. á að leggja gjald á allar vörur, án tillits til þess, hvort það eru nauðsynjavörur eða ekki. Og ekki aðeins á allar innfluttar vörur, heldur og allar útfluttar líka. — Þetta er mikill munur, sérstaklega þegar þess er gætt, að þetta gjald á aðfluttum vörum getur orðið margfalt, eftir því hvað varan gengur í gegnum marga staði hér á landi, því að það er oft, eftir því sem samgöngurnar eru, að vörum, sem eiga að fara til Sauðárkróks, er skipað upp á Siglufirði, Akureyri, Ísafirði og víðar. Ef á að taka gjald af þeim á öllum þeim stöðum, þá getur það er orðið nokkuð mikið. Svo er þess líka að gæta, að í frv. er það sett sem skilyrði fyrir því, að hægt sé að leggja á þetta gjald, að það sé með samþykki hlutaðeigandi gjaldenda. Í brtt. hv. 6. landsk. er engu líku til að dreifa. Samkv. þeim geta bæjar- og sveitarstjórnir lagt gjaldið á og létt því af án vilja gjaldendanna. Mér finnst því mikill munur á þessu tvennu. Ég verð að segja það, að ég get varla skilið, hvernig á því stendur, að þessir hv. andstæðingar frv. skuli nú vilja ganga miklu lengra einmitt í sömu átt og frv. gerir ráð fyrir, og þá átt, sem þeir fyrir nokkrum dögum töldu ófært að halda í.

Vilji maður gera sér þetta skiljanlegt, er það annaðhvort af hringlandahætti eða þá að brtt. eru bornar fram sem banaráð við það bjargráð, sem í frv. felst til handa bágstöddum verkalýðnum á Sauðárkróki. Ég get því ekki léð þessum brtt. atkv. mitt og vænti þess, að þeir, sem fylgdu frv. við 2. umr., muni einnig fylgja því nú og greiða atkv. gegn þessum brtt.

Hvað viðvíkur hinum brtt., sem hafa komið fram við brtt. á þskj. 580, hefi ég lítið að segja. Ég álít, að þær standi eða falli með aðalbrtt. En viðvíkjandi brtt. hæstv. fjmrh., þá býst ég við, þó að þær séu nokkuð öðruvísi, að ég geti alls ekki fylgt þeim, því að þeim fylgja að sumu leyti sömu gallar og hinum brtt., því að gjaldið verður miklu þyngra og viðtækara heldur en samkv. frv. Svo er líka þess að gæta, að þetta frv. er aðeins fram komið vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, sem er á því að hjálpa þessu fólki einmitt nú í vetur. Ég veit, að víða er þörf einhverrar hjálpar, en ég efast um, að þörfin sé nokkursstaðar ríkari heldur en einmitt þarna.

Páll Zóphóníasson: Mönnum er það kunnugt af afstöðu minni til svipaðra mála, svo sem frv. um álagning vörugjalds á Akureyri, að ég er yfirleitt á móti þeirri stefnu, sem felst í þessum frv. Ég er á móti þeirri stefnu, að með lögum sé einstökum verzlunarstöðum eða hreppum, sem verzlunarstaðir eru í, leyft að flytja nokkurn hluta af sínum útsvörum yfir á aðra hreppa, nærliggjandi hreppa, sem verða að hafa sín viðskipti þar. Vörugjaldið í ríkissjóð nemur nú samkv. nýútkomnum landsreikningi um 1700 þús. kr. Þar af er í kringum 1 millj. í Reykjavík. Það er þess vegna 700 þús. kr., eða helmingurinn af þeirri upphæð, sem ætlazt er til, að leyfilegt sé að taka í sveitarsjóðina sem neyzlugjald á allar vörur, sem verzlað er með. Nokkur hluti af þessum vörum er keyptur af íbúunum sjálfum, en mikill hluti þeirra er keyptur af mönnum, sem búa í öðrum hreppum. Með því er í raun og veru búið að gefa þeim hreppi, sem viðkomandi verzlunarstaður er í, aðstöðu til þess að færa nokkurn hluta af útsvörum sínum yfir á aðra hreppa. Vörugjaldið á Sauðárkróki mun nema um ¼ af upphæð útsvaranna, sem færist þá yfir á þá hreppa, sem skipta við Sauðárkrók, en að nokkru leyti lendir það á íbúum þorpsins sjálfum. Ég er á móti þessu grundvallaratriði.

Nú hefi ég skilið það á flm. þessa máls, sem hér liggur fyrir, að þeir vilji láta líta svo út, sem þeir með því ákvæði í 1. gr. frv., að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu skuli segja til um, hvort þetta gjald skuli lagt á eða ekki, séu að bera það undir þá, sem gjaldið er fært á, hvort svo eigi að gera eða ekki. En þegar maður athugar það, að af þeim 14 hreppum, sem eru í Skagafjarðarsýslu, eru 4 eða 5, sem enga verzlun reka á Sauðárkróki og því taka ekki þátt í gjaldgreiðslum, þá þarf ekki að ná í marga sýslunefndarmenn úr þeim hreppum, sem verzla við Sauðárkrók, til þess að meiri hl. geti náðst. Þess vegna kem ég með brtt. á þskj. 600, við 1. gr. frv., um að atkvæðisbærir um þetta séu aðeins sýslunefndarmenn úr þeim hreppum, sem verzla við Sauðárkrók.

Ég geri ráð fyrir því, eftir því sem fram hefir komið í ræðum hv. flm., að þeir geti verið þessu samþykkir, af því að mér skilst á þeim, að þeir telji það almennan vilja bænda í Skagafirði, sem við Sauðárkrók verzla, að hjálpa hreppsbúum Sauðárkróks á þennan hátt.

Ég bið menn að athuga, að ef gengið er inn á þessa braut, er það miklum mun réttlátara að láta þetta gjald renna í sýslusjóð, því að þá léttir það á öllum, sem skipta við kauptúnið, og þá eru gjöldin ekki færð af einum og yfir á annan.

Ef samþ. væri till. hv. 6. landsk., kæmi það berlega í ljós, hvernig kauptúnin í Suður-Múlasýslu mundu færa útsvörin af sér og yfir á sveitarfélögin. Hv. þm. (6. landsk.) er kunnugt um, að á Austfjörðum er heill hópur af verzlunarstöðum, sem eru sveitarfélög út af fyrir sig — og nokkur að nokkru leyti út af fyrir sig —, sem skipta við sveitirnar í kring, svo að það yrði ekki neitt lítið, sem þau gætu fært af sínum útsvörum yfir á sveitirnar. Eigi allir að borga þetta gjald, eiga allir að njóta þess. Það er því réttara að samþ. brtt. hæstv. fjmrh. heldur en frv. eins og það liggur nú fyrir. Annars finnst mér langréttast, að þetta allt sé fellt og bíða eftir og sjá, hvað hæstv. ríkisstj. gerir fyrir næsta þing, því að væntanlega verður þáltill. samþ. um að rannsaka málið og leggja það fyrir næsta þing. Nú skal ég benda á það áður en ég lýk máli mínu, að ef samþ. verða þær brtt., sem fyrir liggja, gæti það leitt til þess, að tekið yrði gjald af sömu vörunni á fleirum en einum stað, og sú upphæð, sem ég nefndi áðan, því helzt til lág. Það verður því ekki um neitt smáræði að ræða fyrir þá, sem skipta við þessa verzlunarstaði. Ég er því hissa á, að flm. þessa frv. skuli ekki hverfa alveg frá því, þegar þeir sjá þessar brtt., sem fram eru komnar, hvernig þær leiða af sér auknar byrðar frá einum manninum yfir á annan. Og ég vil vona, að þeir taki frumv. sitt aftur, og beini þeim tilmælum til hv. flm. að gera það.

Finnur Jónsson: Ég á hér brtt. við brtt. á þskj. 580, þess efnis, að til þess að leggja á þetta vörugjald þurfi viðkomandi hreppsnefnd að fá heimild hlutaðeigandi sýslunefndar og kaupstaður samþykki atvmrh. Ég tel það réttara, ef þessar till. yrðu samþ., að til þess að leggja þennan skatt á þurfi slíkt samþykki. Það er réttara, að eitthvað liggi fyrir um það áður en sveitarfélögin gripa til þeirra úrræða, að þau noti til fullnustu þá gjaldstofna, sem heimiladir eru við niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

Þá er í minni brtt., að bæjar- eða sveitarstjórn skuli annast innheimtu á þessu gjaldi og hafa haldsrétt á vörunni, en bæjar- eða sveitarstjórn geti falið bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra innheimtuna, ef hentugra þykir. Í flestum kauptúnum eru hafnarnefndir, og er þá venjulegt, að innheimta svipaðra gjalda sé hjá hafnarstjóra, f. h. bæjar- eða sveitarfélags, en ekki í höndum bæjarfógeta eða sýslumanns, þar sem slíkt er til kostnaðarauka fyrir bæjar- eða sveitarstjórnina.

Ég er á þeirri sömu skoðun og ég hefi látið í ljós áður hér í hv. d., að ég tel, að þessi vörugjaldsálagning sé neyðarúrræði og eigi ekki að eiga sér stað. En ef á að fara inn á það að veita einstökum hreppsfélögum þessa heimild, þá er þingið búið að viðurkenna, að þetta sé fær leið, og er þá rétt að veita öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu þessa sömu tekjustofnsmöguleika, en mismuna ekki bæjar- eða sveitarfélögunum með því að veita þau sumum, en undanskilja önnur. Það er aðeins með þetta fyrir augum, að ég greiði till. hv. 6. landsk. atkv.

Gísli Guðmundsson: Það eru aðeins fá orð til leiðréttingar því, sem kom fram í umr. áðan, að ég hafi flutt frv. um álagningu á síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn. Það er mesti misskilningur, því að ég hefi ekki flutt neitt frv. um álagningu á þá sérstöku verksmiðju, heldur á síldarverksmiðjur ríkisins yfir höfuð. Ég vil vekja athygli á og leggja á það áherzlu, að það mál er nokkurs annars eðlis en það, sem hér liggur fyrir, um að heimila einstökum kauptúnum að leggja tolla á vörur. Í mínu frv. er aðeins heimilað að leggja útsvar á atvinnurekstur, sem ekki hefir verið útsvarsskyldur. Og að í því frv. er gjaldið miðað við söluverð afurðanna, er sett til þess að koma í veg fyrir, að þessi álagning geti orðið óeðlilega há, en ekki að það eigi skylt við þetta mál, sem hér er til umr.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að á það var minnzt í umr. áðan.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég get tekið það strax fram, að ég er í öllum höfuðatriðum samþ. því, sem hv. þm. Borgf. sagði um þetta mál. En þar sem ekki virðist, að það ætli að takast að leysa þetta mál á þeim grundvelli, sem við mundum helzt geta sætt okkur við, a. m. k. ekki að þessu sinni, en fyrir liggja brtt. við þetta frv., sem hér hefir verið borið fram og eiga að ná út yfir fleiri kauptún og kaupstaði heldur en gert er ráð fyrir í frv., þar sem aðeins er um eitt kauptún að ræða, þá vildi ég gjarnan verða til þess, að þessar brtt. yrðu færðar í það horf, að hér kæmi nokkur stuðningur til allra bæjar- og sveitarfélaga utan Reykjavíkur. Þá hefi ég mikla tilhneigingu til þess að fallast á þær brtt., sem hæstv. fjmrh. lagði fram áðan. Þó finnst mér á þeim nokkur galli. Í þeim er hallazt að þeirri stefnu, sem tekin var upp af

hv. 6. landsk., að leggja gjaldið jafnt á útfluttar vörur sem innfluttar. Nú tel ég ekki réttmætt, þegar atvinnuvegir landsins eiga við svo mikla erfiðleika að stríða, að fara að íþyngja þeim með sérstökum framleiðsluskatti. Stefna síðustu ára í þessum málum hefir frekar verið sú, að létta gjöldum af atvinnuvegunum en bæta við þau. Vildi ég því leggja til, að orðin „og útfluttar“ í brtt. hæstv. fjmrh. verði felld niður.

Þá er annar ókostur á brtt. hæstv. fjmrh., sem ég hygg, að honum hafi sézt yfir, og það er, að ef sameiginlegur verzlunarstaður er fyrir kaupstað og sýslufélag, þá kemur það ranglátlega niður, ef kaupstaðurinn á aðeins að njóta þessara tekna, en sýslufélagið verði alveg útundan. Ég vildi því bæta aftan við fyrstu brtt. þessari málsgr.:

„Þegar gjald þetta er lagt á þar, sem sameiginlegur verzlunarstaður er fyrir kaupstað og sýslufélag, eða fleiri sýslufélög, skal gjaldinu skipt milli þessara aðilja eftir mati nefndar. Skal hún skipuð einum manni af hverjum þessara aðilja, en atvmrh. skipar oddamann, ef þörf krefur.“

Ég skal taka dæmi af Eyjafirði og Akureyri. Ef slíkt gjald væri lagt á eftir till. hæstv. fjmrh., þá væri það Akureyri ein, sem fengi þessar tekjur, en sveitarfélögin í Eyjafirði yrðu alveg útilokuð frá þessum tekjum. Þetta er líka til að tryggja það, að allir aðiljar geti notið góðs af þessum skatti, ef nota á þennan skatt sem almenna tekjuöflunarleið sveitar- og bæjarfélaga, sem ég álít þó annars varhugaverða stefnu. Réttara er að skipta á milli og láta hvorn aðilja hafa sína ákveðnu tekjustofna, þannig, að ríkissjóður sé ekki að seilast í tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og gagnkvæmt.

Ég legg svo fram þessa skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 627. En þó að ég geti að miklu leyti fallizt á frv. með þessari breyt., álít ég samt, að réttara sé, að málið bíði, því að það er svo almennt viðurkennt mál, að sveitarfélögin þarfnist sérstakra tekjustofna, að ekki getur liðið á löngu þar til hæstv. stj. tekur málið upp til úrlausnar, enda má það ekki dragast.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 628) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Þetta mál hefir nú verið rætt svo lengi, að kalla má, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar við. Ég fer ekki út í þessar mörgu brtt., sem fram eru komnar, en vil aðeins minnast á eina brtt., sem hv. 1. flm. og frsm. n. hefir ekki haft tök á að geta. Það er brtt. hv. 2. þm. N.-M., þar sem hann leggur til, að í stað orðanna „og meiri hl. sýslun. Skagafjarðarsýslu“ í 1. gr. komi: og meiri hluti þeirra sýslunefndarmanna í sýslun. Skagafjarðarsýslu, sem kosnir eru í þeim hreppum sýslunnar, sem reka aðalverzlun sína á Sauðárkróki.

Út af fyrir sig hefi ég ekkert við þetta að athuga, og ég lít ekki á þetta sem fótakefli málinu. En almennt hefi ég á móti slíkum ákvörðunum, því að hér kemur fram vantraust á þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli. Í sýslun. Skagafjarðarsýslu sem öðrum er þessum mönnum falið að dæma um mörg mál, sem ekki koma þeim sjálfum við, en geta skipt aðra menn miklu. Ég veit ekki til, að það tíðkist í neinni sýslun., að þegar greiða á atkv. um eitt eða annað, þá séu allir reknir út, sem málið kemur ekki beinlínis við. Við getum í þessu efni litið til Alþingis. Vill hv. 2. þm. N.-M. sættast á, að honum beri að víkja af fundi, ef um mál er að ræða, sem ekkert snertir hans kjördæmi eða hans buddu, af því hann sé þá ekki bær að dæma um það? Mér finnst slíkar till. sem þessar með öllu ósæmilegar. En mér er e. t. v. sárara um þetta en öðrum, því að ég þekki þá menn, sem hér eiga hlut að máli, en þeir eru allir mestu heiðursmenn. Ég kynni því bezt, að hv. flm. tæki till. aftur. (**BÁ**: Hvaða menn eru þetta?). Bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. En þetta eru sæmdarmenn allt saman. Læt ég svo útrætt um þetta atriði.

Þá hefir verið vikið nokkuð að brtt. hæstv. fjmrh., og hefir hv. þm. V.-Húnv. komið með skrifl. brtt. við hana, til þess, eins og hann segir, að hún nái betur tilgangi þeim, sem fyrir hæstv. fjmrh. vakti, sem sé þeim, að þetta kæmi fleiri aðiljum til góða en bæjarfélögum þessum. En í þessu sambandi verð ég að taka undir það, sem hv. flm. og frsm. meiri hl. sagði, að hér er um allt annað að ræða en í frv. sjálfu. Frv. leggur það á vald hlutaðeigandi manna, hvort þeir vilja taka á sig þessar kvaðir. Og það hlýtur að vera mikið atriði, hvort þeir vilja taka þær á sig eða ekki. En þegar gera á þetta eftir úrskurði ráðh. eða bæjarstj. og sýslun., er það allt annað mál og ekki sambærilegt við það, sem farið er fram á í frv.

Ég álít ekki, að á þessu þingi sé hægt að finna leið til heildarskipunar þessum málum. Þetta mál verður áður að athuga vel milli þinga í þeirri n., sem um það á að fjalla. Eftir því er ekki hægt að bíða. En ef önnur sveitarfélög þurfa á svipaðri hjálp að halda, þá verða væntanlega lögð fram frv. um það, miðuð við þeirra staðhætti.

Vænti ég þess svo, að þeir hv. þm., sem studdu þetta mál við 2. umr., slái ekki af því hendinni héðan af.

Sigurður Kristjánsson: Hv. 6. landsk. gaf mér tilefni til að kveðja mér hljóðs. Í sambandi við brtt. sínar lét hann svo um mælt, að það væri undarlegt, að menn skyldu ekki koma fram með almennar till. um löggjöf í þessu efni, en vera að tína út úr einstök sveitarfélög og kaupstaði, eins og í frv. því, sem fyrir liggur. Það er rétt, að full þörf er á almennri löggjöf um þessi mál, enda hefir þegar verið skorað á ríkisstj. að undirbúa hana. Og þetta er einmitt það, sem við sjálfstæðismenn höfum verið að hamra á um mörg ár, að setja l., sem fengju sveitarfélögunum í hendur aukna tekjustofna. Undanfarið hefir meir og meir stefnt að því, að þau hafa ekki getað staðið í skilum og að á þau hafa hlaðizt gjöld á gjöld ofan. Á móti þessu hefir hann og hans flokkur staðið, svo að helzt virðist, sem

takmark þeirra hafi verið að koma kaupstöðunum í greiðsluþrot og ganga svo frá einstaklingum þar, að efnahag þeirra yrði komið á kaldan klaka. Það er vegna andstöðu sósíalista, að enn er ekki komin löggjöf um þetta. En nú er svo komið, að sveitarfélögin standast ekki lengur þessa fjárhagsörðugleika. Þar af leiðir, að ég þykist ekki geta staðið á móti einstökum aðgerðum í þessu efni, enda þótt rík þörf sé á almennri löggjöf.

Ég býst við, að hv. 3. þm. Reykv. muni svara ýmsu í ræðu hv. 6. landsk., og mun ég því ekki taka hana til rækilegrar meðferðar. En ég vil þó mótmæla því, sem hann sagði, að Reykjavík hefði í þessu efni sérstaka aðstöðu, því að hún hefði umsetningargjaldið umfram aðra kaupstaði. Þetta gjald hafði áður verið lagt á annarsstaðar og þyngra en hér. Mér er nær að halda, að það hafi t. d. verið gert í bæjarfélagi því, þar sem hann er búsettur. Þetta gjald hefir víða verið lagt á mjög frekleg, jafnvel á stofnanir, sem höfðu haft mikinn halla á árinu. En þetta gjald hefir þó ekki verið lagt á nema sem neyðarúrræði til bráðabirgða, og það er ekki miðað við þær reglur, sem skattheimta á að byggjast á. Þá er það ekki heldur rétt hjá hv. 6. landsk., að Reykjavík hafi betri aðstöðu en aðrir staðir að því er snertir ríkisfyrirtæki, því að hvergi, ef til vill að Siglufirði undanteknum, hafa ríkisfyrirtæki útrýmt einkafyrirtækjum í jafnríkum mæli og í Reykjavík.

Þá er það rangt, sem hv. þm. sagði, að ríkið hefði aðstoðað Reykjavík umfram aðra kaupstaði. Reykjavík hefir líklega mest allra kaupstaða staðið sjálf undir sínum gjöldum. Ríkið hefir einmitt orðið að styðjast við Reykjavík, en ekki öfugt.

Þá vil ég þakka hv. 6. landsk. fyrir yfirlýsingu þá, sem hann gaf og bæði var sönn og merkileg. Hann lýsti yfir því, að fjárhagur Reykjavíkur væri betri en flestra eða allra annara bæjarfélaga. Vildi hann með því forsvara, að löggjöfin um hina nýju tekjustofna næði ekki til Reykjavíkur. — Það er nýtt að heyra slíka yfirlýsingu frá Alþfl.manni. Ég hefi oft orðið að mótmæla óhróðri þeirra um fjárhag Reykjavíkur, t. d. a. m. k. 20 sinnum á fjölmennum mannfundum í sumar, því að flokksstj. lagði stuðningsmönnum sínum upp í hendurnar sóknarskjal, þar sem tíndar voru til uppspunnar röksemdir um herfilegan fjárhag Reykjavíkur og því haldið fram, að hún væri verst stæði bærinn á landinu og væri í þann veginn að sliga landið, vegna þess, hve henni væri illa stjórnað. Nú kemur þessi Alþfl.maður fram á sjónarsviðið og segir sem er, að Reykjavík muni vera fjárhagslega einhver bezt stæði bærinn á landinu. Þetta er rétt, og stafar einmitt af því, að sá meiri hl., sem stjórnar bænum, eru forsjálir menn, en eiga ekkert sammerkt við flokksmenn hv. 6. landsk.

Páll Zóphóníasson: Ég ætlaði að svara hv. 7. landsk. nokkrum orðum, en hann er nú því miður ekki staddur í d. Hann vildi halda því fram, að ég hefði sagt, að menn væru ekki dómbærir um önnur mál en þau, sem snertu þeirra eigin buddu. Hann kvaðst þekkja þá menn, sem sitja í sýslun. Skagafjarðarsýslu, og kvað óhætt að láta þá dæma í þessu máli sem öðrum. Ég þekki líka þessa menn og vantreysti þeim engan veginn. En svo sagði hv. þm., að eftir frv. væri það á valdi gjaldenda sjálfra að ákveða, hvort þessi gjöld yrðu lögð á eða ekki. Það væri þungamiðja frv. Þess vegna hefði það sérstöðu meðal þeirra samkynja mála, sem hér lægju fyrir, og því bæri að samþ. hana. Þó vill hann láta 5 menn í sýslun. dæma í málinu, enda þótt það komi þeim ekki við persónulega eða þeirra hreppsbúum. Þetta er engin samkvæmni. Ef hann væri samkvæmur sjálfum sér, myndi hann fylgja minni till.

Annars vil ég taka það fram, út af ósk hv. 7. landsk. um, að ég taki brtt. mína aftur, að hún verður tekin aftur af sjálfu sér, ef hv. flm. verða við ósk minni um að taka frv. aftur. Við getum sætzt á það, ef þeir vilja.

Thor Thors: Ég vil lýsa ánægju minni yfir brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 580, þar sem ætlazt er til, að álagning þessi, sem frv. gerir ráð fyrir Sauðárkróki til handa, verði réttur bæjarfélaganna almennt. Þar hverfa sósíalistar inn á nokkuð nýja braut. Hingað til hafa þeir lagzt á móti óbeinum sköttum eins og þessum og heimtað beina skatta á öllum sviðum. Hér er nú vitanlega um nauðsyn að ræða. Staðhæfing Sjálfstfl. hefir sigrað, að beinir skattar væru ekki fullnægjandi og gætu brugðizt. Nú, þegar sósíalistar hafa valdaaðstöðu á Alþingi, verða þeir að viðurkenna þetta og hverfa inn á þær brautir, sem Sjálfstfl. hefir alltaf bent á.

Ég verð líka að láta ánægju mína í ljós yfir till. hv. 6. landsk., af því að hún tekur af mér ómak. Ég hafði skömmu áður en það fréttist, að þingi yrði frestað, fengið tilmæli frá hreppsnefnd Stykkishólmshrepps að bera fram till. um, að hreppsn. væri heimilað að leggja vörugjald á allar vörur, sem fluttar eru til og frá Stykkishólmi. Þetta var samþ. af öllum í hreppsn., nema einum. Fulltrúar sjálfstæðismanna og Framsóknar samþ. það, en fulltrúi Alþfl. var eindregið á móti þessu. Hann hefir auðvitað sem góður og gegn flokksmaður álitið, að hann væri þarna að halda fram stefnu Alþfl. Nú fær hann væntanlega hinar síðustu fréttir af stefnu Alþfl. í þessum málum og beygir sig væntanlega til fylgis við hana.

Ég er því þessari till. fyllilega samþykkur.

Ég er einnig samþykkur þeirri þáltill., sem hv. 6. landsk. hefir beitt sér fyrir. En hún fer í þá átt, að rannsakað sé og lagðar fyrir Alþ. till. um aukna tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Með þessu frv. er verið að slá því föstu, að þetta sé sú lausn, sem fyrst kemur til greina, þegar um nýja skatta fyrir bæjar- og sveitarfélög er að ræða. Ég er alveg samþykkur till. hv. þm. Barð. um það, að þessi heimild sé ekki eingöngu bundin við þá kaupstaði, sem eru sérstakt hreppsfélag. Það er rangt, að þeir kaupstaðir, sem hafa sveitabæi innan hreppsfélagsins, hafi ekki sömu heimild sem þeir, er enga sveitabæi hafa. Ennfremur er rétt að ákveða, að álagning þessa gjalds sé bundin við það, að sýslunefndar-

menn samþ. það, þó að það sé ekki eins nauðsynlegt ákvæði, ef farið er inn á þá braut, að skipta gjaldinu milli kauptúna og sveitarfélaga annarsvegar, og svo sýslufélaga og fleiri aðilja hinsvegar.

Ég get fallizt á brtt. hv. þm. V.-Húnv., en mér hefir fundizt, að hún nái of skammt, og hefi ég náð samkomulagi við hann um að breyta henni örlítið. Það getur verið, að það séu fleiri en tvö sýslufélög, sem verzla í sama kauptúni, og er þá sjálfsagt, að þetta vörugjald skiptist milli allra þeirra sýslufélaga, sem verzla í kauptúninu. Viðvíkjandi þessu má benda á, að Hnappadalssýsla rekur verzlun við Borgarnes, en þar verzla Mýra- og Borgarfjarðarsýsla líka. Samkv. till. hv. þm. V.-Húnv. ættu aðeins tvö sýslufélög að skipta gjaldinu milli sín. Ég tel rétt að leiðrétta þetta og koma því inn í brtt., að fleiri en tvö sýslufélög eigi rétt á að skipta gjaldinu milli sín.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þykir leitt, að hv. 6. þm. Reykv. er farinn út úr d., en í þeirri von, að hann kunni að slæðast inn aftur, áður en ég er búinn að ljúka máli mínu, ætla ég að geyma að svara honum þangað til síðast.

Hv. 7. landsk. sagði, að það væri óvenjulegt að leggja gjald á án þess að það verði borið undir þá, sem eiga að borga það. En ég vil nú spyrja þingheim að því, hvenær það er yfirleitt borið undir þá, sem eiga að borga, þegar gjöld eru lögð á. (**PHalld:** Í kosningum). Í kosningum, segir hv. 5. þm. Reykv. Já, það er nú svo, að í kosningum er eitt og annað sagt, og þá er það vanalega svo, að enginn vill vera með í því að leggja gjöld á menn, heldur þykjast allir vilja létta þeim af mönnum. — Ég tel hæpið að láta atkvgr. á stóru svæði skera úr um það, hvort sveitarfélagið má leggja gjaldið á eða ekki. Því þó kaupstaðirnir séu fylgjandi því, þá getur sambúðin milli kaupstaðanna og sveitarfélaganna verið þannig, að það yrði fellt. Og þar sem það þarf mikinn meiri hl., þá geta kaupstaðirnir þannig verið útilokaðir frá því að leggja gjaldið á, þó það sé eindreginn vilji þeirra, sem í kaupstöðum búa. Þá er það betra, að hver kaupstaður komi með sín frv. Ég get sagt fyrir mig, að ef hin almenna till. verður felld, þá mun ég koma með sérstök frv. fyrir Seyðisfjörð, Neskaupstað, Fáskrúðsfjörð, Búðardal og jafnvel fleiri staði. Því eins og menn vita, þá liggur við, að á Austfjörðum sé algert hallæri, því atvinnan hefir brugðizt þar, og fólkið veit ekki, á hverju það á að lifa. Ég vænti þess, að hinar einstöku till. verði samþ., ef heildartill. verður felld. Ég get sagt það, að ef borið verður fram frv. fyrir kauptúnið í Stykkishólmi, en það sendi menn til þingsins til þess að reyna að fá lausn á þessu vandamáli kauptúnsins, þá mun ég greiða atkv. með því.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu sýnt fram á þörfina á því að leggja þetta gjald á. Það getur verið, að þeir hafi gert það í ræðum sínum, en þeir hafa ekki borið fram á þingi neitt frv. um það. Ég man, að hv. 5. þm. Reykv. benti á það undir umr. um tekjuskattsfrv. á þinginu í fyrra, að með því væri gengið á rétt sveitarfélaga og bæjarfélaga til þess að afla sér tekna. En þeir hafa aldrei borið fram neitt frv. um þetta. Alþfl. viðurkennir, að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. benti á, en nauðsyn brýtur lög. Ég viðurkenni, að brtt. þær, sem bornar eru fram við 3. umr. við þetta Sauðárkróksfrv., sem verið hefir á döfinni síðan í fyrravetur, geta verið ófullkomnar og ekki nægilega skilmerkilegar, en frv. á eftir að fara í gegnum Ed., og þó þessar brtt. komist héðan úr d., þá má breyta þeim til batnaðar í Ed., ef þingið vill á annað borð veita bæjunum þennan tekjustofn, sem er þó aðeins bráðabirgðalausn.

Hv. þm. Snæf. sagði, að honum væri það ánægjuefni, að við Alþfl.menn hefðum gengið inn á að leggja á óbeina skatta í staðinn fyrir beina skatta. En ég svara honum því, að nauðsyn brýtur lög. Beinar tekjur eru nú svo miklu minni en áður, vegna ástæðna, sem við getum ekki ráðið við, því það eru utanaðkomandi áhrif, sem eru þar að verki. Er nokkur, sem treystir sér til þess að mæla gegn því, að þegar tekjurnar lækka hjá þeim, sem eiga að bera beinu skattana, þá skapist sú nauðsyn, að breytt sé til um tekjuöflunarleið? Ég vil því skora á sjálfstæðismenn, að þeir láti það ekki á sannast, að þeir hverfi frá sinni eigin stefnu í skattamálum, og ég vænti því þess, að Sjálfstfl. fylgi frv.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það eru alltaf að koma fram nýjar og nýjar játningar frá hv. 6. landsk. um það, að sósíalistar hafi misst trúna á þetta höfuðstefnumál sitt, að afla tekna með beinum sköttum. Hv. þm. sagði það síðast, að þar sem tekjur manna væru jafnóvissar og hér er, þá gæti það ekki átt við. Það hefir nú komið fram bæði hjá sjálfstæðismönnum og öðrum, að atvinnuvegirnir væru svo óvissir, að þetta gæti ekki átt við. Hv. 6. landsk. hefir ekki aðeins horfið frá fyrri stefnu flokks síns, heldur hefir hann líka tekið upp rök sjálfstæðismanna um að stefnan væri ómöguleg í framkvæmd.

Ég verð nú að segja það, að eftir að allar þessar brtt. eru komnar fram við þetta mál, og ekki sízt eftir þær brtt., sem bornar hafa verið fram á þessum fundi, þá er ekki jafnauðvelt að leysa það eins og virtist í fyrstu. Það er nú komið svo, eftir sambræðslubrtt. frá þeim hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Snæf., að ef sú till. verður samþ., þá hygg ég, að sú leið liggi opin fyrir — ef málið er samþ. á þeim grundvelli, sem það var upphaflega flutt á, en það var að leggja gjald bæði á innfluttar og útfluttar vörur — að þá geti þau hreppsfélög, sem gera út norður á Siglufirði eða suður með sjó, fengið hluta af því vörugjaldi, sem lagt er á á Siglufirði eða suður með sjó. Þegar búið er að færa út kvíarnar eins og hv. þm. Snæf. með samþ. hv. þm. V.-Húnv. leggur til, þá liggur sú leið opin fyrir. (**Forseti:** Það er ekki búið að lýsa till.). En ég er búinn að lesa hana, en að vísu aðeins lauslega. Og þetta, sem ég hefi sagt, er byggt á þeirri meiningu, sem ég lagði í till. við fljótan yfirlestur. En það er ekki gott að kynna sér till., sem bornar eru fram á sama fundi, sem málið er rætt á. Og þegar ekki er búið að bera till. fram áður, þá verða menn að mynda sér skoðun

um þær af þeim upplýsingum, sem menn geta aflað sér með því að hlaupa milli flm. í d. Það er öðru máli að gegna, ef málið er tekið af dagskrá og till. eru prentaðar. — Ég tel þessa till. ekki til bóta, þó að í henni felist möguleiki til þess að sníða þá vankanta af frv., að einstök sveitarfélög geti velt yfir á aðra, sem eru kannske ekkert betur stæðir, nokkru af byrðum sínum. Brtt. fer í rétta átt, en hún verður vanköntuð í framkvæmdinni, þar sem hún leggur svona breiðan grundvöll undir skattaálagninguna. Hv. þm. V.-Húnv. benti réttilega á, hve mjög till. hæstv. fjmrh. er ábótavant, því hún verndar ekki Eyjafjarðarsýslu fyrir álagningu á Akureyri, eins og hv. þm. Ak. benti réttilega á, og mun hann hafa hug á að bæta úr því. — Ég skal svo ekki frekar fara út í það. Ég held, að þetta mál allt sé komið á þann rekspöl, að allt beri að einum og sama brunni með það, að framkvæmdir í því hljóti að verða neikvæðar. Ég hygg, að annað sé ekki fært en samþ. þáltill. þá, sem nú liggur fyrir þinginu. Og í sambandi við þá þáltill. og rannsókn þá, sem gert er ráð fyrir að fari fram, hefi ég bent á aðstöðu mína til þessa máls í ræðu, sem ég flutti áðan. En út af því, sem hv. 6. landsk. sagði um það, að þingið yrði nú að velja milli þess annarsvegar að veita bæjar- og sveitarfélögum þessa bráðabirgðalausn, og hinsvegar þess, að ríkið verði að taka bæjar- og sveitarfélögin upp á sína arma með beinum fjárframlögum, og benti hann í því sambandi á hina miklu erfiðleika á Austfjörðum, þá vil ég skjóta því til hv. þm., hvort þessi bráðabirgðabreyt. muni vera einhlít til þess að bjarga kaupstöðunum á Austfjörðum úr því erfiða ástandi, sem þeir nú eiga við að búa.

Ég veit ekki, hvað víða að er rekin verzlun í Neskaupstað. Ég veit nú ekki, hversu breiðar lengjur hann getur fláð af Norðfjarðarhreppi. Ég veit ekki betur en hér liggi fyrir þinginu beiðni um að létta undir með þessum hreppi. Og sú eina breyt., sem farið er fram á fyrir Neskaupstað, er, að hann fái að færa nokkuð af sínum erfiðleikum yfir á hreppinn. Það er sú eina úrlausn, sem Neskaupstaður fær. Það getur verið, að hann geti eitthvað sótt víðar, eins og t. d. á Mjóafjörð. En ef þessi kaupstaður getur ekki flutt eitthvað af sínum erfiðleikum yfir á aðra, þá vil ég spyrja, hvaða úrlausn felist í þessari till. Ég sé ekki, að hún sé nein. Það skapar ekki nýja möguleika fram yfir niðurjöfnun, að láta þetta heita vörutoll, því að hann kemur niður á sömu gjaldendur. Mismunurinn er því aðeins í orði, en ekki á borði. Ég vil aðeins benda á þetta út af því, að hv. þm. var að tala um þetta sem úrlausn. Þetta er aðeins betri leið til þess að seilast ofan í vasa annara. En eru þessir aðrir þá betur stæðir heldur en hinir, sem eru að seilast ofan í vasa þeirra? Svo bezt bjarga menn einum, að þeir dragi ekki annan jafnlangt niður og sá var, sem á að bjarga.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 6. landsk. sagði, að Sjálfstfl. hefði ekki borið fram frv. í þá átt að leysa vandamál bæjar- og sveitarfélaga á þann hátt að útvega þeim nýja gjaldstofna. Það mun vera rétt, að flokkurinn hefir ekki borið fram sérstakt lagafrv. um það efni, en það stafar af því, að Sjálfstfl. hefir litið svo á, að ríkisvaldið ætti að gæta þess að ganga ekki svo á tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, að þau séu neydd til þess að fara inn á nýjar brautir í þeim efnum.

Ég vil benda hv. þm. á, að í umr. í fyrra um tekjuskattshækkunina lögðu sjálfstæðismenn ríka áherzlu á þetta, þar sem þeir báru fram till. um, að tekjuskattinum væri skipt milli ríkisins annarsvegar og bæjar- og sveitarfélaga hinsvegar, svo að þeim væru tryggðar nægilegar tekjur til sinna þarfa. En það er fjarri því, að það sé stefna sjálfstæðismanna að fara eins að og hér er gert ráð fyrir, því það leiðir út í glundroða og getur getið af sér blossandi hreppapólitík. Mér sýnist líka, að hinar margvíslegu brtt. stefni út í beinan glundroða. Ég get ekki skilið, að þetta úrræði sé nein framtíðarlausn. Og er satt að segja furðulegt, hvað menn eru ginnkeyptir í því að gera þessar till. sem víðtækastar og láta þær ná til sem stærstra svæða á landinu, bæði að þörfu og óþörfu. Ég held, að þingið ætti að halda sér fast við það, að leyfa eingöngu þeim sveitarfélögum, þar sem þörfin er bráðust, að leysa úr augnabliksvandræðum sínum á þennan hátt. Ég er mótfallinn till. hv. 6. landsk., og sérstaklega, ef hún er með þeirri brtt., sem hæstv. fjmrh. hefir borið fram, og fengið bandalag við ýmsa aðra hv. þm. um að koma fram. Ég óttast, að þá verði þetta skoðað sem endanleg lausn, en ég tel það illa farið. Hver, sem athugar þetta mál með gaumgæfni, sannfærist um, að það er ókleift að leysa tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaga með óbeinum sköttum. Það getur leitt til þess, að vöruverð í nærliggjandi sveitum verður mismunandi, og allir ættu að geta séð, að slíkt er ófært. Og þessi leið er því ófær sem allsherjarleið, þó til hennar sé gripið í því skyni að bjarga einstaka bæjarfélagi við. En það verður að fara aðra leið. Stjórnarflokkarnir verða nú að sætta sig við það, að hverfa frá þeirri braut, sem þeir voru á með tekjuskattsfrv. í fyrra, og leyfa bæjar- og sveitarfélögum að afla tekna með þeim hætti. En óbeinir skattar eiga að vera í höndum ríkisvaldsins, og þeir eiga að ganga jafnt yfir, og það á að nota þá til uppfyllingar, þar sem beinir skattar hrökkva ekki til.

Ég vil mælast til þess, að allar þær brtt., sem miða að því að gera þetta að allsherjarfyrirkomulagi, verði felldar. Ef einstakir þm. þurfa að koma fram þessum réttarbótum fyrir sín kjördæmi, þá eiga þeir að bera fram brtt. um, að einstökum sveitarfélögum verði veitt þessi bráðabirgðahjálp, og svo á að taka málið upp samkv. þáltill.

Hv. 6. landsk. svaraði fyrirspurn þeirri, sem ég beindi til hans um það, hvers vegna Reykjavík væri undanskilin. Ég hefi nú ekki borið fram till. um, að Rvík fengi þessi fríðindi. Og það stafar af því, að ég álít, að ekki eigi fleiri sveitarfélög að fá þau en óhjákvæmilegt er. Í öðru lagi veit ég, að Rvík er betur stödd en flest sveitarfélög á landinu, og hefir því minni þörf fyrir þessi fríðindi heldur en ýms önnur sveitarfélög. En þrátt fyrir það þarf að taka

tillit til Rvíkur í sambandi við lausn þessa máls. Því að skattaálögurnar fyrir bæjar- og sveitarfélögin eru að komast út á sömu braut, sem hér er um að ræða.

Hann lagði áherzlu á, að hér í Rvík væru slík gjöld komin á. Virtist ríkja hjá honum sá misskilningur, að umsetningargjaldið, sem hér er tekið, og jafnvel víðar, sé sama og þetta gjald. Við skulum þá athuga, hvað þetta gjald er, umsetningargjaldið. Hv. samþm. minn, 6. þm. Reykv., hefir þegar drepið á það, að umsetningargjaldið er ekkert annað en að fara ránshendi ofan í vasa einstaklinganna og taka þaðan fé án tillits til aðstæðna eða fjárhags. Það er ekki lagt á með tilliti til þess, hvernig fjárhagurinn er, heldur hve mikið hefir selzt af vöru, hvort heldur sem selzt hefir með gróða eða tapi. Þetta er, að því er mér skilst, óheimilt samkv. l. um tekjustofna fyrir bæjarfélög. Það hefir sýnt sig, þó ekki hafi enn komið til þess hér í Rvík, að sum sveitarfélög hafa gengið of langt, eða lagt á allt að 6% umsetningargjald. Þessum málum er því komið í algert strand, m. a. vegna þess, að verzlunin flyzt frá þessum einstaklingum til þeirra aðilja, sem eru verndaðir fyrir þessu gjaldi. Og það m. a. hefir komið þessum asna hér inn á Alþingi, að ekki er hægt að ná gjaldinu í bæjarsjóði með öðru en vörugjaldi, af því kaupfélögin eru undanþegin, og stefnir þetta því öllu í auðn nema kaupfélagsverzluninni, af því af henni er ekki hægt að ná neinum gjöldum, og mun einnig leiða til þess hér í Rvík. Það er því auðséð, að taka verður mál þetta allt í heild til gaumgæfilegrar athugunar og rannsóknar. Það á ekki að fara aðra leið í þessum málum en ég hefi bent á, að sveitar- og bæjarsjóðir eiga að fá tekjur sínar með beinum sköttum, en aftur á móti verður ríkið að afla sinna tekna, að svo miklu leyti sem beinir skattar hrökkva ekki til, með óbeinum sköttum.

Ég held, að það hafi verið hv. 6. landsk., sem benti á það, að á Siglufirði í fyrra var starfrækt síldarverksmiðja af einstaklingi, sem mig minnir, að hafi verið Steindór Hjaltalín, og af henni var greitt í útsvar 20—30 þús. kr. Vænti ég, að talan verði leiðrétt, ef ekki er rétt hermt. Það er augljóst mál og segir sig alveg sjálft, þegar einstaklingarnir eru látnir greiða þvílíkt umsetningargjald, hvernig muni ganga fyrir þeim í samkeppninni við skattfrjáls fyrirtæki, eins og t. d. ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði í þessu tilfelli. Sama á sér stað, þegar litið er á verzlun einstaklinga og kaupfélaga eða ríkis, sem þó kemur öðruvísi út. Er því fyrirsjáanlegt, ef þessu heldur áfram og bæjar- og sveitarfélögum er veitt ótakmörkuð heimild til að leggja á einstaklinga slík gjöld, en önnur hliðstæð fyrirtæki standa skattfrjáls í samkeppninni, að það leiðir til fullkominna teknaþrota fyrir sveitar- og bæjarfélögin.

Það er dálítið einkennilegt að athuga, hvernig sumir hv. þm. líta á þetta mál, t. d. í ljósi þeirrar afstöðu til annara mála, sem þeir hafa tekið. Nú rísa þeir hér upp hver á fætur öðrum og þykjast öndverðir því, að lagður sé skattur á sveitaverzlanirnar.

En þegar hér var rætt um sameiningu Blönduóskauptúns, þá var vitað, að krafan um sameiningu var gerð vegna þess, að aðalverzlunin var flutt úr hreppsfélaginu, og þetta þótti rétt og sjálfsagt, sem og var. Að vísu voru örfáir einstakir þm., sem greiddu atkv. gegn frv., en það var samþ. hér í d. með 24 atkv. Ýmsir hv. þdm., sem þótti þetta sjálfsagt, rísa nú upp öndverðir gegn álögum á verzlun bænda til kauptúna og kaupstaða. Þessar ýmsu yfirlýsingar og till., sem fram hafa komið í umr., finnst mér ættu að leiða til þess, að hv. þm. sannfærðust um, að það er rétt að rannsaka þetta mál betur, áður en gengið er til samþykktar á þessu máli; það þarf gagngerða allsherjarrannsókn.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal aðeins, af því mér finnst það ekki mega standa alveg ómótmælt við þessar umr., sem hefir nú verið endurtekið í annað sinn og fullyrt, að kaupfélögin greiði minni útsvör en aðrar verzlanir. Ég geri ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem halda þessu fram, telji hlutafélög ekki óskyldari kaupfélögum en kaupmenn, og jafnvel fallist á, að þau séu hliðstæð. Það vill nú svo til, að fyrir nokkrum árum var gerður samanburður á því, hvort opinberar greiðslur kaupfélaganna væru ekki sambærilegar við hlutafélaganna, og það kom í ljós, að aðeins tvö félög greiddu minna en ef þau hefðu verið hlutafélög. (**JakM**: Líka þó reiknað sé umsetningargjaldið?). Þetta var reiknað á árunum 1925 eða 1926, ég veit ekki, hvað mikið hefir breytzt síðan, en er sannfærður um, að þó þetta væri reiknað upp, mundi verða sama niðurstaða, þrátt fyrir vitlausar hugmyndir sumra manna. (**SK**: Var þetta reiknað af hagstofunni?). Það geta fleiri reiknað en hagstofan, enda sama af hverjum reiknað er, þegar útkoman er rétt.

Það er dálítið hæpið fyrir hv. 3. þm. Reykv. að ætla sér að fara að nota Blönduósmálið sér til framdráttar. Það er engin skylda að halda áfram sömu vitleysunni, og er ekki nema gott, að sumir hv. þm. skuli vera farnir að sjá að sér; mér þykir vænt um það. Annars ætlaði ég að nota þennan tíma, sem ég fæ til stuttrar aths., til að bera fram og skýra skrifl. brtt., sem ég vil flytja við mína fyrri brtt. í samræmi við þær ábendingar, sem komu frá hv. þm. Snæf. um það, að eftir fyrri till. minni væri ekkert ákvæði, hvernig tekjur af gjaldi þessu skyldu skiptast, ef 2 eða 3 eða jafnvel fleiri sýslufélög ættu verzlun við einn og sama verzlunarstað. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp hina skrifl. brtt. mína, sem er á þessa leið: „Þegar gjald þetta er lagt á þar, sem sameiginlegur verzlunarstaður er fyrir kaupstað og sýslufélag eða fleiri sýslufélög, skal gjaldinu skipt á milli þessara aðilja eftir mati nefndar. Skal hún skipuð einum manni af hverjum þessara aðilja, en atvinnumálaráðherra skipar oddamann, ef þörf krefur."

Þessi till. skýrir sig sjálf, þannig að ef 3 eða 5 sýslu- og bæjarfélög eiga hlut að máli, þarf ekki sérstakan oddamann, en ef þessir aðiljar eru 2 eða 4, er nauðsynlegt, að slíkt ákvæði sé um skipun oddamanns sem till. felur í sér. Ég skal svara hv. þm. Borgf. því, sem eitthvað var

að tala um, að dreifa mætti skattinum með því að láta hann ná til útfluttra afurða, að ég ætlast alls ekki til, að skattur þessi nái til útfluttrar vöru, sbr. brtt. mína, enda væri það mjög óréttlátt nú að setja slíkt gjald á, þegar atvinnuvegirnir eiga við jafnmikla örðugleika að stríða og nú og einmitt er verið að létta af þeim slíkum gjöldum.

Ég vil svo vænta þess, hvort sem menn líta á þennan skatt sem réttmætan eða ekki réttmætan, að þá vilji þeir láta hann ná til allra. Um það er alls ekki að tala, sem hv. 3. þm. Reykv. var að minnast á, að þetta eina hreppsfélag þyrfti hjálpar við, sem tekið er fram í sjálfu frv. Svo er alls ekki. Eftir breyt. þeim, sem gerðar voru á lögum 1933, var ríkistillagið hækkað úr 1 í 3 þús. kr. til þeirra hreppa, sem mest þyngslin hafa að bera. Það getur því ekki verið um sérstök þyngsli að ræða, nema að vera skyldi þá, að þessi hreppur ætti svo mikið óendurgreitt hjá öðrum hreppum. Því finnst mér ekki samkv. núgildandi lögum geti verið svo sérstök þörf á að styrkja þetta eina hreppsfélag. — Öll sveitarfélögin þurfa hjálpar við, og það er réttlátara, að þau njóti öll þessara réttinda heldur en ef eitt og eitt er tínt út úr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Þessar aths. einstakra hv. þm. verða svo langar, að jafnvel þeir þm., sem eiga fullkominn rétt til ræðutíma, kinoka sér við að nota hann. Sé ég mér ekki fært, ef fresta á fundi eða slíta kl. 4, eða á venjulegum tíma, að byrja hér á neinni ræðu, þar sem líka búið er að grauta svo í málinu, að ekki kemur til mála, að það verði afgr nú, né heldur að unnt sé að segja álit sitt í fáum orðum. Ég vil því láta mér nægja nú að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann fresti umr. og taki málið nú út af dagskrá, til þess að n. þeirri, sem um það hefir fjallað, og einstökum hv. þm. gefist kostur á að taka málið allt til nýrrar yfirvegunar í heild og sameina sig um afgreiðslu þess. Ég mundi færa glögg rök fyrir nauðsyn þessa, ef ég vildi nú eyða til þess tíma, en það vil ég ekki gera, og endurtek ósk mína við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá nú, svo að tími og tækifæri gefist til yfirvegunar og gagngerðrar breyt. á frv. þessu.

Forseti (JörB): Sýnilegt er, að umr. verður ekki lokið á þessum fundi, og það er alveg rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að venjulegur fundartími er úti. Vil ég því verða við þeirri ósk að taka málið af dagskrá, og geri það hér með.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 573, 580, 600, 603, 610, 627, 628, 629).

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Eins og ég aðeins drap á í gær, þegar ég óskaði eftir að málið væri tekið út af dagskrá, þá var það og er komið út á svo vítt svið, að ef fara ætti út í þá sálma til hlítar, verður það ekki gert í stuttu máli. En það, sem telja verður höfuðdrætti málsins, er fyrst og fremst það, hvort í þessu tilfelli — að því er Sauðárkrók snertir, og enda í öðrum sérstökum tilfellum — er rétt að gera undantekningu frá þeirri reglu, sem er landsregla, og leyfa tilteknum stöðum að leggja á þetta vörugjald, eða hvort það á að leyfa kaupstöðum og stærri kauptúnum almennt að leggja slíkt gjald á til sinna þarfa.

Ég og ýmsir fleiri af hv. þm. munu telja frágangssök á þessu stigi að samþ. almenna heimild í þessa átt, en engan veginn frágangssök, þegar upplýst er brýn þörf fyrir hendi, að gera undantekningu og leyfa til bráðabirgða einstökum kaupstöðum eða kauptúnum hinum stærri að leggja þetta gjald á til eins árs, sérstaklega þegar vitað er, að Alþingi getur ekki komizt hjá að taka þetta mál allt upp á ennþá viðtækari grundvelli heldur en hér er talað um, og reyna að skipa því svo, að öll sveitarfélög, hvort sem er til sjávar eða sveita, fái aukna tekjustofna af að taka. Hvað snertir þann sérstaka stað, sem hér er um að ræða, Sauðárkrók, — sem að vísu er ekki kaupstaður, og er því hér farið út fyrir það, sem fram hefir komið áður, þar sem aðeins nokkrir bæir með kaupstaðarréttindi hafa fengið umrædda heimild —, þá er það að segja, að ég verð að telja upplýst, að þetta kauptún hafi þessarar heimildar fulla og óhjákvæmilega þörf.

En að því er lýtur að málinu í heild, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá er ekki rétt að bera saman alla staði á landinu og segja, að þar sé þörfin alstaðar jafnrík. Menn verða um svona undantekningar eða bráðabirgðaákvæði að binda sig við þá staði, sem verst er ástatt um, og veita á þessu þingi heimild aðeins þeim stöðum, sennilega helzt stærri kaupstöðum, sem vist er um, að ekki geta bjargað sér til næsta árs og hafa ekki neina nýja tekjustofna framundan.

En nú er komið nýtt inn í málið, sem gerir það að verkum, að það er spursmál, hvort þarf að sjá fyrir kaupstöðunum allt næsta ár, eða gerir það a. m. k. mjög líklegt, að þess verði þó aldrei þörf lengur en næsta ár. Hér er komin fram till. um það, að ríkisstj. skuli undirbúa löggjöf fyrir næsta þing um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Ef allt yrði skorið niður og engum kaupstað veitt heimild á þessu þingi, yrði sjálfsagt víða hart í ári, en biðin yrði þó ekki lengri en það, að allt ætti að geta bjargazt; þegar þing verður háð í byrjun febrúar næsta ár, þá er ekki langt að bíða. Samt sem áður tel ég, að málið sé ófyrirsynju komið hér á annan grundvöll en þann, að veita einstöku undantekningar um þá kaupstaði, sem verst eru staddir. En með brtt. hv. 6. landsk. er málið að mínum dómi komið á of víðan grundvöll, og hún breytir viðhorfi þess, svo að í rauninni er hér komið alveg nýtt frv. Yfirleitt tel ég ekki hægt, með réttum rökum, að eyðileggja einstök mál með því að bera fram brtt., sem fjalla um höfuðatriði, ekki aðeins í eðli sínu óskyld því, sem

liggur fyrir, heldur líka svo víðtæk, að ekki ætti að koma til mála, að nokkur þm. vildi samþ. þau án þess að vinna að þeim á löngum tíma, ræða þau, leita álita nefnda o. s. frv. En þessar mikilsverðu till. eru fyrst komnar fram við síðustu umr. Virðist þar með hafa átt að útiloka, að þær gætu komizt til n. Ég hefði reyndar ekki talið það útilokað, ef n. vildi taka við þeim og athuga þær, en það lítur hvorki út fyrir, að hæstv. forseti né n. vilji stuðla að því, að þetta verði. En þá tel ég ekki heldur neina leið að taka málið svo alvarlega, að hv. d. afgreiði það. Hið eina, sem komið gæti til mála, er að samþ. frv. sem bráðabirgðaráðstöfun, með því að á næsta þingi verði málið tekið upp á almennum grundvelli. Af því leiðir, að ég vil leggja til, að það sé vikið til hliðar öllum brtt., sem fram hafa komið við málið, með því að fella þær. En er þó hart að gengið, bæði við mig og aðra, sem komið hafa fram með till. um aukna, sumir mjög aukna tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Til lengdar má ekki við svo búið standa. Víst er, að ýms sveitarfélög og kaupstaðir geta ekki staðið við þær skuldbindingar, sem þeim lögum samkv. ber að inna af höndum. En þegar samkomulag verður milli manna af öllum flokkum um, að þetta mál skuli verða borið fram að tilhlutan stj. fyrir næsta þing, þá sé ég ekki, að það brjóti í bág við okkar skoðanir, að sjá þessum bæjar- og sveitarfélögum fyrir einhverjum auknum tekjustofnum, þó að málið verði tekið upp þannig.

Ég vil hlynna að því, að málið verði athugað á sem eðlilegastan og réttastan hátt, en ég tel, að það geti ekki orðið nú á þessu þingi, þó að það eigi eftir að ganga til Ed. Með þetta fyrir augum vil ég óska þess, að hv. 6. landsk., ef hann sér sér fært, vildi taka aftur till. sína, svo að hægt sé að greiða atkv. óhindrað um málið, sem fyrir liggur.

Ég sé ekki, að ég þurfi að rökstyðja mína skoðun með fleiri orðum. Ég tel ekki vítavert, þó einhver vilji koma efni alls málsins hér inn, að öðru leyti en því, að ekki er hægt að gera víðtækar brtt. á þessu stigi málsins og ekki rétt frá sjónarmiði þess að koma frv. sem hreinustu fram. Það er óhjákvæmilegt, að þessar brtt. allar rugla hugi manna; menn eru yfirleitt meira eða minna með þeim, en þær eru ótímabærar hér og ekki í eðlilegu sambandi við það upprunalega frv., sem hér um ræðir. Menn verða annaðhvort að vera með því eða fella það. Ég tel gerlegt að vera með því sem undantekningu, þó að í aðsigi sé sú mikla atrenna frá stj., sem talað er um í þáltill.

ATKVGR.

Brtt. 628,1 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, EystJ, FJ, HannJ, HV, JónP, JörB.

nei: PHalld, SigfJ, SK, TT, BB, EE, EmJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, JakM, JJós, JG, MT.

Fimm þm. (ÁÁ, JÓl, JS, ÓTh, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 629 felld með 19:8 atkv.

— 627,1 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, PHalld, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV.

nei: JS, MT, PÞ, SigfJ, SK,[1]) TT, BJ, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, JörB.

Fjórir þm. (ÓTh, PZ, ÁÁ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 627,2—3 teknar aftur.

— 628,2 felld með 17:7 atkv.

— 610 samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, TT, BJ, BÁ, EmJ, FJ, GÞ, GG, HV, JJós, JG, PÞ, PHalld, PO, SE.

nei: ÞorbÞ, BB, EE, EystJ, GSv, GÍ, HannJ, JakM, JónP, JS, MT, SigfJ, SK, JörB.

Fjórir þm. (ÁÁ, ÓTh, PZ, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 580,1, svo breytt, felld með 15:12 atkv.

— 580,2—5 teknar aftur.

—. 600 felld með 18:6 atkv.

Frv. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónP, JS, PHalld, SigfJ, SK, ÞorbÞ, EE, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JörB.

nei: MT, PO, TT[2]), BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ[3]), FJ, GG, HannJ, HV.

Átta þm. (JÓl, JG, ÓTh, PZ, PÞ, SE, StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 573).

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 717 og 718).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Sem kunnugt er, hafa orðið allmiklar deilur um þetta mál í hv. Nd., ekki aðeins um efni þessa einstaka frv., sem hér liggur fyrir, heldur einnig um samskonar mál og þetta fyrir aðra kaupstaði. Borin var fram brtt. um að heimila kaupstöðum og kauptúnum almennt að leggja á vörugjald, en hún var felld. Í stað þess hefir verið samþ. þáltill. í Sþ., þar sem skorað er á ríkisstj. að rannsaka möguleikana fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið nýja tekjustofna til öflunar nauðsynlegra tekna, og að undirbúa löggjöf um það mál og leggja fyrir næsta þing. Þetta mál er svo aðkallandi, að telja má víst, að stj. geri sitt til að undirbúa slíka löggjöf. Af þessum ástæðum álítur meiri hl. fjhn. óeðlilegt

1) **SK:** Þó að ég sé samþykkur því, að kaupstaðirnir yfirleitt hafi rétt til að leggja á slíka skatta til að auka tekjur sínar, þá hefi ég ákveðið að vera á móti öllum brtt. við frv., þar sem komin er fram þáltill. sú, sem fyrir liggur. Því segi ég nei.

2) **TT:** Ég tel rétt að skipa þessum málum með almennum lögum, en tel þetta frv. því til tafar, að það verði gert, og segi því nei.

3) **Fjmrh.:** Með tilliti til þál. um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög segi ég nei.

að ákveða þessa tekjustofna fyrir einstakt sveitarfélag, þegar svo skammt er þess að bíða, er vænta má, að þetta mál verði tekið fyrir í heild sinni. Það getur vitanlega orðið svo, að mismunandi löggjöf þurfi að setja um þetta mál að einhverju leyti fyrir hin einstöku bæjar- og sveitarfélög, eftir mismunandi ástæðum á hverjum stað. En um þetta ætti þó að setja heildarlöggjöf, sem í aðalatriðum væri byggð á sama grundvelli fyrir öll sveitar- og bæjarfélög yfirleitt. Það er því till. meiri hl. fjhn., að þessu máli, sem hér liggur fyrir, verði vísað til hæstv. ríkisstj., með hliðsjón af því, sem ég hefi nú greint, að farið hefir fram í þessu máli.

Rétt er að geta þess, að meðnm. minn einn, hv. 1. þm. Eyf., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem hann mun sennilega gera grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Ég hefi ekki getað fallizt á rök hv. meiri hl. fjhn. fyrir því, að fella þetta frv. Eins og hv. þdm. sjá, er hér um löggjöf að ræða, sem aðeins á að gilda fyrir eitt ár. Þessu var þannig breytt í hv. Nd., að ákvæði frv., ef að l. yrði, giltu aðeins fyrir árið 1936. Þessi breyt. hv. Nd. á frv. er alveg eðlileg afleiðing af því, að hæstv. ríkisstj. hefir verið falið að undirbúa þá löggjöf fyrir næsta þing, um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, sem hv. 4. landsk. gat um, en ekki tilraun til að svæfa nú málið á þessum grundvelli. Og að frv. þetta er borið fram nú, það er af þeirri ástæðu, sem öllum hv. þdm. er kunn, að svo er ástatt nú í þessu hreppsfélagi, sem hér er um að ræða, að vegna þeirra atburða, sem urðu þar á síðasta sumri, er það alveg bráðnauðsynlegt að gera eitthvað, bara til bráðabirgða, fyrir þetta hreppsfélag. Og ég býst við, að varla verði fundin öllu eðlilegri aðferð til þess að hlaupa undir bagga með því heldur en einmitt sú, sem stungið er upp á í þessu frv., hvernig svo sem hæstv. ríkisstj. greiðir úr þessum málum til frambúðar. Í þessari hv. d. er einn hv. þm., sem þessu máli er mjög kunnugur, nefnilega hinni brýnu nauðsyn þessa hreppsfélags á tekjum, hv. 1. þm. Skagf., sem mun geta gefið sínar upplýsingar, ef á þarf að halda. Annars býst ég við, að flestum hv. þdm. muni vera um það kunnugt í höfuðatriðum, að þetta hreppsfélag, sem var mjög erfiðlega statt áður vegna mikilla sveitarþyngsla, það varð nú í sumar fyrir því feiknaáfalli, að atvinnutekjur manna brugðust svo hörmulega í sambandi við síldarútveginn. Ég varð þess greinilega var, þegar ég var þar nyrðra í sumar, að menn litu vonaraugum til þess tíma, er síldin færi að koma á plássið, og mér virtist þetta vera hér um bil sú einasta atvinnuvon fólksins þarna, síldveiðin. Svo er mér sagt, að þar hafi verið söltuð síld í aðeins 44 eða 45 tunnur, eða sama sem ekkert. Má af þessu ráða, hvernig afkoman er hjá þessu hreppsfélagi. Ég er því alveg sannfærður um, að eitthvað verður að gera til þess að bjarga kauptúninu. Hvort það verður gert með því móti, sem frv. gerir ráð fyrir, eða á annan hátt, er ekkert aðalatriði. Annars býst ég ekki við, að Alþingi geti gert annað, eins og nú standa sakir, en að leyfa þetta vörugjald.

Í 1. gr. frv. er það sett sem skilyrði fyrir þessu gjaldi, að meiri hl. hreppsbúa í Sauðárkrókshreppi samþ. það, og ennfremur, að meiri hl. sýslunefndar Skagafjarðarsýslu samþ. það líka. Gangi sýslunefndin inn á að leyfa álagningu þessa gjalds, þá virðist mér, að það bendi ótvírætt til þess, að hér sé um mikla þörf að ræða, því að öðrum kosti myndi hún ekki leyfa það. Ég vildi því leyfa mér að mæla með því við hv. d., að frv. verði samþ. eins og það er, tímabundið til eins árs. En með því að vísa því til stj. næst ekki annað en að eyðileggja þessa tilraun til hjálpar Sauðárkróksbúum. Vil ég því leggja það til, að till. hv. meiri hl. verði felld, en frv. samþ.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það hafa margir þessa sömu sögu að segja, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði nú um Sauðárkrókshrepp, og því verður ekki neitað, að víða er mjög erfiður fjárhagur sveitarfélaganna hér á landi. Það er því ekkert einstakt með Sauðárkrókshrepp, þó að hann sé illa staður. Mörg hreppsfélög hafa beinlínis og óbeinlínis orðið að fá styrk frá ríkissjóði. Þessi fjárhagsvandræði hreppanna eru því engin ástæða með þessu einstaka frv., heldur sýna þau það, að fyrir hendi er knýjandi ástæða til að hefjast handa um nýja tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarsjóði.

Þá hafa og mörg héruð sömu söguna að segja um það, að tekjur og atvinna hafi brugðizt síðastl. sumar. Á Austurlandi brást atvinnan ekki aðeins í sumar, heldur hefir hún brugðizt þar sumar eftir sumar og er því mjög illt ástand þar víða. Ef út í það væri farið að meta, hvar mest þörf væri fyrir hjálp í þessu efni, er á engan hátt víst, að Sauðárkrókshreppur yrði þar í fyrstu röð. Ég geri miklu frekar ráð fyrir því, að sum sveitarfélögin á Austfjörðum séu verr stödd en Sauðárkrókshreppur og þyrftu því frekar á því að halda að fá möguleika til þess að afla sér nýrra tekna. Af því, sem ég nú hefi tekið fram, sé ég enga ástæðu til þess að taka þetta eina sveitarfélag út úr og láta það fá nýjan tekjustofn, þar sem það er líka sýnilegt, að heildarlöggjöf um tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög verður ekki samþ. í þetta sinn. — Ég verð því að halda fast við till. meiri hl. fjhn. um, að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. meiri hl. fjhn. viðurkenndi, að ástandið væri erfitt í Sauðárkrókshreppi, en það væri víðar illt ástand, og því væri ekki ástæða til að hjálpa í þessu tilfelli. Það er lítil hjálp í því að segja þeim, sem er í vandræðum nú og þarfnast hjálpar, að hann skuli kannske fá hjálp að ári. Þetta svar hv. þm. er því bara út í hött. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. sagði, að hér væri um það eitt að ræða að firra þetta sveitarfélag vandræðum í bili, með því að leyfa því að taka sérstakan skatt í eitt ár, þó því aðeins, að héraðið allt samþ. Mál þetta liggur þannig fyrir, að héraðið, sem verzlun sækir á Sauðárkrók, vill hjálpa hreppsfélaginu. Ef meiri hl. hér á Alþingi segir svo: Þetta megið þið ekki gera, — þá finnst mér það

alls ekki forsvaranleg aðferð. Hér stendur svo á, að fjöldi fólks hefir flutt til Sauðárkróks síðustu árin, og er fátækraframfærslan þar orðin svo þung, að hreppurinn rís ekki undir henni, sökum hins gífurlega atvinnuleysis. Gangi hv. þm. því á móti frv., þá fæ ég ekki annað séð en að það sé af eintómri meinsemi gert. Eins og tekið er fram í frv., þá er það m. a. sett sem skilyrði fyrir því, að leggja megi þennan skatt á, að meiri hl. almenns hreppsfundar samþ. það. Nú vill svo til, að í gær var haldinn almennur hreppsfundur á Sauðárkróki um þetta og þar samþ. einum rómi að leggja þetta gjald á, ef heimild til þess fengist. Er því ekki hér um neitt flokksmál að ræða, svo þeirra hluta vegna er hv. þm. óhætt að samþ. frv. Nú er ekki nóg með það, að hreppsbúar Sauðárkróks samþ. þetta, heldur verður sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að gera það líka, en hana skipa fulltrúar frá hverjum einasta hreppi sýslunnar, þess héraðs, sem verzlun sækir á Sauðárkrók. Ég fæ því ekki séð, hvernig ætti að fara sanngjarnari leið en þetta. Hér spyrja íbúar héraðsins um það eitt, hvort þeim leyfist að fara svona að til þess að hjálpa einu sveitarfélagi, sem er illa statt fjárhagslega. Það er því hart, ef Alþingi neitar um annað eins og þetta.

Eins og kunnugt er, þá hefir eitt slíkt mál verið samþ. hér á Alþingi, heimildin til álagningar vörugjalds í Vestmannaeyjum. Aftur var svipað mál, sem snerti Siglufjörð, fellt, og það munu vera afdrif þess frv., sem hv. 1. þm. Eyf. setur fyrir sig nú. Annars á ég bágt með að trúa því, að þessi hv. þm., sem sjálfur hefir flutt hér í þinginu samskonar frv. og þetta, fari að ganga á móti þessu frv. En verði sú raunin á, að hann geri það, getur það ekki stafað af öðru en því, að hann hafi fyllzt einhverjum „fítonsanda“ af því að frv. hans var fellt.

Ég vil nú að síðustu leyfa mér að fara fram á það, að þessu héraði, sem hér á hlut að máli, verði ekki meinað þess af hálfu löggjafarvaldsins að fara til bráðabirgða þessa leið, sem það biður um, til þess að hjálpa þessu fátæka og aðþrengda sveitarfélagi. Að neita slíkri beiðni tel ég alls ekki sæmandi fyrir Alþingi. Það þýðir ekkert að segja við þann, sem svangur er í vetur: Þú skalt fá að borða næsta vetur. — Hið sama gildir í þessu tilfelli um Sauðárkrókshrepp. Það er engin hjálp fyrir hann nú, þó að á næstu þingum verði ef til vill sett lög um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, og það bætir ekkert úr neyð þessa hreppsfélags, þó að einhver önnur hreppsfélög kunni jafnvel að vera enn verr stæð. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það svart á hvítu, að hv. deild lofi þessu frv. ekki að verða að lögum þetta eina ár, sem um er beðið.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Mér skildist hv. frsm. meiri hl. leggja fullt svo mikla áherzlu á það, að ýms sveitarfélög væru illa stödd í landinu, og jafnvel verr stæð en Sauðárkrókshreppur, og því væri ekki ástæða til þess að hjálpa honum, eins og hitt, að fela stj. að undirbúa þessi mál fyrir næsta þing. Annars þýðir ekkert í þessu máli að vera að vitna til þess, að ýmsir aðrir hreppar séu illa staddir. Það bætir ekkert úr hinni brýnu þörf Sauðárkróks. Það mun vera rétt hjá hv. þm., að hreppsfélög á Austurlandi hafi orðið að leita til ríkisins um stuðning. Ég trúi því þó tæplega, að það sé meining hv. frsm. meiri hl. fjhn. og annara andstæðinga frv. að láta Sauðárkrókshrepp heldur fara þá leið, sem hann vitanlega getur farið samkv. lögum, en að veita honum leyfi til að taka þetta umbeðna vörugjald. Slíkt hélt ég að væri ólíkt umsvifameira og leiðinlegra, því að eins og kunnugt er, eru miklar krókaleiðir við það. Ég hefði því haldið, að það væri öllu nær að lofa sýslufélaginu að hlaupa undir bagga með hreppnum í þetta sinn. Annars finnst mér, að vel megi snúa röksemdafærslunni gegn þessu frv. við og segja, að af því að undirbúa á löggjöf um þessi efni mjög fljótlega, þá sé alveg sjálfsagt að leyfa hreppsfélagi Sauðárkróks að fara þessa leið, sem það biður um, til bráðabirgða.

Þá er og enn ein ástæða, sem mælir með því, að nú þegar sé hlaupið undir bagga með þessu fátæka hreppsfélagi, sem fyrir hvern mun vill bjarga sér sjálft, en hún er sú, að Alþingi hefir þegar gengið inn á þá braut að hlaupa undir bagga með mönnum áður en þeir eru orðnir „insolvent“, og á ég þar við kreppulánasjóðslögin. Þau eru ekki fyrir þá, sem orðnir eru „insolvent“, heldur til þess að hjálpa þeim, sem geta bjargað sér sjálfir með dálítilli aðstoð.

Að síðustu vil ég undirstrika það, að mér finnst fullt svo heiðarlegt að lofa þessu héraði, sem óskar þess að mega standa undir byrðum sínum sjálft, að fá þetta umrædda leyfi, eins og knýja það til þess að leita til ríkisvaldsins um aðstoð þess. Það er því í fyllsta máta óhyggilegt af Alþingi að slá hendinni á móti þeim óskum, sem í frv. felast.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. með fyrirvara. Í raun og veru þykist ég hafa gert grein fyrir þessum fyrirvara mínum undir umr. um annað mál, frv. um aukaútsvör ríkisstofnana, og er því ekki bein ástæða til þess að gera það frekar.

Ég lít svo á, að það eigi illa við að afgr. á sama þinginu samskonar mál, sem sömu rök liggja til, með mismunandi móti. Slíkt getur varla talizt samboðið heiðri þingsins. En eins og ég mun hafa bent á í gær, þá var samskonar mál og þetta fellt í hv. Nd., enda þótt það undarlega skeði, að þetta frv. væri samþ. þar. Að ég því hefi skrifað undir með fyrirvara, er frekar samræmisins vegna heldur en hitt, að ég geti ekki hugsað mér þessa leið, sem frv. gerir ráð fyrir, til tekjuöflunar. Er ég í því efni á ólíkri skoðun og hv. meðnm. minn í meiri hl. En hitt er það, að ég tel ekki rétt, að um þetta ráði eintómt handahóf, að eitt kauptúnið fái þessa heimild til tekjuöflunar, en annað ekki. Heldur tel ég, að setja þurfi sem fyrst, og helzt á næsta þingi, heildarlöggjöf um þessi efni, sem tryggi landsmönnum jafnrétti um þetta.

Það hefir verið bent á af hv. frsm. minni hl., að lítil atvinna hafi verið á Sauðárkróki síðastl. sumar, og tekjur því brugðizt að stórum mun, aðallega sökum þess, að síldveiði brást svo mjög

fyrir Norðurlandi síðastl. sumar. Mér er nú alls ekki kunnugt um, að síldarútvegur hafi verið neinn aðalatvinnuvegur á Sauðárkróki. Aftur er mér kunnugt um, að um tugi ára hefir síldarútvegur verið aðalatvinnuvegur á Siglufirði, en samt felldi hv. Nd. að veita Siglufirði sama rétt og hér er farið fram á til handa Sauðárkróki. Ég verð því að segja, að ég kann ekki við slíka afgreiðslu mála hér á Alþingi.

Ég heyrði aðeins ávæning af ræðu hv. 1. þm. Skagf., en mér heyrðist hann segja, að það gæti ekki verið annað en meinfýsi hjá mér, ef ég vildi ekki samþ. þetta frv., sem beinlínis stafaði af því, að frv. mitt var fellt í Nd. En þetta er mesti misskilningur. Ég get vel unnað Sauðárkrókshreppi að fá þetta gjald, en ég tel, að sómi þingsins liggi við, að þessi mál séu afgr. í samræmi, og að því sé, úr því sem komið er, bezt að láta þetta mál bíða nú, en setja heldur á næsta þingi heildarlöggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, eins og þingið líka ætlast til, samkv. þeirri þingsál., sem um það hefir verið samþ. (**MG**: Það er þegar búið að samþ. samskonar frv. Sómi þingsins er því farinn). Það er rétt, að það er búið að samþ. samskonar frv. fyrir Vestmannaeyjar, en það var gert áður en Nd. felldi frv. um álagning vörutolls á Siglufirði, og áður en þáltill. um almenna endurskoðun þessara mála var samþ.

Það má vel vera, að frv. þetta hafi komizt í gegnum Nd. vegna þess, að flm. þess voru tveir, sinn úr hvorum flokki, en að frv. vegna Siglufjarðar hafi verið fellt sakir þess, að flm. þess var aðeins einn.

Hvað það snertir, sem hv. frsm. minni hl. hélt fram, að þar sem aðeins væri farið fram á þessa heimild til handa Sauðárkróki fyrir eitt ár, þá væri sanngjarnt að veita hana, vil ég taka það fram, að það var líka farið fram á heimildina handa Siglufirði til eins árs, en gekk ekki samt. Annars virðist mér, að það geti ekki ráðið úrslitum fyrir Sauðárkrókshrepp, hvort hann fær aukna tekjustofna nú eða nokkrum vikum seinna, því nú virðist almennur áhugi vera orðinn fyrir því, að sett verði lög um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, og hefir verið samþ. þingsál. um að skora á stj. að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni og leggja fyrir næsta þing. Virðist mér það langeðlilegasta lausn þessa máls, úr því sem komið er, og aðeins til glundroða að fara nú að setja lög um tekjustofn fyrir eitt hreppsfélag.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi sjaldan heyrt eins aumingjalega vörn eins og hjá hv. 1. þm. Eyf. Aðalkjarninn í hans ræðu var, ef flett er utan af umbúðunum, að úr því að fellt var frv. sama efnis viðvíkjandi Siglufirði, væri bezt að fella þetta líka, þó að hann viðurkenndi þörfina í báðum stöðunum fyrir því, að málið næði fram að ganga. Hv. þm. var að tala um sóma þingsins og benti á í því sambandi, að hv. Nd. hefði afgr. mál, sem hann telur, að hafi verið samkynja, sitt á hvað, þ. e. annað fellt en hitt samþ. Ég hélt, að við gætum látið gert að því, hvað samþ. er eða fellt í hv. Nd. En ég vil benda honum á, að hið eina samkynja mál, sem komst hingað í þessa d., þ. e. um vörugjald í Vestmannaeyjum, var samþ. hér. (**BSt**: Þá var ekki búið að fella hitt). Nei, en við hér í Ed. ráðum ekki gerðum Nd. Svo talar hv. þm. um að halda uppi sóma þingsins hér í þessari hv. d. með því að samþ. annað frv. og drepa hitt.

Annars er hv. þm. kominn í þá kattarpínu út af þessari afstöðu sinni, að hann veit ekkert, hvað hann á að gera. Hann er að fimbulfamba um sóma þingsins og segir, að hv. Nd. hafi gert sér til skammar, en vill þó, að við förum eins að. Ég held, að það væri þá eins gott fyrir hv. þm. að halda sér og sinni d. hreinni af slíku. (**BSt**: Það er ekki hægt). Jú, það er hægt, því að það mál hliðstætt þessu, sem var hér í hv. d., var afgr. sem lög, og ef hv. þm. vill samþ. þetta frv., er hann sjálfum sér samkvæmur, en annars snýst hann í kringum sjálfan sig á sama hátt og hann segir, að hv. Nd. hafi gert.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki beðið um neina utanaðkomandi hjálp; héraðið ætlar sjálft að bjarga kauptúninu út úr þessu öngþveiti, og þá er aðeins um það að ræða, hvort þingið vill meina þessa sjálfshjálp eða ekki. Ef hv. 1. þm. Eyf. vill fara út í það, þá get ég bent honum á, að það er allt önnur aðstaða á Siglufirði heldur en á Sauðárkróki. Sauðárkrókur verzlar ekki við önnur héruð, en Siglufjörður verzlar við fleiri héruð og tekur því til fleiri landsmanna. (**BSt**: Þetta er öfugt). Ég sé, að hv. 1. þm. Eyf. lítur að öllu leyti öfugt á þetta mál, og ætla ég ekki frekar að reyna að rétta hans sjónarmið á því. En ef hv. þm. er hugarhægð að því, þá get ég sagt honum það, að mér hefði ekki dottið í hug annað en að greiða atkv. með þessu Siglufjarðarmáli, ef það hefði komizt hingað, og ég mundi vera svo mikill maður, þó að það væri nú að koma, eftir að búið væri að drepa þetta frv., mundi ég ekki láta það hafa áhrif á mína sannfæringu. (**JBald**: Hv. þm. veit, að það er ekki hægt að bera það fram aftur á þessu þingi). Það getur komið fram á næsta þingi. Það er ekki víst, að líði nema fáar vikur þangað til það kemur saman.

Það er alveg rétt, að það er handahófsafgreiðsla hjá þinginu á þessum málum, þegar sum frv. um sama efni eru samþ., en önnur felld. En það er ómögulegt að ráða bót á þessu. Þetta handahóf er þegar komið á. Það er þegar búið að samþ. eitt slíkt frv. og drepa annað. Þess vegna er ekki hægt að láta eitt og hið sama ganga yfir þessi mál.

Svo eru það ein aðalrök andstæðinga þessa máls, að Sauðárkrókur geti beðið eins og önnur hreppsfélög. Um það þýðir ekki að karpa meira. En þetta hreppsfélag getur ekki beðið, og þó að það sé rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að síldveiðin væri ekki enn sem komið er aðalatvinnuvegur á Sauðárkróki, þá var það þó svo, að í sumar var búið að gera samninga um svo mikla síldarsöltun, að nægt hefði til þess að halda uppi atvinnulífinu, hefði sú söltun orðið. — Skal ég svo ekki tefja umr. meira.

Bernharð Stefánsson: Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál nú. Hv. 1. þm. Skagf. heldur sig alltaf við það, að afstaða mín til

þessa máls byggist eingöngu á því, að frv. um Siglufjörð var fellt. En ég hefi margtekið það fram, að svo er ekki. Heldur það, sem er beinlínis tekið fram í nál. meiri hl. — að búið er að ákveða það af þinginu að semja heildarlöggjöf um þessi efni. Það var ekki búið að ákveða það, þegar frv. um Vestmannaeyjar var á ferðinni, sem ég greiddi atkv. með. Málið horfir því öðruvísi við nú. Hv. þm. játaði, að það ríkti allmikið handahóf um afgreiðslu þessara mála hér á þingi, þar sem sum málin væru samþ., en önnur felld. Hann sagði, að ómögulegt væri að gera að því. En ég vil segja, að hægt sé að gera að því, og eina ráðið til þess sé að semja ein lög um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þessi atriði séu tekin upp. Þó að ég hafi sjálfur í fyrra flutt frv. um svona tekjuöflun fyrir einn kaupstað landsins, frv., sem hv. 8. landsk. tók upp í Nd. á þessu þingi, þá er ég farinn að sannfærast um það, eftir að ég hefi séð, hvernig afgreiðsla slíkra mála getur farið, að það er miklu réttara að setja ein lög um, hvernig þessu skuli fyrir komið.

Það er því vegna þeirra atburða, sem orðið hafa, annarsvegar handahófsafgreiðslu, sem hv. Nd. hefir haft á þessum málum, og hinsvegar þeirrar fyrirætlunar að fela stj. undirbúning allra þessara mála til næsta þings og setja þá heildarlöggjöf um þetta, að ég lít svo á, að það sé hægt að láta það, sem nú er eftir af þessum málum, bíða eftir því. Og ég segi það alveg eins og er, að ef búið hefði verið að samþ. þessa till. í Sþ., um löggjöf í þessu efni, þegar frv. um Vestmannaeyjar var hér, þá hefði ég viljað hafa samskonar afgreiðslu á því. En ég gat ekki séð það fyrir þá, að þingið mundi taka þessa leið.

Að öðru leyti get ég ekki verið að fara út í einstök atriði, sem hv. þm. nefndi. Honum er þetta kappsmál. Hann virðist vera mjög reiður, og það verða menn gjarnan, þegar þeirra áhugamál mæta andstöðu. Ég get vel skilið þetta og ætla ekki að vera að æsa skap hans frekar.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Þeir hafa báðir lagt á það mikla áherzlu, hv. frsm. minni hl. og hv. 1. þm. Skagf., að þetta sé svo sérstakt, sem hér er farið fram á, þar sem það á aðeins að gilda fyrir eitt ár. Hv. 1. þm. Skagf. kallaði það vera meinsemi af okkur að leggjast á móti þessu frv. (**BSt:** Það var ég, sem átti það). Nei, það á við báða. Það má segja, að það sé af meinsemi, sem þm. greiði atkv. á móti málum. Það hefir þá verið af meinsemi, sem hv. 1. þm. Skagf. greiddi atkv. á móti tekjuöflunarfrv. stj. Þá var lögð áherzla á, að það gilti ekki nema fyrir eitt ár, en hann var ekki trúaður á það. Það mætti þá beina því til hv. þm., hvort hann haldi, að Sauðárkrókur verði svo forrikur á næsta ári, að hann þurfi ekki á þessu að halda framvegis.

Ég er ekki viss um, að hv. þm. sé það ljóst, hvað gerzt hefir í þessum málum hér á þingi, eftir því sem þeir töluðu. Ég er ekki viss um, að þeim sé ljóst, að það voru felldar brtt. við þetta frv., þar sem farið var fram á, að bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skuli heimilt að leggja vörugjald á innfluttar vörur. Ég er ekki viss um, að þeim sé það ljóst, að þessar brtt. voru felldar. Hv. Nd. vildi ekki láta þau njóta jafnréttis við Sauðárkrók. Ég hefi það fyrir satt, að flokksmenn hv. 1. þm. Skagf. hafi yfirleitt lagzt á móti till. Var það þá meinsemi af þeim að leggjast á móti þessum brtt.? Ég hefi einhverntíma sagt áður, að það er sagan um móður sankti Péturs upp aftur, að þeir vilja ekki láta önnur sveitarfélög verða þessara hlunninda aðnjótandi.

En það, sem gerist svo út frá þessu, er, að samþ. er í e. hlj. þáltill. í Sþ., þess efnis að fela ríkisstj. að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni fyrir næsta þing.

Það má alltaf slá því fram, að það þýði ekkert að segja við þá, sem eru svangir í vetur, að þeim verði hjálpað næsta haust. Það verður að sjálfsögðu séð um, að fólkið falli ekki úr hungri. En það er ekki rétt að gera sérstaka löggjöf fyrir þetta eina hreppsfélag og meina öllum öðrum hreppsfélögum að fá þessar sömu réttarbætur, ef þetta eru þá réttarbætur, og vilja ekki bíða í nokkra mánuði eftir að till. um slíka löggjöf lægi fyrir. Það þyrfti ekki að þýða það, að Sauðárkrókur yrði að bíða allt árið; maður gæti hugsað sér, að löggjöf, sem samþ. væri á vetrarþinginu næsta, gæti komið í gildi ekki seinna en 1. júlí, — meira að segja hugsanlegt, að hún gæti gengið í gildi 1. maí. Maí er mikill innflutningsmánuður alstaðar á landinu. Þyrfti því Sauðárkrókur ekki að líða mikið, þó að þetta yrði ekki samþ. nú. Ég vil ekki kannast við, að það þurfi endilega að vera af meinsemi, þó að við séum á móti þessu máli, heldur er það af því, að við teljum ekki eðlilegt, að á sama þinginu sé ýmist samþ. eða felld samskonar löggjöf og farið er fram á fyrir Sauðárkrók. Þó að Vestmannaeyjar séu nefndar, þá er því til að svara, eins og hv. 1. þm. Eyf. gerði, að eftir að löggjöfin viðvíkjandi þeim var samþ. tók Alþingi aðra stefnu í þessum málum, þá stefnu, að láta undirbúa heildarlöggjöf um þessi mál fyrir næsta þing. En aðalástæðan fyrir því, að frv. viðvíkjandi Vestmannaeyjum var borið fram, var sú, að það, sem þar var um að ræða, var í lögum áður, og var þess vegna ekki um annað en framlengingu á því að ræða. En um Sauðárkrók er öðru máli að gegna, því að hann missir einskis í, þó að þetta verði ekki samþ. Sauðárkrókur er eins illa eða vel settur eins og hann hefir verið, og það hefir verið fullyrt, að Sauðárkrók sé ekkert erfiðara að bíða eftir löggjöf um þetta efni heldur en ýmsum öðrum kaupstöðum og kauptúnum úti um land.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Hv. sessunautur minn (MG) hefir tekið fram það, sem ég þurfti að taka fram í þessu máli. En ég verð að segja það, að ég er ekki alveg viss um, að þessi hugsunarháttur hv. 1. þm. Eyf. um að bjarga sóma þingsins með því að fella þetta frv. sé eins tárhreinn eins og hann virðist vera eftir orðum hv. þm.

Það er alls ekki hægt að verjast þeirri hugsun, þegar maður heyrir á tal hv. þm., að það felist ofurlítil ögn af hefndarhug í hans mótstöðu, fyrir það, að svipað frv., sem honum var áhugamál um, var felld. Ég vil því að hv. þm. rannsaki huga sinn og setji sig í þau spor, að það hefði verið frv. viðvíkjandi Sauðárkróki, sem hefði verið felld í Nd., en hans áhugamál væri nú til umr. hér í þessari d. Hann ætti að rannsaka huga sinn um það, hvort hann þá hefði staðið upp og haldið þessa sömu ræðu. Ég ætla ekki að gera honum upp hvatirnar, en ákaflega er ég hræddur um, að hann hefði sparað sér þessa ræðu. Ég held, að hann hefði einmitt vitnað í því máli eins og við gerum í þessu, og sagt: Eigum við ekki a. m. k. að bjarga heiðri þessarar d. með því að láta hana vera sjálfri sér samkvæma og samþ. þetta frv., úr því að búið er að samþ. hitt?

Ég þarf litlu að svara hv. frsm. meiri hl. Hann var að efast um það, að þetta eins árs takmark, sem sett er í frv., mundi verða látið gilda, og vitnaði til ummæla okkar um það, að við hefðum litla trú á því, að tekjuaukafrv., sem hér var til meðferðar og á að gilda í eitt ár, mundi aðeins gilda það eina ár.

Ég skal játa það, að almennt talað hefi ég ekki mikla trú á því, þó að lög séu sett þannig til eins árs um þau mál, sem ekki sér fyrir endann á, hvernig eigi að leysa í framtíðinni, að þau lög verði ekki framlengd.

En ég vil benda hv. frsm. meiri hl. á, að einmitt í þáltill., sem samþ. hefir verið um að undirbúa heildarlöggjöf um þessi mál fyrir næsta þing, er verið að sjá fyrir því, hvað á að koma í staðinn fyrir þetta frv., ef að lögum verður. Það er sá mikli munur á þessu tvennu. Það er nauðsynlegt að setja heildarlöggjöf um að hjálpa bæjar- og sveitarfélögum til þess að komast yfir verstu erfiðleikana. En það er eitt hreppsfélag, sem fer fram á, að það sé styrkt til bráðabirgða, og er rétt að gera það, því að engin hætta er á því, að það fari fram á, að þessi styrkur verði framlengdur, því að þá verða gengin í gildi hin lögin, sem sýna, hvernig framhaldið á að vera. Sú líking, sem hv. þm. dró milli tekjuöflunarfrv. og þessa frv., er því alls ekki til staðar.

Þá ætlaði hv. frsm. meiri hl. að slá sér upp á því að segja, að till. um að önnur kauptún nytu hins sama og farið er fram á handa Sauðárkróki hefðu fallið með atkv. sjálfstæðismanna. Ég veit ekkert um það, hvernig atkvgr. hefir fallið, en ég ætla að ganga inn á, að hún hafi fallið svona. En er nú nokkur líking þarna á milli? Annarsvegar er farið fram á af tveimur þm. þessa kjördæmis, Skagafjarðarsýslu, og þeim landsk. þm., sem komst á þing fyrir atkv. kjósenda í því kjördæmi, að fá þetta í gegn eftir eindreginni ósk íbúa Sauðárkróks. En svo eru bornar fram till. í hv. Nd. um það að færa þetta sama út yfir öll sveitar- og bæjarfélög, hvort sem þau óskuðu eftir því eða ekki. Þetta er ákaflega mikill munur. Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er rétt eins og ef skáld sækti um skáldstyrk í fjárlögum og ekki ætti að veita hann af því að öllum öðrum skáldum væri ekki veittur skáldstyrkur. Það er nú einu sinni regla hér á þingi, að það er oft veitt þeim, sem um eitthvað sækja, þó að því sé ekki troðið upp á alla aðra. Það liggur fyrir ósk um þetta frá þessu eina hreppsfélagi, en ekki hinum. En það finnst mér eðlilegt, að þegar þingið hefir hugsað sér að setja heildarlöggjöf um þessi efni, þá sé ekki verið að troða upp á alla aðra þessum bráðabirgðaákvæðum, sem aðeins eitt hreppsfélag hefir óskað eftir.

Hv. frsm. meiri hl. lagði áherzlu á, hvað fljótt þessi væntanlega löggjöf mundi koma til framkvæmda, hélt jafnvel, að hún kæmist í kring áður en mesti innflutningurinn byrjaði í maí, og þess vegna gæti þessi löggjöf komið að gagni á næsta ári að miklu leyti. (**JBald**: Það eru möguleikar til þess). Þá yrði hæstv. ríkisstj. að hraða undirbúningi málsins, og síðan yrði þingið að koma sér saman um það. Svo kemur þriðja atriðið, að þessu þingi er ekki lokið ennþá og ekki séð fyrir endann á, hvort það kemur saman snemma á næsta ári. Þingið, sem nú situr, hefir það á valdi sínu, og það eru sterkar raddir um það, að halda þingið heldur síðari hluta árs, og við skulum segja, að í þinglokin verði samþ. að láta þingið ekki koma saman fyrr en um haustið. Hvar er þá þetta hreppsfélag statt með þá löggjöf, sem ekki getur orðið samþ. fyrr en í árslok næsta ár? Og þá stendur það nákvæmlega heima, að það hefði einmitt átt að samþ. þetta frv. fyrir það eina ár, sem hin almenna löggjöf getur ekki náð til.

Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta, því að þótt umr. séu ekki orðnar mjög langar, þá býst ég við, að þær séu að komast á það stig, að ekki komi mikið nýtt fram í málinu.

Magnús Guðmundsson: Ég er sammála því, að frekari umr. hafi ekki mikla þýðingu. En ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að svara andmælendum frv. og þess vegna segi ég fáein orð.

Það er ekki furða, þó að maður skipti skapi yfir afstöðu hv. 1. þm. Eyf., því að hún er sú aumasta, sem ég hefi fyrir hitt hér á þingi, að hann skuli flytja samskonar mál eins og þetta, og berjast svo móti þessu máli, að því er séð verður fyrir það eitt, að hans frv. var fallið. (**BSt**: Hvernig var með tóbakstollinn?). Ég man ekki til, að hv. þm. hvikaði til í því máli. (**BSt**: Þetta átti við þann hv. þm., sem er að tala). Ég skil ekki, hvað hv. þm. á við.

Það stoðar ekkert í þessu máli að vísa til endurskoðunar á skattalöggjöf bæjar- og sveitarfélaga. Sú endurskoðun getur ekki farið fram fyrr en á næsta þingi. Og þótt það þing samþykki löggjöf þar að lútandi, sem alveg er óvíst, þá kemur hún ekki til framkvæmda fyrr en 1937, — og hvernig eiga hin bágstöddu sveitarfélög að bjargast til þess tíma?

Sú lausn, sem hér er ráðgerð, er ekki nema til bráðabirgða, og ef það kemur á daginn, að framlengja þurfi þessi lög, eins og hv. frsm. meiri hl. virtist óttast, þá er það fyrir það eitt, að þingið setur ekki á næstunni heildarlöggjöf um þessi mál, eins og við er búizt. En fari svo, er vissulega þörf á þessu frv.

Hv. þm. var að spyrja mig, hvernig atkvgr. um þetta mál hefði farið í Nd. Ég er því alveg

ókunnugur. Hv. þm. getur ekki krafið mig reikningsskapar um það, hvernig atkvgr. hefir farið í þeirri deild. Ég verð að biðja hann að fara þangað til að spyrjast fyrir um, hvers vegna það var fellt að láta samskonar ákvæði ná til allra sveitar- og bæjarfélaga.

Hv. þm. sagði, að Sauðárkrókur missti ekki í við þetta og það gegndi öðru máli með Vestmannaeyjar. Það er að vísu rétt, að Vestmannaeyjar hafa svipað gjald áður, en einu sinni var málið líka nýtt fyrir þeim, og var samþ. samt. Og það verður alltaf einu sinni fyrst, sem þarf að samþ. hvert mál, hvort sem það er endurnýjað síðar eða ekki.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri ekki meinsemi að vera á móti þessu máli. Ég held, að það geti ekki verið annað en meinsemi að neita Skagafjarðarhéraði um heimild til að hlaupa undir bagga með einu sveitarfélagi héraðsins á þann hátt, sem frv. ráðgerir.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil gera grein fyrir atkv. mínu. Ég tel þetta mál sambærilegt við frv., sem samþ. var hér um heimild fyrir bæjarstj. Vestmannaeyja. Hér er ekki um annað en heimild að ræða fyrir hreppsnefndir og héraðsstjórnir í Skagafirði að koma fyrir gjöldum fyrir þessi hreppsfélög, heimild um að skattleggja íbúana á þennan hátt, sem hér er farið fram á. Það má vera, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu setji þau skilyrði, að nokkur hluti þessara tekna verði tekinn til þarfa annara sveitarfélaga, sem líka eru illa stödd. Þetta er því vel sambærilegt við Vestmannaeyjafrv. Hinsvegar er ég ekki kominn til að segja, að ég ætli að samþ. slík gjöld fyrir önnur héruð, sem hafa miklar tekjur frá öðrum bæjarfélögum, t. d. eins og Ísafjarðarkaupstaður, sem fær helming af tekjum sínum úr Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þarna skilur mikið á milli um framkvæmd og innheimtu. Hér eru það héraðsbúar sjálfir, sem gjalda, en þar væru það aðrir að nokkru leyti, sem inna gjöldin af höndum. Það væri því undarlegt að leggjast á móti þessu máli, eftir að hv. þdm. hafa samþ. sömu heimild fyrir Vestmannaeyjar, sem að öllu leyti er sambærileg við þessa.

ATKVGR.

Till. meiri hl. fjhn. á þskj. 717, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞBr, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna,

nei: PM, ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ.

PHerm greiddi ekki atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 10. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar (stjfrv., A. 13).

Á 12. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Á aukaþinginu 1933, þegar afgr. var ný stjórnarskrá og ný kosningalög, var samþ. þingsályktun þess efnis að fela ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á l. um kosningar sveitarstjórna shlj. lögum um kosningar til Alþingis. Þessu varð ekki lokið fyrir síðasta þing, en nú hefir ríkisstj. látið undirbúa frv., og er það hér með lagt fyrir Alþingi.

Á bls. 11 í grg. fyrir frv. eru samandregnar helztu efnisbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir með frv. eins og það kemur frá ríkisstj., þ. e. a. s. þessar:

Í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir, að hreppsnefndarkosningar fari fram á fjögurra ára fresti, eins og bæjarstjórnarkosningar nú, og á sama ári sem hinar almennu bæjarstjórnarkosningar. Í öðru lagi, að kjörtímabil hreppsnefnda skuli vera 4 ár, eins og bæjarstjórna, og allir nefndarmenn kosnir í einu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að kjördagurinn sé fastákveðinn í lögum, í kaupstöðum síðasti sunnudagur í janúarmánuði, en í sveitum síðasti sunnudagur í maímánuði. Þó er ætlazt til þess, að hreppsnefndarkosningar á þeim stöðum, þar sem ⅔ hlutar kjósenda búa í kauptúni, fari fram á sama tíma og í kaupstöðum.

Þá er ennfremur gert ráð fyrir því, að allar hreppsnefndir skuli kosnar hlutbundnum kosningum á sama hátt sem bæjarstjórnir, og að varamenn skuli kosnir á sama hátt og samtímis. Þá er kosning í hreppunum gerð nokkuð auðveldari með því að heimila, að kosningar fari fram í kjördeildum eins og kosningar til Alþingis.

Þá er ennfremur gert ráð fyrir því, að allar nefndarkosningar, bæði innan bæjarstjórna og sveitarstjórna, skuli vera hlutbundnar og að hinir ýmsu starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem til þessa hafa verið kosnir almennum kosningum (sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn, sýslunefndarmenn o. s. frv.), skuli kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

Að því er snertir kosningarréttinn er þess ekki krafizt, að kjósandi hafi átt heimili um eitt ár í kaupstað eða hreppi til að mega neyta þar kosningarréttar síns, en í samræmi við lög um kosningar til Alþingis er hver kjósandi settur á kjörskrá, sem heimilisfastur er í kaupstaðnum eða hreppnum þegar kjörskrá er samin, þ. e. í febrúarmánuði. Með því að almennar kosningar í kaupstöðum og öllum stærri kauptúnum fara ekki fram fyrr en í janúar árið eftir, að kjörskráin var upphaflega samin, verður niðurstaðan svipuð og áður, að yfirleitt kýs þar engin fyrr en eftir nærri eins árs búsetu að minnsta kosti. Í öðrum hreppum geta menn fengið að kjósa eftir styttri dvöl, þ. e. eftir ca. þriggja mánaða búsetu, en þess er að gæta, að þá er um smærri hreppa að ræða og dreifbýli, þar sem hægara er en í þéttbýli að átta sig á, hvort menn eru þar í raun og veru orðnir heimilisfastir eða ekki.

Loks er svo, að allar reglur og tilhögun kosningarinnar er færð til samræmis við gildandi reglur um kosningar til Alþingis, eftir því sem við varð komið, bæði um kosningar á kjörstað og utan kjörstaðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil gera það að till. minni, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn. þessarar deildar.

Thor Thors: Eins og hæstv. atvmrh. gat um, á þetta frv. um sveitarstjórnarkosningar rót sína að rekja til þáltill., sem borin var fram af allshn. þessarar deildar á aukaþinginu 1933. Í þeirri n. áttu sæti hv. 1. þm. Rang., Jón Ólafsson, hv. þáv. þm. N.-Ísf., Vilmundur Jónsson landlæknir, hv. þm. Barð., Bergur Jónsson, hv. 1. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, ásamt mér. Þar sem ég átti sæti í þeirri n., sem bar fram till., vil ég geta þess, að mér þykir tilgangi hennar vera að miklu leyti fullnægt með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þó finnst mér í einu verulegu atriði vera sveigt frá því, sem beint kom fram í þeirri þáltill. Hæstv. atvmrh. las upp nokkurn hluta þessarar grg., en lét þó hjá líða að minnast á eitt atriði, sem þar var greinilega tekið fram. Það eru þessi orð, sem ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr grg. þáltill.:

„Nefndin telur sjálfsagt, að rýmkuð verði ákvæðin um hlutfallskosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu þær ekki eingöngu fyrirskipaðar í kaupstöðum, heldur og í öllum stærri þorpum, en heimilaðar sem allra frjálslegastar annarsstaðar.“

Eins og hv. þdm. er kunnugt, var svo ákveðið í lögum nr. 59 frá 1929, að hreppsnefndarkosningar skyldu fara fram í heyranda hljóði, nema ef 1/6 hluti kjósenda óskaði, að kosningar væru leynilegar. Við vorum allir nm. allshn. sammála um það að lögbjóða yfirleitt leynilegar kosningar. En það vakti einnig fyrir okkur, að enda þótt hlutfallskosningar væru sjálfsagðar í kaupstöðum og stærri kauptúnum, gæti það a. m. k. verið varhugavert að fyrirskipa þær algerlega í sveitum. Það er vitanlegt, að hreppsnefndarkosningar til sveita hafa ekki alla tíð verið pólitiskar, eins og nú er orðið fyrst og fremst í kaupstöðum og ennfremur í stærri kauptúnum, heldur hafa það verið ýms önnur mál og persónuleg tillit, sem þar hafa meiru um ráðið heldur en almenn landsmál. Ég tel það vafasamt, að það sé til bóta að knýja fram kosningar samkv. strangpólitiskum línum í fámennum sveitum, en teldi eðlilegra, eins og gert er ráð fyrir í þáltill., að sem víðtækust heimild væri til þess, en kjósendum væri það í sjálfsvald sett, hvort þeir vildu nota þessa aðferð. Það má ennfremur geta þess, að ýmsar sveitir eru svo fámennar, að erfitt er að koma við slíkum hlutfallskosningum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það verður að gera ráð fyrir, að fram komi a. m. k. tveir listar, ef um hlutfallskosningu er að ræða, og gerum ráð fyrir, að 5 menn eigi að kjósa, þá eiga að vera á hverjum lista 10 menn, 5 aðalmenn og 5 til vara. Auk þess þarf 10 meðmælendur með hverjum lista. Þarna er komið 40 manns, sem þurfa að láta uppi skoðun sína á því, hvorn listann þeir ætli að kjósa. Þetta stappar nærri því að vera brot á leynilegum kosningum í hinum fámennari sveitum.

Ég mun því hreyfa því innan allshn., sem ég vænti, að fái mál þetta til meðferðar, hvort ekki sé réttara að halda sig við þann tilgang, sem vakti fyrir þeim, sem þáltill. báru fram.

Um önnur atriði frv. skal ég ekki fjölyrða að sinni. Þau koma til rækilegrar athugunar í n. En það má segja, að í öllum öðrum aðalatriðum sé tilgangi þáltill. náð, þótt vikið sé frá honum í þessu atriði, er ég hefi nú getið um.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. þm. Snæf. hefir nú látið í ljós, hvað vakti fyrir n., sem flutti þáltill. á aukaþinginu 1933, sem þessi breyt. á sveitarstjórnarkosningum byggist á. Og það kemur skýrt fram hjá honum, eins og það kemur líka skýrt fram í þáltill., að það var alls ekki meiningin að færa löggjöfina í þessu efni inn á það svið, að það yrðu fyrirskipaðar hlutfallskosningar í hreppsnefndir í sveitum landsins. Heldur er það skýrt afmarkað í þessari till., að meining n. sé, að hlutfallskosningar séu fyrirskipaðar í kaupstöðum og þorpum, en aftur heimild sem allra frjálslegust um það í hreppum landsins. Þetta kemur vitanlega til af því, að það eru ýmsir agnúar og erfiðleikar á því í fámennum hreppum að koma við slíku kosningafyrirkomulagi, sem auk þess hefir allverulegan kostnað í för með sér, prentun seðla og ýmiskonar umbúnað, sem að öllu leyti á að vera eins og við kosningar til Alþingis. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að fara eftir því, sem þáltill. felur greinilega í sér, og ganga ekki lengra í þessu efni heldur en að heimila hlutfallskosningar, ef óskir koma fram um það efni sérstaklega, en lofa hreppunum að haga sínu kosningafyrirkomulagi að öllu leyti eftir því, sem fyrir er mælt, annaðhvort að láta kosningu fara fram í heyranda hljóði eða leynilega eftir fyrirhafnarminna og óbrotnara fyrirkomulagi en hér er gert ráð fyrir. Ég veit ekki annað en að þetta vekti ekki einungis fyrir þeim, sem báru fram þáltill., heldur einnig fyrir þeim, sem guldu henni jákvæði sitt á þinginu 1933.

Ég ætla, að mönnum úti um sveitir landsins komi það kynlega fyrir, ef á að þröngva upp á þá kosningafyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, þó að hinsvegar sé ekkert á móti því, og sjálfsagt, ef fyrir eru óskir um, að slík kosning sé viðhöfð, að það sé heimilt að viðhafa hlutfallskosningar.

Þess er því að vænta, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, og það því fremur, sem í henni eiga sæti nú sumir af þeim, sem stóðu að þáltill., færi nú þetta til leiðréttingar til samræmis við það, sem þeir ætluðust til og þingið ætlaðist til, þegar þáltill. var samþ. á aukaþinginu 1933.

Í grg. fyrir þáltill. mælist n. til þess við þá stj., sem framkvæmdi þessa þál., að hún léti undirbúa þessa löggjöf með svipuðum hætti og kosningalögin til Alþingis, þannig, að menn úr stærstu stjórnmálafl. hefðu undirbúning þessara laga með höndum.

Ég veit ekki vel um, hvernig þessu hefir verið hagað, en eftir því, sem ég hefi frétt, hefir einum sósialista, Vilmundi Jónssyni landlækni — ég sel þetta ekki dýrara en ég keypti — verið falið að undirbúa þetta mál. M. ö. o., gersamlega gengið á svig við það, sem ætlazt var til í till., sem hv. þáv. þm. N.-Ísf., Vilmundur Jónsson, stóð að, að löggjöfin yrði undirbúin á sama hátt og kosningalögin til Alþingis.

Það er annað atriði, sem ég vil einnig benda á, en það er, að einn höfuðtilgangur með þessari breyt. á kosningalögunum er að færa löggjöfina til samræmis við þær breyt., sem gerðar voru á kosningalögunum til Alþingis, þannig, að lýðræðið fái betur að njóta sín. En mér finnst, að a. m. k. í einu atriði í þessu frv. sé alveg gengið í þveröfuga átt, og það er breytingin á þeirri tilhögun, sem verið hefir um kosningar sýslunefndarmanna í hreppunum. Eins og kunnugt er, eru þeir kosnir með þeim frjálsmannlega hætti, að þeir eru kosnir á almennum hreppsfundi, sem haldinn er í sambandi við manntalsþing að vor- eða sumarlagi. Samkv. þessu frv. er kosning þeirra færð yfir á það þrönga svið, að taka þennan kosningarrétt af kosningabærum mönnum og leggja hann í hendur þriggja, fimm eða sjö manna í hverjum hreppi, eftir því hvað viðkomandi hreppsnefnd er fjölmenn, en tala þeirra er mismunandi innan þessara takmarka. Þetta finnst mér ganga gersamlega í bág við þá stefnu, sem yfirleitt hefir verið hér í þeim málefnum, sem snerta kosningar, hvort heldur þær eru til Alþingis, í sveitarstjórn, bæjarstjórn eða annað, sem því er skylt. Ég vildi því ennfremur beina því til n., að þetta atriði yrði fært

til lagfæringar og látið lúta þeim sömu lögum, sem gilt hafa í þessu efni að undanförnu.

Ég vil ennfremur benda á eitt atriði, sem snertir mitt kjördæmi sérstaklega. Það er svo ákveðið í lögum um lögreglustjóra á Akranesi, að í því tilfelli, sem hreppsnefnd kýs þannig, að hann hafi oddvitastörf á hendi, er hann atkvæðisbær í hreppsnefndinni. Nú er svo gert ráð fyrir í þessu frv., að því er mér skilst, að þetta ákvæði í lögum um lögreglustjóra sé niður fellt, og atkvæðisrétturinn í þessu tilfelli af honum tekinn, því að í 2. málsgr. 28. gr., þar sem talað er um afstöðu bæjarstjóra eða borgarstjóra til bæjarstjórnar, er það tekið fram, að hann hafi ekki atkvæðisrétt nema hann sé kosinn í bæjarstjórn, og í 3. málsgr. sömu gr. stendur, að þegar svo stendur á, að lögreglustjóri eða bæjarfógeti gegna bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, fari um atkvæðisrétt hans samkv. ákvæðum 2. málsgr. sömu gr. M. ö. o.: hann hefir ekki atkvæðisrétt í málefnum hreppsnefndarinnar. Ég skal ekki segja, hvort þetta er í betra samræmi við tilgang þessa frv. en sú tilhögun, sem lög um lögreglustjóra á Akranesi gera ráð fyrir. En ég vildi biðja n. að athuga þetta, því að ekki hefir komið fram nein ósk þar heima fyrir um að þessu ákvæði í lögum um lögreglustjóra á Akranesi yrði breytt. Ég vil og leggja áherzlu á, að n. geri nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulaginu um hlutfallskosningar, að þær verði ekki valdboðnar, og að einnig verði breytt til um kosningu sýslunefndarmanna. Ef ástæða þykir að breyta til frá þeirri tilhögun, sem nú er, þá vil ég einnig beina til n. að hafa til hliðsjónar þá tilhögun, sem nú er á þessum hlutum í sveitum landsins og allir virðast fella sig vel við.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Út af ummælum hv. þm. Borgf. um að ríkisstj. hafi ekki falið fulltrúum stærstu stjórnmálafl. samningu þessa frv., skal ég játa, að það er rétt. Það var falið einum manni, Vilmundi Jónssyni landlækni. Ég skal taka það fram, að ég taldi, að ekki væri um svo flókið mál að ræða, að ástæða væri til, að fleiri menn ynnu að samningu þessa frv.

Að því er snertir það atriði, sem aðallega hefir verið gert að umtalsefni hér, hlutfallskosningarnar, þá er það rétt, að í þáltill. mun hafa verið gert ráð fyrir, að heimilað væri að hafa það frjálslegra. Mín skoðun á þessu atriði kemur fram í frv. Ég sé enga minnstu ástæðu til þess að hafa aðra reglu um þetta í sveitum en í kaupstöðum. Að fámennið sé svo mikið víða, að ekki sé unnt að skipa tvo lista nægilega mörgum mönnum, held ég að ekki komi til mála. Ég sé enga ástæðu til andmæla, sem hægt er að reisa á þeim grundvelli, og hinni ástæðunni, að kosningin verði frekar pólitísk, séu hlutfallskosningar viðhafðar, legg ég ekki mikið upp úr.

Ég er mjög andvígur því, að kosningar í opinberum málum fari fram í heyranda hljóði, en ég segi það ekki til hv. þm. Snæf., því að hann tók það fram, að n. hefði gert ráð fyrir, að kosningarnar væru leynilegar, en ég vil skjóta því til hv. þm. Borgf., því að hann tók svo til orða, að það mætti „annaðhvort láta kosningu fara fram í heyranda hljóði eða leynilega“, eins og hann orðaði það.

Ég get ekki séð, að neitt hræðilegt sé við það, að hreppsnefndarkosningar séu pólitískar, og í flestum tilfellum munu þær vera það. En sé svo ástatt, að enginn ágreiningur sé um hreppsmál, er vel hugsanlegt, að menn komi sér saman um einn lista og kosning þar með óþörf.

Hv. þm. Borgf. tók það réttilega fram, að megintilgangurinn með því að samræma sveitarstjórnarkosningalögin lögum um kosningar til Alþingis er sá, að færa kosningafyrirkomulagið til lýðræðisáttar. En hann vildi halda því fram, að í einu ákvæði væri gengið í bága við þessa stefnu, sem sé því, að í stað þess, að sýslunefndarmenn séu kosnir beinum kosningum, er nú gert ráð fyrir, að þeir séu kosnir af hreppsnefndum. Ég er ekki sammála hv. þm. um þetta. Ég álít fjarstæðu að telja kosningar vera meir í samræmi við lýðræðisreglur, þótt þær fari fram á almennum hreppsfundi, þar sem er meiri eða minni fundarsókn og tilviljun ræður, hve margir hreppsbúar mæta, og engin trygging er fyrir því, að kosningin fari í samræmi við vilja meiri hl. kjósenda. Er ólíkt meiri trygging fyrir því, að með því kosningafyrirkomulagi, sem í þessu frv. er lagt til, verði hreppsnefndir, og þá sýslunefndarmenn, kosnar í samræmi við meirihlutavilja hreppsbúa.

Ég skal annars ekki fara fleiri orðum um þetta nú. Málið fer væntanlega til n., og koma þá fram brtt., eftir því sem athugun málsins þar gefur tilefni til.

Thor Thors: Hv. þm. Borgf. varð til þess að minna á, að fyrir allshn., sem bar þessa þáltill. fram, hafi vakað, að allir flokkar skyldu eiga kost á að taka þátt í undirbúningi laganna. Ég hafði gleymt þessu, og þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið þetta fram. En hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði verið ástæða til að framfylgja þessu, þar sem um svo einfalt mál væri að ræða. Ég læt vera, hversu einfalt mál þetta er. Hér er um að ræða, á hvern hátt mikill þorri þjóðarinnar skipar sínum sveitarstjórnarmálum, og það hefir þegar sýnt sig við þessa 1. umr. málsins, að um það er allmikill ágreiningur. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. hafi horft í það að skipa fleiri en einn mann til þessa starfa, vegna kostnaðarins, sem af því kynni að leiða. Ég hefi veitt því athygli, að þessi hæstv. ríkisstj. er mjög treg til þess að fela fleiri mönnum að fjalla um málefni, sem hún ræður yfir, en nauðsyn krefur! En ég hygg, að þetta hefði mátt framkvæma án kostnaðarauka fyrir ríkissjóðinn á þann einfalda hátt, að leggja þetta frv. fyrir menn úr andstöðuflokkunum áður en það var borið fram í þinginu. Ég veit, að innan þeirra flokka eru menn, sem að kostnaðarlausu hefðu viljað fjalla um málið.

Út af ágreiningi um það, hvort lögbjóða eigi hlutfallskosningar í hreppsnefndir, hefir hæstv. atvmrh. látið þess getið, að það væri sín skoðun, sem kæmi fram í frv. Mér þykir einkennilegt, að sá, sem samdi þetta frv., sem nú er upplýst að verið hefir Vilmundur Jónsson land-

læknir, sem var form. þeirrar allshn., sem þar fram till. til þál. um samræming þessara laga, skuli ekki hafa haldið sinni skoðun fram í þessu máli eins og hún greinilega kom fram í allshn., þar sem ekki var minnsti ágreiningur um, að einungis skyldi vera um heimild að ræða handa hreppsfélögum um að viðhafa hlutfallskosningu, en ekki skyldu.

Ég skal að þessu sinni ekki fara út í alm. rökræður um þetta atriði, en mér finnst hæstv. ráðh. gera lítið úr því, að oft hafi meir verið farið eftir mannkostum við kosningar í hreppsnefnd en stjórnamálaskoðunum.

Eftir þeirri allt of takmörkuðu þekkingu, sem ég hefi á því atriði, hefir mér virzt, að í hinum smærri hreppsfélögum sé langsamlega oftast litið á mannkosti, en ekki pólitískar skoðanir, og ég er algerlega á móti þessu almenna lagaboði, af þeirri ástæðu, að óþarft sé og óheillavænlegt að vera að skapa pólitískar flokkadeilur þar, sem slíkt hefir ekki áður þekkzt.

Ég óska að taka það skýrt fram, sem ráðh. raunar lét getið, að ég tel, að allar þessar kosningar eigi að vera leynilegar, og kosningar í heyranda hljóði ekki að koma til greina.

Jón Pálmason: Ég vildi nú þegar, áður en þetta mál fer til n., taka fram nokkur atriði til viðbótar því, sem sagt hefir verið. Er það þá í fyrsta lagi, að ég tel það til spillis, en ekki endurbóta, að hafa kosningatímabilið 4 en ekki 6 ár í hreppsnefndum, og jafnframt að láta kjósa alla nefndarmenn í einu. Liggja til þess tvær orsakir, að ég tel þetta til spillis. Í fyrsta lagi getur það, að kjósa á alla nefndarmenn í einu, leitt til þess, að tómir nýir menn taki við, í stað þess að áður gekk aðeins helmingur hreppsnefndarmanna úr á 3 ára fresti, og þar með tryggt, að alltaf sé eitthvað af vönum mönnum í nefndinni. Er þetta þó sérstaklega athugavert vegna þess, að samkv. þessum l. er enginn skyldugur að vera í hreppsn. lengur en eitt kjörtímabil, fyrr en hann hefir verið laus sama tíma. Þessi störf eru almennt orðin mjög óvinsæl, bæði vegna hins erfiða fjárhagsástands og svo hins, að fyrir þetta er ekkert greitt, og orðin hálfgerð plága á hæfileikamestu mönnum hverrar sveitar að vera í hreppsnefnd og fjölmörgum öðrum opinberum störfum, sem taka tíma, en ekkert er greitt fyrir. Þetta verkar því þannig, að telja má víst, að algerð skipti verði í hreppsnefnd á 4 ára fresti.

Ég vil ennfremur taka undir það, sem hér hefir verið sagt áður, að mér finnst varhugavert að knýja með lögum öll hreppsfélög til pólitískra hreppsnefndakosninga, í stað þess að gefa beztu kröftunum tækifæri til að njóta sín án tillits til pólitískra skoðana.

Þá finnst mér eðlilegt að láta almenning, en ekki hreppsnefndir, kjósa sýslunefndarmenn og skólanefndir o. s. frv.

Að öðru leyti skal ég ekki fara nánar út í þetta mál en þeir tveir flokksbræður mínir, sem þegar hafa talað. En ég vil vona, að n., sem fær mál þetta til meðferðar, athugi vel öll atriði í sambandi við það, og sérstaklega hvað snertir kosningatímabilið, og hvort ekki er heppilegra að halda því fyrirkomulagi, sem nú er. Hinar hliðar málsins hafa frekar verið ræddar, og er ég sammála þeim aths., sem um þær hafa komið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 137).

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson) [óyfirl.]: Við 1. umr. þessa máls var þess getið, að þetta frv. er fram komið í samræmi við þál., sem afgr. var frá aukaþinginu 1933, þar sem hæstv. ríkisstj. var falið að undirbúa breyt. á löggjöfinni um sveitarstjórnarkosningar. Þær breyt. áttu að ganga í þá átt að samræma löggjöfina um þetta efni lögum um kosningar til Alþingis.

Allshn. hefir haft frv. þetta með höndum undanfarið, og hefir verið farið nokkuð rækilega í gegnum það í n. Það hefir komið fram innan n. ágreiningur um einstök atriði frv. Aðallega er sá ágreiningur um það, hvort viðhafa eigi hlutfallskosningar í hreppum, og einnig um það, hvort hreppsnefnd eða bæjarstjórn á hverjum stað eigi að kjósa sýslunefndarmenn og í skólanefndir og sáttanefndir, eins og lagt er til í 30. gr. frv., að gert verði. Allshn. hefir orðið ásátt um að láta umr. um ágreiningsatriði þessi bíða til 3. umr. En n. hefir komið sér saman um að gera nokkrar smábreyt. á frv., og að þeim samþ. vísa málinu til 3. umr. En við 3. umr. mun allshn. koma með brtt. um atriði þau, sem ágreiningur var um í n. Brtt. allshn. vil ég fara nokkrum orðum um, en ekki fara út í að ræða frv. í heild, allra sízt þau atriði, sem ágreiningur var um innan n.

N. leggur til, að gerð verði sú breyt. á 1. gr. frv., að í staðinn fyrir, að frv. gerir ráð fyrir, að bæjarstjórnir skuli skipaðar 6—15 fulltrúum, verði bæjarstj. í kaupstöðum utan Reykjavíkur skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum. N. virðist eðlilegt, að nokkuð sérstök ákvæði gildi um Reykjavík í þessu efni, þar sem Reykjavík er mörgum sinnum stærri en allir aðrir kaupstaðir landsins, og eðlilegt, að bæjarstjórn þar sé fjölskipaðri en í öðrum kaupstöðum. Að undanförnu, og í samræmi við gildandi l., hefir bæjarstjórn Rvíkur verið skipuð 15 mönnum. En það hefir komið í ljós, eftir að bæjarráðsskipulagið var upp tekið, að 10 af þessum 15 fulltrúum hafa verið annaðhvort aðalmenn eða varamenn í bæjarráði. Þá eru aðeins 5 bæjarfulltrúar eftir, sem eiga að taka að sér nefndastörf, svo sem byggingarstjórn og hafnarstjórn. Það sýnist þess vegna eðlilegra, að heimild væri til þess að hafa bæjarfulltrúana í Rvík nokkuð fleiri en bæjarfulltrúana í öðrum kaupstöðum landsins, og fleiri en að undanförnu.

Við 3. gr. frv. gerum við þá brtt., að orðið „jafnmarga“ falli niður. Við vildum sem sé hafa í l. opna leið til þess, að varamenn bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna gætu verið fleiri en aðalmennirnir, því að ef litlir flokkar eiga í hlut, sem eiga t. d. einn fulltrúa annaðhvort í hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þá gæti svo farið

á 4 ára kjörtímabili, að annaðhvort féllu sá fulltrúi og varafulltrúi hans frá eða flyttu í burtu, þannig að þá yrði autt sæti þess flokks. Þá yrði annaðhvort autt sæti flokksins það sem eftir er af kjörtímabilinu eða þá að nýr fulltrúi yrði kosinn úr öðrum flokki, og við það röskuðust hlutföllin í bæjarstj. eða hreppsn. með tilliti til flokkaskiptingar kjósenda. Flokkur, sem sterkari væri, fengi þá kosinn fulltrúa í stað þess, sem úr gekk.

Þá höfum við lagt til, að orðin „sjálfum sér ráðandi“ í 8. gr. falli burt, þar sem rætt er um, hvaða menn skuli vera skyldir til að taka við kjöri í bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þetta orðalag mun eiga rót sína að rekja til þess tíma, þegar vinnuhjú voru á bæjum til sveita. En nú er mjög lítið orðið um, að slíkt eigi sér stað. Við töldum því óþarft að gera greinarmun á fólki sjálfu sér ráðandi og öðru, í þessu tilliti, því að með þessu orðalagi hefir ekki verið átt við, að fólk sé sjálfu sér ráðandi eftir lögráðaákvæðum laga.

Þá leggjum við til, að 9. gr. orðist upp. Með því verða ákvæði hennar skýrt sett þannig, að ekki skuli skylt að skipta hreppum í kjördeildir á sama hátt og við alþingiskosningar, heldur skuli sú leið opin um kosningar í hreppsnefndir, óháð þeirri skiptingu, sem kann að hafa átt sér stað vegna alþingiskosninga í þeim eða þeim hreppi.

Við leggjum einnig til, að breyt. verði á niðurlagi 11. gr., til þess að fyrirbyggja misskilning.

Þá leggjum við til, að breytt verði 23. gr., þannig að bætt sé inn í orðunum „eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra“, þar sem ákveðið er um, hvar kjósendur megi kjósa utan kjörfundar, til samræmis við hliðstæð ákvæði um kosningar til Alþingis. Væntum við þess, að þessi brtt. okkar verði samþ., því að hún miðar til þess, sem á að vera aðaltilgangur frv., sem er að færa löggjöfina um sveitarstjórnarkosningar til samræmis við l. um kosningar til Alþingis.

Þá leggjum við til, að fellt sé niður úr 33. gr. bæði hluti úr 1. mgr. og öll 3. mgr. En í 1. mgr. frv. er gert ráð fyrir, að hægt sé að víkja manni úr bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og það atriði er endurtekið í 3. mgr. Okkur í allshn. fannst óeðlilegt, að meiri hl. bæjarstjórnar eða hreppsnefndar væri heimilað að svipta einhvern innan sinna vébanda réttindum til þess að eiga sæti í samkomunni. Hugsanlegt væri, að meiri hl. innan einhverrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar væri svo óvandaður, að hann svipti óvæginn andstæðing sinn þessum rétti, án þess að til þess lægju nokkur eðlileg rök. Þeir einu aðilar, sem okkur fannst, að ættu að hafa rétt til að svipta bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmann þessum rétti, eru dómstólar. Ég ætla, að þessi breyt. sé til bóta á frv., eins og allar breyt. okkar yfirleitt, og að þeim verði vel tekið af hv. d.

Þá hefi ég rakið þessar brtt., sem allshn. hefir lagt til, að gerðar verði á frv. Brtt. eru allar fremur smávægilegar, enda er n. sammála um, að aðalefni frv. sé til bóta, enda var enginn ágreiningur um það á aukaþinginu 1933, að æskilegt væri, að samræmd yrðu ákvæði l. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða við ákvæði l. um kosningar til Alþingis. Það er í alla staði sanngjarnt, að um þessar tvennskonar kosningar gildi sem svipaðastar reglur, því að raunverulega eru þær mjög svipaðs eðlis, val á fulltrúum þjóðarinnar til að þjóna lýðræðinu og réttlætinu í landinu.

Ég vona, að allir séu sammála um það, að með hinum nýju l. um kosningar til Alþ. sé bót ráðin á því kosningafyrirkomulagi frá því, sem áður var, en að þá hafi orðið aftur úr ákvæðin um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þetta frv. á að bæta úr þessu. En deila stendur aðallega um þrjú atriði frv. innan allshn., sem eru principatriði. En ég fer ekki út í að ræða þau við þessa umr., og er það í samræmi við það, að samkomulag var um það innan n. að láta þann ágreining bíða til 3. umr. Vildi ég vænta þess, að hv. d. taki brtt. þessum vel og afgr. frv. til 3. umr. með þeim breyt., sem ég hefi lýst með nokkrum orðum.

Thor Thors: Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál á þessu stigi þess.

Það er rétt, sem hv. 1. landsk. þm. skýrði frá, að samkomulag sé um það innan allshn. að láta ágreiningsatriði þessa máls bíða til 3. umr. Ég gat þess við 1. umr. málsins, að mér fyndist þetta frv. ekki svo vel úr garði gert sem æskilegt væri og vakti fyrir þinginu 1933, þegar samþ. var þál. um að láta samræma löggjöfina um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða við l. um kosningar til Alþingis. Ágreiningurinn er nú um það, hvort eigi að lögbjóða hlutfallskosningar alstaðar í sveitum í þessum málefnum þeirra. Ég tel slíkt lögboð sízt til bóta, en er hlynntur því, að heimild til þess sé lögfest, að slíkar hlutfallskosningar megi viðhafa, ef viðkomandi sveit óskar þess. Við munum flytja við 3. umr. brtt. um þetta efni og um val á sýslunefndarmönnum. Ég hygg, að ekki aðeins sjálfstæðismenn, heldur líka framsóknarmenn muni standa að þeim brtt. Vona ég því, að þær nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 137,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 137,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,4 (ný 9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

28.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 137,8.a—b samþ. með 17 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 37. og 38. fundi í Nd., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Fiskimálanefnd o. fl. (stjfrv.).

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (stjfrv., A. 111).

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 144).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég get verið stuttorður um þetta frv. N . hefir orðið sammála um að mæla með frv., en annars talar það sínu máli sjálft. Vill n. mæla með, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 111).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Þjóðjarðasala og kirkjujarða.

Á 10. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða (þmfrv., A. 14).

Á 12. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta litla frv. er flutt til þess að taka fyrir þá heimild, sem er í l. til sölu þjóð- og kirkjujarða. Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu, og höfum við því flutt það hér á ný.
Ég tel ekki þurfa fleiri orð um málið nú við 1. umr., en óska, að því verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. kallaði þetta lítið frv. Það er rétt, að þegar miðað er við fyrirferð þess, má það kallast lítið, en hinsvegar fjallar það um stórmál, og ég get ekki látið þessa umr. líða svo hjá, að ég láti ekki fáein orð falla, þótt ég skuli ekki fara langt út í málið nú. Það gefst vonandi tækifæri til þess, þegar málið kemur úr n. Einni setningu í grg. frv. vil ég þó ekki láta ómótmælt. Þar stendur svo: „Mun vart orka tvímælis lengur, að lög þessi hafa ekki náð tilgangi sínum, en orðið til mikils ógagns."
Mín skoðun, byggð upp af þeirri reynslu, sem ég hefi í þessum efnum í mínu héraði, og þótt víðar sé leitað, er sú, að naumast sé hægt að snúa sannleikanum öllu rækilegar við en gert er í þessari setningu. Því að alkunnugt er, að með l. um sölu þjóð- og kirkjujarða er stigið eitthvert stærsta sporið til aukinnar ræktunar og bættra húsakynna í sveitum landsins. Hvorttveggja er vitanlega undirstaða landbúnaðarins: Að jörðin sé ræktuð og skapaðir möguleikar fyrir því að gera hana það frjóa og arðsama, að hún verði notuð til lífsuppeldis fyrir þjóðina eftir kröfum hinna breyttu þjóðhátta hjá okkur, og bæta húsaskipunina þannig, að menn geti einnig í því efni fylgzt með kröfum breyttra tíma og tekið upp svipuð húsakynni og tíðkast nú í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar þessa er gætt, þá er það grundvallarskoðun hjá mér, að löggjöfin um sölu þjóð- og kirkjujarða hafi verið heilladrjúg fyrir þjóðina. Ég skal ekki að þessu sinni færa dæmi, ó-

hrekjandi rök fyrir skoðun minni í þessu máli. Það á frekar við við síðari umr., en það er auðvelt verk. Hitt skal ég viðurkenna, að í þessu hefir komið fram nokkur ágalli, sem sé sá, að sökum þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa í landinu, og einkum þó orðið áberandi í því mikla róti, sem stríðið olli, hefir verð á jörðum allvíða hækkað mikið. En þegar svo afurðaverðið féll, án þess að jarðarverðið breyttist, þá stóð ekki jarðarverðið lengur í réttu hlutfalli við þá framleiðslumöguleika, sem á jörðinni voru. Þetta er auðvitað ágalli, sem benda má á. Hinsvegar er þessi galli hverfandi lítill miðað við kosti þá, sem lögin hafa haft í för með sér. Það er því síður en svo, að taka eigi fyrir þjóð- og kirkjujarðasölu. Hún er fyllilega réttmæt, og síður en svo, að taka beri fyrir söluna með öllu. Má ennfremur á það benda, að á síðasta þingi kom fram frv. til að bæta úr þessum galla, er ég hefi á minnzt, frv. um óðalsrétt. Frv. þessu hefir verið mikill gaumur gefinn síðan það kom fram. Virðist mega ætla, að óðalsréttarfyrirkomulagið beri í sér mikla tryggingu fyrir umbótum á þeim göllum, sem fram hafa komið. Er það sannarlega lóð í skálina á móti því, að kippa að sér höndinni með sölu þjóð- og kirkjujarða og spyrna þannig á móti þróun í ræktun og húsaskipun.

Vonandi ber Alþingi það, er nú situr, gæfu til þess að samþ. frv. um óðalsrétt. Að þessu öllu athuguðu hefi ég ekkert á móti því, að málið fari í n., en vona, að sú hugsun, sem bólað hefir á undanfarið og kemur nú fram í frv.formi, fái þar þá útreið, að málið verði gersamlega látið daga uppi. Það er nú svo í okkar þjóðfélagi, bæði í sveitum sem annarsstaðar, og verður að telja það mikið mein, að allmikið los er á hugsunarhætti fólksins, og helzta ráðið hvað sveitirnar snertir til þess að menn uni þar við sitt — það er ekki hægt að búast við, að menn uni þar „glaðir við sitt“ fremur en annarsstaðar — er, að ábúðarfyrirkomulagið færist í það horf, að ekki verði grafnar ræturnar undan tryggð fólksins við átthagana, en með afnámi l. um sölu þjóð- og kirkjujarða er stigið spor í þá átt að ala á rótleysi fólksins. Grundvallaratriðið í þróun sveitanna er, að einstaklingsframtakið fái að njóta sín með aðstoð ríkisvaldsins, þ. e. a. s., að sjálfsábúð aukist sem allra mest. Án þess er hætt við því, að starfi einstaklingsins og aðstoð ríkisvaldsins beri ekki hinn tilætlaða árangur.

Þetta er mín óbifanlega skoðun.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. þm. Borgf. hefir að mestu tekið af mér ómakið, en ég vil þó ekki láta hjá líða að lýsa yfir því, að ég er mótfallinn frv. því, sem hér er á ferðinni. Ég tel óþarft og óhyggilegt að samþ. þetta frv., hvernig sem á það er litið, jafnvel þótt litið sé á það frá sjónarmiði hv. flm. og annara þeirra, er taka vilja fyrir sölu þessara jarða. Ráðandi stj. hefir það í hendi sér, hvort jarðirnar eru seldar eða ekki, og ég tel afnám laganna óhyggilegt vegna þess, að alltaf hljóta að koma fyrir tilfelli, þar sem heilbrigð skynsemi segir, að svo sjálfsagt sé, að sala sé leyfð, að sjálft Alþingi kemst ekki hjá því að leyfa möguleika til þess, að sala geti farið fram. Ég get bent á litið dæmi þessu til sönnunar. Ungur bóndi, ábúandi á kirkjujörð, sækir um styrk eða lán til byggingar á jörðinni, og setur þá kosti, að annaðhvort verði að byggja upp eða að hann flytji burtu. Hann hafði líka sótt um að fá jörðina keypta. Hér var því um þrennt að ræða: Að jörðin færi í eyði, því að enginn hefði tekið hana húsalausa eins og hún var, að ríkissjóður legði ca. 10 þús. kr. í kostnað við byggingu á koti, sem kostaði 2 þús. kr., eða í þriðja lagi að selja ábúandanum og láta hann byggja upp. Hið síðastnefnda var gert. Afleiðingin er sú, að bóndinn er nú búinn að byggja upp og býr þar nú sæmilega góðu búi, eftir því sem gerist um bændur nú.

Ég tilfæri þetta dæmi til að sýna, hve óhyggilegt getur verið að loka þessum möguleika. Annars geri ég ráð fyrir, að þetta mál fari til landbn. og gefist þá tækifæri til að athuga það nánar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ef menn taka þetta mál í víðasta skilningi, má segja, að það fjalli um, hvort ríkið eigi að eiga jarðirnar yfirleitt eða ekki, og hv. þm. Borgf. virtist taka málið frá þeirri hlið, sem frv. þetta gefur þó í sjálfu sér ekki tilefni til. Ég hefði hinsvegar ekkert á móti því, að fram kæmi frv., sem lyti að því að gera allar jarðir að ríkiseign, en í þessu frv. er aðeins um það að ræða, hvort þær þjóð- og kirkjujarðir, sem enn eru í eign hins opinbera, skuli halda áfram að vera það eða seljast skv. heimild í l. frá 1905 og 1907. Það hefir varla nokkurntíma farið svo fram kirkjueða þjóðjarðarsala, að þeir, sem fyrir henni stóðu, hafi ekki sætt miklum ávítum. Nú er ég á ólíkri skoðun í þessu máli og hv. þm. Borgf. Ég álít, að bændastéttinni sé sem heild heppilegra, að allar jarðeignir séu í höndum hins opinbera, og þá sérstaklega, að þær jarðir, sem nú þegar eru þess eign, haldi áfram að vera það, og að með því fyrirkomulagi sé hægt að búa betur að bændunum en með því fyrirkomulagi, að þeir þurfi að eignast jarðirnar, og láta mikinn hluta strits síns ganga til að borga jarðirnar, sem svo halda sínu fulla verði gagnvart þeim, sem næst tekur við.,

Nú hefir Sjálfstfl. verið að taka upp miðaldaráð, óðalsréttinn, sem á engan hátt leysir þetta mál.

Ef mönnum þætti í einstökum tilfellum sérstaklega heppilegt, að jarðir kæmust í einkaeign, þá er auðvitað alltaf það ráð til að setja sérstök l. um það, og mundi það ganga mjög greiðlega, þótt svona væri í pottinn búið.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Það var út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði síðast, að ég kvaddi mér hljóðs, þar sem hann sagði, að samkomulag væri á milli stuðningsmanna stj. hér á Alþ. um að gera þetta frv. að l. Ég vil ekki halda því fram, að hv. þm. hafi farið þar með ósannindi, en ég held, að þetta sé misskilningur. Ég hefi sem sé ekki trú á því, að þeir, sem kosnir hafa verið hér á þing nú fyrir sveitirnar, gangi svo herfilega í berhögg við vilja sveitanna, að þeir geri samning um það við sósialista að samþ. þetta frv., því að manni getur skilizt, að þetta frv. eigi að vera byrjunarspor á þeirri braut, að

allar jarðir verði ríkiseign, svo að sjálfseignarbúskapur hverfi úr sögunni, en leiguliðabúskapur komi í staðinn.

Ég vildi gjarnan fá að heyra það frá fleirum en hv. 2. þm. Reykv., hvort það sé rétt í raun og veru, að samkomulag sé um það á milli stjórnarflokkanna, að gera frv. þetta að l.

Ég þarf ekki að fara út í þau atriði, sem þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ak. hafa sérstaklega minnzt á, sem sé að andmæla þeirri firru, að l. þau, sem hér er farið fram á, að afnumin verði, hafi ekki náð þeim tilgangi, sem þeim var ætlað, að neinu verulegu leyti. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á eitt dæmi því til stuðnings, að sjálfseignarbúskaparfyrirkomulagið er lyftistöng landbúnaðarins yfir höfuð, og þá líka til réttlætingar þeim kröfum, sem ég hygg, að enginn hv. þm. hafi komizt hjá að heyra, kröfum fólksins í sveitunum um það, að stefnt sé að því, að hver bóndi eigi ábýlisjörð sína. Þetta dæmi er úr Norður-Ísafjarðarsýslu og er eitt af mörgum um þetta efni.

Bóndi keypti kirkjujörð til eigin ábúðar fyrir 5 árum. Þessi jörð þótti lítilfjörleg, og hafði verið flest búfé á henni um 80 fjár og 4 gripir. Furðaði menn dálítið á þessum kaupum, þar sem bóndi þessi átti stórt bú. Nú, eftir þessi 5 ár, hefir þessi bóndi á jörðinni yfir 300 fjár og 14 gripi og þarf ekki að sækja heyskap út fyrir landamerki jarðarinnar. Hann hefir húsað jörðina vel, bæði um íbúðarhús og peningshús. Ég hygg nú, að ekki sé vafi á því, að ef þessi jörð hefði verið áfram kirkjujörð, en ekki komizt í sjálfsábúð, þá hefði hún verið sama niðurnídda kotið sem hún var fyrir 5 árum.

Ég nefni þetta dæmi ekki af því, að það sé einstakt, heldur mun það vera eitt af mörgum svipuðum, því að ég held, að rekja megi á slóðum sjálfsábúðarinnar raðir af slíkum dæmum um allt Ísland. Þær jarðir yfirleitt á landinu, sem eru í sjálfsábúð, munu vera miklu betur setnar en hinar, sem eru í leiguábúð. Vera má, að það stafi að einhverju leyti af því, að til sjálfseignarbúskapar veljist yfirleitt atorkumenn. Bændur eru, sem eðlilegt er, miklu áhugasamari um að rækta og endurbæta ábýlisjarðir sínar, ef þeir eiga þær sjálfir, hvort sem þeir hafa miklu eða litlu úr að spila. Það eykur orku og bjartsýni bóndans að hafa það á tilfinningunni, að hann sitji á sinni eignarjörð.

Sú yfirlýsing, sem hv. 2. þm. Reykv. gaf, kom mér ekki á óvart, að hann væri ekkert á móti því, þó að fram kæmi frv. þess efnis, að stefnt væri að því, að allar jarðir hér á landi yrðu ríkiseign. Ég var ekki í vafa um, að svo væri, þegar ég sá, að þessi hv. þm. var orðinn stangarhestur fyrir þessum ríkiseignarvagni, að það mundi eiga að draga hann víðar en þetta frv. beinlínis hermir. Ég þóttist vita, að hann væri þarna að tengja fyrir þennan vagn með sér nokkra dráttarhesta, sem ættu að hjálpa honum til þess að koma þessari hugsun í framkvæmd, að gera alla íslenzka bændur að leiguliðum, m. ö. o. að losa grundvöllinn undan þeirra búrekstri, svo að þeir verði líklegri til að aðhyllast kommúnismann, því að slík er stefna stjórnarflokkanna, þó að þeir að nafninu telji sig sósíalista og framsóknarmenn. — Þessi er nú tilætlunin með frv. þessu, á því er enginn vafi, og ég álít því, að frv. gangi algerlega í öfuga átt. En hinsvegar væri þörf á því, að hér á þingi kæmi fram till. um að gera ráðstafanir til þess, að allir bændur gætu orðið sjálfseignarbændur. Það þarf að gera bændum auðveldara en það nú er að eignast jarðir sínar, til þess að allir íslenzkir bændur verði sjálfseignarbændur. Og ég er viss um, að það gæti orðið stórgróði fyrir íslenzka ríkið, ef það gæfi dugandi ábúendum allar þær jarðir, sem það á nú sem þjóð- og kirkjujarðir. Tekjur ríkisins af þessum jörðum eru mjög lítilfjörlegar, ég ætla ekki nema um 40 þús. kr. Það er ekki vafi á því, að ef þessar jarðir yrðu allar óðalseign, þá mundi búskapur á þeim blómgast svo, að auknar tekjur fyrir sveitarfélög og ríkissjóð yrðu miklu meiri, beinlínis þess vegna, heldur en þær tekjur, sem ríkissjóður hefir af þeim nú.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Mér virðist, að í þessu frv. gæti mjög sömu ófrjóu andstöðunnar, sem alltaf kom fram gegn þjóðjarðasölu frá því fyrst er farið var að berjast fyrir því máli, um aldamótin síðustu, og þangað til l. þau um sölu þjóðjarða og kirkjujarða voru sett, sem nú er gert ráð fyrir að nema úr gildi.

Hér er að vísu látið í veðri vaka, að sjálfsagt eigi að setja löggjöf um ábúð á þjóðjörðum á þessu eða næsta þingi. En hvers vegna þá ekki að setja þessi ábúðarl. fyrst, byrja á því, til þess að sjá svo, hvaða áhrif það hefði á söluna sjálfa? Af hálfu þeirra manna, sem vilja stöðva sölu þjóðjarða og kirkjujarða, hefir aldrei komið neitt fram, sem sýni og sanni, að sú leið sé rétt, en hin röng, að selja jarðirnar.

Hvers vegna eiga bændur að eiga eftirkaup við þing og stj. um ábúðarkjör á þjóðjörðum? Mér finnst, að bændur eigi kröfurétt á að fá að sjá, hvað þingið vill í þessu efni, áður en þeir eru útilokaðir frá því að geta eignazt jarðirnar.

Á það hefir réttilega verið bent nú við umr., hve ósanngjarnt það sé að segja, að l. um sölu þjóð- og kirkjujarða hafi orðið til ógagns. Að þau hafi ekki náð tilgangi sínum, getur verið a. n. l. rétt. En þá átti bara að gera ráðstafanir til þess, að tilgangi l. yrði náð sem fyrst og bezt. Það er réttur bænda í þessu efni, að að því sé unnið, að kostir þjóðjarðasölunnar fái notið sín sem bezt. Fyrir síðasta Alþ. lá frv., sem gekk í þá átt.

Annars er nokkuð mikið samræmi í þeirri tvennskonar grg., sem er fyrir þessu frv. Hin venjulega grg. er í hreinni samhljóðan við hina grg., það, að flm. frv. eru allir kaupstaðabúar, menn, sem ekki geta talað, aðstöðu sinnar vegna, frá sjónarmiði bændanna sjálfra. Þó að einn þeirra sé ráðunautur Búnaðarfél. Íslands, þá hefir hann samt ekki skilning á þessum hlutum, og hefir ekki sýnt annað en að hann væri á þeim leiðum, sem stefna að því, að ríkið eigi allt, en einstaklingarnir ekkert. Stjórnarliðið hefir vitanlega ekki getað fengið þá bændur, sem sæti eiga á Alþ., til þess að gerast meðflm. að þessu frv. Þeir hafa auðvitað veigrað sér við því að ganga svo algerlega í berhögg við hagsmuni stéttar sinnar.

Ég verð nú að segja það, að ég tel, að þetta frv. eigi alls ekkert erindi til n., né að það eigi að halda áfram í þinginu. En þeir, sem að því standa, hafa sjálfsagt tryggt sér framgang þess, svo að það verði ekki heft á neinn hátt. Ég mun samt sem áður sýna afstöðu mína til frv. með því að greiða því ekki atkv., að það fari lengra en til þessarar umr., því að þetta mun vera hugsað sem fyrsta sporið á þeirri braut, sem samkvæmt kenningum þessara manna á að fara, sem stefnir að því, að ríkið eigi allar jarðeignir í landinu. Fyrst á að stíga þetta spor, að stöðva sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Svo á að stíga hitt sporið, að ná af bændum eignarheimild á jörðum þeim, sem þeir nú eiga. Þetta er vítisstefnan í landbúnaðarmálum, sem ráðunautur Búnaðarfél. Ísl. hefir gerzt talsmaður fyrir, og fallið þar á sveif með sósialistum, sem allt vilja taka af öllum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal reyna að leiða hjá mér þá hnífla, sem beint hefir nú verið að mér sérstaklega í þessu máli, og reyna líka að tala um málið þannig, að það espi ekki upp þá menn, sem hyggja sig sjá langt fram í framtíðina, og sjá þar ímyndaðar forynjur og tröll, sem þeir svo eru hræddir við.

Það hafa nú verið nefnd einstök dæmi, sem átt hafa að sanna það, að mikil blessun hafi orðið af því fyrir bændur landsins að geta eignazt þjóðjarðir og kirkjujarðir. Dæmi var nefnt úr Norður-Ísafjarðarsýslu, af dugandi bónda þar. En hv. þm., sem dæmið kom með, láðist að geta þess, hve mikinn heyforða þessi bóndi átti, þegar hann keypti jörðina, og hve mikið innstæðufé hann átti þá í Útvegsbankanum, sem gerði honum mögulegt að framkvæma það á jörðinni, sem hann hefir gert. Hér er því um alveg sérstakt dæmi að ræða, sem sannar ekki það, sem það átti að sanna, af því að það er ekki rétt mynd af því, sem almennast er í þessu efni. Mér er þetta dæmi kunnugt, og ég skal nefna nafn þessa bónda, ef hv. þm. langar til. Það var líka sérstaklega ástatt í því tilfelli, sem hv. þm. Ak. tók sem dæmi, og það sannar heldur ekkert fyrir heildina.

Það, sem gerir það að verkum, að við eigum að hætta að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, en búa svo að ábúendum á þeim, að þeir hafi nákvæmlega jafnmikla hvöt til þess að búa vel á jörðunum og endurbæta þær eins og ef þeir ættu þær sjálfir, er það, að jarðirnar í einkaeign eru stöðugt að skipta um kaupendur, og í hvert skipti, sem eigendaskipti verða á þeim, hækkar verðið á þeim, og með því er þeim mjög íþyngt, sem á þeim búa. Þetta er höfuðatriðið.

Nú vil ég spyrja hv. andmælendur þessa frv.: Haldið þið, að það sé betra að búa á jörð, sem við það, að hún hefir gengið kaupum og sölum, hefir verið tífölduð í verði? Haldið þið, að bónda gangi betur að renta 40 þús. kr. höfuðstól heldur en að greiða 180 kr. eftirgjald? En svo er reyndin t. d. með eina jörð í Eyjafirði. Er það betra að búa á jörð, þegar búið er að selja hana fyrir 11 þús. kr., sem áður var seld fyrir 4 þús. kr.? En það dæmi er alveg nýtt úr Skagafirði. Skyldi það ekki vera léttara að renta 4 þús. kr. höfuðstól? Sala þjóðjarða og kirkjujarða er vitanlega gróði fyrir þá, sem fyrst kaupa jarðirnar, en fyrir þá, sem svo taka við þeim, verður það ekki gróði, að þær séu seldar úr ríkiseign. Höfuðatriði þessa máls er nauðsynin á því, að komið sé í veg fyrir, að bændastétt landsins sé íþyngt með of háu verði á jörðum, og of háu eftirgjaldi af þeim, og þess vegna er ég á móti sölu þjóðjarða og kirkjujarða. En á það vil ég leggja ríka áherzlu, að það þarf að búa svo að leiguliðum á þessum jörðum, að það sé alveg sama fyrir þá að búa á þeim eins og þeir ættu jarðirnar sjálfir. Þetta er tekið fram í grg. frv., og þessu mega menn ekki gleyma. Og á síðasta þingi lá fyrir frv. til l. um þetta efni, sem lá hjá landbn. samhliða þessu frv. Ég geri ráð fyrir, að þessi ábúðarl. komi á eftir samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, eða samhliða. Það er alveg rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að l. um ábúð á þjóðjörðum og kirkjujörðum þurfa að koma jafnframt l. um afnám l. um þjóð- og kirkjujarðasöluna. (**HannJ:** Þau þurfa að koma á undan). Þau þurfa að fylgjast að.

Þegar menn athuga það, hve margar þjóð- og kirkjujarðir hafa verið seldar á Íslandi, og þegar menn fara að telja saman þær jarðir, sem þeir þekkja til, sem aftur hafa verið seldar og þá margfaldazt í verði, án þess að þær hafi verið neitt bættar, þá hlýtur mönnum að verða það ljóst, hversu mikill munur það væri fyrir bændastétt landsins, ef ábúðarkjör bænda miðuðust við það verð á jörðum, sem áður var á þeim, en þeir þyrftu ekki að greiða fé til peningamanna, sem taka sína vexti af því fé, sem þeir hafa lánað til jarðakaupanna.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hér væri lítið frv. á ferðinni, sem færi ekki fram á annað en að stöðva sölu þjóð- og kirkjujarða, en gat þess þó, að ekki væri alveg laust við, að samband væri á milli þessa frv. og svo hins, sem vitanlega mun eiga að leiða af þessu, að ríkið fari að kaupa upp jarðirnar í landinu. Ef í stj. landsins og meiri hl. á Alþ. eru menn, sem vilja knýja þetta fram, þá hefir ríkisstj. eða ríkisvaldið vitanlega ákaflega sterk tök á að geta náð jörðunum frá bændum og undir ríkið, án þess beinlínis að ganga í berhögg við ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarréttarins. Og það er enginn vafi á, að hv. 2. þm. Reykv. stefnir að þessu. Og hann hefir góðan liðsmann með sér, þar sem er hv. 2. þm. N.-M., sem hlýða mun fyrirskipunum formanns síns í öllum greinum.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um það, að oft hafi orðið mikil óánægja út af sölu á þjóðjörðum. En ég vil svara því þar til, að það eru hverfandi fá þau tilfelli, þegar sala þjóðjarða hefir valdið óánægju, í samanburði við þau tilfelli, þegar sú sala hefir orðið til ánægju fyrir þá menn, sem unna framförum í sveitabúskap á landi voru, við það, að þeir sjá, hve jarðirnar taka miklum stakkaskiptum við að komast úr leiguábúð og í sjálfseignarábúð. Hitt getur verið, að til séu þau dæmi, þar sem eigendaskipti hafa orðið mjög fljótlega á jörðum eftir að þær hafa verið seldar úr ríkiseign, og mikill verðmunur komið fram við þá sölu í stöku

tilfellum án beinna aðgerða þeirra, sem keyptu jarðirnar. Í flestum slíkum tilfellum hefir verðhækkunin stafað af því, að lagt hefir verið í kostnað til að bæta húsakynni jarðanna og rækta þær. Víða þar, sem búið er að byggja upp á slíkum jörðum, er það svo, að hús hafa verið gerð þar svo dýr, að landverðið er orðið hverfandi lítið, samanborið við það, sem kostað hefir verið til umbótanna. Í þessu liggur að miklu leyti verðhækkun sú, sem orðið hefir á þessum jörðum, þó að hinsvegar megi auðvitað benda á einstök dæmi, þar sem þetta liggur ekki til grundvallar. Auk þessa hafa vitanlega ýmsar verðlagsbreytingar áhrif á verð jarða, því að vitanlega er það svo um jarðir eins og allt annað í landinu, að verðbreyt. verða miklar á þeim frá ári til árs, bæði vegna verðfalls peninga á pappírnum og af fleiri ástæðum. Krónan er nú ekki nema í hálfu gildi, miðað við það, sem áður var, og þessi mismunur á gildi krónunnar hefir verið rækilega notaður af þeim mönnum, sem ríða fantareið í þá átt að reyna að koma öllum jörðum í ríkiseign.

Hv. 2. þm. Reykv. drap lítillega á frv. um óðalsrétt og sagði, að það fyrirkomulag tilheyrði frekar miðöldunum en nútíðinni. En ég vil þá aftur á móti benda hv. þm. á það, að Norðmenn, sem frá ómunatíð hafa búið við það skipulag, þeir álíta óðalsréttinn svo mikils virði fyrir sinn landbúnað, að þeir hafa lagt mjög mikla rækt við að sníða löggjöf sína eftir breyttum tímum, þannig að þetta fyrirkomulag ætti alltaf stoð í veruleikanum, svo að það gæti þrifizt sem bezt. Svo mikils virði telja þeir óðalsréttinn fyrir landbúnað Noregs. Og af því að hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að þetta frv. — og þá væntanlega líka á sínum tíma frv. um, að ríkið skuli kaupa upp allar jarðeignir á landinu — væri samningsatriði á milli sósíalista og framsóknarmanna, þá vil ég benda þessum hv. þm. á það, að einn fyrrv. þm., sem mikils er metinn í Framsfl., var t. d. álitinn þess verður að vera settur í skipulagsn. atvinnumála — Steingrímur Steinþórsson, skólastjóri á Hólum —, sem ég ætla að sitji nú við hlið hv. 2. þm. Reykv. á rauðu merinni — hann fór nokkrum orðum um þetta mál, óðalsréttinn, hér á þingi árið 1933, þegar til umr. var ábúðarlöggjöfin. (HV: Það kemur bráðum frv. frá Rauðku). Það er vel viðeigandi að bera saman við þetta frv. og þá stefnu, sem það markar, það, sem þessi hv. fyrrv. þm. sagði á þingi 1933. Hann segir, út frá hugleiðingum um þá ágalla, sem hann telur vera á sjálfsábúðarfyrirkomulaginu, að hann telji það tvennt, sem um sé að ræða til umbóta í því efni, annað að bæta kjör ábúenda á þeim jörðum, sem ríkið á og hefir með höndum, en hitt sé, að komið yrði hér á óðalsábúð með óðalsrétti. Um þetta farast honum orð á þessa leið: „Við þessari meinsemd er ekki nema um tvær leiðir að velja, að því er mér sýnist. Annað er það, að taka hér upp óðalsrétt og fyrirskipa, að t. d. elzti sonur hafi rétt til jarðarinnar og þurfi ekki að svara út arfahlutum úr jörðinni, og ekki hvíli aðrar kvaðir á eigninni en veðskuldir. Óðalsréttur hefir frá ómunatíð tíðkazt í Noregi. Er gaman að athuga það, að hin nýja stjórn í Þýzkalandi hefir einmitt horfið að þessu ráði, að taka upp óðalsréttinn, og samtímis fyrirskipa, að enginn megi búa nema á einni jörð. Segi ég þetta ekki til þess að hæla þessari nýju stjórn, sem mér virðist margt misjafnt um, en hitt er það, að hún virðist hafa hitt naglann á höfuðið um þetta atriði."

Þetta, að taka upp óðalsrétt sem aðra lausn þessa vandamáls, segir framsóknarflokksmaðurinn Steingrímur Steinþórsson, sem þá var 2. þm. Skagf. og nú hefir verið settur til þess að skipuleggja ýms mál, sem framsóknarmenn og sósíalistar telja sig þurfa að skipa eftir sínu höfði.

Annars er þetta, að menn vilja yfirleitt eiga land það, er þeir búa á, sjálfir, sprottið af þeirri hvöt, sem gerir vart við sig hjá hverjum einstökum manni, að vilja vera sjálfum sér nógur. Það er yfirleitt það takmark, sem menn keppa að í lífinu, að eiga sjálfir þau gæði, sem þeir þurfa að nota til þess að byggja upp það þjóðfélag, sem þeir búa í. Vilji stjórnarvöldin fara að reyna að koma í veg fyrir það, að þegnunum auðnist að ná þessu takmarki, er beinlínis verið að hefta eðlilega framþróun þeirra, sem þó er öfugt við það, sem öll siðuð stjórnarvöld telja sér skylt.

Hjá hv. 2. þm. Reykv. og fleiri bæjarbúum kemur hvötin „að vilja vera sjálfum sér nógur" m. a. fram í því, að þeir vilja eiga hús þau, sem þeir búa í, sjálfir. Þess vegna hefir hv. 2. þm. Reykv. t. d. byggt sér dýra og skrautlega „villu" til þess að búa í, og finnst það víst ekki nema sjálfsagt. Það er þeim mun undarlegra, þegar þessir góðu menn ætla svo af göflunum að ganga, þegar talað er um, að eðlilegast sé, að sveitamennirnir eigi ábýli sín og íbúðarhús sjálfir. Annars þýðir ekki að vera að þrátta um þetta. Það hefir hvor sína skoðun í þessu sem mörgu öðru, en hitt er ekki undarlegt, þó að forsvarsmenn þessa frv. og fylgifiskar þeirra verði áhrifalitlir, þegar hægt er með rökum að benda á, að allt, sem þeir halda fram, stangast í þeirra daglega lífi eins og mannýg naut.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi gera lítið úr dæmi því, sem hv. 6. þm. Reykv. tók, sagði, að það væri lítið á því að græða. Slík rökvísi var tæplega samboðin öðrum en honum, að það sé ekkert á því að græða fyrir íslenzkan landbúnað, þó að keypt sé niðurnídd jörð, byggt upp á henni og hún ræktuð, svo hún geti framleytt stóru búi. Það er harla undarlegt, að búnaðarráðunauturinn skuli ekki koma auga á gagnsemi slíks fyrir íslenzkan landbúnað. Þegar skarpskyggni hans er þannig varið, er sízt að undra, þó að starfsemi hans verði og gagnslítil fyrir íslenzka bændur og íslenzkan landbúnað yfirleitt. Hann vildi halda því fram, hv. þm., að peningarnir, sem notaðir hefðu verið til umbóta á jörðinni, hefðu verið teknir út úr Útvegsbankanum, og því væri ekki hægt að telja dæmi þetta til inntekta fyrir landbúnaðinn. En það er eins og annað út í loftið hjá þessum hv. þm. Er það kannske ekki sláandi dæmi, að peningar, sem teknir eru til ávöxtunar í íslenzkri mold, skuli bera slíkan ávöxt sem hér ber raun vitni um?

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Um þetta mál, sem hér er til umr. nú, hefir oft verið

deilt á Alþingi, því að um það hafa löngum verið skiptar skoðanir. Framsfl. hefir jafnan staðið nær óskiptur með því að selja ekki þjóðjarðir. Fleiri hafa og verið á þeirri skoðun, að ekki væri rétt, að ríkið seldi jarðir sínar. enda þótt sjálfstæðismenn haldi því fram nú, að það hafi verið og séu ennþá aðeins framsóknarmenn og sósíalistar, sem vilji ekki, að þjóðjarðirnar séu seldar. Ég þekki nfl. fjölda sjálfstæðismanna úti um land, sem eru fylgjandi afnámi þjóðjarðasölulaganna. Þannig veit ég t. d. um bændur norður í Skagafirði, sem eru eindregnir sjálfstæðismenn, en fylgja þó afnámi þessara laga. Hér er því ekki aðeins um að ræða mál framsóknarmanna og sósíalista, heldur og fjölda annara.

Því hefir verið haldið fram undir þessum umr., að það væri fjandsamlegt gagnvart íslenzkri bændastétt að afnema með lögum rétt bænda til þess að fá keyptar ábýlisjarðir sínar, sem eru eign ríkissjóðs eða kirkjujarðasjóðs. Það er því ekki úr vegi að athuga lítilsháttar, hvernig ýmsir merkir menn litu á þessi mál, þegar þjóðjarðasölulögin voru sett. Hinir stórmerku menn Pétur Jónsson frá Gautlöndum, Jón Jónsson frá Múla og Hermann Jónasson skólastjóri frá Hólum sýndu allir með sterkum rökum fram á þá ágalla á þjóðjarðasölulögunum, sem síðar hafa komið fram og staðfestir hafa verið með reynslunni. Fyrst og fremst það, að óeðlileg verðhækkun myndi verða á þeim jörðum, sem seldar yrðu manna á milli. Þetta hefir fullkomlega rætzt, því að mörg dæmi þess mun mega finna, að jarðir, sem t. d. ríkissjóður hefir selt fyrir 2000 kr., hafa eftir stuttan tíma verið seldar fyrir 20 þús. kr. Í nágrenni við mig norður í Skagafirði vissi ég m. a. dæmi þess, að jörð, sem keypt var af ríkissjóði fyrir 4 þús. kr., var eftir 1½ ár seld fyrir 30—40 þús., og þannig mætti lengi telja. Jafnframt benda þeir á, að af sölu jarðanna geti stafað afturför í ræktun þeirra, sem liggi í því, að þeir, sem jarðirnar kaupi, festi fé sitt í kaupverði þeirra og geti því ekki lagt eins mikið í ræktun. Jón frá Múla bendir á þá leið út úr þessu, að koma á rétti til erfðaábúðar inn í ábúðarlögin. Hann telur, að það myndi verða nægileg hvöt fyrir bændurna til þess að vinna að því að skila jörðunum betri í hendur afkomendanna en þær væru, er þeir tóku við þeim.

Ég held nú, að þeir, sem stöðugt eru að deila um þetta mál og halda því fram, að það sé fjandskapur gegn íslenzkri bændastétt að afnema þjóðjarðasölulögin, hefðu gott af því að lesa umr. í Alþt. frá þeim tíma, er lögin voru sett, og þá sérstaklega að kynna sér skoðun hinna merku bændafrömuða, sem ég nefndi.

Eins og ég tók fram, þá er fjöldi sjálfstæðisbænda úti um land, sem eru fylgjandi afnámi þjóðjarðasölulaganna. Þeir hafa eins og fleiri m. a. rekið sig á þann ágalla, sem allmjög hefir komið við menn, að þegar bóndi, sem býr í sjálfsábúð og gert hefir jörð sinni vel til góða, ræktað hana og húsað, vill hætta búskap, eða hann fellur frá og börnin eiga að taka við, þá hefir það sýnt sig, að eitt þeirra eða tvö rísa ekki undir því að kaupa eignina og standa hinum systkinum sínum skil á þeirra hlut. Þess vegna hefir raunin orðið sú, að þau, sem orðið hafa til þess að kaupa jörðina, hafa orðið að strita og strita til þess aðeins að geta haldið öllu gangandi, án þess að geta borgað eyri af kaupverði eignarinnar. Og það eru jafnvel dæmi þess, að þau hafa ekki risið undir vaxtabyrðunum einu sinni, og hlaðizt þá dýpra og dýpra í skuldir. Má því finna dæmi þess, að lánsstofnanirnar hafa að lokum orðið að taka jarðirnar, leigt þær svo til eins árs í senn, en eins og kunnugt er, þá er sjaldan mikill áhugi þeirra manna fyrir umbótum á jörðunum, sem slíka ábúð hafa. Hefir því reynslan orðið sú, að jarðirnar hafa stórkostlega gengið úr sér, og jafnvel fallið í niðurníðslu.

Með frv. þessu er því verið að vinna að hagsmunum bændastéttarinnar í heild, jafnt framsóknarmanna, sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna. Læt ég svo þessi fáu orð nægja um málið á þessu stigi.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að leiðrétta tvö atriði í ræðu hv. 2. þm. N.-M. Hann vildi halda því fram, að það hefði verið blandað blekkingum dæmið, sem ég nefndi um sjálfseignarbóndann. Hann sagði, hv. þm., að ég hefði ekki getið um, að bóndinn hefði átt fé í banka, sem hann hefði notað til þess að byggja upp á jörðinni o. fl. Þó nú svo hefði verið, að bóndinn hefði gert þetta, þá er ekki annað um það að segja en að það hefði verið til styrktar mínum málstað. En ég sem kunnugur þessum manni get fullvissað hv. þm. um það, að hann hefir ekki tekið 1 eyri út úr banka til þessara hluta, aðeins gengið lítilsháttar á annað innstæðufé sitt. Hann hefir ræktað jörð sína og byggt hana upp fyrir dugnað sinn og ráðdeild. Þá sagði hv. þm. ennfremur, að bóndinn hefði átt fleiri ára fyrningar til þess að gefa fénaði sínum, jafnvel 5 ára gamlar birgðir. Nú veit ég ekki, hvernig fóðurbirgðaráðunauturinn fer að halda því fram, að hægt sé að nota 5 ára gamalt hey til þess að fóðra með búpening. Ég fyrir mitt leyti held, að það sé létt fóður, jafnvel léttara heldur en þó að gömlu rollurnar verði brytjaðar ofan í kýrnar, eins og þessi hv. þm. hefir af sinni miklu vizku viljað kenna sem eitthvert sérstakt snjallræði.

Þá eru nokkur atriði úr ræðu hæstv. forsrh., sem ég vildi leyfa mér að minnast á. Hann sagði, að framsóknarmenn hefðu staðið óskiptir að því að afnema þjóðjarðasölulögin. Ég veit ekki, hvernig ber að skilja þetta. Hvort ráðh. á aðeins við framsóknarmenn hér í þinginu eða framsóknarmenn almennt. Ég býst þó frekar við, að hér sé aðeins átt við þingflokkinn, og þá aðeins síðan hann komst í faðmlögin við sósíalista, því að ég þekki marga framsóknarmenn, sem eru ákveðnir þeirrar skoðunar, að sem flestar jarðir eigi að vera í sjálfsábúð. Hann vildi halda því fram, hæstv. ráðh., að það væru margir bændur úr Sjálfstfl., sem fylgdu afnámi þjóðjarðasölulaganna. Ég býst við, að í Sjálfstfl. eins og í öðrum stjórnmálafl. séu menn, sem hafa kollsiglt sig í búskapnum, yfirbyggt jarðir sínar o. s. frv. og því ekki getað staðið við skuldagreiðslur sínar. Þessir menn hafa því

margir hverjir misst kjarkinn við búskapinn, og má því vera, að einhverjir þeirra hneigist að þeirri skoðun, að bezt sé, að ríkið eigi jarðirnar, en ekki einstaklingar. Þessi og þvílík óhöpp, sem bændur hafa orðið fyrir, ásamt verðfalli afurðanna, hafa að sjálfsögðu orðið til þess að draga úr mörgum bóndanum kjarkinn. Á það lagið vilja því sósialistar ganga, og girða fyrir það um leið, að nokkur bóndi hér eftir geti orðið sjálfseignarbóndi.

Þá vitnaði hæstv. forsrh. til merkra manna úr Þingeyjarsýslum, sem tóku þátt í umr. um þjóðjarðasölulögin, þegar þau voru sett. Út af því vil ég taka það fram, að enda þótt Jón frá Múla, Pétur Jónsson o. fl. hafi verið á móti þjóðjarðasölulögunum þegar þau voru sett, þá er ég ekki viss um, að þeir hinir sömu menn væru með afnámi þeirra nú, eftir þá góðu raun, sem þau hafa gefið. Annars vil ég í þessu sambandi taka það fram sem kunnugur maður í Þingeyjarsýslunum, að á þeim árum, sem ég var að alast þar upp, voru mjög fluttar þar kenningar sósíalismans, og af því eimir eftir ennþá. Eitt af því, sem boðað var, var t. d. það, að ríkið ætti að eiga allar fasteignir. Frá þessari villu hafa allir betri menn norður þar snúizt nú, og er því ekki nema hinn fákænni hluti fólksins, sem ennþá fylgir þessari firru.

Mér þótti undarlegt, að hæstv. ráðh. skyldi fara að draga hér fram þær skoðanir hinna mætu manna, sem hann vitnaði til, að ræktun myndi yfirleitt minnka með sölu þjóðjarðanna, þar sem það blasir við öllum, sem augun hafa á annað borð opin, að ræktun landsins hefir aukizt í stórum stíl síðan jarðirnar yfirleitt komust úr leiguábúð yfir í sjálfsábúð.

Því er sífellt hampað af þeim mönnum, sem vilja, að ríkið eigi allar jarðir í landinu og afnema sjálfsábúðina, að erfðafestuábúðin hvetji bændur svo ákaflega mikið til umbóta á jörðunum. Það er nú ekki svo geysimikill munur á sjálfsábúð og erfðafestuábúð. En ég vil spyrja hæstv. landbrh., þó að hann hafi ekki sérstaklega mikinn kunnugleika á landb., hvort honum hafi virzt ákaflega blómlegur búskapur hjá þeim bændum, sem höfðu lífstíðarábúð á jörðum. Í þeirri sveit, þar sem ég er uppalinn, hafði fjöldi bænda lífstíðarábúð á kirkjujörðum, og voru þær yfirleitt sárlega niðurniddar. En nú á síðustu árum hafa flestar af þessum jörðum verið keyptar af ábúendum og þannig komizt í sjálfsábúð, enda hafa síðan verið gerðar á þeim miklar og blómlegar umbætur.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikið um það talað af andmælendum þessa frv., að það mundi vera sprottið af fjandskap til bænda. Ég hefi ekki heyrt því haldið fram. Og ég vil ekki heldur líta svo á, að jafnaðarmenn flytji þetta frv. af hatri til bænda yfirleitt, enda ekki ástæða til þess; en það er áreiðanlega sprottið af hatri til sjálfstæðra bænda. Ég held, að það sé miklu fremur ástæðan fyrir flutningi þessa frv., að flm. vilja koma á ríkisrekstri í landbúnaði, með því að innleiða leiguábúð á öllum jörðum, heldur en það sé sprottið af hatri til bændastéttarinnar í heild. Þetta mun vera ástæðan til þess, að sósialistar flytja þetta frv. og hafa skuldbundið Framsfl. til að fylgja því. Og ef það er satt, að það sé samningur um það á milli stjórnarflokkanna að gera þetta frv. að lögum, þá er þetta frv. vitanlega ekki annað en eitt atriðið í þeim nauðungarsamningi, sem Framsfl. hefir orðið að krjúpa að til þess að fá að halda völdum og lífi í landinu.

Stefna þessa frv. á engar rætur úti um byggðir landsins hjá bændunum sjálfum. Ég veit ekki betur en að á flestum fundum meðal bænda í seinni tíð hafi verið samþ. ályktanir um kosti og aukningu sjálfsábúðar í landinu. Og tel ég, að þetta frv. sé snoppungur fyrir þá stefnu og að það eigi engan rétt á sér. Enda bætir það ekki um, ef til þess er stofnað með gerræðiskenndum samningum á milli stjórnarflokkanna bak við tjöldin, þar sem annar flokkurinn hefir verið kúgaður til fylgis við það.

Ég tel mig því ekki hafa nokkurn rétt til þess að sýna þessu frv. neina miskunn og mun hiklaust greiða atkv. á móti því, að það verði látið fara lengra.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., að Framsfl. væri þessu frv. fylgjandi vegna nauðungarsamninga við jafnaðarmenn. Ég hygg, að þetta sé sagt á móti betri vitund. Hv. þm. veit, að þeirri stefnu, sem í frv. felst, hefir verið haldið *fram í aðalmálgagni Framsfl. í mörg ár, og* að flokkurinn hefir á engan hátt farið á bak við kjósendur í þeim efnum. Í minu kjördæmi var þetta eitt af þeim málum, sem mest var um rætt fyrir síðustu kosningar, og ég var beinlínis kosinn upp á það að fylgja fram þeirri stefnu, sem í frv. felst. Um þetta mál var rætt á öllum fundunum, og eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir þetta verið yfirlýst stefnuskráratriði Framsfl. í mörg ár.

Þegar verið er með stórum orðum að tala um nauðsyn þess, að flestar eða allar jarðir séu í sjálfsábúð, þá er varla minnzt á jarðeignir einstakra manna, sem þeir leigja öðrum til afnota. Í því sambandi vil ég benda á það, að þegar þjóðjarðasölulögin voru til meðferðar á Alþingi 1905, þá voru hér á landi 450 þjóðjarðir, 700 *kirkjujarðir og 2600 jarðir, sem einstakir menn* áttu og leigðu öðrum til ábúðar. Og kjör þau, sem leiguliðar á jörðum einstakra manna áttu við að búa, hafa aldrei verið sambærileg við þau kjör, sem ríkið hefir veitt leiguliðum á opinberum jarðeignum, heldur hafa þau jafnan verið til muna lakari. Andmælendur þjóðjarðasölulaganna bentu á þann meðalveg til úrlausnar, að jarðirnar yrðu blátt áfram leigðar einstaklingum með þeim kjörum, að þeir fengju með erfðaábúð að njóta þeirra kosta, sem fylgja sjálfseignarumráðum, án þess að festa kapital í jörðunum. Ég er ekki að gera þeim upp þessar skoðanir. Rök þeirra gegn þjóðjarðasölunni koma greinilega fram í umr. á Alþingi 1905, og þau rök þeirra hefir reynslan staðfest svo áþreifanlega, að ekki verður um villzt.

Þá var á það minnzt, að enginn bóndi úr hópi sjálfstæðismanna væri fylgjandi þeirri stefnu að stöðva sölu þjóðjarða, nema þeir, sem hefðu hagað sér eins og glópar í búskapnum og væru

komnir svo í þrot, að þeir vildu láta ríkissjóð kaupa af sér jarðirnar. Þessa staðhæfingu hv. 6. þm. Reykv. vil ég leiðrétta, því að þetta er alveg gripið úr lausu lofti. Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að þessi skoðun ýmsra sjálfstæðismanna í sveitunum væri byggð á þeirra eigin reynslu og þekkingu á þessum efnum í byggðarlögum þeirra, alveg án tillits til eigin hagsmuna. Ég vil ekki nefna einstök nöfn þessu til sönnunar, en í einkasamtali gæti ég bent hv. 6. þm. Reykv. á marga sjálfstæðismenn í Skagafirði, og þá ekki úr hópi hinna lakari bænda, sem hafa verið og eru beinlínis mótfallnir þjóðjarðasölunni.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þau rök, sem hefðu verið flutt á móti þjóðjarðasölunni 1905, og máske talin frambærileg þá eða jafnvel góð, væru vitanlega einskis virði nú, eftir að reynslan væri búin að leiða í ljós sannleikann í þessu máli. En ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að allar hrakspár þeirra þm., sem töluðu á móti þjóðjarðasölulögunum 1905 og bentu á galla þeirra, hafa margfaldlega rætzt, og meira en það. Afleiðingarnar af framkvæmd þeirra laga, sem þeir bentu á þá, hafa komið fram og margskonar ógæfa önnur.

Hv. þm. sagði, að því hefði verið haldið fram, að það myndi valda afturför um ræktun jarðanna, ef þær yrðu seldar einstaklingum, en reynslan hefði nú sannað hið gagnstæða. Þetta er ranghermi. Andstæðingar þjóðjarðasölunnar létu það aldrei í ljós, að sala þjóðjarðanna myndi leiða til þess, að ræktun og umbætur á jörðunum færu minnkandi frá því, sem áður var. En þeir bentu á annað. Þeir sögðu, að með róttækum umbótum á ábúðarlöggjöfinni og löggildingu erfðafestuábúðar á opinberum jarðeignum mætti gera meira að því að knýja ábúendur til ræktunar og umbóta á jörðunum. Og ég er ekki í neinum efa um, að útkoman hefði orðið sú. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá höfum við mikla reynslu fyrir þessu hér í nágrenni Rvíkur og víðar, að erfðafestuábúðin veitir bændum og búaliði yfirleitt alla hina sömu kosti og sjálfsábúðin.

Þá minntist hv. 6. þm. Reykv. á það, hvernig á því stæði, að lífstíðarábúðin hefði ekki reynzt bændum nægileg hvöt til þess að bæta jarðirnar. Og beindi hann þeirri spurningu til mín. Það er um lífstíðarábúðina að segja, að hún hefir vitanlega ekki veitt bændum nægilega hvöt til umbóta á jörðunum, vegna þess að ábúðarlöggjöfin veitti þeim ekki öruggar tryggingar fyrir því, að umbæturnar yrðu af þeim keyptar við hæfilegu verði af viðkomandi jarðeiganda. Ennfremur má benda á það, að lífstíðarábúðin veitir ekki sömu hvöt sem erfðafestuábúðin gefur, þá hvöt, sem fólgin er í því, að afkomendur ábúandans fái að njóta athafna hans og umbóta á jörðinni. Af þessum ástæðum er lífstíðarábúðin ekkert sambærileg við erfðafestuábúðina. En því ábúðarfyrirkomulagi fylgja sömu kostir og sjálfsábúð. Og munurinn er sá, að bændur, sem fá jarðir byggðar á erfðafestu, þurfa ekki að festa fé í kaupverði þeirra, enda skiptir það geysimiklu máli fyrir bændur, sem flestir eru kapitallitlir eða kapitallausir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal verða stuttorður og leiða hjá mér alla hnífla, sem varpað hefir verið til mín persónulega. En mér þótti það dálítið hart, þegar hv. 6. þm. Reykv. sagði, að í Þingeyjarsýslu væru það nú orðið ekki aðrir en þeir fákænustu og litilsigldustu, sem fylgdu þeirri stefnu að afnema þjóðjarðasölulögin. Hv. þm. leyfir sér að dæma fjarstadda menn, sem ekki geta svarað fyrir sig á sama vettvangi, og bletta með sínum svarta stimpli helztu bændafrömuði í þessu héraði, eins og t. d. Bjarna Arason á Grýtubakka, Benedikt Jónsson á Auðnum og fleiri þjóðkunna Þingeyinga, með því að kalla þá fákæna aumingja. Þetta er ekkert annað en ósvífinn sleggjudómur, sem ég mótmæli afdráttarlaust og tel hv. þm. til megnustu vansæmdar. Ég sagði, að þetta dæmi, sem hv. 6. þm. Reykv. tók af bónda í N.-Ísafj.sýslu, væri alveg einstakt í sinni röð og sannaði ekkert um það mál, sem hér er deilt um. Hv. þm. Borgf. vildi eitthvað mótmæla því, sem ég sagði um þetta. En hvernig var ástatt um þennan mann áður en hann keypti jörðina? Hann hafði verið fyrirvinna hjá föður sínum í mörg ár, og sjálfur bóndi í raun og veru, og var búinn að umturna þeirri jörð. Hann átti, þegar hann keypti kotið, mörg þús. kr. í sparisjóði á Ísaf., margfaldan bústofn á jörðina og svo miklar heyfyrningar, að hann þurfti í raun og veru ekkert að heyja handa búpeningi sínum í 2 ár. Hann átti nægilegt kapital til þess að byggja steinhús á jörðinni, peningshús og framkvæma stórfellda ræktun. Ef þetta dæmi á að gilda almennt um þá menn, sem kaupa sér jarðir til ábúðar, þannig að af því verði dregnar almennar ályktanir um ástæður þeirra yfirleitt, þá verð ég að segja það, að meiri fjarstæðu er ekki hægt að nefna. Þetta dæmi er svo einhliða, að það sannar bókstaflega ekki neitt.

Hitt dæmið, sem hv. þm. Ak. tók, er miklu nær því að sýna, hvernig gengið hefir fyrir þessum mönnum almennt. Hann veit vel, hvernig það hefir leiðzt út, og mér er það einnig kunnugt. Ég er viss um, að við hefðum báðir óskað, að það hefði farið öðruvísi fyrir þeim manni.

En það er eitt atriði í þessu máli, sem ekki hefir enn komið nægilega ljóst fram í þessum umr., en væri þó mest ástæða til að gefa gaum, af því að það þjakar sveitarfélögunum hvað mest, og það er, hvernig fjármagnið sogast úr sveitunum í kaupstaðina með fólkinu, sem þangað flyzt. Þetta skeður venjulega á þann hátt, að bændur, sem eru nokkuð við aldur, hafa ekki ástæður til að halda áfram búskapnum í sveitunum, og selja þá jarðir sínar, sem þeir í mörgum tilfellum höfðu áður keypt af því opinbera, og flytjast svo með jarðaverðið í kaupstaðina. En við jörðunum taka, í þeirra stað, eignalitlir menn með sáralitið gjaldþol og þjakaðir af erfiðum kringumstæðum. Gjaldþol sveitarfélaganna þverr að sama skapi og fjárstraumurinn rennur eftir þessum farvegum til kaupstaðanna. — Ég geri ráð fyrir því, að við síðari umr. um þetta mál muni gefast tækifæri til þess að sýna fram á það með dæmum, hversu mikið fé er flutt úr sveitunum á þennan hátt, og hvernig þær eru orðnar útarmaðar vegna þeirrar blóðtöku. Ég

hygg, að hv. 7. landsk. og ég getum bent á margt í því sambandi.

En þrátt fyrir þetta vilja sumir menn, og þá ekki sizt þeir, sem búa í kaupstöðunum, láta halda áfram við að kasta jarðeignum ríkisins út í braskið, með því að ýta undir það, að þær séu seldar einstökum mönnum, sem að lokum lenda með gróðann af jarðabraskinu til kaupstaðanna, eins og ég hefi bent á.

Hin aðferðin, sem við flm. þessa frv. viljum beita, er sú, að taka jarðirnar tafarlaust út úr braskinu, stöðva sölu á þeim til einstakra manna, hafa jarðaverðið hóflegt og gera bændum jafnauðvelt að búa á þeim eins og þeir ættu þær sjálfir, og gefa þeim með erfðafestuábúð sömu hvöt til þess að bæta jarðirnar, enda er á þann hátt bezt tryggt, að þeir sjálfir og niðjar þeirra fái að njóta umbótanna. Erfðaábúðin veitir bændunum betri kjör en sjálfseignarfyrirkomulagið, af því að með þeirri aðferð er auðveldast að halda jarðaverðinu í hófi og fyrirbyggja jarðabraskið, en það gerir þeim, sem í sveitunum búa, erfiðara undir fæti með hverju ári, sem líður.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 23. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Í gær urðu nokkrar umr. um þetta mál. Fóru þær nokkuð lengra en frv. sjálft gefur stranglega tilefni til. Mál þau, er þá voru dregin inn í umr., voru að vísu svo náskyld þessu máli, að erfitt er að ræða þetta án þess að koma inn á þau líka. Ég hefi þó hugsað mér að víkja aðeins að þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég dró fram í gær dæmi um það, hversu mikil nauðsyn væri á því í mörgum tilfellum að beita þessum l., sem nú er lagt til að nema úr gildi, dæmi um fátækan bónda, sem býr á kirkjujörð, sem er lélega hýst. Hann fer fram á annaðhvort, að fá jörðina keypta, eða að gert sé við hús jarðarinnar og þau byggð upp, en það mundi hafa kostað minnst 10 þús. kr. Ég benti á það, að í þessu tilfelli hefði verið sjálfsagt að taka þann kostinn, að selja honum jörðina eins og lagaheimild var til. Ég vil leyfa mér að beiðast þess, að þeir menn, sem eru á annari skoðun, lýsi því þá beinlínis yfir, að í þessu tilfelli hefðu þeir talið réttara, að hið opinbera hefði lagt fram 10 þús. kr. til að byggja upp á jörðinni, í staðinn fyrir að selja manninum jörðina og láta hann sjálfan húsa hana, eins og hann bauðst til að gera. Ég gat þess um leið, að ef annarhvor af þessum tveimur kostum hefði ekki verið tekinn, þá hefði ekki annað legið fyrir en að jörðin hefði farið í eyði. Það var þriðja ráðið. Nú var tekinn sá kosturinn, sem var beztur, að selja manninum jörðina. Hann reisti hús á henni sjálfur, ófullkomin að vísu, en þó svo, að hann unir við þau í bili, og nú unir hann mjög vel á jörðinni, eftir því sem hægt er að vænta nú á þessum erfiðu tímum. Nú kemur hv. 2. þm. N.-M. og segir, að þessi kaup mannsins hafi endað með hörmungum, og það séum við báðir sammála um. Þetta er frekasta fjarstæða, og ég vil frábiðja mér hans ibliöndun í minar skoðanayfirlýsingar í þessu máli sem öðrum. Því vil ég biðja hans flokksmenn, sem hér eru viðstaddir, að skila til hans, fyrst hann getur ekki verið hér sjálfur viðstaddur.

Í sambandi við þetta frv. var það staðhæft af hæstv. landbrh., að í sambandi við kirkjujarða- og þjóðjarðasölu hafi margháttað og mikið brask átt sér stað. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla algerlega sem staðhæfulausum þvættingi. Ég efast um, að hægt sé að nefna eitt einasta dæmi um það, að slíkar jarðir hafi verið keyptar með það fyrir augum að selja þær aftur hærra verði. Og sé ekki hægt að nefna dæmi þess, — ekki eitt, því að það sannar ekkert, heldur mörg —, þá er ekki hægt að tala hér um brask. Annað mál er það, þó að hægt sé að benda á, að jarðir, sem seldar hafa verið sem þjóðjarðir eða kirkjujarðir, hafi síðar verið seldar hærra verði en þegar kirkjujarðasjóður eða ríkissjóður seldi þær.

Nú er sjálfsagt meiningin með þessu frv. að fyrirbyggja áframhaldandi „brask“, eins og þessir menn orða það. Mér finnst, að í þessu efni megi taka upp orð hv. 2. þm. Reykv., sem var að tala um eitthvert miðaldafyrirkomulag í sambandi við óðalsréttinn. Þessir menn fylgjast ekki með tímanum. Hvernig er hægt að hugsa sér brask með þessar jarðir, þegar þær eru að hríðfalla í verði? Hvaða „braskari“, eins og þeir vilja kalla það, mundi vilja kaupa jörð til þess að selja hana aftur með tapi? Allt þetta tal um brask á þjóðjörðum og kirkjujörðum hefir því ekki við nein rök að styðjast.

Eitt einstakt dæmi sannar vitanlega ekkert í þessu efni. Hér hefir líka einmitt oft verið vitnað í eitt einstakt dæmi, en það er sala á kirkjujörðinni Hrafnagili í Eyjafirði, sem var seld fyrir 4000 kr., ég man ekki hvenær, en það mun hafa verið í byrjun stríðsins, ef ekki fyrir stríð. Hún var seld með sannvirði, eftir matsverði. Árið 1919 var hún svo seld aftur fyrir 40—41000, án þess að verulegar umbætur hefðu fram farið á jörðinni. En ég þori að fullyrða, að almennt söluverð jarðarinnar hefir ekki verið yfir 20 þús. kr., m. ö. o., að jörðin hefir fimmfaldazt í verði, en það er einmitt sama hlutfall og búpeningur bænda hækkaði í verði á þessum árum.

En það, sem gerði það, að þessi sérstaka jörð var seld svo miklu hærra verði, var það, að einn maður, mjög vel efnaður, vildi af sérstökum ástæðum, sem mér þykir ekki hlýða að draga inn í þessar umr., kaupa þessa jörð handa tengdasyni sínum, næstum því hvað sem hún kostaði, og annar maður, sem einnig var mjög vel fjáður, eftir því sem um er að tala meðal bænda, keppti við hann um þessa jörð, sennilega meðfram til þess að stríða þeim manni, sem hann vissi, að ætlaði að kaupa jörðina, næstum því hvað sem hún kostaði. Þetta er nú það dæmi, sem svo oft hefir verið vitnað í, og mig skal ekki undra, þó að það eigi eftir að koma fram síðar í sambandi við þetta mál.

Út frá þessu brasktali hafa menn komið að því, að nauðsynlegt sé að stemma stigu fyrir sölu þjóðjarða og kirkjujarða til þess að hefta

allt þetta „brask“. En í öðru frv., sem borið var fram á síðasta þingi, var komið með það ráð til að hefta þetta „brask“, sem átt hefir sér stað með jarðir, að innleiða óðalsrétt. Sú lausn málsins verður áreiðanlega happadrýgst, eins og nánar mun verða sýnt fram á við umr. um það mál. Það er það fyrirkomulag, sem frændur vorir Norðmenn hafa búið við frá ómunatíð og þeir telja mikils virði. En það mál hafa sósialistar reynt að hefta eftir því sem þeir hafa getað, enda eru það þeir, sem hafa nú aðalforgönguna í því máli, sem hér liggur nú fyrir.

Bjarni Bjarnason: Það, sem gaf mér sérstaklega tilefni til að segja nokkur orð í þessu máli, var tilvitnun hv. þm. Borgf. í ræðu, sem Steingrímur Steinþórsson skólastjóri á Hólum, þáv. 2. þm. Skagf., hélt hér á þingi í máli, sem var skylt þessu. Hv. þm. Borgf. las upp ummæli eftir hann, þar sem hann talar um tvær leiðir til umbóta á núv. fyrirkomulagi í jarðeignamálinu, og að annað þeirra væri óðalsréttarfyrirkomulagið. Þetta vildi hv. þm. Borgf. láta sanna málstað þeirra manna, sem berjast nú á móti þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal taka það fram, að mér finnst það augljóst, að óðalsréttarfyrirkomulagið á að vera umbót á því fyrirkomulagi, sem nú er ríkjandi. Sérstaklega á það að vera umbót á kaupa- og sölufyrirkomulaginu. En það verðum við að játa, að einmitt það, að hér er verið að leita að betra fyrirkomulagi en því, sem nú ber mest á, er augljós viðurkenning þess, að núverandi fyrirkomulag sé ekki æskilegt.

Það, sem er sérstaklega athugavert við það, að einlægt sé verið að selja og kaupa jarðir, er það, að þá er vanalega gert allt, sem hægt er, til að miða söluverðið við þörf þess, sem selur, og hugsanlega möguleika þess, sem kaupir, en miklu síður athuguð raunveruleg aðstaða þess, sem kaupir, til að standa straum af kaupverðinu, enda hefir það sýnt sig á undanförnum árum, að það er þetta, sem svo oft hefir komið bændum í vanda, nfl. að verðið hefir orðið of hátt, og náttúrlega sérstaklega af þeim verðsveiflum, sem orðið hafa á undanförnum árum. Sérstaklega var það um og eftir 1920, að möguleikar voru til að kaupa býsna dýrar jarðir; þá var verð afurða talsvert hátt. En svo þegar verðfallið kom, þá lentu menn í vandræðum, sérstaklega þeir, sem verið höfðu stórhuga, mestir áhuga- og umbótamenn um byggingar og jarðrækt; þeir urðu verst úti. Samt skila þeir næstu kynslóð mestu. En þeir, sem voru svo framsýnir að sjá, að verðið var óeðlilega hátt á tímabili og grunaði, að það mundi lækka, og voru þá svo miklir fjármálamenn fyrir sjálfa sig að selja sínar eignir, fóru frá með mikinn gróða. Eftir sátu svo hinir, sem fyrir bjartsýni og vonir um svipað verð eða hærra verð á afurðum höfðu ráðizt í meira en þeir svo gátu ráðið við. Óneitanlega er óðalsréttarfyrirkomulagið nokkur bót á þessu. Það takmarkar að miklu leyti kaup og sölu á jörðum, en festir hitt, að ættingjarnir taka við jörðinni hver af öðrum.

Hitt atriðið, sem Steingrímur Steinþórsson nefndi í sinni ræðu, gat hv. þm. Borgf. ekki um, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hitt úrlausnarráðið er það, að ríkið yfirtaki jarðirnar.“

Nú liggur fyrir frv. um að hætta sölu kirkju- og þjóðjarða, og ætla ég, að það sé spor í rétta átt. Og næsta sporið álít ég, að eigi að vera að heimila stj. að kaupa þær jarðir, sem hún teldi ríkinu hagkvæmt að eiga, ef eigendurnir vildu selja þær eða bjóða þær til kaups. Ef þessar tvær tilraunir reyndust vel, væri ekkert, sem *mælti á móti því að halda áfram eftir* möguleikum ríkisins að eignast jarðir og forða þeim þannig frá að ganga kaupum og sölum óeðlilegu verði.

Á það hefir verið bent, að það sé ekki nægileg hvöt fyrir leiguliða á jörðum að gera verklegar framkvæmdir. En sannleikurinn er sá, að við höfum engin dæmi úr þjóðlífi okkar, er sýni þetta, því að leigurétturinn er og hefir verið svo takmarkaður og tímabundinn. Oft eru jarðir leigðar aðeins til skamms tíma, aðeins nokkurra ára. Og þá er ekki hægt að heimta af mönnum, ef þeir hafa jörð á leigu til nokkurra ára, og jafnvel þó að um lífstíðarábúð sé að ræða, að þeir leggi eins mikið á sig fyrir jarðirnar eins og ef *þeir ættu þær. Þess vegna verður að tryggja* það, ekki aðeins, að ábúandinn fái að vera á jörðinni svo lengi sem hann vill, heldur líka, að hans afkomendum sé einnig tryggður þar ábúðarréttur, séu uppfyllt sett skilyrði. Þegar við höfum slík dæmi fyrir okkur, erfðafestuábúð, sem gengur frá manni til manns, þá er hægt að gera samanburð á erfðafestuábúð og sjálfsábúð. Ég sé ekki, að það sé neitt, sem drægi úr mönnum að leggja í verklegar framkvæmdir og umbætur, ef ábúðarréttarfyrirkomulagið er með réttindum ættingja frá manni til manns.

Ég get ekki heldur séð, að eignarrétturinn sé svo sérstaklega mikilsverður, ef menn eiga á *hættu að lenda fyrir hann í svo miklum skuld*um, að þeir geti alls ekki undir risið og verði að standa í stöðugum samningum við lánardrottna sína vegna skulda, sem á þá hafa hlaðizt. Slíkur eignarréttur er ekki mikils virði. Þannig mætti benda á mörg dæmi þess, að afnotarétturinn sé meira virði en eignarrétturinn, og það mun vera svo, að vel tryggður og öruggur afnotaréttur er meira virði en eignarrétturinn. Það mætti benda á þann möguleika þessu til sönnunar, ef eign yrði fyrir einhverjum spjöllum, þannig að hún rýrnaði í verði, þá er auðskilið, að betra er fyrir ábúandann að hafa erfðaábúð á jörðinni heldur en þó hann ætti jörðina.

Einn hv. ræðumaður minntist á það, að kaupstaðarbúum væri mikið keppikefli að byggja sér hús til að búa í. Það þarf ekki langa leit til þess að fá skýringu á þeirri hvöt. Má benda þessum hv. þm. á það, að ef þessir menn, sem húsin vilja byggja, ættu sér og niðjum sínum trygga íbúð, þó leiguíbúð væri, með eins góðum kjörum og þeir gætu haft í sínu eigin húsi, þá mundi fáa fýsa að fara að byggja sér hús, — ef þeir hefðu tryggingu fyrir því að mega búa kyrrir, ef þeir óskuðu, þar, sem vel færi um þá. En þess eiga menn ekki ávallt kost í leiguíbúðum í kaup-

stöðunum. Það er alveg óþarft að taka á þessu máli með ofsa og hleypidómum; það vita allir ofurvel, að hverju einstaklingurinn keppir bæði í sveitum og kaupstöðum, og það er að tryggja afkomumöguleika sína í framtíðinni. Og ef við lítum sanngjarnlega á svona mál, þá er það ekki sérstaklega eignarrétturinn, sem bændur sækjast eftir, heldur hitt, að eiga trygga ábúð á jörðum sínum fyrir sig og sína afkomendur. Vitanlega er það sjálfsagt fyrir ríkið jafnóðum og þessar jarðir losna úr ábúð að byggja þær til lífstíðar og með erfðafesturétti. Þá þótti hv. 6. þm. Reykv. það einkennilegt, að fulltrúar bænda skyldu standa að slíku frv. sem þessu, en ég skal geta þess, að í minu kjördæmi fylgir yfirgnæfandi meiri hluti bænda þeirri stefnu, sem kemur fram í þessu frv., ekki einasta þeir, sem gáfu mér atkv. í vor, heldur einnig fjöldamargir af mínum andstæðingum. Ég hefi því fulla ástæðu til þess að fylgja fram sameiginlegum skoðunum minum og kjósenda minna í þessu máli.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hæstv. forseti þarf ekki að minna mig á það, sem ég veit, að ég hefi aðeins rétt til þess að gera örstutta aths., en mér virtist, að hv. 2. þm. Árn. vildi draga í efa, að komið hefðu réttilega fram í ræðu minni ummælin, sem ég las upp úr þingtíðindunum 1933 eftir þáv. þm. Skagf., Steingrimi Steinþórssyni, viðvíkjandi óðalsréttinum. Ég held, að þau standi þar svo skýrum stöfum þessi ummæli (**BB**: Ég var ekki að vefengja það.), að ekki verði á þeim villzt. Og það er vitanlega ekki hægt að leggja aðra merkingu í þessi ummæli heldur en þá, sem í þeim felst, að þau eru frekleg meðmæli með óðalsréttinum eins og hann var fram borinn í frv. því, sem lá fyrir síðasta þingi, og mun sennilega bráðum koma fyrir þetta þing, þar sem hann telur aðra höfuðleiðina til þess að lagfæra ágalla sjálfseignarbúskaparins, *sem að minum dómi er gert miklu* meira úr en rétt er, einmitt vera þá, að lögleiða óðalsrétt á jörðum. Þessi ummæli standa óhögguð, og er ekki hægt fyrir hv. 2. þm. Árn. að draga neitt úr þeim, enda býst ég við, að Steingrímur Steinþórsson stæði við þau nú.

Ég ætla að endurtaka það, sem ég minntist á áðan, er hv. 2. þm. Reykv. var fjarverandi, en nú sést hann þarna í gættinni, að hann var að tala um, að óðalsréttur væri miðaldafyrirkomulag, sem ekki ætti við nú á timum, og framsóknarmenn fallast á þetta með honum, þeir vilja ekkert gera með það, sem Steingrímur Steinþórsson hélt fram hér á þingi og ég hefi lesið upp, þeir vilja vinna á móti sjálfsábúðinni með því að taka fyrir sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Ég skal ekki fara út í það að ræða þessa breyttu afstöðu Framsfl., en það stendur óhaggað, sem Steingrimur Steinþórsson hélt fram, að við getum bætt úr ágöllum sjálfsábúðarfyrirkomulagsins með því að lögfesta óðalsrétt. Eftir að sú hugmynd var fram komin er því vitanlega enn minni ástæða en áður fyrir því að banna sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Og þó finna megi galla á sjálfsábúðinni, sem meira er gert úr en rétt er, þá vita það allir menn, að svo mikið gott hefir af henni leitt, að það er óþarft að ráðast gegn henni nú. Það eru ærið nógir erfiðleikar, sem landbúnaðurinn á við að stríða, þó ekki sé ráðizt að höfuðvígi hans, sjálfsábúðinni, nú þegar verst gegnir, en þetta er það, sem gert er með þessu frv. Og það er eftirtektarvert, að til þessa er einmitt valið það árferði, þegar erfiðleikarnir harðna hvað mest og vonleysi gerir vart við sig meðal bænda. Þá er gengið á lagið; erfiðleikarnir eru notaðir til þess að knýja fram árás á höfuðvígi landbúnaðarins, sjálfsábúðina. Það er líka eftirtektarvert, að hér er farið á stað með þetta frv. um að banna sölu þjóðjarða og kirkjujarða, áður en borin er fram till. um að tryggja ábúð á þessum jörðum með erfðafestu. Þeir vilja ekki bíða eftir neinni reynslu í því, hvort erfðaréttur*inn* er nokkur úrbót fyrir landbúnaðinn. Nei, áður en nokkur reynsla er fyrir hendi, ætla þeir að knýja fram þetta sölubann. Og ég býst við, að hér verði ekki staðar numið, ég býst við, að einnig eigi að koma á undan erfðaábúðinni, að ríkið fari að seilast eftir þeim jörðum, sem nú eru í sjálfsábúð, og það, sem styrkir mig í þeirri trú, eru ummæli hv. 2. þm. Árn., þar sem hann var að gera lítið úr eignarréttarfyrirkomulaginu. En ég vil spyrja: Á hverju er þjóðfélagið byggt? Það er byggt á eignarréttinum. Á hverju byggist okkar stjórnarskrá? Er það ekki eignarréttarfyrirkomulagið? Jú, og það er þetta fyrirkomulag, sem verið er að ráðast á með því að koma í veg fyrir það, að einstaklingar geti aftur eignazt þær jarðir, sem kirkjuvald og konungsvald á sínum tíma drógu undir sig með röngu úr höndum þjóðarinnar. Það er verið að koma í veg fyrir það, að þessar jarðir komist aftur í hendur einstaklinganna. Það er m. ö. o. verið að vinna gegn því, sem stjórnarskráin mælir fyrir.

Flm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég hafði ekki ástæður til þess að hlusta á hv. þm. Borgf., er hann flutti sínar fyrri ræður, en mér var sagt, að hann hefði talið óheilindi í því, að frv. þetta skyldu flytja menn, sem sjálfir ættu hús. Það er að visu rétt, að bæði ég og hv. 1. landsk. eigum hús, en við eigum ekki lóðirnar, þar sem húsin standa, og höfum þær aðeins á leigu frá bænum. Það er nú svo með allar lóðir hér í Rvík, að bærinn á þær, að nokkrum undanteknum, sem fáeinir íhaldsuppskafningar hafa keypt, og það ber ekki á öðru en að menn séu ánægðir með það, að bærinn eigi lóðirnar. Þær eru svo leigðar einstaklingum til 75 ára. Þetta nægir okkur, og eins held ég, að það nægði bændunum að fá jarðir leigðar til svo langs tíma, sem þeir eða þeirra afkomendur kæra sig um. Ég fyrir mitt leyti er viss um, að þeir væru ánægðir með slík kjör á þessum jörðum, þó ekki sé farið að selja þær úr eigu ríkisins fyrir sama sem ekki neitt. Það mundi koma í ljós, ef athugað væri, hvað þær þjóð- og kirkjujarðir, sem seldar hafa verið, hafa verið seldar fyrir og það borið saman við það, hvers virði þessar jarðir eru nú, að ríkið hefir tapað stórfé á þessari jarðasölu, og þessi mismunur hefir ekki komið bændastéttinni til góða, heldur bröskurunum,

sem keypt hafa jarðirnar. Það, sem mestu varðar bændur, er, að þeim séu tryggð afnot af sínum jörðum, eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram. Það er ekki eignarrétturinn, heldur vissan um það, að afkomendur þeirra fái notið þess, sem þeir gera fyrir jarðirnar.

Ég vil geta þess, að það er ekki aðeins hér í Rvík, sem bærinn á nálega allar lóðir. Í Hafnarfirði er það eins; bærinn á þar allar lóðir, og á Akureyri á bærinn meiri hluta lóðanna. Þetta þykir svo sjálfsagt fyrirkomulag, að jafnvel sjálfstæðismenn, sem lengi voru á móti því, eru nú farnir að sjá sig um hönd.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er ekki allskostar rétt að bera saman leigu á jörðum og lóðum, eins og hér hefir verið gert, því að þótt algengar séu svokallaðar leigulóðir, þá eru þær í flestum tilfellum sama sem eign þeirra manna, er hafa þær á leigu, þó að afgjaldskvöð hvíli á þeim. Það er eini rétturinn, sem bærinn hefir til lóðanna. Ég veit t. d. ekki betur en að sá, sem tekur lóð, geti selt sín lóðarréttindi hvenær sem er og hverjum sem hann vill, og við því verði, sem hann getur fengið fyrir lóðarréttinn.

Það hafa verið tekin ýms dæmi til þess að sanna galla núv. fyrirkomulags á jarðeignamálum, sérstaklega verðhækkun jarða úr hófi fram. Eitt af þeim dæmum á að vera Hrafnagil. Það er rétt, að sú jörð var keypt lágu verði, og seld nokkru síðar mjög hátt. Þessi jörð var keypt í stríðsbyrjun, áður en jarðir hækkuðu í verði, en seld síðan þegar allt var sem hæst, ekki einasta jarðir, heldur öll önnur verðmæti. Búpeningur bænda var þá í margföldu verði við það, sem hann var fyrir stríð. Ef sú verðhækkun á að vera ástæðan til þess, að bændur megi ekki búa á sínum eigin jörðum, þá mætti alveg eins segja, að þeir mættu ekki eiga sinn búpening, því hann gæti hækkað í verði og þeir tækju þá kannske upp á því að selja hann.

Annars vita allir kunnugir, að hér er um sérstakt dæmi að ræða, þar sem er Hrafnagilssalan. Það er kunnugt, að þessi eign hefði verið seld miklu lægra, ef ekki hefði staðið þannig á, að tveir auðugustu mennirnir í Eyjafirði kepptu um þessa jörð og sprengdu hana upp hvor fyrir öðrum. Þetta voru menn, sem gátu keypt jörðina háu verði, og ég veit ekki til, að sá, sem hlaut hana, hafi lent í neinar beyglur með hana. En þetta dæmi er alveg óleyfilegt, ef það á að leggjast til grundvallar almennt; auk þess má benda á, að það er ekki rétt, sem haldið hefir verið fram, að jörðin hafi ekkert verið bætt á þessu tímabili, því frá því Þorsteinn Briem keypti jörðina og þangað til hann seldi hana, þá hafði þó töðufallið aukizt um helming. Það er því ekki rétt, að jörðin hafi ekki batnað, þó það væri ekki eins mikið og verðið hækkaði. Slík dæmi og þetta eru alveg gripin úr lausu lofti og sanna ekkert; þau eru gripin út úr vandræðum, af því að rökin finnast ekki. Hitt er sjálfsagt að viðurkenna, að það eru gallar á því skipulagi, sem ríkir í þessu efni, en það er áreiðanlega hægt að laga þá betur á annan hátt en þann, að sporna við því, að bændur geti eignazt ábýlisjarðir sínar. Það hefir áður hér á þingi verið bent á ráð, og það er óðalsrétturinn, og þó er ekki víst, að einu sinni þurfi að ganga svo langt til þess að koma í veg fyrir galla jarðasölunnar. Og reynslan bendir okkur á það, að full ástæða sé til þess að fara gætilega; sjálfseignarbúskapurinn hefir borið uppi landbúnaðinn, enda vita allir, að búskapurinn á þeim jörðum er rekinn með nokkuð meiri áhuga heldur en á leigujörðunum.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég ætla að nota tækifærið, úr því hv. 2. þm. Reykv. er hér viðstaddur, að endurtaka það, sem ég skaut til hans áðan, að mér finnst undarlegt, ef það eiga að vera fullkomin heilindi til bænda í málflutningi hans. Hann sækist sjálfur eftir því að búa í sínu eigin húsi, en vill aftur á móti fyrirlita þrá sveitabændanna til þess að eiga þær jarðir, sem þeir búa á. Hann segir, að það sé ekki sambærilegt að eiga jörð og hafa leigulóð í kaupstað, en það er ekki rétt hjá honum, því réttur sá, sem hann hefir á leigulóðinni, er alveg sá sami og eignarréttur á jörð í sveit. Ef lóðin hækkar í verði, þá má hann selja réttinn hverjum sem hann vill, ef hann aðeins sér sér hag í því. Hann býr við það skipulag, þar sem hann hefir sama sem eignarrétt á lóðinni, en þó mundi hann hafa keypt hana, ef hann hefði fengið það. Því til sönnunar má benda á það, að þegar hann byggði olíu- og benzíngeymana hér á næsta nesi, þá vildi hann ekki annað heyra en að fá landið keypt. Hann sætti sig ekki við að fá það á leigu; hann varð að fá það til fullrar eignar.

Þessi sami hv. þm. var að tala um það mikla tjón, sem ríkið hefði orðið fyrir við að selja jarðirnar. Hann tekur ekki með í reikninginn þær miklu framfarir, sem sú jarðasala hefir orsakað í sveitum landsins, bæði í ræktun og byggingum.

Mér finnst framkoma hv. þm. sanna það eitt, að hann hefir ekki þekkingu á því, sem hann er að ræða um, en hefir hinsvegar vilja á því að ræna bændur eignarréttinum á jörðum sínum og taka frá þeim hvötina til þess að vera sjálfstæðir.

Sigurður Kristjánsson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Árn. vildi álíta, að því er helzt var að skilja, að menn byggðu sér hús af því, að þeir fengju ekki að vera í friði í húsum annara manna. Þetta sagði hann sem svar við spurningu hv. þm. Borgf. í gær um það, hvers vegna flokksmenn hv. 2. þm. Árn. ættu þau hús, er þeir búa í.

Nú skildist mér á þessum hv. þm., að flokksmenn hans byggðu sér hús út úr neyð, af því þeir gætu ekki fengið að vera í húsum annara. Mér þykir það ótrúlegt, að þeir hagi sér svo illa þar, sem þeir leigja, að þeir geti ekki fengið þar að vera; þó skal ég ekkert um það fullyrða. (**BB**: Er þetta málfærsla?). En ég mótmæli því, að þetta séu almenn rök fyrir því, að menn byggja sér hús. Sannleikurinn er sá, að það er eðli Íslendinga að vilja eiga sjálfir jarðir þær og hús, sem þeir búa á og í.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri sambærilegt að byggja sér hús á leigulóð í kaupstað og að vera leiguliði í sveit. Þetta er ekki rétt. Það

ber að athuga, að svo getur staðið á í kaupstöðum, að ekki sé hægt að fá til eignar lóð til að byggja á. En ég er ekki í neinum vafa um, að flestir eru svo gerðir, að þeir munu heldur kjósa að eiga lóðina undir húsi sínu, ekki aðeins af því, að það er tryggara, heldur af því, að það liggur í tilfinningu manna, að þeir þykjast meiri húsbændur á sínu heimili, ef þeir eiga reitinn, sem þeir standa á. Að sönnu sagði hv. þm., að undanteknir væru nokkrir íhaldsuppskafningar, sem hefðu byggt sér dýr hús. Ég skal ekki fara langt út í það. Hv. þm. geta farið út og litið yfir þau hús, sem byggð hafa verið í seinni tíð, og séð, hvar uppskafningshátturinn er mestur. Ég veit ekki betur en að það sé hjá þeim nýríku, sem virðast hafa haft góða aðstöðu til þess að græða, þó að þeir hafi ekki verið nema nokkur ár í einhverri ríkisstofnuninni, svo að ég tali ekki um þá, sem hafa komið ár sinni vel fyrir borð í braski. Á ég þar sérstaklega við stórfiskinn í Alþfl.

Ég má ekki misnota þennan tíma minn, og skal ég því aðeins bæta því við, að það liggur alveg það sama til grundvallar fyrir því, að menn vilja sjálfir eiga hús, eins og að menn vilja sýna mesta rækt þeirri jörð, sem þeir eiga sjálfir. Þessi tilfinning manna er fullkomlega réttmæt og jafnrétthá hjá hvorumtveggja, bæði þeim, sem byggja sér hús í kaupstað, og eins þeim, sem rækta landið uppi í sveit.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. sló því fram, að ríkið hefði tapað miklu fé við þjóðjarða- og kirkjujarðasöluna, þannig, að ef jarðirnar væru nú óseldar, ætti ríkið miklu meiri eignir heldur en komið hefðu inn við sölu jarðanna. Ég vil mótmæla þessu sem órökstuddu og algerlega ósönnu. Það er að vísu erfitt, eins og hv. þm. Borgf. minntist á, að draga glöggar línur á milli, vegna þess, að það er yfirleitt leitun á þeim jörðum, sem seldar hafa verið, sem ekki hafa verið bættar að meira og minna leyti. Þær jarðir eru margar, sem bættar hafa verið það mikið, að miðað við núv. fasteignamat er það lægra heldur en það fé, sem til þeirra hefir verið varið, þannig að upphaflega jarðarverðið er alveg horfið. En svo eru til jarðir, sem seldar hafa verið á þennan hátt, sem litlar umbætur hafa verið gerðar á. Ég þekki nokkrar af þessum jörðum og get fullyrt, að fasteignamat þeirra nú, eða hugsanlegt söluverð, liggur lítið fyrir ofan það söluverð, sem var þegar þær voru seldar af ríkinu, og ef tekið er tillit til þeirrar verðlækkunar, sem orðið hefir á peningunum á þessu tímabili, þá er það fyrir neðan upprunalegt verðlag. Þess vegna er þetta fullyrðing hjá hv. 2. þm. Reykv., staðlausir stafir.

Í annan stað vil ég leyfa mér að benda á atriði, sem full ástæða er til að benda á í sambandi við þetta frv., en ekki hefir verið gert ennþá, en það er sú breyt. á ábúðarlöggjöfinni, sem gerð var fyrir nokkru síðan. Þar er lögð rík skylda á herðar jarðeigenda um húsabætur. Ég vil benda á sem dæmi, að eftir að það frv. kom fram á þinginu, og það áður en það var samþ., að einn hygginn maður á Norðurlandi, sem átti góða jörð en húsalitla í annari sveit, vildi selja jörðina fyrir 6000 kr., en eftir að frv. kom fram þótti honum svo nærri höggið jarðareigendum, að í stað þess að halda áfram að bjóða jörðina fyrir 6000 kr., þá afhenti hann hana fyrir 2 þús. kr. skuld, sem á henni hvildi, til þess að komast hjá að leggja fé í húsabætur á jörðinni. Þannig er nú komið, að einstaklingarnir vilja ekki yfirleitt eiga jarðirnar, sem þeir nota ekki sjálfir. Þeir vilja ekki hafa þá svipu yfir sér, að verða að leggja fram stórfé til endurbóta á jörðunum án þess að fá það aftur í hækkuðu jarðarverði og leigu eftir jörðina. Þetta virðist vera mjög í samræmi við fjármálaspeki þessara herra, sem bera þetta frv. fram, að nú þegar svo er komið, að enginn einstaklingur vill eiga jörð, sem hann býr ekki á sjálfur, þá eigi ríkið að hlaupa til og kaupa jarðirnar. Það, sem ekki er lengur gróðavegur fyrir einstaklingana, á nú að vera hagur fyrir ríkið að þeirra dómi.

Bjarni Bjarnason: Ég mun ekki viljandi afbaka mál manna í þessari hv. d. til ímyndaðra hagsmuna fyrir málstað minn, hvað sem öðrum þykir sæmandi að gera.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi ekki skilja það, sem ég sagði áðan um leiguíbúðirnar í kaupstöðunum. Það er augljóst mál, að þegar menn fá ekki leigt lengur en í mesta lagi til eins árs, þá skiptir það miklu máli fyrir manninn, sem er í íbúðinni og gjarnan vill vera þar, hvort hann býr þar með þeirri vitund að mega vera kyrr eða ekki.

Ennfremur er annað atriði, sem gerir það að verkum, að menn fá hvöt til þess að byggja sér hús, og það er t. d., ef þeir þurfa að borga meira í húsaleigu heldur en það kostar að standa undir þeirri fjárhæð, sem þarf til þess að byggja jafngóða íbúð. Þess vegna verður það að vera tryggt í öllum slíkum leigumálum, að leigan sé ekki hærri en svo, að hún fari ekki fram úr þeirri fjárhæð, sem þarf til þess að standa straum af verði eignarinnar. En ég efast um, að hv. 6. þm. Reykv. hafi nokkur gögn í höndunum, sem sanna það, að leigumáli húsa hér í Rvík sé álíka haganlegur fyrir menn fjárhagslega eins og yrði, ef þeir gætu fengið lán til þess að byggja sér hús fyrir. Ég minntist á þetta áðan, af því að mér fannst ranglátt að tala um þetta svo einhliða sem gert var, því menn vildu heldur eiga hús en leigja íbúðir hjá öðrum. Þá er líka jafnranglátt að bera saman einstakar jarðir í sjálfsábúð og leiguábúð. Það skiptir vitanlega öllu máli, hvað ábúðarrétturinn er vel tryggður. Menn mega ekki vera svo einstrengingslegir, ég vil segja fávitrir í sinni röksemdafærslu að sjá þetta ekki. Þegar um það er að ræða, að ábúðarrétturinn er jafnvel tryggður, þá fyrst getum við borið saman og metið, hvort sé meiri hvöt fyrir einstaklingana til framkvæmda, afnotaréttur aðeins eða eignarréttur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Innlánsvextir og vaxtaskattur.

Á 10. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt (þmfrv., A. 15).

Á 13. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi og dagaði þá uppi í n. Hv. þm. er þess vegna efni þess kunnugt, svo ég þarf ekki að hafa langa framsögu.

Eins og frv. liggur fyrir, er tilgangurinn með því sá, að reyna að koma á meira samræmi milli almennra peningavaxta í landinu og þess, hvað atvinnuvegirnir raunverulega geta ávaxtað peningana, því að í atvinnuvegunum eru þeir vitanlega ávaxtaðir.

Hin síðustu ár er bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn rekinn með halla. Af skýrslu milliþn. í sjávarútvegsmálum er greinilegt, að sá höfuðstóll, sem bundinn er í sjávarútveginum, gefur sáralitla vexti. Og af þeim gögnum, sem fyrir liggja um hag landbúnaðarins, er ljóst, að hann gefur mjög lága eða jafnvel enga vexti af þeim höfuðstól, sem í honum er bundinn. Nú verða báðir þessir atvinnuvegir að búa að miklu leyti við lánsfé. Þótt nú sé búið að færa um 11 millj. af lausaskuldum bænda yfir í kreppulánasjóð og þar með lækka vexti þeirra, og færa þær í föst 40 ára lán, þá mun vera annað eins eftir, og líklega meira þegar þess er gætt, sem færzt hefir af víxilskuldum yfir á ábyrgðarmenn þeirra, sem kreppulán hafa tekið, og að skuldir bænda hingað og þangað á landinu hafa vaxið síðan bændanefndin lauk störfum. Þess vegna er óhætt að segja, að bændur búi ennþá að tölu vert miklu leyti við lánsfé, sem þeir þurfa að greiða af 5 til 8% vexti, á sama tíma og þeir geta ekki ávaxtað fé í atvinnurekstri sínum nema milli 2 og 3%, ef þeir þá geta það. Það er vitanlega ekki rétt. Nákvæmlega það sama má segja um sjávarútveginn.

Ég hefi orðið var við óttа hjá ýmsum mönnum við það að lækka innlánsvexti — en sparifé, sem bankarnir ávaxta, mun vera um ⅓ af lánsfé þeirra — af því að þeir halda, að það muni draga úr því, að menn dragi saman fé og leggi í sparisjóð. Ég hygg, að þessi ótti sé að miklu leyti ástæðulaus, og alveg ástæðulaus, ef þess er gætt, að hægt er að gera ráðstafanir til þess að menn hafi ekki aðstöðu til þess að taka fé út og lána það með hærri vöxtum. Nú er það svo, að mismunurinn milli innlánsvaxta og verðbréfavaxta er 1—2%, eða jafnvel meiri. Þess vegna er hætt við, að ef jafnframt lækkun innlánsvaxta eru ekki gerðar ráðstafanir til, að vextir verðbréfa lækki líka, þá myndi fé hverfa úr innlánsdeild lánsstofnananna og fara yfir í verðbréfin. Til þess að reyna að fyrirbyggja það er hér stungið upp á að leggja á vaxtaskatt, sem á að gera það að verkum, að það, sem verðbréfavextirnir fara yfir innlánsvextina fram yfir það, sem telja má hæfilegan mismun, renni beint í ríkissjóð. Á þennan hátt er hugsað, að alltaf verði hæfilegur mismunur milli vaxta sparifjárins og vaxta verðbréfanna, svo að freistingin til að setja peningana í verðbréf verði sízt meiri, jafnvel minni heldur en nú er.

Það má sjálfsagt mikið um þetta frv. deila og margt að því finna. En mér finnst þörfin á því að koma vöxtunum í það horf, að þeir séu ekki hærri en það, að atvinnuvegirnir geti staðið undir þeim, vera svo brýn, að það sé sjálfsagt fyrir Alþingi að reyna að gera ýtarlega tilraun til þess að koma þarna samræmi á milli og láta ekki þá menn, sem fyrir rás viðburðanna eru þannig settir, að þeir eiga nú sparifé, fá miklu hærri vexti heldur en atvinnuvegirnir geta borið, á meðan allir aðrir tapa. Ég vona því, að þessu frv. verði vel tekið. Því var nú raunar vingjarnlega tekið í fyrra, þó nokkuð væri sofið á því. Vænti ég, að þó e. t. v. verði eitthvað sofið á því nú, þá fái maður að sjá það aftur frá n. Legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Mér skilst, að það, sem fyrir hv. flm. vakir með þessu frv., sé annarsvegar það, að gæta þess, að þeir, sem innlánsfé eiga í sparisjóðum og bönkum, fái ekki of háa vexti af því, og hinsvegar með því móti að veita bönkunum möguleika til þess að lána út með lægri vöxtum og láta aðra, sem skuldabréf eiga úti á einn eða annan hátt, ekki þurfa að greiða nema svo eða svo háa vexti. En ég held, að eins og frv. er nú byggt upp sé það algerlega óframkvæmanlegt. Það er þegar af þeirri ástæðu, að ég get ekki séð, að Alþingi geti sett ákvæði um það, að vextir verðbréfa, sem nú bera 5—6%, skuli allt í einu lækka um allt að 2%. En í grg. frv. er gert ráð fyrir, að innlánsvextir skuli „lækkaðir verulega“ og verðbréfavextir að sama skapi. Innlánsvextirnir eru nú 4—4½%, og um „verulega“ lækkun er ekki að ræða nema þeir lækki ofan í 2—2½%. M. ö. o., þeir, sem gefið hafa skuldabréfin út, verða áfram að greiða sömu vexti og áður, en þeir, sem vaxtanna eiga að njóta, fá einungis 1½% fram yfir það, sem innlánsvextir eru ákveðnir. Þessi hugsun, sem fram kemur í frv., er að því leyti óframkvæmanleg, að ég veit ekki til, að það hafi nokkurntíma komið fyrir, að vextir bréfa, eins og t. d. kreppulánasjóðsbréfin og veðdeildarbréfin, sem gefin eru út með ákveðnum vöxtum og vaxtamiðum, hafi allt í einu verið færðir niður að allverulegu leyti, nema með því eina móti, að eigendunum sé gefinn kostur á að fá þau innleyst fullu verði, en þeir kaupi hinsvegar ný bréf með

lægri vöxtum. Þegar verðbréf eru þannig „converteruð“, er þetta reglan, að eigendunum er með auglýsingu gefinn kostur á að fá þau greidd nafnverði eða skipta á þeim og nýjum bréfum, sem gefa lægri vexti. Ég fæ ekki séð, að Alþingi geti svipt þá einstaklinga og stofnanir, sem nú eiga veðdeildarbréf, kreppulánasjóðsbréf og önnur slík verðbréf með ákveðnum vöxtum, réttinum til þess að fá þá vexti, sem bréfin hljóða upp á. Enda er það ekki það út af fyrir sig, sem orðalag frv. segir, heldur að þeir, sem bréfin eiga, verði að greiða sem skatt í ríkissjóð það, sem vextirnir fara fram yfir hið tiltekna hámark. Þetta er því raunverulega nýtt skattafrumvarp, sem kemur alls ekki þeim mönnum til góða, sem verða að borga hina háu vexti. Mér finnst þó eðlilegra, að þeir, sem gefið hafa út skuldabréfin og skuldbundið sig til þess að greiða af þeim ákveðna vexti, nytu þess, ef þessir vextir ættu allt í einu að lækka.

Ég tel, að það verði álitið útilokað, að það sé hægt að þvinga þannig niður vexti bréfanna, án þess að gefa eigendunum kost á að fá þau greidd upp að fullu, ef þeir vilja það heldur. Afleiðingin yrði vitanlega sú, að þetta leiddi til verðhruns á þeim bréfum, sem nú ganga kaupum og sölum. Ég hygg, að menn séu sammála um það, að verðið, sem nú fæst fyrir t. d. veðdeildarbréfin, sé svo lágt, að það hleypir öllum byggingum hér í Rvík og víðar upp úr öllu valdi. Og það er víst, að þeir, sem nú kaupa veðdeildarbréfin, sem gefa 5% vexti, fyrir 75 kr. hundraðið, munu ekki kaupa sömu bréf sama verði, heldur miklu lægra, ef þeir eiga að greiða þennan vaxtaskatt. Ef þetta á ekki að leiða til verðhruns á þessum bréfum, þá verður Alþingi jafnframt að sjá um, að peningastofnanir landsins kaupi þau fyrir sæmilegt verð. Ég vil benda á, að fram til þessa hafa vextir af skuldum söfnunarsjóðs verið 6%. Síðasta Alþingi lækkaði þá um ½%. Afleiðingin er sú, að söfnunarsjóður hefir sagt upp hverju einasta láni. Hann hefir sagt þeim upp þannig, að hann hefir gefið kost á, annaðhvort að greiða skuldabréfin að fullu, t. d. með veðdeildarbréfum fyrir ákveðið gengi, eða greiða þessar skuldir með afborgunum á 36 árum, sem annars standa afborgunarlausar.

Ég held, að hv. flm. hafi skotið yfir markið, ef hann álítur, að þeir menn, sem svo eru staddir, eins og hann komst að orði, að þeir eiga fé inni á sparisjóðum, verði að þola að fá lægri vexti. Ég held, að hann hafi skotið yfir markið, ef hann álítur, að það séu þeir menn, sem almennt eru kallaðir ríkir, sem eiga fé sitt í sparisjóðum. Sparisjóðsfé er yfirleitt þannig til komið, að allur almenningur leggur í sparisjóð það fé, sem hann sparar saman. Þeir, sem hafa einhvern rekstur til sjávar eða sveita, munu ekki oft hafa fé í sparisjóði. Það eru hinir raunverulega fátæku menn þjóðfélagsins, millistéttirnar, sem engan sérstakan atvinnuveg reka, sem eiga sparisjóðsfé. Og því er mjög varhugavert að leggja stein í götu þeirra manna, fæla þá frá því að eiga áfram fé á sparisjóði og bæta við það. Í fyrra benti ég á leið, sem mundi koma betur við, nefnilega að láta þetta sparifé vera skattfrjálst, til þess að hæna menn að því að leggja fé í sparisjóð. Því vitanlega er bönkunum sparifé nauðsynlegt.

Ég hygg satt að segja, að það muni vera mörgum erfitt að halda áfram við byggingar, ef þeir geta þó ekki selt veðdeildarbréfin fyrir 75—80 kr. hvert 100 kr. bréf, eins og hefir verið undanfarið. Það verður þá að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að peningastofnanirnar kaupi þessi bréf ákveðnu verði. Það þýðir ekkert, þó Landsbankinn láti eina litla auglýsingu hanga uppi í sparisjóðsdeildinni, þar sem skráð er, að kaupverð veðdeildarbréfanna sé 89 af hundraði, eða hvað það nú er, ef bankinn fæst ekki til þess að kaupa eitt einasta bréf.

Hv. flm. segir líka í lok grg., að vegna framtíðarverðbréfasölu hafi sér þótt rétt að láta þá vexti, er erlendir menn eiga að fá hér af skuldum sínum, vera undanþegna verðbréfaskatti. Hann fellst þannig alveg á, að það mundi ekki verða hægt að selja bréfin, ef þetta ákvæði kæmist inn í lögin. Útlendingar mundu skilja það og ekki kaupa bréfin, en hann ætlar Íslendingum og íslenzkum stofnunum ekki að skilja það. Hann sér, að ekki yrði hægt að selja þessi bréf nema fyrir sáralítið verð, ef slíkur vaxtaskattur er lagður á.

Það er annað atriði í frv., án þess ég ætli að fara inn á einstakar greinar þess, sem ég skil ekki. Þar stendur: „Undanþegnir vaxtaskatti eru vextir af þeim skuldabréfum, sem eru eign erlendra manna, enda sé það sannanlegt og skuldabréfin þinglesin eign þeirra áður en ár er liðið frá staðf. laga þessara“. Ég hefi aldrei vitað, að þau bréf, sem hér er um að ræða, t. d. veðdeildarbréf og ríkisskuldabréf, sem eru í eign erlendra manna, væru þinglesin. Hvar ætti að þinglesa þau? Það yrði þá að setja eitthvert ákvæði um, að þau skuli þinglesin þar, sem útgefandi er búsettur. Hv. flm. getur ekki farið austur í Múlasýslu og heimtað þessi bréf þinglesin þar. Það verður að setja eitthvert ákv. um, hvernig þetta skuli gert.

Ég hygg, að það hafi ekki vakað fyrir hv. flm., að þetta ætti að vera skattafrv. En eins og frv. er orðað, er það í raun og veru ekkert annað en nýtt skattafrv., þar sem ríkissjóði er heimilað að innheimta e. t. v. allt að 25% af vöxtum allra skuldabréfa, sem gefin eru út af einstaklingum, stofnunum eða ríkissjóði. Sem sagt, mér finnst að þetta ráð, sem hér á að taka upp, geti ekki lækkað innlánsvexti, en getur aftur haft þær afleiðingar, að þau bréf, sem ganga kaupum og sölum — því er ekki hægt að varna, og fyrir þau verður að vera einhver markaður — hrynji í verði, og þá erum við engu nær.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Ég verð að viðurkenna það, að ég skildi ekki, hvað þessi hv. þm. var að fara. Öðru veifinu var hann að tala um, að ekki mundi leyfilegt að taka þennan vaxtaskatt, en hinu veifinu sagði hann, að þetta væri skattafrv., og gekk út frá því, að hægt væri að skattleggja þannig eignir manna og tekjur, og þá sjálfsagt misjafnlega hátt, eftir því hvernig þær væru til orðnar. Ég held, að það sé líka hægt að skoða þetta sem skattstofn, en það er ekki ætlazt til annars en að þessi skattur geri það að verkum, að hæfilegt samræmi verði á

hverjum tíma á milli innlánsvaxta og vaxta af verðbréfum.

Þegar hv. 8. landsk. athugar þetta, sér hann líka, að sala á bréfunum verður alveg jöfn, hvort sem þetta er gert eða ekki, þegar samræmið helzt milli vaxta af bréfum og innlánsvaxta á hverjum tíma.

Annarsvegar hafa menn að velja milli þess, að setja féð í atvinnureksturinn og fá enga vexti, eða að láta það í peningastofnanirnar og fá venjulega innlánsvexti, eða í þriðja lagi að kaupa verðbréf og fá þá vexti, sem þar eru ákveðnir. Þegar menn vilja heldur kaupa bréf, þá er það af því, að þeim þykir munurinn á vöxtum þeirra og sparisjóðsvöxtum hæfilega mikill, og þegar sá mismunur breytist ekki, þá hefir það engin áhrif á sölu bréfanna, þó innlánsvextir séu lækkaðir á sparifé.

Hann segir, að á síðasta þingi hafi verið samþ. l. um að lækka vexti söfnunarsjóðs. Mér er ekki kunnugt um það, en það kom fram frv., þar sem lagt var til, að innlánsvextir söfnunarsjóðs yrðu lækkaðir, en það dagaði uppi. Það var ekki um ½% lækkun, eins og hann sagði, heldur um 1% lækkun. En til þess að fyrirbyggja, að slíkt frv. kæmi fram í annað sinn, neyddist söfnunarsjóður til að reyna að semja við skuldunauta sína um ½% vaxtalækkun. Frv. verkaði því strax, þó að það yrði ekki að l. Og það er nokkuð hart af hv. þm. að vita ekki, hvaða lög voru samþ. á síðasta þingi. Það er ekki svo langt síðan því sleit. En vera má, að hv. þm. sé sérlega gleyminn, og því skal þetta fyrirgefið.

Mér skilst, að hv. 8. landsk. áliti, að það þurfi að lækka þá vexti, sem atvinnuvegirnir standa nú undir. En fyrst hann er mér sammála um það, þá vona ég, að við getum orðið sammála um að reyna að finna einhverjar leiðir til þess. En þær leiðir held ég, að hann finni ekki með því að gera sparifé skattlaust, heldur með því að skapa þá aðstöðu, að menn sjái sér ekki hag í því að taka sparifé sitt út úr bönkum og sparisjóðum. Þess vegna er ekki hægt að komast framhjá því, ef við viljum lækka vexti í sparisjóðum, að lækka líka vexti á verðbréfum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Fasteignaskattur.

Á 10. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt (þmfrv., A. 18).

Á 14. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Frv. þetta var flutt á síðasta Alþ., svo að mönnum ætti að vera það í fersku minni. Fyrir sparnaðarsakir höfum við ekki látið prenta grg. frá í fyrra. Ég vissi þá ekki, að ekki er lokið prentun á skjalaparti Alþt. frá síðasta þingi. En þar sem svo er, að prentun hans er ekki lokið, þá tel ég mér skylt að rifja nokkuð upp það, sem í grg. frv. stóð þá.

Það mál er kunnugra en frá þurfi að segja, að fjárhagsafkoma sveitarfélaga er afleit, svo að fullkomin vandræði eru af orðin. Hinsvegar eru gjaldaálögurnar víðast svo þungar, að enginn vegur er til þess að bæta við þær svo að neinu nemi, a. m. k. ekki með almennum l. Það má heita, að útsvör séu nú orðin það þung yfirleitt, að menn séu píndir undir drep. Og jafnvel þó að farið hafi verið eins langt og unnt er í því að þyngja á mönnum með sköttum, þá hefir þetta ekki nægt. Sveitarfélögin hafa samt lent í vanskilum, og það miklum vanskilum, svo að útlit er fyrir, að sum sveitarfélög komist alls ekki frá þeim. Vottur um það eru m. a. lög þau, sem sett voru um fjárþröng sveitarfélaga, og lengra þarf eiginlega ekki að vitna. Þegar svo er komið, að sveitarfélög verða gerð að þrotsmönnum, þá er vitanlegt, að einhverju þarf að breyta og laga til. En það er nú einu sinni ekki svo vel, að það nægi að létta skuldum af sveitarfélögum um sinn. Það er enginn vafi á því, að jafnvel þó að sumum sveitarfélögum væru gefnar upp allar skuldir, þá nægði það ekki. Tekjustofnar sumra sveitarfélaga nægja ekki á móti þeim útgjöldum, sem þau þurfa að inna af höndum og á þeim hvíla. Það er enginn vafi á því, um sum þeirra a. m. k., sem eru gerð upp, að að því mundi reka fyrr eða síðar, að þau yrðu að leita samninga við lánardrottna sína aftur. Hinsvegar er enginn vegur til þess að standast byrðarnar, nema því aðeins, að sveitarfélögin fái nýja tekjustofna. Það má jafna byrðunum á milli sveitarfélaga, svo að betur fari nú í því efni. En lengra verður ekki komizt, nema þau fái nýja tekjustofna, meiri tekjur. Þetta hefir löggjafinn líka séð og sýnt það með því, að það hefir verið veittur nokkur styrkur til þurfamannaframfæris af ríkisfé, þar sem það er þyngst. En nú er svo komið, að sá styrkur hefir ekki líkt því hrokkið til. Það verður þess vegna ekki komizt hjá því að auka tekjustofna sveitarfélaganna, enda er það beinasta leiðin og sú leið, sem ætíð hefir verið farin í allri skattsögu þessarar þjóðar, og yfirleitt annara þjóða. Annað ráð en þetta til umbóta í þessu efni er ekki til. En þetta hefir nú ekki verið gert hvað sveitirnar snertir. Hinsvegar hafa kaupstaðirnir fengið beina tekjustofna, og jafnvel óbeina tekjustofna líka. Hvergi mun þó vera meiri þörf á slíkum tekjuauka en einmitt í sveitunum, eins og eðlilegt er, því að afkoma er þar langlökust, enda viðurkennt af öllum, að sveitirnar eigi, nú sem stendur, við örðugastan hag að búa. Auk þeirrar brýnu og sjálfsögðu þarfar, sem þar er til staðar, er þetta, að auka tekjustofna sveitanna, líka mjög réttlát sanngirniskrafa, að eitthvað komi af tekjum til sveitarfélaganna á móti verzlunararðinum, sem kaupstaðirnir njóta svo að segja eingöngu. Sveitirnar fara því nær alveg á mis við allan verzlunararðinn, og afleiðingin hefir komið mjög svo skýrt í ljós, þar sem verzlanir hafa lagzt niður í

sveitum, því að þær sveitir hafa komizt í hið mesta fjármálaöngþveiti. Einmitt slík sveitarfélög hafa orðið að neyta laganna um fjárþröng sveitarfélaga, vegna þess að þau hafa orðið gjaldþrota.

Nú er það víst og satt, að það er erfitt um álagningu nýrra gjalda, og sérstaklega til sveitanna, og því er með þessu frv. fyrst og fremst reynt að breyta til þannig, að leiðréttur sé gamall óréttur. Á þingmálafundum um og eftir aldamótin síðustu voru víða á landinu samþ. harðar kröfur um, að ábúðarskattinum yrði létt af. Þetta var tekið til athugunar á Alþ. og þessu breytt nokkuð. Sjálfur ábúðarskatturinn var afnuminn, en í staðinn kom fasteignaskattur. Þegar svo til framkvæmdanna kom, sáu menn ekki fært að breyta frá gamla laginu og létu fasteignaskattinn koma fram sem hreinan og beinan ábúðarskatt, svo að þetta sótti allt í gamla horfið. Eini munurinn, sem á varð, var, að slíkur skattur kom betur niður á kaupstaði og kauptún. Þar höfðu menn áður orðið að gjalda húsaskatt, sem þannig var, að menn urðu að gjalda skatt af því í húseignum, sem ekki var veðsett. Þessi breyt. verkaði því þannig, að ríkið fékk meiri tekjur, en engu var létt af sveitunum. Nú kemur þessi ábúðarskattur þannig niður, að því fleiri jarðir sem utansveitarmenn eiga í einhverri sveit, því meira borga bændurnir í sveitinni í ábúðarskatt fyrir jarðeigendur. Þess vegna er það ekki nema réttlátt, að þessi skattur einmitt verði fyrst og fremst notaður til þess að létta undir með sveitarfélögum, þannig að hann fari þó ekki út úr héruðunum.

Ég held, að mér sé óhætt að segja, að ekki hafi heyrzt nein rödd, sem í sjálfu sér sé á móti þessu sanngirnismáli. Ég held, sannast að segja, að eina ástæðan til þess, að þessu frv. hefir ekki verið sinnt eins og átt hefði að vera, sé bara blátt áfram það, að ríkissjóður þykist nú sem stendur ekki geta séð af neinum eyri.

Ég skal upplýsa það, að samtals nemur fasteignaskatturinn í sveitasýslum, sem þetta frv. á aðallega að ná til, alls um 150 þús. kr., svo að hér er ekki um stóra upphæð að ræða, heldur ber þetta að skoða sem nokkurskonar byrjun á tekjuaukum, og þá sérstaklega sem lagfæringu á gömlum óréttí.

En frv. innibindur í sér, að þennan skatt má auka í sveitum með frekari álögum. Hver sýsla getur hjá sér aukið þennan skatt allt að helmingi, ef henni sýnist, svo að það liggur meira í þessu frv. heldur en að taka tekjur beint frá ríkissjóði. Í frv. liggur því það, að sveitirnar geta reynt á þennan hátt að hjálpa sér sjálfar.

Ég hafði búizt við því, að menn mundu sýna þessu máli þann sóma að láta eitthvað heyra til sín um það úr n., og sérstaklega hafði ég búizt við því af því, að stéttarbræður mínir áttu sæti í þeirri n., sem málið var í. Þetta varð samt ekki. Skal ég ekki um það sakast, því að vera má, að mikil störf í n. hafi hamlað því þá. En nú, þegar frv. kemur til umr. svona snemma á þingi og ekki er meira fyrir n. að starfa en nú er, svona rétt í meðallagi, þá vænti ég þess fastlega, að nm. láti sjá, hvaða hug þeir bera til frv. þessa og þessa máls í heild sinni. Og ef nm. komast að þeirri niðurstöðu, að þennan tekjuauka megi fá á annan hátt, vona ég einnig, að þeir láti til sín heyra um það, því að mér er það út af fyrir sig ekkert sérstakt kappsmál, að sveitirnar fái endilega aukna tekjustofna fyrir þetta vissa frv., heldur að **þær fái þá á einhvern hátt.**

Ég skal svo ekki fleiri orð um þetta hafa nú, en ég óska, að málinu verði vísað til allshn. Þetta mál snertir fyrst og fremst sveitarfélög og þeirra skipulag, og öllum slíkum málum hefir ætíð verið vísað til allshn. Hinsvegar verður því ekki neitað, að það er fjárhagsatriði í þessu máli, sem heyrir undir fjhn. í raun og veru. En ef leita þyrfti álits fjhn. um þetta, þá virðist mér það liggja hendi næst, sem oft hefir verið gert hér á Alþ., að allshn. bæri þetta mál undir systurnefnd sína, fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

Á 12. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmsra ráðstafana vegna fjárkreppunnar (þmfrv., A. 19).

Á 14. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Frv. shlj. þessu var flutt af okkur flm. tímanlega á síðasta þingi, en lá meiri hluta þingtímans hjá landbn. Verður því að gera ráð fyrir, að málið hafi fengið rækilega athugun hjá nefndinni. Að vísu lagði n. til, að frv. okkar yrði ekki sinnt, en flutti sjálf annað frv., sem miða átti að því að bæta nokkuð fasteignalánskjör landbúnaðarins. Má því vænta þess, að n. þyki enn sem fyrr sinn fugl fagur og vilji ekki sinna okkar frv. nú fremur en áður. En þess er þó að gæta, að í frv. n. síðan í haust eru ákvæði, sem litlar líkur eru til, að komi til álita nú, svo sem ákvæði 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir 5 millj. kr. lántöku. Ég veit að vísu ekki, hvað stj. telur sér fært í þessu efni, en trúað gæti ég þó, að nú væri farið að þrengjast allmjög fyrir dyrum um nýjar lántökur, ekki tryggari afkoma atvinnuveganna en nú virðist vera fram undan. Þá virðist og annar möguleiki, sem frv. gerði ráð fyrir til að framkvæma vaxtalækkun, vera horfinn úr sögunni, en hann var sá, að lengja lánstíma ræktunarsjóðs með því að lengja inndráttartíma bréfanna. Í Ed. var sýnt fram á, að þetta væri ekki hægt, eins og raunar var bent á hér í d. líka.

Þegar á þetta hvorttveggja er litið, má segja, að aðalástæðurnar til að samþ. frv. landbn. séu

úr sögunni, en því meiri ástæða til þess að samþ. frv. okkar nú. Það var skoðun sumra í landbn., að svo þyrfti að koma þessu máli fyrir, að af því leiddi engin útgjöld fyrir ríkissjóð, en seinna var þó bætt inn í frv. landbn. III. kafla þess, sem gengur í sömu átt og frv. okkar. N. fellst á, að vextir af fasteignaveðslánum séu of háir og vill lækka þá, en að vísu ekki eins mikið og við, og telur, að þeir megi vera 5%. Þó hreyfir n. ekki við vöxtum af veðdeildarlánum Landsbankans. Í III. kafla frv. er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til að greiða þann hluta af fasteignaveðslánavöxtum, sem er fram yfir 5%. Ennfremur vill hún bæta úr lánskjörunum með því að lengja lánstímann. Um þetta atriði vildi ég eiga samvinnu við þá í landbn., sem vilja taka þetta mál föstum tökum. Ég játa, að þessi breyt. sé til bóta, því að með henni er dregið úr hinum árlegu greiðslum, en þetta verður ekki framkvæmt nema ríkissjóður hlaupi undir bagga, því að inndráttur ræktunarsjóðsbréfa má ekki dragast lengur en lánin gefa tilefni til.

Það hefir verið sagt, að ekki mætti gera ráðstafanir sem þessar án þess að gera ríkissjóði kleift að afla sér nýrra tekna til að standast kostnaðinn af framlögum sínum í þessu skyni. Þó hefir n. lagt til, að vextir lækki um 1% á ræktunarsjóðsbréfum í opinberri eign. Þetta er auðvitað beint framlag úr ríkissjóði, án þess að nokkuð komi í staðinn.

Alþingi hafa borizt áskoranir um lækkun á vöxtum á fasteignaveðslánum, sem eru alveg í samræmi við frv. okkar, og búnaðarþing hefir samþ. með 11 shlj. atkv. af 14, að þessir vextir skyldu færðir niður í 4%. Á bak við þessar kröfur stendur því eindreginn vilji bænda, enda hefir landbn. fallizt á þá skoðun okkar, að þar sem bændur greiða nú ekki nema 4% af lausaskuldum sínum, þá sé ekki nokkur meining í því, að fasteignaveðslánavextir séu svo háir sem nú. Þvert á móti ættu þau lán að vera vaxtalægst, þar sem þau eru jafnan tryggustu lánin. Af réttlætisástæðum hljóta því allir að vera sammála um það að færa vextina til samræmis. Og auk þess er það öllum kunnugt, að landbúnaðurinn getur ekki lengur risið undir hinum árlegu greiðslum af fasteignalánunum með þeim vaxtakjörum, sem nú eru.

Eftir þeirri yfirlýsingu, sem fulltrúi Alþfl. í landbn. Ed. hefir gefið, hefði mátt búast við því, að stj. flytti frv. í þá átt að koma meira réttlæti á í þessu efni. En á slíku frv. hefi ég ekki séð bóla ennþá og verð því að vænta þess, að landbn. taki þetta mál til ýtarlegrar meðferðar, því að það þolir enga bið. Til ársloka 1934 höfum við flotið á þeirri heimild, að ríkissjóður mætti greiða 1½% af vöxtunum eftir tillögum stjórnar kreppulánasjóðs. Þetta hefir verið mjög notað, en nú eru þessi ákvæði fallin úr gildi frá áramótum. Ég vænti því þess, að landbn. taki málið strax fyrir á grundvelli frv. okkar. En þó mun ég ekki gera það að kappsmáli, að frv. okkar verði lagt til grundvallar, því að fyrir okkur vakir það eitt, að fá sæmilega lausn á málinu á einhvern hátt.

Fyrir þinginu í fyrra lá frv., sem skoðanir voru allmjög skiptar um. Það var frv. um vaxtaskatt. Ég gæti fallizt á lítilsháttar vaxtaskatt til að standa undir þeim útgjöldum, sem af þessu leiðir, til bráðabirgða, meðan örðugleikar landbúnaðarins eru sem mestir. Þennan skatt ætti þá að leggja í sérstakan sjóð, sem skatturinn yrði í áfram, þótt ekki þyrfti að nota hann allan til greiðslu á fasteignaveðslánum landbúnaðarins, heldur væri notaður til að létta undir með öðrum atvinnuvegum.

Menn verða fyrst og fremst að gera sér það ljóst, að ekki dugir það eitt, að krækja í tekjur handa ríkissjóði með einhverju móti, heldur verður jafnframt að efla atvinnuvegina, því ef þeir standa ekki undir sjálfum sér, er fjárhag ríkissjóðs hætta búin, hversu harðvítugur atvmrh. sem fer með völd. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt einn liðurinn í eflingu atvinnuveganna.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Út af því, að hv. flm. sagði, að ekki væri farið enn að brydda á frv. um lækkun fasteignalánsvaxta frá stj., vil ég taka það fram, að frá þessu máli var gengið með yfirlýsingu hv. 4. landsk., þar sem hann sagði, að frá þessu máli yrði gengið á þessu þingi á svipuðum grundvelli og það var borið fram af landbn. síðast. Og þetta verður gert, þótt málið verði ekki borið fram sem stjfrv. fremur nú en þá. Hv. flm. er þetta vel kunnugt.

Hitt er ljóst, að þetta mál hlýtur að verða vandleyst. Landbúnaðurinn hefir meiri þörf fyrir vaxtalækkun en nokkru sinni fyrr. En jafnhliða fara örðugleikarnir vaxandi fyrir aðra framleiðslu, sem verður að taka af það fé, sem ætlað er til vaxtalækkunar fyrir landbúnaðinn. En eins og kunnugt er, eru horfur um fisksöluna nú mjög iskyggilegar.

Árið 1933—4 hefir verið greitt 1½% af vöxtunum af ríkisfé. En svar við þeirri spurningu, hvað vextirnir megi vera háir, hlýtur að fara eftir því, hvað aðrir atvinnuvegir þola að bera mikið af þeim. Lausnin á þessu máli er því miklum vandkvæðum bundin hér, þar sem peninga vantar til alls vegna mikilla framkvæmda undanfarin ár. Lausn þessara mála hefir t. d. strandað á því í Danmörku, að bankar og sparisjóðir hafa neitað að lækka vextina. Sú neitun stafar auðvitað af vandræðum þeirra atvinnugreina, sem eiga að standa undir lækkun á vöxtum fasteignalánanna.

Ég hefi viljað geta þessa, þótt stj. hafi á engan hátt horfið frá því að leysa þetta mál. Frv. verður flutt næstu daga, og áherzla verður lögð á að koma því í gegn fyrir þingfrestun vegna vaxtagreiðslnanna að hausti.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefði nú ekki búizt við því, að stj. tæki málið upp á þeim grundvelli að taka 5 millj. kr. lán, eins og gert var ráð fyrir í frv. landbn. í fyrra, ofan á það 12 millj. kr. lán, sem hún er nýbúin að taka. En máske eru þessar 5 millj. innifaldar í 12 milljónunum? Þessar 5 millj. eru þýðingarmikill þáttur, ef leysa á málið á þeim grundvelli, sem eitthvað verður að koma í staðinn fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér væri það kunnugt, að frv. ætti að koma um þetta efni. En þó að

stj. sé nú þunn, þá sé ég samt ekki í gegnum hana. Það hefir alls ekki bólað á þessu frv. enn, enda hefir n. ekki ráðfært sig við okkur á nokkurn hátt. En það má vera, að stj. rumski nú fyrst, er málið er fram komið fyrir tilstilli okkar.

Það er alveg rétt, að nauðsyn er á því að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar, og það þarf að styðja þá alla, svo að þeir komist á heilbrigðan grundvöll. En það þýðir ekki að berja sér á brjóst út af því vandamáli, eins og hæstv. forsrh. gerði, heldur verður að finna lausn á því, og einhversstaðar verður að byrja. Og ef stj. treystir sér ekki *til þess að taka málið fyrir í heild*, ætti hún þó að taka þetta atriði sérstaklega fyrir.

Það, sem ég legg aðaláherzluna á, er, að málið verði tekið til rækilegrar meðferðar af hv. landbn., sem ég vona, að hafi skilning á óhjákvæmilegri þörf til þess að gera eitthvað til úrlausnar fasteignalánum landbúnaðarins.

Ég var búinn að benda á, að jafnvel formaður sósíalista í Ed. hafi tekið það fram, að ekki væri unnt að framkvæma frv. í því formi, sem það kom til Ed. í. Þær till., sem bornar voru fram af honum og öðrum nm., *komu ekki til* atkv. í Ed. sökum tímaleysis, svo að frv. var, að *þingi loknu*, alveg eins og það var, þegar það fór frá Ed., eða svo að segja óbreytt frá því, sem það var, þegar n. flutti það fram. Það er þegar vist, að frv. verður breytt í verulegum atriðum, sem hafa áhrif á vaxtakjörin, sem hafa áhrif á það, að framlag ríkissjóðs verður meira en n. ætlaðist til með III. kafla, að viðbættri þeirri vaxtal., sem gerð yrði á jarðrbr., sem er sama sem framlag úr ríkissjóði. Ef það hefir verið nægileg ástæða á móti frv. okkar í fyrra, að það átti að leggja nokkuð af byrðinni af þessu á herðar ríkissjóðs, *þá er sama ástæða fyrir hendi á móti frv.* n. Þetta hlýtur að verða framlag úr ríkissjóði, og þeim mun meira, ef 5 millj. kr. lánsheimildin verður felld niður. Stj. virðist ætla að notfæra sér þessa lánsheimild þannig, að hún geti byggt útreikning sinn á þeim grundvelli, að þetta lán hafi verið tekið. Slíkur útreikningur er vitanlega falskur og er að sjálfsögðu ekkert annað en pappírsgagn eitt. Það verður að koma með eitthvað, sem hefir raunveruleg áhrif á lækkun fasteignalánsvaxta. Það legg ég aðaláherzluna á. Að öðru leyti er ég *reiðubúinn til samvinnu um málið*, næstum á hvaða grundvelli sem er, ef það leiðir *til sömu niðurstöðu*, sem sé, að fasteignalánavextir fari ekki fram úr 4%, auk þeirrar lækkunar, sem ég tel sjálfsagt, að gerð verði á lánum byggingar- og landnámssjóðs, sem hv. landbn. gerir ekki ráð fyrir, að hægt sé að sinna að neinu leyti. Þar hefir hún ekki viljað að neinu leyti ganga inn á okkar kröfur í málinu, og þó er það um leið viðurkennt og talið sjálfsagt, að fasteignalánsvextir væru lægri en vextir af öðrum lánum, en samt ættu byggingar- og landnámssjóðslán að vera með enn lægri vöxtum.

Það er nauðsynlegt að taka föstum tökum á þessu atriði málsins, eins og öllum öðrum atriðum viðvíkjandi þessu vaxtamáli.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er tilgangslaust að eyða miklum tíma í að svara miklu af þessu skrafi hv. þm. V.-Húnv. Þó þykir mér rétt að leiðrétta allra helztu missagnir í síðustu ræðu hans. Hvað áhuga hv. þm. í þessum efnum snertir, vil ég aðeins taka það fram, að æskilegt hefði verið, að hann hefði komið fram fyrr, meðan hv. þm. hafði einhver tök á lausn þessa máls. Nú segir hv. þm., að það þurfi að taka föstum tökum á þessu máli, það þýði ekki að hafa pappírsgögn viðvíkjandi lausn málsins. Það, sem skorti einmitt á um lausn málsins áður, var sérstaklega það, að sú lausn var tóm pappírslausn. *Það hefir alltaf sýnt sig viðvíkjandi* lausn þessa máls, að það hefir ekki verið séð fyrir peningum til þess að gera þetta eða hitt, eins og greinilega kom fram, þegar gerðir voru upp reikningarnir fyrir 1934. Það, sem við óskum sérstaklega eftir, þegar um samvinnu við þennan hv. þm. er að ræða, er, að hann hjálpi til þess að benda á einhverja möguleika til þess að afla fjár til að gera þetta og hitt með. Það þýðir ekki að samþ. þá hlið málsins, að vextir landbúnaðarins skuli vera 3—4%, heldur hitt, hvar á að taka fé til framkvæmdanna. Það er það, sem vantar. Það hefir vantað viðvíkjandi lausn þessa máls *hingað til, og vantar enn*. Hv. þm. minntist á það með sínum venjulegu tilraunum til líkinga, sem oftast misheppnast, að hann gæti ekki vitað, hvað stj. ætlaði sér að gera í þessu máli. Vitanlega veit hv. þm. þetta, þar sem því var beinlínis lýst yfir á síðasta þingi af form. Alþfl. (**HannJ**: Segir hann stjórninni fyrir verkum?). Þetta er enn léleg tilraun til útúrsnúnings, því að Framsfl. hafði flutt málið, og Jón Baldvinsson hafði lýst yfir því, að hann og hans flokksmenn myndu styðja málið, en þann *stuðning þurfti, þar sem ekki* var kunnugt, hvort stuðningur annara fengist.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvort stj. ætlaði að bæta 5 millj. kr. lántöku ofan á 12 millj. kr. lánið. Þetta segir hv. þm. einungis til þess að láta skína í gegn órökstuddan grun, eins og blað það, sem kennt er við flokksleifar þær, sem þm. tilheyrir, er látið gera, m. ö. o., að með þessu nýja láni sé verið að safna enn nýjum ríkisskuldum erlendis. Samt er honum að sjálfsögðu kunnugt um, að verið var að breyta eldri lánum í nýj og hagkvæmari lán. Viðvíkjandi *lántökunni* er það að segja, að ég býst ekki við, að 5 millj. kr. *lántökuheimildin* verði í þessu frv., en verði ekki ráðið fram úr vaxtalækkunarvandamálinu á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., þá verður þetta að lenda á ríkissjóði, og verður þá að afla teknanna til þess með einhverju öðru móti. Ég er hv. þm. vitanlega þakklátur, ef hann vill veita stuðning til þess að afla tekna til þess að framkvæma það, sem hér um ræðir. Vitanlega er vandalítið að framkvæma vaxtalækkun, ef unnt er að afla tekna *til* þeirrar framkvæmdar. Hingað til hefir framkvæmd þessa máls strandað á því, að fé *til framkvæmdarinnar hefir ekki* verið fyrir hendi. Það hefir verið ómögulegt að fá það, nema með því móti að taka það af öðrum atvinnugreinum landsmanna. Á þessu skeri strandaði málið í Danmörku. Ég veit, að hv. þm. er ljóst, að það er það, sem allt veltur á í þessu máli.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Að svo miklu leyti sem kostnaðurinn, er af þessu leiddi, átti

ekki að lenda á herðum ríkissjóðs, samkv. till. landbn., og með lántökuheimild, sem var í frv., en mér heyrist ekki eiga að vera í því áfram, var þetta fé tekið á þann hátt, að sú stofnun, sem helzt veitti fjárhagslegan stuðning um lánveitingar landbúnaðinum til handa, Búnaðarbankinn, átti að leggja þetta fé fram. Þannig var veitt aðstoð Búnaðarbankans í heild til útlánastarfsemi til þess að styðja þessa sérstöku grein lánveitinga til landbúnaðarins, svo að sú lausn var ekki heppileg og ekki raunhæf, því að slíkt er eingöngu tilfærsla á möguleikum til stuðnings fyrir landbúnaðinn. Nú lýsir hæstv. forsrh. yfir því, að ekki verði tekið lán í þessu augnamiði, því að 5 millj. kr. lánið verði ekki tekið. Þá þarf að útvega fé, sem samsvarar þeirri fjárupphæð, sem fólst í umræddri lántökuheimild landbúnaðinum til handa. Hæstv. forsrh. sagði, að ríkissjóður yrði að annast þau útgjöld, sem hér um ræðir, ef ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, hefðu ekki tilætluð áhrif í þessu efni. Þar kom að því, sem ég sagði, að þetta umrædda fjárframlag til framkvæmda þeirra, sem hér um ræðir, yrði að taka af ríkissjóði. Hæstv. ráðh. virðist halda því fram, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að tekjuöflun ríkissjóðs verði að vaxa um þá upphæð, sem þessi kostnaður nemur. Ég sagði áðan, að þetta þyrfti ekki að vera svo. Við höfum bent á leið til þess að spara útgjöldin, og það er sama sem tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta er að því leyti betri leið, að ekki er íþyngt meir gjaldþoli landsmanna með því að fara þessa leið, en það yrði aftur á móti gert með því að afla ríkissjóði tekna til þessara framkvæmda, sem hér er um að ræða, með einhverskonar álögum á landsbúum. Hæstv. ráðh. hlýtur að viðurkenna, að því fé, sem pínt er út úr landsmönnum í ríkissjóðinn, á fyrst og fremst að verja til stuðnings atvinnuvegunum — sé því á annað borð rétt varið —, þegar búið er að draga frá lögboðin útgjöld. Mér hefir ekki fundizt hæstv. ríkisstj. vera þessum vanda vaxin. Hún hefir þegar þanið sig út yfir alla möguleika þjóðarinnar til greiðslu í ríkissjóð. Þetta fé hefir svo m. a. verið notað til þess að ausa því í Pétur og Pál og í eftirlaun, sem engin ástæða er til þess að halda uppi. En ef einhver nýtileg mál koma fram, sem þarfnast stuðnings þess opinbera, þá segja þessir góðu menn: „Þið verðið að koma með einhverjar nýjar leiðir og möguleika; við höfum notað okkur alla getu þjóðfélagsins, svo að þið verðið að finna upp á einhverjum nýjum úrræðum í þessu efni.“ Meðan hæstv. stj. vill ekki samvinnu við andstæðingana í því að velja úr það nauðsynlegasta, sem þjóðin þarfnast óhjákvæmilega, getur hún ekki vænzt þess, að við séum því samþykkir, að lagðar séu auknar álögur á þrautpinda þjóðina, á meðan svo ógætilega er farið með það, sem tekið er af gjaldendunum.

Hæstv. forsrh. lagði þunga áherzlu á, að benda þyrfti á leið til þess að útvega peninga í því augnamiði, sem hér um ræðir. Ég veit vel, að hæstv. ríkisstj. er og hefir verið mest um það hugað, hvar unnt væri að taka peninga, hverja hægt væri að rýja sem mest til þess að standa straum af útgjöldunum. Það hefir ekki að sama skapi verið hugsað um, hvernig þessu fé yrði bezt varið. Meðan þessi hugsunarháttur helzt, getur hæstv. stj. ekki búizt við því, að menn rjúki upp til handa og fóta og ausi fé í ríkissjóð. Þegar þessi ábyrgðartilfinning er hæstv. stj. augljós, og reynt verður að láta fjármagn þjóðarinnar falla í þá farvegi, sem líklegastir eru til þess að koma þjóðarbúinu að verulegu gagni, þá getur hæstv. ríkisstj. vænzt stuðnings frá hverjum sem vera skal.

Þá vítti hæstv. forsrh. mig fyrir, að ég hefði sýnt litinn áhuga á þessu máli á meðan ég gat einhverju um það ráðið. Ég hefi áður bent á, að gert var stórt átak í þessu efni með kreppulánasjóðsráðstöfunum, og það stórfelldari ráðstöfun heldur en ég legg til í okkar frv. Nú er svo komið, að meginhluti lausaskulda landbúnaðarins er kominn undir lagaákvæði það, sem samfara var ráðstöfunum þeim, sem um var getið.

Vextir af öllum þessum lánum eru komnir niður í 4%. Og þetta eru meira að segja skuldir, sem almennt er viðurkennt, að borga ætti hærri vexti af en fasteignaveðslánum. Þegar við förum fram á, að fasteignaveðslánavextirnir komist í sama horf, er sagt, að við séum of kröfuharðir. Það getur verið, að það megi átelja mig fyrir að hafa ekki gert enn viðtækari ráðstafanir í þessu efni en raun ber vitni um, en það var miklum örðugleikum bundið að koma þeim málum fram. Ég man, að það blés ekki byrlega með lausn kreppulánamálsins á sínum tíma.

Þá vil ég benda á það, að einmitt um það leyti, sem kreppulánalögin voru sett, var gerð bráðabirgðatrygging fyrir því, að menn þyrftu ekki að borga meira en 4½% af flestum fasteignalánum. Það er því búið að benda þingi og þjóð á þessa braut, og þingið er búið að viðurkenna, að hún sé rétt. Fyrst menn eru einu sinni gengnir inn á þessa braut, þá er ekki forsvaranlegt að stiga spor aftur á bak. Með þessu frv. ætlum við að festa þetta fyrir framtíðina, þangað til búið er að finna ráð til þess að koma fasteignalánsmálinu á öruggan grundvöll. Hæstv. forsrh. getur því ekki sagt, að þessu máli hafi ekki verið sinnt áður en hans valdatími hófst.

Það verður prófsteinninn á það, hve mikill hugur fylgir máli, er hæstv. forsrh. lætur vera á verði fyrir hagsmuni landbúnaðarins, hvort hann ber hagsmuni bænda fyrir borð með því að útvega þeim verri kjör hér eftir heldur en hingað til hefir verið.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég vil leiðrétta það, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Húnv., að viðhorfið til þessa máls, sem hér um ræðir, væri breytt frá því, sem það var í frv. í fyrra. Eins og hv. þm. er mætavel kunnugt um, ef hann hefir á annað borð lesið frv., gerir það ráð fyrir, að á meðan lánið er ekki tekið, og ef það verður ekki tekið, þá skuli ríkissjóður standa undir þeim gjöldum, sem af vaxtalækkun leiðir, um óákveðinn tíma. Af þessu, sem nú var sagt, sést, að ekki hefir orðið mikil viðhorfsbreyt. gagnvart þessu máli. Það var gert ráð fyrir því, að deilt yrði um það, hvort bera ætti fram frv. þannig, að ríkissjóður stæði undir þessum gjöldum, eða fara tekjuöflunarleiðina í

frv. sjálfu, vegna þess að það yrði talin líklegri leið til framgangs, að hafa í frv. sjálfu ákvæði um það, hvernig teknanna yrði aflað. Nú viðurkennir hv. þm. að vísu, að það sé nauðsynlegt, til þess að unnt verði að framkvæma lög eins og þessi, að séð verði *jafnframt fyrir tekjum* til þess að framkvæma það, sem lögin gera ráð fyrir. Einnig ætti að vera hægt að fá hv. þm. til þess að viðurkenna, að ef þetta mál væri svo auðvelt, að ekki þyrfti annað en að segja, að vextir af sjávarútvegslánum væru 3½%, og vextir af landbúnaðarlánum 2½%, og ríkissjóður stæði undir þessu, þá væri ekki eins vandasamt að framkvæma lækkun vaxta af lánum þessara atvinnugreina.

Það, sem stóð á, þegar sú breyt. strandaði, sem gera átti á landbúnaðarlánavöxtum í Danmörku, var það, að samþ. var, að bankar og sparisjóðir skyldu standa undir vaxtalækkuninni. En þeir neituðu. Þeir sögðust ekki geta gert það. Nú segir hv. þm., að það væri sjálfsagt að sjá ríkisstj. fyrir tekjum til þess að framkvæma frv. svipað þessu, ef ekki væri þannig ástatt, að ríkisstj. notaði peningana til þess að ausa í Pétur og Pál, en ekki til þess að styðja atvinnulífið í landinu. Við þessu er það að segja, að á síðasta þingi sýndi það sig, að andstæðingar stj. gátu ekki komið með lækkun útgjalda svo neinu næmi, og ekki heldur þessi hv. þm., vegna þess að það var vitanlegt, að samkv. yfirlýsingu þessu viðvíkjandi á síðasta þingi hafði verið farið eins langt í lækkun allra útgjaldaliða og unnt var, svo að ómögulegt var að gera betur. Þær till., sem fram komu til lækkunar, voru aðeins till. um lækkun útgjalda til verklegra framkvæmda, en mikið af því fé, eða um ½ millj. kr., sem er hærri upphæð en undanfarið hafði verið, átti að ganga til verklegra framkvæmda í sveitum. Þess vegna er vitanlega ekki til neins fyrir hv. þm. að segja, að stj. hafi ekki varið þeim tekjum, sem hún hefir náð í ríkissjóð með tekjuöflunarleiðinni, fyrst og fremst til aukningar verklegra framkvæmda til sjávar og sveita. Hina liðina, sem eru fastir og bundnir, er ekki unnt að lækka. Það sýndi sig við umr. á síðasta þingi um fjárlögin, þar sem andstæðingarnir komu ekki fram með neinar lækkunartill. Þessum hv. þm. er því óhætt að standa við það að styðja ríkisstj. í því að afla tekna í þessu augnamiði, því að stj. fylgdi þeirri stefnu dyggilega á síðasta þingi, að láta tekjurnar ganga til stuðnings atvinnulífinu í landinu, fyrst og fremst. Það er sérstaklega ástæða til þess að benda á þetta nú.

Hv. þm. minntist á það, að vel hefði verið hægt að framkvæma vaxtalækkun árin 1933—34. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að einmitt þessi ár var þannig séð fyrir tekjuöflun, einkum þó 1934, að það var meiri munur á tekjum og gjöldum en verið hefir flest ár. Var þá gefin svipuð heimild og þessi, sem hér er farið fram á, án þess að séð væri fyrir tekjum til framkvæmdanna, m. a. til greiðslu til ýmissa hluta viðvíkjandi landbúnaðinum. En það var bara ekki séð fyrir tekjum til þess að greiða þennan kostnað. Afleiðingin varð svo, að á þessu ári hlutu óhjákvæmilega að safnast fyrir skuldir, 3 millj. kr. Þannig er ekki hægt að halda áfram, og það verður ekki gert. Aðalatriðið er, eins og bent hefir verið á, að unnt sé með viðunandi móti, án þess að mönnum sé íþyngt um of með álögum, að útvega tekjur til þess að lækka vexti landbúnaðarins, eins og stj. ætlar að gera samkv. frv., *sem lagt verður fram.*

Það er vitanlegt, að frv. er ekki of seint fram komið, eins og hv. þm. minntist á, því að allar vaxtagreiðslur koma næsta haust, og ríkisstj. hefir gert ráðstafanir til þess, að þeir vextir verði greiddir á því tímabili, og aðrir, sem fyrr hafa verið samþ., verði greiddir á annan hátt. Þess vegna getur það ekki komið að sök, þótt frv. verði ekki samþ. *fyrr en á þessu þingi*, því að þessar ráðstafanir náðu til áranna 1933—34, og sérstakar ráðstafanir verða gerðar til þess, að það, sem greitt er á þessu ári, komi ekki í bága. Annars er vitanlega ekki hægt að koma fullkomnu lagi á rekstur landbúnaðarins og annara atvinnuvega í landinu eingöngu með því að lækka vextina. Því, eins og öllum er ljóst, þá verður einhversstaðar að taka þá peninga, sem á þarf að halda til að lækka vextina. Eins og nú er ástatt, verður fyrst og fremst að útvega rýmri og betri markaði fyrir innlendar framleiðsluafurðir. Því það er vitanlega ómögulegt að halda áfram þeirri fjármálapólitík, sem tíðkazt hefir undanfarin missiri, að halda einum atvinnuvegi sérstaklega uppi í landinu á kostnað annara, allra síst þegar komið er í óefni fyrir þeim öllum, eins og nú er orðið. Þó mun stj. gera það, sem unnt er og í hennar valdi stendur, til þess að halda landbúnaðinum á réttum kili. En þá verður fyrst og fremst að rýmka og bæta markaðinn fyrir afurðirnar; á því veltur það, hvort við komumst yfir þá erfiðleika, sem nú standa fyrir dyrum.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Það var einkennileg rökfærsla hæstv. forsrh. nú síðast. Hann telur, að það liggi ekki svo mikið á því að lækka vextina, slíkt sé aukaatriði, það þurfi að gera annað landbúnaðinum til bjargar, og það muni stj. áreiðanlega gera. Það sé óþarfi af mér og mínum flokki að hafa afskipti af því. En hvað hefir stj. gert til þess að bæta úr erfiðleikum atvinnuveganna til lands og sjávar? Það bólar ekki á neinu í því efni.

Hæstv. ráðh. heldur fast við þá fullyrðingu sína, að við höfum ekkert gert til þess að styðja það, að lækkun á vöxtum landbúnaðarlána væri framkvæmanleg, með því að benda á tekjur til slíkrar ráðstöfunar. En jafnframt bendir hann þó á það, að við flm. frv. höfum vísað á leiðir til útgjaldalækkunar á fjárl. Hinsvegar er það ekkert undarlegt, þegar stj. lítur ekki á nokkra till. eða mál, sem kemur frá minni hl., þó að hann sé tregur til að gangast fyrir nýjum tekjuálögum. En á síðasta þingi var stj. gersneydd vilja eða viðleitni til þess að virða viðlits eitt einasta atriði frá okkur. Hún gat fyllilega vænzt þess, að við hefðum sýnt, hvaða útgjöld mætti spara, ef nokkuð hefði verið tekið til greina af þeim málum og till., sem við bárum fram. Ég er sannfærður um, að það hefði að skaðlausu mátt lækka útgjöld fjárl., en þó það hefði ekki virzt tækilegt, þá mátti stj. fullkomlega vænta

stuðnings frá okkar hálfu til þess að fullnægja með auknum tekjum þeim þörfum, sem þetta frv. fór fram á. Hæstv. ráðh. þarf ekki sífellt að hamra á því, að þetta séu aðeins bráðabirgðaráðstafanir, sem eigi að gilda þangað til landbúnaðurinn reynist fær um að svara fyllri vöxtum. Þetta er ekki annað en það, sem við flm. frv. höfum sjálfir sagt. Við höfum haldið því fram, að þetta væri sjálfsögð bráðabirgðaráðstöfun, þangað til betur blæs fyrir landbúnaðinum.

Hæstv. ráðh. skal sannarlega fá að verða var við það, að við flm. þessa frv. erum reiðubúnir til þess að fylgja því fast eftir, að afkoma landbúnaðarins verði bætt, og það skal ekki standa á stuðningi okkar í þeim efnum. Við höfum hingað til farið á undan stj. í þeim greinum, en hún hefir ekki séð sér fært að fylgja okkur.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta á því að svara ræðu hæstv. ráðh. lið fyrir lið. Enda var nú svo komið fyrir honum í síðustu ræðu hans, að hann svaraði sér sjálfur með öðru orðinu því, sem hann sagði í hinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Nýbýli.

Á 13. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um nýbýli (þmfrv., A. 20).

Á 14. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er shlj. samnefndu frv., sem flutt var á síðasta þingi, en fékk þá enga afgreiðslu. Og má segja, að það hafi m. a. stafað af því, að allmikið var liðið á þingtímann, þegar það kom fram, svo að það var ekki beinlínis hægt að búast við afgreiðslu þess þá. Nú hefi ég von um, að hv. þdm. hafi kynnt sér frv. svo vel, að það hafi greiða göngu í gegnum þingið.

Ég hefi látið endurprenta þá merkilegu grg., sem fylgdi frv. á síðasta þingi, og þeir þdm., sem hafa kynnt sér hana, ættu að vera orðnir málinu það kunnugir, að ekki mun þörf á langri framsögu. Þó skal ég með örfáum orðum drepa á meginstefnu frv. Eins og hv. þdm. sjá á skýrslum þeim, sem fylgja grg. frv., þá hefir fólkinu alltaf verið að fækka í sveitunum á síðustu árum, en jafnframt hefir því fjölgað því örar í kaupstöðum og kauptúnum. Samkv. manntalsskýrslum 1920 og 1930 hefir á síðasta áratug fækkað fólki í sveitunum um 4768, en fjölgað í bæjunum um 9907. Hér er því um að ræða bersýnilegt ósamræmi í vexti kaupstaða og sveita, sem hlýtur að leiða til stórvandræða fyrir þjóðarbúskapinn í heild, ef þessu heldur áfram.

Ýmsir munu nú ef til vill segja, að það sé ekki álitlegt að fjölga býlum í sveitunum, þar sem svo örðugt gengur um sölu á afurðum landbúnaðarins. En því er nú eins háttað um sölu þeirra afurða, sem framleiddar eru af íbúum kaupstaðanna — sjávarafurða —, svo að það er enn jafnmikil ástæða til þess og verið hefir að auka lífsskilyrðin fyrir fólkið í sveitunum. Enda horfir það nú til mestra vandræða fyrir kaupstaðina, að fólkið streymir þangað úr sveitunum, þar sem mikið vantar á, að það fólk, sem þar er fyrir, geti fengið nægilega atvinnu. Fólksstraumurinn, sem við bætist, eykur á atvinnuleysið, og afleiðingin verður sú, að kröfurnar til ríkissjóðs verða æ háværari og háværari um aukin framlög til atvinnubóta í kaupstöðunum, til þess að unnt sé að framfleyta þar því fólki, sem þangað flyzt úr sveitunum, til viðbótar þeim atvinnuleysingjum, sem þar eru fyrir.

Við flm. þessa frv. teljum heppilegast að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann, og stöðva fólksstrauminn til kaupstaðanna, sem tekur atvinnuna af íbúum þeirra. Sú nauðsyn hefir aldrei verið brýnni en nú.

Í þessu frv. leggjum við aðaláherzlu á það, að reist verði sérstæð nýbýli fyrir hvern einstakling. En á ýmsum stöðum á landinu ætlumst við þó til, að lagt verði út á þá braut að stofna nýbýlahverfi með samvinnusniði, þar sem nýbýlamennirnir hafi samvinnu um ræktun landsins og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir fyrir býlin. Ég vil taka það fram, að í þessu efni ber að fara varlega á stað, til að byrja með, um stofnun þessara býlahverfa, og láta reynsluna leiða það í ljós, hvaða kostir fylgja þessu fyrirkomulagi. Ég vil aðeins benda á, að þessi hverfi ætti sérstaklega að hafa í nágrenni við kaupstaðina, og þá einkum hér á Suðurlandsundirlendinu, þar sem auðveldast er að framleiða mjólkurafurðir til sölu á innlendum markaði. Einnig virðist það vera mjög álitlegt, að þessi nýbýlahverfi hafi kornrækt með höndum, sem nú er í uppsiglingu hér á landi, og eru líkur til að hún veiti nokkurn stuðning við búskapinn á ýmsum stöðum í landinu.

Til framkvæmda í þessum atriðum leggjum við til: Í fyrsta lagi, að einstaklingum verði veittur styrkur til þess að reisa sjálfstæð nýbýli. Í öðru lagi, að samvinnufélög fái opinberan styrk til þess að stofna sambýlahverfi í sveitum, og í þriðja lagi, að reist verði svokölluð ríkisnýbýli og nýbýlahverfi, sem stofnuð eru á kostnað ríkissjóðs, en ríkið leigir eða selur einstaklingum. Við leggjum höfuðáherzluna á það tvennt, að einstaklingar verði styrktir til að reisa nýbýli, og að stofnuð verði samvinnubýlahverfi, þar sem hvorttveggja á að grundvallast á frjálsu framtaki einstaklingsins. Ríkisnýbýli geta bæði verið einstök býli og sambýli. En ég vil taka það fram, að um stofnun ríkisnýbýla ætlumst við til, að farið verði hægt á stað. En hinsvegar er það rétt, að ríkið ríði á vaðið og finni sem fullkomnust form fyrir stofnun þessara býla, bæði einstakra býla og býlahverfa. Vitanlega er ætlazt til þess, að ríkisbýlin geti orðið eign

þeirra einstaklinga, sem á þeim búa, hvort sem það eru einstök býli eða býlahverfi.

Vitanlega þarf á talsvert miklu fé að halda til þess að hrinda þessum till. í framkvæmd, en ég álít, að það sé betur farið, að verja fénu til þess að halda fólkinu við störfin í sveitunum, heldur en að margfalda fjárframlögin úr ríkissjóði síðar, eða frá ári til árs, til þess að forða fólkinu frá hungri í kaupstöðunum, þegar það er þangað komið og getur enga atvinnu fengið þar.

Við leggjum til, að ríkisnýbýli verði reist fyrir nokkurn hluta af því fé, sem árlega er varið úr ríkissjóði til atvinnubóta. Með því vinnst tvennt: Atvinnulausa fólkið í kaupstöðunum getur fengið vinnu við að reisa býlin, og fólkið, sem vantar bústaði í sveitunum, fær skilyrði til þess að stofna þar heimili.

Ég hygg, að á þennan hátt geti þetta frv. komið að góðum notum bæði fyrir þá, sem búa í kaupstöðum og sveitum. Það væri að vísu ástæða til að ræða þetta mál ýtarlegar, en ég læt þetta duga með það fyrir augum, að hv. þdm. hafi kynnt sér grg. frv. Þar er bent á margt, sem nauðsynlegt er fyrir þá að kynna sér, áður en þeir taka afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Frystigjald beitusíldar.

Á 13. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um frystigjald beitusíldar (þmfrv., A. 22).

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Garðar Þorsteinsson): Þetta frv. bar ég fram á síðasta þingi, en það fekkst ekki afgr. frá n. Ég tel óþarft að endurtaka nú framsögu fyrir frv., en leyfi mér að vísa til grg., er því fylgir, og óska, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. sjútvn., á þskj. 235, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Sandgræðsla.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 20. júní 1923, um sandgræðslu (þmfrv., A. 32).

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Einarsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að gera dálitla breyt. á yfirstjórn sandgræðslumálanna. Sú milliganga, sem Búnaðarfél. Íslands hefir haft. hverfur, ef þetta frv. verður að lögum. Ég er þeirrar skoðunar og margir aðrir, að hennar sé ekki þörf og að betra sé, að sandgræðslustjóri standi beint undir landsstjórninni. Ennfremur má benda á það, að eðlilegt virðist í framtíðinni að sameina embætti sandgræðslustjóra og skógræktarstjóra, þar sem báðir þurfa oft að vera á ferðalögum, og má oft haga því svo, að bæði skógrækt og sandgræðslu komi sama fyr að fullum notum án aukins tilkostnaðar. Hér er því möguleiki til þess að spara fé og koma á *hagkvæmari skipun þessara mála.*

Að öðru leyti get ég farið sömu orðum um þetta og málið næst á undan (frv. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga), að ég vænti þess, að hv. d. lofi því að ganga til 2. umr. og landbn., svo að það geti fengið frekari athugun þar.

Jón Sigurðsson: Ég vil aðeins geta þess út af því, sem stendur í grg. frv., að mér er ekki kunnugt um, að Búnaðarfél. hafi fengið þessar 700 kr. frá sandgræðslunni, og hefi ég þó haft aðstöðu til þess að fara yfir reikninga félagsins. Ég veit, að þær eru að minnsta kosti ekki færðar sem tekjur hjá Búnaðarfél.

Ég hygg, að málið liggi þannig fyrir, að sandgræðslan hafi borgað þeim manni, sem hefir haft yfirstjórn sandgræðslunnar, ferðakostnað, þegar hann hefir verið á ferð í þarfir sandgræðslunnar. Ég held ekki, að þetta sé sérstaklega bundið við nafn Sigurðar Sigurðssonar fyrrv. búnaðarmálastjóra. Ég veit ekki betur en þetta hafi alltaf heyrt undir Búnaðarfél., án tillits til þess, hver sé búnaðarmálastjóri.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að ég vænti þess, að því verði vísað til n. og að það verði tekið til athugunar þar. Það er ýmislegt, sem bendir til þess, að það sé hægt að koma því svo fyrir, að sandgræðslustjóri og skógræktarstjóri séu einn og sami maður. Báðir hafa þeir umboðsm. á sömu stöðum, sem ekki hafa nægilegt verkefni, og virðist það vera heppilegra að hafa sömu umboðsmenn fyrir hvoratveggja. Það er ýmislegt fleira, sem þarf að athuga viðvíkjandi verkaskiptingunni milli Búnaðarfél. Ísl. og ríkisstj. En það er undir athugun hjá mönnum, sem búnaðarþingið hefir fengið til þess, og ég *hefi fengið til þess.* Það eru alls 4 *menn,* sem hefir verið falið að athuga þetta.

Þó að þetta frv. sé spor í rétta átt, en það er borið fram með vilja þess manns, sem hefir haft sandgræðsluna með höndum, því hann hefir

óskað eftir því, að sandgræðslustjórastarfið heyrði beint undir landbúnaðarráðh., þá býst ég samt við, að þetta mál verði leyst í sambandi við hina almennu athugun, sem fram á að fara. Hinsvegar er, eins og ég gat um áður, vel til fallið, að málið fari til landbn. til athugunar.

Hannes Jónsson: Mér finnst, að það sé ekki fjarri lagi, að þar sem búnaðarþingið stendur yfir, þá fái það tækifæri til þess að athuga þetta mál. Það er óviðeigandi, að slíkum málum sé ráðið til lykta án þess að Búnaðarfél. Ísl. fái að láta uppi álit sitt um þau. Það er næstum því ósvífni gagnvart Búnaðarfél. Ísl., þar sem búnaðarþingið stendur nú yfir, að flytja þetta mál hér. Flm. hefði áreiðanlega getað komið skoðun sinni fram á búnaðarþinginu.

Ég veit ekki, hvað fyrir honum eða stjórnarflokkunum vakir um Búnaðarfél. Ísl. Ég get búizt við því, að það eigi að fara fram aflimun á Búnaðarfél. og að það eigi að „krukka" í það smám saman og rífa það alveg niður að lokum. En mér finnst, að það sé meiri ástæða til þess að sameina þau verkefni, sem Búnaðarfél. Ísl. hefir með höndum, en ekki slíta þau út úr samhengi, nema ef sú stefna á að vera uppi, sem reynir að eyðileggja Búnaðarfél.

Það hefir svo lítið verið athugað, hvort hægt er að sameina skógræktina og sandgræðsluna, að það er ekki viðeigandi að koma með frv., sem stefnir í þá átt. Það er sagt, að þetta eigi að draga úr kostnaðinum, en það er fjarstæða. Forstjórastöðum fylgja oftast há laun, og ætti stj. að vita það. Og þó að það sé gefið í skyn, að þetta muni ekki verða til kostnaðarauka, þá liggur það í hlutarins eðli, að það mun frekar leiða til aukins kostnaðar. Þannig er þetta til orðið, enda komið frá þeim mönnum, sem minnstan skilning hafa sýnt á málum landbúnaðarins, og er því tæplega ástæða til þess að taka það alvarlega.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég hefi nú raunverulega ekki miklu að svara hv. þm. V.-Húnv. Þó vil ég ekki alveg leiða hjá mér orð, sem hann lét falla í sambandi við Búnaðarfél. Ísl., sem voru að vísu lítið annað en endurtekning á ræðum hv. þm. frá síðasta þingi. Hv. þm. sagði, að það væri auðsjáanlega stefna stjfl. að eyðileggja Búnaðarfél. Ísl. með því að slíta smátt og smátt sundur þau bönd, sem tengir það við bændastétt landsins. En ég get nú bætt því við þau rök, sem ég færði fram gegn þeim rógburði á síðasta þingi, að það eru engar líkur til, að þær ákvarðanir, sem þá voru teknar, verði til þess að auka ófrið í Búnaðarfél. Þvert á móti eru góðar vonir um, að það verði til þess að koma á þeim starfsháttum, sem búnaðarþing hefir óskað eftir um mörg ár, en ekki tekizt að koma í framkvæmd.

Ég vildi taka þetta fram nú, að ég býst ákveðið við því, að þær umr., sem fram hafa farið milli stj. og fulltrúa Búnaðarfél., verði til þess að koma málum félagsins á heilbrigðan grundvöll og kveða niður aðdróttanir og hrakspár hv. þm. V.-Húnv. og annara, er tekið hafa í sama streng.

Hannes Jónsson: Það er gott, að hæstv. ráðh. getur friðað samvizku sína með því, að hann hafi verið að vinna gott verk með samþykkt þeirri, sem hann lét gera gagnvart Búnaðarfél. í vetur. En hann má vita, að hann hefir ekki enn talið þjóðinni trú um, að svo hafi verið. En þó að hæstv. ráðh. verði að hopa af þeim grundvelli, sem hann stóð á gagnvart Búnaðarfél., og málefni þess fái sæmilega lausn, getur hann ekki talið neinum trú um, að það sé honum að þakka; hjá honum lá allt annað til grundvallar.

Mér skildist hæstv. ráðh. telja óþarft að vera að ræða þessi mál hér, og er ég honum þar sammála um, að ástæðulaust sé og óviðeigandi, að þetta frv. nái fram að ganga, og því óþarft, að það fari lengra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:5 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt nál. frá landbn., á þskj. 680, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Ættaróðal og óðalsréttur.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt (þmfrv., A. 40).

Á 19. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Ég skal ekki þreyta hv. d. með mjög langri ræðu, því þótt ekki hafi verið fyrr mælt með frv. þessu á Alþingi, er það orðið nokkuð kunnugt frá því er það var lagt fram á síðasta þingi, og því fylgdi þá ýtarleg grg. Þó get ég ekki látið hjá líða að drepa nokkuð á höfuðdrætti frv. og stefnu þess jafnframt og ég mun víkja að máli þessu almennt.

Sú skoðun mun vera orðin nokkuð almenn, að jarðeignamálið sé eitt af helztu málum þjóðarinnar og eitt af því, sem landbúnaðarins vegna þurfi nauðsynlega að taka til yfirvegunar og úrlausnar sem allra fyrst.

Í máli þessu hefir aðallega orðið vart þriggja stefna:

1) **að** hætta að selja þjóð- og kirkjujarðir, en kaupa smátt og smátt allar jarðir, með það fyrir augum að gera þær að ríkiseign, og að allir bændur verði leiguliðar ríkisins.

2) **að** láta sitja við það, sem nú er, eða gera a. m. k. sem allra minnstar breytingar.

3) að efla sjálfsábúð á ýmsa vegu, en jafnframt gera umbætur á sjálfseignarskipulaginu.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um hverja þessa stefnu eða skoðun fyrir sig, en ég skal byrja á því, sem ég nefndi fyrst, þ. e. a. s.

þeirri stefnu, að ríkið kaupi smátt og smátt allar jarðeignir í landinu. Þeirri stefnu fylgja fyrst og fremst kaupstaðabúar, og þá sérstaklega þeir, sem teljast til flokks kommúnista og sósíalista. Er það eðlilegt og í samræmi við alla stefnu þeirra. En þó er því ekki að neita, að jafnvel meðal sveitamanna verður þessarar skoðunar vart á síðustu árum. Verður að líta á í því sambandi, hve mikla erfiðleika sveitirnar eiga nú við að stríða, og mun fylgið við þessa stefnu af þeim rótum runnið. Þeim sveitamönnum, sem stefnu þessa hafa aðhyllzt, hefir reynzt barátt-an of örðug. Þeir eru búnir að missa trúna á framtíð sína og sinna, trúna á það, að geta haldið jörðinni sinni, og kjósa, úr því svo er komið, að reyna að bjarga því, sem bjargað verður, og gera sér fremur vonir um að fá að vera áfram á jörðinni með því móti, að ríkið kaupi, en ef hún er látin fara undir hamarinn. Það er því, ég vil segja, nálega ósæmilegt af hinu opinbera að nota sér þannig neyð bænda til þess að klófesta jarðir þeirra, í stað þess að hjálpa þeim til að halda þeim, svo þeir geti orðið sjálfstæðir bændur. Því að það er min sannfæring, sprottin af reynslu, að þegar hagur bænda breytist til batnaðar, muni þeir ekki vilja selja jarðeignir sínar. Hvaða bóndi hefði viljað afhenda ríkinu jörðina sína fyrir jarðamatsverð á árunum 1929—1930?

Um stefnu þessa yfirleitt er það að segja, að hún felur í sér heimild til að tekið verði fram fyrir hendur einstaklingsins. Bóndinn er ekki lengur frjáls og óháður konungur í sínu ríki, en verður háður ríkisvaldinu. Ríkisvaldið getur sett honum reglur og fyrirmæli, sem á margvíslegan hátt geta svipt hann og hans nánustu mikilsverðum réttindum. Á þetta er sérstaklega lítandi fyrir bændur, auk þess, sem reynslan hefir sýnt það raunverulega fyrr og síðar, og kom þó berlegast í ljós eftir að kirkju- og þjóðjarðasalan hófst, að bændur, sem ekkert höfðu gert til umbóta á jörðum sínum meðan þeir voru leiguliðar ríkisins, hófu stórfelldar framkvæmdir og umbætur bæði í jarðabótum og húsaskipun, svo stórfelldar, að eigi hafði áður þekkzt neitt svipað. Og enn er það svo, að þekkja má úr þær jarðir, sem eru í eign hins opinbera, á því, hve miklu verr þær eru setnar en nágranna-jarðirnar, sem eru í sjálfsábúð, þótt ytri skilyrði séu hin sömu eða mjög svipuð. Frá fjárhagslegu sjónarmiði ætti þetta að nægja til þess að Alþingi hugsaði sig tvisvar um áður en það gengi inn á breytingar í þessa átt.

Þá liggur fyrir að athuga þann grundvöll, sem við höfum staðið á til þessa, og hvort eigi er hægt að byggja á sjálfseignarskipulaginu framvegis sem hingað til. Ég gat um það áðan, að til væru nokkrir menn, sem ekki æsktu breytinga frá því, sem nú er í þessum málum. Þetta tel ég vera ranga stefnu, og þykist ég styðjast í því efni við reynsluna.

Með því skipulagi, sem nú er, hefir það orðið svo, sérstaklega um og eftir stríðið, að á mörgum jörðum í sjálfsábúð hafa verið gerðar stórumbætur. Eigendurnir hafa lagt í þær mikið fé, bæði erfðafé, gróðafé og lánsfé. Afleiðingin hefir orðið sú, að jarðirnar hafa stórhækkað í verði, og það svo mikið, að þegar börnin hafa átt að taka við af foreldrunum, þá hefir þeim í mörgum tilfellum reynzt það ókleift, og jörðina, sem búið var að bæta og prýða, hefir orðið að láta af hendi til vandalausra, en börnin hrökklazt burtu. Hinn nýi kaupandi hefir komizt í stórmiklar skuldir við jarðakaupin, sem hann hefir búið að alla æfi.

Þannig gengur þetta nú kynslóð eftir kynslóð, að bóndinn eða börn hans selja jörðina; nýr ábúandi kaupir og stofnar til stórmikilla skulda, sem hann oft er mikinn hluta æfi sinnar að greiða. En á sama tíma fara þeir aðilar, sem við söluna hafa orðið staðfestulausir, til kaupstaðanna með fjárhlut sinn. — Jarðeignamálið grípur stórmikið inn í það atriði, sem nú er eitt hið hættulegasta fyrir sveitirnar, nfl. flutning fjármagnsins úr sveitunum til kaupstaðanna. Fyrir og um aldamót var það svo, að nálega allt það fjármagn, sem í sveitunum myndaðist, stöðvaðist þar. Það safnaðist fyrir og varð til þess, að í hverri sveit, að segja mátti, myndaðist talsvert mikill auður, mikilsvert bakhjarl þegar hrun og óáran dundi yfir. — Þetta hefir allmjög breytzt á síðustu tímum, og á þann veg, að þetta fjármagn, sem áður var í sveitunum, hefir fjarað burt, og það fé, sem myndast, þar sem um gróða er að ræða, flyzt úr sveitunum jafnóðum. Afleiðingin er sú, að ekki er annað sýnna en að mörgum sveitarfélögum muni blæða til ólífis fjárhagslega. — Í annan stað hefir það reynzt svo, að hægt hefir verið að veðsetja jarðirnar nær ótakmarkað. Af því hefir leitt, að á ýmsar jarðir hafa hlaðizt svo miklar skuldir, að nálega er óbúandi á þeim. Hafa þá bankar eða aðrar lánsstofnanir orðið að yfirtaka þær, eða þá að þær hafa lent í braski og farið í niðurníðslu, til tjóns fyrir sveitarfélagið og landbúnaðinn í heild. — En sem betur fer, liggur mér við að segja, er víðar pottur brotinn en hjá okkur Íslendingum í þessu efni. Nágrannaþjóðir okkar eiga við svipaða örðugleika að stríða að ýmsu leyti. Það er þess vegna nokkur ástæða til að skyggnast um og athuga, hvað nágrannaþjóðirnar gera og hafa gert til þess að bæta úr þessum vandkvæðum hjá sér.

Um Norðmenn er það alkunna, að þeir hafa æfagamlan óðalsrétt, frá því um eða fyrir landnámstíð, sem þeir svo hafa varðveitt fram á þennan dag. Þennan óðalsrétt hafa Norðmenn metið svo mikils, að þegar þeir fyrst settu hjá sér stjórnarskrá, var eitt atriðið í henni það, að óðalsrétt mætti aldrei nema úr l. Norska bænda-stéttin leit svo á, að þetta væri hyrningarsteinninn undir velferð landbúnaðarins, og þar af leiðandi bæri að taka þetta ákvæði upp í sjálfa stjórnarskrána. Einmitt af því að óðalsréttur Norðmanna er svo æfagamall, hefir hann ekki verið í samræmi við kröfur nútímans að öllu leyti og vantað ýms ákvæði, sem nú verða að teljast nauðsynleg, og hefir það komið Norð-mönnum sjálfum í koll. Má t. d. í því sambandi benda á ákvæðið um, að heimilt væri að veð-setja jarðirnar ótakmarkað, að heita mátti. Afleiðingin varð sú, að við sjálft lá, að fjöldi norskra óðalsbænda yrði að flæmast frá jörðum sínum, og árið 1933 varð Stórþingið að grípa

inn í og samþ. sérstök lög óðalsbændum til bjargar.

Þjóðverjar hafa nýlega sett hjá sér óðalsrétt, sem að ýmsu leyti er merkilegur, þótt hann sé miðaður við aðra staðháttu og ólíkt stjórnarfar.

Þetta ætti að vera mönnum bending um það, að aðrar þjóðir viðurkenna nauðsyn óðalsréttarfyrirkomulagsins til þess að tryggja tilveru og framtíð bænda sinna og til að efla tryggð þeirra við jarðir sínar, í því rótleysi og hringiðu, sem er ríkjandi víðast hvar í heiminum.

Það, sem við í þessu frv. leggjum sérstaklega áherzlu á, og höfum þó ekki gengið lengra í en það, að ekki er um skyldu, heldur heimild að ræða, án allrar þvingunar, er það, að þær jarðir, sem nú eru í sjálfsábúð, haldi áfram að vera það, og jafnframt að skapa möguleika fyrir því, að jarðir, sem nú eru í eign hins opinbera, geti orðið eign einstaklinga og gerðar að óðalsjörðum, sem haldist í sjálfsábúð um aldur og ævi.

Ennfremur er það tilætlun okkar að koma í veg fyrir, að *óbærilegar veðskuldir safnist á jarðirnar*, þannig að ekki beri sig búrekstur á þeim. Á þessu eru nokkrir örðugleikar, því að land vort er snautt að rekstrarfé, en oft þarf að leggja fram talsvert fé til umbóta og endurbóta á jörðum. Hinu má þó ekki gleyma, að það er annað en þjörgulegt landbúnaðinum, að bændur hlaðist svo skuldum, að þeir verði að flæmast af búum sínum og njóti ekki verka sinna.

Þá er það tilgangur okkar að takmarka fjárstrauminn úr sveitunum með því að tryggja, að sem mest af aflafé bænda varðveitist sem skuldlaus arfur ættarinnar. Viljum við í þessum tilgangi sporna við því, að sjálfseignarbændur þurfi að kaupa ábýlisjarðir sínar af meðerfingjum sínum, þannig, að hver ættliður stofni sér með því í skuldir, sem hann er alla æfi að vinna sig úr. Eins viljum við heimila bændum að gefa peninga eða önnur verðmæti til ævarandi eignar þeirri jörð, þar sem þeir eru bornir og barnfæddir, eða jörð, sem þeir hafa tekið ástfóstri við. Þannig gæti ýmsum jörðum safnazt allmikið fé, sem komið gæti síðari ábúendum að miklum notum.

Nú er það altítt, að bændur verði að byrja með tvær hendur tómar. Verða þeir þá að kaupa mikið af þeim bústofni, sem þeir þurfa, og búa við skuldafé frá upphafi. Þetta setur sitt mark á búreksturinn og veldur því, að efnilegir og dugandi menn kveinka sér oft við því að leggja út í búrekstur og treysta sér ekki til að berjast við skuldabaslið. Því myndi það verða mikil hvöt dugandi mönnum til að halda kyrru fyrir í sveitunum, ef hægt væri að koma á sliku fyrirkomulagi, að *bændur tækju ekki aðeins við snauðum* jörðunum, heldur myndaðist með þeim smám saman nokkurt fylgifé, sem ekkert hvíldi á.

Þá er tilgangur okkar að sporna við því, að bændur geti með ónytjungshætti sóað því og eytt, sem þeir taka við. Eru þess þó nokkur dæmi, að slíkir taki við af athafnamönnum og leggi *allt í rústir*, hlaði svo upp skuldum, að börn þeirra, þótt mannvænleg kunni að vera, verði að flæmast frá öllu saman. Ef tryggja á það, að fjármagnið haldist í sveitunum, er sjálfsagt að stuðla að því, að ekki geti fyrir komið, að einn maður eyðileggi strit og starf margra kynslóða.

Þá er síðasta atriðið, sem ekki er minnst um vert, að vinna á móti rótleysi því, sem gripið hefir fólk í sveitum, að glæða og þroska heilbrigðan ættarmetnað og tryggð bænda við föðurleifð sína. Þetta er þýðingarmikið, þegar þess er gætt, að landbúnaðurinn gefur hvorki eins skjótar tekjur né góða vexti af höfuðstól þeim, sem í hann er lagður, og ýmsar aðrar atvinnugreinar. Að vísu líta margir svo á, að ef batna tekur um afurðasölu bænda og allan hag þeirra, þá muni hverfa útstreymið úr sveitunum, og skal það játað, að þetta er mikilvægt atriði. Það hefir átt eðlilegan þátt í útfiri fólks úr sveitunum, hve afkoma hefir verið þar erfið á síðari tímum. En þótt hagur manna batnaði þar eitthvað á næstunni, þá yrði það ekki einhlítt til að taka fyrir þennan straum. Bændur þurfa að leggja á sig meiri vinnu og erfiðari en margir þeir, er önnur störf vinna. Má því búast við, að ýmsir kjósi sér léttari sýslanir, og þá ekki síst áhugasamasta fólkið, sem þykir of seintekinn gróði af því að stunda búskap. Hagsmunavonin ein er því ekki nógu sterk taug til að halda í sveitunum því fólki, sem þær síst mega missa. Til þess þarf önnur öfl, og þau ber okkur að treysta. Því er svo farið, að mörgum góðum manni og *konu í sveitum landsins búa í brjósti þættir úr* betra efni en gróðahyggjan er. Það er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til, eins og skáldið segir. Þennan streng verður að styrkja og taka í þjónustu landbúnaðarins. Honum veitir ekki af, að í hans þjónustu séu tekin öll góð öfl, ef vel á að fara. Bóndi, sem býr á jörð forfeðra sinna, stendur fastari fótum í sveit sinni en hinn, sem flytur af einni jörð á aðra og hvergi festir rætur. Hann ber í brjósti aðrar tilfinningar til sveitarinnar og er líklegri til að haggast ekki, þótt erfiðlega blási.

Ég hefi þá gert grein fyrir aðalstefnu okkar flm. En ég vil geta þess hér, að það er ekki hugsun okkar að færa landbúnaðinn í nokkrar viðjar. Frv. gerir ráð fyrir fullkomlega nýjum þroskunarmögul., svo sem skiptingu jarða og því, að bændum geti fjölgað á eðlilegan hátt, jafnframt því sem jarðirnar eru bættar. En varnagli er sleginn við því, að jarðirnar séu bútaðar sundur, svo að ekki sé á þeim búandi, eins og orðið hefir sumstaðar erlendis. En því munum við ekki þurfa að kvíða fyrst um sinn, því að hér er landrými nægilegt.

Frv. þetta var lagt fyrir búnaðarþing, og allshn. þess hefir haft það til meðferðar. Búnaðarþingið og allshn. þess mæltu með frv. í einu hljóði.

Þetta frv. er frumsmíð, og eins og allar slíkar stendur það auðvitað til bóta. Munum við því taka til greina hverja góða og velviljaða bendingu. Vil ég svo fela frv. velviljaðri athugun Alþingis, og legg ég til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Bygging og ábúð jarða í almannaeign.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bygging og ábúð jarða, sem eru í almannaeign (þmfrv., A. 44).

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Þetta frv. lá fyrir síðasta þingi, og tel ég ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum, enda sýndi hv. 7. landsk. í framsöguræðu sinni um frv. til l. um ættaróðal fram á galla þá, sem nú eru á fyrirkomulaginu um ábúð jarða. Nú er ekki nema liðlega helmingur jarða á landinu í sjálfsábúð, hinar eru í leiguábúð. Og til þess eru engar líkur, að allar jarðir landsins komist í sjálfsábúð í náinni framtíð.

Þetta frv. er tilraun til að finna leið til þess, að hinar 754 jarðir ríkis og kirkju, og e. t. v. nokkrar jarðir opinberra sjóða, komist í þá ábúð, að þeir, sem á þeim búa, njóti þeirra hlunninda, sem hv. 7. landsk. vill afla með frv. sínu um óðalsrétt.

Eftir að 10. gr., sem var eini ásteytingarsteinn frv. á síðasta þingi, er niður felld, ættu menn að geta orðið sammála um að leyfa málinu að fara í n. Ég legg til, að því sé vísað til landbn.

Jón Sigurðsson: Ég tel sjálfsagt að stuðla að því, að leiguliðar eigi við sem bezt kjör að búa. Mín hugsun er sú, að leiguliðar verði allir sjálfseignarbændur. En í sambandi við þær upplýsingar hv. 2. þm. N.-M., að aðeins rúmur helmingur íslenzkra bænda séu sjálfseignarbændur, vil ég benda á það, að ekki er nema 1/10—1/12 af leiguliðum ábúendur ríkisjarða. Hitt eru leiguliðar einstakra manna. Með frv. verða ekki bætt kjör þessa mikla meiri hluta.

Mitt markmið er, að þegar komin er viðunandi löggjöf, sem tryggi, að jarðir þær, sem í sjálfsábúð eru, verði það áfram, þá verði unnið að því að koma einnig þessum jörðum privatmanna í sjálfsábúð. Að því vil ég og Sjálfstfl. starfa. Geri ég ráð fyrir, að Búnaðarbankinn yrði t. d. að veita lán í þessu skyni. Á þennan hátt myndi málið komast á þann rekspöl, að sjálfseignarbændum fjölgaði verulega í landinu.

Ég mun greiða atkv. með frv., því að ég álít sjálfsagt að gera þessum leiguliðum sem auðveldast að eignast jarðirnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Útgerðarsamvinnufélög.

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (þmfrv., A. 55).

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Guðmundsson: Hv. 1. flm. frumv. er ekki viðstaddur, og skal ég því fara um það örfáum orðum, en ég get verið fáorður. Þetta frumv. um útgerðarsamvinnufélög var flutt á síðasta Alþingi af sömu flm. og nú. Tilgangurinn með flutningi frumv. er fyrst og fremst sá, að skapa möguleika til nýrrar útgerðar á heilbrigðum grundvelli á ýmsum stöðum. Það hefir tíðkazt undanfarin ár, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir samvinnufélög sjómanna til að koma upp bátum til útgerðar. En það er nú svo komið, að varhugavert þykir að ganga lengra í þá átt. Það er þess vegna nauðsynlegt að skapa eitthvert fyrirkomulag, sem geti komið í þess stað og skapað útgerðinni nokkurn vöxt.

Frumv. þetta er mjög svipað því sem það var á síðasta Alþingi. Það hafa aðeins verið gerðar á því örfáar breyt., sem ganga aðallega í þá átt að lækka tillög sjómannanna í sjóði félaganna. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um frv., en leyfi mér að fara fram á, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 94., 95., 96. og 97. fundi í Nd., 9., 10., 11. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 698).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

13. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BJ o. fl.).

Á 20. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 56).

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Jónsson): Þetta frumv. er alveg shlj. við frumv., sem borið var fram á síðasta þingi, og stendur í beinu sambandi við það mál, sem hér var á dagskrá næst á undan (frv. um útgerðarsamvinnufélög). — Tilgangur frumv. er sá, að afla fjár, svo útgerðarsamvinnufélögin geti fengið það starfsfé, sem þeim er nauðsynlegt. Ég álít, að sú leið, sem hér er bent á, að verja árlega nokkrum hluta af fé opinberra stofnana og sjóða, sem fé hafa handbært, sé mjög

skynsamleg. Ég vona, að hv. d. taki vel á þessu máli og vísi frumv. til 2. umr. og sjútvn.

Sigurður Kristjánsson: Ég geri ráð fyrir, að frumv. þetta fari til n., sem ég er í, og mun því geyma mér þangað til síðar að gera mínar aths. við það. En þó að ég greiði atkv. með því, að það fari áfram, er það ekki vegna þess, að ég telji það ekki ákaflega ófullnægjandi breyt. á þeirri löggjöf, sem fyrir er um fiskveiðasjóð Íslands, og geti því ekki leyst hlutverk sitt af hendi, nema gerðar séu breyt. á því. En ég mun geyma að tala um þetta til síðari umr. um málið.

Flm. (Bergur Jónsson): Ég ætla ekki að fara að deila um frumv. nú, enda gaf hv. 6. landsk. ekki tilefni til þess. En ég vil geta þess, að á síðasta Alþingi var annað frumv. um sama efni borið fram af hv. 6. landsk. og hv. þm. Vestm., og var þá samkomulag að deila ekki um það fyrr en þau væru komin til n., og ég vona, að nú geti staðið við það sama, ef hitt frumv. kemur einnig fram á þessu Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Verzlunarskuldir.

Á 21. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl. (þmfrv., A. 60).

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson) [óyfirl.]: Það er gamall kunningi, sem hér kemur aftur fram. Á undanfarandi þingum hefir þetta frumv. legið frammi að nokkru leyti í sama formi, og er nú aðeins aukið af nokkrum breyt., eftir till. þeirra manna, sem um fjármál vilja fjalla. Breyt. þessar eru ekki meiri en nauðsynlega þarf, ef hægt á að vera að stemma stigu fyrir áframhaldandi söfnun verzlunarskulda, og ég veit ekki betur en allir hafi þótzt vera sammála um nauðsyn þess. En svo undarlega hefir við brugðið, að ef til alvöru hefir komið, þá hafa þeir ekki viljað vera með. Þetta er þó ekki sagt til allra jafnhliða. Fulltrúar einnar stéttar hafa sýnt, að þeir vildu alvöru í þessu máli og að Alþingi setti lög um þessi mál. Þessi stétt er bændastéttin.

Það má segja, að Alþingi hafi hlynnt að bændastéttinni, og svo lítur út, sem það hafi þótzt gera nóg, þó það svo lofi þeim, sem höfðu safnað skuldum, að leika lausum hala og safna skuldum á ný. En þetta er ekki rétt umhyggja fyrir bændum. Það er ekki nóg að hjálpa til að létta því af um stund, sem þegar er skollið á. Það er ekki síður áríðandi að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, og girða fyrir þau óhöpp og það fár, sem dunið hefir yfir þessa stétt, sumpart af mannavöldum og sumpart á annan hátt.

Það er vitanlegt og hefir sýnt sig, að söfnun verzlunarskulda getur verið bæði sjálfráð og ósjálfráð, og getur þar margt komið til greina, en sjálfsagt, að því er í manna völdum stendur, að girða fyrir, að það geti borið til, að Alþ. og ríki þurfi að bjarga nokkurri stétt á sama hátt og með annari eins áþján og kreppulánin eru. Hv. þdm. vita þetta, þó að þeir hafi ekki á undanfarandi þingum kynnt sér þessi mál og skellt við þeim skollaeyrunum. — Hér er ekki farið fram á neina byltingu — ekki farið fram á, að þær skuldir, sem eru orðnar fjögra ára, fyrnist þegar í stað, heldur aðeins hert á ákvæðunum og farið fram á, að helmingi styttri tími nægi til fyrningar.

Enginn maður, með þekkingu á þessum málum, mun hafa á móti því, að ef menn vilja ekki, að haldið sé áfram á skuldasöfnunarleiðinni, þá sé meira en nóg að láta líða tvö ár til fyrningar; en hér geta það verið meira en tvö ár, því fyrning verkar frá 1. janúar eftir að skuldin er stofnuð, og sé skuldin stofnuð á miðju ári, getur hún þannig orðið tveggja og hálfs árs. Þeir, sem vilja fara inn á þá braut, að stemma stigu fyrir áframhaldandi skuldasöfnun, ættu að fylgja þessum ákvæðum, ef þeir ætla ekki að gefast upp. Og það mætti í alvöru spyrja að því, hvort þeir menn vilji í raun og veru bjarga, og á hvern hátt þeir vilji bjarga, sem ekki vilja fara þessa leið. Og á hvern hátt hafa hinar ýmsu stofnanir viljað bjarga? Þeim stofnunum, sem almenningur hefir leitað til, hefir mjög fatazt um átök í þessum efnum, hvort sem það hafa verið bankar, S. Í. S. eða verzlunarráð Íslands. Þessar virðulegu stofnanir gáfu álit til allshn. og töldu óráðlegt að lögleiða þetta. Ástæðurnar voru nokkuð mismunandi, en hjá verzlunarráði Íslands, sem viðurkenndi frv., var ástæðan sú, að það taldi ekki rétt að lögleiða þetta, ef ekki væri um leið og jafnhliða séð fyrir því, að greiðara yrði um innheimtu skulda en verið hefði og fljótvirkari aðferðir teknar upp í þeim atriðum. Um þetta mál hefði mátt hafa samvinnu, ef menn hefðu viljað [eyða í hndr.], sem sé ákvæði þau, sem felast í 4. gr. frv. um dóma í þessum efnum, þar sem auk vissra undir venjulegum kringumstæðum uppfylltra frumskilyrða, þ. e. þeirra, að til skuldanna hafi verið stofnað, er ákveðið, að skuld megi ekki vera hærri en 500 kr., og ég tel það rétt að fara ekki inn á þá braut að hafa upphæðina háa eða að hafa háar skuldir einstaklinga, þar sem það væri mjög óeðlilegt og óheilbrigt að gefa einstaklingnum tækifæri til að stofna til stórskuldar í einu vetfangi. Þessi upphæð — 500 kr. — er tiltekin af því eðlilegt þótti og sjálfsagt að miða við þá upphæð, er sáttanefndir höfðu áður heimild til að fyrna eða gefa eftir, og hefir hún þó hvorki hæfni né tök á þessum hlutum eins og dómari til úr-

skurðar. Þótti eftir atvikum rétt að mæta þessari kröfu um, að upphæðin væri bundin við 500 kr. Tel ég þar með fullnægt þeirri kröfu, sem færð var gegn máli þessu og var á nokkrum rökum byggð.

Allar verzlanir þykjast vilja stemma stigu fyrir skulda- eða lánsverzlun, og fjöldi manna, sem hefir kynnt sér þetta frv., er því fylgjandi. Ég er kunnugur ýmsum úti á landi, sem fást við verzlun, bæði einstaklingum og kaupfélagsstj., og þeir hafa ótvírætt látið í ljós við mig, að þeim þætti þarft frv., m. a. til þess þó ekki væri annað en skjóta á þennan hátt slagbrandi fyrir skuldasöfnun, svo ekki væri gengið lengra á þann sama óhappaveg og að undanförnu, sem sé veg skuldaverzlunar. En það lítur ekki út fyrir, að fulltrúar þessara stofnana á Alþingi og hér í Rvík veiti þessari rödd fulla áheyrn. T. d. kaupfél., þau hafa ekki fengið áheyrn hjá S. Í. S., sem hefir lagt á móti þessu frv. Það álit getur ekki talizt heilbrigð hugsun, nema það sé lagt til grundvallar, að nauðsynlegt sé, að bændur skuldi, eða sú stofnun vilji láta bændur skulda. Nú hafa margir bændur losnað við mikið af skuldum sínum á þann hátt að koma þeim í kreppulán. Þá er það spurningin, hvort þessir aðilar vilja láta þá byrja aftur að safna skuldum. Ef svo er ekki, þá er óheilbrigt, að þm. skuli ekki hlusta á þetta mál, og það má ekki henda, að bændur séu með lánsverzlun látnir byrja aftur samskonar skuldasöfnun. Það hefir ekki tekizt að nota heimild eða koma fram lögum um fyrningu verzlunarskulda frá 1930 hvað snertir sveitabændur, það hefir ekki tekizt, og er það sumpart að kenna slóðaskap landsstjórnanna og sumpart stjórn Búnaðarbankans, því hann hafði heimild til að leggja fram fé í þessu skyni. Á því er enginn vafi, að ýmsir sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir mundu fúsar á að hjálpa, og það verður áreiðanlega að gera eitthvað í þessu skyni. Það er óhjákvæmileg nauðsyn, eins og ég hefi margbent á, að koma verzlunarmálunum í gott lag, sem ekki verður með öðrum ráðstöfunum frekar gert en að fyrirbyggja lánssöfnun frá ári til árs, svo ekki lendi allt í sukki eins og verið hefir. Bankarnir halda því fram, að þeim geti stafað hætta af frv. þessu vegna lánabreytinga og ásókna um lánveitingar, en það er alls ekki meiri hætta að veita lán nú en var meðan fyrningartíminn var 4 ár, sem sagt er, að sé ekki ræktur í framkvæmdinni, og ef svo fer um þennan fyrningartíma, þá ætti ekki nein hætta að stafa frá honum. Það eru ekki heldur tekin ráðin af bankastjórunum um að veita lánin. Þeir geta neitað lánum, ef þeim sýnist svo, eftir sem áður. Þessi lán bændanna eru ekki heldur orðin svo mörg eða margbrotin, helzt einstaka víxill, og töp þeirra hafa sízt verið vegna verzlunarskulda. Og það hefir ekki verið svo, að bönkunum hafi verið íþyngt með lánbeiðnir frá almúganum í sveitum landsins. En þeim virðist koma ókunnuglega fyrir sjónir, að menn skuli vilja stemma stigu fyrir öðrum skuldasöfnunum en í bönkum. Þeim ætti þeint að vera hagur að því að menn greiði skuldir sínar, en safni þeim ekki, því það styður að því, að viðskiptin séu á heilbrigðum grundvelli og komist í gott lag, sem er öllum til góðs, og allir ættu að styðja að því, að viðskiptin í landinu verði heilbrigð.

Frv. þetta er borið fram sem krafa frá miklum hluta landsmanna um, að eitthvað sé gert í þessum efnum, hvað sem hér kann að verða sagt eða gert. Það kemur fram sem krafa frá þeim, sem vita bezt, hvar skórinn kreppir að, frá stórum hluta bændastéttarinnar, sem hefir skorað á Alþ. að samþ. frv. þetta eins og það er nú orðið. Vil ég taka það hér fram vegna þeirra, sem ekki vilja ræða málið, en telja sig fulltrúa bænda, að í fyrra var á landsfundi bænda gerð samþykkt um áskorun á Alþ. að samþ. frv. þetta með brtt., sem nú eru teknar til greina. Nú í ár hefir komið samskonar krafa frá búnaðarþinginu, sem enginn mun neita, að er skipað fulltrúum bænda, þó að kosning þeirra sé ekki eftir beinum reglum, — þessir fulltrúar hafa hugsað málið og athugað og vita, hvað þeir vilja, enda verður að segja, að málið hefir verið tekið til athugunar annarsstaðar frekar en hér á Alþ., þar sem minnst hefir verið um það hugsað og því verst tekið. Búnaðarþingið hefir skorað á Alþ. að samþ. frv. þetta, og við flm. þess teljum ekki ná neinni átt að láta undir höfuð leggjast að samþ. það nú, þó ekki vinnist tími til að afgr. það nú áður en þingstörfum verður frestað, eins og lýst hefir verið yfir af stjórnarblöðunum að eigi að gera, en þó koma saman aftur og halda áfram störfum. Vona ég þá, að hv. þm. hafi væntanlega tíma til að athuga málið með sjálfum sér og heima í héraði, því flestir eiga einhversstaðar kjördæmi, annaðhvort til sjávar eða sveita; en sérstaklega snertir þetta mál sveitirnar, sem margir hv. þm. hrósa sér af að vera fulltrúar fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Vænti ég þess, að hv. þm. hafi lesið frv. og séð, að það er ekki auðvelt að taka þetta mál nánar en í því er gert, eða finna aðrar leiðir, sem eru líklegri út úr ógöngunum, því hér er tekið fullt tillit til þeirra stofnana, sem njóta þessara laga eða reka nú viðskipti á einhvern hátt.

Ég skal taka það fram, sem ljóst er, að auk fyrningar skulda er tekið hér inn í frv. ákvæði um að banna að reikna vexti af verzlunarskuldum. Ég þarf ekki að rökstyðja það, sem öllum er ljóst, að það hefir valdið einna mestri óheilbrigði og glundroða í viðskiptalífinu, að verzlanirnar hafa komizt upp með að taka okurvexti ofan á alla álagningu.

Býst ég við, að hvar sem borið er niður í sveit, geti hv. þm. sannfært sig um, hversu vinsæl þessi okurvaxtataka er þar meðal almennings. — Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Thor Thors: Ég skal ekki að svo stöddu fara út í að svara ræðu hv. aðalflm. Mér fannst hún vera flutt af yfirlæti og kenna helzt um of mikillætis og brigzlyrða til okkar, sem höfðum þetta mál til meðferðar á síðasta þingi, að við hefðum ekki þekkingu á málinu.

Ég vil aðeins segja hv. flm. það, að ég hefi

ekki trú á því — þó hann hafi hana —, að þetta mál sé stórt bjargráð fyrir landbúnaðinn, eins og hann lét í veðri vaka. En ég vil taka undir það, sem hann sagði, að mál þetta væri flutt vegna bændastéttarinnar, eftir hennar áskorun og til að bæta hennar hag, og fyndist mér því eðlilegast að vísa frv. þessu til hv. landbn., og leyfi ég mér að gera till. um, að svo verði gert í þetta sinn. Fæ ég ekki annað skilið en að hv. flm. geti verið ánægður með það, eftir þeirri meðferð, sem hann segir, að málið hafi fengið hjá allshn., sem hafi verið h. u. b. sama og stinga því undir stól. Við lögðum þó frv. þetta fyrir ýmsar stofnanir, sem ætti að vera málið kunnugast, eins og t. d. Landsbankann, Útvegsbankann, Búnaðarbankann, Verzlunarráðið o. fl. Búnaðarbankinn svaraði ekki — fannst það ekki svo mikilsvert —, en hinar stofnanirnar töldu það ekki þess vert, að það ætti að ná fram að ganga. Vil ég telja þetta boðlega meðferð á frv., og fleiri en við litu svo á, að þetta væri ekki stórvægilegt hagsmunamál fyrir bændurna, eða svo verðum við að reikna undirtektir Búnaðarbankans, sem ekki lét svo lítið að gefa álit.

Flm. (Gísli Sveinsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki fara að ræða þetta mál frekar en orðið er við þessa umr., en vil aðeins geta þess, að það er formsatriði, hvort frv. er vísað til landbn. eða allshn. En vil beina því til hv. lögfræðings, sem sæti á í allshn. — (**TT**: Við erum þar nú 4). Já, þið eruð víst nokkuð margir þar —, að frv. þetta gildir um fleiri en bændur, eða nær yfir fleiri verzlunarskuldir en bænda, jafnvel yfir hv. þm., ef hann skuldar, sem náttúrlega kemur ekki fyrir. En ég læt mig það engu skipta, til hvorrar n. frv. verður vísað.

Bjarni Ásgeirsson: Ég verð að segja það, að *mér finnst það ekki ná neinni átt að vísa frv.* þessu til landbn., þó að það snerti að einhverju leyti bændur, því það varðar menn bæði til sjávar og sveita og á því ekki heima þar frekar en ýms önnur mál, er snerta allar stéttir yfirleitt. Skilst mér, að mál þetta eigi að fara í þessa allsherjar ruslakistu þingsins, sem er allshn.

Thor Thors: Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. Mýr., þó hann minntist á ruslakistu, en ég geri ráð fyrir, að ef gripa þarf til ruslakistu hér í þinginu, verði ekki hjá því komizt að taka á honum. Ég vil aðeins benda á það, sem hv. flm. tók fram í framsöguræðu sinni, að þetta væri fyrst og fremst mál bænda. Ég get þó fyllilega skilið það, að hinn virðulegi form. landbn. nenni ekki að athuga þetta frv. eða eiga við það. En mér finnst, að hv. þdm. ættu að taka það til athugunar, hvort ekki væri rétt að gera hv. flm. það til hæfis að vísa þessu frv. nú til manna, sem hafa betri þekkingu á því en meiri hl. allshn. á síðasta þingi.

Garðar Þorsteinsson: Ég var einn af þeim mönnum, sem höfðu mál þetta til meðferðar í allshn. í fyrra, og skilaði ég sérstöku áliti, sem gekk í þá átt, að frv. yrði samþ. Ég er sömu skoðunar enn, nema hvað ég hefi heldur styrkzt í trúnni. — Ég sé ekki ástæðu til að metast um, í hvaða n. frv. skuli fara, en ég get ekki skilið, og þykir hálfleiðinlegt, að hv. form. landbn. skuli skorast undan að taka við málinu. Ég get vel skilið hv. meðnm. mína, þó þeir óski ekki eftir að fá málið aftur til meðferðar, því sennilega eru þeir komnir á aðra skoðun nú og mundu greiða frv. atkv., þó þeir kunni ekki við að opinbera skoðanaskipti sín. Tel ég því rétt að verða við ósk þeirra, til að gefa þeim kost á að fylgja málinu þrátt fyrir fyrri afstöðu.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil aðeins taka það fram, að mér þykir undarlegt, ef menn vilja helzt, að málið fari til allshn. Við ætluðumst til, að svo hefði verið frá því gengið í fyrra, að það skyti ekki upp höfðinu framar.

Bjarni Ásgeirsson: Það hefir komið í ljós, að hv. þm. hafa ekki mikla trú á þessu frv. En sá eini þm., sem er stuðningsmaður þess utan hv. flm., er hv. 8. landsk., og hann á sæti í allshn. Verð ég því að álita, að málinu sé þar bezt borgið, og held mig að því, að frv. verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 13:11 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Berklavarnir.

Á 21. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 61).

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson) [óyfirl.]: Herra forseti! Þetta mál, sem frv. það, er hér liggur fyrir, fjallar um, lá fyrir á síðasta Alþ., en fékk ekki afgreiðslu þá. Frv. lá þá í hv. allshn., og var hún að athuga það þegar þingi sleit.

Ég þykist vita, að hv. n. hafi verið málinu meðmælt; þar sem hún athugaði það svo vel, bendir það til þess, að hún hafi viljað því vel. Annars var hún skelegg og skilaði rösklega áliti um þau mál, er hún taldi lítils virði. Þetta mikilsverða mál er aðeins einn angi, einn skekill af því stóra máli, berklavarnalögunum, og snertir aðeins þau gjöld, sem að ófyrirsynju — að okkur þykir — hefir verið gert héruðunum að greiða, að þau verði færð niður úr 2 kr. í 1 kr. af hverjum manni. Þetta er orðinn einhver hæsti gjaldaliður margra sveit-

ar- og sýslufélaga, og greiðist misjafnlega, og býst ég við, að hér séu einhverjir, sem þekkja slík héruð, er ekki hafa staðið í skilum. Og mörgum héruðum er orðið þetta svo þungbær gjaldaliður, að hann verður ekki heldur goldinn af þeim, þó þau hafi staðið í skilum hingað til, eða reynt að kljúfa það. Barðastrandarsýsla er hætt að standa í skilum, sömuleiðis Hafnarfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður. Það sannar aðeins, að héruðunum er ókleift að gjalda þennan nefskatt, og þótt sum fátækari sýslufélög hafi pressað þetta undan blóðugum nöglum sínum hingað til, fer það sömu leið. Eru mjög háværar raddir um, að ríkið eigi að taka þessa skattálagningu að sér, þar sem álagningin og skattainnheimtan er á valdi þess, eða það hefir m. ö. o. öll ráð á gjaldstofnunum. Er þó hér gerð sú tilhliðrun að gera héruðunum að greiða hálft gjald það, er hefir verið. Allmikill kostnaður er árlega af berklavarnalögunum, eins og hv. þdm. er kunnugt, en þetta gjald nemur um ¼ millj. kr. árlega, og er það ekki svo lítill skattur. Eins og gefur að skilja, taka sýslufélögin þetta fé af hreppunum og hreppar-nir aftur af einstökum mönnum, og það getur ekki haldið áfram að ganga svo til. Þess vegna er frv. þetta borið fram til viðvörunar, svo annað tveggja verði útgjöldum þessum létt af sýslufélögunum eða ríkið sjái þeim fyrir tekjustofnum. Það er ekki hægt að láta skeika að sköpuðu um, að ástandið haldist eins og er.

Ég vil leyfa mér að geta þess, að ríkisútvarpið stofnaði til umr. í vetur um berklavarnamálin. Tóku þátt í þeim umr. af hálfu heilbrigðismálastjórnar læknar og hjúkrunarkonur, en aðeins einn af hálfu leikmanna, og var ég beðinn að halda þar uppi svörum. Ég hefi ennfremur verið beðinn að skrifa ritgerð um málið, sem mér þykir of löng að lesa upp hér, enda tel ég þess ekki þörf, en hv. þdm. og aðrir munu eiga kost á að kynna sér hana, er hún kemur út. Er þar viðað að ýmsum gögnum og upplýsingum, er varða allmiklu um þetta mál. Þessi ritgerð hefst í Eimreiðinni með vorinu. Býst ég við, að málið verði þá á góðum rekspöl í n., því að þótt Alþingi slíti nú, mun það koma aftur saman, og þá verða nm. búnir að kynna sér málið betur en þeir hafa átt kost á nú, m. a. með því að lesa nefnda ritgerð, sem samin er eftir þeim beztu gögnum, sem fyrir liggja frá hálfu hins opinbera, og reyndar frá einstaklingum líka, og þá könnun, sem hægt var að framkvæma. Ég mun því ekki fara fleiri orðum um þetta mál nú. Því mun verða fylgt fram bæði af mér og öðrum, hvort sem það verður nú eða þegar framhald þessa þings tekur við. Og ég legg til, að því verði vísað til hinnar umtöluðu hv. allshn.

Bergur Jónsson: Hv. þm. V.-Sk. upplýsti, að hann væri búinn að skrifa ritgerð — merkilega ritgerð — um þetta mál, svo að raunar væri ástæða til, að þingið biði með aðgerðir í þessu máli þangað til sú ritgerð væri fram komin, svo að menn geti séð þau réttu rök. Ég efast raunar ekki um, að þar verði borin fram lagleg rök, því að maðurinn er vel gefinn. En hv. þm. treystir því auðsjáanlega nokkuð djarflega, að Alþingi láti það eitt nægja, að hann hafi skrifað ritgerð.

Annars hefi ég persónulega enga ástæðu til að kvarta yfir ræðu hans. Hann gaf mér „kompliment", óverðskuldað raunar, að ég væri duglegasti þingmaðurinn í allshn. (GSv: Ég sagði „ef til vill".). Ég hefi náttúrlega ekkert á móti því, að aðrir trúi þessu um mig.

Ég ætla þá að víkja að þeim ummælum, að þau sýslufélög, sem ég hefi veitt forstöðu í 7 ár, stæðu verst í skilum með gjöld. Það sanna í þessu máli er það, að Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla voru komnar í tveggja ára skuld með berklavarnagjald, en nú mun hvort sýslufélagið um sig vera búið að greiða eins árs gjald, svo að eins árs gjald er þá eftir. Hinsvegar hefi ég fengið upplýsingar — m. a. frá hv. flm. — um það, að 5—6 ára gjald hafi safnazt fyrir hjá sumum kaupstöðum, t. d. Nesi í Norðfirði og Hafnarfirði, sem hafa þó ólíkt betri aðstöðu til að afla fjár í greiðslur heldur en fátæk sveita- og sjávarþorpa-sýslufélög, eins og Barðastrandarsýsla.

Hv. þm. gat þess, að æskilegt væri að fá málið fram, ef fjárhagur ríkissjóðs þyldi. Það er rétt hjá hv. þm. En á þessu strandar það. Þarna er um 100 þús. kr. að ræða fyrir ríkissjóðinn, 1 kr. af hverju mannsbarni í landinu. Og það er ekkert vit fyrir þingið að ganga inn á að sleppa slíkum tekjustofni úr ríkissjóði, þó að það kannske hafi reynzt stundum lítils virði að eiga kröfur á héruð, þegar þau greiddu ekki, eins og hv. flm. benti á sjálfur. En af því vil ég einnig draga það, að hann sé mér sammála um, að málið eigi ekki að fara í allshn. Hann kvartaði líka yfir, að hún hefði legið á þessu máli allt síðasta þing, sem reyndar mun rétt vera. Og hafi hv. þm. áhuga á að koma málinu áfram, ætti hann að styðja till. mína um að vísa því til fjhn. Það er fyrst og fremst fjárhagsmál, og öllu meir fyrir ríkissjóð heldur en sýslusjóði, eins og hv. flm. tók einnig fram. Ég geri ráð fyrir, að fjhn. afgr. fljótar. Hitt er líklegt, að fjhn. vilji engu sleppa fyrir hönd ríkissjóðs. En jafnvel eftir orðum flm. liggur nær að vísa málinu í þessa n., og vona ég því, að mín till. um það fái samþykki.

Ég vil nú benda á annað mál, sem vísað var til allshn., sem ekki á þar heima, niðurfelling fasteignaskatts. Það er hreint og beint fjárhagsmál, hvort eigi að kippa mörg hundr. þús. króna föstum tekjum ríkissjóðs, sem staðið hafa mörgum áratugum saman, og kasta þeim allt í einu í sýslusjóði. Þessu máli hefir verið fleygt í allshn. algerlega ranglega, — í þessa „ógurlegu ruslakistu", sem hv. þm. Mýr. var að ræða um áðan.

Ég geri fastlega ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. taki undir þessi rök mín og leggi með till. minni um að vísa máli þessu til fjhn., en ekki allshn.

Jónas Guðmundsson: Mér finnst það mjög óþarft af hv. þm. V.-Sk. að vera hér á hverju þingi að telja upp, hvaða sveitarfélög það séu, sem eiga ógreitt berklavarnagjald í ríkissjóð. Nú veit þessi hv. þm. það sjálfsagt vel, að það eru öll sveitarfélög, sem skulda meira og minna

einhversstaðar, og því ræður hending ein, hvort skuldin liggur þarna eða annarsstaðar. Þau, sem skulda ríkissjóði berklavarnagjald, hafa bara greitt aðrar skuldir annarsstaðar, en þau, sem ekki eru í þessari skuld við ríkissjóð, skulda einhversstaðar í staðinn. Sennilega er þetta eins í því sýslufélagi, sem hv. þm. V.-Sk. veitir forstöðu. Og þessi upptalning hv. þm. er óviðkunnanleg og í alla staði óviðeigandi.

En um það, að Neskaupstaður eigi eftir að greiða berklavarnagjald fyrir mörg ár, er það að segja, að kaupstaðurinn hefir ekki lokið greiðslum, en hann hefir ávísað upp í greiðslurnar innieign hjá ríkissjóði fyrir það fátækraframfæri, sem hann hefir lagt út fyrir aðrar sveitir á undanförnum árum og ekki fengið endurgreitt.

Annars vil ég segja það um frv. þetta, að það mun bráðlega koma fram frv., sem landlæknir hefir samið, og verða lagt fram í sambandi við önnur tryggingarmál; fjallar þar um greiðslu á berklakostnaði og öðrum kostnaði af langvarandi sjúkdómum. Frá mínu sjónarmiði skiptir þetta frv., sem hér liggur fyrir, litlu máli, og virðist mér það litt til bóta horfa. Nú eiga sýslufélögin að greiða 2 kr. á íbúa, en eftir frv. eina kr. Fyrir sýslufélagið, sem hv. 1. flm. veitir forstöðu, mun þetta aðeins nema einu þús. kr., að ég hygg, og sjá þá allir, hvort slík löggjöf getur hjálpað sýslufélögum svo að nokkru nemi.

Flm. (Gísli Sveinsson) óyfirl.]: Ég skal, herra forseti, leyfa mér að fara í þetta sinn aftan að siðunum og mæla nokkrum orðum til hv. þm., sem nú settist niður, hv. 6. landsk. Ef hann vildi hlusta, þá skal ég rifja upp fyrir honum, að hann á síðasta þingi — sem hann er búinn að gleyma af einhverri ástæðu — var mjög fylgjandi þessu frv. Stóð hann þá upp í óþökk sinna samherja og lýsti yfir — svo að fjmrh. varð alveg hissa —, að hann ætli að fylgja þessu frv. hvað sem hver segi. Já, hann var býsna skeleggur þá, hv. þm.! En nú er breytt um.

Þá rangfærði hv. þm. orð mín, eins og vænta mátti vegna ókunnugleika hans í málinu, því að ég nefndi einstök héruð alls ekki til þess að niðra þeim, heldur nefndi ég þau aðeins sem dæmi til stuðnings því, að þetta mál sé aðkallandi um einhverjar aðgerðir.

Þó að þessi hv. þm. eigi nú að fást talsvert við tölur í starfi sínu, var skilningur hans ennþá fátæklegri, þegar hann kvað Skaftafellssýslu ekki muna neitt um að losna við eitt þús. kr. greiðslu í ríkissjóð. Það eru tvö sýslufélög, sem ég hefi með að gera, og önnur sýslan geldur upp í 4 þús. kr. til berklavarna. Það verða þá tvö þús., en ekki eitt, sem þar munar. Hin sýslan geldur nokkru minna, af því að hún er minni. En það ætti hverjum manni að liggja í augum uppi, að hinar minni sýslur munar um helming gjalds þessa alveg á sama hátt og hinar stærri, þar eð gjaldið fer eftir fólksfjölda. Nei, sýlufélögin hvarvetna sjá minna grand í mat sínum heldur en helmingi berklavarnagjaldsins nemur.

Þessi hv. þm. leyfði sér að slá föstu, að þessi sýslufélög, sem fram að þessu hafa greitt berklavarnagjaldið, skulduðu annarsstaðar. Hann heldur líklega, að það sé alstaðar siður að hafa sama lag og á Austfjörðum: að skulda alstaðar þar, sem hægt er, ef ekki á einum stað, þá að sjálfsögðu á hinum. Það er ekki orðin regla í öllum sýslum, og Skaftafellssýslur báðar hafa ekki skuldað undanfarið og munu ekki skulda á næstu árum. Fyrir því hefi ég m. a. séð, ásamt góðum mönnum, sem við sýslumálin hafa verið riðnir. (JG: En hrepparnir?). Hv. þm. veit, að það er í þessu efni ekki hægt að blanda saman hreppsfélögum og sýslufélögum, nema að því leyti, að það rekur að því, að hrepparnir verða að borga þetta við niðurjöfnun; og þá standa þeir ekki betur að vígi, ef þeir skulda alstaðar. En það er merkilegt, hvað þessi hv. þm. snýst nú á móti málinu. Hitt var mannlegt, þótt það væri af misskilningi sprottið, og óþarfi að kveinka sér undan því, að tekið var dæmi frá Austfjörðum um það, að héruðum væri ekki kleift að greiða þessar skuldir.

Annars má í þessu sambandi nefna um þennan virðulega kaupstað, sem sjálfsagt er að öðru leyti óaðfinnanlegur, að það var mikið kappsmál hér á árunum að koma þessum blessuðum kaupstaðarréttindum á, og þótti voldugt fyrirtæki að búa til kaupstað innan í sýslu. En hann hefir ekki getað staðið í verulegum skilum með gjöld. T. d. er berklavarnagjaldið frá upphafi meira og minna ógreitt. Það hefir verið mjatlað upp í það, en ekki sýnd full skil fyrir neinu af því og alls ekki borgað sem skyldi frá ári til árs. Það er náttúrlega alveg sjálfsagt að viðurkenna þetta. Það eru rök með þessu máli, að sveitarfélög, sýslufélög og bæjarfélög, sem þykjast fær í allan sjó, geta ekki staðið undir þessum gjöldum.

Hv. þm. Barð. var í rauninni alveg á sama máli um þetta atriði, sem hér er um að ræða, og hann veit og viðurkennir, hvernig komið er þessu máli í héraði hans, og hann hlýtur að taka það sárt. En samt finnur hann ekki sárar til þess en afstaða hans til málsins ber vott um, — kannske af því, að hann stendur ekki í skilum. Því að eins og kunnugt er, þegar menn hætta að standa í skilum, þá deyfist tilfinningin fyrir skilunum. En ekki er ég þar með að segja, að hann standi ekki annarsstaðar í skilum. En út frá ástandinu í þessu máli ætti hann ekki að vera á móti linun á þessu gjaldi, sökum þess að ríkið megi ekki við að missa það, sem það ekki hefir og ekki fær. Og viðvíkjandi því ennfremur, að ríkinu megi ekki blæða í tilbót vegna berklavarna, eins og hv. þm. sagði, þá er náttúrlega hag þess illa komið; en þó sýnist mér ekki hæstv. fjmrh., sem hér stendur, hafa kveinkað sér við að leggja á útgjöld, ef honum hefir passað það. Svo að hann virðist ekki vera hræddur við hverjar hundrað þúsundir. — Annars er því til að svara, að það er ríkið, en ekki héruðin, sem hefir tök á að taka peningana. Og þá verður sá aðilinn að standa aðallega undir byrðinni. Annars gleður það mig, að flutningur þessa máls á síðasta þingi hefir gefið einhverjum stjórnarvöldum í landinu tilefni til að fara á stúfana. Umr. þá hafa sannfært menn um, að

það er ómögulegt, með þeim árangri, sem þegar er fenginn, að halda uppi þeim gífurlega kostnaði við berklavarnir, og að það verði eitthvað að ske í þeim efnum. Mér heyrðist hv. 6. landsk. segja, að von væri á frv. frá forsjón heilbrigðismálanna í landinu, sem myndi leysa spursmálið. Gott er það, en ég þarf að sjá það áður en ég viðurkenni það, — ekki þörf á, að ég viðurkenni það, sem aðrir viðurkenna ófætt.

Ég býst nú ekki við neinum djúptækum aðgerðum í þessu berklavarnamáli á þessu þingi, eða fyrr en þing kemur saman eftir frestun. En þá ætti því að verða fylgt af meiri gaumgæfni bæði innan þings og utan. Verður þá komin fram sú athugun, sem ég vísaði til áðan, að ég myndi leggja fram samkv. því, sem gögn liggja til í opinberum skjölum. Einnig sennilega þetta mikla frv., sem á að koma frá landlækni. Geta menn þá vinzað það úr, sem þeim gott þykir og allar aðstæður málsins, ef þeir gera það ekki nú.

Ég verð að telja, að þetta mál heyri, þrátt fyrir allt, undir allshn., því að þessi mál hafa alltaf þar verið, og hefir það ekki sætt mótmælum. Að vísu er þetta fjárhagsatriði, eitt atriði af mörgum slíkum, sem alltaf koma fyrir allshn., því að mörg þeirra snerta fjárhag alþjóðar á viðtækari grundvelli en þetta frv. En það er eins og þessum duglegu mönnum í allshn. ofbjóði það, sem þeim er ætlað að inna af hendi, og vilji losa sig sem mest við mál. Þeir geta verið rólegir; nú er þeim gefið fyrirheit um frí *um stund, og geta þeir safnað kröftum, og* vil ég, að þeirri reglu sé haldið, að láta þetta mál fara til allshn.

Jónas Guðmundsson: Það er óþarfi að svara miklu síðustu ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann þjónaði eins og fyrr sinni lund, með því að reyna að svívirða einstaka bæi og sveitarfélög, og það er venja hans í flestum ræðum. Hann sagði m. a., að ég hefði sagt í fyrra, að ég myndi fylgja þessu frv. hvað sem hver segði. Þetta er nú alrangt, því að ég einmitt sagði þá, að það væri rangt, ef ætti að létta hluta sýslusjóða af að öllu leyti á þann veg, sem átti að gera, og að það ætti að koma annari skipun á þetta mál. Nú hefir verið tekið fram, að landlæknir mundi semja frv. um þetta mál, sem lagt yrði fyrir þetta þing. Hvort þar verður stungið upp á heppilegri skiptingu, get ég auðvitað ekkert sagt um að svo stöddu.

Hv. þm. kvaðst hafa tekið þessi sveitarfélög sem sérstök dæmi um það, að bæjar- og sýslufélög séu í óskilum um berklavarnagjald. Það er náttúrlega afsakanlegt hjá honum. En ég vil þá bara beina því til hans, að það er staðreynd, sem ógerlegt er að mótmæla, að það eru kaupstaðirnir, sem hafa nú 3 síðustu árin orðið að framfæra allan þorra þeirra manna, sem framfærslurétt eiga í sveitum, og þess vegna hafa kaupstaðirnir komizt í hann krappan með skil til hins opinbera og annara. Sveitahreppar hafa ekki greitt gjöldin til kaupstaðanna, sem þeim að l. ber að greiða. Svo er það einnig í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, sem hv. þm. var að mæla fyrir sem sérstaklega skilvísum sýslufél.

Ég vil þá að lokum spyrja hann: Hvers vegna ber hann fram þetta frv., ef sýslufélögin standa í skilum með allar greiðslur? Og hví skyldi þurfa að létta af Vestur-Skaftafellssýslu þessu gjaldi, ef hún skuldar engum neitt?

Viðvíkjandi því, í hvaða nefnd eigi að vísa málinu, þá finnst mér það hvergi eiga heima nema í fjhn., því að í þessu frv. er aðeins um það að ræða, hver eigi að borga kostnaðinn við berklavarnirnir; engin önnur breyt. á berklavarnalögunum felst í frv. Og ef á að framkvæma berklalögin að öðru leyti eins og nú er gert, er spurningin, hvort ríkið eða sýslufélögin eigi að borga þessar rúmar 100 þús. kr. Sé ég ekki annað en það sé hreint fjárhagsatriði.

Bergur Jónsson: Hv. þm. V.-Sk., aðalflm. þessa frv., sagði, að það mundi vera daufari tilfinningin hjá mér fyrir þessu máli vegna þess, að þau sýslufélög, sem ég veiti forstöðu, séu meðal vanskilamanna. Ég held, að þetta sé rangt hugsað og að ég hafi meiri ástæðu til að hafa sterkari tilfinningu vegna þess, að nefnd sýslufélög hafa ekki megnað að standa í skilum. Og þar sem ástæðan til þess liggur í því, að hreppar gátu ekki staðið í skilum við sýslufélögin, þá geta þau ekki náð inn nema með því að ganga þeim mun lengra í álögum á þá hreppa, sem enn berjast við að standa í skilum. Það er bæði röng og erfið leið, og hlýtur þess vegna oddviti slíks sýslufélags að vilja ganga inn á, að reynt sé í framtíðinni að létta gjöldunum að *einhverju leyti af sýslufélögunum. Um* það er ég honum sammála og býst við, að flestir séu.

En það er önnur hlið á þessu máli, sem verður deiluatriði. Hún er sú, hvort eigi að íþyngja ríkissjóði eða ekki í sambandi við þetta. Þess vegna bar ég fram þá till., að málinu yrði vísað til fjhn., en ekki allshn. Berklavarnagjaldið er, eins og kunnugt er, ekkert annað en nefskattur, 2 kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu, að meðtöldum gamalmennum og ungbörnum. Þess vegna er það verkefni fyrir fjhn., en ekki allshn., að fást við það, hvort tiltækilegt sé fyrir ríkissjóð að gefa eftir þetta gjald eða ekki. Ég vona, vegna þeirra sýslufélaga, sem ég veiti forstöðu, að ríkissjóði sé þetta fært. Hinsvegar vil ég ekki taka á mig þá ábyrgð að skella ennþá ranglátara gjaldi á þjóðina í staðinn. En við því megum við búast á þeim erfiðleikatímum, sem nú standa yfir.

Hv. þm. sagði, að ríkið hefði tök á því að ná þessu gjaldi hjá sýslu- og bæjarfélögum. Ég mótmæli því, að ríkissjóður geti á nokkurn hátt tekið undir sínar hendur fé til þessarar greiðslu meðan sýslufélögin standa ekki í skilum. Ég veit ekki af neinum greiðslum til sýslufélaga og bæjarfélaga, sem ríkinu sé leyfilegt að halda til baka. T. d. alls ekki ellistyrksframlagið, því að það fer í sérstakan sjóð. Og það þarf hv. þm. ekki að halda, að nokkurt bæjar- eða sýslufélag leiki sér að því að greiða ekki gjald eins og þetta í ríkissjóð. Nei, það er blátt áfram af því, að gjaldstofna vantar.

Flm. (Gísli Sveinsson) [óyfirl.]: Það var mikill misskilningur hjá hv. þm. Barð., að ríkið

hefði öll tök á að taka þessi gjöld eins og önnur með því valdi, sem það hefði til þess að taka gjöld af borgurum landsins. Það var ekki meiningin, að taka ætti frá öðrum stöðum þessi gjöld, sem sýslufélögin gætu ekki greitt, heldur að héruðin hefðu engin tök á að taka þau gjöld *nema af hreppunum, og þau gjöld væru tekin* með niðurjöfnun, en ekki sem nefskattur. Þó að það sé að forminu til ákveðið svo, að það skuli vera 2 kr. á mann, þá er það enginn nefskattur, en lagt á sem útsvar og tekið hlutfallslega jafnt af hverjum hreppi, eftir því sem sýslunefnd og sýslumaður ákvarða. Hv. þm. hefir því farið hér villur vegar. Annars virðast þessi orð hans alveg út í hött. Í fyrra kom hann fram eins og einhver utanveltufjmrh. í þessu máli og taldi, að fjmrh. gæti ómögulega gengið inn á að leggja þarna 100000 kr. meira á ríkið, því að það gæti ekki staðið undir því. Ég skil þetta ekki, og ég veit, að hæstv. fjmrh. mundi andmæla þessu, ef það kæmi fram á öðrum vettvangi, því að þetta er vitleysa. Ef nokkur getur borgað þetta, þá er það ríkið, og ef ríkið getur það ekki, þá geta héruðin það miklu síður, því að þau hafa ekkert á að leggja nema menn, sem eru útpíndir bæði af sínum eigin skuldum og sköttum þess opinbera, en ríkið getur alla vega lagt skatta á, og þarf ekki að minna hæstv. fjmrh. á það, sem er sérfræðingur í að pína skatta út úr fólki og heldur, að alstaðar séu auðæfi, sem af megi taka. En þó að mannssálirnar séu auðugar, þá geta þær samt gugnað undan sköttum, jafnvel hjá þeirri stj., sem nú situr. (**Fjmrh.**: Eru mannssálirnar tekjustofn sveitarfélaganna?). Sálin verður að vera með, ef menn eiga að lifa, og tel ég hana þá fyrir.

Þá spurði hv. 6. landsk. um það, hvers vegna *ég flytti svona mál fram, ef þau sýslufélög, sem* ég veiti forstöðu, stæðu í skilum. Hvers vegna? Hvers vegna að liggja ekki og láta pína sig, þangað til menn eru dauðir? Hvers vegna að kveinka sér, áður en maður er fallinn? Hvað heldur hv. þm.? Er ekki hyggilegra að reyna að létta þessu eitthvað af sýslunum, áður en allt er komið um koll? Þá fyrst vill hann, þegar allt er komið þannig í óefni, láta taka í taumana. Ég er á annari skoðun. Ég er því kunnugur úr báðum mínum sýslum, að bæði þessi gjöld og önnur eru klipin undan blóðugum nöglum. Það er erfitt, en verður ókleift að greiða þau. Fjöldamargar sýslur hafa ekki getað greitt þetta gjald síðasta ár. Og þó að þær sýslur, sem ég veiti forstöðu, séu þess megnugar að greiða þetta gjald, þá vil ég nú segja það, þó að hæstv. fjmrh. heyri, að ég ætla, áður en ég greiði fyrir síðasta ár þetta gjald, sem er til, að sjá, hvort ég get ekki orðið svo sem í miðið. Ég býst við, að margir muni stinga hendinni í sinn eiginn barm til að sjá, hvort ekki væri hægt að koma þessu gjaldi yfir á ríkissjóð.

Ég vona, að þetta mál verði látið ganga til n., og tel þá eðlilegast, að það fari til þeirrar n., sem það hefir áður verið í, sem sé allshn., því að þar tel ég það eiga heima. Ég vænti, að þetta verði tekið föstum tökum, og ekki einungis þetta frv., heldur og allt það, er snertir þetta mál. Vona ég, að menn geti sameinazt um það, hvaða flokki sem þeir tilheyra. Ég hefi ekki blandað flokkum inn í þetta mál; það hafa aðrir gert, og þá fyrst og fremst hv. 6. landsk. Ég tel, að þetta mál eigi ekki að vera flokksmál; til þess snertir það of mikið einstaklinga í landinu, héruðin og ríkissjóð.

Bergur Jónsson: Ég skil ekki, hvar hv. þm. V.-Sk. hefir fengið tilefni til að líta svo á, að þetta mál hafi verið gert að flokksmáli. Ég hefi aldrei litið þannig á málið, enda er það ekki þannig vaxið, og ég er viss um, að allir væru sammála um að leggja þetta gjald á ríkissjóð, er þeir væru vissir um, að hann þyldi það, en ég vil ekki ganga inn á málið fyrr en vitað er um það. Þó að hv. þm. V.-Sk. sé stjórnarandstæðingur, þá hlýtur hann að vita, að það er full þörf á, að ríkið haldi þeim tekjum, sem unnt er, en ef þær eru minnkaðar, þá verður að draga úr verklegum framkvæmdum, t. d. að minnka framlag til vega- og brúargerða í Vestur-Skaftafellssýslu, og ef til vill til sýslumanns Skaftfellinga.

Hann var mikið að tala um fólkið í landinu. Það er einmitt það, sem ég vil taka tillit til, en ég vil ekki ganga út í að rýra tekjur ríkissjóðs án þess að séð sé fyrir einhverri heilbrigðri tekjuöflun í staðinn.

Hv. þm. sagðist ekki vita, hvers vegna ég vildi taka tillit til fjmrh. í þessu máli, og hvers vegna ég vildi taka tillit til ríkissjóðs. Ég get sagt honum, að ég vil það af þessum ástæðum, sem ég hefi nú lýst. Ég er yfirleitt alveg hissa, að þessi hv. þm., sem ég veit, að er greindur maður, skyldi tala jafnógreindarlega og hann gerði í þessari síðustu ræðu sinni.

Jón Sigurðsson: Það eru aðeins örfá orð. — Mér skildist á ræðu hv. 6. landsk., að hann ætlaðist til, að þessu máli væri stungið svefnþorn með því, að væntanlegar till. frá landlækni kæmu á næsta þingi, eða jafnvel einhverntíma í framtíðinni. (**JG**: Nei, á þessu þingi). Hann hefir þá mismælt sig. Ég vildi mótmæla þessu, því að þetta er svo mikið nauðsynjamál, að við verðum nú þegar að finna einhverja lausn, en hér er um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, sem hér er bent á, að létta útgjöldum af sýslu- og bæjarsjóðum, en hin er sú, að ríkið eftirláti sýslufélögunum einhverja af þeim tekjustofnum, sem það hefir yfir að ráða, til þess að standast þessi útgjöld. Má segja, að í sama stað komi niður, hvor leiðin er farin.

Hv. þm. sagði, að kaupstaðirnir hefðu lent í vanskilum, af því að hrepparnir hefðu ekki greitt sín gjöld. Það kann vel að vera, að svo sé sumstaðar. En af hverju hafa hrepparnir þá ekki greitt sín gjöld? Það er af því, að þá hefir vantað tekjur til að standast þau útgjöld, sem á þá hafa verið lögð. Þetta vita allir, og ég efast um, að það sé nokkurt mál, sem fylgt er með jafnmikilli athygli um land allt, úr hvaða flokki, sem menn eru, eins og einmitt lausn þessara mála, á hvern hátt fátækramálin verði leyst, og á hvern hátt megi létta af sveitunum einhverju af þessum miklu útgjöldum. Það er líka eðlilegt, því að nú eru mörg sveitarfélög í

þann veginn að gefast upp undir þessum útgjaldadrápsklyfjum. Öllum, sem eitthvað hafa fengizt við sveitarstjórn, ætti að vera það fullkunnugt, og ég er undrandi yfir því, ef þingið sýnir svo mikið skilningsleysi, að vilja ekkert gera þessu máli til úrlausnar. Býst ég við, að margir verði fyrir vonbrigðum, ef svo fer.

Jónas Guðmundsson: Ég vil taka það fram, að ef ég hefi sagt, að þetta mál, sem ég gat um, kæmi á næsta þingi, þá er það mismæli, því að ég veit ekki betur en að frv. komi inn í þingið næstu daga, eins og önnur frv. frá tryggingarmálan. Að öðru leyti þarf ég ekki að svara síðasta ræðumanni, því að ég er honum sammála um það, að nauðsyn beri til að gera breyt. viðvíkjandi gjaldgetu sveitarfélaga, og það er það, sem nú er verið að bollaleggja um. En það er mikið vandamál. Vænti ég því, að bæði hv. þm. V.-Sk. og hv. 7. landsk. leggi sitt lið á sínum tíma til þess, að þetta mál verði leyst í bróðerni af öllum flokkum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til allshn. felld með 11:8 atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

16. Skipun prestakalla (frv. launamálan.).

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skipun prestakalla (þmfrv., A. 75).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til launamn. með 17 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var útbýtt nál. fr. 1. minni hl. launamn., á þskj. 919, og á 105. fundi deildarinnar nál. frá 2. minni hl., á þskj. 930, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Einkasala ríkisins.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um einkasölu ríkisins (þmfrv., A. 76).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til launamn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Einkasala á áfengi.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 77).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 814, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Skipun lögsagnarumdæma.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skipun lögsagnarumdæma (þmfrv., A. 78).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Thor Thors: Mér skilst, að það sé samkomulag að ræða ekki mikið þessi mál. Ég skal því ekki fara út í að ræða þetta frv. En ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þessi mál til með-

ferðar, að hún leiti fyrir sér um það, hverjar séu óskir þjóðarinnar í þessu efni. Þetta á ekki sízt við um það frv., sem var á dagskrá næst á undan þessu, en það er frv. um fækkun presta, og hið sama má segja um þetta frv., um fækkun sýslumanna. Ég tel, að þjóðin eigi heimtingu á því, að fá að láta álit sitt í ljós um þetta. Ég vil því eindregið beina þeirri áskorun til þeirrar n., sem fær þessi mál til meðferðar, að hún leiti álits þjóðarinnar um þetta mál og málið, sem var á dagskrá næst á undan.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og og til launamn. með 17 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 792, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Hreppstjóralaun og aukatekjur m. fl.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (þmfrv., A. 79).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 804, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Starfsmenn ríkisins og laun þeirra.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra (þmfrv., A. 80).

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [óyfirl.]: Þó að þetta mál sé allvíðtækt og segja mætti um það ýmislegt, þá mun ég ekki að þessu sinni tala langt mál. Ég mun í flestum greinum skírskota til nál. þess, sem vitnað er til í grg. fyrir frv.

Eins og þál. sú, sem við í launamálan. áttum að starfa eftir, ber með sér, var tilætlunin m. a. sú, að við athuguðum fjárhagsástæður þjóðarinnar, eignir hennar og tekjur. Til þess að fá nokkurn grundvöll til að byggja á till. þær, sem við kynnum að gera um launamálin, var þetta í alla staði eðlilegt. En það var ekki svo auðvelt sem menn máske ætla, sökum þess, að í þessum greinum vantar mjög mikið á, að við hefðum í höndum nokkrar sérstakar skýrslur til þess að byggja slíka athugun á. N. varð því að þreifa sig áfram í þessu efni og geta sér til um ýmsa liði, sem miklu æskilegra hefði verið að hafa um nákvæmar skýrslur. Athuganir n., og tilgátur í þeim atriðum, sem hún hefir ekki getað aflað skýrslna um, liggja fyrir í nál. hennar, sem þegar er prentað. Menn geta nokkuð, eftir þeim gögnum, sem birt eru í því nál., skapað sér skoðanir um það, hversu nærri muni láta niðurstöður n.

Eftir því, sem við komumst næst, eru eignir þjóðarinnar rúml. 200 millj. kr. Um þetta verður vitanlega ekki sagt með neinni nákvæmni né vissu. En eftir þeim upplýsingum, sem við gátum fengið frá ýmsum góðum mönnum þar að lútandi, varð þessi niðurstaða n.

Ef fjárhagur okkar er borinn saman við fjárhag eða efni annara þjóða, t. d. okkar nágrannaþjóða, þá er það ljóst við skjóta athugun, að við höfum úr miklu minna að spila heldur en þær. En út í það atriði ætla ég ekki að fara nánar. Tel ég ekki, að það skipti mjög miklu máli, sízt á þessu stigi málsins, að rætt sé um það mikið.

Um tekjur þjóðarinnar er það sama að segja eins og um eignirnar, að það er ekki svo auðvelt að segja um það með neinni vissu, hve miklar þær eru frá ári til árs. Skýrslur þær, sem hagstofan hefir, skattskýrslurnar og önnur þesskonar plögg, sem í mörgum greinum gáfu mjög góðar upplýsingar, voru þó hvergi nærri fullnægjandi. Af þeim verður ekki ráðið með neinni nákvæmni, hve miklar tekjur þjóðarinnar eru. En eftir upplýsingum ýmsra þeirra manna, sem mikið fást við störf þessu efni viðkomandi, má þó fara allnærri um tekjurnar. Niðurstaða n. er þessi:

Árið 1929 mun hafa látið nærri, að tekjur þjóðarinnar hafi verið liðugar 96 millj. kr., árið 1930 98 millj., árið 1931 88 millj., árið 1932 87 millj. og árið 1933 um 90 millj. kr. Ég sleppi minni tölum, enda skipta þær ekki mjög máli.

Ef nú er athugað, hve miklar tekjur koma á hvern þegn þjóðfélagsins, þá verða þær fyrrgreind ár þessar:

Árið 1929 verða meðaltekjur hvers þjóðfélagsþegns 909 kr., árið 1930 907 kr., árið 1931 809 kr., árið 1932 783 kr. og árið 1933 um 800 kr.

Þessi niðurstaða n. hygg ég, að sé ekki fjarri því raunverulega.

Ef nú litið er á tekjur ríkissjóðs sjálfs, þá hafa þær, eins og menn vita, verið mismunandi. Hv. þdm. er það mál svo kunnugt, að ég fer ekki að rekja það nú. Þær tekjur eru mismunandi

frá ári til árs, eins og gefur að skilja, þegar þess er gætt, að mjög mikils af tekjum ríkissjóðs er aflað með þeim hætti, að um upphæð þeirra fer mjög mikið eftir árferði og öðru þesskonar, svo sem viðskiptum þjóðarinnar og afstöðu við aðrar þjóðir o. s. frv. En ef litið er á starfsmannahald og launagreiðslur þær, sem ríkið verður að annast, þá er það ljóst, að mjög mikill hluti af tekjum ríkissjóðs á hverju ári gengur til launagreiðslna. Eftir þeim skýrslum, sem birtar eru í nál., eru það liðugar 4½ millj. kr., sem ríkið greiðir sem laun beint til starfsmanna sinna, ef miðað er við árið 1933. Ef stofnanir, sem ríkið styrkir, svo sem Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélagið og bankarnir, eru teknar með, þá verða þessar launagreiðslur hátt á 6. millj. kr. Í þessari upphæð er þó ekki talið mjög mikið af greiðslum, sem hið opinbera verður þó að inna af hendi. Að sjálfsögðu eru ekki þarna meðtaldar kaupgreiðslur, sem gengu til verkamanna við vega- og brúargerðir og símalagningar, nema yfirmannanna við þau störf. Þá eru og ekki heldur taldar með kaupgreiðslur við ýms fyrirtæki ríkissjóðs, svo sem kaup verkamanna við áfengisverzlun ríkisins, prentara í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, háseta á skipum ríkissjóðs, verkamanna á búum ríkisins og vitavarða. Laun engra þessara manna eru tekin með inn á þessar skýrslur. En það mun ekki láta fjarri, að ef kaupgreiðslur vegna þessara starfsgreina eru taldar með, þá verði launa- og kaupgreiðslur ríkissjóðs árið 1933 samtals hátt á 7. millj. kr. Þó að ekki séu með taldar þessar síðast töldu greiðslur, heldur aðeins þær, sem beinlínis verða að teljast nauðsynlegar vegna þeirrar starfsemi, sem hann hefir með höndum, þá fer samt í þær upphæð, sem eins og menn af þessum tölum sjá, augsýnilega er mjög mikill hluti af tekjum ríkissjóðs. Og sérstaklega verður upphæðin há, þegar taldir eru með vextir og afborganir af skuldum ríkissjóðs. Ég býst því við, að þessar launagreiðslur einar, sem taldar eru í skýrslum þeim, sem birtast í nál., ásamt vöxtum og afborgunum af skuldum ríkissjóðs, muni vera liðugar 7 millj. kr. Af þessu geta menn þá séð, hve mikið af tekjum ríkissjóðs er þannig algerlega bundið og að ekki er hægt að breyta þannig löggjöfinni, að hægt sé að sleppa við þessar greiðslur nema að nokkru leyti. Þegar n. hafði gert sínar athuganir, þá var henni það ljóst, að ef um sparnað ætti að vera að ræða eins og fyrir er mælt í þessari þál., sem n. starfaði eftir, þá væri tæplega hægt að hugsa sér að koma honum til framkvæmda án þess að draga að meira eða minna leyti, eftir því sem frekast er fært, úr starfsmannahaldi ríkissjóðs.

Launagreiðslur ríkissjóðs til einstakra manna hafa vissulega yfirleitt ekki verið of háar. Hinsvegar get ég fúslega látið það í ljós, að nokkrir af starfsmönnum ríkisins hafa haft óþarflega há laun, ef litið er á getu þjóðarinnar til þess að standa straum af líkum greiðslum, og ef litið er á hagsmuni mikils meiri hl. starfsmanna hins opinbera. En þrátt fyrir það, þótt finna megi einstök dæmi um of háar launagreiðslur til einstakra starfsmanna hins opinbera, miðað við aðra slíka starfsmenn, og þó að því yrði kippt í lag, þá er ekki hægt að koma fram neinum verulegum sparnaði með því móti einu. Til þess þarf að leita annara ráða. Við vildum gjarnan verða við þeim óskum, sem komu fram frá þeim, sem þáltill. fluttu, og ummælum, sem um það mál féllu á Alþ., eftir því sem við álitum frekast fært. Hvernig okkur kann að hafa tekizt að sníða okkar till. með þetta fyrir augum, verður hv. Alþ., það er nú situr, að dæma um. Okkur virtist ljóst, að alls ekki væri hægt að ná því marki, að stofna til verulegs sparnaðar á ríkisfé í launagreiðslum hins opinbera, nema með því að lækka verulega tölu þeirra manna, sem vinna í þágu hins opinbera, frá því, sem nú er. Því fylgir að vísu það, að sá sparnaður, sem af slíkri starfsmannafækkun leiðir, getur ekki komið allt í einu. Hann kemur ekki nema smám saman, nema hæstv. Alþ. kjósi að gerast svo róttækt að segja upp starfsmönnum sínum og taka þann kost að greiða þeim laun í nokkur ár, eins og lög standa til, til þess að flýta fyrir starfsmannafækkuninni. Af hálfu n. kemur engin till. fram í þessu efni. En ef Alþ. vill það heldur en að fallast á till. n., að eftir því sem menn láta af starfi eigi að fækka starfsmönnunum, þá mun það koma í ljós.

Þær stéttir sérstaklega, sem n. gerir till. um, að fækkað verði í, eru kennarar og prestar, og a. n. l. sýslumenn. En sýslumannastéttin er svo fámenn stétt, að vitaskuld er ekki um mikla starfsmannafækkun að ræða þar.

Að n. gerir ekki till. um fækkun í fleiri starfsgreinum, stafar af því, að gögn þau, sem hún gat kynnt sér nógu rækilega, benda á það, að ekki er svo auðvelt að koma fækkuninni við. N. er t. d. ekki svo kunnug vinnubrögðum í skrifstofum hins opinbera, að hún treysti sér til að gera till. um starfsmannafækkun þar. Til þess hefði n. þurft að hafa minnst einu missiri lengri starfstíma, þar sem enginn okkar nm. hafði kunnugleika í því efni. Ég býst við, að með góðum vilja megi eitthvað draga úr skrifstofukostnaði hins opinbera, nokkuð máske fyrir þá sök, að starfsmenn í þessum skrifstofum flestir hafa haft óeðlilega skamman vinnutíma á degi hverjum. Ef til vill mætti einnig draga úr skrifstofukostnaðinum með því að gera hann einfaldari. Um þetta þori ég þó ekki að fullyrða, vegna þess að ég tel mig ekki hafa til þess nógan kunnugleika í þessu efni. En eftir því, sem ráða má af þeirri starfstilhögun og sérstaklega þeim vinnutíma, sem tíðkast í þessum skrifstofum, virðist mega ætla, að með öðruvísi vinnubrögðum og lengri starfstíma daglega megi minnka kostnaðinn, án þess þó að gera starfstímann óeðlilega langan.

Ef að framkvæmd verða sparnaðartill. okkar nm., sem ráðgerðar eru á þann hátt að fækka embættismönnum, þá kemur vitanlega ekki með þeirri breyt. til greina sparnaður, sem svarar allri upphæð launa þeirra, sem gengið hefðu til þeirra embætta, sem lögð eru niður, því að gert er ráð fyrir því í till. n., að laun embættismanna í þessum stéttum verði, um leið og fækkað er í stéttunum, hækkuð allverulega frá því, sem áður var. Vil ég í því sambandi nefna til dæmis

prestastéttina. Tilætlun okkar nm. er sú, að þegar þessari fækkun verður komið á, þá fái prestar svo góð laun, að þeir geti gefið sig algerlega óskiptir við sínu starfi. Við teljum, að möguleikar þessarar stéttar til að viðhalda og glæða kirkju- og trúarlíf í landinu yrðu á engan hátt rýrðir, þó að þessi fækkun yrði framkvæmd. Það varðar mestu í þessu tilliti, að prestastéttin geti gefið sig óskipt við starfi sínu. Vil ég í því sambandi benda á það, að prestum er nauðsynlegt að geta veitt sér talsvert miklu meiri bókakost en þeir hafa haft hingað til. Eins og kunnugt er, hefir orð verið á því gert, hversu illa launuð prestastéttin er, svo illa launuð, að hún gæti ekki gefið sig óskipt við störfum sínum og væri ókleift að afla sér þess bókakosts, sem nauðsynlegur er vegna starfs prestanna og til þess að þeir geti haldið sér í nægilega vakandi sambandi við hið andlega líf í kringum þá. Ég ætla, að samkv. till. okkar í þessu efni, svo fremi sem á þær verður fallizt, verði þessari stétt kleift að rækja starf sitt vel af hendi, hvað launin snertir, og verði mögulegt að afla sér þeirra bókmennta, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi hennar.

Að því er hag alþýðukennarastéttarinnar snertir, vil ég taka það fram, að hún hefir átt við frekar þröngan kost að búa, svo sem kunnugt er, frá fyrstu tímum. Þetta er sú stétt, sem af opinberum starfsmönnum er tvímælalaust einna þýðingarmest. Það er nauðsynlegt, að alþýðukennarastéttin í hverju landi sé sem bezt menntuð og mönnuð. Engu ríður nokkru þjóðfélagi jafnmikið á eins og því, að uppvaxandi kynslóð njóti sem beztrar umönnunar og leiðbeiningar á æskuárunum. Það er þannig hjá oss eins og mörgum öðrum þjóðum, að heimilin geta ekki nema að litlu leyti rækt þetta starf, hversu æskilegt sem það annars væri. Kennarastéttin verður því að hafa þetta starf með höndum; hún annast því uppeldi æskulýðsins að mjög miklu leyti, og er því nauðsynlegt, að þessi stétt sé mjög vel mönnuð og menntuð, til þess að hún geti rækt starf sitt eins vel og ýtarlega og foreldrarnir í landinu eiga heimtingu á. Það þýðir ekki að gera kröfu til þessarar stéttar um rækilegan undirbúning og góða menntun og að hún geti gefið sig óskipt við starfi sínu, nema hún eigi við lífvænleg bjargráð að búa og þurfi ekki að gefa sig við allskonar aukastörfum til þess að afla sér lífsviðurværis. Launamálanefnd leggur til í till. sínum, að kaup alþýðukennarastéttarinnar í landinu verði hækkað að verulegu leyti frá því, sem áður var. Í till. sínum þessu viðvíkjandi gerir n. einnig meiri jöfnuð á launagreiðslum af hálfu ríkisins til menningarmála barna í landinu, meira jafnræði milli einstakra héraða í þessu efni heldur en áður var.

Því fer vitaskuld fjarri, að ríkissjóður spari á þessum till. n., enda er það ekki meiningin, að með þessum till. eigi fyrst og fremst að hugsa um sparnaðinn einn. Það verður vitaskuld að taka tillit til þess, sem bezt hentar þjóðfélaginu og sér bezt borgið afkomu þess, ekki aðeins í efnalegum skilningi, heldur einnig á andlega sviðinu. Fjárframlög ríkissjóðs til barnafræðslunnar í landinu hækka því um 90 þús. kr., þrátt fyrir fækkun kennara. Eftir till. okkar er gert ráð fyrir því, að hægt muni verða að fækka kennarastéttinni um hálft annað hundrað. Sú fækkun getur ekki orðið allt í einu, en fljótlega, a. m. k. að allverulegu leyti, ef breyting verður gerð á fræðslufyrirkomulaginu þannig, að skólahéruðin stækki, og horfið verður frá því að hafa hvern hrepp á landinu eitt skólahérað, en í þess stað verður tekin upp sú skipting, að hvert sýslufélag verði eitt skólahérað. Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, stendur sýslunum opin leið, ef þær óska, til þess að sameinast, tvær eða fleiri, í eitt skólahérað, ef það þætti betur henta.

Því hefir stundum verið hreyft, að það væri nærri broslegt hjá okkur Íslendingum, að við hefðum þrjá banka, alla sjálfstæða, sinn í hverju húsi, og 9 bankastjóra. Vissulega getur þetta til sanns vegar færzt, ef litið er til samanburðar á viðskiptaveltu annara þjóða og stofnanir þeirra. Ég býst við, að í þessu efni mætti koma á verulegum sparnaði, ef breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi þessara stofnana, t. d. með því móti, að þær sameinuðust að einhverju leyti og fækkað yrði dýrum starfsmönnum við þær.

N. sá sér ekki fært að gera till. í þessu efni, því að ég þykist þess viss, að það sé ekki á annara færi en þeirra manna, sem lengi hafa starfað í bönkum og vita náin deili á allri þeirri starfsemi, sem þær stofnanir hafa með höndum. Þegar að því kom að gera till. um launakjör starfsmanna ríkisins, þá gefur að skilja, að þar sem 5 menn fjölluðu um málið, eru þær till., sem birtast í launafrv. því, sem hér liggur fyrir, að miklu leyti samkomulag. Enginn einstakur nm. getur látið sínar eigin till. í þessu efni vera gildandi, eins og gefur að skilja. Það var hliðrað til með ýmsu móti, eftir því sem skoðanir manna stóðu til, og árangurinn af þessu starfi n. og málsmeðferð hennar birtist í launamálafrv. Þegar til þess kom að ákvarða, hver laun starfsmanna ríkisins væru, hafði nefndin, áður en ákvörðunin var tekin, kynnt sér launakjör annara stétta þjóðfélagsins. Samkv. þeim athugunum, sem n. gerði í þeim efnum, virtist henni meðaltal launa fólks, sem að framleiðslu vinnur, vera svo sem hér segir árið 1933:

	Karlar	konur
Við iðnað	2100—2400 kr.	1400—1600 kr.
— sjávarútveg .	1800—2100 —	1200—1400 —
— landbúnað ..	1400—1600 —	1000—1100 —

Hjá verzlunarstéttinni gerði n. að vísu nokkrar athuganir, en þær skýrslur, sem henni bárust frá einkafyrirtækjum, voru svo fáar, að n. treysti sér ekki til þess að fá áreiðanlegar niðurstöður í þeim efnum og sleppti því að leiða nokkrar getur að því, hverjar meðaltekjur verzlunarstéttarinnar væru. En samkv. þeim upplýsingum, sem n. aflaði sér í þessu efni, þótti henni sýnt, að launagreiðslur hjá þessari stétt væru hærri en hjá öðrum stéttum. Ef teknar eru aftur til samanburðar launagreiðslur hjá starfsmönnum ríkisins, þá sýnir það sig, að þær eru að meðaltali nokkru hærri held-

ur en hjá öðrum stéttum. Að þessum athugunum loknum, samdi n. till. sínar um launagreiðslur. Það er ekki í mjög mörgum starfsgreinum, sem n. hefir gert till. um hærri laun heldur en áður tíðkaðist. N. þótti sýnt, að samtímis því, sem ný launalög yrðu sett, yrði nauðsynlegt að gera nokkra breyt. á starfsháttum opinberra stofnana. Þannig er vinnutíminn t. d. í sumum skrifstofum frá 4—5 klst. og upp í 8 eða jafnvel á 9. klst. Þetta ósamræmi í vinnubrögðum og lág laun hjá einstökum starfsmönnum, sem hvorttveggja hefir eðlilega skapað bæði misrétti og óheilbrigði í starfsháttum þessara manna, þótti n. ekki tiltækilegt, og þess vegna gerði hún till. um, að vinnutími í skrifstofum verði fastákveðinn sem næst 7—8 klst. Vera má, að mönnum finnist þetta nokkuð stuttur tími. Það kann og að vera, að hann sé í einhverju tilliti fulllangur, en eftir því, sem til hagar hjá okkur, og eftir því, sem vinnandi stéttir þjóðfélagsins verða að leggja á sig, ekki aðeins hvað snertir vinnutíma eða vinnulengd, heldur einnig erfiðismuni, þá held ég, að ekki sé unnt að finna að því með nokkurri sanngirni, að vinnutími sá, sem ætlaður er starfsmönnum þess opinbera, sé of langur. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að lengja vinnutímann mikið frá því, sem n. gerði till. um.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á lögin um ráðningu opinberra starfsmanna. Eftir því, sem mér hefir skilizt á ýmsum þeirra, skoða þeir sig hafa fengið starf sitt með þeim skilmálum, að þeir ættu rétt á launum um 5 ára skeið eftir að starfið væri lagt niður eða ef þeim væri sagt upp án nægilegra ástæðna. Þetta þótti n. óráðlegt, ekki sízt á þeim tímum, sem nú standa yfir, þegar allt virðist vera á hverfanda hveli. Fyrir þá sök setti n. það ákvæði í frv., að ef það opinbera þurfi ekki að sitja lengur með opinbera starfsmenn, þá geti það sagt þeim upp starfi þeirra með árs fyrirvara, og skuli þeir aðeins hafa laun í eitt ár frá því að þeim barst tilkynning um uppsögn starfsins eða að það yrði lagt niður. Það leiðir af sjálfu sér, að þar sem um jafnfjölmenna starfsmenn er að ræða eins og alla starfsmenn þess opinbera, sem leysa af hendi margbætta starfsemi í margvíslegum starfsgreinum, þá getur það verið breytingum háð á ýmsum tímum, hve mörgum starfsmönnum það opinbera þurfi á að halda. Það mun og vera hyggilegt, að eitthvert eftirlit sé með starfsháttum þessum meira en eftirlit það, sem yfirmenn einstakra stofnana eða stjórn landsins getur við komið. Í þessu skyni leggur n. til, að tekinn verði upp vinnudómur, sem 3 menn störfuðu í, þ. e. sérstakur embættismaður, sem við köllum eftirlitsmann ríkisins með vinnubrögðum í stofnunum þess, þá starfsmaður úr þeirri deild ráðuneytisins, sem stofnun sú, sem hlut á að máli, heyrir undir, og loks yfirmaður hlutaðeigandi stofnunar. Þessum þrem mönnum skal falið að hafa yfirumsjón með ýmsum málefnum, sem fram kunna að koma í stofnunum þessum og snerta starfsemi þeirra. Hjá erlendum þjóðum hefir sérstök n. þau málefni, sem hér um ræðir, með höndum, og nefnist hún launamálanefnd á Norðurlöndum. Starfar hún meira og minna allt árið. Engin starfsemi er tekin upp án þess að þessi n. sé spurð ráða og leitað sé til þingsins, ef um einhverja fjölgun fastra starfsmanna í þjónustu þess opinbera er að ræða. N. leit svo á, að við Íslendingar værum svo fáir og fátækir, að við værum þess ekki megnugir að koma á fót slíku bákni, heldur yrðum við að láta okkur nægja að hafa þetta í smáum stíl, en reyndum aftur á móti að gera fyrirkomulagið í þessu efni þannig, að nokkurt öryggi og trygging fengist fyrir því, að starfsemi sú, sem um er að ræða, sé vel af hendi leyst og útrýmt verði óþarfa mannahaldi, sem n. leggur nú til, að gert verði.

Ég ætla ekki að vera fjölorður um launaákvæði þessa frv. Ég álít það í alla staði rétt á þessu stigi málsins, að fara ekki langt út í það atriði að svo stöddu. Frv. ber greinilega með sér, hvað við ætlum hverjum einum. Ég get sagt það í fáum orðum, að till. okkar um laun til embættismanna eru við það miðaðar, hvernig ástatt er um afkomumöguleika manna, og við það, hvað til þess þarf að bjargast af og lifa hér í Reykjavík.

Við föllum frá þeirri venju, sem tíðkazt hefir hér og reyndar hjá öllum þjóðum, að menn fái ekki fullkomin laun til að byrja með. Við gerum að vísu ráð fyrir því, að hver starfsmaður sé settur eitt ár og fái þann tíma ¾ launa, en að því ári liðnu, þegar honum verður veitt starfið, þá fái hann sín fullu laun. Aðeins við eina starfsgrein er gert ráð fyrir aldursuppbót eða aldurshækkun, hjá mönnum, sem starfa við símann, sökum þess að það hefir tekið nokkra af starfsmönnum símans langan tíma að setja sig inn í starfið, svo að þeir gætu afkastað meira en óvanir menn. Þess vegna gerum við ráð fyrir, að einmitt þessir starfsmenn fái aldursuppbót. Við nærri allar aðrar stofnanir fá menn full laun strax. Ég hygg, að það sé heppilegra fyrirkomulag. Þegar ungir menn koma til starfs frá námsárunum, ekki sízt þeir, sem orðið hafa að ganga langa námsbraut og lagt hafa mikið fé í kostnað við námið og koma skuldum hlaðnir til starfsins, þá er óheppilegt, að þeir skuli eiga fyrir höndum að taka við starfi, sem þeir verða að lifa á í mörg ár og fá sveltilaun fyrir. Fyrr en varir stofna þeir til heimilis og hafa því fulla þörf fyrir fjármuni. Þess vegna er það í alla staði hyggilegt, að þeir fái full laun strax og geti losnað við skuldabagga þann og kvaðir, sem hlaðizt hafa á herðar þeirra á námsárunum, svo að þeir eigi auðveldara með að njóta sín enn betur við starfið.

Ég get búizt við því, að sumir telji, að till. okkar í ýmsum efnum gangi of skammt að því er launaupphæðina snertir, en ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég hygg, að sé litið á fjárhagsgetu þjóðarinnar, efni og tekjur, og ekki sízt, ef litið er á afkomumöguleika alls þorra manna í landinu, þá megi launin sízt hærri vera, víðast hvar. Að vísu staðhæfi ég ekki, að við höfum í þessum till. hitt á það réttasta, sem hægt var að gera. Ég veit vel, að þessari smíði okkar er í ýmsum efnum meira og

minna ábótavant, og vona ég, að hv. þm. geri sitt bezta til þess að bæta um þá hluti. En í því aðalefni, hvað kauphæðina snertir, þá hygg ég sízt unnt að fara lengra í öllum höfuðatriðum. Eftir afkomumöguleikum þjóðarinnar að dæma, get ég frekar búizt við, að þörf væri fyrir lækkun á henni heldur en hækkun. Þó veit ég, að þeir menn, ekki sízt, sem stærðar fjölskyldur hafa, verða sízt ofhaldnir samkv. till. þeirri, sem við höfum gert, en nokkur bót hygg ég þó í þessu efni, að sá nýi sjóður, sem við höfum lagt til, að stofnaður verði, framfærslusjóðurinn svo nefndi, geti orðið þessum mönnum. Það er nýmæli í okkar löggjöf, að starfsmenn þess opinbera leggi af mörkum fé af launum sínum og gjaldi í slíkan sjóð. Það er að vísu vitanlegt, að þeir, sem ekki hafa fyrir neinum skyldu-ómögum að sjá, telja sér ekki skylt að leggja fram fjármuni í þessu skyni, en réttmæti þessa máls er svo mikið, að ég tel ekki hægt að hlusta á slíkar raddir. Þjóðfélagið varðar áreiðanlega langmest um, hvernig kjör hin uppvaxandi kynslóð á að búa við. Þjóðfél. ber skylda til þess fyrst og fremst að láta sig mestu skipta, hvernig fer um uppeldi barnanna, ekki aðeins andlegan þroska og tilsögn barnanna, þegar þau koma á námsárin, heldur ber því einnig að sjá um, að líkamsuppeldi þeirra sé sem bezt og að þau fái sem mesta aðhlynningu, svo að þau geti fyrir þá sök náð sem fyllstum þroska. Það skerðir vitanlega nokkuð launagreiðslur hjá einstökum starfsmönnum að þurfa að greiða tillög til þessa sjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að 8% renni í framfærslusjóð og 7% í lífeyrissjóð, en ég vorkenni ekki þeim, sem hafa léttum hala að veifa, ekki sízt ef tekið er tillit til þeirrar launahæðar, sem við leggjum til, að þeim verði greidd. Það er tvímælalaust miklu hyggilegra og skynsamlegra fyrir þjóðfélagið að viðhafa þessa tilhögun á launagreiðslum heldur en að vera að pressast við að greiða öllum jafnt, hvort sem þeir þurfa á peningunum að halda eða ekki, og með því móti er að fullu séð fyrir því, að þeir, sem hafa þungar fjölskyldur, hafi nóg fyrir sig og sína að leggja. Í þessu sambandi vil ég á það minnast, að við gerum ráð fyrir því, að svo kunni að fara, að launin hreyfist það mikið eða verðlagið, og ef til vill gildi peninganna breytist það mikið í landinu, að þessi laun verði ófullnægjandi, ef til vill of há og líka ef til vill of lág. Fyrir þá sök gerðum við ráð fyrir, að hagstofan hefði það með höndum að athuga, hvaða breytingum verðlag og gildi peninga kann að taka, og í því efni skuli miðað við árið 1933. Ef tilfærslan verður það mikil, að breytingin verður um 5% eða meiri, þá gerum við ráð fyrir, að launin hækki eða lækki að sama skapi, eftir því sem vísitala hagstofunnar sýnir. Tveir nm. í launamálanefnd hafa gert ágreining um þetta atriði. Þeim þótti ekki nægilega fyrir því séð, að till. þær, sem meiri hl. n. hefir gert í þessu efni, fullnægi launamönnum hér í Rvík. Þeir leggja til, að staðaruppbót verði tekin upp í þessu sambandi og gera ráð fyrir því í sínum till., að hún kunni að geta farið upp í 20%. Á það að koma til viðbótar við laun þeirra. Meiri hl. n. er algerlega andvígur slíkum ráðstöfunum. Fyrst og fremst fyrir þá sök, að við þykjumst hafa sniðið launatill. okkar þannig, að miðað væri við þarfir manna í Rvík, og í annan stað við framfærslusjóðinn, ef menn hafa þungt heimili, sem léttir svo mikið fyrir mönnum, að það ætti að vera mögulegt fyrir þá að bjargast fyrir þá sök. Í þessu sambandi vil ég skírskota til annara þjóða. Það er að vísu rétt, að Danir hafa staðaruppbót, sem er mismunandi, eftir því hvað dýrt er að lifa á ýmsum stöðum landsins. Svíar hafa uppbót á sínum launum, en með öðrum hætti en hjá Dönum. Þeir greiða sem sé þessa uppbót til þeirra manna ekki sízt, sem búa í fjarlægum héruðum, þar sem mestum erfiðleikum er bundið að fá menn til starfans. Nú er það kunnugt, að flestir æskja eftir því að búa í Rvík, jafnt þeir, sem vinna hjá því opinbera, sem ýmsir aðrir. Það er í mesta máta ranglátt og óhyggilegt að sníða launakjör með það fyrir augum, að hætta sé á því, að þessir kapphlaupsmenn vilji hvergi annarsstaðar búa en hér í Rvík. Að vísu má á það benda, að það sé óneitanlega miklu dýrara að búa hér í Rvík heldur en víðast hvar hér á landi annarsstaðar, en þegar á það er litið, að menn úti á landi, víðast hvar, eiga ekki kost á að njóta þeirra þæginda og þeirrar dýrðar, sem gerir lífið í Rvík svo dýrt, þá er ekki nema sanngjarnt, að þeir, sem njóta þessara þæginda, borgi eitthvað fyrir það.

Einn af hv. meðnm. okkar, Arnór Sigurjónsson, hefir gert ágreining um verðstuðulsuppbótina, og vill hann leggja hana til grundvallar, en við meiri hl. n. höfum gert ráð fyrir því í þessu sambandi, að það verði nokkuð svipað fyrirkomulag í þessu efni og tíðkast um þá athugun, sem fram fer í sambandi við dýrtíðina í landinu, sem sé, að litið verði á verðlagninguna á ýmsum lífsnauðsynjum manna, og það verði svo fært til peningaverðs. Hinsvegar vill hann og hefði kosið, að launakjör starfsmanna ríkisins væru miðuð við verðlag á innlendum afurðum á hverjum tíma, og það látið ráða. En þótt meiri hl. n. hefði talið þetta æskilegt, þá álítur hann, að þetta yrði svo torvelt í framkvæmd, að lítt mögulegt sé að ákveða launin á þennan hátt. Einkum yrði slíkt erfitt eða jafnvel ómögulegt á slíkum tímum sem þessum, þegar allt verðlag er háð svo miklum breytingum, að vart er hægt að sjá það fyrir til næsta dags.

Eitt af verkefnum n. var það, að samræma launakjör starfsmanna í landinu yfirleitt. N. hefir í samræmi við þetta borið fram tillögur um að samræma laun starfsmanna Búnaðarfél. Íslands, Fiskifél. og bankanna við laun starfsmanna ríkisins. En þótt hægt sé að ná slíku samræmi, skortir þó mikið á, að fullu samræmi og jöfnuði hafi verið náð. Það virðist, sem mjög erfitt muni vera að ná til einkafyrirtækja í þessum efnum, enda voru slík afskipti lítin misjöfnum augum í n. Hún gerir því engar till. um íhlutun hins opinbera um laun starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Þó tel ég, að ekki sé viðunandi, að ekki sé á einhvern hátt séð fyrir jöfnuði og samræmingu í launakjörum á sviði einkarekstrarins einnig, t. d. með nýrri skattalöggjöf, sem hafi áhrif í þá átt, þótt hætt sé við,

að slík löggjöf yrði torveld í framkvæmd. Að vísu gæti hún náð réttilega til sumra, en verið um of harðhent á öðrum. Ég mun sem einstaklingur bera fram frv. um þetta efni, þar sem reynt verður að hafa áhrif á launagreiðslur hjá einstökum fyrirtækjum.

Ég býst við, að þetta þyki mikilsvert mál, svo mjög sem það tekur til afkomu ríkissjóðs og fjölmargra einstaklinga í senn. Það er því vel þess vert, að það fái rækilega athugun, og ég kvíði því ekki heldur, að hv. þm. ljái því ekki nauðsynlegt liðsinni. Þjóðin vill réttlæti og samræmi í þessu máli, og hún á kröfur til þess.

Þótt sumum kunni að finnast, að launamálanefnd hafi um of numið við nögl sér laun til hinna ýmsu starfsmanna, finnst mér samt, þegar litið er á afkomumöguleika þjóðarinnar í heild, að fremur hefði mátt ganga lengra en skemmra til jafnaðar og samræmis. Því aðeins getur sátt og samlyndi og ánægja ríkt meðal þjóðarinnar, að nokkurt hóf og jöfnuður sé á lífskjörum einstaklinga hennar. — Ég legg að lokum til, að frv. verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni. Nokkrir hv. þm. hafa óskað þess, að ekki færi fram atkvgr. í dag, og yrði skipuð sérstök n. í málið. Ef úr því verður, tel ég heppilegast, að flokkarnir ráði ráðum sínum í þeim efnum.

Jón Pálmason: Mér þykir það að vísu hálfóviðfelldið að taka til máls um þetta stóra og merkilega mál án þess að nokkur sé hér viðstaddur í þd. úr stj., ekki einusinni hæstv. fjmrh. En með því að það er ekki á mínu færi að hafa áhrif á það, að hæstv. stj. mæti hér á þd.fundum og geri skyldu sína, þá sé ég ekki ástæðu til að falla frá orðinu fyrir það, þó svona standi. Ég kvaddi mér hljóðs m. a. af því, að ég var einn af flm. þeirrar þáltill. á aukaþinginu 1933, sem þetta frv. á rót sína að rekja til, en þó fyrst og fremst af hinu, að ég tel þetta eitt af stærstu málum þingsins, og þykir mér því eigi rétt, að það fari umræðulaust til nefndar. Enda mun vera þannig í pottinn búið, að það er alls ekki víst, að þetta frv. komi aftur frá n. áður en þinginu verður frestað, svo sem ráðgert mun vera.

Það er nú svo, að frá því launamálan. var skipuð mun vera liðið nokkuð á annað ár. Og við, sem vorum flm. þáltill. í fyrra, gerðum þá ráð fyrir, að einhverjir þættir þessara launamála mundu verða lagðir fyrir næsta reglulegt Alþingi þar á eftir. En það varð ekki, og nú er þetta þing búið að sitja fast að einum mánuði, áður en þetta stórmál er fram borið, og látið í veðri vaka, að það eigi að senda okkur þm. heim næstu daga. Af þessu öllu má draga þá ályktun, að það sé ekki ætlun hæstv. stj. að láta þetta þýðingarmikla mál fá afgreiðslu á þessu þingi. Þetta er afleitt og mjög athugavert, og mun ég síðar víkja nánar að orsökum þess. Ég gerði ekki ráð fyrir því í fyrra, sem einn af flm. þáltill., að það gæti orðið almennt samkomulag um launamálatillögurnar, og ég bjóst ekki heldur við, að svo yrði í n., en ég gerði mér vonir um, að hún mundi safna ýmsum gögnum og upplýsingum í málinu, svo að það gæti legið nokkuð ljóst fyrir Alþingi. Þessi gögn liggja nú hér fyrir frá milliþingan. í ýtarlegu nál. og nokkrum frv., svo að frá því sjónarmiði virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að þetta mál fái afgreiðslu í þeirri mynd, sem meiri hluti Alþingis vill vera láta.

Það er kunnugt, að einn og sami stjórnmálaflokkur er búinn að ráða fjármálum ríkisins í undanfarin 8 ár nálega; sá flokkur, sem núv. hæstv. fjmrh. telst til. Og á þessu tímabili hafa setið að störfum a. m. k. 4 fjmrh. frá þeim flokki. Og hluturinn er sá, að enginn þessara ráðh. hefir sýnt alvarlega viðleitni í þá átt að koma launamálunum í viðunandi horf. — Launamönnunum hefir stórum fjölgað með hverju ári á þessu tímabili, svo að engin sambærileg dæmi eru fyrir því áður í stjórnmálasögu þjóðarinnar. Og launahæð til opinberra starfsmanna hefir líka stigið mun hærra en áður þekktist, svo að ekki er sambærilegt við eldri launalög. Eftir minni þekkingu á þessum efnum og fjárhagsástæðum þjóðarinnar yfirleitt má segja, að launahæð opinberra starfsmanna, samanborið við fjárhagsástæður almennings, hafi verið nokkurn veginn viðunandi til 1930. En frá þeim tíma til þessa dags, eftir að verðföll og viðskiptakreppur fóru að þjaka þjóðinni, hefir ástandið verið gersamlega óþolandi í þessum efnum. Og þetta launafyrirkomulag hefir valdið ógurlegu misræmi og straumhvörfum í þjóðlífinu yfirleitt, og verður ekki í fljótu bragði gerð grein fyrir þeim.

Eins og kunnugt er, hefir mönnum vitanlega orðið tíðræddast um dýrtíðaruppbótina á laun opinberra starfsmanna, og hefir hún jafnan valdið mestum ágreiningi á þessum síðustu árum. Enda er það ekkert undarlegt, þó að alþýðumenn, sem stunda framleiðslu og eiga afkomu sína undir gengi atvinnuveganna, verði óánægðir út af dýrtíðaruppbótinni, þegar framleiðslan er stöðugt rekin með halla og verðið á landbúnaðarafurðum er komið niður fyrir það, sem það var fyrir stríðið, eins og átti sér stað árið 1932. Það er ekkert undarlegt, þó að alþýðumönnum og framleiðendum hafi þótt það furðu sæta, að launastéttirnar skuli þrátt fyrir þetta hafa haldið sínum launum, og meira að segja dýrtíðaruppbót að auki. Þetta hefir líka, meira en nokkuð annað, aukið eftirspurnina í þjóðfélaginu eftir launuðum störfum og embættum, því meir sem afleiðingar kreppunnar hafa sorfið að atvinnuvegunum. Og á hinn bóginn hefir áhugi almennings dofnað mjög fyrir því að reka atvinnu og stunda framleiðslu á eigin ábyrgð.

Nú þegar launamálan. skilar hinu ýtarlega áliti sínu, þá er svo komið, að bein útborguð starfsmannalaun úr ríkissjóði eru hátt á 6. millj. kr., og þar við bætast kaupgreiðslur til fjölda verkamanna við ríkisstofnanir og opinbera starfsemi í landinu, sem hv. frsm. áætlaði á 2. millj. kr. Þetta nemur samtals um 7 millj. kr. fyrir ríkissjóð einan.

Það er kunnugt öllum þeim, sem fylgzt hafa með gangi þjóðmálanna á síðustu árum, að ríkisvaldið hefir eitt ráðið öllu um launahæð og kaupgjald í landinu, og þar með ráðið hlutfall-

inu á skiptingu lífsgæðanna milli framleiðendanna annarsvegar og hinsvegar allra þeirra, sem þiggja laun eða kaup fyrir störf sín hjá öðrum. Ríkisvaldið hefir þannig borið fulla ábyrgð á því, hvernig straumarnir falla nú í atvinnulífi þjóðarinnar. — Jafnframt ætti það nú að vera öllum hugsandi mönnum ljóst, að ef nokkur alvara fylgir kröfunum um það, að launin verði lækkuð í landinu, þá er tækifæri til þess nú í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, bæði að fækka embættum og færa niður laun opinberra starfsmanna. En nú kemur það í ljós, sem ég undrast mest í áliti launamálan., þar sem hún leggur til, að laun verði hækkuð um *ca. 350 þús. kr. frá því, sem nú er, en hinsvegar eiga launalækkanir*, sem samtals nema rúml. 1 millj. kr., ekki að koma til framkvæmda strax, nema að nokkru leyti. Þetta tel ég athugaverðast, að launahækkunartillögurnar koma strax til framkvæmda, en lækkunartill. aftur á móti að miklu leyti ekki fyrr en að nokkrum árum liðnum, af því að þær eru bundnar við fækkun embætta, sem fram á að fara smátt og smátt á margra ára fresti.

Ef þessi launamál verða tekin þeim tökum og afgr. eftir því, sem n. leggur til, þá er ekki eins mikið upp úr því að hafa fyrir ríkissjóð og ætla mætti. Frá mínu sjónarmiði er því aðeins um tvennt að velja í þessu máli, annaðhvort að slaka til á þessum gjöldum og lækka starfsmannalaunin til muna, eða bíða eftir því, að ríkissjóður lendi algerlega í strandi og atvinnureksturinn í landinu. Því það er auðséð, að það getur ekki gengið *til lengdar*, að atvinnuvegirnir séu reknir með tapi, og rekstrarhalli þeirra og árlegur tekjuhalli ríkissjóðs jafnaður með lántökum frá útlöndum. Rekstrarhalli atvinnuveganna safnast saman í skuldabyrðar á framleiðendunum og er að sliga þá algerlega.

Hv. frsm. leit svo á, að ekki væri fært að lækka laun opinberra starfsmanna yfirleitt. Þó er þar um örfáar undantekningar að ræða hjá n. að því er snertir hæstlaunuðu starfsmennina. Um þetta atriði eru skoðanir okkar mjög skiptar. Ég tel ekki unnt að hækka laun hjá nokkrum starfsmanni þess opinbera. Hitt er *annað mál, að það verður að samræma laun opinberra* starfsmanna eftir þeim lögum, sem nú eru í gildi, og þannig, að þeir, sem taka laun utan launalaga, fái jöfn laun við sambærilega starfsmenn, sem eru í launalögum. Ég get játað, að í mörgum af þessum till. launamálan. eru ýmisleg nýmæli, sem ég tel, að horfi til allmikilla bóta frá því, sem nú er. En ég fer ekki langt út í það að sinni.

Hv. frsm. lýsti því yfir, að n. hefði ekki treyst sér til að bera fram till. um, að starfsmönnum yrði fækkað í skrifstofum ríkisins eða við bankana, enda hefði mþn. ekki unnizt nægilegur tími til að rannsaka það atriði. Vera má, að þessi afsökun sé nægileg rök frá sjónarmiði n., en almenningur hér á landi trúir því ekki, að kostnaðurinn við þessar stofnanir ríkisins og bankana þurfi að vera eins mikill og hann er nú, og starfsmannafjöldinn svo geysilegur. Eftir till. n. á *starfsmannafækkunin að ganga út yfir* fjölmennustu stéttirnar, kennara, presta og sýslumenn. Ég fer ekki út í þessi atriði nú, en þó verð ég að telja það athugaverða ráðstöfun, að fækka barnakennurum a. m. k. um 150 stöður, en hækka þó laun kennarastéttarinnar jafnframt um 90 þús. kr., þrátt fyrir fækkunina. Viðvíkjandi fækkun sýslumanna virðist mér það athugavert, að n. telur það því aðeins fært, að störf hreppstjóra verði aukin til muna frá því, sem nú er. Og þóknun sú, sem þeim er ætluð fyrir störf sín, er ekki í neinu samræmi við laun annara opinberra starfsmanna, sem n. vill vera láta. Þetta álít ég rangláta tilhögun.

Ég ætla ekki að ræða till. n. um fækkun presta. *Það er auðséð, að þær geta ekki komið* til framkvæmda fyrr en núv. prestar falla frá, sem þau prestaköll heyra undir, er eftir till. n. eiga að sameinast öðrum prestaköllum.

Hv. frsm. gat þess, sem rétt er, að það ætti að ráða mestu um gerðir ríkisvaldsins í þessum efnum, að hlutast til um, að lífskjörin séu jöfnuð fyrir hinar ýmsu stéttir í landinu, þannig að sumar þeirra geti ekki lifað við betri skilyrði á kostnað hinna. En þessi regla hefir verið mjög brotin á undanförnum árum með framkvæmd launamálanna hér á landi, og það svo herfilega, að framleiðendurnir hafa verið gersamlega beygðir og ofurliði bornir. En þó eru atvinnuvegirnir og framleiðslan sá grundvöllur, sem fjármálalíf allrar þjóðarinnar veltur á. Dýrtíðaruppbótin á laun opinberra starfsmanna undanfarin ár hefir, að heita má, verið miðuð við allar lífsþarfir þeirra, á sama tíma og öll framleiðsla í landinu hefir verið rekin með tapi.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um ágreining innan mþn. um það, hvort framvegis ætti að fylgja þeirri reglu að hafa mismunandi launahæð eftir árferði í framleiðslu og verzlunarefnum, þá er það frá mínu sjónarmiði ljóst, að höfuðágreiningurinn hlýtur að vera um það, hvort dýrtíðaruppbót á að miðast eins og að undanförnu hefir verið við verðvísitölu allra helztu nauðsynjavara, erlendra sem innlendra, eða aðeins við verðlag innlendra vara. Af því að dýrtíðaruppbótin hefir verið miðuð við verðlag á öllum helztu kostnaðarliðum, sem *launamennirnir þurftu að reikna með til framfærslu sér og sínu fólki*, þá hefir þetta gífurlega misræmi komið fram á lífskjörum þeirra, er fengið hafa ákveðin laun eða kaupgreiðslur, og framleiðendanna hinsvegar. Þetta má ekki lengur eiga sér stað. Ef starfsmannalaunin eiga að vera dálítið mismunandi eftir árferði, þá á eingöngu að miða þann mismun við verð þeirra vara, sem framleiddar eru í landinu. Launin eiga að færast upp eða niður eftir verðvísitölu þeirra. Ég er því að þessu leyti algerlega á sama máli og sá maður í mþn., sem hélt þar fram þessari skoðun. Það er þetta, sem fyrst og fremst á að taka til greina og er grundvallaratriði launamálanna í landinu.

Það er eðlilegt, að talsverður ágreiningur verði um þetta mál. En því meiri ástæða er til þess, að þetta mál hljóti sem fyrst viðunanlega afgreiðslu, en haldi ekki áfram að vera í þeirri óreiðu, *sem undanfarið hefir viðgengizt*. Þing-

menn og þingflokkar verða að þora að taka ákveðna afstöðu til þessa erfiða verkefnis í fullu samræmi við það ástand, sem nú ríkir í landinu, og þær horfur, sem framundan eru í atvinnulífinu. Afgreiðslan á þessu máli er m. a. prófsteinn á það, hverjar skoðanir þingmenn hafa á því, hvort hin hóflausa eyðsla á að halda áfram í landinu, hvort það á að fjölga embættum og launuðum starfsgreinum sí og æ, þó að áberandi og sívaxandi rekstrarhalli sé á aðalframleiðslugreinum þjóðarinnar til lands og sjávar, og þó að vonirnar um, að þær geti borið sig, fari stórum þverrandi með hverjum degi, sem líður. — Mér er það ljóst, að núv. ástand getur ekki haldizt lengur; það verður að greiða úr því á skynsamlegan hátt, þannig að fjármálalíf þjóðarinnar geti náð aftur eðlilegum þrifum. Á því veltur það, hvort þjóðfélagsstarfsemi okkar hrynur í rústir, eða að við höldum áfram að lifa sem frjáls og sjálfstæð menningarþjóð. En til þess að svo megi verða, þurfum við að sýna alvöru og einbeittni í þessu máli. Og afgreiðsla þingsins á þessu máli hefir meiri áhrif á það en nokkurt annað mál, sem liggur fyrir þessu þingi. Hér er verkefni, sem hægt er að leysa, ef þróttur og vilji eru til staðar, á þann hátt, að heill alþjóðar sé látin ráða, og annað ekki. — Ef þetta mál kemur aftur til umr. í þd., áður en þingi verður frestað, sem litlar líkur eru til, þá gefst mér aftur tækifæri til að ræða nánar einstök atriði þess.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Í þetta sinn verða það aðeins fáeinar almennar aths. um þetta mál, sem ég legg fram við þessa umr., enda er það eðlilegast á þessu stigi málsins, ekki sízt þar eð þetta er sú umr., sem heimilar, að ræður þdm. fari nokkuð á víð og dreif; og þetta er jafnframt margþættasta málið, sem fyrir þinginu liggur, og mætti þó fremur segja mörg mál samansett.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir og kallast samkv. dagskránni frv. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra, tel ég rétt, eins og hv. flm. virtist líka ætlast til, að rætt sé í sambandi við önnur frv. frá launamálan., sem því fylgja. Frá því sjónarmiði skoðað virðist ekki veita af því, að tekinn verði lengri tími til umr. en þessi fundur hefir yfir að ráða. Til þess mun þurfa heilan dag eða jafnvel meira.

Ég skal geta þess í upphafi, að mér brá í brún, er ég sá, að öll þessi frv., sem eru komin frá launamálanefnd, voru komin á dagskrá í gær, því þá var engin grg. komin fyrir frv.; nál. var fyrst útbýtt á fundi í gær, þeim fundi, sem málin áttu að koma fyrir. Nú er það ekki svo, að hægt sé að gera sér grein fyrir þessum málum í fljótu bragði, og þess vegna hefðu menn þurft að fá alllangan tíma til þess að lesa þær grg., sem í nál. felast. Þessum málum lá í raun og veru ekkert á fremur einn dag en annan. Ég vænti, að þetta sé ekki þannig til komið, að hv. flm. eða þeir, sem standa að þessum málum, ætli sér þá dul, að þau komist áfram á þessu þingi eða ætli sér þá ósvífni, ef ég mætti svo að orði komast, að keyra þau áfram, ef meiri hl. er fyrir þeim, án þess að þau séu rækilega rædd og athuguð. Það hefir orðið hlutskipti þessarar n. eins og allra launamálan., að þær eiga formælendur fá, og þegar til kemur, hafa fæstir viljað kannast við þau fóstur, sem slíkar n. hafa getið af sér. En samt sem áður var þessi n. skipuð, og það með tilstilli allra flokka á síðasta Alþ. Það skal þegar játað, að ég og vafalaust ýmsir fleiri tóku nefndarskipun þessa ekki hátíðlega. Mér kom ekki til hugar, að frá þessari n. mundi koma það, sem almenningur í landinu mundi geta sætt sig við. Það var þó einstaka maður svo óspilltur að halda, eins og hv. þm. A.-Húnv., að nú mundi draga til þess, að komið yrði á réttlátri leiðréttingu á öllum þessum málum. En ég hafði ekki gert mér þær vonir. Til sönnunar því, að menn tóku ekki þessa nefndarskipun hátíðlega, má benda á það, að ekki var farið fram á, að í þessa n. væru skipaðir þeir menn, sem eiga að vera sjálfkjörnir í allar slíkar n., þ. e. a. s. lögfræðingar. Það kvað líka svo rammt að því, að engir lögfræðingar vildu fara í þessa n., svo það má segja, að hvorutveggja sé um að kenna, alvöruleysi flokkanna og þeirra, sem til greina hefðu komið, að skipaðir væru í n. Samt hefði nú vafalaust mátt finna einhverja lögfræðinga utan þings, en þess var bara ekki leitað. Sannast að segja var þessi nefndarskipun skoðuð af ýmsum sem einskonar atvinnubótavinna, líkt eins og má segja um ýmsar nefndarskipanir. Þessar n. eiga að vinna fyrir kaupi sínu og skila áliti, og nú er það komið frá þessari n., hvernig sem það svo er undirbúið.

Mér er ekki kunnugt um, hvernig háttað er um afstöðu til þessara mála hér á þingi, en það er grunur minn, að svo verði þingið skipt um þessi mál, að ekki verði auðvelt að koma þeim áfram. Ég hefi ekki séð mót á því, að stj. ætli að taka að sér þessi mál. Fyrr en svo verður tel ég, að engar líkur séu fyrir því, að slík mál sem þessi nái fram að ganga. Spurningin er þá, hvort flokkarnir, einn eða tveir, vilja taka málið að sér. Ég veit það ekki og bið átekta, en þykist þó vita, að svo muni ekki verða. Þá er eftir að athuga, hvort líkur séu til, að meiri hl. þjóðarinnar standi á bak við þetta. Hv. þm. A.-Húnv. kom nokkuð inn á það spursmál, sem sé á þann veg, að bæði hann og menn yfirleitt úti um land hefðu ætlazt til þess, að þessi mál yrðu leyst, og það mjög á einn veg — með niðurfærslu allra launa. Ég hygg, að um þetta séu mjög skiptar skoðanir um land allt. Það er ekki hægt að rökstyðja kröfuna um það, að nú skuli öll laun niður, með því, að bændur og margir fleiri í landinu eigi erfitt og að atvinnuvegur þeirra beri sig ekki. Það er gefið, að búskapur í landinu hefir ekki borið sig upp á síðkastið, þannig að bændur hafa orðið að skulda. Þær eru að vísu misjafnlega til komnar þær skuldir. En samt sem áður hefir fjöldi getað lifað skuldlaus hingað til, — náttúrlega mjög spart. En þó svo væri, að bændur, eins og hv. þm. A.-Húnv. miðaði aðallega við, væru þeirrar skoðunar, að hvorki bæri þeirra atvinnuvegur sig, né heldur væri nokkurt vit í launagreiðslu starfsmanna og embættismanna ríkis á sama hátt og verið hefir, þá er spursmálið ekki heldur leyst, því það er einmitt eftir að sanna það, að hægt sé

að halda embættis- og starfsmönnum á lægri launum heldur en nú eru greidd. Ég ætla mér nú ekki þá dul að koma með útreikning um það. En það er víst, að svo framarlega sem ríkið leggur ekki árar í bát og segir stopp á öllum framkvæmdum, þá verður það að borga þessum nauðsynlegu starfsmönnum svo, að þeir geti í fyrsta lagi lifað, og í öðru lagi starfað. Spurningin er því alls ekki sú, hvort aðrir beri sig, heldur, hvort hægt sé að hafa þetta starfsmannalið, hvort hægt sé að stjórna landi vegna þess að ekkert sé til að borga með. Nú vita hv. þm., að embættis- og starfsmenn ríkisins ríða ekki ætíð feitum frá sínu starfi. Það halda ýmsir, að sýslumenn t. d. séu hálaunaðir menn, en það er öðru nær. Þeir eru komnir í röð hinna lægst launuðu manna, sé tekið meðaltal af launum, eins og nú er komið, því að á síðari árum hefir verið stofnað svo mikið af nýjum embættum með margfalt hærri launum fyrir miklu ábyrgðarminni störf heldur en t. d. þessara manna. Nú vita allir, að sýslumenn eða einhverjir slíkir menn eru óhjákvæmilegir svo lengi sem stjórna á landi og lýð. Einhverjir verða að vera umboðsmenn ríkisvaldsins úti um landið. Og þó launamálan. haldi, að það sé þjóðráð að fækka þessum starfsmönnum, þá kemst ríkisvaldið ekki af án þeirra í einhverri mynd. Þess vegna er sá mælikvarði fyrst og fremst réttastur, hvað sé hægt að halda slíkum óhjákvæmilegum starfsmönnum við í lægstum launum.

Þessi n. hefir ekki einungis tekið sér fyrir hendur að skrifa nál., heldur og gert ýmsar athuganir, sem hafa átt að vera undirstaðan við afgreiðslu þessara mála. Sumar þessar athuganir og rannsóknir eru út af fyrir sig tiltölulega aðgengilegar eins og þeim er komið fyrir, og gott að hafa þetta allt á einum stað. Ég get að vísu ekki í fljótu bragði dæmt um sanngirni þeirra, en sjálfsagt má mikið af þeim marka. Svo hefir og verið í álitum allra n., að talsvert er nýtilegt; sumt gleymist aftur, því aðrar ástæður koma fram, sem breyta því. En þessar n. og álit þeirra hafa gefið talsvert glögga mynd af ástandinu eins og það hefir verið í ýmsum greinum þegar n. unnu. Svo er og um þetta álit. — Eftir því, sem hv. flm. fórust orð, hafði n. ætlað sér starfið mjög víðtækt, að mínu áliti allt of víðtækt, enda er margt hálfkarað. Ég mun ekki að svo komnu eyða mörgum orðum að því. Það er eðlilegt; starfstíminn hefir ekki verið svo langur. Og í annan stað er ekki hægt að vænta þess af einni n., jafnvel þó hún sé sæmilega skipuð, að hún geti gengið svo frá öllum þessum málum, að hægt sé að lögfesta þau eins og þau koma fram. En það er varhugavert að trúa niðurstöðum eða ályktunum n., því það er eins og allar n. verði ástfangnar í sínu eigin starfi, sérstaklega því, sem þær bera fram. Annars var hv. flm. tiltölulega hógvær og þjóst jafnvel við, að einhverju gæti verið ábótavant, en það var heyranlegt á honum, að hann bjóst við, að málið gengi greiðlega fram, og veit maður, hvað hann meinar með því. En ég hefi nú látið grun minn í ljós um það, að það muni ekki verða svo auðvelt.

Þá vildi hv. flm. ekki aðeins taka þá menn og þær stofnanir, sem ríkið hefir umráð yfir, heldur líka færa út kvíarnar og taka alla starfandi menn í landinu, nema líklega þessa margumtöluðu bændur og verkamenn, en alla aðra, alla, sem hafa myndað félagsskap og stofnanir. Hv. flm. hótaði því, eða kannske réttara sagt, lofaði að koma með frv. um alla hersinguna. En ég vil benda hv. flm. á, að það verður ekki auðvelt, nema hann ætli sér að fara á enn þá meira hundavaði heldur en leyfilegt er. Og ég býst við, að það geti rekið sig óþægilega á ýms ákvæði stjórnarskrárinnar, að ætla sér að skipta sér svo af algerðum einkarétti manna. Stjórnarskráin er enn í gildi, þó það orki tvímælis, hvort anda hennar sé ætíð haldið. Ég skal sem dæmi nefna það, að hv. flm. talaði um, að komið gæti til mála að sameina bankana. Ég hélt ekki, að það væri að vilja þeirra, sem látið hafa til sín heyra í landinu að þessu, því öll þeirra starfsemi hefir hnigið í þá átt að sundra bönkunum með því að stofna nýja. Það var t. d. lögð rík áherzla á það af flokki hv. flm., að engan veginn mætti lánsstofnun fyrir landbúnaðinn klínast inn í Landsbankann. Það væri þá eitthvað nýtt, ef sá flokkur væri á þeirri skoðun, að nú skyldi flytja Búnaðarbankann inn í Landsbankann. En þetta, að búa þannig til hatt ofan á húfu, er ekki neinn ágóði. Menn verða að taka málið öðruvísi, ef eitthvað á að sparast, því það virðist mér helzt vera meiningin hjá hv. flm. En þó varð hann að játa, að það mætti ekki láta sparnaðinn einn ráða, og er það rétt.

Menn úti um land eru nú líka farnir að sjá, að ekki þýðir að hrópa: niður með alla embættismenn. Menn eru nú farnir að gleyma þeim, og eru það nú aðallega „auðkýfingarnir“ við sjóinn, sem mest verða fyrir skothríðinni. En samt sem áður lætur það sumstaðar enn vel í eyrum að heyra hrópað á það, að embættismenn séu „blóðsugur“. Það er síður en svo, að hægt sé að vitna í embættismenn sem blóðsugur eða menn, sem séu of vel settir. Yfirleitt er það ekki hægt, nema þá að menn hafi verið sérstaklega ráðdeildarsamir, en ekki vegna þess, að þeir hafi verið of hátt launaðir. En að mínum dómi var það aðalhlutverk n. að rannsaka og samræma launakjör hinna „nýríku“. — Ég sagði áðan, að menn héldu, að sýslumenn væru hálaunaðir menn. En ég fullyrði, að þeir séu í hinum lægri launaflokkum. Það eru ekki heldur nema svona 2 sýslumenn, fyrir utan mig, sem standa nokkurn veginn jafnréttir, og ég fullyrði, að það sé einungis vegna þess, að þetta eru ráðdeildarmenn. Hitt er vafalaust, að allir innheimtumenn hins opinbera mega gæta sín, og við sjáum, hvernig það getur farið, því þeim er, án þess að þeir hafi nokkurt áhættufé, ætlað að standa skil og bera ábyrgð á allri innheimtu. Ef misheppnast um öll skil, af því að þeir af einhverjum ástæðum, mannlegum eða embættislegum, ganga ekki svo hart að mönnum, að þeir líði við, þá eru þeir komnir niður.

Nú ætlast n. til, að þeim sé fækkað, þessum mönnum. Það er nú raunar ekki allskostar til þess að spara, heldur hyggur víst n., að þetta sé heppilegt fyrir starfsemina. Eitthvað á e. t. v. að sparast, en ég tel sjálfsagt, að ekkert sparist,

því ég þekki það vel störf þessara manna, það betur heldur en þeir, sem í n. voru, er mér óhætt að segja, að ég get fullyrt, að ekki verði hægt að komast af í héruðunum nema teknir verði nýir menn til þess að þjóna þessu starfi. Þessir menn, lögreglustjórarnir og sýslumennirnir, eru einskonar forstjórar sinna sýslna. Og um leið eru þeir væntanlega, vegna síns undirbúnings og þeirrar miklu æfingar, sem þeir fá, nokkuð sæmilega til þess fallnir að hafa slík störf með höndum, betur til þess fallnir a. m. k. heldur en hver og einn óvalinn maður. En það mundi áreiðanlega verða ofan á, að þó teknir yrðu óvaldir menn, mundu þeir ekki síður verða dýrir; þeim mundi verða launað tiltölulega betur. Það virðist vera orðin stjórnarfarsleg regla, bæði hjá hæstv. ríkisstj. og einstökum stofnunum, að launa lítt undirbúnu og ólærðu mönnunum betur heldur en þeim langskólagengnu svokölluðu. Það er eins og álitið sé, að þeir eigi það betur skilið. Ég fullyrði því, að þó t. d. sýslumönnunum yrði fækkað, þá mundi ekkert við það sparast. En þá er að líta á, hvort störfin yrðu betur rækt. Nú tel ég miklar líkur til, ef ekki fulla vissu fyrir, að störfin yrðu verr rækt, og það af mjög einföldum ástæðum, sem ég þarf ekki að fara út í frekar. Og hitt er vitað, að ekki hefir komið fram, að fólkið vildi þetta. Ég er viss um, að ef fólkið væri spurt, mundi það ógjarnan vilja missa þessa menn úr sýslunum og fá þá svo fjarlæga, að ekki séu tiltök að nálgast þá nema í síma.

Þá kem ég að öðru atriði, nokkuð skyldu, öðrum flokki embættismanna, sem á að gera sama „kúrinn“ á — það eru víst einskonar hrossakaup — nefnilega prestunum. Embættismenn eru þeir ennþá, en þarna eiga nú að vísu allir að heita „starfsmenn“. Það er víst meiri demokratismi, meira í áttina til lýðræðis. En væri þá ekki rétt að færa lýðræðið meira út í efni málsins og bera þetta undir fólkið. Vill hv. flm. neita því, að það væri sanngjarnt og rétt, að fólkið sjálft, sem við þetta á að búa, sem líða á við breytinguna, ef um það væri að ræða, fengi að segja til, hvort það vill þetta, hvort það telur sér það til hagræðis eða hagnaðar, á þann hátt sem það á að gera, þar sem sýnt er, að sparnaðurinn yrði lítill, sumstaðar enginn og sumstaðar þvert á móti. Það munu nú verða mínar till. hvað þessi tvö atriði snertir, að Alþingi beri ekki við, dirfist ekki að lögbjóða um þetta, því ég tel það óheimilt, bæði að efni og formi, að ráðast á almenning á þennan hátt, nema að fá fyrst að heyra vilja hans. Hitt er annað mál, hvort þörf er á einhverri sameiningu. Ég skal minna á, að fólkið hefir verið spurt að því er prestaköllin snertir. Og það má segja, að svarað hafi verið á einn veg um þvert og endilangt landið. Það var svarað, að það væri þegar komið nógu langt í að sameina, — hingað og ekki lengra. Hvað segir hv. flm. um það? Þorir hann að fara aftur til fólksins og spyrja? Finnst honum ekki, að hann hafi unnið fyrir gýg og byrjað á öfugum enda í málinu? Ef hann, þessi mikli lýðræðismaður, hefði viljað taka tillit til þess, sem fram hefir komið, gat hann sparað sér þessa fyrirhöfn. Haldi hann, að hann hafi verið að gera fólkinu mikið gagn, þá er það misskilningur. Það munu nú verða mínar till., að þetta fólk, sem sagt er, að eigi að ráða í lýðfrjálsu landi, verði látið ráða þessu. Og ég mun, fyrir mína hönd og minna starfsbræðra, sætta mig við þá niðurstöðu, sem þannig fæst. Ef fólkið vill losna við sýslumennina og ef það vill nú allt í einu fækka prestunum, þá verður að hafa það.

Ég býst við, að þetta mál gangi fram við þessa umr. og verði vísað til n. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvort allshn. fær það til meðferðar — sem ég ekki vil fara um hörðum orðum, ég hrósa henni allajafna, þó henni mistakist stundum — eða hvort skipuð verður í það sérstök n. En sú n., sem fær málið til meðferðar, getur að mínu áliti aðeins eitt gert. Hún getur skrifað nokkuð mörg bréf og sent út um landið, Pétri og Páli og ýmsum stofnunum, yfirmönnum og undirgefnum til athugunar. Og þá er vel, þá hefir hún stefnt í rétta átt. Síðan getur hún farið heim og hvílt sig. Ég býst ekki við, að þingið komi saman aftur fyrr en eftir höfuðdag, og getur þá sumarið gengið í það, að fulltrúar þjóðarinnar fái að heyra vilja hennar. Þá er málið, sem er í reifum, komið í góða vöggu og getur sofið þar vært og rótt a. m. k. fram á seinni hluta þessa árs.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það ræður af líkum, að þar sem nál., sem gerir grein fyrir undirbúningi þessara mála allra, sem ekki eru minna en 9 frv. fram komin frá launamálanefnd, var ekki útbýtt fyrr en í gær, að ekki hefir gefizt mikill tími til að lesa þetta mál niður í kjölinn, svo sem vitanlega þarf til þess að grafa fyrir og finna til fulls, kynna sér og kanna þær ástæður, sem fram eru færðar. Það er því ekki hægt að fara neitt ýtarlega út í þetta mál fyrr en tími hefir gefizt til þess að athuga nál. og þá undirstöðu þessara mála, sem þar er gerð grein fyrir. Ég ætla því einungis með þeim fáu orðum, er ég segi nú, að benda á það, að mér finnst slælega hafa verið gengið fram í því að ná tilgangi þeirrar þáltill., sem þessi rannsókn er byggð á. Því það, sem lögð var aðaláherzlan á í þessari þáltill., var það, að rannsaka möguleikana á því að létta af ríkissjóði þeim geysilega kostnaði, sem hlaðizt hefir á hann hröðum skrefum hin síðari ár við aukið starfsmannahald. Það var svo komið, að fjölda manna stóð stuggur af og sá ekki, hvernig ríkissjóður átti að rísa undir svo miklum og sívaxandi starfsmannakostnaði, og var ekki sjáanlegt, að sá flaumur mundi neitt stöðvast. Horfði málið því þannig við, að út af fjárlögum mundi verða byggt öllum fjárframlögum til verklegra framkvæmda í landinu með sama áframhaldi. M. ö. o., að ekki yrði hægt að ná inn í ríkissjóðinn meiri tekjum heldur en sem færi til þess að bera uppi þetta síaukna starfsmannahald og allan kostnaðinn, sem af því leiðir, að ógleymdum þeim síauknu byrðum, sem hvíla á ríkissjóði vegna hinna miklu skulda, sem hann verður að standa straum af. Ég sakna því mjög, að í þessum till. skuli ekki vera gengið lengra en

gert er í því að reyna að framkvæma aðaltilgang þáltill., draga úr útgjöldum ríkissjóðs við starfsmannahald, bæði með því að lækka launagreiðslur og ekki síður með því að leita að möguleikum til þess að fækka starfsmönnum. En það var einmitt þetta, sem lögð var aðaláherzlan á í 1. lið þáltill. Ég sé að vísu, að n. gerir till. um að draga nokkuð úr starfsmannahaldi ríkisins. En það ber svo einkennilega við, að starfsmannafækkunin á eingöngu að koma fram í sveitum landsins. Það er fækkun presta — ég er ekkert á móti því, sem í þessum till. felst, það má ekki skilja orð mín svo —, það er fækkun sýslumanna, og það er fækkun barnakennara — ekki barnakennara í kaupstöðum, heldur barnakennara í sveitum að langsamlega mestu leyti. Hinsvegar hefir verið yfirlýst af flm. þessa máls og form. n., að n. hafi algerlega hliðrað sér hjá því, m. a. fyrir tímaskort, að gera nokkrar sjálfstæðar till. um að draga úr starfsmannahaldi t. d. hér í Reykjavík. Að því miða till. n. ekki, að því er mér skilst, að öðru leyti en því, að færa á saman nokkuð stjórn einkasölufyrirtækja ríkisins, sem vitanlega er út af fyrir sig góðra gjalda vert og felur sjálfsagt í sér einhvern sparnað. Mér finnst því hvað þetta snertir gengið framhjá stórmikilsverðu atriði, sem einmitt var lögð mikil áherzla á við undirbúning og samþykkt þáltill., og það er að benda á möguleika til og gera till. um að draga úr starfsmannahaldi við stofnanir ríkisins í kaupstöðunum, sem þá aðallega er um að ræða hér í Reykjavík. Í tilefni af því, sem hv. flm. sagði um það, að til þess að fá grundvöll undir slíkar till. hefði n. þurft að starfa missiri lengur, vil ég segja það, að ég held, að það hefði verið ávinningur fyrir þetta mál, að n. hefið setið einu missiri lengur, ef hún hefði með því getað komizt eitthvað lengra á þessari braut.

En svo maður sleppi nú þessu, þá vil ég benda á, að í þessum till. er beinlínis farið fram á stórhækkun á sumum liðum embættis- og starfsmannahalds ríkisins. T. d. er gert ráð fyrir, að launagreiðslur vegna heilbrigðismála hækki um 37 þús. kr., að því er mér virðist, launagreiðslur vegna kennslumála um 103 þús., laun póst- og símastarfsfólks um 10 þús. kr., og á fleiri liðum kann að vera hækkun, því mér hefir ekki gefizt tími til að lesa frv. nema lauslega. Mér finnst þáltill. ekki hafa gefið n. tilefni til þess að fara að koma með slíkar till. um aukin útgjöld. Þar sem talað var um samræmingu launakjara, var vitanlega átt við, að samræmingin færi þannig fram, að hærri laun væru lækkuð til samræmis við þau lægri, og þannig sparað fyrir ríkið. Ég vil ennfremur benda á það í þessu sambandi, sem vitanlega er virðingarvert, að n. hefir gert sér far um að kynna sér, hverjar væru hinar raunverulegu tekjur þeirra manna, sem nú vinna að framleiðslu í þessu landi, bæði til sjávar og sveita. Og eftir beztu föngum hefir n. komizt að niðurstöðu, sem sjálfsagt er nærri lagi. Við þessa athugun kemur í ljós ákaflega mikið ósamræmi milli launagreiðslnanna, sem n. gerir ráð fyrir, og teknanna, sem þeir menn hafa, sem vinna að framleiðslunni. Þetta, hvað tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, eru nauða litlar, sýnir, hvað framleiðslan ber sig ákaflega illa. Og að framleiðslan berst þannig í bökkum, er vitanlega bending um það, að atvinnuvegirnir, sem auðvitað standa undir öllum fjárhagslegum byrðum í landinu, eru nú í því ástandi, að þeir þola ekki þann mikla mun á tekjum þeirra manna, sem taka laun úr ríkissjóði, og hinna, sem að framleiðslunni vinna, er n. gerir ráð fyrir. Ég held, að ef haldið er áfram eins og nú horfir, þá reki beinlínis í strand og fullkomið úrræðaleysi að standa við slíkt.

N. hefir miðað till. sínar um launagreiðslur við árið 1933. Nú er vitað, að síðan 1933 hefir ástandið í þessu landi farið versnandi og horfurnar hafa versnað aldeilis gífurlega. Árið 1934 var útlitið orðið svo ægilegt, að það mátti vera n. fullkomin bending um það, að leggja ekki árið 1933 allt of mikið til grundvallar fyrir sínum till.

Í till. sínum gerir n. ráð fyrir, að breytingin, sem hún leggur til, að gerð verði, leiði til nokkurs sparnaðar fyrir ríkið. Mér skilst, að hann muni eiga að nema um ½ millj. kr. Alls er sparnaðurinn talinn nokkru meiri, en sumt af honum kemur fram hjá stofnunum, sem ekki heyra undir ríkið í þeim skilningi, að ríkið beri uppi þann kostnað, sem rekstur þeirra hefir í för með sér. Það er því um ½ millj., sem gert er ráð fyrir, að ríkið spari á beinum greiðslum til sinna starfsmanna. En sá hængur er hér á, sem mjög verður að athuga í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að þessi sparnaður er allur nokkuð langt frammi í framtíðinni, þannig að mér skilst, að með því að samþ. þessi frv. aukist útgjöld ríkisins í bili a. m. k. Hitt felur framtíðin í skauti sínu, og það fer náttúrlega nokkuð eftir atvikum, hvenær fram kemur ávinningurinn af þeim breytingum, sem n. leggur til, að gerðar verði. Það tekur vitanlega langan tíma að koma þeim í kring, því ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum ráðstöfunum til þess að koma þessum breyt. á, heldur eru þær miðaðar við það, að þeir, sem hlut eiga að máli, láti af sínum embættum af eðlilegum ástæðum. Hér er um fasta starfsmenn að ræða, en hefði hinsvegar verið hægt að koma á sparnaði við stofnanir ríkisins hér í Rvík og annarsstaðar, þá hefði sé sparnaður komið strax, því fólkið, sem við þær vinnur, er að langsamlega mestu leyti ráðið með 3—6 mánaða uppsagnarfresti. Það er stóri munurinn á því að geta fækkað starfsfólki hér og að fækka embættisstörfum úti um sveitir landsins, að sá sparnaður kemur strax, en hinn ekki fyrr en seint og síðar meir.

Ég er ekki í neinum vafa um það — og vil ég þó taka fram, að það markar ekki á neinn hátt mína afstöðu til málsins —, að t. d. fækkun presta og sýslumanna mun mæta mikilli mótspyrnu; ég skal engu spá um, hvort sú mótstaða verður það sterk, að ekki nái fram að ganga sá sparnaður, sem á þennan hátt á að nást, en ég held, að hann verði ærið mikill vonarpeningur fyrir ríkissjóð.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Það er vitanlega sjálfsagt að taka þessu máli sem

fullkomnu alvörumáli. Það hlýtur að verða einn liður í þeim ráðstöfunum, sem þetta þing verður að gera til að létta gjöldum af ríkissjóði, að koma nokkuð gagngerðum breytingum á í þessu efni. Því eins og viðhorfið er nú, virðist mér það svo alvarlegt, að ekki þurfi að gera ráð fyrir að geta reytt inn í ríkissjóðinn 15—17 millj. kr. á þessu ári, eins og gert hefir verið að undanförnu. Því ég býst við, að svo sé ástatt um allmikinn hluta landsmanna, ef eigi rætist úr, að það megi gott teljast að geta haft til hnífs og skeiðar, eins og það er kallað á algengu alþýðumáli.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég treysti mér ekki til þess að leggja neinn dóm á starf þessarar n. að svo komnu máli, því eins og margir ræðumenn hafa tekið fram, er svo stutt síðan frv. var útbýtt, og enn styttra síðan hin langa og ýtarlega grg. n. kom þm. fyrir sjónir, að ekki er með neinni sanngirni hægt að fara fram á, að þm. taki þegar afstöðu til þeirra till., sem fyrir liggja, né heldur að þeir telji sig við því búna að leggja dóm á starf þeirra manna, sem hér hafa verið að verki.

En þó ég ætli ekki að ræða málið almennt nú, né heldur gera að umtalsefni þá gagnrýni, sem fram hefir komið á starf n. frá einstökum hv. þm., þá vil ég ekki láta ómótmælt orðum, sem féllu í upphafi ræðu hv. þm. V.-Sk., þar sem hann kvað svo að orði, að enginn tæki þessa n. alvarlega og að frá upphafi hefði við engu verið af henni búizt, og það hefði m. a. mátt ráða af skipun hennar. Hann færði ekkert annað fram til stuðnings þessum ummælum en það, að í n. hefði enginn lögfræðingur verið. Það skal nú ekki verða mitt hlutskipti hér að halla á lögfræðingana; þeir eru 7 eða átta í Sjálfstfl., og þar sem það er almennt viðurkennt, að sá flokkur sé vel skipaður, þá hljóta þeir að vera einhvers virði. En hér er fremur að ræða um sjálft lífið heldur en um lögfræðilegar kennisetningar.

Þegar búið er að kynna sér hagi og háttu þjóðarinnar og komast að einhverri niðurstöðu í grundvallaratriðum, er minni vandi að klæða hana í lögfræðilegan búning. Til hjálpar í þeim efnum eru vafalaust lögfræðingar hv. d. fúsir, og mundi hv. þm. V.-Sk. varla skjótast yfir í því, eins og mér finnst honum hafa skotizt yfir í því, að telja verk launanefndar dauðadæmd af því enginn lögfræðingur hafi verið í henni. Hitt er ádeila á lögfræðingana sjálfa, ef engir þeirra hafa fengizt til að taka þátt í n. En mér vitanlega var enginn þeirra um það beðinn, a. m. k. ekki af Sjálfstfl. Verkefni n. var aðkallandi fyrir þjóðina, og þegar þannig stendur á, er það vansi hverjum manni að vilja ekki leggja fram krafta sína. Ádeilu hv. þm. á okkur, sem stóðum að því að velja menn í n., og þá sjálfa, vil ég svara því, að við, sem völdum umboðsmenn Sjálfstfl., höfum undan engu að kvarta að því er snertir hvernig valið tókst, og ég býst við, að hinir flokkarnir séu ánægðir með sína menn í n. líka.

Þegar á það er litið, hve miklum ágreiningi þetta mál veldur innan allra flokka, og hvað örðugt er að finna lausn á því, þá hefði verið hyggilegra að skipa n. frá öndverðu svo, að hver flokkur hefði haft sína sterkustu menn þar, ekki til þess að senda umsagnir til Péturs og Páls, eins og hv. þm. V.-Sk. talaði um, heldur til þess að fá nokkra lausn á þessu örðuga viðfangsefni.

Þetta var ekki gert, en það er sök þeirra, sem völdu n., en ekki nefndarmannanna sjálfra.

Ég hefi hlýtt hér á allharða gagnrýni á n. og ræðumenn hafa drepið á eitt og eitt atriði í frv., sem illa hefir þótt takast. En ég finn ekki þörf að dæma hart nefndarmennina, þó að mistakist um einstök atriði, þar eð heildarviðfangsefnið er óvenjulega örðugt.

Sennilega er það þrennt, sem bar að miða að í þessu efni:

1. að spara útgjöld ríkissjóðs.
2. að samræma betur kjör þeirra manna, sem taka laun sín úr ríkissjóði.
3. að bæta kjör margra þeirra manna, sem svo ógæfusamir hafa verið að ljá ríkinu starfskrafta sína gegn sultarlaunum.

Ég hefi ekki fengið aðstöðu til að mynda mér skoðanir um, hvernig þetta hefir tekizt. Þó hygg ég, að með frv. hafi nokkur sparnaður fengizt og einnig nokkur samræming á launakjörum, og ég tel ekki um að fást, þó að nokkuð sé bætt um hag þeirra manna, sem borið hafa skarðan hlut frá borði.

Ég held að öðru leyti ekki, fremur en hv. þm. V.-Sk., að auðvelt sé að komast að niðurstöðu í þessu máli. Þetta er því erfiðara, eins og nú ber undir, að þm. eru allir utangátta og annars hugar, þeir sem eitthvað hugsa alvarlega, því að nú sýnast vera fram undan fyrir þjóðir örlagarikari tímar og vandameiri viðfangsefni en áður hafa verið, a. m. k. svo langt sem elztu menn muna.

Þegar menn standa á öndverðum meiði um lausn hinna allra örðugustu viðfangsefna, þegar slík mál sem þessi ber að garði á þessum tímum, þá er, eins og hv. þm. V.-Sk. sagði, ekki hægt að gera sér miklar vonir um lausn þessa máls.

En ég vil samt taka undir með hv. þm. Borgf., er hann bað Alþ. að taka með alvöru á þessu máli. Vil ég biðja hv. þm. að kynna sér vel frv. og grg. þess, svo að komast mætti að sem skjótastri lausn þessa máls.

Þessa örstuttu aths. vildi ég láta hér falla að gefnu tilefni. Ég gat því miður ekki heyrt ræðu hv. flm., og veit ég því ekki, hvort hann hefir gert þá till., að málinu væri vísað til sérstakrar nefndar. (**JörB**: Það var till. mín). Annars vildi ég einmitt gera það að minni till., að málinu væri vísað til sérstakrar n.

Ég endurtek, að þótt ég við skjótan yfirlestur hafi komið auga á ýmislegt, sem ég tel, að betur megi fara, þá vil ég ekki leggja dóm á n. að svo komnu máli. Ég vænti þess að lokum, að þm. athugi þetta mál vel, ekki síður en önnur, sem fyrir Alþ. liggja.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 13. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [óyfirl.]: Ég býst við, að áður en þessu máli verður lokið, verði um það sögð mörg orð. Það hefir jafnan verið svo, þegar rætt hefir verið um launakjör starfsmanna ríkisins, að samkomulag hefir ekki orðið, og mjög svo skiptar skoðanir á ýmsum greinum, og því eðlilegt, að það hafi leitt til mikilla umr., enda mun svo enn fara að sjálfsögðu.

Ég mun lítið eitt víkja að þeim ummælum, sem fram hafa komið af hálfu þeirra manna, sem nú þegar hafa rætt þetta mál, og skal ég reyna að gera það í sem fæstum orðum.

Hv. þm. A.-Húnv. vildi halda því fram, að þessi n., sem skipuð var til þess að gera till. um þessi efni, mundi að nokkru leyti hafa brugðizt skyldum sínum, þar sem hún í ýmsum efnum hafði lagt til, að launahækkun ætti sér stað. Hann hélt því fram, að á þeim tímum, sem nú eru ríkjandi, gæti ekki verið um það að ræða að hækka laun manna.

Það er að vísu góðra gjalda vert að gæta fyllstu sparsemi fyrir hönd ríkissjóðs í þessum efnum. En svo framarlega, sem starfið er nauðsynlegt fyrir ríkið, þarf að gæta fyllstu réttsýni í því að skapa þeim, sem þau störf eiga að vinna, ekki verri kjör heldur en ríkið er neytt til og sæmilegt er. Ég býst nú við, að viðvíkjandi þessum till. okkar kunni að vera mjög skiptar skoðanir um, hvort í hóf sé stillt með launakjörin, og ég get vel skilið, að mönnum þyki við í ýmsum efnum hafa verið of ríflegir í þessum till. En að halda fram, að launahækkun geti undir engum kringumstæðum átt sér stað hjá starfsmönnum hins opinbera, getur enginn gert í fullri alvöru, sem kynnir sér þetta mál. Annars var ræða þessa hv. þm. hófleg; hélt hann sig að efninu fullkomlega, og virtist mér hann í öllum greinum gæta fyllstu sanngýni.

Hv. þm. drap á það, að þær till., sem lúta að fækkun sýslumanna, myndu leiða til þess, að störf sýslumannanna færðust umfram það, sem verið hefði, í hendur hreppstjóranna. Ég mótmæli því ekki, að svo kunni að vera, en sumstaðar er þó högum þannig háttað nú orðið, að ég hygg, að það verði ekki að neinu ráði umfram það, sem þegar er orðið.

Þá minntist hv. þm. einnig á prestafækkunina, og virtist mér sem hann gæti að meira eða minna leyti fallizt á þær till.

Þá minntist hv. þm. A.-Húnv. einnig á það, að hann aðhylltist till. minni hl. n., Arnórs Sigurjónssonar, um að vöruverð á innlendri framleiðslu væri látið ráða um kaupgreiðslu til starfsmanna hins opinbera. Ég vék að þessu atriði í minni fyrri ræðu og viðurkenndi fullkomlega, að það væri æskilegt, ef hægt væri að viðhafa þessa aðferð. En mér fyrir mitt leyti, án þess að fara neitt út í þá sálma, virðist ég koma auga á svo marga vankanta á þeirri leið — að þar muni verða svo mörg ljón á veginum —, að erfitt verði viðfangs í framkvæmdinni, hve æskilegt sem það kynni að vera.

Hv. þm. A.-Húnv. drap á, að það yrði að vera samræmi milli launagreiðslna í landinu yfirleitt og þess, sem framleiðslustéttirnar bæru úr býtum. Í þessu efni er ég hv. þm. alveg sammála. Ég tel, að það sé í alla staði óhyggilegt, að það sé eitthvert regindjúp staðfest milli framleiðslustéttanna í landinu og launastéttanna.

Ég get fullkomlega viðurkennt, að þær till., sem við höfum gert í þessu efni, eru það ríflegar, að þeir menn, sem að þessum störfum vinna, munu bera meira úr býtum heldur en framleiðslustéttirnar eins og nú horfir. En ég tel ekki unnt að taka svo tillit til þess ástands, sem nú ríkir, að mögulegt sé að færa launastéttina svo niður á móts við framleiðslustéttirnar, að þar skilji ekkert á milli, heldur sé bezt að reyna að búa svo vel að framleiðslustéttunum, og þá að sjálfsögðu verkamönnum og sjómönnum, að kjör þeirra verði bætt frá því, sem áður var, heldur en að gerðar sé eingöngu ráðstafanir til þess, að eiginlega vegni öllum í landinu illa.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er miklum takmörkunum háð, hvað hægt er að gera í þessu efni. En að því leyti, sem við ráðum við að bæta kjör þessara stétta, framleiðslustéttanna, þeirra, sem vinna líkamlega vinnu, þá held ég, að það sé hyggilegra heldur en að þrengja mjög kost þeirra manna, sem verða að lifa við launakjör, sem ríkið lætur þeim í té.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um ræðu hv. þm. A.-Húnv. Ég sé þess enga þörf, því að í grundvallaratriðum virðist mér, að við munum eiga samleið.

Þá ætla ég að fara aftan að siðunum og minnast lítilsháttar á ræðu hv. þm. Borgf. Hv. þm. drap á, að launamálan. mundi fremur hafa rækt slælega það starf, sem hún fyrst og fremst hefði átt að vinna að, að gera till. um sparnað og um fækkun starfsmanna.

Um þetta mál, eins og flest önnur og ekki sízt þau, sem eru nokkuð fjölþætt, er vitaskuld skoðanamunur, og ég get viðurkennt, að ég hefði gjarna viljað, ef maður hefði séð sér það fært að gera frekari till. um sparnað, og vil ég alls ekki mótmæla, að í ýmsum greinum kunni það að hafa verið hægt, en viðvíkjandi till. um starfsmannafækkunina er það að segja, að það bregður til beggja vona um, hvað hægt er að gera í þeim efnum, og viðvíkjandi þeim till., sem fyrir liggja, verð ég að segja það, að mér virðist nokkuð hæpið, að jafnvel hv. þm. Borgf. geti á þær fallizt.

Hann hélt t. d. öllum dyrum opnum um sýslumannafækkunina og prestafækkunina; kennarafækkunina minntist hann lítið á. En svo minntist hv. þm. á, að ekki væru till. um að fækka starfsmönnum hér í Reykjavík, sem vinna fyrir það opinbera, en lét þess að vísu í þessu sambandi getið, að hann væri út af fyrir sig ekki að átelja n., þó að hún gerði till. um fækkun starfsmanna úti um sveitir landsins, ef það þætti annars ráðlegt, en mér virtist hann harma það, að ekki væru gerðar frekari till. um starfsmannafækkun hér í bænum.

Ég gerði grein fyrir því, af hvaða ástæðu við treystum okkur ekki til að gera till. um beina fækkun starfsmanna hér í Rvík, og ætla ég ekki að endurtaka það, því að ég vona, að hv. þm. muni eftir því. Við reyndum að sníða till. okkar um vinnubrögðin þannig, að þær gæfu fyrir-

mæli um frekari vinnu, skerptu eftirlitið í þessum stofnunum frá því, sem verið hefir, og ég vil meina, að þetta kunni í reyndinni að leiða af sér nokkurn sparnað í mannahaldi. Ef það er ekki með þessu móti, þá veit ég ekki, hvaða leið maður á að fara til þess að ná því takmarki.

Mér virtist hv. þm. á það líta, eins og vissulega má, að sveitirnar með þessari starfsmannafækkun bæru skarðan hlut frá borði samanborið við Reykjavík, og minntist á í því sambandi allmikinn starfsmannafjölda hér í Reykjavík.

Það þarf enginn að verða hissa á því, þó að hér sé mikill fjöldi starfsmanna ríkisins, því *að hér eru settar svo að segja allar meiri háttar* stofnanir hins opinbera; þau störf, sem þar eru inni af hendi, þarf að vinna, og þau verða ekki unnin af öðrum en mönnum, sem eru búsettir hér í Rvík. Það er því eðlilegt, að starfsmannafjöldinn sé hér *mikill*. Ég þarf ekki annað en að minna á ýmsar þessar helztu stofnanir, eins og t. d. banka, stjórnarráðið, skóla og spítala, svo að ekki séu fleiri nefndar. En viðvíkjandi því atriði, að sveitirnar beri fyrir þessar till. okkar, eins og þær eru af okkar hálfu útbúnar, skarðan hlut frá borði hvað fjármuni snertir, þá held ég að það verði ekki í reyndinni.

Mér þykir ekki nema eðlilegt, að hv. þm. Borgf. hafi ekki getað kynnt sér nál. svo, að hann geti gert sér fulla grein fyrir þessu. En ég vil benda honum á, að við ætlumst til, að ríkið greiði umfram það, sem áður tíðkaðist, 75 þús. kr. til barnafræðslu úti um sveitir landsins, og launahækkun hjá símafólki úti á landi nemur um 30 þús. kr. Þetta ætla ég, að vegi nokkuð upp á móti þeim fjármunum, sem tapast við prestafækkunina. Það er ekki heldur rétt hermt hjá hv. þm. viðvíkjandi till. n. um kennarafækkunina, að hún eigi sér alls ekki stað hér í Rvík. Ef miðað er við skólaskyld börn í Rvík, eru hér um 80 kennarar, en í okkar till. er gert ráð fyrir 52 til 53 kennurum hér.

Þá vék hv. þm. Borgf. að því, að eftir till. n. væri ósamræmi milli launa launamannanna og framleiðslustéttanna. Ég er búinn að víkja að því í sambandi við ræðu hv. þm. A.-Húnv. og vísa til þeirra ummæla.

Mér þótti mjög leiðinlegt að heyra hjá hv. þm. Borgf., ef hann sæi sér ekki fært — hann fullyrti raunar ekkert um það — á einhvern hátt að draga úr starfsmannahaldi, því að ég er hræddur um, að þótt eitthvað yrði hægt að *fækka hér í Rvík og eitthvað hægt að lækka* launin, þá verði aldrei mikil fúlga fjár spöruð ríkissjóði með því einu móti.

En það, sem við gerum að till. okkar, er það, sem við komum auga á, að væri helzta ráðið *til* þess að reyna að spara án þess að mikið yrði að sök. Menn verða að dæma um það eftir sínum geðþótta og hafa sína skoðun í þeim efnum, hvernig það kann að hafa heppnazt.

Þá kem ég að hv. þm. V.-Sk. Hann átaldi mig sérstaklega fyrir það, að hafa tekið þetta mál á dagskrá áður en nál. hafði legið nægilega lengi frammi fyrir hv. þm. til athugunar. Ég get tekið undir, að það er vorkunnarmál. Ég get ekki gert þá kröfu til hv. þm., að þeir geti gengið í gegnum nál. á einum sólarhring, auk annara starfa, svo að ég tek ekkert til þess, þó að hv. þm. léti þetta í ljós. En ef hann hefði verið svo vænn við mig að hafa það á orði, að hann óskaði, að því yrði frestað að taka málið á dagskrá, þá hefði ég vafalaust orðið við þeirri ósk. Því að mér er ljóst, að á þessum hluta þingsins fær málið ekki afgreiðslu.

Ég bjóst satt að segja ekki við, að það mundu verða miklar umr. við 1. umr. málsins, því að venjan er sú, að þegar mál kemur til 2. umr. og einstakar greinar og till. eru ræddar, þá fer aðalumr. fram, og við 3. umr. En þetta var *ekki óréttmæt ábending, og dettur mér ekki í* hug að fyrtast við þessi ummæli hans. En hitt skil ég ekki, hvernig hann hefir getað fundið það út úr minni framkomu, að ég gerði mig líklegan til þess að ýta á eftir málinu. Ég er ekki nema ⅓₃ hluti þessarar hv. þingdeildar, og þó að honum hafi þótt framkoma mín gefa til kynna, að mér lægi á að reka þetta mál með offorsi áfram, þá mætti hann sjá, að ég mundi geta sagt mér sjálfur, að slík vinnubrögð hæfa ekki slíku máli, og ég ætla, að ummæli mín hafi ekki gefið tilefni til þess að ætla, að ég byggi yfir sliku. Þessi orð voru því alls ekki eins meinlaus og um hitt, hvað málið var tekið fljótt á dagskrá.

Þá var annað atriði, sem hv. þm. minntist á, og það var viðvíkjandi skipun launamálanefndarinnar — hvert tilefni hefði verið og hvaða tilgangur með skipun hennar. Ef ekki hefði komið neitt fram viðvíkjandi þessu af hálfu Sjálfstfl., þá veit ég ekki, hvað ég hefði átt að halda um þann flokk, því að hv. þm. sagði, að hann hefði ekki skoðað skipun nefndarinnar sem neitt alvörumál. Hún hefði verið skipuð með það fyrir augum að veita þeim mönnum, sem hlutu sæti í henni, atvinnubótavinnu. Eins og því til sönnunar nefndi hann t. d., að enginn lögfræðingur hefði verið skipaður í n. N. mundi ekki hafa verið ætlað annað verk en eitthvað að rýna í þetta mál, skila einhverju áliti, það gengi svo til þingnefndar, hún skrifaði embættismönnum til þess að spyrja ráða, þá væri það komið í góða vöggu og því skyti aldrei upp að eilífu aftur. Þetta var hugsanaferill hv. þm.

Ef hv. *þm. G.-K. hefði ekki* tekið til máls og borið á móti þessum ummælum hv. þm., hefði náttúrlega legið næst fyrir mig að halda, að flutningur málsins af hálfu flokksmanna hv. þm. V.-Sk. hefði af engri meiningu verið gerður.

Ég finn svo ástæðu til þess í sambandi við þessi ummæli hv. þm. og vegna þess, að mér virtist koma fram hjá honum, að ekki einungis vegna þess, að enginn lögfræðingur átti sæti í nefndinni, heldur einnig, að val mannanna í n. hefði orðið með þeim hætti, að ekki væri neins af henni að vænta, er til bóta horfði, ástæðu til þess að láta í ljós ánægju mína og þakklæti til meðnm. minna. Þeir, sem kosnir voru af Sjálfstfl., tóku á verkefni þessu af alúð og alvöru, eins og vafalaust hefir verið ætlazt til af mörgum mönnum í Sjálfstfl., sem að till. um nefndarskipunina stóðu. Um hina með-

nm. mína get ég sagt það sama; þeir ræktu starf sitt eftir beztu getu. En þetta allt kann reyndar ekki að hafa svo mikið að segja, þar sem um slíka menn er að ræða, eftir því sem hv. þm. V.-Sk. lét í ljós.

Hv. þm. V.-Sk. þóttist hafa sýnt fram á það, með því að benda á, að enginn lögfræðingur átti sæti í n., að þar með væri starf hennar dauðadæmt, hvert og hvernig sem það svo hefði verið. Mér dettur ekki í hug að segja, að lögfræðingar séu einskis virði og ekki geti verið gott og gagnlegt að njóta starfskrafta þeirra á þeim sviðum, er snerta sérmenntun þeirra, en þættir þessa máls eru fæstir lögfræðilegir. Ég treysti að sjálfsögðu hv. þm. V.-Sk. og öðrum lögfræðingum til þess að gera tillögur til umbóta hvað lögfræðilega hlið málsins snertir, og veit ég þó ekkert, hversu mikill lögfræðingur hv. þm. er. En ég vil benda honum á það, að þótt lögfræðingarnir séu góðir á sínu sviði, og þótt þeir hafi fengið á sig stimpil sem sérmenntaðir menn, þá er engin ástæða til að taka þá svo hátíðlega, að engin störf sé unnt að leysa vel af hendi án þeirra tilkomu, og að þeir við sitt próf hafi öðlazt hinn eina rétta skilning á hlutunum. Til þess greinir þá allt of mikið á um ýms lögfræðileg efni. Hinsvegar þykir mér leiðinlegt, að hv. þm. V.-Sk. fékk ekki aðstöðu til þess að ljá þessu máli lið, hafi hann langað til þess.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þessi milliþn. í launamálum hefði verið skipuð með það fyrir augum að vera einskonar atvinnubótavinna fyrir nefndarmenn. Ég veit ekki, hvort viðhorf hv. þm. til slíkra nefndaskipana er orðið breytt, en hann hefir a. m. k. áður tekið þátt í störfum milliþn., hvort sem hann hefir þá gert það í atvinnubótaskyni eða ekki. Við höfum setið við sama kost og á þingi, haft liðugar 13 kr. á dag, og þeir menn eiga ekki mikils úrkosta, a. m. k. ekki bændur, sem hafa búum að sinna, en þurfa að vera hér um hásláttinn. Það er því hæpin fullyrðing, að nefndarstarfið hafi verið fjárhagslegur ávinningur. — Annars fannst mér, þegar hv. þm. V.-Sk. ræddi þessi efni, allt láthragð hans bera það með sér, að hann hefði á tilfinningunni, að þessi litli salur rúmaði hann ekki. Svo mikið var yfirlætið í ræðu hans bæði um efni og annað. — Hann minntist á, að sér væri ósárt um þetta mál eða á hvern hátt þingið skildist við það. Menn hafa því heyrt hans tillögur og skoðanir í þessu máli, og hann kemst ekki frá þeim, og skal ég hann á þær minna síðar, er fundum okkar ber saman.

Honum virtist það eina leiðin til lausnar þessu máli, að ríkisstj. tæki það að sér og kæmi því á framfæri. Því er ekki að neita, að það væri stórkostlegur styrkur og mestar líkur til, að málið næði fram að ganga með því móti, en engu að síður, þótt svo sé ekki orðið enn, ber hv. þm. að sinna málinu af alúð, og það veit ég, að hv. þm. gerir, en bara á sinn hátt. Ég er ekkert að kæra yfir því.

Nú sé ég, að hinn venjulegi fundartími er að verða úti, en býst hinsvegar við, að meira verði um málið rætt, svo að ég sé enga ástæðu til að þreyta menn að þessu sinn fram yfir venjulegan fundartíma, og mun því láta staðar numið að sinni, en áskilja mér rétt til að halda áfram ræðu minni næst þegar málið verður tekið fyrir. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 28. og 31. fundi í Nd., 14. og 18. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [frh.]: Það er nú svo langt liðið frá því að þetta mál var hér til umr. síðast, að mér er úr minni liðið sitt af hverju, er ég hafði hugsað mér til andsvara hv. þm. V.-Sk. Ég vil og gjarnan gera mitt til að lengja ekki umr. úr hófi fram, og hefi því hugsað mér að stytta mjög mál mitt. En þó verð ég að drepa á nokkur atriði í ræðum andmælenda minna.

Hv. þm. V.-Sk. drap á, að það væri hæpið, að starfsmenn fengjust til að vinna fyrir hið opinbera fyrir öllu lægri laun en þeir nú hafa. Þetta veit ég, að hefir við rök að styðjast, a. m. k. um suma þeirra. Það er auðvitað mál, að ríkið verður að greiða starfsmönnum svo í laun, að þeir geti verið óskiptir við störf sín og lifað sómasamlegu lífi. Hinsvegar verður að hafa hliðsjón af kjörum og lífsmöguleikum annara stétta þjóðfélagsins, þannig að þar verði nokkurt samræmi á milli. Þetta viðurkenndi hv. þm. V.-Sk., og erum við sennilega sammála um það, en hann var að svara þeim þdm., sem vildi undir öllum kringumstæðum spara launin við starfsmenn þjóðfélagsins.

Þá taldi hv. þm. V.-Sk. tæplega rétt eða heppilegt að fækka sýslumönnum og prestum án þess að þjóðin væri um það spurð. Ég get lýst því yfir, að samkv. nál. launamálan. er sú leið, að fækka starfsmönnum þess opinbera, eina ráðið, sem við fundum til sparnaðar, sem nokkuð munar um. Um leiðir í því efni taldi n. alls ekki um annað að ræða en starfsmannafækkun. Og þá urðu fyrst fyrir n. þær stéttir, sem helzt er tækilegt að fækka, og vitaskuld verður að gera það á þann hátt, sem löglegt má teljast án þess að þjóðin sé látin ganga til atkv. um það. Ég vona, að hv. þm. V.-Sk. láti sér skiljast það, að þessar till. n. eru ekki sprottnar af áreitni gagnvart þessum stéttum. Ég viðurkenni fyllilega, að þær hafa, hver á sínu sviði, gert mikið gagn. En ef það er þjóðinni fjárhagsleg ofraun að halda þessum stéttum uppi, þá verður að draga úr útgjöldunum til þeirra, og þá er betra að framkvæma það á þennan hátt, með starfsmannafækkun, heldur en að skammta launin svo smátt, að þær búi við sultarkjör. Ég álít það miklu hyggilegra. Hér hygg ég, að við hv. þm. V.-Sk. getum átt samleið. Hann minntist á, að sýslumenn hefðu yfirleitt svo lág laun, að þeir gætu tæplega lifað af þeim, enda væri hagur þeirra flestra mjög bágborinn, svo að ekki væri við unandi. Samkv. hinni nýju skipun, eftir till. launamn., á hagur þeirra að batna. Það er alls ekki meiningin, að

þeir eigi að greiða skrifstofukostnaðinn úr sínum eigin vasa; sú leiðrétting er sjálfsögð, að þeir fái hann endurgoldinn, og hafi okkur skort *kunnugleika til ákvarðana um þetta*, eða við verið of naumir, þá tökum við góðfúslegum bendingum í því efni. — Eins og samgöngum er nú orðið háttað í landinu, er auðvelt að fækka sýslumönnum og sameina ýmsar sýslur. Vera má, að það kunni að valda einhverju tjóni í einstöku héruðum, því að góður sýslumaður getur vitanlega gert nokkurt gagn í sínu héraði, en eigi að síður er ég þeirrar skoðunar, að sýslumannafækkunin valdi ekki verulegu tjóni, og vona ég, að hv. þm. V.-Sk. skoði þessi orð *mín* ekki sem neina áreitni við sig. Ef hann flytur ekki búferlum innan skamms, þá eru nokkrar horfur á, að hann geti áður en langt *um líður orðið yfirvald í þremur fjölmennum* sýslum. Og þó að nokkuð gangi undan af þeim mannaforráðum, sem hann hefir nú, það er Austur-Skaftafellssýsla, þá hygg ég, að hin héruðin — Árnes- og Rangárvallasýslur — jafni fullkomlega þann missi. — Þetta er nú að vísu meira sagt til gamans.

Þá kem ég að prestastéttinni. Eins og kirkjusókn er nú almennt háttað hér á landi, þá held ég, að trúmálunum sé enginn voði búinn, þó að prestum verði fækkað til muna, og af því mundi ríkissjóði sparast fé til muna. Enda er sú ráðstöfun fyrst og fremst gerð af sparnaðarástæðum. Ég ætla svo ekki að fjölyrða um það *meira, og hirði ekki um að tefja tímann á því* að víkja frekar að einstökum till. í nál.

Hv. þm. V.-Sk. drap á það, að við hefðum í launamn. starfað á fullvíðtækum grundvelli. Ég get tæplega viðurkennt það. Ég get ekki betur séð en að það hafi verið nauðsynlegt að afla sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu ýmsra stétta þjóðfélagsins og efnahag þjóðarinnar í heild. Og þó að um þetta kunni að vera skiptar skoðanir, þannig að sumum finnist, að það hefði ef til vill mátt sleppa einhverju af *þeim gögnum*, sem n. hefir safnað, þá hygg ég, að það sé fátt í nál., sem ekki skiptir máli.

Út af því, sem ég hefi áður vikið að íhlutun *þess opinbera eða ríkisvaldsins um launa*greiðslur hjá einkafyrirtækjum, þá skal ég láta þess getið, að ég mun bráðum leggja fram till. um það, og fjölyrði því ekki um þá hlið málsins fyrr en þær koma til umr. Og ég mun flytja þær sem einstaklingur, en ekki í nafni n.

Í þáltill. um skipun launamálan. voru bein fyrirmæli um það, að fundnar yrðu leiðir til þess að hafa áhrif á launagreiðslur hjá einkafyrirtækjum til samræmis við launahæð hjá starfsmönnum ríkisins. En þar greindi nm. á um leiðir, og um það, hvernig á því máli skyldi taka, því að vitanlega er hægt að beita til þess ýmsum aðferðum. Auk þess vannst n. ekki tími *til að taka slíkar launagreiðslur til athugunar* í heild. Þess vegna flyt ég einn frv. um það efni.

Hv. þm. V.-Sk. taldi mikil vandkvæði á því að sameina rekstur allra banka í landinu undir eina stjórn. N. taldi sig ekki hafa nægilegan kunnugleik á því sviði og gerði heldur engar till. um það.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að n. hefði sérstaklega átt að gera till. um að samræma laun hinna nýrri embættis- og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana við laun þeirra eldri, sem ákveðin *eru í launalögum*. Það þykist n. hafa gert. Hv. þm. beindi því jafnframt til mín, að sum af þessum nýju embættum hefðu verið stofnuð að stjórn míns flokks, og þá með miklu hærri launum en áður hefði tíðkazt hér almennt. Það má vel vera, að þetta sé að nokkru leyti rétt, þegar borið er saman við launataxta samkv. launalögunum frá 1919. En ef aftur á móti er litið á aukastörf fjölmargra eldri embættismanna, sem hafa föst laun samkv. launalögunum, og athuguð aukalaun þeirra, eða svokallaðir bitlingar, þá er fjarri því, að laun hinna yngri starfsmanna séu hærri.

Laun ýmsra hinna eldri embættismanna á*samt aukagreiðslum komast fullkomlega eins* hátt og þau laun, sem samið hefir verið um á síðari árum við þá margumtöluðu launamenn í ríkisstofnunum.

Ég segi þetta ekki til þess að andmæla því, að þörf hafi verið á að samræma launagreiðslur ríkisins til eldri og yngri starfsmanna. Heldur vildi ég láta það koma skýrt og greinilega fram, að launagreiðslur til hinna nýrri starfsmanna eru ekki hærri en það, sem margir hinna eldri fá greitt samtals úr ríkissjóði, nema síður sé.

Ég held, að ég láti svo staðar numið. Ég hefi drepið á helztu atriðin, sem fram hafa komið í umr. og mestu máli skipta.

En svo ég víki enn að málinu í heild, þá tek ég það fram, að það er ekki hægt að ræða hvert þessara launalagafrumvarpa út af fyrir sig; þau grípa svo hvert inn í annað. Hjá því geta hv. þdm. ekki komizt; þess vegna er eðlilegt, að nokkuð togni úr umr., sérstaklega um þetta fyrsta aðallaunafrv. En ég vona, að það verði minna rætt um hin frumv., sem fylgja því hér næst á dagskránni, a. m. k. við 1. umr.

Ég endurtek svo fyrri ósk mína um að frv. verði vísað til 2. umr. og nefndar. Mér skilst, að það muni verða samkomulag um að skipa sérstaka n. í málið. Um leið og hún tekur það til meðferðar, vænti ég, að hún taki til óspilltra *mála og afli þeirra gagna og upplýsinga*, sem henni finnst nauðsynlegt. Og ég vil vona, að hvort sem þingið aðhyllist okkar till. eða ekki, þá sýni það málinu alúð og alvöru, því að þess mun full þörf. Ég vona einnig, að við hv. þm. V.-Sk. getum orðið samtaka um að hrinda málinu eitthvað áleiðis. Vera má, að ég hafi lagt fullmikið upp úr andmælum hans gegn frv., og þar sem hann lagði áherzlu á, að því yrði komið sem fyrst í mjúka sæng í n. til svefns — (GSv: Og til þess síðar að rísa úr rekkju.), má vera, að hv. þm. hafi ætlazt til þess, að n. athugaði frv.; ef sú hefir verið meining hans, þá greinir okkur minna á en mér fannst við fyrsta álit.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég hafði orð á því, þegar þetta frv. var síðast rætt hér *í d.*, að mér þætti launamn. hafa komizt helzt til skammt í áttina til þess að lækka heildarútgjöld ríkissjóðs með till. sínum. Hún átti vitanlega að leggja mesta áherzlu á það, samkvæmt fyrir-

mælum og anda þeirrar þáltill., sem lagði grundvöll að skipun n. Tilefni hennar var beinlínis það, að þingmönnum virtist svo, sem gjöldin til rekstrar ríkinu væru hreint og beint að vaxa þjóðinni yfir höfuð. Þetta var aðalástæðan til þess, að lögð var rík áherzla á það, að ekki drægist of lengi að undirbúa málið, svo að því yrði sem fyrst komið fram á Alþingi, að draga úr óþörfum launagreiðslum til starfsmanna ríkisins.

Hitt aðalatriðið var líka mikils um vert, að minnka eða jafna til fulls ósamræmið í launagreiðslum til opinberra starfsmanna, sem virðist hafa farið vaxandi frá ári til árs. Eins og kunnugt er, þá er nú svo komið, að þeir starfsmenn ríkisins, sem taka laun utan launalaga, hafa miklu hærri laun en hinir, sem fá laun sín greidd samkv. launalögum, auk þess sem ýmsir embættismenn fá viðbótargreiðslur fyrir aukastörf, sem í ýmsum tilfellum nema miklu meiru en föstu launin. Þetta var líka komið í svo miklar öfgar, að ekki var hjá því komizt, að gerðar yrðu breyt. á þessu. En aðalástæðan var þó sú, hversu mikið fé fór til þess að launa starfsmönnum ríkisins. Þó virðist mér, eftir því sem þetta mál liggur nú fyrir, að það nemi a. m. k. um 350 þús. kr., sem laun til starfsmanna ríkisins eiga að hækka strax. Öll lækkun bíður seinni tíma, m. ö. o. að mestu leyti þangað til mannaskipti verða í stöðum, en hækkunin aftur á móti, sem nemur þessari upphæð, sem ég nefndi, á þegar að koma í framkvæmd. Það fyrsta, sem við því horfumst í augu við, ef þessar till. verða samþ. í því formi, sem þær eru nú, er það, að launagreiðslur vaxa allverulega frá því, sem nú er. En mér virðist, bæði með tilliti til þess, sem gerzt hefir að undanförnu, og þá ekki síður með tilliti til þess viðhorfs, sem nú er um tekjur þeirra, sem hafa lífsframfærslu sína af atvinnurekstri, að þarna sé mikið ósamræmi í till. n. Mér virðist vera mikið ósamræmi í þeim launagreiðslum, sem n. ætlar starfsmönnum ríkisins, og þeim tekjum, sem þeir, sem að framleiðslunni vinna, bera úr býtum eftir útreikningi n., og eru þær tekjur þó miðaðar við 1932, en allir vita, að síðan hefir komið allmikið verðfall. Ég skal t. d. í þessu sambandi benda á það, að eftir upplýsingum n. um tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, bæði til sjávar og sveita, þá hefir bóndi með 5 manna fjölskyldu haft hér um bil helmingi minni tekjur heldur en maður í launastétt, sem hefir miðlungstekjur. Ég býst við, að n. hafi gengið eins langt og hún gat í því að afla sér upplýsinga um þetta, og eftir því sem mér virðist um tekjur bæði bænda og þeirra manna, sem lifa af framleiðslu við sjóinn, þá hefir n. gert þeim fullkomlega þær tekjur, sem maður getur vænzt. Þá má ennfremur benda á það, að n. kemst að þeirri niðurstöðu um tekjur fullvinnandi karlmanna bæði til sjávar og sveita, sem að framleiðslunni vinna, að þeir hafi árlega 1250—1400 kr., og þeir nokkru meira, sem vinna að fiskveiðum og framleiðslu sjávarafurða, eða um 1600—1800 kr. Þegar maður gerir samanburð á þessu og launagreiðslum starfsmanna ríkisins, til fullvinnandi manna, þá hafa þessir menn, sem að framleiðslunni vinna, ekki nema tæplega ⅓ af þeim launum, sem n. ætlar mönnum, sem eru svona í miðlungslaunaflokki. Þarna virðist mér koma fram svo mikið ósamræmi, að það geti varla staðizt, því þessar rýru tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, eru vitanlega talandi tákn um það ástand, sem framleiðsla landsmanna er í, og þær erfiðu kringumstæður, sem þessir menn eiga við að búa, sem auðvitað bera uppi allan þjóðarbúskapinn. Það leiðir því af sjálfu sér, að það verða að vera einhver takmörk fyrir því, hvað stórt bil getur verið á milli tekna þeirra, sem vinna að framleiðslunni, og þeirra, sem ríkið og aðrir verða að greiða laun og sækja verða peninga í vasa þessara manna, sem að framleiðslunni vinna. En mér virðist, að það bil, sem þarna er á milli, sé óeðlilega mikið. Þá má ennfremur í þessu sambandi athuga þá starfsorku og vinnutíma, sem bændur og þeir, sem að framleiðslunni vinna, verða að leggja af mörkum til þess að ná þessum tekjum. Það er nú svo komið, að þeir, sem að landbúnaði vinna, verða með skyldurliði sínu að vinna þetta frá 12—16 tíma á sólarhring til þess að afla þessara litlu tekna. Svo mikil fólksfæð er orðin í sveitum landsins. Vinnutíminn hjá þeim, sem við sjóinn vinna, er aftur meira upp og niður. En af þeim, sem taka laun hjá ríkinu, er ekki krafizt nema svona 5—6 tíma vinnudags, en eftir till. n. á hann að hækka nokkuð, allt upp í 9 tíma á sólarhring. Þar frá dregst náttúrlega matartími, eins og vitanlega hjá þeim, sem að framleiðslunni vinna. Það er því afarmikill munur á því, hvað þeir menn verða að leggja meira á sig, sem bera svo lítið úr býtum, en þeir, sem vinna hjá ríkinu. Ég veit, að því verður haldið fram í sambandi við þennan samanburð, sem ég hefi gert hér, að það sé eðlilegt, að starfsmenn ríkisins og embættismenn beri svona meiri laun úr býtum heldur en allur almenningur, með tilliti til þess, að þeir hafi orðið að leggja svo mikið í sölurnar með að búa sig undir þetta starf. Þetta er rétt hvað hina raunverulegu embættismenn ríkisins snertir, en þess ber að gæta, að ég hefi hér miðað við miðlungstekjur starfsmanna og embættismanna ríkisins, en yfirleitt eru tekjur embættismanna, sem hér um ræðir, nokkru fyrir ofan miðlungstekjur. En um hina ýmsu starfsmenn ríkisins er það að segja, að þeir hafa ekki þurft að leggja meira í kostnað til undirbúnings starfs síns heldur en allur almenningur. Hvað þessa menn snertir er því ekki hægt að bera það fram, að þessar ástæður raski svo mikið þeim mikla mismun, sem hér kemur fram í þessu efni. — Ennfremur má benda á það, að gert er ráð fyrir, að starfsmenn ríkisins fái — og er það sjálfsagt nauðsynlegt — 2—3 vikna orlof á ári hverju, en almenningur, bændur og búalið, getur ekki séð af miklum tíma til þess að lyfta sér upp. Þetta verður því í þessum samanburði að teljast til nokkurra hlunninda fyrir starfsmenn ríkisins.

Ég sagði áðan, að útreiknaðar tekjur þeirra, sem að framleiðslunni vinna, væru hjá n. byggðar á afkomu ársins 1932. Þá var að vísu nokk-

urt verðfall komið á framleiðsluvörur landsmanna, og sérstaklega afurðir landbúnaðarins. En síðan 1932 hefir óneitanlega hallað mjög undan fæti fyrir landbúnaðinum, og mér skilst, að útlitið í því efni sé svo iskyggilegt nú, að tæplega sé hægt að ganga framhjá því, þegar um er að ræða að ákveða nýja skipun á launagreiðslum til starfsmanna ríkisins, eins og mér virtist fram koma á dögunum hjá hv. 1. þm. Árn., að hann áliti að gera ætti. Ég vil í þessu sambandi benda á, að 1932 voru ekki komnar á neinar takmarkanir fyrir því, hvað við mættum flytja af framleiðsluvörum okkar til þeirra landa, sem við höfum markaði í. En nú er þetta komið svo hvað snertir saltfiskinn. Sá niðurskurður, sem við verðum að gera á útflutningi saltfiskjar til Suðurlanda, nemur nálega helmingi þess magns, sem selt var þangað 1933. Þá voru seldar þangað suður um 70 þús. smál., en niðurskurðurinn nemur um 33 þús. smál. Svo er öllum kunnugt um, að í einu af okkar viðskiptalöndum, Portúgal, vofir yfir niðurskurður saltfisksinnflutnings, sem að vísu er ekki skollinn á enn. Ég ætla, að þetta ástand sé svo alvarlegt og talandi vottur þess, hvernig viðhorfið er fyrir atvinnuvegunum, að ekki sé hægt að ganga framhjá því, þegar ákveða á laun starfsmanna ríkisins, sem taka meira en helminginn af yfirspenntum tekjum ríkissjóðs. Má og benda á það, að síðan 1932 hefir verið lagður á 10% verðtollur á nýjan fisk, sem fluttur er á brezkan markað, og eftir því, sem fregnir hafa borizt um, þá er í uppsiglingu að leggja þar á nýjan toll á innfluttu kjöti. Allt þetta fellur á sömu sveifina, nefnilega þá, að gera okkar aðstöðu ennþá erfiðari. — Ég get ekki komizt að annari niðurstöðu en að hlutfallið milli tekna þeirra, sem vinna að framleiðslunni, og þeirra tekna, sem starfsmönnum ríkisins eru ætlaðar skv. till. n., geti alls ekki staðizt og munurinn sé óeðlilega mikill. Og til þess að jafna þetta er vitanlega engin leið — því við framleiðsluverðið ráðum við ekki — önnur en sú, sem hægt er að ná með nokkurri niðurfærslu á launagreiðslum og með lækkun heildarkostnaðar með því að fækka starfsmönnum ríkisins. En í því efni hefir n. orðið harla lítið ágengt, því hún hefir aðeins lagt til að fækka prestum og sýslumönnum og nokkrum kennurum, sem þó ekki kemur fram í minnkun launagreiðslna ríkissjóðs, því launin eiga að hækka sem fækkuninni nemur.

Þá skal ég benda á það, að n. hefir að vísu gert allmikla gangskör að því að afnema það mikla ósamræmi, sem fram kemur í launagreiðslum, og sérstaklega kemur fram við þær miklu aukatekjur, sem ýmsir af starfsmönnum ríkisins hafa haft. En mér virðist þó, að það sé engan veginn lokað fyrir það skv. þessum till., að starfsmenn ríkisins, sem taka full laun, og ríkið þar af leiðandi á kröfu til allra þeirra starfskrafta, geti ekki allverulega farið inn á þá braut aftur. Ég skal viðurkenna, að það eru settar nokkrar skorður við þessu. Þó er gert ráð fyrir því, að menn geti tekið að sér annað starf og fengið jafnvel hálf laun fyrir. Auk þess er svo gert ráð fyrir því, að eftir hinn ákveðna vinnutíma eigi sumir starfsmenn kröfu á því að að fá eftirvinnukaup fyrir vinnu í þarfir þeirrar stofnunar, sem þeir eru við, en samt eru settar nokkrar skorður við þessu. Það er þó athugunarmál, hvort þær skorður eru nógu sterkar til þess að þetta geti ekki leitt til þess ófarnaðar, sem nú er ríkjandi í þessum efnum.

Hv. 1. þm. Árn. sagði hér á dögunum, að það hefði ekki verið hægt hjá því að komast að hækka nokkuð laun sumra launaflokkanna. Ég vil draga þetta mjög í efa, þegar maður hinsvegar lítur til þeirra tekna, sem þeir verða við að búa, sem að framleiðslunni vinna. Hv. þm. var að tala um það, að ósamræmið yrði að lækna með því að létta undir með framleiðslunni. Við getum náttúrlega talað um það að létta undir með framleiðslunni, en ég veit ekki, hvernig það á að gerast. Ég sé ekki, hvaða ráð eru við hinum takmarkaða innflutningi til markaðslandanna. Og ef framleiðslan ber sig ekki, þá er ekki gott um ráð við því, þar sem við eigum svo mikið undir öðrum með okkar framleiðsluvörur. Það er takmarkað, hvað hægt er að gera til umbóta í þessum efnum. Svo það er ekki hægt að varpa miklu af áhyggjunum út af þessu ósamræmi yfir á það, að hægt sé að minnka ósamræmið með því að létta undir með framleiðslunni.

Út af því, sem ég sagði síðast um það, að mér þætti skorta á í starfi n., að hún hefði komið með till. um breytt starfsmannahald á þeim stöðum, þar sem það er mest, þá vildi hv. 1. þm. Árn. halda því fram, að það væri fyrst og fremst fyrir tímaskorts sakir, og auk þess mundi verða erfitt að fækka þessum starfsmönnum. Ég skal náttúrlega ekkert um það segja, en mér virðist þó, að hér sé um mikilsvert atriði að ræða í endurskoðun löggjafarinnar, hvort ekki sé þá hægt með breyttu skipulagi á rekstri þessara stofnana að fækka eitthvað starfsmannaliðinu. Í raun og veru skortir mikið á um undirbúning þessa máls meðan gengið er alveg framhjá því að reyna að komast fyrir um það, hvort ekki sé hægt að breyta hér um, því eins og þeir menn vita, sem fylgjast með því, hvað mikið fé gengur til launagreiðslna, þá er það stærsti hluti þess fjár, sem gengur til þess að greiða starfsmönnum ríkisins hér í Rvík, sem í sjálfu sér er kannske ekki neitt óeðlilegt. En meðan gengið er framhjá því að fá grundvöll undir till. um breyt. á þessu, þá skortir mikið á um það, að tímabært sé að gera út um þetta mál, því þar er gengið framhjá mikilsverðu atriði, sem ég held, að feli í sér mikla möguleika til þess að fá nokkurn sparnað. Hv. 1. þm. Árn. gat þess að vísu, að lenging vinnutímans og strangara eftirlit skv. till. n. ættu að fela í sér einhverja möguleika fyrir þessu, en ég held, að í því efni hefði hann átt að smíða járnið meðan það var heitt og reyna að koma strax á nokkurri starfsmannafækkun hér í Reykjavík.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. Það er liðið að þeim tíma, sem á að slíta fundi. En ég vildi ekki láta þessa umr. fara svo framhjá, að ekki væri bent á það bersýnilega ósamræmi, sem hér kemur fram í þessu efni, og að

það sé ekki til grundvöllur undir það að ákveða svona háar launagreiðslur eins og gert er í þessum till. n.

Ég vil svo, þó á skorti tilfinnanlega um undirbúning þessa máls, þar sem litilfjörleg rannsókn hefir farið fram á því, hvort ekki mætti gera starfrækslu stofnana ríkisins hér í Rvík auðveldari og ódýrari heldur en nú er, leggja áherzlu á, að málinu sé nú tekið eins og vera ber og notuð sú vinna, sem liggur í till. n., en þær þó vitanlega færðar í það horf, sem ástand undanfarandi ára og yfirstandandi árs sérstaklega gefur fyllilega tilefni til. Ég vænti fastlega, að það þing, sem nú situr, láti þetta verða eitt af sínum höfuðmálum, því það er öllum ljóst, að launamálið er eitt stærsta úrlausnarefnið, sem snertir ríkissjóð og allan almenning í landinu, svo mikið sem nú orðið fer af tekjum ríkissjóðs til þess að greiða starfslaun.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Það er engum vafa bundið, að menn höfðu lengi beðið þess með nokkurri óþreyju, að tekið yrði til athugunar að nýju allt launamálakerfi ríkisins. Það hafa efalaust margir vonazt eftir, að n. sú, sem í þetta mál var skipuð, mundi skila ýtarlegu og merkilegu áliti um það. Það liggur í hlutarins eðli, að ég fer ekki að fara ýtarlega út í sjálft frv. eða gera það verulega að umtalsefni nú. Þó verð ég að segja það strax, og ég veit, að n., sem um þetta hefir fjallað, tekur það ekki illa upp, að ég þykist sjá fjöldamörg ákvæði í frv., sem mjög mun verða deilt um og menn geta varla orðið sammála um að svo stöddu. En ég verð að játa, að það er mér gleðiefni, að þetta nál. er fram komið og málið þar með komið inn í þingið, og að vilji virðist vera fyrir hendi til þess að leysa það.

Um leið og farið er að gagnrýna þetta frv. finnst mér rétt að gera sjálfum sér og öðrum það ljóst, að það er ekkert áhlaupaverk að vinna það starf, sem n. hefir verið ætlað. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að n. hefir ótrauð lagt út í þetta erfiða starf og dregið saman mikinn fróðleik, sem vafalaust kemur að miklum notum, hver svo sem verður hin endanlega lausn þessa máls. Um einstök atriði verða vitanlega alltaf skiptar skoðanir. En það er aðeins eitt atriði í frv., sem ég ætla að gera að umræðuefni nú, og það er sá hlutinn, sem fjallar um kennarana, og þá einkum barnakennarana. Ég verð að líta svo á, að það sé mjög óvarlegt að ganga frá ákvæðum um laun kennara og skipun á starfi þeirra fyrr en annað mál, sem einnig liggur fyrir þessu þingi, hefir hlotið sína endanlegu meðferð, en það er fræðslulagafrv. Ég verð að telja, að sá grundvöllur undir skiptingu kennslufjárins, sem launamn. gerir till. um, sé mjög varhugaverður vegna þess, að þar er verið að ýta undir að hamla þeirri þróun, sem við teljum æskilega í þessum málum, nfl. að kennslan færist meira og meira í það horf að vera rekin í föstum heimavistarskólum, sem taka yfir tiltölulega stór svæði. Sömuleiðis verð ég að telja það vafamál, hvort nokkur vegur verður til þess að sinni að koma því svo fyrir, að hver kennari kenni jafnmörgum börnum, eins og launamn. gerir ráð fyrir. Ég held, eftir því sem er hér í Rvík og víða annarsstaðar, að það verði að koma miklar breyt. á skipulag skólanna allt til þess að kennurum sé unnt að inna af hendi það starf og kenna svo mörgum börnum, sem launamn. gerir að skilyrði fyrir því, að þeir geti orðið aðnjótandi þeirra kjarabóta, sem frv. að sumu leyti gerir ráð fyrir. Þetta kemur nú til athugunar í þeirri n., sem fær málið til athugunar hér í þinginu. En mér er þegar um það kunnugt, eftir að hafa talað við stjórn kennarasambandsins og marga starfandi kennara, að þeim stendur æðimikill stuggur af ýmsum ákvæðum frv., og telja þeir, að sú umbót á þeirra kjörum, sem þeir hafa vænzt eftir og allir sanngjarnir menn játa, að þörf er á að veita þessari mjög svo láglaunuðu starfsmannastétt landsins, hún sé þar svo miklum annmörkum og takmörkunum bundin, að þeir telja sig litlu bættari, þó samþ. yrði. Ég þykist vita, að það hafi verið viðleitni n. til þess að finna sparnað, jafnframt því sem hún gerir ráð fyrir hækkuðum launum til einstakra láglaunastétta, sem hefir valdið því, að inn á þessa braut var farið.

Þá vil ég ennfremur láta í ljós, að það kemur í einstaka stað undarlega fyrir, hvernig er í nál. gerð grein fyrir starfsmönnum þeim, sem starfa við ýmsar stofnanir, og hver séu laun þeirra. Þar gætir nokkurrar ónákvæmni. Sumstaðar er það svo, að n. nefnir ekki starfsmennina þeim nöfnum, sem þeir eru kallaðir í stofnununum, og getur það valdið misskilningi. T. d. er talað um mann við ríkisútvarpið, sem nefndur er fréttastjóri og á að hafa 6 þús. kr. laun. Þessi maður hefir aldrei verið við þessa stofnun né haft þar nein laun, og enginn sem svarar til þessa. Ég veit ekki, hvernig þessi misskilningur er upp kominn. Ég hefi hér í fórum mínum bréf frá skrifstofunni, þar sem hún neitar að hafa nokkurntíma haft slíkan mann innan sinna vébanda.

Annars eru hér mörg ákvæði, sem ég við fljótlegan yfirlestur á frv. á erfitt með að gera mér í hugarlund, að séu til mikilla bóta frá því, sem er, og tek ég óhikað á mig allar grunsemdir um ihaldssemi í sambandi við þær skoðanir mínar. T. d. er allur bálkurinn um starfsmannadóm þannig, að hann felur í sér að mínu viti talsverða hættu, en kostina fæ ég ekki séð, eins og hlutverk dómsins er skilgreint í frv. Það eru yfirmenn einstakra stjórnardeilda, sem þarna eiga að vera mestu ráðandi, en ef starfsmannadómur á að koma til sögunnar, þá finnst mér, að íhlutun starfsmannanna sjálfra um starf hans og skipun verði að vera miklu meiri.

Það var raunar í beinu tilefni af því, sem hér hafði verið talað, að ég bað um orðið. En það er nú orðið svo langt síðan málið var á dagskrá, að ástæðurnar, sem þá voru fyrir hendi, eru fyrndar og að nokkru leyti úr minni liðnar, svo að ég get vel látið hér staðar numið á þessu stigi málsins.

Jón Pálmason: Þetta stórmál, sem hér liggur fyrir, er eitt af þeim málum, sem sýnir betur en allt annað, hvernig svipur hefir verið á starfsemi þessa þings. Sú hugsun var ofarlega a. m. k. í mínum huga, þegar ég kom til þings, að þetta hlyti að verða eitt af aðalverkefnunum, sem þyrfti að leysa á þessu yfirstandandi þingi. Það var búið í byrjun þings að útvarpa meira og minna af till. launamn., en þó var þetta mál fyrst tekið á dagskrá 11. marz, eftir að þingið hafði staðið allt að því mánuð. Byrjað er á þessari 1. umr. 12. marz og síðan ekki meira aðgert um stund. 19. marz er tekið til við umr. aftur og málinu síðan frestað þangað til nú, þegar kominn er 1. apríl, að það er sennilega ætlun ráðamanna þingsins að klára umr. og e. t. v. koma málinu til n. Ég verð að segja, að þetta áframhald virðist mér benda í þá átt, að það hafi fyrst og fremst aldrei verið ætlunin að gera neitt í málinu á þessum hluta þingsins, og jafnvel fyrirhugað að nota þessi vinnubrögð til þess að fá einhverja afsökun fyrir því að láta það daga uppi á seinni hluta þingsins. Þetta verð ég að átelja, því ég tel, að það liggi meira á afgreiðslu þessa máls heldur en flestra annara, vegna þess að í sambandi við það væri hægt að færa niður greiðslur, sem á ríkinu hvíla.

Ég hafði við fyrri hluta þessarar umr. skrifað niður hjá mér nokkur atriði úr ræðum þeirra hv. þm., sem þá töluðu. Þetta er nú orðið nokkuð gamalt, en þó held ég, að ég verði að fara um það nokkrum orðum.

Það er þá fyrst að minnast á nokkur atriði, sem ég skrifaði niður úr ræðu flokksbróður míns, hv. þm. V.-Sk. Hann talaði um, að það hefði í raun og veru enginn tekið skipun launamn. alvarlega eða búizt við, að nokkuð kæmi út af starfi hennar. Mér finnst, af því að ég var á sínum tíma flm. þeirrar till., sem n. á rót sína að rekja til, að ég verði að svara þessu. Og ég svara því þannig, að það er á ákaflega miklum misskilningi byggt, ef þessi hv. þm. eða aðrir halda, að ekki hafi legið fyllsta alvara á bak við flutning þeirrar till. Þetta hlýtur því að vera sprottið af einhverjum misskilningi hjá hv. þm., a. m. k. eftir því sem mér er bezt kunnugt innan okkar eigin flokks. Hann tók fram, eins og ég hefi nú vikið að, að auðsjáanlega ætlaði ríkisstj. ekki að gera alvarlega gangskör að því að fá þetta mál afgr., og sennilega mundi ekki verða nein afgreiðsla á því undir öðrum kringumstæðum. Út í það þarf ég ekki að fara frekar en ég hefi þegar gert; við erum sammála um, að það, sem fram er komið, bendir á, að svona sé þessu varið.

Þá var þessi sami hv. þm. að tala um, að það hefði verið á mér að skilja, að þetta mál ætti að leysa á þann einn veg, að öll laun skyldu niður. Til þess gaf ég ekkert tilefni í minni fyrstu ræðu, því það er nokkuð annað að halda því fram, eins og ég gerði og geri enn, að ég tel ekki geta komið til mála að hækka laun yfirleitt, eins og nú er ástatt, heldur verði að lækka laun þeirra starfsmanna ríkisins, sem eru nokkuð margir, er hafa óeðlilega há laun samanborið við aðrar starfsmannastéttir, sem taka laun samkv. launalögunum frá 1919. Það er kunnugt, að síðan hafa laun nýrra starfsmanna verið ákveðin til mikilla muna hærri, og það eru þau laun, sem ég álít, að eigi að færa niður. Þar með er ekki sagt, að ekki geti komið til mála, að hinir og aðrir starfsmannaflokkar hafi svipuð laun og þeir hafa áður haft.

Hv. þm. vildi eigna mér þá skoðun, sem viðar bólaði raunar á, að í okkar þjóðfélagi væru embættismennirnir í raun og veru hálfgerðar blóðsugur. Ég þykist ekki hafa gefið tilefni til, að slíku sé til mín beint. En sannleikurinn er sá, að frá mínu sjónarmiði hefir reynsla undanfarandi ára bent í þá átt, að aðrir aðilar, vissar stofnanir í þjóðfélaginu, gætu talizt starfsemi sinnar vegna blóðsugur þjóðarinnar. Þessar stofnanir eru hæstv. ríkisstj. og Alþingi. Ekki fyrir það, að þessar stofnanir séu ekki sjálfsagðar, og ekki fyrir það, að þær greiðslur, sem beinlínis fara til að halda þessum stofnunum uppi, séu sérstaklega athugaverðar. Heldur vegna þess, að valdi þeirra hefir verið þannig beitt á undanförnum árum, að sogið hefir merg og blóð úr atvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta kemur m. a. fram í sambandi við það mál, sem nú liggur fyrir. Eftir upplýsingum hv. flm. nema launagreiðslur úr ríkissjóði nú orðið um 7 millj. kr. á ári. Þar með er þó ekki allt talið. Þarna fyrir utan er allt styrktarfé, eftirlaun og fleira þesskonar, sem samkv. fjárlagafrv., sem fyrir liggur, nemur 1½ millj. kr., og þar að auki greiðslur til þm. og nefnda og ýmsra þeirra aðilja, sem í raun og veru taka laun úr ríkissjóði. M. ö. o., allt þetta samanlagt er líklega komið hátt á 9. millj., í staðinn fyrir, að fyrir um 20 árum síðan voru öll útgjöld ríkisins ekki nema um 2 millj. kr. Það mætti hverjum manni vera ljóst, að ekki er auðvelt að færa niður svo verulega um muni greiðslur ríkissjóðs án þess að gera gerbreytingu á þessum hluta útgjaldanna. En út í það ætla ég ekki að fara nánar í þessu sambandi.

Hv. flm. hélt hér langa ræðu í seinna skiptið, sem málið var til umr., og hafði ýmislegt við það að athuga, sem við höfðum fram fært, er talað höfðum. Hann fór einnig inn á þá braut, að ég virtist vilja ganga allt of langt í því að færa niður laun þeirra manna, sem hér er um að ræða og einkum eru þeir, er taka laun utan launalaganna. Í því sambandi komst hann þannig að orði, að það gæti varla verið alvara að vilja færa niður laun allra þessara manna, þegar tekið væri tillit til þess, hvað dýrt væri orðið að lifa hér. En ég held, að þrátt fyrir þau atriði, sem hann vék að í þessu sambandi, þá sé svo komið hag okkar atvinnuvega, að það sé naumast um annað að ræða heldur en að gera hér breyt. á, sem sérstaklega miðar í þá átt að spara á þessum umræddu greiðslum.

Það er náttúrlega óviðfelldið, að hv. flm. skuli fara hér af fundi, einmitt þegar maður þarf að svara hans ræðu. En í sjálfu sér gerir það ekki til að því leyti, að ég ber enga ábyrgð á því, þó menn séu ekki við þær umr., sem þeir þurfa fyrst og fremst að taka þátt í og fjalla um.

Hv. flm. komst svo að orði í þessu sambandi,

að það, sem mestu skipti, væri ekki það, að færa niður laun umfram það, sem n. gerði till. um, heldur hitt, að bæta aðstöðu framleiðslustéttanna í landinu, þannig að þeirra hagur yrði jafn hinna þrátt fyrir það, þó kjör þeirra væru bætt eins og nú eru gerðar till. um. Það er nú svo, að á þessu yfirstandandi þingi, og raunar áður, höfum við séð þess nokkur merki, hvernig farið er að því að bæta hag sumra framleiðslustéttanna í landinu. Það lætur náttúrlega mjög vel í eyrum, að það verði að fara þá leið til þess að jafna hlutfallið, að bæta kjör þeirra, sem verr eru settir, en ég held, að það verði ákaflega illa framkvæmanlegt eins og nú er högum háttað í okkar þjóðfélagi. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, hvað skeð hefir á þessu þingi og hinu síðasta snertandi hag framleiðendanna í landinu. En það má geta þess, að þrátt fyrir það, sem gert hefir verið fyrir þá stétt, sem ég tilheyri, bændurna, þrátt fyrir kreppulánin, jarðræktarstyrkinn og annað, sem gert hefir verið fyrir þá stétt af ríkisvaldsins hálfu, þá held ég, að reynslan sýni, að þetta komi allt að ótrúlega litlu haldi, ef stjórnarfarið í fjármálum landsins, bæði hvað snertir launamál og annað, verður áfram eins og það hefir verið á undanförnum árum. Hvað sjávarútveginn snertir, þá hefir komið í ljós á þessu þingi og því síðasta, að Alþingi og ríkisstj. hefir ekki talið fært að létta af útgerðinni því skattgjaldi, sem eins og nú standa sakir má teljast skrælingjamark á hinni íslenzku skattalöggjöf, nefnilega útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum. Eins og nú er komið kemur það þannig fram, að skatturinn er eftir því hærri sem tapið er meira. Þetta sýnir hvorttveggja, að sú skoðun hv. flm., að jafna eigi hlutfallið milli kjara framleiðenda og launamanna í landinu með því að bæta hag framleiðendanna, er ekki vel framkvæmanleg, og að hann og hans samstarfsmenn hér á þingi vinna ekki alltaf að því eins og vera ber að koma því hlutfalli í betra horf. Því held ég, að það sé fullkomin skylda þingsins að leysa þetta mál sem fljótast og taka það þeim tökum, sem vera ber, sérstaklega með því að fækka þeim starfsmönnum, sem hið opinbera þarf að launa. Það, sem mér þess vegna virðist einna athugaverðast hjá launamn., er það, að hún hefir, eins og hv. flm. líka vék að, vanrækt að gera ýtarlega tilraun til samfærslu launastarfa og fækkunar starfsmanna, sérstaklega við stofnanir ríkisins hér í Rvík. Því trúir t. d. enginn, sem um það hugsar án þess að vera fyrirfram sannfærður, að hér sé nauðsynlegt að hafa 13 banka, með öllum útibúum, og 19 bankastjóra. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum, sem vert væri að fara út í, en launamn. virðist hafa vanrækt að taka til athugunar.

Ég skal ekki fara mikið inn á það svið, sem allverulegur ágreiningur hlýtur að verða um, hvort það sé fært að fækka sýslumönnum og prestum. Mér virðist t. d., að sýslumennirnir vera á meðal þeirra starfsmanna, sem ekki hafa hvað minnst að gera, og af því hljóti aðrir að verða að taka við störfum þeirra að meira eða minna leyti, ef þeim væri fækkað, og yrði þá sparnaðurinn vafasamur. Prestafækkunin er gamalt deilumál, sem ég skal ekki fara mikið út í nú, en ég vék að því í fyrstu ræðu minni, að sparnaðurinn, sem af henni mundi leiða, kemur ekki fyrr en eftir langan tíma samkv. till. n.

Ég held, að það sé vafasöm sú skoðun hjá hv. flm., að það sé ófær leið, sem hefir verið stungið upp á af minni hl. launamn., að miða mismuninn á launakjörunum við verð á innlendum afurðum og árferði. Hv. flm. sagði, að það myndu verða mörg ljón á þeim vegi, en hann vanrækti að sýna trýnið á nokkru ljóninu. En á meðan það er ekki gert, þá er örðugt að svara þeim atriðum, sem menn kynnu að vilja koma með til andmæla gegn þeirri leið, sem minni hl. launamn. leggur til, að farin verði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vil ítreka það, að menn athugi, hvernig hefir verið farið með þetta stórmál á þessu þingi. Það hefir sýnt sig, að það virðist ekki vera nokkur alvara eða vilji hjá ríkisstj. eða þingmeirihl. til þess að þoka þessu stórmáli áleiðis. Það hefir sýnt sig, að það liggur ekki mikil alvara á bak við þetta hjal þeirra um að spara með því að minnka launagreiðslur hins opinbera og fá þannig fé til þess að vinna verk, sem óhjákvæmilegt er, að unnin séu, svo sem leggja fé í að gera við mannvirki, sem liggja undir skemmdum, svo að þau eyðilegðust ekki, og bæta ástandið fyrir framleiðslunni, sem flestir vita, að í mörgum greinum er rekin með halla.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég er sátt að segja búinn að gleyma og týna því, sem ég hefði viljað segja um þetta mál, á þessari viku, sem málið hefir legið og sofið undir sömu umr. Í öðru lagi er það ekki mikils um vert að flytja langt mál, þegar svo stendur á, að flm. frv. og sá, sem fyrst talaði og skýrði álit mþn., getur ekki verið viðstaddur í d. Mér er það alveg óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. forseti fer úr forsetastóli til þess að hverfa úr d., þar sem hann hefði getað setið þar óáreittur, því það stóð ekki til að ganga í skrokk á honum, og það fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að flest af því, sem hann sagði, er fyrnt.

Ég hafði ætlað mér að tala um málið í heild. En ég skal geta þess, að hv. flm. skipti ræðu sinni í 2 parta, og talaði hann í fyrri hlutanum um það, sem hefir verið svarað bæði af mér og öðrum, en í seinni hlutanum tók hann aftur ýmislegt af því, sem hann hafði sagt í fyrri hluta ræðu sinnar, en færði sumt til betra máls, svo að broddurinn fór af því, sem hann hafði sagt. Hann taldi það vera sinn eiginn misskilning að taka orðin svo sem hann gerði, og verður þá að hlíta því.

Ég ætla ekki að ræða málið frekar en ég er búinn. Ég býst við, að það verði lagt til, að málið fari til n., hvort sem það nú verður sérstök n. eða allshn., sem það í rauninni heyrir undir. Svo býst ég við, að það liggi hjá n. þann tíma, sem líður frá því að þm. fara heim og þangað til þeir koma aftur. Ég taldi rétt og ég tel enn rétt, að n. afgreiði ekki málið fyrr en hún hefir leitað umsagnar hlutaðeigandi stofnana og aðilja um þetta mál. Það er ekki kleift

að afgr. málið skammlaust, nema þeir aðilar, sem málið snertir sérstaklega, séu fengnir til þess að segja álit sitt. Þegar um er að ræða mál, sem fjallar um heilar stéttir, þá er sjálfsagt að leita til stofnana og yfirmanna hjá þeim stéttum, og skal ég nefna sem dæmi, að þegar rætt er um að fækka sýslumönnum, þá er það gefið, að sýslunefndirnar verða að fá að segja álit sitt um það, en þær eru tilkjörnir aðilar til þess að koma fram fyrir hönd sýslunnar og segja álit sitt um það, hvort tiltækilegt er að fækka sýslumönnunum, en í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Hitt er vitað, að aðilar í öllum sýslum hafa neitað því, að prestum væri fækkað. Einnig er það vitað, að ef sýslumönnum verður fækkað, þá leiðir ekki af því sparnað, heldur kostnaðarauka. Ég skal ekki fara nánar út í þetta, fyrst hv. flm. vill ekki hlusta á umr. um málið.

Um nál. mþn. má segja, að þar er töluverður fróðleikur samandreginn, en þó eru á því svo miklir gallar, að það stappar nærri því að vera vítavert af mþn. að koma með svo vitlaust nál.

Ég hafði ætlað mér að hafa eina og sömu ræðu um öll þessi mál, og mun ég því ekki taka til máls um hin einstöku mál, sem eru fylgifiskar þess máls, sem hér liggur fyrir, heldur mun ég láta nægja það, sem ég hefi þegar sagt, og ef til vill bæta við það einstökum atriðum.

Það er misskilningur hjá hv. flm., að ég hafi hneykslazt á því, að það hefði enginn lögfræðingur verið skipaður í n., af því að ég teldi þá færasta til þess að leysa hina formlegu hnúta og semja frv. eða till. í lagaformi. Ég tók það skýrt fram, að ef alvara hefði fylgt þessu máli, þá hefði það verið eðlilegt, ef nokkur lögfræðingur hefði fengizt til þess að starfa í n. og hann verið opinberlega skipaður, að þá hefði það verið eingöngu vegna þess, að slíkur maður hlýtur, af því að starfssvið hans er þannig lagað, að kunna betri skil á sliku en leikmenn, sem hóað er saman úr ýmsum áttum. Hv. flm. sagði, að lögfræðingar myndu ekki hafa getað leyst þetta starf af hendi, því þeir væru þekktir að því að rífast. En ef það hefði aðeins verið einn lögfræðingur í n., þá hefði hann ekki rifizt, nema þá við sjálfan sig. Ég hefði talið æskilegt, að lögfræðimenntaður maður hefði verið í n., sem átti að koma með rökstuddar till. um svona mikilsvarðandi mál.

Ég skal að lokum nefna dæmi um, hversu gengið er frá efninu í nál. mþn. Ég tók áðan dæmi um fækkun sýslumanna og presta. Í grg. frv. um fækkun lögsagnarumdæma segir: „Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þess að laga gamalt fyrirkomulag, sem krefst breytingar, bæði vegna þess, hve kostnaðarsamt það er, og hinsvegar skortir allt samræmi innbyrðis“. Nú er þessu svo varið, að þetta er gripið úr lausu lofti og er alveg órökstutt. Það hefir enginn fært rök að því, að breyt. þessar verði til að laga fyrirkomulagið, enda verða þær að minum dómi ekki til þess að laga það, heldur til þess að aflaga það. Það er síður en svo, að það séu nokkur rök fyrir því, að það þurfi að laga fyrirkomulag, að það sé gamalt. Það er einmitt aldurinn, sem getur sýnt, að fyrirkomulagið er gott, því hann sýnir, að það hefir staðið af sér allar hrotur, og er því betra en fyrirkomulag, sem flaustrað er upp. Þetta fyrirkomulag hefir staðið undir þeim skyldum og réttindum, sem því hafa verið ánafnaðar með lögum, og verða þau verk, sem þar undir heyra, ekki betur framin með öðrum hætti. Einn kosturinn við fyrirkomulagið er einmitt sá, hversu gamalt og vel reynt það er. Það er síður en svo, að rétt sé að segja, að þessir menn hafi verið kvaddir til þess að laga þetta gamla fyrirkomulag. Nei, að segja slíkt er að taka munninn of fullan. Það er beinlínis hneykslanlegt, að menn, sem enga hugmynd hafa um störf þau, sem hvíla á þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, skuli byrja grg. sína fyrir breyt. þeim, sem þeir vilja koma á, svona reigingslega.

Nú hefir um 20 ára skeið verið svo að segja á hverju þingi dembt á sýslumennina meira og minna af nýjum störfum, sem ekkert tillit er tekið til í þessu frv., hvernig fara eigi með. Það er ekki minnzt á, að þeir eru forstjórar sýslufélaganna, og ekkert talað um, hverjir það eigi að vera. Það er ekki heldur getið um, að þeir eru lögskipaðir formenn yfirskattanefnda. Nú koma skattanefndirnar samkv. nýjum l. til þess að verða fjölmargar, en í þessu frv. er ekkert tillit tekið til þessa.

Yfirleitt er þetta frv. mjög lélegt, enda samið af leikmönnum, sem hafa farið á mis við það að kafa til botns í störfum þeirra manna, sem frv. ræðir um, og einnig vanrækt að leita sér upplýsinga hjá þeim mönnum eða stofnunum, sem bezt mega um það vita, hvernig þessum störfum er haganlegast háttað. Ég læt nægja að taka þetta sem dæmi um sýslumennina.

Um prestana hefi ég áður getið þess, að talað er um, að þeim eigi að fækka. Þar er ekkert tillit tekið til þess, hvort söfnuðir vilji, að þeim sé fækkað eða ekki. Nú er það vitað, að allur þorri safnaða hefir sagt, að ekki geti komið til mála, að þeim megi fækka. En samt segja þessir menn, með leyfi hæstv. forseta: „Annars mun fáum heilskyggnum og skynsömum mönnum, sem hugsa um hag kirkjunnar með alvöru, dyljast svo augljóst mál sem það er, að prestaköllum á að fækka.“

Hér er ekki verið að biðjast afsökunar á neinu, ekki heldur á fáfræðinni. En við þetta bæta þeir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til eru að vísu þeir menn, sem telja fækkun prestakalla fjörráð og fjandskap við kirkjuna. En slíkir menn eru vonandi fáir, því að þeir eru óvitrir.“

Það þarf ekki að færa frekari rök að því, hvernig starfssvið það er, sem n. hefir haslað sér, eða aðferðir þær, sem fram er haldið í þessari lélegu grg. fyrir þessu frv., sem n. hefir ætlað sér að koma í gegn, þó að hún hafi ekki fengið hæstv. stj. til þess að leggja lag sitt við það.

Að lokum skal ég geta um eitt dæmi, sem sýnir, hversu grandvarlega n. hefir aflað sér upplýsinga. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Og eðlilega verður líka mörgum minni þörf að fara til kirkju sinnar og hlýða þar á messugerð nú, þegar menn geta hlýtt á messur frá

höfuðstaðnum heima hjá sér tvisvar hvern sunnudag.“

Nú hafa menn verið að brjóta heilann um það, hvernig stæði á því, að þetta gæti komið á prenti, því þó að hægt væri að gera ráð fyrir því, að menn hugsuðu þetta, þá er það óskiljanlegt, hvernig menn geta komið með slíka hringavitleysu á prenti. Það hefir sem sé aldrei verið, nema á hinum þremur stórhátíðum, að hægt hefir verið að hlusta á messur tvisvar á dag í útvarp. N. hefir auðsjáanlega ekki hirt um að leita sér upplýsinga um þetta, en í sinni miklu fáfræði komizt að því, að 2 kirkjur væru í R-vík, og heyrt að útvarpað væri bæði frá dómkirkjunni og frikirkjunni, og leitt af þeirri vitneskju þá afleiðingu, að útvarpað væri 2 messum hvern sunnudag. Þetta er mþn., sem skipuð er á því herrans ári 1934, og hefir hún lokið störfum sínum svona vel.

Þetta er síðasta dæmið, sem ég tek, og hirði ég ekki að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Samþ. var með 17 shlj. atkv. að kjósa sérstaka 5 manna nefnd til að fjalla um málið.

NEFNDARKOSNING.

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var tekin til meðferðar

kosning launamálanefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 2 listar. Á A-lista voru JörB, SE, PZ, en á B-lista JónP, GÍ. Þar sem jafnmörg nöfn voru samtals á listunum og menn skyldi kjósa í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Pálmason,
Sigurður Einarsson,
Guðbrandur Ísberg,
Páll Zóphóníasson.

Á 105. fundi í Nd., 21. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 937, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Skrifstofufé sýslumanna.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna (þmfrv., A. 81).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til launamn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Fræðsla barna.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna (þmfrv., A. 82).

Á 26., 31. og 32. fundi í Nd., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til launamn. með 17 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 802, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Landsbanki Íslands.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 83).

Á 25., 26., 31. og 32. fundi í Nd., 11., 12., 18. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til launamn. með 18 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt nál. frá launamn., á þskj. 803, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Gengisskráning og gjaldeyrisverzlun.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun, og breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 85).

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að þetta frv., ef að l. yrði, myndi verða áhrifaríkast þeirra mála, sem fyrir þessu þingi liggja, um fjárhagslega viðreisn tveggja höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, og þá um leið fyrir þjóðarheildina. Þetta er yfirgripsmikið og stórkostlegt mál, og ég geri því ráð fyrir, að hv. þdm. séu ekki búnir að kynna sér það til hlítar, og ég tel því heppilegra, að aðalumr. fari fram um málið eftir að n. hefir fjallað um það. Ég mun því reyna að takmarka ræðu mína sem mest.

Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á gang gengismálsins á undanförnum árum. Það mun hafa verið 1922, að farið var að skrá íslenzku krónuna sérstaklega, og þegar ég tala um verðgildi hennar í ræðu minni, þá á ég við verðgildi hennar gagnvart enska pundinu. Ísl. kr. var skráð í ársbyrjun 1922 þannig, að pundið var 27 kr. ísl. Verðgildi hennar fer svo hækkandi fram í september það ár, en þá fellur ísl. kr. og kemst niður í 26 kr., en svo hækkar kr. aftur og er í árslok komin upp í 28,50 kr., að ég held. Eftir áramótin hækkaði pundið upp í 30 kr. og síðan varð það fyrir smábreyt., en í febrúar fellur krónan og pundið verður 32 krónur. Síðan hækkar krónan og heldur áfram að hækka þangað til í október 1925, að pundið er skráð 22,15 kr., og hefir ísl. krónan haldizt þannig gagnvart enska pundinu síðan.

Um skráningu krónunnar 1922 er það að segja, að þá var verzlun með gjaldeyri frjáls, og þó að það væri Landsbankinn, sem réði skráningunni og vildi reyna að halda krónunni uppi, þá tókst það ekki, vegna þess að verzlunin utan bankans felldi krónuna. Og seinni hluta ársins var svo komið, að bankinn var hættur að geta yfirfært, og það var sjáanlegt, að öll yfirfærslan var raunverulega að renna úr höndum bankans. Þeir, sem fengu gjaldeyrinn, fóru með hann þangað, sem þeir fengu hærra borgað fyrir hann. Það kom þá fyrir, að póstsjóður fengi peninga á þennan hátt. Þeir, sem fengu pundið í Landsbankanum fyrir 26 kr., gátu selt póstsjóði það fyrir 28,50 kr. Bankinn sá sér þá ekki annað fært en lækka krónuna og hækka pundið, og var þá pundið reiknað á 30 kr. Þessi mikla verðhækkun á pundinu stafaði af því, að þeir menn, sem áttu gjaldeyrinn, verzluðu með hann í frjálsri verzlun og notuðu sér kaupþörfina, og gátu þannig fengið fyrir hann 15%—20% meira en Landsbankinn vildi gefa. Þetta mikla verðfall á krónunni varð þess valdandi, að á þinginu 1923 var borin fram þáltill. um að reyna að vinna að því, að krónan fengi sitt upprunalega gildi. Þessi þáltill. var flutt af þeim mönnum, og studd af þeirri stétt manna, sem sáu sér hag í því að hafa krónuna í sem hæstu gildi, án tillits til þess, hvort þeir, sem „valutunnar" öfluðu, sæju sér það fært eða ekki. Þessi þáltill. náði ekki samþykki þingsins. En síðan 1923 og allt til 1931 hefir þessi till. verið til meðferðar á hverju þingi, en verið flutt á mismunandi grundvelli, og mismunandi skoðanir, sem á bak við hafa verið. En ég hygg, að rauði þráðurinn í öllu því, sem rætt var og gert, hafi verið það, að talið var sjálfsagt, að krónan fengi varanlegt gildi gagnvart pundinu, enda var það í samræmi við skoðanir fræðimanna, sem um þetta skrifuðu víða um heim, því það var víðar en hér, sem þessi mál vöktu umræður, og alstaðar urðu menn að glíma við vandræði í þessum efnum, sem voru afleiðing af þeirri byltingu í viðskiptalífinu, sem leiddi af ófriðnum mikla.

Allar þessar breyt., sem urðu á krónunni, má ekki taka sem svo, að hún hafi raunverulega alltaf breytzt í gildi gagnvart gullinu, því að gildi pundsins breyttist gagnvart gullinu. Þannig var það 1932, að þó að krónan virtist falla, þá var það svo, að hún hækkaði í raun og veru í gildi gagnvart gullinu, vegna þess að pundið hafði hækkað um 10%. Ef pundið hefði staðið í stað gagnvart gullinu, þá hefði átt að skrá það í ársbyrjun á 26 krónur. Það hefir ætíð verið svo síðan, og sérstaklega nú síðustu árin, að gullgildi pundsins hefir breytzt og pundið fallið. Sérstaklega var þetta áberandi árið 1932. Þá var sú ákvörðun tekin að láta ísl. krónuna fylgja pundinu, og var það alveg rétt. En hinar Norðurlandaþjóðirnar streittust við, en urðu að hætta við það og lækka krónuna, og hafa þær síðan látið hana fylgja pundinu eftir. Þessar þjóðir þurftu kannske að lækka hana meir en nauðsynlegt hefði verið, ef þær hefðu strax tekið þá ákvörðun að láta hana fylgja pundinu. Þetta sýnir, hvað það getur verið hættulegt að halda gengi peninga í hærra verði en aðstaðan út á við heimilar.

Nú hygg ég, að svo sé komið málum bæði hér hjá okkur og annarsstaðar, þar sem um þessi mál er fjallað, að það sé ekki eins ófrávíkjanleg nauðsyn að binda sig eins mikið við gullið og áður, og nú heyrist talað um þann möguleika að auka gullforðann í heiminum, og gæti það haft þau áhrif, að gullið yrði lítils virði og hætt yrði við að nota það í því augnamiði, sem það er nú notað í. Það gæti farið svo, en um það er þó ekki hægt að fullyrða neitt. En þegar þessi grundvöllur er að hrynja undan fjármálunum, þá verður að taka því eins og það er og reyna að finna skynsamlegar leiðir til þess að fara eftir. Á öllum þeim þingum, sem hafa haft þetta mál til meðferðar, hefir alltaf komið fram sú skoðun, að gengið ætti að samsvara kaupmætti krónunnar innanlands. Í þessu frv. er leitazt við að koma skráningunni í það horf, að hún geti orðið lokatalan í viðskiptareikningi atvinnuvega þjóðarinnar, og þannig fengin trygging fyrir því, að hægt sé að reka atvinnuvegina án taps og að öryggi fáist um afkomu þjóðarinnar. Í þessu er engin bláþræðis-

hugsun fólgin, því að tilvera þjóðarinnar byggist á því, að þessar tvær atvinnugreinar, landbúnaður og sjávarútvegur, geti borið sig.

Ég vil byggja á þeim grundvelli, sem lagður var með löggjöfinni 1924 og 1925 um þessi málefni. En ég vil leggja aðaláherzluna á það, að gengisskráningin fari fram með tilliti til þess, hvað atvinnuvegirnir þola í því efni. Þegar lögin voru sett 1924 og framlengd 1925 með viðauka, þá var gengið út frá því, að skráningin hækkaði krónuna. Seinna fékkst yfirlýsing um það, að hækkun krónunnar 1924 hefði verið of mikil, en samt var gengið út frá því 1925, að gengishækkun færi fram, en að hún væri framkvæmd gætilega. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að það þyki fullvíst, að gengi krónunnar hafi verið skráð of hátt, og geri því ekki ráð fyrir, að um gengishækkun geti verið að ræða. Ég geri hinsvegar ráð fyrir því, að það þurfi að koma á gengislækkun og breyta um, svo að atvinnuvegirnir geti risið undir útgjöldum og borið sig. Til þess að ná þessu marki legg ég til, að fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefnd fái atkvæðisrétt, svo að trygging fáist fyrir því, að gengisskráningin fari fram með tilliti til þess, hvað atvinnuvegirnir geta borið. Með þessu ætti að fást trygging fyrir því, að hægt væri að reka atvinnuvegina hallalaust.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess að fara út í einstök atriði að svo komnu. Ég hefi hugsað mér að láta það bíða þangað til málið hefir verið rannsakað í nefnd, og vænti ég þess, að n., sem fær málið til meðferðar, athugi, hvað um það hefir verið rætt og ritað á þessu tímabili, sem liðið er síðan 1924. Ég vil í því sambandi benda á ræki lega grg., sem fylgdi málinu 1926, og raunar líka 1927. Ennfremur má benda á frv., sem lágu fyrir þinginu 1929 og 1930. Þegar n. er svo búin að skapa sér álit út frá þeim umr., sem farið hafa fram um málið, og hún hefir athugað hina breyttu aðstöðu gagnvart gullinu, þá vænti ég þess, að umr. geti farið fram af beggja hálfu þannig, að fullur árangur fáist, en slíks er ekki að vænta á meðan ekki hafa verið vegnar og metnar allar ástæður með og móti málinu.

Ég tel þetta mál vera svo stórfellt og alvarlegt, og vandasamara flestum öðrum málum, og svo þýðingarmikið fyrir afkomu þjóðarheildarinnar, að þinginu beri skylda til þess að taka málinu með fullri alvöru og reyna að finna leiðir, sem líklegar séu til þess að leiða hamingju yfir atvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

26. Atvinnudeild við Háskóla Íslands.

Á 25. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 105).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Thor Thors): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að koma hið fyrsta á stofn sérstakri nýrri deild við Háskóla Íslands, er nefnist atvinnudeild og hefir það verkefni með höndum að kenna hin hagnýtu fræði, er geta komið að notum í atvinnulífi voru. Í sambandi við þessa atvinnudeild skal starfrækja rannsóknar- og tilraunstofnun í þágu atvinnuveganna, og skal þessi rannsóknarstofnun starfa í þremur deildum, er nefnast landbúnaðardeild, fiskideild og iðnaðardeild. Skal hver þessara deilda hafa með höndum rannsóknir í þágu þeirra atvinnuvega, sem nöfn þeirra eru tengd við. Þetta frumv. byggist á frumv. um stofnun atvinnudeildar, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, en það er fyllra og víðtækara en frumv. frá því í fyrra, þar sem bætt er inn í það ákvæðum um fullkomna rannsóknarstofnun í sambandi við atvinnudeildina. Ég vil ennfremur geta þess, að frumv. á rót sína að rekja til tillagna ýmsra háskólakennara. Það mál, sem hér var til umræðu á undan, sem sé frumv. skipulagsnefndar atvinnumála um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna, tekur að nokkru leyti til sama efnis, en er að dómi okkar flm. þessa frumv. ófullnægjandi að ýmsu leyti.

Það, sem fyrst og fremst ber hér á milli, er það samband, sem þessari rannsóknarstofnun er ætlað að hafa við Háskóla Íslands, svo og það veigamikla atriði, hvort hefja skuli sem fyrst kennslu í hinum hagnýtu fræðum við háskólann og gera á þann hátt íslenzkum stúdentum það kleift að ganga í þjónustu atvinnulífsins og njóta til þess æðri menntunar.

Fyrir okkur flm. vakir það, að efla hinn unga og fáþætta háskóla vorn, að gróðursetja þar nýjan stofn, sem við höfum trú á, að með tíð og tíma geti orðið sterkur og tengt greinar hinnar æðri menntunar inn í hið fáskrúðuga og fallvalta atvinnulíf vort.

Við lítum því svo á þetta mál, að aðstaðan til þess byggist fyrst og fremst á því, hvern hug menn bera til háskólans, hvert hlutverk menn vilja ætla honum í menningarlífi þjóðarinnar og hvert hlutskipti þeir þar af leiðandi vilja skammta honum. Tel ég því rétt í þessu svo veigamikla atriði í framtíðarlífi háskólans að minnast nokkrum orðum á sögu hans með þjóðinni og lýsa því, hverjar vonir ýmsir af forvígismönnum þjóðarinnar hafa frá upphafi þessa máls tengt við þessa æðstu menntastofnun hér á landi.

Það er greinileg táknmynd þýðingar hinnar æðstu menntastofnunar fyrir sjálfstæði lands

vors og menningarlíf þjóðarinnar, að þetta mál skyldi vera eitt hinna allra fyrstu, er borin voru fram á hinu fyrsta þingi hins endurreista Alþingis árið 1845. Og vissulega eykur það réttmæti og nauðsyn þessa máls, að sá maður, sem þetta bar fram, skyldi einmitt vera hinn glæsilegasti forvígismaður þjóðarinnar, Jón Sigurðsson, sá er allir Íslendingar nú telja, að verið hafi sómi Íslands, sverð þess og skjöldur. Krafa Jóns Sigurðssonar og félaga hans laut að stofnun allsherjar æðri menntastofnunar, og vildu þeir nefna skóla þennan þjóðskóla. Þeir vildu rökstyðja þetta nafn með því, að þar eigi fyrst og fremst að kenna þjóðleg fræði, íslenzka tungu og norræna bókvísi. Ennfremur skyldi þar kenna forspjallsvísindi, guðfræði, læknisfræði og lögfræði. Einnig segir svo í bænarskrá þeirri, er Alþingi var send, „að hið bráðasta verði stofnuð kennsla í skólanum handa þeim, sem girnast menntunar, en ætla þó ekki að verða embættismenn.“ Til skilgreiningar þessu fór Jón Sigurðsson um það þessum orðum: „Þá er því næst að nefna menntun þeirra, sem ekki ætla að verða embættismenn. Þessir eru einkum sem segir fyrr í bænarskránni, sjómannaefni, kaupmannaefni og iðnaðarmenn. Það er ljósara en frá þurfi að skýra, hversu mjög slíkir menn þurfa menntunar við, enda er mér og kunnugt, að það er almenn ósk, að kostur mætti gefast á kennslu handa þeim, og þjóðin mundi fúslega styrkja, að slíku mæti verða framgengt.“

Þessi orð og þessar óskir eru greinilegur vottur um hina miklu framsýni þessa forvígismanns þjóðarinnar. Það er ennfremur athyglisvert í sambandi við þann ágreining, sem nú kann fram að koma á þingi um meðferð þessa máls, að Jón Sigurðsson lagði ríka áherzlu á það, að þjóðskóli þessi gæti veitt svo mikla menntun sérhverri stétt, sem nægði þörf þjóðarinnar, og ennfremur tók hann það skýrt fram, að þetta yrði allt *einn skóli*, því að með því móti yrðu og einnig bezt notaðir allir þeir kraftar, sem varið verður til kennslu. Mér hefir þótt hlýða að rekja þetta mál hér, enda þótt það félli niður að þessu sinni og hugir manna hneigðust í þess stað að því að koma hér á fót skóla fyrir embættismenn landsins. Raunin varð líka sú, að þessi skóli komst upp, fyrst með prestaskólanum árið 1847, síðan hófst innlend læknakennsla árið 1862, og með lögum frá 1876 var stofnaður sérstakur læknaskóli. Síðan kom svo lagaskólinn, sem tók til starfa 1. okt. 1908.

En sjálf háskólahugmyndin lifði þó ætíð í hugum ýmsra beztu manna þjóðarinnar, og þykir þar fyrst hlýða að minnast afskipta Benedikts Sveinssonar, er bar fram á Alþingi 1881 frumv. um stofnun háskóla og barðist ötullega fyrir því máli af hinni þjóðkunnu mælsku sinni. Mér þykir rétt að tilgreina hér nokkur ummæli hans til rökstuðnings háskólahugmynd hans: „Eins og vísindi, framför og frelsi hafa jafnan verið samfara hjá þjóðunum yfir höfuð, þannig hefir innlend menntun, framför og frelsi jafnan verið þrjár skilgetnar himinbornar systur, sem hafa haldizt í hendur og leitt hverja einstaka þjóð að því takmarki, sem forsjónin hefir sett henni. Lítið á sögu sjálfra vor. Oss hefir aldrei leiðzt að renna augum vorum til hinnar fögru og frægu fornaldar vorrar. Má ég spyrja: Voru það ekki þær hinar sömu þrjár himinbornu systur, sem héldust í hendur einnig hjá oss? Og fór það ekki svo, að þegar þær hurfu, þá var allri vorri frægð, öllum vorum frama lokið? Það var þannig ekki úr lausu lofti gripið, er hið fyrsta endurreista Alþingi 1845 bar hina innlendu þjóðmenntun fram mála fyrst. Eins og orðið „mamma“ er hið fyrsta orð, sem vér heyrum af vörum barnsins, þannig var orðið „þjóðskóli“ hið fyrsta orð af vörum Alþingis 1845, fram borið í nafni og umboði þjóðarinnar af þeim manni, þeirri frelsishetju, sem nú er að vísu látinn, en hin andlega og líkamlega ímynd hans mænir yfir oss hér í salnum, og ég vildi óska, að hún æ og æfinlega hefði sem mest og bezt áhrif á oss innan þessara helgu vébanda.“ — Ennfremur sagði hann: „Að vér erum bæði fátæk og fámenn þjóð, er einmitt hin sterkasta ástæða með frumvarpi mínu, því þess meiri háski er oss og þjóðerni voru búinn, að vér hverfum sem dropi í hafinu inn í önnur sterkari og aflmeiri þjóðerni á móti tilætlun forsjónarinnar, sem gaf oss sérstakt þjóðerni, og því meira verðum vér að leggja í sölurnar til þess að svo verði ekki.“

En þrátt fyrir þennan ágæta rökstuðning Benedikts Sveinssonar náði þetta mál eigi fram að ganga á þessu þingi, en á næsta þingi, 1883, bar hann þetta mál fram að nýju, og náði það þá samþykki Alþingis, en lögunum var synjað staðfestingar frá konungi. Þrátt fyrir það var málinu hreyft á næstu þingum og það samþ. enn á ný á Alþingi 1893, en því var sem fyrr synjað staðfestingar. Síðan lá málið í þagnargildi um hríð, en samþ. var þál. í neðri deild Alþingis 1907 þess efnis að skora á landsstjórnina að semja frv. um stofnun háskóla, er skyldi lagt fyrir Alþingi 1909. Þáv. ráðh., Hannes Hafstein, tók þá málið í sínar hendur og fól forstöðumönnum hinna æðri menntastofnana að semja frumv. til laga um stofnun háskóla. Sömdu þeir frumv. að mestu eftir nýjum norskum háskólalögum, og var þetta frumv. samþ. á þinginu 1909. Er Hannes Hafstein lagði það fyrir þingið, kvaðst hann fela það velvild þingmanna sem eitt af helztu velferðarmálum þjóðarinnar, sem ætti að geta orðið ein af lyftistöngunum til þess að hefja menningar- og framtíðarþroska þjóðarinnar og auka henni gengi og álit í augum annara þjóða. Loks rak svo Alþingi 1911 smiðshöggið á þetta mál, þar sem það veitti fé til þess að Háskóli Íslands gæti tekið til starfa 17. júní 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, sem eins og að framan greinir má telja fyrsta forvígismann þessa máls hér á landi, sem og fleiri menningar- og nytjamála þjóðarinnar. Í hinni fyrstu setningarræðu háskólans fór rektor dr. Björn M. Ólsen þeim orðum um markmið háskólans, er mér þykir rétt að tilgreina í sambandi við það mál, sem hér er til umræðu. Hann komst svo að orði:

„Markmið háskóla er fyrst og fremst þetta tvennt:

1) að **leita sannleikans** í hverri fræðigrein fyrir sig, — og

2) að **leiðbeina** þeim, sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Með öðrum orðum: háskólinn er **vísindaleg rannsóknarstofnun** og **vísindaleg fræðslustofnun.**

Í þessu sambandi get ég ekki bundizt þess að drepa á afstöðu háskólanna við landsstjórnina eða stjórnarvöldin í hverju landi fyrir sig. Reynslan hefir sýnt, að **fullkomið rannsóknarfrelsi** og **fullkomið kennslufrelsi** er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf háskóla geti blessazt. Á miðöldunum voru oft háskólar settir á stofn við biskupsstóla eða klaustur, og gefur að skilja, að klerkavaldið, sem réð slíkum stofnunum, var þröskuldur í vegi fyrir frjálsum vísindaiðkunum. Síðar, einkum eftir reformationina, settu konungar eða aðrir stórhöfðingjar oft háskóla á stofn og lögðu fé til þeirra. Þóttust þeir því hafa rétt til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kennslufrelsi háskólanna, og hafði það hvarvetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kennsla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn. Landsstjórnin á því að láta sér nægja að hafa eftirlit með því, að háskóla skorti ekki fé til nauðsynlegra útgjalda og að þeir fylgi þeim lögum, sem þeim eru sett, en láta þá að öðru leyti hafa sem frjálsastar hendur um starf þeirra og málefni."

Þess var þá einnig vandlega gætt, að leyfa háskólanum það sjálfsforræði, er allar aðrar menningarþjóðir hafa talið lífsnauðsyn sinna æðstu menningarstofnana. Það voru margar glæstar vonir, sem í upphafi voru tengdar við stofnun Háskóla Íslands, og þegar litið er yfir starf háskólans þann tæpa aldarfjórðung, sem hann nú hefir starfað, þá hygg ég, að allir góðir Íslendingar hljóti að viðurkenna, einkum er þeir hafa nokkurt tillit til fámennis og fátæktar þjóðarinnar, að stofnun háskólans markar stórt spor í menningar- og sjálfstæðissögu þjóðarinnar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. andstæðingum mínum hér þyki lítils um vert, þó ég freistist til þess frá eigin brjósti að lýsa afrekum og aðgerðum háskóla vors á farinni braut. Ég mun því leiða það hjá mér að öðru en því, að minnast með þakklæti á ágæta kennslu háskólans og góða umhyggju prófessora hans fyrir velferð nemendanna, jafnframt því sem rétt er að benda á þau félagslegu bönd, sem háskólinn hefir tengt meðal menntamanna þjóðarinnar. En ég vil taka upp ummæli, sem einn af mætustu mönnum háskólans hefir viðhaft um starfsemi hans. Það eru ummæli prófessors Ólafs Lárussonar við setningu háskólans haustið 1931, er háskólinn hafði starfað í 20 ár. Hann komst svo að orði:

„En þrátt fyrir allt, sem nú hefi ég lýst, þá hefir háskólinn samt unnið sitt verk í þessi 20 ár. Honum var og er ætlað að sjá embættismannaefnum þjóðarinnar fyrir nauðsynlegri sérmenntun, guðfræðingum, læknum og lagamönnum. Á þessum 20 árum hafa, að því er mér telst til, 270 manns lokið prófi á háskólanum í þessum fræðum. Nú er svo komið, að meiri hluti af þjónandi prestum landsins og meiri hluti af starfandi lögfræðingum og læknum landsins eru menn, sem fengið hafa sérmenntun sína hér við háskólann. Þessir menn hafa reynzt fyllilega hlutgengir, þeir hafa reynzt standa fyllilega hinum eldri mönnum á sporði, er menntun höfðu hlotið annarsstaðar. Í þessum hópi er fjöldi manna, sem eru mjög vel að sér í sínum fræðum, fjöldi manna, sem þegar hafa sýnt sig að vera hinir mestu nytjamenn, þó þeir séu enn ungir. Þessir menn eru háskólanum vitni, lifandi vitni og gott vitni þess, að starf hans hefir þrátt fyrir alla örðugleika ekki verið unnið fyrir gíg. Á þessum 20 árum hefir einnig vísindaleg starfsemi, í ritum og rannsóknum, verið miklu meiri hér á landi en nokkru sinni fyrr, og mest af því starfi má rekja til háskólans með einhverjum hætti. Einnig á því sviði hefir háskólinn því unnið töluvert verk, þó miklu sé það minna en vera hefði átt. Og vér höfum séð þess fagran vott, að háskólinn á nokkur tök í hugum fólksins, er menn af ýmsum stéttum hafa talið hann verðastan þess að njóta eigna sinna eftir sinn dag, eða treyst honum bezt til þess að verja þeim samkvæmt því, er þeir vildu helzt".

En prófessor Ólafur Lárusson kvartar undan einu, er háir mjög vexti háskólans, og það er ræktarleysi það, er ýmsir eldri nemenda háskólans sýni honum, er þeir eru horfnir þaðan. Það mun nú ef til vill koma fram við afgreiðslu þessa máls, hversu mikil er tryggð ýmsra hinna eldri nemenda háskólans í garð þessarar stofnunar, er veitti þeim þá hina æðri menntun, er leitt hefir þá til vegs og valda í þjóðfélaginu. En prófessorinn telur það eitt af mestu þrifamálum háskólans, ef bak við hann standi ávallt góðir hugir nemenda hans, eldri sem yngri, ef hann væri í hugum þeirra í raun og sannleika þeirra *alma mater*, sem þeir litu jafnan til með ást og þakklæti. Og það færi betur, ef slík ræktarsemi hinna eldri nemenda mætti framvegis koma áþreifanlegar í ljós en hingað til.

Enda þótt benda megi á mörg afrek og marga kosti háskólans, þá verður því samt eigi neitað, að nokkur hætta vofir yfir framtíð hans, og hún er sú, hversu fáar hafa verið deildir hans og því fábreytt úrræði stúdentanna til framhaldsnáms. Um þetta atriði farast prófessor Ólafi Lárussyni orð á þessa leið:

„Þó hefir önnur breyting til hins verra orðið á högum stúdenta síðan 1911, og hún miklu alvarlegri, svo iskyggileg, að hún má teljast fullkomið áhyggjuefni; það er sú breyting, sem orðin er á framtíðarhorfum þeirra, hversu nú er miklu tvísýnna en áður, að sérnám þeirra geti komið þeim að gagni í lífsbaráttu þeirra síðar meir. Stúdentaviðkoman hefir margfaldazt síðan 1911 og stúdentatalan hér við háskólann meira en þrefaldazt. Fjölgunin hefir orðið langmest í tveim af deildunum, læknadeild og lagadeild, og enn er ekki farið að draga úr aðstreyminu að þeim. Nú þegar er svo komið, að kandídatar frá þessum deildum eru orðnir svo margir, að í þeim stéttum er orðið yfirfullt, og það er full vissa fyrir því, að mjög margir af þeim mönnum, sem útskrifuðust úr þessum tveimur deildum, nokkuð mörg næstu árin, eiga þess

engan kost að fá lögfræði- eða læknisstörf, sem þeir geta lifað við. Þeir verða að leita fyrir sér við önnur störf, eftir að hafa kastað nokkrum beztu árum ævi sinnar á glæ, í nám, sem verður þeim að litlu liði, og eftir að hafa safnað skuldum við það nám, sem verður þeim hlekkur um fót. Þetta er svo komið fyrir handvömm og sinnuleysi þeirra, sem hér eiga hlut að máli, því koma mátti í veg fyrir þetta með ýmsum ráðum. Það mátti með nokkrum fjárkostnaði opna stúdentum nýjar leiðir til framhaldsnáms, sem tryggði þeim betur afkomu síðar meir en þetta embættisnám".

Frá því að þessi orð voru töluð hefir ástandið vissulega ekki batnað í þessu efni. Þetta ár (1931) voru í læknadeild 64 nemendur, síðan hafa þeir aukizt um 13 að meðaltali á ári; hinsvegar hafa útskrifazt um 10 að meðaltali árlega, svo að nú í ár eru í læknadeild 68 nemendur. Í lagadeild voru þetta ár 42 nemendur, síðan hafa þeir aukizt um 12 á ári, en útskrifazt um 7 árlega. Nú í haust voru í lagadeild um 53 nemendur. Síðastl. ár útskrifuðust í Rvík 37 stúdentar, en á Akureyri 17, eða samtals 54, og af þeim fóru um 30 í lagadeild og læknadeild. Þegar nú er litið á þann fjölda kandidata, sem útskrifazt hafa úr þessum deildum síðastl. ár, og athugaður er hinn mikli fjöldi stúdenta, sem nú eru í þessum deildum, má það öllum ljóst vera, hversu ískyggilegar horfur eru framundan fyrir þessa ungu menntamenn. Þetta bendir því vissulega til þess, hversu rík nauðsyn er nú fyrir hendi vegna stúdentanna sjálfra að skapa þeim hið allra bráðasta ný skilyrði fyrir framhaldsmenntun. Það verður að dreifa stúdentastraumnum. Það er einnig hið mesta heillaráð vegna atvinnuvega landsmanna, að leitast við að fá sem flesta af hinum ungu menntamönnum þjóðarinnar til þess að taka virkan þátt í atvinnulífi hennar.

Allir virðast sammála um nauðsyn þess, að vísindaleg rannsókn sé viðhöfð í þágu atvinnuveganna, en þær staðreyndir, sem að framan greinir um fjölda stúdentanna og þarfir atvinnuveganna fyrir starfskrafta þeirra, ættu að benda til þess, hversu æskilegt sé, að samkomulag náist einnig um stofnun atvinnudeildar við háskólann *hið allra fyrsta*. Ég þykist hafa bent á það, hvernig kunnugir menn hér á landi hafa litið á nauðsyn sjálfsstjórnar háskólans og hversu aðrar menningarþjóðir láta sér annt um þennan hyrningarstein hinna æðstu menntastofnana þeirra. Þegar háskólalögin voru samin árið 1909, var í rauninni aðeins um að ræða sameiningu hinna þriggja embættisskóla, auk stofnunar nýrrar heimspekideildar. Þá var allur þingheimur sammála um tvo aðaldrætti þessa máls, sem voru *sameining* og *sjálfsstjórn*. Það væri betur, að sama viðsýnis gæti nú á Alþingi þjóðarinnar.

Ég vil svo að lokum vísa til þeirrar grg., er fylgir þessu frv., er fyllilega skýrir, hver munur er á því og hinu frv., sem meiri hl. allshn. flytur. Það mun gefast tækifæri til þess við síðari umr. þessa mál að rekja þann mun enn greinilegar, og ég læt því staðar numið að sinni og vil loks mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., í þeirri von, að takast megi að fá samkomulag þar um málið.

Emil Jónsson: Það er í raun og veru leiðinlegt, að ekki eru fleiri hv. þdm. hér til þess að hlusta á þessa mjög ýtarlegu sögu háskólans, sem hv. þm. Snæf. hafði nú hér yfir. Hún var í senn fróðleg og um leið ánægjuleg, þar sem hún sýndi það, hversu djúp ítök háskólinn hefir átt í hugum ýmsra góðra manna hérlendis, og sýndi einnig, að hann hefir sitt stutta starfstímabil haft á hendi afarþýðingarmikið starf. En mér finnst, að þetta út af fyrir sig komi ekki svo mjög við þessu máli, sem hér liggur fyrir. Það er ákaflega gott, og það er gaman að geta rifjað upp fyrir sér þessa staðreynd, en það vísar manni ekki þær réttu leiðir í þessu efni. Það segir okkur ekki, hversu velja skuli á milli þessa frv. um stofnun atvinnudeildar við háskólann og þess frv., sem hér var til umr. í gær um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna. Þessi frv. eru í raun og veru sama málið, eða kannske heldur sömu tvö málin. Ég kemst því ekki hjá því að bera þessi tvö mál nokkuð saman, enda þótt ekki eigi að fara mjög út í einstök ákvæði við þessa umr.

Það, sem hér er um að ræða, er tvennt. Í fyrsta lagi er það rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna, sem hugsað er að tengja við háskólann, og í öðru lagi er það aukin stúdentafræðsla í ýmsum greinum, og hvernig eigi að leggja þar inn á nýjar brautir meira en verið hefir. Um þetta er frv., og það er þetta, sem fyrst og fremst ber að ræða í þessu sambandi.

Þessi tvö mál eiga sér líka sína sögu. Sögu rannsóknarstofnunar fyrir atvinnuvegina má rekja, en ég kann ekki að rekja hana lengra en 6—8 ár aftur í tímann. Fyrsta sjálfsagða sporið í löggjöf landsins í þessu var auðvitað það, þegar samþ. voru árið 1929 lög um rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna.

Hitt atriðið, að beina stúdentafræðslunni inn á nýjar brautir, er ekki nýtt. Um það var borin fram þál. á þinginu 1931, sem einhverra hluta vegna dagaði uppi. Í sambandi við þá till. var leitað álits tveggja félaga um málið, vísindafélagsins og verkfræðingafélags Íslands. Hvort mál þetta var rætt í vísindafélaginu, veit ég ekki, því að ég er ekki kunnugur þar, en í verkfræðingafélaginu var það tekið upp og rætt, og skal ég í fáum orðum lýsa undirtektum þess undir málið. Það var gengið út frá því, að það útskrifuðust 30—40 stúdentar á ári, og að ½ þeirra til ¾ stunduðu nám hér heima. Hinir færu utan til náms. Væri þetta tekið frá fjárhagslegu sjónarmiði, myndi vitanlega borga sig fyrir þjóðfélagið, peningalega séð í svipinn, að offra miklu fé til þess að halda þeim stúdentum heima, sem utan fara. Líka væri það til bóta fyrir háskólann, að sem flestir stúdentarnir stunduðu nám hér, og vitanlega væri æskilegt, að sem mest af vísindastarfsemi landsmanna færi fram í sambandi við háskólann. En þá er bara spurningin, á hvern hátt hægt er að gera þetta.

Stúdentar þeir, sem fara utan til náms, eru aðallega þeir, sem lesa teknisk fræði. Þau hefir ekki verið hægt að læra hér heima. Það, sem

nefnt hefir verið fræðigreinar í þágu atvinnuveganna, er að meira og minna leyti angar af hinu tekniska námi. Þeir stúdentar, sem ætla að nema hin teknisku fræði og náttúrufræði, verða fyrst að hafa lært vissan forða af stærðfræði. Reynslan hefir því verið sú, að þeir, sem nema þessi fræði, geta verið saman við nám 2—3 fyrstu árin. Álit verkfræðingafélagsins var því á þá leið, að helzt myndi tiltækilegt að stofna hér við háskólann kennarastól, þar sem hægt væri að veita stúdentum kennslu í hinu sameiginlega námi í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, sem er grundvöllurinn undir hinni eiginlegu sérmenntun í þessum fræðigreinum. Þyrftu stúdentar þá ekki að sækja út annað en sérfræðinámið eitt. Ég skal geta þess hér, að verkfræðingafélagið lagði til, að stofnuð yrðu þrjú prófessorsembætti í þessu skyni. Í samræmi við þetta höfum við í skipulagsnefnd byggt upp frv. okkar, og um það er þar enginn ágreiningur. Á þessu stigi málsins töldum við ekki fært að slá því föstu, hverskonar prófessorsembætti skyldi stofna, hvort þau skyldu vera í stærðfræði, eðlisfræði eða efnafræði. En það er víst, að enginn, sem um þessi mál hugsar af alvöru, leggur til, að byrjað verði á því að setja á stofn prófessorsembætti í náttúrufræði.

Eins og sjá má á frv. okkar, þá gerir það ráð fyrir tveimur meginatriðum þessa máls, fyrst rannsóknarstofnun við háskólann, og í öðru lagi heldur það opnum möguleikanum fyrir því að auka stúdentafræðsluna. Að halda opinni fræðslu við háskólann án þess að prófskylda sé, eins og frv. þeirra tvímenninganna gerir ráð fyrir, held ég að sé misráðið. Þeir stúdentar, sem slíka fræðslu fengju, myndu tæplega standa þeim á sporði, sem læsu ytra og tækju þar próf.

Þá talaði hv. þm. Snæf. um ræktarsemi við háskólann, hversu hún væri nauðsynleg o. s. frv. Þetta er vitanlega gott og sjálfsagt, og ég skal segja það fyrir mig, að enda þótt ég hafi ekki stundað nám í háskóla okkar, þá ann ég honum alls hins bezta, en ég held, að þessi hv. þm. og meðflm. hans hefðu farið öðruvísi að í þessu máli en þeir hafa gert, ef þeir væru heilir í því. Þeir hefðu reynt að fá breyt. inn í frv. í allshn., í stað þess að bera fram nýtt frv., sem alls ekki er tímabært, því að þetta mál verður að byggja upp neðan frá, en ekki ofan frá. Ég segi ekki, að fyrir þessum hv. þm. hafi vakað pólitiskur ávinningur með þessu, sérstaklega ekki eftir að hafa heyrt hv. þm. Snæf. segja það í gær, að það væri illa gert að fara að draga þetta mál inn í pólitiskar deilur. En ég fæ bara ekki séð, hvað þeim hefir gengið til með því að fara að flytja þetta sérstaka frv., með þeim einum breyt. frá frv. okkar, sem áreiðanlega eru til ills eins.

Í frv. skipulagsnefndar er gert ráð fyrir að auka kennslu í þessum fræðum við háskólann strax og rannsóknarstofan telur það tímabært, og ég vænti, að það verði eins heillavænlegt eins og að ákveða nú þegar 3 prófessorsembætti í þessum fræðum við háskólann, svo að segja alveg út í loftið, eins og frv. hv. minni hl. gerir ráð fyrir.

Það munu allir á einu máli um, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða. Er því illa farið, ef hv. minni hl. allshn. tekst að draga það á langinn um skör fram. Ég fyrir mitt leyti sé ekkert því til fyrirstöðu að greiða atkv. á móti frv. þeirra tvímenninganna nú þegar. En fyrir kurteisissakir mun ég þó ekki verða því til fyrirstöðu, að það fái að ganga til n. og athugast þar eins og önnur frv. Geri ég það í trausti þess, að slíkt verði ekki látið tefja þetta sameiginlega áhugamál okkar allra, að komið verði upp rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við háskóla Íslands, því að samkomulag hefir tekizt við happdrættisráðið um það, að hafizt verði handa um að hefja byggingu á húsi fyrir stofnunina eins fljótt og unnt er, ekki síðar en að hausti komanda.

Flm. (Thor Thors): Hv. þm. Hafnf. reyndi að tala af nokkurri sanngirni um þetta mál, eins og hans er venja yfirleitt. En ég tel hann ekki óhlutdrægt vitni í þessu máli, þar sem hann á sæti í skipulagsnefnd, en hún hefir eins og kunnugt er samið frv. það, sem hann berst fyrir. Það eru þó ýms atriði í ræðu hv. þm., sem ég þarf að svara. Hann byrjaði á því að segja, að það hefði verið ánægjulegt að heyra sögu háskólans sagða hér á Alþingi, enda þótt hún skipti ekki máli í þessu sambandi. En ég verð nú að segja þessum hv. þm. það, að saga háskólans, og skoðanir forgöngumanna hans og stofnenda á því, hvernig þeir höfðu hugsað sér að byggja háskólann upp og gera hann að veglegri stofnun, skiptir einmitt miklu máli í þessu sambandi. Hvað er kannske meira vert, þegar ræða á um slíkt mál sem þetta, en að kynna sér, hvernig þeir menn, sem mest hafa borið hagsmuni háskólans fyrir brjósti, hafa hugsað sér að láta hann eflast, þar til hann hefði fullkomið sjálfsforræði yfir sínum málum og yrði megnugur þess að vera það, sem hann á að vera, æðsta og göfugasta menntastofnun þjóðarinnar.

Ræða hv. þm. var að mestu leyti fræðilegur fyrirlestur, sem ég get alls ekki fallizt á, að öllu leyti að minnsta kosti, enda þótt ég geti ekki borið mína teknisku þekkingu saman við hans. Hann viðhafði sömu vígorðin og rangfærslurnar og samflokksmenn hans í gær, að fyrir okkur flm. þessa frv. vekti aðeins það eitt að fá komið nokkrum nýjum prófessorum að háskólanum. Ég vil nú benda honum á, að hér ber ekki svo mikið á milli frv. Í frv. því, sem hv. þm. styður, er ætlazt til, að 3 vísindamenn vinni að rannsóknum. Það er það sama og við viljum. Munurinn aðeins sá, að við leggjum til, að þeir verði kallaðir prófessorar, og við viljum þjóðnýta þá meira en jafnaðarmennirnir vilja, þar sem við viljum láta þá annast vísindalega kennslu við háskólann samhliða rannsóknarstarfinu. Þessir menn, sem við ætlumst til, að nefndir yrðu prófessorar, myndu verða lærðir menn í fiskifræði, efnafræði og búvísindum. Ég býst því við, að þeir gætu kennt hinum ungu stúdentum nægilega mikið í þessum fræðigreinum, að það gæti orðið þeim að miklu gagni í þágu atvinnulífsins.

Þá gat hann þess, að það væri ekki ætlazt til, að þeir menn, sem nám stunduðu við þessa

deild, þyrftu að taka próf. Út af þessu vil ég benda honum á, að 1911, þegar háskólinn var stofnaður, var ekki ætlazt til, að frá heimspekideildinni væri hægt að taka próf. Hér er því ætlazt til hins sama fyrirkomulags fyrst um sinn. Annars býst ég ekki við, að þessi hv. þm. neiti því, að t. d. stúdent, sem vill snúa sér að búskap, hafi ekki gott af því að sækja fyrirlestra til prófessors, sem er sérfræðingur í búvísindum. Eða þá að stúdent, sem ætlar að leggja fyrir sig útgerð, hafi ekki gott af því að hlýða á fyrirlestra í fiskifræði. Þá gæti það og komið til mála, að stúdentar leituðu til erlendra háskóla eftir 2—3 ára nám hér, og tækju þar fullnaðarpróf í þeim fræðigreinum, sem þeir hefðu lagt stund á hér. Á þann hátt gæti atvinnudeildin því orðið til þess að spara mikinn kostnað, sem annars yrði að greiða út úr landinu.

Þá sagði hv. þm., að við byrjuðum á öfugum enda í þessu máli. Ég get hreint og beint ekki skilið, hvað hann á við með þessu. Við byrjum á sama enda og hann og meðnm. hans. Við viljum láta rannsóknarstarfsemina byrja þegar í stað, en við leggjum aðeins til, að þeir, sem hana verða látnir annast, verði jafnframt látnir annast kennslu. Við förum á þann hátt lengra í því að vilja hagnýta starfsorku þeirra manna, sem hér eiga að starfa fyrir ríkið.

Hann talaði og um það, hv. þm., að það væri vafasamt, hversu við flm. frv. þessa værum heilir í þessu máli, úr því að við hefðum farið að koma fram með sérstakt frv., þar sem við ættum sæti í allshn. og ættum því kost á að koma að breyt. við frv. meiri hl. Ég gat í gær vinnubragðanna í nefndinni, að frv. hefði t. d. verið lesið upp á ca. ¼ klst. og sagt, að það væri komið frá skipulagsnefnd, og því gætum við ekki fengið að koma að breytingum. Var því ekki annað fyrir okkur að gera en flytja þetta frv. Það, sem við förum fram á, er að tryggja háskólanum hina ágætu starfskrafta, sem koma til með að vinna að rannsóknarstarfseminni. Þetta hljóta allir skynbærir menn að sjá, að er heilbrigt, og ég er t. d. viss um, að jafngreindur maður og hv. þm. Hafnf. er sér þetta líka, og hefir strax séð í skipulagsnefnd, en hann hefir bara orðið að láta þar í minni pokann og gera annað en skynsemin bauð honum.

Annars þykir mér undarleg andstaða hv. þm. Hafnf. gegn frv. okkar, því að í fyrra, þegar frv. um svipað efni lá fyrir þinginu, sendi menntmn. Ed. skipulagsn. atvinnumála, sem þessi hv. þm. á sæti í, frv. þetta til umsagnar, og í bréfi til þessarar n. frá skipulagsnefnd var það tekið fram, að n. teldi mikilsvert, að stofnað yrði til fjölbreyttrar rannsóknarstarfsemi við háskóla Íslands í þágu atvinnuveganna, og ennfremur það, að nauðsynlegt væri, að stúdentum væri gefinn kostur á fjölbreyttara námi en verið hefir við háskólann. En þetta er einmitt það tvennt, sem við erum að berjast fyrir og næst með frv. okkar hv. 8. landsk.

Hv. þm. Hafnf. má gera okkur hvaða getsakir sem hann vill í þessu máli, en fyrir okkur vakir ekki annað en að tryggja þessi tvö höfuðatriði, sem tekin eru fram í áðurnefndu bréfi skipulagsnefndar. Og hvað því viðvíkur, að flýtt sé afgreiðslu þessa máls, þá viljum við fúslega styðja að því, en við viljum vernda frjálsræði háskólans og tryggja möguleika hans sem menntastofnunar meðan kostur er á.

Emil Jónsson: Hv. þm. Snæf. var í ræðu sinni að vitna í vinnubrögð tveggja nefnda, hv. allshn. Nd. og skipulagsnefndar. Þessar tvær n. hafa það sameiginlegt, að hv. 2. þm. Reykv. er formaður í þeim báðum. En það virtist eiga að vera sönnun þess, að í þeim n. þýddi ekki fyrir einstaka nm. að malda í móinn. Ég þekki ekki til vinnubragða í hv. allshn., en í skipulagsnefnd er reynsla mín sú, að ég hefi aldrei komið þar fram með aths., sem ekki hafa fyllilega verið teknar til greina af form. n. Þetta er nú mín reynsla, en það má vel vera, að hv. þm. Snæf. þykist hafa aðra reynslu af hv. 2. þm. Reykv. í allshn.

Ég skal svo með nokkrum orðum svara því, sem hann var að andmæla í minni ræðu. Hann byrjaði á því að tala um, að ég væri ekki óvilhallt vitni í þessu máli, þar sem ég ætti sæti í skipulagsnefnd og hefði samið frv. En ég tel mig hafa sérstaka aðstöðu til þess að bera vitni í þessu tilfelli, þar sem ég hefi sérstaklega numið þá fræðigrein, sem hér er um að ræða. Ég hefi auk þess kynnt mér þetta mál mikið og mér var falið að semja svar skipulagsnefndar til allshn. Ed., og ég er enn, eins og ég var þá, fyllilega samþ. því bréfi, m. a. því, sem hv. þm. las upp úr bréfi n., að nauðsynlegt sé að gera starf háskólans fjölbreyttara, bæði sem rannsóknar- og kennslustofnun. Ég er enn fyllilega á þessari sömu skoðun. En ég álít, að frv. það, sem hér liggur fyrir, samrýmist ekki þeirri stefnu. Og þó ég hafi flutt frv., sem fer í gagnstæða átt, þá tel ég, eins og ég hefi þegar tekið fram, að ég hafi aðstöðu til þess að dæma óvilhallt um þetta atriði.

Þau sterkustu rök, sem hv. þm. Snæf. flutti fyrir sínu frv., voru þau, að með því væri stefnt að því að nota betur en gert væri ráð fyrir í frv. allshn. starfskrafta rannsóknarstofunnar, að þeir vildu þjóðnýta þá meira en við. Ég hefi ekkert við það að athuga, þó hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. vilji þjóðnýta, en mér virðist sú þjóðnýting, sem þeir stefna að með þessu frv. sínu, vera fremur ópraktisk og kákkennd.

Þar, sem ég þekki til slíkra háskóladeilda í öðrum löndum, eru hafðir specialprófessorar í hverri grein, sem ekki eru látnir kenna aðrar greinar en þá, sem hver er sérfræðingur í. Þar kæmi t. d. ekki til mála að láta sérfræðing í liffærafræði kenna eðlisfræði, stærðfræði og efnafræði. Þó hann að sjálfsögðu hafi numið nokkuð í þeim fræðigreinum, þá væri hann vitanlega langt frá fær um að kenna þær við háskóla. Í þessu samb. vil ég sérstaklega geta þess, að til þess að kenna þessar sömu fræðigreinar við menntaskólann hér þarf kennarinn að vera magister með háskólaprófi, og má þá nærri geta, hvort eðlilegt er að gera minni kröfur til kennara í sömu greinum við háskólann. Nú vil hv. þm., að fiskifræðingurinn kenni stærðfræði og eðlisfræði, en það er bersýnilega óviðunandi við

háskóla, bæði hér á landi og annarsstaðar, eins og ég hefi þegar sýnt fram á.

Þá minntist hv. þm. á prófin og vildi halda því fram, að mikið gagn gæti orðið að kennslunni, þó ekki væri um próf að ræða. T. d. hefðu stúdentar, sem ætluðu að stunda búskap, mikið gagn af því að hlusta á fyrirlestra um búskap, og þeir stúdentar, sem ætluðu að stunda útgerð, hefðu mikið gagn af því að hlýða á fyrirlestra fiskifræðilegs efnis, þó þeir tækju ekki próf í þessum greinum. Ég skal ekki halda því fram, að ekkert gagn væri að slíku námi, en það væri þá aðeins það, sem á dönsku er kallað „populær" fræðsla. En af slíkri kennslu verður aldrei neitt vísindalegt gagn. Hv. þm. sagði, að hér yrði um að ræða upphaf fræðslu, sem þeir nemendur gætu byggt ofan á, er þess óskuðu, en þetta er ekki heldur rétt, hér er aðeins um „populæra" fræðslu að ræða, m. ö. o., slík fræðsla yrði aðeins gutl, því eins og ég tók fram áðan greinilega, þá eru stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði þau undirstöðuatriði, sem atvinnuvísindin byggjast á, og þær námsgreinar verða ekki kenndar nema af faglærðum mönnum, svo að fullkomnu vísindalegu gagni sé. Við höfum aðeins einn sérfræðing í einni þessari grein, efnafræðinni. Hann getur kennt í þeirri grein, en ekki öðrum. En það nær ekki nokkurri átt að byrja með því að láta fiskifræðing eða landbúnaðarfræðing kenna stúdentum á fyrsta ári stærðfræði og eðlisfræði, þær grundvallarfræðigreinar, sem verður að byrja á.

Við hv. þm. Snæf. viljum báðir styðja háskólann. Ég legg áherzlu á að innleiða þar ekkert fúsk. Það er mín metnaður, að skólinn standi jafnfætis erlendum háskólum í þeim greinum, er hann tekur fyrir, og ég álít, að hann eigi ekki að taka meira fyrir en hann getur sómasamlega staðið við, og það er að taka stúdentafræðsluna fyrstu tvö árin með sama fyrirkomulagi og tíðkast við háskóla erlendis, en lengra eigi hann ekki að fara fyrst um sinn.

Ég hefi í höndum skrá yfir þá íslenzka stúdenta, sem stunda nám erlendis. Þeir eru nú 90 talsins, og það eru æðimargar fræðigreinar, sem þeir stunda, t. d. hagfræði, vátryggingarfræði, verzlunarfræði, landafræði, dýrafræði, grasafræði, jarðfræði, eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði o. fl. Svo er verkfræði. Þar getur verið um fjórar og jafnvel sex greinir að ræða; svo er tannlækningafræði, lyfjafræði, byggingarfræði, gerlafræði og margar, margar fleiri fræðigreinir, sem ég hirði ekki að telja upp. En undirstöðuatriði allra þessara fræðigreina má kenna hér heima; það er hægt að leggja grundvöllinn að hverskonar sérmenntun hér, en toppinn verður að sækja til erlendra háskóla, að því er mér virðist. Þó við höfum sérfræðing í einu fagi, þá getur hann ekki veitt kennslu nema í því fagi. Hann getur aðeins starfað á sínu afmarkaða sviði. Ég álít, að einmitt þetta eigi að vera metnaður íslenzkra stúdenta, að eiga kost á sem fullkomnastri undirbúningsfræðslu fyrir sem flestar sérfræðigreinar, en að sækja verði toppinn af menntuninni til útlanda, meðan ekki eru hentugleikar á því að fá hana fullkomna hér á landi. Þess vegna er mér ákaflega illa við að slá því föstu, að gera að prófessorum í hinum nýju fræðigreinum aðra en þá, sem hafa fyllstu sérfræðimenntun í hverju fagi. Ég er sannfærður um, að með því er lagt út á skakka braut, og það hefir ekkert komið fram, sem afsanni þá skoðun mína.

Sigurður Einarsson: Mér heyrðist áðan í umr., að hv. þm. Snæf. væri að lýsa eftir óvilhöllu vitni í þessu máli, og þar sem mér heyrðist á honum, að sá hv. þm., sem hann átti þá orðastað við, væri tæplega fullnægjandi í því efni, þá ætla ég að reyna, hvort ég get gilt sem vitni, er hann tekur til greina, þó ég viti ekki, hver dómur bíður mín í því efni. En tvo góða eiginleika hefi ég til brunns að bera í þessu máli, sem varðar Háskóla Íslands. Annar er sá, að vera gamall nemandi úr háskólanum, og hitt, sem ef til vill er meira virði, og það er að vera ekki í skipulagsnefnd, en á þeim mönnum, sem þar eiga sæti, virðist hv. þm. Snæf. hafa tilhneigingu til að hafa lítla trú.

Það var eitt í ræðu hv. þm. Snæf., sem kom mér sem gömlum háskólanemanda til að taka til máls, og það var það, að mér fannst þar skína gegnum ræðu hv. þm., að þeir, sem ekki fylgdu hans frv., hefðu ekki rétt til þess að heita unnendur háskólans. En þetta er mesti misskilningur. Ég held, að það verði út af fyrir sig engu slegið föstu um það, hvorir vilji háskólanum betur, og a. m. k. finnst mér að það séu ekki þeir hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk.

Þegar ég var nemandi í háskólanum, þá var mér það ljóst, að hann hafði bæði marga kosti og marga ókosti, og í tilefni af þeim umr., er farið hafa hér fram, vildi ég rifja upp nokkuð af því, sem mér þótti mest ábótavant. Það er þá það fyrst, sem við nemendur fundum að háskólanum, að námið var óvísindalegt, auk þess, sem hér var fátæk stofnun, húsnæðislaus, er átti við marga fleiri erfiðleika að stríða. Ég býst ekki við, að nokkur í minni deild hafi verið svo hrokafullur að halda því fram, að kennslan væri vísindalega fullkomin. Og ég vil taka fram, að ég held, að munurinn á minni deild og öðrum deildum skólans hafi verið sáralítill. Ég segi þetta ekki af neinum kala til stofnunarinnar eða einstakra manna, en skólinn var eins og barn, sem er að rakna úr reifunum. Þess vegna hlýtur það að gleðja gamla nemendur, þegar tilraun er gerð til að ráða bót á þessu og háskólinn á að fá skilyrði til þess að verða vísindastofnun. En hingað til hefir hann alltaf verið fyrst og fremst arftaki þeirra þriggja embættaskóla, sem hann var stofnaður upp úr. Hann hefir m. ö. o. verið embættismannaskóli.

Í frv. því, sem fyrir liggur frá allshn., er m. a. stefnt að þessu tvennu: Fyrst að fullnægja margra ára ósk um það, að komið verði á stofn sem fjölbreyttustum vísindalegum rannsóknum fyrir atvinnuvegina, og í öðru lagi það, að þegar stofnuninni vex fiskur um hrygg, þá geti þar hafizt vísindaleg kennsla. Þó ég telji það ekki mitt verk að bæta upp hv. þm. Hafnf., þá held ég, að það sé þetta, sem hann átti við með því „að byrja á réttum enda".

Hv. þm. Snæf. taldi sig berjast fyrir sjálfs-

stjórn háskólans og taldi það atriði ásamt rannsóknarfrelsinu stofnuninni mest virði. Ég skal viðurkenna það, að sjálfsforræði háskólans er mikils virði, en ég vil skjóta því til hv. þm., hvort sjálfsforræði háskólans er ekki einmitt bezt tryggt með því að fara þær leiðir, sem háskólaráðið hefir mælt með. Nú er það upplýst, að frv. allshn. er samþ. af háskólaráði. Ég veit hinsvegar ekkert, hvað ráðið segir um frv. hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., en hv. sessunautur minn, 8. landsk. þm., skýtur því að mér, að tvær deildir skólans vilji samþ. það. Þetta má vel vera, en það liggur ekkert um það fyrir hv. þd. En það er skoplegt, ef það á að vera sérstakur talsmaður sjálfsforræðis háskólans, sem kappkostar að vinna gegn vilja og í trássi við meiri hl. háskólaráðs, með því að fylgja þeim tveim deildum, sem fara vilja sínar eigin götur. Hv. þm. Snæf. þykist vilja vernda háskólann gegn óvinum hans, með því að koma í veg fyrir, að samþ. verði frv. allshn., af því það stefni að því að rýra háskólann. En þar sem þetta sama frv. er samþ. af sjálfu háskólaráðinu, þá er stefna þessa hv. þm. og hv. 8. landsk. sú, að vernda háskólann gegn sjálfum sér. Það virðist ekki vera sem bezt samræmi í því, að þykjast vilja auka sjálfsforræði háskólans, en flytja til þess frv., sem háskólaráðið er mótfallið. Háskólaráðið hefir sýnt, að það er fylgjandi frv. því, sem var hér til umr. í gær, um að byrja á rannsóknum fyrir atvinnuvegina, og síðan að taka kennslu fyrir, er stofnuninni vex fiskur um hrygg, með því að vilja verja fé happdrættisins til bygginga í samræmi við það frv. Ég vil öruggt treysta því, að stefna háskólaráðsins muni vera skólanum fyrir beztu, en tel hitt hæpið, að stuðningur eða andstaða gegn frv. hv. þm. Snæf. sé nokkur mælikvarði á ræktarsemi gamalla nemenda og annara við háskólann.

Flm. (Thor Thors): Það eru nokkur atriði í ræðu tveggja hv. síðustu ræðumanna, sem ég vil svara. Hv. þm. Hafnf. sagði, að flokksbróðir sinn, hv. 2. þm. Reykv., væri ákaflega samvinnuþýður. Ég skal ekki efa, að hann geti verið það, en ég held þá, að sú hlið snúi aðeins að samflokksmönnum hans, en ekki andstæðingum. Ég býst við, að flokksmenn hans verði meir varir hliðu hans en við andstæðingar hans. Það er rétt hjá honum, að frv. meiri hl. allshn. er flutt í samráði við meiri hl. háskólaráðs; hv. 9. landsk. minntist á hið sama, en ég vil benda á það, að í svari háskólaráðs til hæstv. kennslumálaráðh. út af þessu frv. er það tekið fram, að háskólaráðið geti fallizt á frv. með því móti, að úr því væru felld nokkur atriði. Þetta hefir að vísu verið gert, ákvæðin hafa verið felld úr frv., en þó ekki betur en svo, að þó ákvæði þessi hafi verið felld úr frv. sjálfu, þá byggir grg. enn á þeim ákvæðum. Það hefir því ekki fyllilega verið gengið inn á skilyrði háskólaráðsins, og ennfremur segir háskólaráðið í bréfi sínu, að það áskilji sér rétt til þess að koma með brtt. við frv. á þinginu, ef því sýnist þess þörf við nánari athugun. Háskólaráðið hefir því enganveginn samþ. frv. eins og það er, heldur óskað að mega flytja brtt. við það. Háskólaráðið hefir því svipaða afstöðu til frv. og n. á Alþingi, sem vill, að eitthvert sérstakt mál nái fram að ganga og skrifar undir álit þess efnis, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. í málinu. Og hv. þm. vita, að þessi réttur nefndarmanna getur náð til verulegra málsatriða. Þó það hafi marizt í gegn að fá þrjá menn úr háskólaráðinu af fimm til þess að tjá sig frv. fylgjandi í aðalatriðum, þá er mér kunnugt, að fjórir af meðlimum háskólaráðsins hafa hug á því að koma með verulegar brtt. við þetta frv., sem allar stefna í sömu átt og okkar frv., og hv. 9. landsk. má enganveginn misskilja það, þó háskólaráðið hafi fallizt á þetta frv. í bili, þar sem það sér, að það, sem betra er, fæst ekki, og álítur því rétt að sætta sig við það, sem minna er. Afstaða háskólaráðs virðist því sú, að það tekur við öllu, sem að því er rétt, en eigi „með auðmýkt né knúsandi lotning", eins og mig minnir, að þessi hv. þm. hafi komizt að orði eitt sinn í vísu í skóla. Vilji háskólaráðsins er sá sami og var á síðasta þingi, er frv. um atvinnudeild var borið fram af kennurum háskólans, og þeirra óskir eru ennþá þær sömu og verið hefir.

Hv. 9. landsk. fór mörgum orðum um sjálfsforræði vísindastofnana og virtist því hlynntur, enda er svo, að engin menningarþjóð lætur sér sæma neitt annað en fullkomið sjálfsforræði sinna vísindastofnana, því að um leið og þær væru sviptar frelsi sínu væri girt fyrir allan vöxt þeirra og þróun. Það nægir t. d. að benda á, hve ríka áherzlu Englendingar leggja á það, að þeirra háskólar hafi algerð ráð yfir öllum sínum málefnum, ekki aðeins fullkomið sjálfsforræði til vísindalegrar starfsemi, heldur einnig fullkomin fjárráð. Þeir háskólar í hinu brezka heimsveldi, sem standa á traustustum gundvelli, eru háskólarnir í Oxford og Cambridge, sem eru algerlega sjálfstæðar stofnanir og óháðar ríkisvaldinu.

Þá vil ég aftur víkja að hv. þm. Hafnf. Mér fannst kenna þess hjá honum, að hann sem sá strangvísindalegi maður, eins og hann er eða vill vera, vildi gera fyllstu kröfur til vísindalegrar starfsemi háskólans. Ég verð að taka undir það, sem flokksbróðir hans, hv. 9. landsk., sagði, að Háskóli Íslands getur ekki, af þeim ástæðum, sem hann tók fram, orðið nokkurntíma fullkomin vísindaleg stofnun. Hv. þm. Hafnf. sagði, að að þessum mikilvægu málum og vísindagreinum, sem rætt er um í þessu frv., starfaði fjöldi sérfræðinga og prófessora erlendis. Það er rétt, en þetta sama á sér stað um aðrar deildir háskólans, sem nú eru starfandi. Það mun t. d. hvergi í heiminum þekkjast, að prófessorar í læknisfræði séu látnir kenna jafnmikinn fjölda vísindagreina og hér. Og hvergi nokkursstaðar þekkist, að prófessorar í lögfræði séu látnir kenna jafnmargar greinir lögfræðinnar og hér. Við höfum orðið að gera þetta, því að við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Hv. þm. Hafnf. spurði, hvaða heilvita maður gæti látið sér til hugar koma að láta prófessor í fiskifræði kenna stærðfræði. En hver er kominn til að segja, að prófessor í fiskifræði geti

ekki haft verulega þekkingu á stærðfræði? Á sama hátt mætti segja, að það sé óviðeigandi að láta sérfræðing í refsirétti kenna ríkisrétt, og eins mætti segja, að ófært væri að láta prófessor í lyfjafræði kenna handlækningafræði. Við verðum að blanda þessu saman að meira og minna leyti, vegna þess að við höfum ekki ráð á að halda við háskólann allan þann sérfræðingafjölda, sem stærri og ríkari þjóðir geta veitt sér.

Hv. þm. Hafnf. sagðist geta fallizt á, að það gæti orðið nokkuð mikið gagn að þessum fyrirlestrum fyrir þá stúdenta, sem ætluðu sér í atvinnudeildina, en vildi skopast að því, að ég hafði látið þau orð falla, að að því mundi verða eitthvert alþýðlegt gagn. Mér þykir það koma úr hörðustu átt, þegar maður úr Alþfl. skopast að því, sem kallað er alþýðlegt gagn, en ég vil telja það, að almennt gagn út af fyrir sig, þó að það sé ekki strangvísindalegt, sé spor í rétta átt. En mér fannst kenna missagnar í ræðu þessa hv. þm., þegar hann í sambandi við þetta atriði sagði, að upphafið væri ekki rétt að kenna hér, en sagði svo síðar, að undirstöðuna í þessum greinum mætti kenna hér við háskólann, en „toppinn" yrði að fá erlendis. Hér fundust mér rökin stangast.

Ég hygg, að það atriði sé réttara, að einmitt upphafið megi kenna hér heima, og þá sérstaklega með því að leiðbeina stúdentum um, hvaða bækur þeir eigi að lesa, og síðan komi svo „toppurinn" erlendis, ef þeir óska að fullnema sig vísindalega. Hv. þm. Hafnf. viðurkenndi í þessu sambandi, að nokkuð mætti draga úr straumi stúdenta til erlendra háskóla með stofnun atvinnudeildar, en ég hygg, að sá straumur verði aldrei stöðvaður, og ég efast um, að rétt væri að stöðva hann. Það eru til þær vísindagreinir, sem menn munu alltaf nema betur við stærstu háskóla erlendis heldur en hér heima. En það er annað, sem það getur haft áhrif á að stofna atvinnudeild, og það er, að með því er hægt að bjarga mörgum stúdentum úr læknadeildinni og lögfræðingadeildinni, þeim stúdentum, sem neyðast til að fara í þær deildir, frá því að eyða sínum beztu árum í nám, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki getur veitt þeim lífsviðurværi, og að þjóðin hefir ekki þörf fyrir á næstu árum. Þetta er ef til vill stærsta atriðið, að breyta þessum stúdentastraum, hvort sem hann verður kyrr innanlands af fjárhagsástæðum eða öðrum ástæðum.

Ég efast um, að þýði nokkuð að lengja þessar umr. Það er orðið nokkuð skýrt, hvað á milli ber, en í sambandi við það atriði, sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk., að hann teldi það litla ræktarsemi við háskólann, þó að atvinnudeildin væri stofnuð, þá vil ég minna á það, að þessi nýja deild miðar að því að gera háskólann fjölbreyttari og fjölþættari en áður. Hún miðar að því að gera honum kleift að taka við fleiri stúdentum en áður hefir verið, og gerir honum ennfremur kleift að senda frá sér kandidata og menntamenn út á fleiri svið þjóðlífsins en hingað til hefir verið. Ég vil telja, að þessi atriði, sem öll miða að því að efla og styrkja háskólann, hljóti að benda til þess, hvort um ræktarsemi til háskólans er að ræða eða ekki.

Emil Jónsson: Ég er að mörgu leyti ánægður með þessar umr., því að þær hafa nú um síðir komizt að kjarna málsins, svo að nú er hægt að taka skýra afstöðu með eða móti, og ég vænti, að hv. þdm. verði ekki í vandræðum með það.

Deilan snýst aðallega um það, hvort á að láta fiskifræðinginn kenna stærðfræði og landbúnaðarkandídata eðlisfræði. Ég hika ekki við að láta það í ljós, að ég vil heldur enga stærðfræði heldur en að láta fiskifræðinginn kenna hana, og enga eðlisfræði heldur en að láta landbúnaðarkandídat kenna hana. En þetta er atriði, sem hver gerir upp við sjálfan sig, eftir því sem hann hefir þekkingu og vit til. Það hefir einu sinni komið fyrir, að grasafræðingur hefir kennt mér stærðfræði, og það er sú aumasta kennsla, sem ég hefi nokkurntíma fengið. Var þó maðurinn mjög vel fær á sínu sviði, sem var raunar allt annað en stærðfræði.

Þá vildi hv. þm. Snæf. skopast að því, eða snúa út úr því, sem ég sagði um „populæra" fyrirlestra, og vildi þýða það sem alþýðlega fyrirlestra. Ég veit, að þetta er sagt á móti betri vitund. Hann veit vel, hvað er meint með „populærum" fyrirlestrum og háskólafyrirlestrum. Háskólamenntun byggist á strangvísindalegum grundvelli, þar sem teknir eru hinir færustu menn, sem völ er á, til þess að hægt sé að taka málin eins föstum tökum og eins vísindalega og unnt er. Aftur á móti miðar þetta fyrirlestrahald, sem ég nefndi „populæra" fyrirlestra — og ekki er rétt þýtt að kalla alþýðlega fyrirlestra — að því að segja mönnum frá ýmsum hlutum almennt, án þess að rekja rætur þeirra ofan í kjölinn. M. ö. o. að láta menn fá yfirborðsþekkingu án þess að rekja orsakir og afleiðingar eins langt og hægt er. Þetta er munurinn á þessu tvennu. Ég veit, að hv. þm. gerir sér það ljóst, þó að hann væri að reyna að snúa út úr fyrir mér. Ég vildi með þessu sýna fram á, að það er óheilbrigt, þegar háskólanámið er komið í það horf að vera yfirborðsfræðsla, því að það er í raun og veru rétta þýðingin á því orði, sem ég notaði, en ekki hitt, sem hv. þm. vildi kalla alþýðlega fræðslu.

Þá eru tvö atriði ennþá, sem ég vildi minnast á. Hv. þm. sagði, að háskólaráðið hefði ekki samþ. frv. eins og það lá fyrir. Ég kann þessu illa, því að ég veit ekki betur en formaður háskólaráðsins og rektor háskólans hefðu verið með okkur á fundi, þegar gengið var frá frv. Og ég man eftir, að ég spurði hann, hvort hann gæti fellt sig við frv. eins og það lá fyrir, og kvað hann já við því, og ætla ég, að hann beri ekki á móti því.

Þá minntist hv. síðasti ræðumaður á sjálfsforræði þessarar deildar. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr frv. okkar síðari málsgr. 14. gr.:

„Kennarar rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennum fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans."

Það er enginn munur á yfirstjórn þessarar

deildar eftir að hún er komin í gang og hinna annara deilda háskólans. Þess vegna er það rangt, að yfirráð þessarar deildar séu hrifsuð undir aðra aðila heldur en aðrar deildir háskólans, sem fyrir eru. En hitt er annað mál, að með rannsóknarstofnuninni er því komið nokkuð öðruvísi fyrir, þar sem atvmrh. er ætlað að hafa yfirstjórn hennar að nokkru leyti, til þess að geta lagt fyrir hana nauðsynleg verkefni, sem hann telur mest aðkallandi.

Ég hefi tilhneigingu til, ef ég væri ekki búinn með minn ræðutíma, að fara nokkuð út í þær greinar frv. hv. þm., þar sem felld eru niður yfirráð atvinnuveganna með öllu móti yfir þessari rannsóknarstofnun, en ég get kannske síðar fengið tækifæri til þess.

Þá minntist hv. þm. á, að það kenndi nokkurs tvískinnungs hjá mér, þegar ég talaði um, að undirstaðan ætti að nemast hér heima, en „toppinn" yrði að fá erlendis, og svo hinsvegar, að sumir menn gætu tekið að sér að kenna hann hér heima. Það má vera, að við fljótlega athugun virðist þetta vera einhver tvískinnungur, en svo er þó alls ekki. Mín meining er sú, að aðalstarf þessarar deildar eigi að vera undirbúningur, en í þeim einstöku fáu tilfellum, sem „toppinn" er hægt að fá hér heima, þá getur verið, að mögulegt sé að fá specialista, tvo, þrjá eða fjóra, sem geta útskrifað kandidata. En það verður ekki aðalatriðið, heldur hitt, að undirbúa. Þess vegna hefir mér aldrei dottið í hug, að stöðvaður yrði straumurinn til útlanda, en ég álít mikið undir því komið að mega taka tvö til þrjú fyrstu árin hér heima. Ég vænti þess, að um það getum við orðið sammála.

Sigurður Einarsson: Ég hafði tekið eftir þessum orðum í bréfi háskólarektors, sem hv. þm. Snæf. vitnaði í. Niðurlag bréfsins er ósköp einfalt; háskólaráðið hefir áskilið sér rétt til þess að koma fram með brtt. við frv., ef því sýndist þess þörf eftir nánari athugun á því. Bréfið er dagsett 4. marz. Það er því orðið langt síðan. Ég ætla að gera ráð fyrir, þar sem um svona mál er að ræða, að sú nána athugun, sem háskólarektor gat um, hafi nú þegar farið fram, en við umr. málsins gaf sig enginn fram með brtt., sem háskólarektor hefði viljað gera, svo að þetta út af fyrir sig hefir ekkert að segja. Það er óviðfelldið að vera að vitna í það, sem fer á milli manna í einkamálum eða einkaviðræðum, en ég hefi átt tal við prófessora í háskólanum um þetta mál og sé enga ástæðu til þess að taka það hátíðlega, að þessu frv., sem hv. meiri hl. allshn. flytur, sé á neinn hátt kúgað upp á háskólaráðið. Ég hefi ástæðu til þess að ætla, að háskólaráðinu sé alls ekki óljúft að fá þessa merkilegu og miklu aukningu við háskólann, enda hefði það varla farið að kaupa hana því verði, sem raun er á, ef þeim væri það óljúft.

Svo er eitt enn, sem ég ætla að minnast á, rétt til gamans í þessum umr. í lokin. Hv. þm. Snæf. játaði, að því er snerti þá kennslu, sem hann í sínu frv. gerir ráð fyrir að fari fram, að hún geti orðið að talsverðu gagni, þó að hún yrði ekki strangvísindaleg. Og mér fannst, ef ég hefi ekki misskilið hann, að hann játaði með þessum orðum, að svo mundi fara, að þetta yrði ekki strangvísindaleg kennsla. En í lok ræðu sinnar kvað hann nytsemina af sínu frv. vera einkum þá, að með því, sem þar er gert ráð fyrir, væru háskólanum gefnir möguleikar til þess að taka fleiri stúdenta og senda fleiri kandidata út á fleiri svið þjóðlífsins. En í 3. gr. frv. segir svo, að kennslu og próf skuli ákveða í háskólareglugerð, en þó megi fresta að veita deildinni prófréttindi að einhverju leyti eða öllu. M. ö. o., hv. þm. gerir ráð fyrir, að því verði frestað að veita henni prófréttindi, en samt ætlar hann að láta þessa deild senda fleiri kandidata út á fleiri svið þjóðlífsins. — Það má hv. þm. Snæf. vel vita, að það munu ekki margir stúdentar stunda nám í þessari deild, sem þeir eru vissir um, að ekki verður skoðuð sem vísindastofnun og þeir tækju aldrei próf frá og þar af leiðandi yrðu aldrei skoðaðir sem kandidatar. Þetta er því eitthvað losaralegt, og ég fæ ekki skilið, að það fylgi ströng alvara málum hjá hv. þm. Snæf., þegar hann er að tala um hina mörgu væntanlegu kandidata, sem eigi að útskrifast frá þessari deild, þar sem svo í 3. gr. frv. er svo kveðið á, að engin próf skuli taka í deildinni, eða a. m. k. ekki að fullu.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég mun ekki lengja mikið umr. um þetta mál á þessu stigi. Það verður efalaust athugað í n. og við 2. umr.

Mér skilst, að það sé ekki mikill ágreiningur um það, að þeirri rannsóknarstofnun, sem gert er ráð fyrir í báðum frv., sé svipað fyrir komið í þeim báðum. Henni er skipt í jafnmargar deildir og það eru jafnmargir menn, sem eiga að starfa við hana eftir báðum frv. Það, sem ágreiningurinn virðist vera um, er það, hvort jafnframt því, að þessir menn, sem eiga að hafa á hendi vísindalega starfsemi, eigi að vera kennarar við háskólann eða ekki. Ég verð að segja, að mér finnst sú mikla andstaða, sem hv. þm. Hafnf. kom fram með gegn frv., sem einmitt byggðist á þessu atriði, vera undarleg, þegar hann í öðru orðinu segir, að það sé knýjandi nauðsyn að efla háskólann sem mest og gera hann svo fjölþættan, að þeir stúdentar, sem nú leita út fyrir landsteinana, þurfi þess ekki. Ég skil ekki, ef efni þessara tveggja frv. er að þessu leyti til shlj. og ef hv. þm. jafnframt álítur, að það beri að efla háskólann, hvers vegna hv. þm. vill ekki ganga einhverja miðlunarleið á móti okkur, sem flytjum þetta frv. til þess einmitt að geta fullnægt þessu atriði.

Hv. þm. hefir sagt það í öllum ræðum, sem hann hefir flutt í þessu máli, að hann vilji ekki láta kennsluna vera neitt kák. Nú hefir þessi hv. þm. alls ekki sannfært mig um það, að þeir menn, sem gert er ráð fyrir, að starfi í atvinnudeildinni og hafi hinar aðrar undirdeildir, séu ekki svo faglærðir, að þeir geti tekið að sér þessa kennslu á vísindalegan hátt. Ég vil benda á, að samkv. okkar frv. eiga að starfa þarna auk prófessors í búnaðarvísindum, annars í fiskifræði og þriðja í efnafræði, aukakennarar, ekki fleiri en 6 samkv. nánari ákvæðum reglugerðar, eða 9 kennarar alls.

Nú fæ ég ekki séð annað en að þessir þrír prófessorar og hinir aðrir 6 menn, sem gert er ráð fyrir, að kenni í þessari deild, séu færir um að kenna undirstöðuatriðin, sem hv. þm. Hafnf. var að tala um, auk þess að alltaf mætti auka við starfskrafta. Ég er því viss um, að hv. þm. er ekki á móti þessu frv. vegna þess, að það sé óframkvæmanlegt, heldur miklu fremur vegna hins, að það virðist vera „princip" hjá sósialistum, að það „pródúkt", sem kemur frá þeirri rauðu nefnd, sem hv. þm. á sæti í, sé svo gott, að ekki megi þynna það út með till. sjálfstæðismanna. Þessu til sönnunar skal ég ennfremur benda á, að í 14. gr. frv. meiri hl. allshn. er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem samkv. báðum frv. eiga að starfa við rannsóknarstofnunina, skuli vera kennarar í þessari kennsludeild háskólans. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp 14. gr. frv.:

„Þegar því verður við komið, að dómi rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra, að tekin verði upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, skulu starfsmenn stofnunarinnar annast kennsluna. Kennarar rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennum fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans."

„Þegar því verður við komið", segir í 14. gr. frv., skulu starfsmenn stofnunarinnar annast kennsluna. Það er ekki annað, sem við förum fram á. En ef þetta er ekki nægilegt samkv. okkar frv., hvernig getur það þá verið það samkv. frv. meiri hl. allshn.? Og ef það er ekki, hvers vegna hefir þessi hv. þm. þá ekki sett ákvæði um það, hverjir skuli kenna þessi undirstöðuatriði, stærðfræði og efnafræði? (**EmJ**: Það stendur ekki, að þeir eigi að vera einir). Má þá ekki líka bæta við samkv. okkar frv.? (**EmJ**: Það stendur í frv. hv. þm., að þeir megi ekki vera fleiri en 9). Já, við rannsóknarstofnunina, það er rétt. En ef þetta atriði þarf að leysa, hvers vegna getur hv. þm. þá ekki sagt hreint út, að það sé ekki nóg, að þeir séu 9? Við fastbindum okkur ekki við þessa tölu. Það er ekkert aðalatriði. En það stendur í 14. gr. frv. meiri hl. allshn., hverjir það eru, sem eiga að annast þessa kennslu, og ég vil benda á það, að í frv. því um Háskóla Íslands, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir, að deildir hákólans séu 5, guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild. Menntmn. flytur þetta frv. óskipt og gerir ráð fyrir því, að atvinnudeildin sé ein af deildum háskólans. Þetta væri léleg deild innan háskólans, ef engin kennsla gæti farið þar fram. Ég hygg, að hv. þm. vilji ekki halda því fram í alvöru, að ekki sé nauðsynlegt, að þessir menn, sem þarna vinna í þágu vísindanna, ekki færri en 9, og kostnaðaráætlun stofnunarinnar um 100 þús. kr., hafi á hendi kennslu við háskólann. Því má ekki setja ákvæði um það í reglugerð, að fara skuli fram kennsla í þessum greinum við háskólann, jafnvel þótt hún yrði ekki svo fullkomin, að hægt væri að leysa stúdenta út með prófi, sem jafnaðist á við próf í þessum fræðum erlendis? Væri nokkuð á móti því, að þessir starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar héldu samt uppi kennslu? Ég fæ ekki séð það. Við verðum að bíta í það súra epli að lúta að því bezta fáanlega, og þeir menn myndu verða fegnir, sem á annað borð vildu setja sig inn í þessi fræði, að njóta þeirrar fræðslu, sem hinir 9 menn myndu geta veitt. Hvers vegna ekki að leita allra bragða til þess að veita stúdentastraumnum inn á aðrar brautir en hingað til hafa verið farnar hér? Öllum er vitanlegt, að þekking í þessum efnum, sem hér um ræðir, þótt ekki væri alfullkomin, gæti hjálpað stúdentunum á ýmsan hátt til að afla sér atvinnu.

Hv. þm. sagði, að rektor háskólans hefði þegar gengið inn á frv. og lýst yfir því, á fundi, að hann væri því samþykkur. Með allri virðingu fyrir rektor háskólans, þá vil ég segja það, að hann hefir ekki talað þarna í umboði háskólaráðsins, því að það var klofið í málinu, og meiri hl. kennara háskólans var á móti frv. n., þótt meiri hl. háskólaráðs væri e. t. v. með því. Þetta veit hv. þm. Hafnf., þótt hann vilji dylja það fyrir d., og ef hann og hv. 9. landsk. vilja fá rétta umsögn um málið, þá skora ég þá að beita sér fyrir því, að flokksbróðir þeirra, sósialistinn Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv., form. allshn., sendi háskólaráði og hinum einstöku deildum háskólans frv. til umsagnar. Það ætti að vera þeim ljúft, ef þeir eru eins vissir um fylgi þessara aðilja og þeir láta.

Emil Jónsson: Hæstv. forseti gaf mér bendingu um það, að ég hefði þegar talað þrisvar. Ef það á að vera almenn regla, að menn tali ekki í 4. sinn, þá mun ég að sjálfsögðu hlíta því, en að öðrum kosti vil ég sitja við sömu kjör og aðrir.

Ég hefði viljað svara mörgu af því, sem hv. 8. landsk. sagði, en skal sleppa því, og minnast aðeins á 2 atriði. Hv. þm. sagði, að það mætti gera það að skilyrði fyrir veitingu starfa við rannsóknarstofnunina, að mennirnir gætu annazt kennslu við háskólann. Þetta er ekki hægt vegna þess, að til þess að geta kennt þurfa þeir að hafa háskólapróf í kennslugreinunum, og fæstir hafa próf nema í einu fagi. Hitt atriðið er það, að hv. þm. óskaði eftir því, að frv. væri nú sent háskólanum til umsagnar, bæði háskólaráði og hinum einstöku deildum. Þarna gætir varhugaverðs hugsanagangs í sambandi við málið, nfl. að draga það á langinn. Það eru möguleikar fyrir því, að hafin verði bygging á komandi sumri, en því aðeins, að l. verði samþ. nú, áður en þingi verður frestað, sem menn ætla, að verði um eða laust eftir mánaðamótin. Það er því auðsætt, að málinu er stefnt í voða með því að endursenda það háskólanum. En þetta er eina „positiva" till., sem hv. 8. landsk. gerir í málinu. Ég vil vara hv. þm. við að taka þátt í þessum banaráðum við málið. Háskólaráðið hefir haft málið til umsagnar. Þeir fengu það fjölritað og hafa haft ástæðu til að kynna sér það eftir vild. Meiri hl. háskólaráðsins hefir lýst sig fylgjandi frv. því, sem meiri hl. allshn. ber fram. Hið eina, sem gæti hafzt upp úr því að senda málið til háskólans á ný, er að tefja

það um eitt ár, og e. t. v. er það tilgangur hv. 8. landsk.

Flm. (Thor Thors): Ég get, eins og hv. þm. Hafnf., látið í ljós ánægju mína yfir þessum umr., því að þær munu hafa skýrt málið fyrir þingheimi. Virðist vera aðalatriðið, hvort atvinnudeildina skuli stofna nú þegar, eða bíða eftir því, að vísindamenn séu til í öllum þeim greinum innan stofnunarinnar, sem kennsla á að fara fram í. Ef hnigið er að því ráði að bíða, hlýtur að verða frestur á framkvæmdum um alla ófyrirsjáanlega framtíð. Því að það veit hv. þm. eins vel og ég, að svo margar vísindagreinar munu verða innan stofnunar þessarar, að áratugir hljóta að líða þangað til við eigum sérfræðinga á öllum þeim sviðum, sem færir eru um að takast á hendur kennslu við háskólann.

Hv. þm. heldur því fram, að það sé talsverður munur á því að halda vísindalega fyrirlestra eða „populæra" fyrirlestra. Hann þarf ekki að fræða mig um þetta. Mér er það fullkomlega ljóst. En samkv. þeirra frv. eiga ekki að vera vísindalegir fyrirlestrar og ekki heldur alþýðlegir fyrirlestrar, og yfirleitt engin kennsla. En við viljum hafa bæði vísindalega fyrirlestra og alþýðlega, því að það er okkar skoðun, að fjöldi alþýðumanna sé það vel að sér um þessi mál, að þeir geti haft full not að því, sem hv. þm. kallar „populæra" fyrirlestra. Annars fer það vel saman við þessa skoðun hv. þm., sem fram kemur í frv., hvernig gengið er frá stofnun atvinnudeildar samkv. því, því að rannsóknarstofnunin sjálf á ekki að vera einráð um það, hvenær kennsla verður tekin upp, heldur þarf atvmrh. að leggja samþykki sitt á það, áður en hún tekur til starfa; m. ö. o., hvaða atvmrh. sem er getur tafið það atriði um ófyrirsjáanlegan tíma. Og út frá því, sem sagt hefir verið um sjálfsforræðið, þá er það skemmt með því, að fulltrúar frá atvinnuvegunum eiga að ráða yfir rannsóknum stofnunarinnar, sem hljóta þó alltaf að verða annar aðalþáttur þessa fyrirtækis. Yfirráðin eru líka næsta þýðingarlítil og óþörf, því að atvinnuvegirnir geta á hvaða tíma sem er fengið eðlilegum kröfum sínum framfylgt hjá þessari stofnun, ef hún er sérstök vísindaleg stofnun, sem ætlazt er til.

Út af því, sem hv. þm. Hafnf. sagði síðast, að okkur gengi það til með því að vilja endursenda frv. til háskólans, að hindra framkvæmdir nú í sumar í máli þessu, þá er vel hægt að láta til skarar skríða í þessu máli, þótt svo færi, að l. næðu ekki samþykki nú. Það má með einfaldri þáltill. í Sþ., sem allir flokkar gætu sjálfsagt fallizt á, skora á ríkisstj. að sjá um, að hafizt verði handa um byggingu rannsóknarstofnunarinnar, í trausti þess, að frv. nái fram að ganga í byrjun næsta þings. Það þarf ekki að tefja framgang málsins, þótt það fái þann undirbúning og rannsókn, sem því ber. Það er skylda Alþ. að ganga svo frá þessu máli, að það megi til frambúðar standa.

Ræðu hv. 9. landsk. þarf ég ekki mörgu að svara. Hann virtist kveinka sér undan því, að ég fór hér með saklausan vísupart eftir hann, skáldskap, sem hann þarf ekkert að skammast sín fyrir og hann var mjög ánægður með á skólaárum sínum og lét okkur alla heyra. Tel ég það ekki að róta upp í einkamálum manna, þótt farið sé með slíkan skáldskap sem þennan. En ef þessi hv. þm. er allt í einu orðinn svona viðkvæmur gagnvart einkamálum manna, þá ætti hann að rannsaka vel framkomu sína gagnvart mönnum, sem ekkert hafa gert honum nema gott eitt, og gæti þá rifjast upp fyrir honum „ræktarsemin", svo að ég noti hans eigin orð. — Hv. þm. skopaðist að því, að ég sagði, að atvinnudeildin ætti að senda kandídata út á fleiri svið, en hefði þó sagt jafnframt, að því mætti fresta, að deildin fengi prófréttindi. Þetta er ekkert ósamræmi. Þegar heimspekideildin var stofnuð, var í l. þetta sama ákvæði, að fresta mætti því, að d. fengi prófréttindi. Nú hefir þessi deild samt sent frá sér marga kandídata, og eins er ætlazt til, að atvinnudeildin geri, þótt ekki sé það fyrirskipað í öndverðu. Hafi hv. þm. ætlað að verða fyndinn — og hann lét þess getið í upphafi, að svo ætti að verða, enda var það vissara, því að enginn hefði annars tekið eftir því —, þá hefir það mistekizt og hann skotið algerlega yfir markið með fyndni sinni.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. þóttist ekki hafa tíma til að svara nema tveimur atriðum í minni ræðu, en kvaðst mundu hafa getað svarað miklu fleiru. Það, sem hann fyrst og fremst virtist leggja áherzlu á, var það, að ef þessir menn, sem eiga að starfa við hina tilvonandi atvinnudeild, ættu að kenna stærðfræði og efnafræði o. s. frv., þyrftu þeir að hafa háskólapróf. Nú hefi ég áður bent þessum hv. þm. á það, að það er ekkert, alls ekkert, sem út af fyrir sig útilokar það, að einn eða fleiri af þessum nýju mönnum, sem samkv. frv. má gera ráð fyrir, að starfi við þessa deild, hafi háskólasérmenntun í þessum undirstöðuatriðum, sem hann talar um. Ég fæ ekki séð, hvers vegna hann vill stöðugt berja höfðinu við steininn og segja, að þetta samræmist ekki, — það sé verið að byrja á öfugum enda, þótt með reglugerð eða brtt. við þetta frv. megi koma því svo fyrir, að vissir menn, 2 eða fleiri, sem eiga að starfa við þessa deild, hefðu þá háskólamenntun, sem nauðsynleg væri. Hv. þm. getur ekki sannfært neinn um, að ekki sé hægt að koma þessu fyrir, enda gefur hann þá sjálfum sér laglegan kinnhest með því að vísa til 14. gr. í hans eigin frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að þessir 9 menn starfi allir sem kennarar, þegar kennsla á að hefjast við háskólann, án þess að hann hafi komið fram með nokkuð, sem bendi í þá átt, að stofna þurfi 3 prófessorsembætti að auki. Það er hægur vandi að leysa þetta mál á þann hátt, að allir gætu orðið ánægðir, ef sósialistarnir bara vildu. Og það er einkennilegt, að hv. þm. Hafnf. skuli, jafnframt því að hann lýsir yfir því, að þörf sé á því að koma þessari atvinnudeild á stofn við háskólann, segja í lok sinnar ræðu, að hann sé reiðubúinn að greiða atkv. gegn þessu frv., sem hér liggur fyrir og miðar í þessa átt og er samið í samráði við prófessora Háskóla Íslands. Hann vill drepa frv., þótt

hann viðurkenni nauðsynina á stofnun atvinnudeildar, sem frv. fer fram á. Ég teldi nú, að ef hv. þm. Hafnf. og hv. 9. landsk. eru alveg eins vissir um fylgi háskólans við þetta frv. þeirra, vissir um, að með því yrði mælt, en gegn okkar, þá bæri þeim að senda frv. til umsagnar, því að af bréfi rektors verður eigi annað séð en að hann ætlist til þess, að frv. komi enn til háskólans. Hv. þm. Hafnf. sagði — og kom að mínu áliti illa upp um sig þar —, að það væri sama og senda frv. út í opinn dauðann, ef háskólaráðið fengi það aftur. Ég fæ ekki séð, að hægt sé að fá betri yfirlýsingu um vondan málstað og vissu fyrir því, að þetta frv. þeirra sé að innihaldi verra en okkar, ef því er ekki hugað líf af sjálfum flm., fái háskólinn að fjalla um það nú. (**EmJ**: Þetta er útúrsnúningur. — **Fjmrh.**: Já, af versta tægi). Hv. þm. Hafnf. sagði þetta. En það er hinsvegar ekki að senda málið út í dauðann, þótt það nái e. t. v. ekki samþykki fyrir 1. apríl næstk. Nei, það er málstaðurinn sjálfur, sem hv. þm. veit, að er dauðvona. Það er rétt, sem hann sagði, að málið er dautt, ef það er sent til háskólans aftur, af því að nú liggur fyrir frv., sem háskólaráðið miklu heldur vill. Þegar frv. meiri hl. allshn. var lagt fyrir háskólaráðið, þá lágu engar aðrar till. fyrir í málinu; annaðhvort var að hafna þessu boði eða taka því eins og það lá fyrir. Háskólaráðið vildi heldur frv. n. en fá engin l. um þetta efni, en ef þeir ættu nú kost á að velja, myndi háskólaráðið hafna þeirra frv., en taka okkar, og því er það rétt, sem hv. þm. Hafnf. sagði, — málið er dauðvona, ef það fer þangað. En til frekari áherzlu vil ég benda á það, að þótt frv. nái samþykki fyrir þingfrestun, liggur ekkert fyrir um það, að hin fyrirhugaða bygging verði hafin á næsta sumri. Eða vill hv. þm. skýra mér frá því, hvar og hvenær hafa verið gerðir samningar milli háskólaráðsins og ríkisstj. um það, að bygginguna skyldi byrja á komandi sumri? Ég get bent á það, að í 15. gr. frv. stendur: „Rannsóknarstofnunin tekur til starfa þegar Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði, enda greiði rannsóknarstofnunin til háskólans helminginn af því fé, sem henni ber samkv. fyrri málsgr. þessarar greinar, upp í byggingarkostnað". M. ö. o., það er sett sem skilyrði fyrir því, að hún taki til starfa, að háskólinn sjái henni fyrir húsnæði. Nú er það kunnugt, að það er háskólaráðið, sem ræður yfir fé háskólans, og það liggur enginn samningur fyrir um það, að fé háskólans skuli notað til þessa nú í sumar. Því getur þá hv. þm. fullyrt, að byrjað verði á þessari byggingu strax að lögunum samþ.? (**EmJ**: Hvað hefir hv. þm. fyrir sér í þessu?). Ég veit það frá háskólaráðinu, að engir samningar liggja fyrir. Það getur verið, að skipulagsnefndin hafi „skipulagt" þetta allt hjá sér, en Rauðka er nú ekki sama og háskólaráðið, sem betur fer.

Sigurður Einarsson: Mér þykir það nú hátíðlega orðað hjá hæstv. forseta, að hann ætlaði að veita mér orðið til þess að bera af mér sakir. En ég vil þá nota mér þann rétt til þess að gera nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Snæf., sem gerði mér þá sæmd og gleði að minnast skáldskapar míns frá æskuárunum, sem ég sjálfur var nú búinn að gleyma. Ef ég tæki mig til, mundi ég einnig geta rifjað eitthvað upp af skáldskap eftir hann, sem sízt væri betra. Annars er það einkennilegt, að það, sem hv. þm. nefndi skáldskap, var vísa, er ég orti í tilefni af þeirri verstu einkunn, sem ég hefi fengið í nokkurri námsgrein. En þar kenndi líka grasafræðingur stærðfræði jafnvísindalega og hv. þm. Snæf. vill láta gera í háskólanum samkv. frv. sínu.

Hv. þm. Snæf. misskildi vafalaust það, sem ég nefndi einkamál; honum hættir yfirleitt til þess að vera nokkuð hörundssár og hikar þá ekki við að rangfæra. Hann um það.

Ég ætlaði ekki að víkja persónulega að einstökum prófessorum háskólans, en ég gat ekki skilið annað en þeir væru sammála um frv. það, er meiri hl. allshn. flytur, og skil það ekki enn.

Þá var það ódýr fyndni, að ég hefði tilkynnt, að ég ætlaði að verða fyndinn í minni ræðu; en ég sagði aðeins, að ég ætlaði að benda á, til gamans, nokkur atriði í ræðu hv. þm., sem ekki væru í samræmi við það, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu. Þetta var nú öll fyndnin, sem ég boðaði. En í lok ræðu hv. þm. skaut upp atriði, sem skiptir miklu máli, þar sem hann sagði, að ekki skaðaði, þó afgreiðsla málsins drægist; það mætti eins byrja að byggja í sumar fyrir því, — það mætti ráðstafa þangað öllu happdrættisfénu, eða tryggja það á annan hátt með þál. En ég tel mjög vafasamt að hefjast handa meðan allt er svo óbundið. Sé ég ekki annað en þetta sé tilraun til þess að fá þingið til að aka málinu af sér, en það ætti þó að fá að ráða nokkru um, í hvaða sniði byggt verður.

Nú þykir mér miður, að hv. 8. landsk. er ekki við. Hann vill senda háskólanum frv. aftur til umsagnar, en ég sé ekki betur en það sé hinn mesti óþarfi og ástæðulaust að gera ráð fyrir þeim vindhanahætti frá hálfu háskólans, að umsögn hans yrði ekki á sama hátt og áður.

Einnig verð ég að segja, að ég varð hissa, þegar hv. 8. landsk. fór að tala um að senda frv. einstökum deildum háskólans til umsagnar. Mér kom það á óvart vegna þess, að það er að gera ráð fyrir og ala á óheppilegri óeiningu innan háskólans sjálfs, sem ég vil ekki gefa ástæðu til. (**Forseti**: Þetta var aðeins aths.). Ég er líka alveg búinn, herra forseti.

Flm. (Thor Thors): Út af orðum hv. síðasta ræðumanns, 9. landsk., vil ég taka það fram, að atvinnudeildin á að geta sent frá sér útskrifaða menn, þó þeir hafi ekki prófessorsréttindi. Ég vil einnig mótmæla því, að við séum að tefja málið, þó við viljum láta það fá nægan undirbúning. Þó málið væri afgr. með þál., gæti hún verið svo ákveðið orðuð, að allir aðilar væru skyldugir til að fylgja henni, og ef allir flokkar stæðu saman að því að samþ. hana, er það algerlega rangt, að það sé laus grundvöllur undir málið.

Ég er annars hissa, hvað hv. þm. er viðkvæmur fyrir því, þó hann sé nefndur skáld; flestir aðrir eru upp með sér af því. Ég skal svo ekki

blanda mér inn í, þó hv. 9. landsk. væri að ámæla 9. landsk. fyrir vindhanahátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 230, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Vegalagabreyting.

Á 26. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 114).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Thor Thors): Þetta frv. miðar að því, að teknir verði í tölu þjóðvega nokkrir vegakaflar á Snæfellsnesi. Þegar vegalögunum var breytt árið 1933, var látið hjá líða að taka í þjóðvegatölu þær leiðir, sem frv. þetta fjallar um. Liggja til þess sterk rök, að þetta verði leiðrétt þegar í stað og sveitum þessum ásamt kauptúninu á Hellusandi komið í viðunandi samband við vegakerfi landsins svo fljótt sem fjárhagur ríkissjóðs leyfir.

Heilar sveitir eru gersamlega útilokaðar frá þjóðvegakerfi landsins, og ég fullyrði, að allir þessir vegir eru mjög mikið áhugamál allra þeirra, sem á þessu svæði búa.

Þessar tillögur eru ekki nýjar hér á Alþingi. Á síðasta þingi kom fram frv. um að gera suma af þessum vegum að þjóðvegum, og var það flutt af hv. 4. landsk., form. Alþfl., og hv. þm. S.-Þ., form. Framsfl., svo að á því geta hv. þdm. séð, að hér er ekki um flokksmál að ræða. Ég vænti því, að þingheimur geti fallizt á að láta það ganga fram. Ástæðan til þess, að ég flyt þetta frv. nú, er sú, að þegar ég var síðast á ferð í kjördæminu, bárust mér eindregnar óskir um að flytja málið.

Ég leyfi mér svo að vísa til grg. við frv., þar sem nánar er skýrt frá þörfinni fyrir þessa vegi, og mun að öðru leyti ekki fjölyrða meira um það, en leyfi mér að óska þess, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt nál. frá samgmn., á þskj 730, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Sauðfjárbaðanir.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 131).

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því að það er búið að ræða talsvert um það í sambandi við annað frv. Við flm. þessa frv. höfum leyft okkur að bera það fram til breyt. við l. um sauðfjárbaðanir. Vona ég, að allir hv. þm. geti orðið sammála um þetta, hvort sem frv. um útrýming fjárkláðans verður að l. eða ekki, því að það er nauðsynlegt að tryggja gagnsemi sauðfjárbaðana á líkan hátt og gert er ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Þetta mál er búið að vera til umr. í hv. landbn. og þarf því ekki að fara til hennar aftur, og vona ég, að hv. d. geti fallizt á að láta málið ganga sinn gang áfram.

Jón Pálmason: Það er dálítið skrítið að heyra hv. flm. þessa frv. segja, að þetta mál sé búið að vera til umr. í landbn., því að þangað hefir það alls ekki komið í þeirri mynd, sem það kemur hér fram, heldur kom það fram í breytingarformi við frv. um útrýming á fjárkláða. Ég verð að líta svo á, að þau breytingarákvæði, sem felast í þessu frv. við lögin um sauðfjárbaðanir frá 1914, séu þannig vaxin, að hæpið sé, hvort þær breyt. séu til bóta eins og sakir standa. Mér skilst, að það, sem aðallega er farið fram á í þessum breyt., sé fyrst og fremst það, að ákveðið er, að sauðfjáreigendur mega ekki nota nema eina tegund lyfja til þrifabaðana, sem ákveðin er af ríkisstj. í samráði við forstöðumann rannsóknarstofnunar háskólans. Mér finnst þetta vera vafasöm ákvörðun, ekki af því, að ég vantreysti hæfileikum forstöðumannsins í þessu efni, og að sjálfsögðu má ætlast til þess af okkur landbnm., að við hlýðum hans fyrirskipunum um útrýming kláðans, heldur af því, að það er öðru máli að gegna um almennar þrifabaðanir. Það atriði vil ég ekki lögbinda að svo stöddu. En aðalbreytingarákvæðið í þessu frv. er þó það, að það er skilyrðislaust lögboðið, að séð verði um, að steypt sundþró verði á hverju heimili í landinu. Það er vitanlega gott að koma þessu á, en eins og nú standa sakir, er ég því algerlega mótfallinn, að þetta atriði verði lögboðið, því að aðstaða ýmsra bænda er svo bágborin, að þeir eiga ómögulegt með að koma ýmsu því í verk, sem ekki er unnt að komast hjá að gera, og geta því ekki unnið önnur verk.

Frá þessum báðum sjónarmiðum séð legg ég

eindregið á móti því, að þetta frv. gangi áfram, því að ég tel eins og sakir standa fullnægjandi, að þrifabaðanalögin haldi áfram að vera í gildi eins og þau eru.

Flm. (Pétur Ottesen): Mér fannst hv. þm. A.-Húnv. bregðast bogalistin, þegar hann fór að mæla á móti þessu frv. okkar, sem vitanlega er ekki sprottið af því, að hann viti ekki, að l. um sauðfjárbaðanir eru mjög ábótavant og að fullkomin nauðsyn er á endurbótum á þeirri löggjöf án tillits til þess, hvort fram fara svokallaðar útrýmingarbaðanir í landinu eða ekki. Jafnframt því sem sauðfjárbaðanir, þrifabaðanir á sauðfé, eiga að vera til varnaðar útbreiðslu kláðans, eru þær einnig til þess að drepa ýms önnur skorkvikindi, t. d. færilús, sem standa fénaðinum fyrir þrifum, ef þau magnast í honum. Hvað sem líður útrýmingu kláðans, þá er mikils virði fyrir sauðfjárrækt landsmanna, að rækilegar sauðfjárbaðanir fari fram árlega, og þetta er fullkomlega þess vert, að hv. þing geri sem tryggilegastar ráðstafanir til þess að girða fyrir það, að þessi óþrifnaður á fénu verði til þess að valda afurðarýrnun. Þar sem hv. þm. er velunnandi landbúnaðarins og, að því er ég hefi heyrt, ágætur fjármaður sjálfur, þá hlýtur hann að hafa opið auga fyrir því, hve nauðsynlegt er, að þrifabaðanirnar séu vel og samvizkusamlega framkvæmdar.

Nú er það alkunnugt, að eins og lögin eru nú í þessu efni, þá kveða þau mjög óskýrt á um ýms ákvæði þessa máls, svo að það út af fyrir sig gerir það að verkum, að það er mikil þörf endurbóta á þessari löggjöf. Afstaða hv. þm. A.-Húnv. hlýtur því að byggjast á því, að hann álíti, að þetta frv. okkar geti orðið keppinautur frv. þess, sem hann hefir borið fram um útrýmingu fjárkláðans. Hann hefir borið hærra hlut í þessu efni hér í hv. d., svo að það er óþarft fyrir hann af þeirri sök að sporna á móti því, að gerðar verði nauðsynlegar og sjálfsagðar ráðstafanir til þess að tryggja eftirlit með þrifaböðunum, sem að sjálfsögðu verða að fara fram árlega á landinu. Vil ég því vona, að hv. þm. láti ekki þann skoðanamun, sem hér hefir komið fram um það, hvaða leið væri líklegust til að halda kláðanum niðri, verða þránd í götu nauðsynlegra öryggisráðstafana í þessu efni. Viðvíkjandi þeim tveim röksemdum, sem hv. þm. færði fram á móti frv. þessu, vil ég taka það fram, að ef hv. þm. telur nauðsynlegt, að forstöðumaður rannsóknarstofnunar háskólans sé hafður í ráðum með, hvaða baðlyf bezt sé að nota til kláðaútrýmingarinnar, þá er ekkert á móti því, að hann sé í ráðum með, hvaða baðlyf skuli notuð við þrifabaðanirnar, því að hans afskipti í þessu máli eiga vitanlega að vera til frekara öryggis. Mér skilst, að nauðsynlegt sé að njóta einnig hans sérþekkingar í sambandi við þessar þrifabaðanir. Ég tel enga hættu á því, að hann fari að beita einhverjum einstrengingsskap í þessu efni, þannig að hafa einungis eina tegund baðlyfja, ef hann álítur fleiri tegundir jafngóðar. Þess vegna er þessi ástæða móti frv. alveg út í loftið og einskis virði.

Seinni röksemd hv. þm. gegn þessu frv. var sú, að hann taldi það ákvæði frv. óheppilegt, sem gerði ráð fyrir baðþróm til þrifabaðananna á hverju heimili. Nú vill svo til, að hér er hann að hnjóða í sitt eigið fóstur, því að þetta stendur alls ekki í okkar frv., heldur í hans eigin frv.

Í okkar frv. er aðeins gert ráð fyrir, að komið verði upp nógu mörgum sundþróm — því að upp úr öðru þýðir ekki að baða —, þannig að hægt yrði að framkvæma böðunina að skaðlausu með því að reka féð saman til böðunarinnar. Á þann hátt er hægt að draga úr kostnaði við að byggja þró á hverju heimili á landinu. Vitanlega verður að sjá fyrir því, að nægilega margar sundþrær séu til í hverjum hreppi. Lengra er ekki gengið í þessu frv.

Í þessu sambandi má geta þess, að í Borgarfirði t. d. eru a. m. k. það margar sundþrær í hverjum hreppi, að það er engum vandkvæðum bundið að baða hverja kind upp úr sundþró. Sundþrær eru nú komnar í hverjum hreppi á landinu, svo að þetta er engum vandkvæðum bundið. Yfirleitt dettur nú engum í hug að baða sauðfé öðruvísi en í sundþró. Fyrst og fremst af því, að það veitir miklu meira öryggi um not af böðuninni, og auk þess er að því mikill sparnaður, af því að baðið notast betur og fer síður til spillis. Þær ástæður, sem hv. þm. færði á móti þessu frv., eru því bókstaflega einskis virði. Ég vona, að það sé ekkert annað en bráðlyndi, sem hefir hlaupið með þennan hv. þm. út í þær fáránlegu öfgar og gönur, að hann berst á móti þeim sjálfsögðu ráðstöfunum, er tryggja það, að fram fari árlega fullkomnar þrifabaðanir á sauðfé í landinu. Því að það er ómögulegt að neita því, að eins og lögin um þrifabaðanir eru nú, þá eru þau afarófullnægjandi og óákveðin. Hér er því fullkomin þörf á endurbótum. — Út af því, sem hv. þm. sagði, að þetta mál hefði ekki legið fyrir landbn., vil ég taka það fram, að það hefir ekki verið breytt í því einum staf eða kommu frá því að n. hafði það til athugunar.

Ég hygg, að þetta frv. hafi áður vakið svo mikinn óróa í hugum sumra hv. landbnm., að það sé ekki vert að ónáða n. með því aftur. Annars skal ég ekki leggja verulegt kapp á það, hvort frv. fer til n. eða ekki; en ef landbn. sækist eftir frv. í þeim tilgangi að drepa það með þeim hætti að setjast á það, eins og mér virtist koma fram hjá hv. þm. A.-Húnv., þá vil ég mótmæla því harðlega, að nefndinni sé gefinn kostur á að beita svo óþinglegri aðferð. En ég ætla ekki að væna hina nm. um það að óreyndu. Og ef frv. fer til n., þá vænti ég, að hugur hv. þm. A.-Húnv. til þess fái að lúta þar í lægra haldi, því að í þessu máli verður að tryggja fullkomið öryggi í landinu fyrir því, að þrifabaðanir á sauðfé verði framkvæmdar á tryggilegan hátt.

Jón Pálmason: Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta frv. að sinni. Það fer væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í. En það voru örfá atriði í ræðu hv. þm. Borgf. þannig vaxin, að ég sé ekki ástæðu til að taka þeim þegjandi. Það er ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm., ef

hann heldur, að mótstaða mín gegn þessu frv. stafi af þeim erjum, sem við áttum í út af hinu böðunarfrv., sem afgr. var hér í þd. fyrir nokkrum dögum. Hitt er líka misskilningur, og það herfilegur, ef hv. þm. heldur, að ég og aðrir séum því mótfallnir, að árlegar þrifaböðunir fari fram. En það er engin þörf á þessu frv. til þess að þrifaböðunir geti farið fram árlega á sauðfé bænda. Sú skylda er í núgildandi lögum, og þrifaböðunir hafa farið alstaðar fram samkv. þeirri ákvörðun. A. m. k. er mér kunnugt um, að svo hefir verið í mínu héraði síðan lögin voru sett 1914. Þó að ég sé á móti þessu frv. til breyt. á þeim l., þá stafar það ekki af því, að ég sé andvígur árlegum þrifaböðunum, heldur af því, að frv. er gersamlega óþarft. Nú vona ég, að standi til að fram fari allsherjarútrýmingarböðun í landinu, og eftir það eiga núv. lög um þrifaböðunir að nægja fyllilega eins og þau eru. Hvað það snertir, sem hv. þm. sagði, að ekki hefði verið breytt staf né kommu í frv. síðan það var sem brtt. við annað frv. hjá landbn., þá hefi ég ekki athugað það. En hitt vil ég taka skýrt fram út af þessu, að þá var því síður ástæða til að flytja þetta frv., þar sem þær till., er í því felast, hafa áður verið felldar í þessari hv. þd. og allir landbnm. verið þeim mótfallnir. — En frv. fer nú væntanlega til n., og er því óþarft að fjölyrða meira um það. Verður síðar tækifæri til að leiða saman hesta sína um það við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt nál. frá landbn., á þskj. 681, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Hlutabréfakaup í Útvegsbankanum.

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f (þmfrv., A. 147).

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég sýndi fram á það á þinginu í fyrra, hvað með því mælti, að gerð væri af hálfu þess opinbera þessi rétting á meðferð á þeim mönnum, er lögðu fram á sínum tíma sparifé sitt af fúsum og frjálsum vilja í því skyni að bjarga Íslandsbanka, en það var síðar gert að hlutafé í Útvegsbankanum. Þar sem þessi hv. d. er eins skipuð og á síðasta þingi, sé ég ekki þörf á því að endurtaka þau rök, er ég færði þá fram í þessu máli.

Frv. þetta fór í n. á síðasta þingi, en var þá ekki afgr. Orsök til þess kann að hafa verið m. a. sú, að frv. var ekki borið fram allra fyrstu daga þingsins. En það vil ég benda hv. þd. á, að réttlátt er að bæta á einhvern hátt hag þessara manna, og brýn þörf er til þess að Alþingi leiðrétti og bæti fyrir það ranglæti, er þeir hafa orðið fyrir. Alþingi þarf a. m. k. að ganga svo frá þessu máli, að hlutabréf þessara manna verði veðhæf eign, því eins og nú er eru þau það ekki, og því lítils virði eigendunum. Ég þykist þess fullviss, að krafa um þetta réttlætismál komi fram á næstu þingum, ef þetta þing telur sig ekki geta tekið hana til greina fremur en síðasta þing. Ég skal ekki að þessu sinni án tilefnis fjölyrða um málið, en leyfi mér að óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég talaði nokkuð á síðasta þingi gegn þessu frv. og ætla ekki að endurtaka það nú fremur en hv. flm. sinar skoðanir, þar sem ég þykist vita, að hv. þdm. sé ekki úr minni liðið það, sem ég þá færði fram gegn frv. Aðeins vil ég vekja athygli á því, að ég mæli enn gegn frv. og vænti þess, að hv. fjhn. athugi þau rök, er ég færði fram í málinu á síðasta þingi.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi heyrt á mál hæstv. fjmrh., og kemur mér það í sjálfu sér ekkert á óvart, þó hann mæli gegn frv. En ég vil benda hv. fjhn. á það, að vel geta komið til greina ýmsar aðrar leiðir heldur en sú, sem í frv. er farin, til þess að gefa þessum mönnum sinn rétt. Og ég vil taka fram, að ég mun ekki einskorða mig við þessa einu leið, sem í frv. er bent á, ef hv. fjhn. sér aðrar leiðir færari, er hún hefir athugað málið, sem ég vil vona, að hún geri vandlega, en um það vil ég sérstaklega beina áskorun til þeirra hv. nm., er mál mitt mega nema.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:7 atkv. og til fjhn. með 15:3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Líftryggingarstofnun ríkisins.

Á 31. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um líftryggingarstofnun ríkisins (þmfrv., A. 170).

Á 33. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17:4 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég ætla ekki að hafa langa framsögu um þetta mál. Það kom fram á síðasta þingi. Það er samið af skipulagsnefnd atvinnumála og er borið fram af meiri hl. allshn. að tilhlutun atvmrh. Frv. fer fram á, að hér verði sett á stofn liftryggingarstofnun ríkisins, sem hafi á hendi allar nýjar tryggingar eftir þann dag, sem það gengur í gildi. En aftur á móti halda gömlu félögin áfram starfsemi sinni.

Þetta er gert í þeim tilgangi bæði að ná inn í landið þeim hagnaði, sem kann að verða af þessari tryggingarstarfsemi, og halda þeim greiðslum, sem innlendir menn leggja til liftryggingarfélaga, hér í landinu, til ráðstöfunar á þann hátt, sem frv. fer fram á.

Það eru mörg nánari atriði, sem ég ætla ekki að fara inn á. Þetta frv. hefir að miklu leyti verið sniðið eftir lögum svipaðra fyrirtækja, eins og t. d. „Statsanstalten". Ég vil geta þess í sambandi við þetta frv., að n. hefir samið annað frv., sem væntanlega verður borið fram nú, og það er um starfsemi þeirra tryggingarfélaga, sem hér starfa, að þau geti, jafnvel þótt þetta frv. verði samþ., haldið áfram að starfa. Í frv. eru ákvæði um, hvaða kröfur eigi að gera til þeirra o. s. frv. En það verður rætt á sínum tíma. — Ég vil svo óska þess, að frv. þessu verði vísað til 2. umr.

Thor Thors [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt af meiri hl. allshn. Það er komið frá skipulagsnefnd atvinnumála, og allt, sem frá þeirri n. kemur, virðist fá greiða leið gegnum allshn., enda lætur það að líkum, þar sem hv. 2. þm. Reykv. er formaður beggja nefndanna.

Ég skal að svo stöddu ekki fara rækilega út í þetta mál, enda gefst tækifæri til þess síðar. Aðalatriði þess er, að það á að stofna hér til nýrrar einkasölu — einkasölu á liftryggingum. Þegar fitjað hefir verið upp á nýjum einkasölum hér á þinginu, hafa þau rök einna tíðast komið fram, að það sé eðlilegt, að ríkið taki þessi mál í sínar hendur, vegna þess að það megi vænta mikilla tekna af þeim. Það er með öllu óvíst um, hvað mikil ágóðafyrirtæki þessar tryggingar eru hér á landi.

Þá hefir einnig sú röksemd komið fram, að það sé æskilegt, að ríkið hafi einkasölu á ýmsum vörum, til þess að draga úr framboði þeirra. Slíkar röksemdir eru mjög notaðar, einkum þegar um er að ræða einkasölu á áfengi eða tóbaki. Geta allir verið sammála um það, að verzlunin er hvergi betur komin en í höndum ríkisins út frá því sjónarmiði, að nauðsynlegt sé að draga úr framboði. En hér gegnir allt öðru máli. Hér er um að ræða fyrirbrigði, sem full þörf er á, að breiðist út. Það eru allir sammála um, að liftryggingarnar séu mjög þarfar, og það er beinlínis ástæða fyrir ríkisvaldið að óska, að sem flestir einstaklingar leggi í þann kostnað, sem af liftryggingum leiðir, því að liftryggingar eru í raun og veru ekki annað en nokkurskonar sparifjárinnlegg þeirra tryggðu. Enda er það jafnvel ljóst hér á landi, því að núv. ríkisstj. leggur hina mestu áherzlu á liftryggingar, sbr. loforð, sem gefin hafa verið um að lögfesta almennar tryggingar. En ég hygg, að öllum megi vera það ljóst, að einkasala á liftryggingum muni miða mjög að því að draga úr þeim. Það er einmitt hin harða samkeppni á sviði liftryggingganna, sem hefir orðið til þess, að jafnmargir einstaklingar með þjóðinni hafa látið tryggja sig eins og hingað til hefir átt sér stað. Það er þessi harða samkeppni, sem hefir leitt til þess, að fleiri og fleiri einstaklingar hafa látið til leiðast að tryggja líf sitt. Einmitt af þessari ástæðu tel ég, að þetta frv. stefni í ranga átt.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi einnig telja það sem röksemd fyrir framgangi þessa frv., að það væri nauðsynlegt, að það fé, sem menn greiddu í iðgjöld af liftryggingum, héldist kyrrt í landinu. Ég vil benda hv. þm. á, ef hann ekki veit það, að allflest þau erlendu liftryggingarfélög, sem hér starfa, láta verulegan hluta af iðgjöldunum í fyrirtæki hér innanlands. Þannig veit ég til þess, að liftryggingarfélagið „Thule", sem mun hafa hlotið í iðgjöld um 2 millj. kr. frá því að það hóf starf sitt, hefir aðeins flutt út úr landinu um 200 þús. kr. Þessum hv. þm. ætti að vera kunnug starfsemi þessa félags, þar sem það fyrirtæki, sem hann hefir borið mjög fyrir brjósti, þ. e. a. s. verkamannabústaðirnir, hefir fengið mjög ríflegt lán hjá þessu félagi. — Það sama má segja um hin önnur liftryggingarfélög hér á landi, að þau ávaxta fé sitt innanlands. En hafi orðið misbrestur á þessu, er hægðarleikur fyrir löggjafarvaldið — og ég vil telja það réttlátt — að kveða ríkara á um þetta og setja sérstaka löggjöf, sem skyldar þau tryggingarfélög, sem hér starfa, til þess að ávaxta mestan hluta iðgjaldanna hér innanlands. Það má einnig segja, að þetta frv. sé ótímabært, ef það er sérstaklega stílað gegn erlendum vátryggingarfélögum, að því leyti, að það er fram borið á þeirri stundu, sem íslenzkt félag, Sjóvátryggingarfélag Íslands, er mjög að hafa sig í frammi með að taka liftryggingarnar í sínar hendur.

Það er gert ráð fyrir, að ríkið eigi að standa í ábyrgð fyrir öllum þessum liftryggingum. Þegar það er athugað, hversu miklar ábyrgðir hvíla nú á ríkinu, verður það að teljast varhugavert að leggja svo víðtæka ábyrgð, sem kynni að leiða af þessu máli, ofan á allar þær ábyrgðir, sem nú hvíla á ríkinu.

Það er stefna í tryggingarmálum alstaðar í heiminum að dreifa tryggingunum sem mest, til ábyrgðar á sem flesta aðila. Það miðar að því að tryggja hina tryggðu. Það miðar að því að tryggja það, að þeir fái vátryggingu sína goldna, ef illa fer.

Þessi stefna, að dreifa tryggingunum, hefir alstaðar rutt sér til rúms, en þetta frv. miðar í gagnstæða átt, þar sem taka á upp ríkisrekstur á tryggingum, sem hvergi mun tíðkast nema í Sovét-Rússlandi og Uruguay. Getur verið, að hv. þm. þyki þessi ríki til fyrirmyndar, en við ættum a. m. k. að líta okkur nær og fara heldur eftir þeim ríkjum, er í kringum okkur eru.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki mörgu að svara hv. þm. Snæf. Ég held,

að ekkert yrði vafasamara um tekjur fyrir líftryggingarstarfið, þótt það væri rekið af ríkinu en þó að núv. fyrirkomulag héldist. Enda á félögum hvenær sem er að vera heimilt að draga sig út úr, ef þau telja líklegt, að gróði verði að.

Eftir frv. er ekki gert ráð fyrir, að hið opinbera fái verulegar tekjur af þessu starfi, frekar en þótt fyrirtækið væri einstaklingseign. En þær tekjur, sem fást, eiga að ganga til þess að gera tryggingarnar hagkvæmari fyrir tryggjendur. Ég get ekki séð, að þetta muni draga úr tryggingunum, fremur en þótt einstaklingar hefðu þær með höndum.

Þá taldi hv. þm. Snæf. þetta mál ótímabært af þeirri ástæðu, að einn íslenzkur sjóður væri farinn að taka að sér líftryggingar. En það er engin vissa fyrir því, að þetta félag sé fært um að taka þetta starf að sér, ef gerðar verða sömu kröfur til þess og erlendra félaga. Sjóvátryggingarfélagið hefir ekki safnað sér neinu nýju tryggingafé, þótt það hafi tekið þetta að sér. Auk þess er það vitanlegt, að meðan félögin eru mörg, sem hafa leyfi til að starfa, þá nær Sjóvátryggingarfélagið ekki nema til fárra.

Þeir, sem eru sérfróðir um þessi mál, álíta, að landið sé svo lítið og að hér sé svo fólksfátt. að eitt félag geti sem bezt annazt allar tryggingar landsmanna.

Þó að það muni vera rétt, að stofnanir eins og sú, sem hér er farið fram á, séu fátíðar í heiminum, þá er ekkert við því að segja, því að einhversstaðar byrjar allt. Og fyrir okkur er mest ástæðan til að byrja á þessu, þar sem landið er svo lítið. Það er mikils virði, ef hægt er að halda tryggingafénu í landinu. Þó að hv. þm. segði, að Thule hafi ekki flutt út nema 200 þús. kr., þá veit ég ekki, hvort það er rétt. Verkamannabústöðunum lánaði félagið 100 þús. kr., sem er ekki nema lítill hluti af því fé, er það hefir haft undir höndum. En meðan yfirfærslur voru frjálsar, fluttu þessi félög mikið fé út úr landinu.

Thor Thors [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. taldi. að áhætta af rekstri svona fyrirtækis myndi verða næsta lítil. Það er ekki á okkar færi að segja um það. Slíkt fer eftir starfrækslu fyrirtækisins og því, hvernig fer um þá tryggðu. Margt af tryggingum erlendra félaga hér á landi hefir reynzt áhættumikið, þannig að ágóði hefir enginn orðið. En flest þau félög, sem tryggingar hafa rekið hér, eru auðug, standa á gömlum merg og eiga mikið í varasjóði. Hjá flestum þessum félögum er ágóðanum svo varið, að hann gengur að langmestu leyti til hinna tryggðu. Er þar um að ræða einskonar samvinnufélagsskap, sem samanstendur af þeim, sem leggja fram fé til tryggingana, og þeim, sem tryggðir eru, og hafa báðir hagnað af, ef vel gengur.

Um Sjóvátryggingarfélagið er það að segja, að þótt það geti ekki að fjármagni jafnazt við erlend félög, þá hefir það samt mjög góð sambönd erlendis. Tryggingar þess fara stöðugt vaxandi, en það hefir hinsvegar endurtryggt sig hjá efnuðum félögum erlendis. Annars mun ég fara nánar út í málið við síðari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Opinber ákærandi.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um opinberan ákæranda (þmfrv., A. 175).

Á 35. og 37. fundi í Nd., 22. og 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen) [óyfirl.]: Þetta frv. um opinberan ákæranda lá fyrir síðasta þingi og fékk þá þá afgreiðslu, að því var vísað frá með rökst. dagskrá, er borin var fram af meiri hl. allshn. þessarar d. Efni frv. er í öllum aðalatriðum hið sama eins og í haust, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um það nú, heldur vísa til framsöguræðunnar, er ég flutti þá, og grg., er fylgdi frv. Aðalefnið er, að ákæruvaldið, valdið til að fyrirskipa rannsókn og höfða opinber mál gegn einstaklingum, sé tekið úr höndum dómsmrh., sem hefir það nú, og fengið í hendur nýjum embættismanni, sem lagt er til, að nefndur verði opinber ákærandi. Það er ætlazt til, að þessi maður standi utan við stjórnmáladeilurnar og fáist ekki við önnur störf. Með þessu á að vera tryggt, að ákæruvaldið verði ekki misnotað, eins og því miður hefir komið fram á síðustu árum hvað eftir annað.

Þó málinu væri vísað frá með rökst. dagskrá á síðasta þingi, var það ekki vegna þess, að þingið væri andvígt málinu í sjálfu sér. Það virtist viðurkennt af mönnum úr öllum flokkum, að þetta mál væri gott og gagnlegt og nauðsynlegt að koma svona umbót í kring. Eina ástæðan gegn því var sú, að það stæði fyrir dyrum að skipa nefnd til þess að endurskoða réttarfarslöggjöfina í heild, og þangað til sú n. hefði lokið störfum væri ekki rétt að taka einstök atriði út úr og samþ. lög um þau. Meiri hl. d. féllst á þessa röksemdafærslu. En nú hafa tveir hv. þdm., sem sæti áttu í allshn. í fyrra og voru þar í meiri hl., sjálfir flutt frv. til l. um breyt. á hæstarétti og þar með sýnt, að rétt er að meta að engu þessa röksemdafærslu, er þeir báru fram í fyrra, að ekki mætti taka einstök atriði út úr réttarfarsmálunum fyrr en heildarlöggjöf kæmi um þau. Því er fyllsta ástæða til að afgr. nú það mál, sem hér liggur fyrir; það er engu síður aðkallandi heldur en breyt. á hæstarétti.

Ég skal taka það fram, að lagadeild háskólans hefir einróma samþ. þetta frv. Umsögn prófessoranna er á þá lund, að skipun opinbers ákær-

anda með því verksviði, sem hér er markað, geti vel fallið inn í gildandi réttarfarslöggjöf, og hún geti einnig haldizt með svipuðum hætti, þó róttækar breyt. væru gerðar á þessum málum. M. ö. o., að það væri ekki ástæða til að fresta þessu máli, þó lögfræðinganefndin sæti á rökstólum. Enda er vitanlegt, að ný réttarfarslöggjöf kemst ekki í kring fyrr en eftir langan tíma, ef hún á að vera úr garði gerð eins og þarf að vera.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar; ég vænti, að málinu verði vísað til hv. allshn. og að hún taki því betur heldur en síðast.

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Ég ætla að fara að dæmi hv. flm. og fara ekki út í einstök atriði frv., enda var það rætt allmikið í vetur. Það voru aðeins ásakanir hv. flm. í garð okkar í meiri hl. allshn. fyrir þá rökst. dagskrá, sem við fluttum í þessu máli í vetur, sem ég vildi minnast á. Ég get ekki séð, að þær ástæður, sem þá voru fyrir hendi, hafi nokkurn hlut breytzt síðan. Síðan hefir alls ekki verið tekið til rannsóknar hið opinbera réttarfar í landinu. En hinn opinberi ákærandi stendur vitanlega í beinu sambandi við þá endurskoðun, sem fara á fram á löggjöfinni um hið opinbera réttarfar. Það getur varla verið meining hv. flm., að opinber ákærandi geti staðið í sambandi við nokkuð annað í réttarfarsmálunum heldur en rekstur opinberra mála. Þess vegna liggja fyrir alveg sömu rök gegn samþykkt þessa frv. nú eins og í vetur. Það er meiningarlaust að stofna nýtt embætti með ákveðnu starfssviði fyrir mann, sem eingöngu á að skipta sér af opinberum málum, áður en búið er að gera þá rannsókn, sem búið er að skipa nefnd til að framkvæma. Ég vil ekkert segja um nauðsyn þessa nýja embættis út af fyrir sig, eða hvort lögfræðinganefndin mun ganga að frv. og telja það falla vel inn í þær skorður, sem ég vona, að okkur auðnist að setja réttarfarsmálin í, eða ekki. Heldur vil ég aðeins benda á, að það er engin ástæða til að taka þetta mál til samþ. nú fremur en á síðasta þingi.

Hv. flm. minntist á það, að við hefðum borið fram frv. um breyt. á hæstarétti. Hv. þm. veit vel, að þær breyt., sem felast í frv. til l. um hæstarétt, koma á engan hátt nálægt þessu máli. Ég býst ekki við, að breyta þyrfti hæstaréttarlögunum eins og gengið er frá þeim í frv., enda þótt tekinn væri upp opinber ákærandi síðar. Svo það stendur við það, sem legið hefir í orðum mínum áður, að þessi opinberi ákærandi getur ekki átt samleið með neinu öðru en þeim till., sem lögfræðinganefndinni væntanlega auðnast að koma fram með á sínum tíma um opinber mál og meðferð þeirra. Það getur t. d. talsvert breytt afstöðu málsins, hvort menn vilja taka hér upp kviðdóma eða hvort menn vilja halda við það, sem hingað til hefir verið, að láta lögfræðinga eingöngu dæma í málum manna. Það eru mörg atriði í meðferð hinna opinberu mála, sem hafa áhrif á það, hvort réttara er að hafa sérstakan opinberan ákæranda eða láta ákæruvaldið vera hjá hinum venjulega yfirmanni allrar réttarfarslegrar starfsemi í landinu, dómsmrh. Ég sé því ekki, hver er hin raunverulega meining hv. þm., að vera að bera þetta frv. fram nú. Hann veit, að aðstaðan er nákvæmlega hin sama og í vetur. Það var meining okkar nm. og ósk hins háa Alþingis, að eitthvað verulegt gæti komið fyrir það þing, er nú situr, frá lögfræðinganefndinni. Þetta tókst ekki nema hvað snertir breyt. á hæstarétti, og er það afleiðing af því, að ekki var hægt að fá samkomulag um það á síðasta þingi að kalla þetta þing ekki saman fyrr en síðar á árinu, svo að okkur vannst ekki tími til að gera þær rannsóknir, sem við vildum gera. Í þessu liggur andstaða mín gegn því frv., sem fyrir liggur, og engu öðru. Frá minni hálfu er engan fjandskap að finna gegn ósk hv. flm. um opinberan ákæranda, en ég álít ótímabært að stofna slíkt embætti nú og þurfa svo e. t. v. að breyta til bráðlega aftur og gera allt aðra skipun á í þessu efni í sambandi við hið opinbera réttarfar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen) [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. heldur því fram, að hann hafi í sjálfu sér ekkert á móti þessu frv. Það eina, sem hann færir fram fyrir því, að ekki sé rétt að afgr. það nú, er þetta, að hin virðulega lögfræðinganefnd sé ekki búin að athuga þetta mál og ekki megi gera neitt í því fyrr en henni hafi gefizt kostur á að segja sitt álit. Ég skal strax taka það fram, að ég tel víst, að þessi n. muni ekki skila áliti fyrir það þing, sem haldið verður í haust. Mér skilst það bæði á hv. þm. Barð. og fleirum, að þessi n. hafi í hyggju að sigla til útlanda í vor eða sumar til þess að kynna sér réttarfarsmál í öðrum löndum. Hvort sem því yrði nú lokið þegar þing kemur saman eða ekki, þá tekur einnig tíma að vinna úr þeim upplýsingum, sem n. aflar sér, og semja frv. Það er því útilokað, að endurskoðun réttarfarsmálanna í heild geti náð afgreiðslu á þessu ári. Og ef dæma á eftir reynslu annara þjóða, þegar þær hafa ætlað að gera stórbreyt. á réttarfarinu hjá sér, þá eru litlar líkur til, að ný réttarfarslöggjöf nái fram að ganga í náinni framtíð, jafnvel þó frv. verði lögð fyrir þingið áður en langt líður, því slíkt mál sem heildarskipun réttarfarsmálanna þarf ætíð langrar og rækilegrar athugunar við og verður ekki samþ. í einni svipan.

Þetta er því engin röksemd á móti frv. Þetta mál er mjög einfalt, þó hv. þm. Barð. gefi í skyn, að hann sé ekki búinn að átta sig á því ennþá. Ég veit, að það er ekki rétt. Honum er fullkomlega ljóst, hvað farið er fram á og hvað rétt er í þessu máli. Breytingin, sem hér er farið fram á, er engin önnur en sú, að starf, sem dómsmálarh. hefir nú með höndum, ákvarðanir um opinberar málshöfðanir, skuli falið sérstökum embættismanni. Þetta er svo einföld breyt., að það virðist ekki þurfa að beita sérstaklega miklum gáfum til þess að skilja hana til fullnustu og fallast á hana. Fáir munu vilja bera á móti því, að það sé mjög háskalegt — enda er það mjög tátítt erlendis —, að ákæruvaldið sé í höndum pólitísks ráðh., sem getur beitt því til ofsóknar andstæðingunum og yfirhilmunar með samherjum sínum. Sérstaklega er það hættulegt í landi, þar sem hinar pólitísku erjur eru jafnsvæsnar og persónulegar eins og þær eru hér.

Hv. þm. vildi mótmæla því, að hann og hv.

1. landsk. hafi viðurkennt, að röksemd þeirra fyrir frávísun málsins á síðasta þingi væri röng, með því að flytja sjálfir frv. um breyt. á hæstaréttí. Ég man ekki betur en að aðalröksemd og jafnvel eina röksemd hv. 1. landsk. og hæstv. dómsmrh. væri sú, að ekki mætti taka eitt einstakt atriði réttarfarslöggjafarinnar út úr fyrr en heildarendurskoðun færi fram. En nú bera þessir sömu menn fram frv. um breyt. á einstöku atriði réttarfarslöggjafarinnar, einmitt því atriði, sem einna sízt var þörf á að breyta. Ég veit, að þessir hv. þm. viðurkenna, að skipun hæstaréttar og meðferð mála þar er meira í samræmi við kröfur nútímans heldur en meðferð mála í undirrétti. Og ef umbótahugur hv. þm. væri mjög ríkur, þá myndu þeir fyrst hafa lagt til að bæta þar úr, sem þörfin er mest.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta. Það er auðvitað rétt að athuga málið ýtarlega í n. En mér finnst þau rök mín standa í fullu gildi ennþá eftir ræðu hv. þm. Barð., að fyrst hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk. hafa sjálfir lagt til, að tekið væri eitt atriði út úr réttarfarslöggjöfinni til breyt., hæstiréttur, þá séu niður fallnar ástæður þeirrar fyrir því, að ekki megi taka þetta atriði — opinberan ákæranda — einnig til afgreiðslu.

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Hv. 11. landsk. heldur því fram, að hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. hafi haldið fram í vetur, að ekki mætti taka einstök atriði út úr réttarfarslöggjöfinni og gera breyt. á þeim. Ég tók nú ekki þátt í umr. þá og man því ekki nákvæmlega, hvað sagt var. En ég efast stórlega um, að hægt hafi verið að skilja orð þeirra á þennan veg. A. m. k. hefði ég ekki talað þannig, þó ég hefði tekið þátt í umr. Mín skoðun er, að þetta mál heyri eingöngu til hinu opinbera réttarfari, og það veit hv. þm. sjálfur, að er aðalatriði. Ég tel ekki rétt að káka neitt í hinu opinbera réttarfari, fyrr en það hefir verið tekið til ýtarlegrar athugunar í heild, þar sem sú athugun stendur nú einmitt fyrir dyrum.

Það er að nokkru leyti rétt hjá hv. 11. landsk., að meiri þörf ræki til að rannsaka og undirbúa meðferð opinberra mála heldur en einkamála. Hinsvegar álít ég ekki, að fyrr en nægileg trygging sé fengin fyrir grundvellinum sé hægt að ganga frá einstökum atriðum eða leggja í kostnað við þau. Ég legg svo mikið upp úr frv. um hæstarétt vegna þess, að brýnasta nauðsyn rak til að bæta þann rétt. Og þó ekki væri hægt að breyta réttarfarinu til fulls, þá var sjálfsagt að hjálpa þessari þrautalendingu, og að svo stöddu var það meira virði að breyta hæstarétti heldur en að undirbúa og rannsaka undirréttarfarslöggjöfina, þó á sínum tíma verði auðvitað að gera henni góð skil. Ég skal líka taka það fram, að sá hluti réttarfarslöggjafarinnar, sem að minu áliti þarf langmestrar rannsóknar og breyt., er meðferð opinberra mála. Og þess vegna er alveg sérstök ástæða til að láta það bíða sem lengst, svo sá undirbúningur geti orðið sem fullkomnastur, en vera ekki að koma með einstakar kákbreyt. Ég skal taka það fram, að ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að hafa opinberan ákæranda. Það gæti vel komið til mála og yrði þá að gerast í samræmi við aðrar breyt. á réttarfarslöggjöfinni. En ég held, að nú, þegar von er á róttækri endurskoðun á meðferð opinberra mála, þá sé full ástæða til að láta þetta bíða þangað til komnar eru fullkomnar rannsóknir um þessi efni.

Það er ekki af neinni vanþekkingu hjá hv. 11. landsk., þó hann komi með þetta inn í þingið, en ég álít það óheppilegt og alveg órétta leið að taka eitt atriði út úr áður en búið er að ganga frá öllum undirstöðuatriðum.

Hv. 11. landsk. bjóst ekki við, að við í lögfræðinganefndinni mundum verða búnir að skila áliti fyrir næsta þing. Auðvitað hefir það ekki verið rétt orðað. Hann hefir átt við næsta þinghluta, — þegar þing kemur aftur saman eftir frestun. Það getur verið, að þetta reynist svo, og ég ætla ekki að gefa neinar tyllivonir um, að við getum þá verið búnir að ganga frá öllu því, sem okkur langar til að koma frá til fulls. Hann talaði um siglingu í sambandi við þetta. Ég álít, að ef hægt væri að koma því við, þá gæti það verið mjög heppilegt, að þeir menn, sem eiga að gera till. um þessi mál, fengju að kynnast því og sjá það með eigin augum, hvernig með þau er farið annarsstaðar. Annars er mjög lausleg öll áætlun í sambandi við það, hvernig þessum störfum verði hagað. Það verður farið að eftir því, sem heppilegast þykir.

Ég held það hafi svo ekki verið fleira, sem ég þurfti að svara hv. 11. landsk. Það, sem skilur á milli mín og hans, er í raun og veru það, að hann vill gera sérstakar breyt. á opinberri réttarfarslöggjöf. En eins og á síðasta þingi álít ég rétt að bíða, samkv. yfirlýstum þingvilja, sem kom fram á síðasta vetri, þegar samþ. var að skipa nefnd til að athuga alla réttarfarslöggjöfina.

Flm. (Gunnar Thoroddsen) [óyfirl.]: Ég hefi nú engu nýju að svara. Hv. þm. Barð. sagði ekkert nýtt. Hann sagði, að breyt. um opinberan ákæranda væri kákbreyt. Þessu vil ég mótmæla. Ég álít, að hún sé mjög þýðingarmikið spor í meðferð opinberra mála. Ég býst við, að hv. þm. viðurkenni, að ákæruvaldinu hafi verið beitt þannig á undanförnum árum, að það sé fullkomið hneyksli. A. m. k. hafa frá hans flokki komið fram ásakanir um misbeitingu á ákæruvaldinu, og frá mínum flokki hafa komið fram ásakanir um, að ákæruvaldið væri notað til pólitískra ofsókna. Þetta mun hv. þm. viðurkenna, þó að hann vilji halda því fram, að þessi skipun opinbers ákæranda sé kákbreyt. Hann talaði um, að ekki ætti að taka einstök atriði út úr réttarfarslöggjöfinni. Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að fyrirkomulagið á þessari stofnun gæti vel fallið inn í þá réttarfarslöggjöf, sem nú er og hlýtur að verða með svipuðum hætti, þó róttæk breyt. verði á réttarfarslöggjöfinni. Það er því ekki hægt að segja, að það sé að taka út úr. Þetta atriði er svo samstæð heild, að það mun standa óhaggað, þótt aðrar breyt. verði gerðar síðar. — Ég hefi svo ekki fleiru að svara, en endurtek þá ósk mína, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Það er engin ástæða til að fara að rifja það upp nú á þessari stundu, hvernig farið hefir verið með ákæruvaldið. Í því sambandi gæti ég vitanlega bent á mál eins og „kollumálið“ fræga. En ég sé enga tryggingu fyrir því, að opinber ákærandi hljóti að verða ópólitískur. Það er engin trygging, þó að hann uppfylli þau skilyrði, sem þarf til þess að geta verið hæstaréttarmálaflutningsmaður. Við flutning mála í hæstarétti eru sérstaklega pólitískir menn. Veit ég, að hv. þm. mun ekki neita því, að það er langt frá, að þessir menn séu ópólitískir. Líka er það alkunna, að til eru menn í þúsundatali, sem eru miklu pólitískari heldur en við, sem erum hér inni í þessum sal, — menn, sem eru miklu æstari og hatursfyllri, þótt þeir aldrei komi fram á pólitískan vígvöll. Sumir þessara manna hafa átt sæti hér við hæstarétt, og sé ég þess vegna enga sönnun þess, að þessi ákvæði verði til þess að bjarga ákæruvaldinu úr pólitískum vargaklóm.

Flm. (Gunnar Thoroddsen) [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. viðurkenndi eina aðalástæðuna fyrir frv., þá, að ákæruvaldinu hefði verið misbeitt, og nefndi í því sambandi eitt mál, „kollumálið“, og mundi mega bæta þar við fleiri málum, og sumum, sem tækju honum nær. En með þessari viðurkenningu á hann líka að viðurkenna réttmæti þess, að ákæruvaldið sé tekið úr höndum ráðh. Því ráðherrar eru fulltrúar pólitískra flokka og þar af leiðandi mjög flæktir í hinar pólitísku deilur á hverjum tíma. En opinber ákærandi á að standa utan við pólitískar deilur og utan flokka og vera óbundinn af öðrum störfum. Hann sagði, að hæstaréttarmálaflm. væru sérstaklega pólitískir, en ég get ekki séð, að það komi þessu máli nokkuð við, þótt sá, sem skipaður væri opinber ákærandi, yrði að uppfylla sömu skilyrði, þar sem það svo er tekið fram, að hann eigi að standa utan við pólitískar deilur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Skuldaskilasjóður útgerðarmanna.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna (þmfrv., A. 184).

Á 35., 37., 38., 39. og 40. fundi í Nd., 22., 25., 26., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Það kann að virðast óþarft, eftir að hæstv. atvmrh. hefir kveðið upp dauðadóm yfir þessu frv., að vera að mæla fyrir því, en bæði af þeim sökum, að málið hefir verið flutt fyrir löngu síðan inn í þingið, og einnig af því, að það er ekki ætlun okkar flm. að láta málið niður falla, þó að það hafi fengið óvingjarnlegar viðtökur, þá þykir mér hlýða að gera grein fyrir frv., að því leyti sem það er nú breytt frá síðasta þingi. En ég vil taka það fram þegar í upphafi, að okkur flm. þykir rétt að láta málinu fylgja nokkra grg., og sumpart af því að við teljum, að þetta mál sé ekki dauðadæmt, þó að það fái ekki afgreiðslu á þessu þingi, og að það muni hljóta úrskurð þeirra manna, sem virðast vera vitrari og betri í þessu máli heldur en andstæðingar okkar hafa reynzt að vera í þessari d.

Síðan þetta mál var flutt á þinginu í haust hafa ekki í raun og veru orðið aðrar breyt. á því en að hagur útgerðarinnar og útlit fyrir afkomu hennar hefir versnað að miklum mun. Nú er hv. þm. það kunnugt frá umr. um því nær samnefnt frv. frá stj., að okkur flm. þessa frv. og stuðningsmönnum stj. — og sérstaklega þó stj. sjálfri — ber mikið á milli um eðli þessa máls, þar sem stj. virðist telja, að sá hluti útgerðarinnar, sem minna hefir tapað og er betur staddur, hafi meiri þörf fyrir hjálp heldur en sá, sem meiru hefir tapað og þar af leiðandi líkur til, að verr sé staddur. Frá sjónarmiði okkar, sem lítum fyrst og fremst á þetta mál sem mikilsvert atvinnumál og fjárhagsmál fyrir þjóðfélagið, þá er náttúrlega þörfin fyrir hjálp því meiri, sem atvinnuvegurinn er stórkostlegri og verr staddur.

Ég get í þessu sambandi, þó að hæstv. atvmrh. sé ekki við, tekið það fram, að hæstv. stj. hélt því fram við umr. um skuldaskilasjóð bátaútvegsins, að bátaútvegurinn hefði farið forsjállegar að ráði sínu, sem sjá mætti af því, að hann hefði tapað miklu minna en stórútgerðin, sem þeir svo kalla, og þess vegna bæri ekki að hjálpa stórútgerðinni. Ég sýndi þá fram á það, að stórútgerðin hefði verið landsfólkinu eins þörf, og ríkissjóði líka, og studdi það m. a. með því, að stórútgerðin hefði greitt stórkostlega miklu meira fé, bæði til opinberra þarfa og eins til þess fólks, sem á útgerðinni lifir, en nokkur önnur tegund útgerðar hér á landi. Ég hafði þá ekki reiknað þetta út nákvæmlega á annan hátt, en ég sýndi fram á, að samkv. rannsókn og skýrslum þar um hefði bátaútvegurinn greitt sjómönnum 6—13 kr. í daglaun, eða réttara sagt, að hlutur sjóm. við alla smærri útgerðina, frá stærstu mótorskipum og niður úr, var þetta, 6—13 kr. á dag þann tíma, sem útgerðin stóð yfir, en togaraútgerðin hefði greitt sínum sjómönnum til jafnaðar í 4 ár á hverjum degi, sem útgerðin gekk, nærri því 22 kr. daglega. Síðar athugaði ég, hvað heildargreiðslur til sjómanna hefðu verið samtals hjá öllum þessum 4 flokkum bátaútgerðarinnar og einnig hjá togaraútgerðinni í þessi 4 ár, sem rannsóknin nær yfir, þ. e. a. s. þeim hluta flotans, sem náðist inn á skýrsluna, en það er mestur hluti hans. Það kom þá í ljós, að á þessum árum hafði togaraflotinn greitt

þeim skipverjum, sem á honum unnu, á 7. millj. fram yfir það, sem bátaflotinn hefir greitt. Þetta vil ég álíta, að sé talsvert þungt á metunum sem stuðningur við það mál, að þjóðinni megi ekki liggja það í léttu rúmi, hvort togaraútgerðin líður undir lok. En það er álitið, að þessi atvinnurekstur þurfi stuðning, bæði vegna rekstrar síns og eins til endurnýjunar skipunum, og það er alveg víst, að togaraflotinn þarf þess ekki síður en bátaútvegurinn, því að það er komið í ljós, að til jafnaðar eru útgerðarmenn togaranna svo að segja öreigar, og skipin eru komin svo til aldurs, að það eru aðeins fá ár þangað til flotinn verður að endurnýjast, ef hann á ekki að líða undir lok. Frv. um þetta liggur fyrir Alþingi, að efla fiskveiðasjóð, svo að hann geti endurnýjað stóru skipin, en það frv. hefir enga afgreiðslu fengið, hvorki á síðasta þingi né þessu. Og af því er það bert, að hæstv. stjórn og hennar fylgismenn eru því gersamlega andstæðir, að togaraútgerðin verði endurnýjuð, því að það er vitað, að einstaklingarnir hafa ekki fé fyrirliggjandi til þess, og ef þeir geta ekki fengið lán með skynsamlegum kjörum hjá innlendum lánsstofnunum, þá eru þess engar líkur, að flotinn verði endurnýjaður. En því máli, þótt það sé þessu skylt, skal ég ekki blanda inn í þetta, en vil aðeins gera grein fyrir þeim höfuðbreyt., sem eru í þessu frv. frá því, sem var í frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, sem flutt var á síðasta þingi af okkur sömu flm.

Í 2. gr. þess frv. var gert ráð fyrir, að stofnfé skuldaskilasjóðs yrði 5 millj. Þetta er óbreytt í 2. gr. þessa frv. Sömuleiðis það, að fiskveiðasjóður skyldi leggja fram ¼ millj. kr. Líka er það óbreytt, að skuldaskilasjóði skuli aflað fjár á þann hátt, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skuli renna í sjóðinn, þangað til það, sem til vantar, þ. e. a. s. 4¾ millj., er greitt í sjóðinn. Aðeins höfum við gert ráð fyrir, sökum versnandi útlits um útflutning þessara afurða, að þetta mundi taka lengra árabil. Í frv., sem flutt var á síðasta þingi um þetta, var gert ráð fyrir, að ef skuldaskil færu fram á 2 árum, eða að lánveitingum úr sjóðnum væri lokið á tveimur árum, þyrfti sjóðurinn að fá til bráðabirgða lán, sem næmi 3 millj. kr., sem greiddist síðan með þessum löglega ákveðnu tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi. Sökum þess, að vænta má, eftir versnandi útliti, að sjóðnum mundi safnast fé á þennan hátt nokkru tregar en gert var ráð fyrir í fyrra, þá höfum við ekki þorað annað en gera ráð fyrir, að sjóðurinn þyrfti um 4 millj. kr. bráðabirgðalán, og sökum þess að engin vissa er fyrir því, að þetta lán geti fengizt innanlands, en leiðir munu nú lokaðar fyrir því, að slík lán megi taka erlendis, samkv. því, sem gerzt hefir í sambandi við síðustu lántöku stj. í Englandi, þá höfum við nú farið inn á þá braut í þessu frv., að leggja til, að gefin verði út handhafaskuldabréf fyrir þessari upphæð og þau séu tryggð með eignum og tekjum skuldaskilasjóðs, sem eiga að vera nokkuð örugg trygging, ef honum væri með l. tilskilið sitt eigið útflutningsgjald, þar til þessi upphæð er fengin, en auk þess ábyrgist fiskveiðasjóður, og loks sé einnig ríkisábyrgð. Við höfum gert ráð fyrir, að vextir af bréfunum verði 4½% og þau séu dregin inn á 10 árum, eða m. ö. o., að þau verði innleyst að fullu á 12 árum eftir að þau hafa verið gefin út, því að útdráttur ætti ekki að byrja fyrr en eftir 2 ár. Verður það því að teljast öruggt, að þessi bréf geti ekki fallið í verði, af því að útdráttartíminn er mjög stuttur og tryggingarnar óvenjulega öruggar, þar sem sjóðnum væru ákveðnar tekjur, sem telja verður, að séu alveg vissar, þó að ekki megi segja með öryggi um það, hversu langan tíma þarf til að safna þeim, en þar ætlum við tímann nokkuð rúman.

Þetta er höfuðbreyt., sem við leggjum til, að gerð verði í þessu máli, og af þeirri ástæðu, sem ég minntist á áðan, að útflutningsgjald af sjávarafurðum lítur út fyrir að rýrna, þá höfum við ekki þorað að setja markið neitt ákveðið, hvenær sjóðurinn skuli hætta að fá þessar tekjur, heldur sett ákvæðið þannig, að hann skyldi njóta teknanna þangað til fengið er þetta stofnfé, 5 millj. kr., að því meðtöldu, sem fiskveiðasjóður á að leggja til í upphafi.

Það hefir ekki svo mikið að segja frá okkar sjónarmiði, þó að þetta takmark sé ekki skýrar sett, því að í öðru frv. er lagt til, að fiskveiðasjóður Íslands skuli njóta útflutningsgjaldsins eftir að skuldaskilasjóður hefir fengið þá upphæð, sem honum er ætlað samkv. frv., og þar er það fram tekið, að fiskveiðasjóði sé ætlað þetta fé í þeim tilgangi, að hann geti orðið þess megnugur að endurnýja togaraútgerðina og lána til stórra fiskveiðiskipa, stærri heldur en venjulegra mótorskipa. — Að öðru leyti er frv. að mestu leyti shlj. frv., sem flutt var í haust, aðeins örlitlar breyt. gerðar á því.

Ég hirði ekki að hafa yfir það, sem í grg. frv. stendur; það geta hv. þm. sjálfir lesið, og hafa sjálfsagt gert. En ég vil undirstrika það, að með flutningi þessa frv. hér var upphaflega ætlazt til að leysa á þessu þingi vandræði útgerðarinnar allrar. Nú er okkur flm. kunnugt um það, að meiri hl. þings vill ekki, að þessi vandræði séu leyst. Hann um það, en við erum ráðnir í því að láta málið ekki niður falla. Við trúum því, að sá tími muni koma, að þeir menn verði í meiri hl., ekki aðeins meðal þjóðarinnar, heldur einnig á Alþingi, að svo mikill skilningur ríki um atvinnuvegi þjóðarinnar, að menn verði ásáttir um að lofa þessum höfuðatvinnuvegi, útgerðinni, að reisa sig við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég lagði ekki til, að frv. væri vísað til n., af því að það hefir verið áður í sjútvn. Við flm. báðum n. um að taka þetta frv. til athugunar í sambandi við hitt frv. Meiri hl. neitaði því. Ég lagði því ekki til, að frv. yrði vísað til sjútvn., því að ég lít svo á, að það séu ekki nema tveir menn í n., sem bera skyn á sjávarútvegsmál.

Finnur Jónsson: Ég legg til, að þau afbrigði verði veitt frá þingsköpum, að setja þessa tvo menn í sérstaka n. til að athuga málið.

Forseti (JörB): Er þá ekki till. um að vísa málinu til n.?

Bergur Jónsson: Ég geri till. um, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Rekstrarlánafélög.

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um rekstrarlánafélög (þmfrv., A. 186).

Á 35., 37., 38., 39. og 40. fundi í Nd., 22., 25., 26., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Það er hið sama að segja um þetta frv. og hitt, sem var hér næst á undan á dagskrá (frv. um fiskveiðasjóð), að frv. shlj. því var einnig flutt á síðasta þingi af sömu flm., en ekki útrætt þá. Var frv. samið af mþn. í sjávarútvegsmálum, og eftir nokkra athugun hjá hæstv. atvmrh. var það sent af honum til sjútvn. Nd. með beiðni um, að n. tæki það til flutnings. En meiri hl. sjútvn. taldi sig ekki við því búinn og ekki hafa tekið afstöðu til málsins. Þess vegna fluttum við minnihl.menn í sjútvn. það einir, og endurflytjum við það enn á þessu þingi og teljum líklegt, að hv. meiri hl. n. sé nú búinn að átta sig á því, hvort hann muni geta gengið með því, þó að svo væri ekki á síðasta þingi.

Þetta er að vísu ekki stórt mál, en þó er geysimikil nauðsyn á því, að útvegsmenn í verstöðvum landsins geti stofnað hjá sér skipulegan félagsskap til útvegunar á rekstrarfé til þess að halda úti fiskibátum, og ekki síður til þess að gera sameiginleg innkaup á vörum til þessa atvinnurekstrar — olíu, salti o. fl. Það brestur víðast hvar mjög á samtök um þetta. En síðan söluvandræðin fóru að aukast á sjávarafurðum nú síðustu missirin, þá hafa útvegsmenn nokkuð byrjað á sameiginlegum innkaupum á þessum nauðsynjavörum. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er skapaður rammi utan um skipulagsbundinn félagsskap á þessu sviði. Verði frv. að lögum, og ef útvegsmenn nota sér þau fríðindi, sem það veitir þeim, þá gætu það orðið mjög styrkar stoðir undir efnahag útvegsins, og þó einkum til þess að bæta útkomuna á rekstri útgerðarinnar. Þetta er að vísu einkum miðað við bátaútveginn, en síður stórskipaútgerðina. Hin smærri útgerð í verstöðvum víðsvegar um land þarf mjög á rekstrarfé að halda, til innkaupa á salti, olíu o. fl. vörum, og skiptir afarmiklu máli, að þær geti fengizt með sem beztum kjörum og vægustu verði.

Hvað rekstrarafkomu þessa atvinnuvegar snertir, er óhætt að segja, að þar sé mjög þröngt fyrir dyrum. Og með þeirri tregðu, sem nú er á sölu afurðanna, er mjög erfitt úr því að bæta, ef ekki er af hálfu löggjafarvaldsins séð fyrir fullkominni aðstoð til þess, að hægt sé að vega á móti þeim örðugleikum, sem nú eru á rekstri þessa atvinnuvegar. Um frekari ástæður fyrir þessu frv. ætla ég ekki að fjölyrða; það var greinilega rökstutt í nál. mþn. og grg. þeirri, sem fylgdi frv. á síðasta þingi, og vísast að öllu leyti til þeirra ástæðna, sem þar eru taldar. Því að, ef nokkuð væri, þá hafa þær aðeins breytzt í þá átt síðan, að þörfin hefir aukizt og er nú meiri en nokkru sinni áður fyrir þetta frv.

Ég mælist til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. JJós o. fl.).

Á 32. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 187).

Á 35., 37., 38., 39. og 40. fundi í Nd., 22., 25., 26., 27. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að lýsa þessu máli sérstaklega í þetta sinn fyrir d., með því að það er alveg shlj. samskonar frv., er flutt var á síðasta þingi og var þá fram komið sem einn liður í þeim tilraunum til viðréttingar sjávarútvegsins, sem milliþn. í sjávarútvegsmálum áleit, að gera þyrfti.

Okkur er kunnugt, að sá grundvöllur, sem við viljum byggja framtíð fiskveiðasjóðs á, er ekki að öllu leyti geðþekkur öllum hv. þdm., og þó sérstaklega ekki hæstv. stj. En það þýðir ekki á þessu stigi málsins að gera það sérstaklega að deiluefni. Það er sýnt, að ef ekki verður fallizt á þennan grundvöll, þá verður að finna annan nýjan og traustari, svo að fiskveiðasjóður verði fær um að inna af hendi þetta fyrirhugaða starf. Og ef hægt er að benda á annan grundvöll til fjáröflunar í þessu skyni, fjáröflunar,

sem er eins traust og sú, sem hér er á bent, þá er skylt og rétt að taka það til athugunar, og mun sennilega verða gert á sínum tíma, en að svo komnu máli viljum við halda við þann grundvöll, sem við lögðum upphaflega.

Ég hefi ekki heyrt því andmælt með rökum, að sú leið, sem við höfum lagt til að farin verði, sé rétt, nefnilega að ríkissjóður taki að sér að greiða það lán, sem tekið var á sínum tíma hjá Landmandsbankanum í Kaupmannahöfn.

Um þörfina á að efla fiskveiðasjóð og gera hann færan til þess að standa undir útlánum til eflingar útveginum þarf ekki að deila; allir eru sammála um það, að þörf sé á að auka og bæta fiskveiðasjóð.

Ég legg til, að þetta frv. verði athugað í n.; af því að í sjútvn. er annað frv. um sama efni, er nauðsynlegt, að þau verði athuguð samhliða og borin saman. Það er hin fyllsta nauðsyn að efla fiskveiðasjóð með samkomulagi beggja aðilja, er að frumvörpunum standa. Ég held, að það frv., sem nú liggur fyrir sjútvn., sé til litilla bóta; það er brýn þörf á því, að fiskveiðasjóður starfi á víðtækara grundvelli en þar er gert ráð fyrir. Og vil ég jafnframt minna á, að með þessu frv., ef samþ. verður, er lagður sá grundvöllur að lánsstofnun, sem stærri fiskiskip geta fengið stuðning hjá á ókomnum árum. Hið merkasta við þetta frv. er, að með því er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður nái eigi aðeins til bátaútvegsins, heldur er ætlazt til, að hann veiti lán til endurnýjunar á togaraflotanum. Vera má, að það þyki ekki svo sérstaklega nauðsynlegt hlutverk, séð frá sjónarmiði einstöku þingmanna, eða jafnvel þingflokka. En flm. frv. telja mikla nauðsyn á, að það mál verði þannig leyst. — Þá duga því ekki smávegis orðabreyt. á fiskveiðasjóðslögunum, heldur verður að sjá sjóðnum fyrir því fjármagni, að hann geti eflzt hröðum skrefum og orðið með tíð og tíma svo öflugur, að hann geti veitt stofnlán til endurnýjunar á öllum fiskiflota landsbúa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Eignarnám lands handa kaupfélagi Rangæinga.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi land handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk (þmfrv., A. 226).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er flutt inn í þingið eftir ósk stjórnar kaupfélagsins, sem hefir aðsetur sitt við Rauðalæk. Þar hagar svo til, að það eru þrír eigendur og tveir ábúendur að Brekkum, jörðinni, sem hús kaupfélagsins standa á, og beitilandið hjá þeim er sameiginlegt. Þess vegna er dálítið erfitt að ná samningum við þá um kaup á landi til afnota fyrir kaupfélagið. Hinumegin við lækinn, sem hús kaupfél. standa við, er land Efri-Rauðalækjar, sem að eru tveir eigendur. Allt þetta hefir orðið til þess, að samningaumleitanir um að fá keypt þarna land fyrir ferðamenn, sem sækja til kaupfélagsins, til að beita hestum sínum á, hafa gengið stirt. Þess vegna er það, að þetta frv. er flutt, í því trausti, að greiðara gangi um samninga á eftir, og í öðru lagi að mögulegt verði fyrir félagið að fá þarna land, ef samningar ekki takast. — Ég óska, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

Pétur Halldórsson: Herra forseti! Ég vildi spyrjast fyrir um það hjá frsm. þessa máls, hvort hér muni ekki vera um algert nýmæli að ræða í íslenzkri löggjöf, þar sem hér með er farið fram á að fá aðstoð ríkisvaldsins til þess að taka þarna handa einum einstökum aðila, sem er juridisk persóna, að óvilja annara eignir þeirra eftir mati. Mér skilst, að þetta sé einstök og merkileg nýjung í íslenzkri löggjöf, og ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hv. 1. flm., hvort svo sé ekki.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Ég er ekki svo fróður, að ég geti sagt um, hvort þetta er nýmæli eða ekki. En hitt veit ég, að að þessu kaupfélagi þarna standa menn úr fleiri hreppum, sem þurfa á þessu landi að halda, og þess vegna er þarna að ræða um almenningsheill. Þess vegna hygg ég, að það sé algerlega réttmætt, ef samkomulag ekki næst um þetta land öðruvísi, að það sé tekið eignarnámi, og í samræmi við það, að eignarnám undir svipuðum kringumstæðum er heimilt, ef um land á löggiltri verzlunarlóð er að ræða.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég heyri það á svörum 1. flm., að honum er ekki ljóst, hvort hér er um nýmæli í íslenzkri löggjöf að ræða, með því að „exploitera" eignir einstakra manna með valdi til hagsbóta fyrir aðra einstaklinga í þjóðfélaginu. Ég veit, að eignir hafa verið teknar eignarnámi fyrir hið opinbera, ríkið, bæjarfélög og hreppsfélög. Hitt hefi ég ekki heyrt talað um, að eignir einstaklinga hafi verið teknar eftir mati, móti vilja eigenda, til þess að afhenda þær öðrum einstaklingum í þjóðfélaginu. Ég held, að þetta sé nýjung, og mér þykir hún ákaflega merkileg, þessi nýjung. Því að það getur ekki með nokkru móti átt einungis við um land, ef — eins og hér er farið fram á — hægt er að taka land af eiganda þess með löggjöf, eftir mati, og selja það öðrum einstaklingi í þjóðfélaginu gegn vilja hans, því að ef þetta er ekki í ósamræmi við ákvæði stjskr., þá hlýtur þetta líka að gilda um allar eignir aðrar. Ég vildi benda á þetta þegar við 1. umr. Mér þótti

mjög merkilegt að heyra 1. flm. lýsa því yfir, að sér væri það ekki ljóst, hvort hér væri um að ræða sérstakt princip í íslenzkri löggjöf, áður óþekkt þar, eða ekki. Ég álít fyllstu ástæðu til að gera sér slíkt ljóst, áður en flutt er frv. eins og þetta. Því að sú ástæða, sem hv. flm. færði fram fyrir því, að þetta frv. væri flutt hér, að hér væri um að ræða hagsmuni manna úr mörgum hreppum, sem liðu við það, ef ekki næðust samningar við landeigendur um þetta land þarna austurfrá, hún fær ekki staðizt sem rök fyrir því, að það sé réttmætt, að ríkisvaldið komi til og taki landið eftir mati og afhendi það nýjum eiganda.

Við skulum segja, að kaupfélagið þarna við Rauðalæk vanti land til hrossabeitar. Ég get vel trúað, að svo sé, en ég get bara ekki fallizt á, að þrátt fyrir það sé ástæða til þess fyrir löggjafarvaldið að koma þar til og taka tillit til nokkurra hreppsbúa í öðrum hreppum en landeigendur eru í og sjá þeim fyrir hrossabeit í kaupstaðarferðum sínum. Ég álít það ákaflega hlægilegt að fara með slíkt mál inn á þing í þeim tilgangi að fá því framgengt, að land sé tekið af nokkrum þegnum þjóðfélagsins og afhent fáeinum öðrum til eignar, vegna hrossabeitar.

Hv. flm. sagði, að hér væri um almenningsheill að ræða, vegna þess að menn úr mörgum hreppum ættu hér mál að, og þessi almenningsheill krefðist þess, að þetta land væri tekið eignarnámi. Ég sé ekki, að það geri neinn mun frá sjónarmiði laga, í hvaða hreppum eða hvar svo sem vera skal annarsstaðar menn eiga heima, sem vilja fá hrossabeit í landi einhvers jarðeiganda. Þetta, að mennirnir, sem vantar þessa hrossabeit, eigi heima í mörgum hreppum, eru því harla fánýt rök, sem ég vænti, að hv. d. virði að verðleikum. Ég get ekki hugsað mér, að slík rök vegi mikið hér í þessari hv. d.

Mér þykir fyrst og fremst slæmt að fá ekki upplýsingar um það hjá hv. flm. frv., hvort hér sé ekki um algert nýmæli að ræða í íslenzkri löggjöf, og ef svo er ekki, þá hvaða fordæmi er hægt að benda á fyrir slíkri lagasetningu sem þessari. Ég get skilið, að farið sé af stað með svona frv. af þeim mönnum, sem álíta — ef einhverjir álíta það —, að kaupfélög séu orðin opinberar stofnanir, eins og ríkið sjálft, bæjarfélög eða hreppsfélög, og þess vegna beri kaupfélögum sami réttur í þessu tilliti. En fyrr en þetta liggur ljóst fyrir, sé ég ekki, að það komi til nokkurra mála að afgr. frv. eins og þetta einu sinni til 2. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Það, sem hv. 5. þm. Reykv. finnst að þessu máli, er, að hann álítur, að hér sé ekki um almenningsheill að ræða, og þess vegna sé ekki rétt að gefa slíka eignarnámsheimild sem þessa. Og ástæðan fyrir því, að hv. þm. áleit hér ekki um almenningsheill að ræða, var, að ég nefndi það, að kaupfélagið þarna austurfrá þyrfti að hafa hrossabeit til afnota. Og hv. þm. fannst fjarstæða að hugsa sér, að hross geti ekki staðið beitarlaus allan daginn. Til þess að sýna, hvernig aðrir líta á þessa hlið málsins, þá vil ég nefna dæmi úr Austur-Skaftafellssýslu. Sýslunefndin þar skoraði á ríkið að hlutast til um, að af landi ríkissjóðs yrði lagt til land til hrossabeitar. Ég veit ekki betur en að kaupstaðurinn, sem þurfti að fá það land, hafi fengið til hrossabeitar dálítið land, þegar þessu landi var skipt upp.

Þó að þessum hv. þm. finnist ástæða til þess, að staður, sem er verzlunarstaður og margir menn sækja vörur til, þannig að þeir verði vegna sinna kaupstaðarferða að vera þar heila daga, þurfi ekki hrossabeit, þá býst ég við, að allir, sem eitthvað hafa með skepnur farið og vilja láta þeim liða sæmilega, vilji gera eitthvað til þess að það geti orðið.

Ég tók það fram áðan, að eigendur að landsvæðinu í kringum hús kaupfélagsins eru 5. Þess vegna hefir aðstaðan um kaup á þessu landi verið verri en annars mundi hafa verið, og þess vegna hafa samningar ekki náðst um kaup á því. Ég get búizt við, að þegar þessir landeigendur sjá, að ætlað er að skapa aðstöðu fyrir kaupfélagið til þess að geta fengið landið keypt, þá náist samkomulag um kaupin.

Mér skilst, að það, sem hér er um að ræða, sé þetta: Er hér um almenningsþörf að ræða, eða er það ekki? Ég lít svo á, að hér sé um almenningsþörf að ræða fyrir þá menn, sem sækja þurfa til kaupfélagsins. En hv. 5. þm. Reykv. lítur ekki svo á, að hér sé um almenningsþörf að ræða.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti. Það er nú kannske synd að hrella hv. flm. meira í þetta skipti, því að honum er alls ekki ljóst, hvað hér er fyrst og fremst um að ræða. Það kom ekki síður fram í síðustu ræðu hans, þar sem hann vildi leggja þetta að jöfnu við það, að ríkið hefði séð Hornfirðingum fyrir hrossabeit. Vitanlega hefir ríkið séð þeim fyrir hrossabeit á því landi, sem ríkið átti, þannig að þetta á nú ekki heima sem röksemd fyrir réttmæti frv.

En í ræðu hv. flm. nú komu fram nýjar ástæður fyrir frv., svo að ég get út frá þeim betur skilið, hvað hann er að fara. Hann sagði, að þessir 5 eigendur að umtöluðu landsvæði yrðu kannske ljúfari í samningum um sölu landsins, ef þeir sæju, að ef þeir ekki vildu semja um söluna, ætti samt að taka landið með því að láta ríkisvaldið neyða þá til að láta það af hendi eftir mati. Þetta get ég skilið, að hv. flm. ætlist ekki til, að neitt slíkt sem þetta verði gert að lögum, sem ég get vel trúað, að hann sjái, að kemur ekki til nokkurra mála, þegar hann hugsar sig um, heldur að hann ætli með flutningi frv. að reyna að hræða landeigendur, kannske fáfróða og vankunnandi í lögum þessu aðlútandi, til þess að selja landið, með því að láta þá halda, að annars vofi yfir þeim löggjöf um að taka af þeim landið eftir mati. Það er hugsun á bak við þetta, þó að ég viðurkenni alls ekki, að hún eigi nokkurn rétt á sér, því að þetta er tilraun til að leika á eða hrekkja þessa landeigendur. Þó að þetta frv. því komi hér fram, þá hefir það engin áhrif á skyldu þeirra til þess að selja landið.

Hv. flm. dettur ekki í hug ein leið til þess að fá land fyrir kaupfélagið, sem er, að það flytji sig,

ef það vill ekki borga það, sem sett er upp fyrir landið. Vitanlega er það ekki mitt að gefa kaupfélaginu ráð. En þessi aðferð, sem stefnt er að með frv., hvort sem hún er ætluð til þess að hræða landeigendur til að selja landið eða það er hinsvegar ætlunin að gera þetta að lögum til þess að taka af þeim landið eftir mati, þá er þetta hvorttveggja í fullkomnu ósamræmi við stjórnarskrá og lög hins íslenzka ríkis. Og ef í eitt skipti er brotið það ákvæði stjskr., að eignarrétturinn sé friðhelgur, þá mun eitthvað fleira á eftir þessu frv. fara og skrítið.

Magnús Torfason: Ég held, að misskilningur sé í þessu, sem haldið hefir verið hér fram. Það eru til gömul lög, sem heimila að taka eignarnámi lóðir í kaupstöðum handa verzlunum. Ég hygg, að þetta mál sé sambærilegt við það. Hér er aðeins um sveitaverzlun að ræða. Ég hygg því, að hér sé ekki um neitt brot á stjskr. að ræða. Hitt er annað mál, að það er þingsins að athuga það, hvort ástæða sé til að taka land eignarnámi í hverju einstöku tilfelli. Og það mundi vera verkefni þingnefndar að athuga það, eftir að hún hefði leitað sér tilbærra upplýsinga. Ég tel því sjálfsagt að hleypa málinu til 2. umr. og nefndar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Hv. 2. landsk. tók af mér ómakið eftir að ég kvaddi mér hljóðs, og ég vil undirstrika það, sem hann sagði um málið.

Ég vil í sambandi við þetta frv. benda á lög nr. 75 frá 1917, um útmælingu lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. Þar er að ræða um kaupstaði og kauptún, og þar er mönnum heimilað að fá sér útmældar óbyggðar lóðir í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum til verzlunar eða útvegs, þannig að þær séu teknar eignarnámi. Hugsunin, sem liggur til grundvallar þessum l. frá 1917, er að gera atvinnurekstur mögulegan í kaupstöðum og kauptúnum bæði um verzlun og útgerð og sporna við því, að einstaklingar, sem sitja þar uppi með lönd og lóðir, geti hindrað eðlilegan rekstur slíkra fyrirtækja þar á staðnum. Ég hygg, að eitthvað svipað liggi til grundvallar frv. því, sem hér um ræðir. Um hitt get ég sjálfur ekki dæmt, hvort þessu kaupfélagi muni vera nauðsynlegt að fá svo stórt land sem fram á er farið í frv., um 40 ha.

Ég álít það rétt, sem hv. 2. landsk. tók fram áðan, að það sé hlutverk þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að rannsaka, hvort ástæða sé til þess, að kaupfélagið fái eignarnámsheimild fyrir svo stóru landsvæði sem farið er fram á í frv., eða hvort það skuli yfirleitt fá nokkra heimild um eignarnám á landi þarna. En almennt skoðað ætla ég, að frv. eins og þetta sé ekki forkastanlegt fyrir það eitt, að það fer fram á, að veitt sé heimild til eignarnáms á landi handa atvinnufyrirtæki eins og t. d. kaupfélagi. Þó að það muni rétt vera, eftir því sem ég man frekast eftir, að ekki muni vera til nein sérstök l. um það, að einstaklingi eða einkafyrirtæki sé heimilað að taka eignarnámi eignir annara einstaklinga eða einkafyrirtækja, þá held ég samt, að grundvallarreglan, sem orðin er í löggjöfinni í sambandi við þau lög, sem ég benti á, sé sú, að það sé ekki álitið brot á ákvæðum stjskr. um verndun eignarréttarins né á móti eðli íslenzkrar löggjafar að fara inn á þær leiðir, sem þetta frv. gerir till. um. En um það get ég ekki dæmt eftir því, sem hér liggur fyrir, hvort þeim aðila, sem um er að ræða, kaupfélagi Rangæinga, sé nauðsynlegt að fá þetta land til umráða eða eignar til síns atvinnurekstrar. En sé þetta nauðsynlegt, get ég ekki annað séð en að frv. þetta sé réttmætt. Vil ég því taka undir það, sem hv. 2. landsk. sagði um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 37., 38., 39. og 40. fundi í Nd., 25., 26., 27. og 29. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki verið viðstaddur umr. þær, sem farið hafa fram um þetta mál. En ég get ekki látið það fara svo úr þessari hv. d., að ég ekki segi um það nokkur orð.

Það hefir gengið í basli með að fá menn til þess að flytja þetta mál, enda er það ekki undarlegt, því eins og upplýst hefir verið, er þetta mál hin mesta ómynd. Í frv. er beinlínis farið með rangt mál, því heimildin til eignarnámsins er byggð á því, að kaupfélagið, sem starfar við Rauðalæk, hafi ekki lóðaréttindi undir húsum sínum eða land til beitar fyrir hesta þeirra manna, sem koma til viðskipta við kaupfélagið. Ég veit nú ekki, hvað lengi starfsemi hefir verið rekin þarna, en það er áreiðanlegt, að á meðan kaupfélagið hefir starfað þarna hefir aldrei verið amazt við hestum viðskiptamanna þess. Félagið, sem starfaði þarna áður, hafði nægilegt land undir hús sín fyrir 10 kr. á ári, því þá var landið ekki metið meira. En ég veit ekki betur en kaupfélagið, sem nú starfar þar, sitji enn í sömu leigu og að ekkert hafi verið við henni haggað. Starfsemin, sem þarna er rekin, er fyrir nálægt umdæmi, og kemur aldrei fyrir, að þeir, sem verzla þar, séu næturlangt með hesta þar, en þeir, sem landið eiga, hafa aldrei amazt við því, að hestar tækju þar niður í tungunni á meðan staðið er við.

Hins er ekki getið, af hverju menn eru að sækjast eftir þessu landi. En það er af því, að kaupfélagsstjórnin hefir haft í huga að koma þarna upp kornrækt. En í stjórn félagsins hefir setið maður, sem á land þar í kring, en hann hefir álitið, að félagið hefði ekki efni á því að leggja í kornrækt í stórum stíl, og hefir hann því ekki viljað skaffa kaupfélaginu land, því hann taldi það ekki viðeigandi, af því hann gerði ráð fyrir, að kaupfélagið myndi ekki græða á þessu.

Hv. 1. flm. veit, að það er hægt að fá jarðir keyptar þar í kring, því þar hefir verið boðið til sölu land undir nýbýli fyrir mjög sanngjarnt verð. Meira að segja hefir verið hægt að fá keypt barðið fyrir sunnan lækinn, en um það hefir kaupfélagið aldrei spurzt fyrir hjá eigandanum. Ég veit því ekki, af hverju þetta frv.

um lögtaksheimild er borið fram, því tæplega geta menn ímyndað sér, að landið fáist fyrir betra verð með því móti heldur en ef samið er við þá, sem eiga landið og vilja selja það.

Ef gefið er slíkt fordæmi um að taka lönd eignarnámi, þá fer að verða lítill akkur í því fyrir menn að eiga lönd, því þá geta alltaf einhverjir komið og beðið um skika úr landi þeirra. Ef ástæðan, sem nefnd er í frv., er nóg til þess að hægt sé að taka landið eignarnámi, þá fer að verða lítið öryggi fyrir því, að menn geti haldið löndum sínum.

Ég býst við, að málið fari til n., en geri ekki ráð fyrir, að landbn. leggi til, að það fari lengra, þegar hún hefir athugað það.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram. Ég hefi bent á, að það er engin ástæða til eignarnámsins, því það kreppir ekkert að kaupfélaginu um lóð undir hús sín eða beit fyrir hesta viðskiptamanna þess, en ástæðan fyrir frv. er, eins og stendur í grg., að kaupfélagið vill taka þátt í ræktun landsins, eða koma þar upp kornrækt, eins og ég hefi getið um áður.

Það sjá allir, hversu fráleitt þetta mál er, þar sem ekki er búið að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem landið eiga, vilja selja það. Það hefir ekki verið minnzt á þetta við eigendurna, heldur farið beina leið til þingsins með þetta vesala mál.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Það var aðallega út af því, sem tveir hv. þdm., sem báðir eru lögfræðingar, en það eru þeir hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk., höfðu út á það að setja, sem ég hafði haldið fram um, að þetta væri nýmæli í íslenzkri löggjöf, að gera eignarnám á þennan hátt til hagsmuna fyrir einstaklinga eða félög. Þeir vildu mótmæla því og vísuðu til l. frá 1917, um eignarnám, en til þeirra er vísað í 2. gr. þessa frv. Ég get nú ekki betur séð en að þau l. eigi eingöngu við, að tekið sé eignarnám fyrir ríki, sveitarfélög eða bæi. Ef þau l. heimila þetta, þá get ég ekki betur séð en að l. um þetta einstaka tilfelli séu óþörf, því þá er hægt að framkvæma þetta án sérstakrar lagasetningar, þar sem þau l., sem hér um ræðir, eru almenns eðlis. Ef þetta fellur undir þau l., þá er hægt að framkvæma eignarnámið samkv. þeim.

Ég óska eftir því, að fá upplýsingar um þetta atriði hjá lögfræðingum d., og finnst mér, að það væri fróðlegt fyrir okkur leikmennina að heyra eitthvað meira um þetta atriði frá lögfræðilegri hlið.

Ég hafði spurzt fyrir um, hvort þetta væri ekki einsdæmi, sem hér er farið fram á, en 1. flm., sem leitaðist við að svara fyrirspurninni, og nokkrir fleiri, sem talað hafa um málið, hafa lýst því yfir, að þeim væri ekki kunnugt um það, hvort þetta væri nýmæli í íslenzkri löggjöf eða ekki. Mér þótti þetta furðulegt, ef svo er sem ég álít, að hér sé verið að brjóta friðhelgi eignarréttarins, sem verndaður er með stjórnarskránni, og það mjög háskalega, ef frv. nær fram að ganga. En ef hægt er að sýna fram á það með rökum, að þetta sé ekki nýmæli og að fordæmi sé til fyrir því, þá fellur niður sú ástæða, sem ég hélt fram áðan, að þetta myndi vera einsdæmi.

Það væri fróðlegt fyrir þessa hv. d. að fá frekari frásagnir um þetta hjá lögfræðingum þeim, sem talað hafa í þessu máli, og fá skýringu á því, hvort hér sé um mál að ræða, sem ekki er varhugavert fyrir Alþingi að láta ganga fram.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var til umr. í þessari hv. d. út af því, að hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk. töldu, að þetta frv. væri í raun og veru sambærilegt við l. um eignarnám lóða í kaupstöðum og kauptúnum. Þessu vil ég mótmæla, vegna þess að skilyrðin fyrir því, að menn geti fengið útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum, eru ríkari og önnur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þegar þau l. voru til umr., var mikið um það deilt af lögfræðingum þeim, sem þá áttu sæti á Alþ., en það voru þeir Einar Arnórsson og Jón Magnússon, hvort það frv. bryti ekki í bága við stjskr. Í þessu sambandi skal ég benda á, að þá var sett nýtt ákvæði í frv. um það, að þessi útmæling mætti ekki eiga sér stað, nema hreppstjórn eða bæjarstjórn mæli með því. Það var álitið tryggt, að ef þau meðmæli fengjust, þá væri almenningsheill til staðar. Í þessu máli er ekki slíku til að dreifa. Það liggur ekkert sérstaklega fyrir um það, að hreppsnefnd hafi lagt með þessu, og það hefir ekkert komið fram við umr., sem bendi á, að hér sé um almenningsheill að ræða.

Ég skal benda á, að í l. frá 1917 er þessi útmæling eingöngu takmörkuð við að fá útmældar lóðir í kaupstöðum eða þeim stöðum, sem löggiltir eru til verzlunar, og er ekki hægt að ganga út fyrir þau svæði. Ennfremur er ekki hægt að fá útmælt, ef svæðið er í notkun af öðrum. En aðalástæðan fyrir því, að l. frá 1917 voru sett, var sú, að það var talið, að einstakir menn hefðu öll umráð yfir lóðum í kaupstöðum eða bæjum. Það var þess vegna talið miða til almenningsheilla, ef aðrir fengju þar lóðir.

Ég hefi tekið þetta fram til þess að benda á, að það er rangt hjá hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk., að þetta frv. sé sambærilegt við l. frá 1917. Það er allt annað, sem liggur til grundvallar. Auk þess má benda hv. þm. á það, að einmitt í sambandi við það frv. var mjög um það deilt á þingi, hvort það gengi ekki í bága við stjskr.

Hv. 5. þm. Reykv. hefir nú enn bent á atriði til að sýna rækilegar fram á, hver fjarstæða það er, að Alþingi samþ. slíka heimild, og þarf ég ekki að endurtaka neitt af því. En það má í viðbót benda á, að það virðist dálítið undarlegt, ef löggjöfin á að veita kaupfélagi aðgang að landi, sem það frá upphafi vissi, að það gat ekki fengið. Það er stofnað 1930. Og í grg. stendur, að það hafi ekki fengið nægilegt land, þrátt fyrir margítrekaðar samningaumleitanir. M. ö. o., í grg. er fullkomin játning fyrir því, að kaupfélagsstj. hafi þegar frá upphafi verið kunnugt um, að þarna gæti hún ekki fengið land. Hinsvegar hefir hv. flm. ekki getað komið fram með neitt, sem bendi til þess, að kaupfélagið hafi ekki getað fengið nægilegt landsvæði fyrir sig á öðr-

um stað. Það væri þess vegna ákaflega óeðlilegt, ef löggjöfin færi að þvinga fram, að óviðkomandi stofnanir, eins og kaupfélagið í þessu tilfelli, gætu fengið svo og svo stórt land fyrir sig með eignarnámi, ef það er í óþökk landeiganda. Ég veit satt að segja ekki, hvert komið væri, ef slíkt fordæmi yrði gefið, og virðist ekki hægt að stöðva sig við þetta eina kaupfélag. Ég fæ ekki séð, að hægt sé að banna öðrum verzlunarfyrirtækjum að fá nauðsynlegt land fyrir sína verzlun og nauðsynlega bithaga fyrir sín hross, ef þetta væri heimilað.

Ég er nú þeirrar skoðunar, að löggjafarvaldið eigi að vera mjög varfærið í því að heimila einum aðila umráð yfir landi gegn vilja eigandans. Eignarrétturinn er nú friðhelgur, og löggjafarvaldið á í sem fæstum tilfellum að trana sér inn á þann helga vettvang, — alls ekki nema í þeim fáu tilfellum, sem almenningsheill krefst þess. Og það getur vitanlega ekki komið til mála, að það sé hægt að sannfæra þingheim um, að það liggi almenningsheill bak við kröfu þessa frv.

Magnús Torfason: Hv. 5. þm. Reykv. gat þess, að ég hefði verið að vitna í l. í þessum ræðustúf, sem ég hélt um málið, þegar það var hér síðast á dagskrá. Þetta er ekki rétt. Ég vitnaði ekki í nein l., vegna þess að ég hafði ekki nein l. fyrir mér. Annað mál er það, að ég mundi eftir l., sem ég hafði sjálfur framkvæmt, og á því byggði ég mínar till. Að því er þetta frv. sjálft sérstaklega snertir skal ég ekkert segja um það og hefi ekkert sagt um það, hvort réttmætt sé, að það verði gert að l. eins og það er; m. ö. o. hvort almenningsheill krefjist þess að taka lóðina af þessum mönnum. Og vitanlega geri ég það af þeirri ástæðu, að það er ekki okkar að meta það, heldur þeirra manna, sem til þess verða kvaddir á sínum tíma. Ég skal játa það, að frv. er óheppilegt að því leyti, að það er miðað við einstakt tilfelli, við þörf einstakra manna. Ég tel, að það hefði verið miklu réttara að koma með frv. almennt þessa efnis. Það, sem liggur til grundvallar í frv., er þetta, að það *eru engin l. til þess að taka jarðeignir* manna undir verzlun fyrir utan kauptún og kaupstaði. Og þá væri aðeins spursmálið um það, hvort það er rétt að færa þetta út til landsbyggðarinnar yfirleitt. Og það var það, sem ég sagði og ég get ekki séð, að í neinn máta fari í bága við nein grundvallaratriði laga. Því fremur sem við höfum haft lengi l. í landinu, sem gera ráð fyrir þessu í kaupstöðum. Við höfum l. frá 13. marz 1891 um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar þessi l. voru sett, voru þau skoðuð sem nokkurskonar frelsisskrá fyrir ísl. verzlunarstétt. Tilefni þeirra var það, að útlendar verzlanir áttu miklar lóðir og lendur og jarðir jafnvel þar, sem kauptúnin voru risin. Og sérstaklega var tilefni l., að í Vopnafirði átti útlend verzlun alla lóðina — jörð að ég hygg — og hafði neitað um að láta byggja þar undir verzlun. Þeir útlendu menn gengu svona vítt, alveg gagnstætt l. í þeirra eigin landi, að þeir ætluðu að beita þessu harðræði.

Ég sé þá ekki betur en að það sama geti gilt í sveit eftir að farið er að setja verzlanir upp um sveitir, sem vitanlega er samfara því, að farið er að nota bíla hér á landi. Ég get ekki séð annað en að þörfin sé hér sú sama, og ég sé ekkert í neinum grundvallarlögum, sem mælir gegn þessu. En hvað það sérstaklega snertir, að það er kaupfélag, sem á þarna í hlut, þá get ég ekki séð betur en að það hljóti að öðru jöfnu að vera eins mikil almenningsnauðsyn til að ná í slíka lóð fyrir þau eins og fyrir aðrar verzlanir. Það er ekkert um annað að deila hérna heldur en þetta, hvort verzlanir í sveit, kaupfélög eða aðrir eigi að geta fengið rétt sinn með þessu móti, sem gert er ráð fyrir í l. um útmæling lóða í kauptúnum allar götur frá 1891.

Ég legg til fyrir mitt leyti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og n. og upp úr frv. verði soðin almenn l. um þetta efni, að verzlanir og kaupfélög til sveita hafi alveg sama rétt og í kaupstöðum. En ég vil taka það fram, að ég get ekki verið á móti þessu frv., enda eru lóðir í kaupstöðum miklu verðmætari en mýraflákar uppi í sveit, eins og þarna er um að gera.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég tel að síðasta ræða kollega míns, hv. 2. landsk., hefði átt að byrja á því, sem hún endaði á. En betra er seint en aldrei. Því að ef málið frá *upphafi er á rökum byggt, þá hefði hann átt* að tala um það, að það vantaði úti um land allt samskonar ákvæði og gilda um löggildingu kauptúna samkv. l. nr. 25 frá 1917. Það er atriði, sem má tala um. Því að þótt það almenna atriði virðist ekki koma því máli svo mjög við, sem hér er um að ræða, þá má alltaf tala um, að sviðið sé þröngt og nauður reki til að gera samskonar ákvæði víðar en gilda nú.

Nú er það kunnugt, að það er hvergi hægt að taka eignarnámi lóðir handa verzlunum og einstökum mönnum, nema þar, sem l. leyfa, og það er aðeins í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum. Það hefir verið litið svo á í löggjöfinni frá upphafi, að með löggildingu verzlunarstaða og kauptúna ætti að skapa í framtíðinni meiri rétt á því svæði, vegna aðkallandi þarfa við*skipta- og verzlunarstofnana, meiri rétt en á* svæðum landsins úti um jarðir héraðanna. Þetta er óskaplega eðlilegt. Í fyrsta lagi af því, að þegar komið er upp kauptún og það löggilt, þá er ekki að tala um sérstaka hagsmuni eins jarðarábúanda, eins og ávallt verður að vera — og ég fullyrði að eigi að vera ennþá og áfram — uppi í sveit, þar sem tilveran byggist á því, að menn búi á sínum jörðum og yfirleitt láti þær haldast. Þar er því allt öðru máli að gegna. Þar eru hagsmunir hinna einstöku búenda aðalhagsmunirnir. En í kaupstöðum og hinum löggiltu verzlunarstöðum eru það hagsmunir hins verðandi fjölda og viðskiptastofnana, sem löggjöfin hefir litið á og dæmt meira virði, og þess vegna yrði að gera eitthvað fyrir þá á kostnað eins manns, sem kannske ætti jörð að kauptúninu. Það hefði þess vegna fremur mátt búast við, að hv. 2. landsk., gamall og reyndur lögfræðingur, kæmi með breyt., sem mætti vera á l. frá 1917, um að þessi almenna heimild gildi lengra og víðar en fyrir almenna

verzlunarstaði. Vitanlega hefði sú till. mætt mótspyrnu vegna þess, sem ég hefi tekið fram, og sérstaklega vegna þess, að enginn hefir sýnt fram á — né heldur getað það, og sízt með þessu eina tilfelli —, að almenningsþörfin sé svo rík á ýmsum stöðum úti um héruðin fyrir því, að eignir manna séu teknar og afhentar öðrum. Þetta liggur nú ekki fyrir, og það veit hv. þm. ofurvel. Og síðasta tal hans var sprottið af því, að hann var kominn í öngþveiti með þetta eina atriði. En það er ekki heldur hægt að færa rök að þessu almennt að svo vöxnu máli.

Ég vil minna á ákvæði stjskr. um eignarréttinn. Þau eru, sem kunnugt er, í 62. gr. og hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

En af því að sérstaklega hefir staðið á í vissum kringumstæðum, hafa l. verið sett, sem áhræra þetta atriði nokkuð. Það má segja í rauninni, að aðalatriði þeirra sé ekki vegna annars en þessarar lóðatöku í löggiltum kauptúnum og kaupstöðum. En ef ætti að setja slík l. sem þetta frv., eða jafnvel l. um útvíkkun l. um verzlunarstaði, þá er allt öðru máli að gegna. Og það er engum efa undirorpið, að ef ekki er hægt að sýna fram á um þetta eina atriði, að almenningsheill krefji — en það er ómögulegt — og verði frv. samþ. og reki sig á stjskr., þá getur hlutaðeigandi skotið sér undir vernd stjskr. með því að láta dómstóla skera úr. Hinsvegar er rangt hjá hv. 2. landsk., að þeir, sem eiga að mæla út landið, meti almenningsþörfina. Engan veginn. Þeir meta landið og hvað mikið land þarf að taka.

Nú hefir verið sýnt fram á það af hv. 1. þm. Rang., að hinn mesti misskilningur hefir gripið þá menn, sem flytja þetta mál eftir beiðni. Það er langt frá því, að þeir fari rétt með það, sem stendur í grg. Þeir hafa ekki spunnið það upp, en fengið það uppgefið hjá þessum kaupfélagsstjóra, sem vill fara að búa á einn eða annan hátt og leggja undir sig land annara, sem hann ekki getur fengið ella. Hv. 1. þm. Rang. hefir sem sé upplýst, að þarna hafi alltaf verið nægilegt land undir hús. Mjólkurbúið, sem var þar áður, hafði nægilegt land. Þetta eru sömu húsin dálítið útvíkkuð, og hafði enginn á móti því. M. ö. o., það er upplýst, að kaupfélagið hefir lóðaréttindi meira en á við mjólkurbúið. Hefir það fengið óáreitt að beita hestum, en allajafna er stutt viðstaða þarna og hestum þá ekki einu sinni sleppt. Þarna sækja miklu færri menn en að mjólkurbúinu, því að verzlun er fyrir austan og utan. Og menn, sem hafa viðskipti langan veg frá, sækja sínar vörur mikið á bílum, ekki aðeins til Reykjavíkur, heldur einnig til hinna verzlananna. Þeir, sem stytzt koma að, eru með hesta, en sleppa þeim sjaldan, og þarf ekki undir þá beit nema örlitla spildu, sem þeir gátu fengið. Hinsvegar er upplýst, að hinumegin við lækinn hefir um langa hríð verið til boða nægilegt land fyrir tiltölulega lítið verð. Svo að allar ástæður, sem færðar eru fram, hrynja. Það er líklegt, að þarna sé um vísvitandi ósannindi að ræða af hálfu þeirra, sem gefa upp, hvernig aðstæðurnar séu, en ekki frá þeim, sem málið flytja. Því að ég geri ráð fyrir, að slíkir heiðursmenn hafi ekki vitað betur en þetta væri rétt.

Í öðru lagi er þess að geta, að hvernig sem háttað er þessu, þá er, samanborið við þau réttindi, sem að kaupstöðunum eru rétt með l. frá 1917 og hv. 2. landsk. vitnaði til, farið fram á langt of mikið land til þess að fullnægja nokkurri slíkri þörf. Hér er farið fram á jörð, 40 ha. lands, til þess að sleppa hestum á og byggja hús. Slíkt nær ekki nokkurri átt. Það kemur fram, hvað fyrir vakir. Maður ætlar að fá sér jörð úr annara landi, sem eigendur vilja ekki láta, og frá sjónarmiði almenningsheilla er ekki meiri þörf á að hann búi þar en þeir. Það er ekki almenningsþörf, hvort maðurinn heitir Pétur eða Páll, sem býr á jörðinni. Hér er greinilega skotið yfir markið.

Og það ætti hv. 1. flm. að vita, að það eru ákvæði til að ná í ræktunarland, og er að finna í jarðræktarl.; hefir búnaðarráðunauturinn væntanlega lesið eitthvað af þeim. 6. kafli jarðræktarl. frá 1923 fjallar einmitt um þetta, sumpart í sambandi við löggilta kaupstaði. Skal ég minna á 34. gr., sem hér á bezt við; hinar fjalla mest um opinberar jarðir, enda taka l. tillit til þess, hvort maðurinn býr á eign sinni eða opinberri jörð. Það er gert að skyldu að láta það land af hendi, vegna þess að löggjöfin ræður yfir þeim. En í 34. gr. segir:

„Ekki getur eigandi eða umráðamaður bannað, að óræktað land sé tekið til ræktunar eftir kafla þessum, nema svo sé ástatt sem hér segir: — a) að hann hafi sjálfur gert viðbúnað til að rækta landið á einhvern veg eða færi sönnur á, að landið sé honum nauðsynlegt vegna annara afnota", o. s. frv.

Nú hefir það verið svo um jarðir hér og hvar, að mönnum hefir verið heimilt að telja sér jörðina nauðsynlega. Það hefir verið viðurkennt, að það er ekki hægt að skikka einn og annan kannske af pólitískum ástæðum og segja: Þú hefir ekki þörf á þessu, en hinn hefir þörf á hinu, — heldur verður a. m. k. allt að gerast samkv. þeim anda, sem löggjöfin er byggð á, að það megi ekki taka jörð af manni, sem hann á og notar, nema almenningsþörfin sé svo rík, að hún krefjist þess. En það er ekki hér.

Væri nú þessi þörf fyrir hendi, gæti hún reyndar fallið undir jarðræktarl. frá 1923, og kæmi þá hlutaðeigandi maður, sem þarfnast landsins til ræktunar, og bæði um, að jarðræktarl. yrðu framkvæmd. Þess vegna er sízt þörf að flytja þetta frv. En að öðru leyti er málið út í hött, eins og ég hefi sýnt fram á og fleiri. Ef löggjöfin á að vera á viti byggð og á grundvallarreglum l., þá kemur ekki til mála að leiða ákvæði slíks frv. í l., og það hefir nú líka hv. 2. landsk. séð.

Gísli Guðmundsson [óyfirl.]: Ég verð nú að segja, að ég er dálítið undrandi yfir því, hversu miklar umr. geta spunnizt um jafnsauðmeinlaust mál og þetta virðist vera. Það, sem hér er um að ræða, er nú ekki annað en það, að kaupfélag, sem yfirleitt er eign bænda í viðkomandi sveit,

óskar eftir að geta tryggt sér lóðir undir byggingar til frambúðar og bithaga fyrir hesta viðskiptamanna sinna. Og svo að lokum ef til vill að geta haft möguleika til þess að sjá væntanlegum starfsmönnum félagsins fyrir einhverju lítils háttar jarðnæði. Það er ekki heldur svo, að hér sé um að ræða að gera neinum hlutaðeigandi manni verulegan miska með því, sem farið er fram á í frv. Því að það er aðeins farið fram á að taka algerlega óræktað land, sem ekki eru neinar líkur til, að ábúendur þeirra jarða, sem þarna eiga hlut að máli, þurfi að nota. Svo er mér a. m. k. tjáð af mönnum, sem vita, sem ég hefi ekki ástæðu til að rengja. Ég skal fúslega taka fram, að ég er ekki nákunnugur þarna austur frá. En heimildin, sem ég hefi, er áreiðanlega ábyggileg.

Ég hjó eftir því hjá hv. 1. þm. Rang. áðan, að það mundi hafa gengið eitthvað erfiðlega — að hans áliti — að fá frv. flutt hér inn í þingið. Ég held hv. þm. hafi ekki aflað sér vitneskju um þetta. Ég held, að óhætt sé að fullyrða það, að ekki hafi verið nefnt við aðra að flytja þetta frv. en þá þrjá þm., sem það gerðu, að undanteknum einum manni. Það var einmitt hv. 1. þm. Rang. Ég gerði það, af því að ég taldi ekki rétt að flytja það án þess að það væri honum kunnugt, þar sem það snertir hans kjördæmi. Hann vildi ekki eiga við það, og er ekkert sérstakt við því að segja. En það, sem hann taldi sérstaklega mæla á móti, var það, að þetta land, sem farið er fram á að taka, væri svo ljótt í laginu, að hann teldi kaupfélaginu ekki samboðið að eiga það. Nú segir hann, að enga nauðsyn beri til að taka landið eignarnámi, af því kaupfélagsmenn geti fengið nauðsynleg afnot af því án þess, t. d. beitiland fyrir hesta. Ég skal ekki um þetta segja, en þó að svo hafi verið hingað til, sannar það ekki, að svo verði hér eftir. Mér er sagt, að landið sé eign margra manna. Meiri hluti þeirra vill selja það kaupfélaginu, en minni hlutinn vill ekki láta landið af hendi, og því er farið fram á eignarnámið. Þeir, sem á móti sölunni eru, hafa enga persónulega hagsmuni af að eiga landið.

Ég ætla ekki að fara að deila við lögfræðinga þá, sem hér hafa rætt um málið og ekki orðið sammála. En það er vitanlegt, að tíðkazt hefir að veita slíkar heimildir, ef það hefir verið talið nauðsynlegt vegna hagsmuna almennings. Og þegar slíkar heimildir eru gefnar, er auðvitað tilætlunin, að þær komi ekki sérstaklega þungt niður á þeim, sem fyrir eignarnáminu verða, og slíku er ekki heldur til að dreifa hér, eins og ég hefi sýnt fram á.

Mér finnst það næsta hlálegt, þegar sjálfstæðismenn fara að tala um það með miklum fjálgleik í sambandi við þetta mál, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þetta stendur að vísu í stjskr. og um það þarf hvorki ég né aðrir neinnar fræðslu við frá sjálfstæðismönnum. En það er margt í löggjöf síðustu ára, sem bendir á, að í framkvæmd sé eignarrétturinn ekki eins friðhelgur og stjskr. segir. Ég vil í því sambandi benda á kreppulánasjóðslögin og frv. sjálfstæðismanna um skuldaskilasjóð. Aldrei hefir verið vikið lengra frá eignarréttarhugmyndinni en þar. (**JJós**: Hvað á hv. þm. við?). Ef meiri hluti landarðrottna ákveður svo, verður minni hl. að láta af hendi eign sína nauðugur. Ég gæti einnig nefnt frv. hv. 8. landsk. um frystingu beitusíldar, sem ganga mun harla nærri friðhelgi eignarréttarins. Mér finnst því mótstaða sjálfstæðismanna í þessu máli næsta hláleg og undrast, að svo miklar umr. skuli hafa orðið um það.

Hannes Jónsson: Hér er um tvö óskyld atriði að ræða. Annað er það, að útvega kaupfélaginu lóðaréttindi undir verzlunarhús þess, eftir því sem þörf krefur. Ég tel það réttmætt, að sveitaverzlunum séu útveguð slík lóðaréttindi með löggjöf, ef með þarf.

Hitt er með öllu óskylt mál, að ætla sér að taka eignarnámi 130 vallardagsláttur af landi til bithaga eða til afnota fyrir starfsmenn kaupfélagsins. Ef á að gera þetta í sveitum, yrði að taka upp sömu reglu um kaupfélögin í kauptúnunum, því að þau þurfa ekki síður bithaga og lystigarða. En alstaðar þar, sem ég þekki til, hefir gengið sæmilega að fá nauðsynlegt land til hestabeitar, og skil ég ekki í öðru en að svo sé líka á þessum stað. Og óliklegt þykir mér, að nokkur knýjandi nauðsyn sé á því fyrir kaupfélagið að fara að koma þarna upp búrekstri.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að á síðustu árum hefði á ýmsan hátt verið gengið á friðhelgi eignarréttarins í löggjöfinni. Þótt satt kunni að vera, að þjóðfélagið hafi stundum af knýjandi ástæðum gengið nærri eignarréttinum, táknar það vitanlega ekki það, að ekki eigi að setja nein takmörk fyrir því, hve lítil sem þörfin er. En auðvitað var það alveg fjarstæða, að verið hafi gengið á nokkurn hátt á eignarrétt manna með lögunum um kreppusjóð. Sú löggjöf líkist fremur nauðasamningum og er til þess sett, að ekki sé hægt fyrir skuldareigendur að ganga að mönnum og hirða af þeim allt, sem þeir eiga. Og ég vil benda á það, að þegar hugmyndir sumra hv. þm. um eignarréttinn eru orðnar svona ruglaðar, þá er tími til kominn að stinga fótum við, er slík frv. sem þetta koma fram.

Magnús Torfason: Ég vil þakka hv. þm. V.-Sk. fyrir hans góðu orð. Við erum sammála um það, að rétt sé að taka eignarnámi lóðir undir verzlanir, og þá eins í sveitum. Ég er ekki nákunnugur því, hvernig á stendur þarna eystra, en ég veit það sem stofnandi mjólkurbúsins á Rauðalæk, að lóðin er of lítil. En auðvitað verður þetta athugað nánar í nefndinni. Ég skal játa það, að mér finnst landsvæði það, sem farið er fram á í frv., 40 ha., vera nokkuð stórt. — Hv. þm. V.-Sk. var að hneykslast á því, að talað væri um hrossabeit í frv. Ég vil í tilefni af því leggja til, að n. sendi frv. dýraverndarfélaginu til umsagnar.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Það er tekið fram í grg. frv., að land það, sem samkv. því á að taka eignarnámi, eigi að nota undir býli starfsmanna. Ég vil nú spyrja að því, hvort nokkurt fordæmi sé fyrir þessu úti um landið. Ég þarf að vísu ekki að spyrja, því að ég veit, að fordæmi er ekkert til um þetta, og ekki um land til hrossabeitar heldur, sem engin ástæða er heldur til, þar sem hestarnir hafa nú góðan bithaga í

Tungunni, sem kölluð er. Hún liggur á milli tveggja lækja, en hús kaupfélagsins standa á oddanum. Þetta land er eign tveggja eða þriggja manna.

Aðaltilgangur kaupfélagsins með eignarnáminu mun vera sá, að stofna til stórkostlegrar kornræktar. En þó að kornrækt kunni að eiga einhverja framtíð hér, er hún ekki enn það stórmál, að taki því að taka lönd eignarnámi hennar vegna. Aðalmaðurinn í stjórn félagsins hefir ekki viljað selja landið, til þess að forða félaginu frá stórfelldu tapi af þessu kornræktarflani kaupfélagsstjórans.

Ég hefi áður upplýst, að lönd, óræktuð, eru til sölu rétt hjá. Búast má við, að óræktað land, sem tekið væri eignarnámi eftir mati, yrði mun dýrara en þau lönd, sem félaginu standa nú til boða, og því myndi félagið skaðast á eignarnáminu.

Fyrir eignarnámi verða að vera knýjandi ástæður, en svo er ekki hér. Ég tel því óviðeigandi, að þingið samþ. löggjöf um þetta, og ég trúi því ekki, að þingið gefi fordæmi um það, að starfsmenn kaupfélaga geti látið taka land eignarnámi handa sér hvar sem er, en um það yrði ekki hægt að neita, ef þetta fordæmi verður gefið.

Forseti (JörB): Þá er umr. lokið, og verður gengið til atkv.

Thor Thors: Það er vafasamt, hvort þetta brýtur ekki í bága við eignarréttarákvæði stjskr. Þess vegna tel ég rétt, að hæstv. forseti úrskurði þetta atriði.

Forseti (JörB): Það heyrir ekki undir forseta að úrskurða að vísa þessu máli frá upp á sitt eigið eindæmi. En viðvíkjandi því atriði, sem hv. þm. á við, vil ég taka það fram, að þó menn kunni að vera í vafa um einhver ákvæði frv., er því þó vísað til 2. umr. og n., svo að n. geti athugað þau atriði, sem um er að ræða í hvert skipti. Ég vona því, að hv. þm. Snæf. greiði atkv.

Thor Thors: Hæstv. forseta er vel kunnugt um, að hann getur vísað frá frv., sem brjóta í bága við stjskr., en þar sem ég ber fyllsta traust til *hans, þá vil ég ekki blanda mér í hans málefni* og greiði því ekki atkv.

Forseti (JörB): Það hefir ekkert komið fram í umr. um þetta mál, sem bent getur til þess, að frv. það, sem hér liggur fyrir, brjóti í bága við ákvæði stjskr. Margir, sem um þetta mál hafa rætt, hafa látið það í ljós, að þeir hefðu ekki nægilegan kunnugleik til þess að meta þá þörf, sem frv. ræðir um, en hafa skírskotað til þeirrar n., sem hefir fengið þetta mál til meðferðar.

Garðar Þorsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Snæf. greiði ég ekki atkv. Annars tók ég það fram í ræðu minni, sem hv. 5. þm. Reykv. drap einnig á, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, mundi brjóta í bága við stjskr., og álít ég því, að hæstv. forseta beri að úrskurða um þetta atriði.

Forseti (JörB): Þetta *eru ekki gildar* ástæður hjá hv. 8. landsk. og ekkert annað en krókaleiðir til þess að komast hjá því að greiða atkv., því að í frv. stendur ekkert um það, að taka eigi þessa eign, sem hér um ræðir, ef nauðsyn er fyrir hendi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Þvert á móti er það tekið fram, að fullt verð skuli koma fyrir eignina. En það er nauðsynlegt að meta, hvort það gæti komið til mála, að þörf væri á því, að þessi eign yrði tekin eignarnámi. Það er m. a. verkefni þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, ef það atriði liggur ekki ljóst fyrir.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég held, að ég hafi tekið það nógsamlega skýrt fram áður, hvers vegna ég greiði ekki atkv. um þetta mál. Ákvæði þessa frv. brýtur svo ótvírætt í bága við stjskr., að jafnrökvís maður og hæstv. forseti er hlýtur að koma auga á það. Frv. gerir ráð fyrir því, að 40 ha. ræktaðs lands verði teknir eignarnámi, og rökin, sem færð eru fyrir þessu, eru ekki önnur en þau, að það þurfi lóð undir hús kaupfélagsins þar eystra og beit fyrir hesta, sem standa við í 1—2 tíma. Af þessum ástæðum vil ég ekki greiða atkv. um þetta mál.

Forseti (JörB): Það þýðir ekki að fjölyrða frekar um þetta. Það hefir þó nokkrum sinnum komið fyrir, að ákvæði hafa staðið í frv., sem *talin hafa verið á byrjunarstigi*, þegar þau hafa verið lögð fram við 1. umr., og hefir þá verið talið af sumum, að þau mundu brjóta í bága við stjskr. Samt hefir málinu verið vísað til 2. umr. og n., í því skyni, að hún fengi tækifæri til þess að athuga, hvort ekki væri hægt að bæta slíka galla. Nú hefi ég ekki látið það í ljós, að ég teldi, að ákvæði þessa frv. kynnu að vera vafasöm. En ég hefi áður minnzt á það, að ef um slíkt hefði verið að ræða, þá væri það verkefni n. þeirrar, sem um málið fjallar, að athuga þessi vafaákvæði frv. Ef ég hefði svo að því loknu komizt að þeirri niðurstöðu, að einhver ákvæði frv. brytu í bága við stjskr., þá mundi ég vitaskuld annaðhvort vísa málinu frá eða krefjast leiðréttingar á slíkum göllum.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég hefi heyrt, að tveir hv. þm., sem sæti eiga í allshn., vantreysta sjálfum sér algerlega til þess að líta á þetta mál og dæma um það, hvort það sé löglegt eða ekki, þá treysta hinir þrír sér til þess, og mun ég því segja já.

Forseti (JörB): Sakir þess, hve margir hv. þdm. eru fjarverandi, og sjáanlegt er, að úrslit málsins eru undir því komin, en það hefir átt sér stað, að atkvgr. hefir verið frestað undir líkum kringumstæðum, þá vil ég ekki, að úrslit þessa máls eins út af fyrir sig séu látin vera undir því komin, að marga hv. þm. vantar, einkum þar sem margir hv. þm. hafa tekið upp þann sið að greiða ekki atkv. um mál. Mun ég því fresta atkvgr. um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 4. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Ég óska eftir, að atkvgr. um málið sé frestað og það sé tekið út af dagskrá. Æðimargir af hv. þm. eru fjarverandi, og ég geri ekki ráð fyrir, að hv. sjálfstæðismenn hafi bætt ráð sitt síðan í gær.

Forseti (JörB): Ég held, að það mætti reyna. Menn eru nú vel útsofnir og hressir í anda, og ég vona því, að málið geti fengið afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til allshn. með 18:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Kaup á Ási í Kelduneshreppi.

Á 37. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi (þmfrv., A. 271).

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég þarf ekki að láta mörg orð fylgja þessu frv. og get að mestu látið nægja að vísa til grg. Frv. er flutt samkv. tilmælum hreppsnefndarinnar í Kelduneshreppi, sem eins og sakir standa er eigandi jarðarinnar.
Ég hygg, að við það að kynna sér þau rök, sem grg. flytur, muni hv. þdm. sannfærast um, að það sé rétt, að ríkið eignist þessa jörð og að hér sé um rétt og gott mál að ræða. Ætla ég svo ekki að ræða þetta frekar, en legg til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 443).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Frv. þessu var á fyrri hluta þessa þings vísað til landbn., sem hefir haft það til athugunar og orðið sammála um afgreiðslu þess.
Aðalefni frv. þessa er tekið fram í 1. gr. þess, þar sem gert er ráð fyrir að heimila ríkisstj. að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi fyrir allt að 4000 kr. Rök þau, sem færð eru fyrir því, að æskilegt og hagkvæmt sé fyrir ríkið að eignast jörðina, eru þessi: Í fyrsta lagi, að þessi jörð sé sérstaklega vel fallin til þess að reka á henni samvinnubúskap. Um þetta er það að segja, að ríkið á mikið af jörðum og vantar ekki jarðir til slíkra nota. Sú löggjöf, sem sett hefir verið um það, er ekki komin til framkvæmda enn, og alveg er óvíst, hve miklu fé ríkið getur varið til stofnunar slíkra býla. — Önnur ástæðan er sú, að áfast við heimaland jarðarinnar Ás sé jörð, sem ríkissjóður á, Ásbyrgi, og þá jörð vanti tilfinnanlega beitiland. En það liggur ekkert fyrir frá ábúanda þessarar jarðar um það, að hann finni til slíkrar vöntunar; og þó að svo væri, að beitiland Ásbyrgis væri í minna lagi, þá væri það ekki næg ástæða til að bera það fram sem rök fyrir till. um kaup á jörðinni Ási allri, enda þótt ósk kæmi fram um viðbót við beitiland Ásbyrgis frá ábúanda. — Í þriðja lagi er það fært fram því til stuðnings, að ríkið kaupi Ás, að jörðinni fylgi vatnsréttindi í Jökulsá á Fjöllum og þar með ⅛ úr Dettifossi, að mér skilst. Það út af fyrir sig, að ríkið eignist Dettifoss, gæti verið æskilegt. En þó að ríkið ætti að eignast hann, þá væri samt engin lausn á því máli fengin, þó að ríkið aðeins eignaðist þann ⅛ hluta hans, sem þessari jörð tilheyrir. Auk þess er hér ekki um aðkallandi nauðsyn að ræða, þar sem segja má, að ekkert liggi fyrir um það, að þessi stóri foss verði virkjaður.
Enn er fært fram þessu máli til stuðnings, að í heimalandi jarðarinnar sé skóglendi, sem skilyrði hafi til þess að geta orðið mjög gott skóglendi. Það er mjög víða, sem finna má slík skilyrði, og þarna er um engan verulegan skóg að ræða, heldur aðeins kjarr. Og ef ríkið sæi sér fært að leggja fram fé til þess að friða þennan blett eða einhvern annan skógarblett, þá er ekki síður af ríkisins hálfu hægt að komast að samningum um það við eiganda þessarar jarðar, Kelduneshrepp, heldur en einstaklinga.
Loks er fimmta ástæðan, sem hér er tilfærð fyrir því, að ríkið eigi að kaupa Ás, sú, að í heimalandi jarðarinnar sé sérkennilegur staður, Hljóðaklettur. En þar sem jörðin er nú þegar í eign sveitarfélags og því engin ástæða til að ætla, að þessum sérkennilega stað verði misþyrmt, kletturinn sprengdur eða þess háttar, þá þykir n. ekki heldur ástæða til að kaupa jörðina aðeins vegna þess.
Landbn. hefir af greindum ástæðum orðið sammála um að leggja til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá, sem lesa má í nál. hennar á þskj. 443:

„Þar sem augljóst er, að jörðin Ás í Kelduneshreppi, sem er eign Kelduneshrepps, er jafnvel fallin og væntanlega jafnaðgengileg til skiptingar í nýbýli eða til samyrkjubúskapar, hvort sem hún er eign hreppsins áfram eða yrði eign ríkisins, og þar sem eigi þykir ástæða til að efast um, að umsjá og forræði nefndrar jarðar sé í hvívetna vel borgið í höndum núverandi eiganda, telur deildin eigi þörf aðgerða í þessu efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Gísli Guðmundsson: Ég flutti þetta frv., um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa jörðina Ás í Kelduneshreppi, á þessu þingi síðastl. vetur, rétt

áður en þingi var frestað. Því var þá vísað til landbn., og hefir henni nú unnizt tími til að semja álit það um málið, sem hér liggur fyrir á þskj. 443.

Ég verð að segja það, að mér þykir leitt, að n. skuli ekki hafa getað fallizt á, að heimild þessi verði veitt, sem farið er fram á í frv. Og mér þykir það dálítið undarlegt, ekki sízt þegar þess er gætt, að auk þess, sem í grg. er tekið fram, hafa fyrir n. legið nokkur gögn önnur í þessu máli, nefnilega umsögn manna, sem full ástæða er fyrir Alþ. að taka tillit til, bæði skógræktarstjóra ríkisins og sandgræðslustjóra ríkisins. Umsögn þessara manna um heimild til kaupa á þessari jörð hefir legið fyrir landbn. Báðir þessir trúnaðarmenn ríkisins leggja eindregið til, að heimild þessi sé veitt.

Hv. frsm. tók nú fram nokkur atriði af þeim rökum, sem í grg. frv. eru færð fram fyrir því, að rétt sé, að ríkið eignist þessa jörð. Ég þarf þess vegna ekki að rifja þau upp. En ég verð þó að gera þá aths., t. d. við 3. lið, viðvíkjandi þeim vatnsréttindum, sem heyra undir jörðina Ás, að í landeign jarðarinnar eru ekki eingöngu vatnsréttindi henni tilheyrandi í Dettifossi. Ég skal taka það fram, að ég býst við, að mönnum þyki ekki sérlega líklegt, að Dettifoss verði virkjaður í næstu framtíð. En það eru aðrir fossar í Jökulsá á Fjöllum, sem tilheyra þessari jörð og nefndir eru í grg. frv., sem vel getur komið til mála að virkja. Sérstaklega er annar þeirra líklegur til virkjunar, minni foss en Dettifoss.

N. byggir sína rökst. dagskrá að allverulegu leyti á þeirri forsendu, að jörðinni muni vera eins vel borgið í eign hrepps þess, sem nú á hana, eins og þó ríkið keypti hana. Mér virðist, að í þessu kenni nokkurs misskilnings hjá hv. n. Má vera, að málið hafi ekki verið gert nægilega ljóst. Máli þessu er þannig háttað, að það má gera ráð fyrir, að ef ekki verður úr því, að ríkið taki boði Kelduneshrepps og kaupi jörðina, þá verði jörðin seld. Þessi hreppur er lítill hreppur og fátækur, sem ekki hefir efni á að eiga þessa eign án þess að hafa svo sem neitt verulegt upp úr henni. Ég geri þess vegna alveg fastlega ráð fyrir, að ef Alþ. vill ekki heimila þessi kaup, þá verði jörðin seld úr eign þess opinbera og í einstaklingseign, þannig að þær forsendur, sem n. gengur út frá í sínu áliti í þessu sambandi, eru fallnar.

Mig undrar það mjög, þegar þessar upplýsingar eru komnar fram, ef hv. nefndarmenn — a. m. k. undrar það mig um suma þeirra — hugsa sig ekki um tvisvar áður en þeir setja sig algerlega á móti því, að þessi heimild skuli veitt. Ég vil þess vegna koma fram með þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá og fresti þessari umr., þar sem ég álít, að fyrir geti legið í málinu atriði, sem geti sannfært hv. landbn. um, að rétt sé að veita þessa heimild.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil taka það fram út af ræðu hv. þm. N.-Þ., að landbn. athugaði líka þá umsögn í grg. frv., að fleiri fossar í Jökulsá á Fjöllum væru í landareign Áss heldur en Dettifoss. En n. gat ekki séð, þó að það kynni að vera hægt að virkja þar einhvern annan minni foss, að það væri nokkuð nær, að ríkið ætti þá fossa heldur en hreppurinn eða einhver annar. Það hefir ekki verið bent á, að það lægi neitt nær að virkja þá fossa en að virkja Dettifoss, heldur miklu síður.

Viljandi fór ég ekki inn á það atriði í fyrri ræðu minni, að einmitt eftir þeim upplýsingum, sem gefnar eru í grg. frv., virðist ýmislegt benda til þess, að það sé ekki eins mikið keppikefli að eiga þessa jörð eins og hv. flm. vill láta í veðri vaka. Hv. flm. gefur þetta til kynna í grg. frv., og svo hefir hann undirstrikað það nú í ræðu sinni, að Kelduneshreppur hafi lítil not og jafnvel kostnað af að eiga þessa jörð. Mundi það þá ekki verða eins um ríkið? Það verða menn a. m. k. að gera sér ljóst, hvort þeir vilji, auk kaupverðsins, baka ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að halda þessari jörð í ábúð og láta ríkissjóð bera þann kostnað, sem hreppurinn virðist hafa haft af að eiga hana. Það er vitanlega ekki eftirsóknarvert fyrir ríkissjóð að eignast jörð, sem verður honum byrði. — Nú get ég ekki séð, þar sem öll þessi atvik voru landbn. vel ljós, þegar hún samdi álit sitt, að nein ástæða sé til að fresta umr. um þetta mál, og leggur landbn. þess vegna á móti því.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Líftryggingarsjóðir.

Á 40. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sjóði líftryggingarfélaga og stofnana og eftirlit með þeim (þmfrv., A. 306).

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (StJSt): Þar sem enginn hefir kvatt sér hljóðs, er umr. lokið og verður gengið til atkv.

Frv. er flutt af allshn. í lok fyrri hluta þessa þings, og mun því ekki þörf á að vísa því til nefndar. Þeir hv. þm., sem vilja vísa frv. til 2. umr., geri svo vel að rétta upp hönd.

Sigurður Kristjánsson: Sakir þess, að til fundar þessa hefir ekki verið boðað á venjulegan

hátt, þar sem dagskrá fundarins hefir ekki verið send út til þm., og er jafnframt ófáanleg hér, þá neita ég að greiða atkv., því að ég vil ekki viðurkenna slíka reglu.

Garðar Þorsteinsson: Ég greiði ekki atkv. í máli þessu, og vil jafnframt taka það fram, að það var ekki rétt, sem hæstv. forseti sagði áðan, að mál þetta væri flutt af allshn. óskiptri. Það var aðeins flutt af meiri hl. hennar.

Forseti (StJSt): Ég held, að það sé gleymska hjá hv. 8. landsk., að hann hafi ekki átt þátt í flutningi þessa máls.

Hannes Jónsson: Það er slíkur hundavaðsháttur á störfum þessa Alþingis, að slíks munu fá dæmi. Það er ekki einu sinni svo, að boðað sé til funda á venjulegan hátt. Mér virðist ekkert úr vegi, að reynt verði að kenna þessum mönnum, er þannig haga sér, að haga sér eins og siðuðum mönnum sæmir. Mun ég því ekki greiða atkv.

Héðinn Valdimarsson: Ég fæ ekki skilið, að hægt sé að kenna meiri hl. Alþingis um það, hvort úthýtt sé dagskrá eða ekki. Eigi einhver sök í því efni, þá er það vitanlega skrifstofan. En þar sem mér skilst, að ýmsir hv. þm. beri því við, að þeir hafi ekki fengið dagskrá og geti því ekki greitt atkv., vil ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá nú og fresti atkvgr.

Vegna radda þeirra, sem komið hafa fram um það, að mál þetta sé ekki komið frá allshn., heldur aðeins frá meiri hl. hennar, vil ég taka það fram, að það er venjul. litið svo á, að málin komi frá nefndunum í heild, þegar ekki er ágreiningur um þau innan nefndanna. Hvað þetta mál snertir, þá var enginn ágreiningur um það í allshn., en að vísu var hv. 8. landsk. ekki á fundi, þegar það var afgr. frá n., en að hann mæti ekki á fundum allshn. er ekkert óvenjulegt.

Jakob Möller: Ég verð að telja það ófært, þegar 6 mán. hlé er orðið á störfum þingsins, og mál koma fyrir eftir þinghlé, að ekki sé gerð grein fyrir þeim, enda þótt þau aldrei nema hafi legið fyrir á fyrri hluta þingsins. Hvað frv. það snertir, sem hér á að greiða atkv. um, þá mun það byggt á öðru frv., og getur því ekki orðið að lögum nema því aðeins, að það verði að lögum líka. En nú hefi ég einmitt heyrt sagt, að það muni ekki ná fram að ganga, á þessu þingi a. m. k. Af þessum ástæðum treysti ég mér ekki til greiða atkv. Þó að ég sé einn þeirra þm., sem enga dagskrá hafa fengið, þá skiptir það engu máli í þessu sambandi.

Forseti (StJSt): Ég vil taka það fram, sakir þess, að ýmsir þm. hafa neitað að greiða atkv. af því, að þeir hafi ekki vitað um fundinn eða hvaða mál voru á dagskrá, því að þeir hefðu enga dagskrá fengið, að fundurinn í dag var boðaður í gær eins og venja er, og þá lesin upp þau mál, sem á dagskrá eru í dag. Hljóta hv. þm. því að hafa vitað um fundinn og dagskrá hans, enda þótt sumir þeirra hafi ef til vill enga dagskrá fengið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 22. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Samvinnufélög.

Á 41. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög (þmfrv., A. 318).

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: L. um samvinnufélög voru sett 1921. Á þeim hafa ekki orðið neinar breyt., og því ekki undarlegt, þótt tími sé til þess kominn að fylla í þau skörð, sem orðin eru á þessari löggjöf.

Í þessu frv. er m. a. stefnt að því að hverfa frá þeim ákvæðum samvinnulaganna, að hafa það sem skýlaust skilyrði fyrir samvinnufélagsskap, að þar sé ótakmörkuð, sameiginleg ábyrgð, en heimila takmarkaða ábyrgð í kaupfélögunum. Í grg. frv. eru skýrðar rækilega, eða allrækilega, þær ástæður, sem til þess liggja, að nú þykir nauðsynlegt og sjálfsagt að koma með þessar breyt., og tel ég ekki þörf á að fara sérstaklega út í það nú. — Þá er með ákvæði 4. gr. frv. sett ný gr. inn í samvinnulögin, þar sem heimilað er, um leið og félag er stofnað að koma á stofnsamningi. Þetta mun að vísu vera heimilt samkv. samvinnul., en það þykir réttara að skapa þessu nokkuð ákveðnara form en nú er.

Það er ekki að ástæðulausu, að nú er flutt frv. um breytingar á l. um samvinnufélög. Ótti manna við, að félagsskapnum, sem stofnaður var í ákveðnum tilgangi, verði breytt í annað horf, lítt skyldu því, sem félagsskapnum var ætlað að vinna að, hefir orðið til þess að draga úr, ef ekki algerlega hindrað, að menn gengju saman til stofnunar á samvinnufélaginu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að við félagsstofnun hafi menn föst atriði við að styðjast um grundvallartilgang félagsins, um tilhögun ábyrgðar á fjárreiðum þess, um stofnsjóðsfram-

lag, um tilhögun á greiðslum félaga og annara viðskiptamanna til félagsins, og um ávöxtun varasjóða. Þetta eru þau aðalatriði, sem taka á fram í frumsamningi félaga. Þetta ætti að vera þeim, sem ganga saman til stofnunar félags á samvinnugrundvelli, trygging fyrir því, að félagsskapurinn sé ekki notaður til óskyldra hluta.

Þá er í 5. gr. frv. ákvæði, sem gerir ráð fyrir, að nokkuð sé dregið úr skyldu félagsmanna um framlag til stofnsjóðs. Kaupfélögin skylda menn til þess að leggja 3% í stofnsjóð, og er það aðallega gert til þess að skapa tryggingu fyrir félögin gagnvart viðskiptamönnunum, því stofnsjóðstillagið er trygging fyrir viðskiptum þeirra við félagið. Ef svo háttar til, að það er engin trygging í því, þá getur það verið skaðlegt að reka slíka verzlun á samvinnugrundvelli. En þar sem engin skuldaverzlun er rekin, er nauðsynin fyrir stofnsjóð orðin lítil og ekki meiri en hjá þeim félögum, sem verzla með framleiðsluvörur félagsmanna. Það er því ástæða til þess að losa þau félög við skyldu um að greiða framlag í stofnsjóð.

Ennfremur er í frv. ákvæði um að auka nokkuð á skyldur félaganna til útborgunar á stofnsjóðsinnstæðu. Þessi viðbótarskylda liggur í því, að það þykir sjálfsagt, að ef ákvæði frumsamnings eru brotin af félagsstjórn eða aðalfundi, *þá hafi einstakir félagsmenn rétt að fá* útborgaðan sinn hluta af stofnsjóðsinnstæðu. Þetta gæti orðið til þess, að félagsstj. eða aðalfundur veigraði sér við að brjóta ákvæði frumsamnings, því útborgun stofnfjár væri svo tilfinnanlegur hnekkir fyrir félagið, að stjórnin myndi af þeim ástæðum forðast að brjóta stofnsamning. — Að öðru leyti vil ég vísa til grg. frv. Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái, að það er ekki að ófyrirsynju, að þetta frv. er fram borið.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Eftirlit með atvinnurekstri.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með atvinnurekstri (þmfrv., A. 340).

Á 44. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) óyfirl.]: Ég get að miklu leyti skírskotað til grg. þessa frv. Mér er það vitaskuld fullkomlega ljóst, að það er miklum vandkvæðum bundið að koma við þeirri aðgæzlu, sem að haldi má koma, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta. Hinsvegar fannst mér rétt að ganga ekki algerlega framhjá því atriði, sem lá fyrir um skipun launamálan. Mér virðist sem í þessu efni geti verið um tvær aðferðir að ræða af hálfu ríkisvaldsins, sumpart skattaleiðina og sumpart þá aðferð, *sem gert er ráð fyrir í* þessu frv. Hvorug leiðin ætla ég, að geti komið að fullu haldi út af fyrir sig. Ég held, að það verði að viðhafa þær báðar í þessu efni. Það stendur svo misjafnt á um hag fyrirtækja og atvinnurekenda, að ég tel ógerlegt að hafa aðrahvora aðferðina einvörðungu. Skattaleiðin er venjulega þannig úr garði gerð, að ef hún ætti fullkomlega að ná tilgangi sínum, þá býst ég við, að mörgum myndi finnast sú aðferð óviðunandi. Hinsvegar get ég fullkomlega játað, að slík ákvæði og þau, sem frv. gerir ráð fyrir, ná ekki tilætluðum tilgangi sínum til fulls að því leyti, að gera má ráð fyrir, að allmisbrestasamt verði um framkvæmdina. En ég ætla, að með skynsamlegri skattalöggjöf og aðgæzlu fáist sá árangur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Dýpra vil ég ekki taka í árinni um þetta atriði. En það er ekki hægt að neita því, að á undanförnum árum hefir margt gerzt, sem bendir til þess, að betra hefði verið að framkvæma aðgæzlu af hálfu þess opinbera *einmitt í þessu efni.*

Hvað ákvæði frv. snertir, þá lúta þau m. a. að þeirri lánastarfsemi, sem rekin hefir verið af lánsstofnunum hér á landi, sparisjóðum og bönkum. Ég býst ekki við, að þau fyrirtæki í landinu, sem skulda erlendis, geti að neinu verulegu leyti heyrt undir þetta ákvæði frv. Ég býst ekki við, að það verði mögulegt að koma því við, enda er okkur kannske skyldast að líta á það, sem við kemur okkar starfsháttum hér heima fyrir.

Ég vona, að sú n., sem mál þetta fær til meðferðar, taki það til rækilegrar athugunar, og er ég fyrir mitt leyti fús til þess að taka á móti hverri breyt., sem menn telja þessu máli til bóta, því að af hálfu ríkisvaldsins er að miklu leyti um frumsmíð að ræða í þessu efni. (**PHalld** og **JakM**: Þetta mun vera einsdæmi í heiminum). Það held ég, að sé ofmælt, því að þótt ríkisvaldið víða um lönd hafi kannske ekki svo mjög látið til sín taka um ákvæði þau, sem þetta frv. fjallar um, þá vil ég samt upplýsa þessa hv. þm. um það, að það eru bankarnir úti um heim, sem hafa það verkefni með höndum, sem þetta frv. fjallar um, og hefðu okkar *bankar gjarnan mátt gera það líka.* Ákvæði 5. gr. frv. er óþarft, þar sem búið er að nema þau lög úr gildi, og það má vel vera, að menn vilji hafa annað form á 1. gr. frv., enda skiptir það vitaskuld minna máli.

Að svo komnu sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Ég ætla, að sakir efnis málsins heyri það fyrst og fremst undir fjhn., því að þótt það sé flutt út af störfum launamálan., þá finnst mér þetta frv. ekki þurfa að fara til þeirrar n., því að þetta mál er allt annars eðlis en önnur svipuð mál. Ég legg því til, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á 53. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (þmfrv., A. 406).

Á 55. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum, því að grg. sú, er fylgir frv., er bezta framsöguræðan fyrir því.
Þetta frv. er eitt af þremur frv., sem mþn. sú, sem ég gat um áðan, stendur að, þótt það sé samið af landlækni. Frv. sameinar í sér alla þá löggjöf, sem áður var fyrir hendi um ríkisframfærslu sjúkra manna — berklaveikra, holdsveikra og þeirra, sem haldnir eru af kynsjúkdómum og geðveiki. Auk þess hafa fávitar verið teknir upp í þessa löggjöf og aðrir, sem þjást af langvinnum og alvarlegum sjúkdómum. Ennfremur nær löggjöfin samkv. frv. til málhaltra barna og örkumla manna, sem þurfa gervilimi.
Það er auðsætt, að mikill vinningur er að því, að fá samræmda heildarlöggjöf um þetta efni. Hitt skal ég ekki segja um að sinni, hvort frv. gangi nægilega langt, en ég ætla, að þeir, sem þekkja landlækni, treysti honum til að hafa gengið vel og vandlega frá frv. að því leyti.
Hinsvegar er það ekki til fulls rannsakað enn, hverjar fjárhagslegar afleiðingar ákvæði frv., ef að lögum verður, kunna að hafa fyrir hin einstöku sveitarfélög. Samkv. frv. á ríkissjóður að greiða ⅘ framfærslukostnaðarins, en sveitarfélag ⅕. Hingað til hefir því hinsvegar verið svo háttað um berklavarnir — en framfærsla þeirra sjúklinga hefir kostað langsamlega mest fé —, að sýslusjóðir hafa greitt ákveðið gjald til þeirra móti framlagi ríkissjóðs. Í stað þess eiga nú sveitarfélögin að greiða ⅕ á móti ríkissjóði. Um það, hversu þetta komi niður á hreppsfélögunum, liggja engar skýrslur fyrir, enda yrði þessi framfærslukostnaður sjálfsagt harla misjafn í hinum ýmsu sveitarfélögum.
Annar ágalli á frv. er það, að frv. tekur nær eingöngu til sjúklinga í sjúkrahúsum. Þetta kemur mjög hart niður á sveitarfélögunum, þegar um er að ræða geðveika menn og fávita, sem ekki fæst hælisvist fyrir. Þau hreppsfélög, sem geta komið sjúklingum sínum í sjúkrahús, þurfa eigi að greiða nema ⅕ framfærslukostnaðar þeirra, en heimasjúklingana verða þau að kosta að öllu leyti. Auðvitað er gert ráð fyrir, að í framtíðinni verði hægt að veita öllum þeim sjúklingum, sem löggjöfin nær til, viðtöku í hælum, en eins og stendur er þó ekki því að heilsa.
Ég vildi aðeins benda á þessi tvö atriði, áður en málið fer til n. Að öðru leyti fer ég ekki út í efni frv., enda tel ég landlækni dómbærari um þessi mál en mig.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 666, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Dragnótaveiði í landhelgi (frv. PÞ og JG).

Á 54. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 408).

Á 56. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Það er í sjálfu sér óþarft að hafa langa framsögu fyrir þessu frv., því þetta mál hefir verið rætt hér á undanförnum þingum, og það hefir berlega komið í ljós, hvað menn telja dragnótaveiðinni til gildis. — Aðalinntak þessa frv. okkar er það, að við viljum fá breytt að nokkru þeim tíma, sem ákveðið er í l., að dragnótaveiðar megi stunda innan landhelgi. Í l., sem um þetta fjalla, er svo ákveðið, að á tímabilinu frá 1. jan.—31. ág. ár hvert megi ekki veiða með dragnót í landhelgi. En frv. okkar fer fram á að breyta þessu þannig, að bannað verði að veiða innan landhelgi á tímabilinu frá 1. jan.—15. júní ár hvert, sem sé að veiðitíminn verði lengdur frá 15. júní —31. ág.
Auk þess höfum við flm. lagt til í þessu frv. okkar, að 8. gr. l. um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi verði felld niður. Hún felur það í sér, að ef héraðsstjórnir óska, þá sé heimild til þess að banna dragnótaveiðar frekar heldur en 1. gr. l. heimilar. Eins og öllum er kunnugt, þá er það svo, að með hverju árinu, sem líður, þrengist um markað okkar fyrir ísvarinn fisk bæði í Þýzkalandi og Englandi, og er því afarnauðsynlegt að flytja á þennan markað einungis verðmætasta fiskinn. En eins og kunnugt er, þá er sá fiskur, sem aflað er með dragnót, sá

verðmætasti fiskur, sem aflast við strendur landsins. Og þó landhelgin sé friðuð, þá skjótast þangað inn bæði innlendir og erlendir veiðiþjófar og grípa þennan dýrmæta fisk og flytja á erlendan markað. Hinsvegar er því haldið fram af fiskifræðingum og þeim, sem bezt hafa vit á þessum efnum, að það sé fjarri því, að dragnót spilli öðrum veiðiskap eða að hún geti talizt sérstaklega hættulegt veiðarfæri. Þar við bætist svo það, að nú á þessum tímum, þegar mjög er að því stefnt að draga úr öllum kostnaði við veiðiskap, og þá sérstaklega þeim kostnaði, sem liggur í vörum, sem kaupa þarf frá útlöndum, þá ætti það að vera kappsmál að hlynna að þeim veiðiskap, sem er ódýrastur, en eins og allir vita, er dragnótin það ódýrasta veiðarfæri, sem hægt er að nota.

Það vill nú svo einkennilega til, að ef maður lítur yfir nokkur undanfarin ár og athugar þá andstöðu, sem dragnótin hefir sætt úr ýmsum byggðarlögum, þá rekur maður sig áþreifanlega á það, að þar, sem menn hafa ekki átt þetta veiðarfæri, hefir andstaðan gegn því verið mest. En þess eru dæmi, að á skömmum tíma hafi gerbreytzt hugsunarháttur manna í ýmsum byggðarlögum einmitt við það, að einn eða fleiri menn hafa tekið sig fram um að ná sér í þetta veiðarfæri og nota það til veiða. Ég hygg, að af þessu megi í raun og veru sjá, að það er einungis ókunnugleiki og gömul hjátrú, sem hefir skapað þessa miklu andúð, sem þessi veiðiskapur hefir átt að sæta.

Ég vildi mega vænta þess, að þetta mál mæti meiri skilningi nú hér á þingi heldur en það hefir mætt að undanförnu. — Mun ég svo ekki hafa þessa framsögu lengri, en óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. fyrri flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, sagði, að það væri í rauninni óþarft að tala um þetta mál. Ég get tekið undir það með honum, að það, sem hann sagði um málið, var óþarft, og miklu betur látið ósagt. En svo óþarft sem það er, þá er ennþá óþarfara að flytja slíkt frv. sem þetta, því ég býst við, að hv. flm. þessa frv. séu ekki svo skyni skroppnir, að þeim detti í hug, að þeir fái því framgengt hér á þingi, að felld verði niður ákvæði í núgildandi l. um þetta efni, sem heimila héraðsstjórnum að gera þær samþykktir hjá sér að banna dragnótaveiði í landhelgi frekar en 1. gr. l. heimilar. Þessar samþykktir hafa verið gerðar á mörgum stöðum hér á landi og eru vitanlega byggðar upp af samhuga samtökum þeirra manna, sem eiga lífsuppeldi sitt undir aflabrögðum á sjónum. Og það, að flm. þessa frv. ætla sér að knésetja gersamlega margra ára reynslu þessara manna, nær vitanlega ekki nokkurri átt, og þingið mun við afgreiðslu þessa máls sýna þeim, hvílík fjarstæða flutningur þessa frv. er.

Hin hlið þessa máls, um að lengja tímann, sem leyfilegt sé að veiða með dragnót innan landhelgi, þar sem það er ekki bannað með héraðssamþykktum, er fyrst og fremst gerð fyrir Dani, því það, sem hefir verið því til fyrirstöðu, að þeir hafa ekki notað sér meira heldur en raun er á slíka veiði hér við land, er vitanlega það, að þeir hafa ekki haft leyfi til að vera hér yfir sumarmánuðina. Það er ekki fyrr en farið er að halla sumri og veður er farið að versna, að þeir mega koma inn í landhelgina. Af þessum sökum er það, að sá floti, sem þeir hafa sent hingað til dragnótaveiða, er ekki nema lítill brothluti af þeim flota, sem þeir mundu hafa sent, ef þeim hefði staðið opið að stunda þessar veiðar yfir sumarmánuðina, eins og þetta frv. mun hafa í för með sér. — Ég skal ekki segja, hver hugur manna er nú til þess að fara að bæta aðstöðu Dana, sem skv. sambandslögunum, meðan þau gilda, hafa jafnan rétt til atvinnurekstrar hér á landi og í landhelgi við íslenzka ríkisborgara. En ég hefði búizt við því, að í samræmi við það álit, sem komið hefir fram á þingi, að sjálfsagt væri á sínum tíma að segja upp sambandinu við Dani, myndu menn vilja gera sem minnst úr þessu hættulega ákvæði, að þeir hefðu *jafnan rétt til atvinnurekstrar hér á landi* við íslenzka ríkisborgara. En að Dönum sé á þennan hátt beinlínis rétt höndin til að auka atvinnurekstrarmöguleika sína hér við land, þykir mér ótrúlegt að verði ofan á hér á þingi. Það er líka alkunnugt, að Danir, sem eru miklir dragnótaveiðimenn, hafa lengi stundað slíkar veiðar við strendur Danmerkur, og þar hefir orðið sama reynslan og hér. Þeir hafa orðið að setja svipaða löggjöf hjá sér og banna veiðar með dragnót á vissum svæðum, nema á ákveðnum tímum árs, og hafa veitt viðkomandi héraðsstjórnum heimild til þess að loka fyrir þessa veiði á sumum tímum árs. — Þetta mundi því ýta undir Dani að leita frekar hingað til Íslands, ef þeir hefðu leyfi til slíkrar veiði á þeim tíma, sem þeim væri mögulegt veðráttunnar vegna að stunda veiðar hér við land.

Ég vildi nú aðeins vekja athygli á þessum tveimur atriðum þessa frv., til þess að sýna fram á þegar í upphafi, hvaða óskaplega fjarstæðu hér er verið að fara fram á með flutningi þessa máls. Í fyrsta lagi að ætla að taka af héraðsstjórnunum allt það leyfi, sem þær hafa haft til þess að verja sig fyrir ágengni innlendra og útlendra manna inni á grynnstu miðum, og í öðru lagi að ætla að fara að opna landhelgina þannig fyrir Dönum og gera þeim á þann veg hægra fyrir að nota þau atvinnurekstrarskilyrði, sem þeir hafa hér til jafns við okkur Íslendinga sjálfa eftir sambandslögunum.

Ég vil grípa það tækifæri, sem gefst við flutning þessa frv., til þess að leiðrétta leiðinleg mistök, sem orðið hafa hjá Alþingi á tveimur síðustu árum, þar sem nokkuð hafa verið skert ákvæði l. um bann gegn dragnótaveiðum að því er snertir viss svæði hér við suðurströndina. Alþingi er nú með flutningi þessa frv. gefið tækifæri til þess að lagfæra þetta á auðveldan hátt, ef það vill snúa frv. upp í það form, sem brtt. mínar fara fram á. Ég ætla ekkert að fara út í að ræða þær að svo stöddu; það tilheyrir 2. og 3. umr. En ég vænti, að sú n., sem að sjálfsögðu fær málið til meðferðar, taki mínar tillögur til athugunar jafnhliða frumvarpinu sjálfu.

Flm. (Páll Þorbjörnsson): Ég hygg, að hv. þm. Borgf. hafi hafið mál sitt á því að segja, að það væri óþarft að flytja þetta mál. Ég veit ekki, með hvaða rétti hann getur haft þessi orð um flutning þessa frv., þar sem honum engu síður en öðrum eru kunnugar þær háværu raddir og fjölmennu, sem á hverju ári koma fram svo að segja úr öllum landshlutum um að rýmka ákvæði þessara laga, sem hér er um að ræða. Honum er fullvel kunnugt, að t. d. hér við Faxaflóa mun það ekki vera nema í einum hreppi, sem andstaða er veruleg gegn dragnótaveiðum, og það er vitað, að sú andstaða er runnin frá einum manni, sem hefir þau áhrif á sveitunga sína, að þeir standa með honum í þessu máli. Í næstu sveit, þar sem aðstæður virðast vera mjög líkar, er langt frá því, að meiri hluti sé fylgjandi banni gegn dragnótaveiðum.

Þá minntist hv. þm. á, að lenging veiðitímans væri fyrst og fremst gerð fyrir Dani. Vildi hann halda fram, að takmarkanirnar á veiðitímanum, hvað seint á sumrinu mætti byrja veiðarnar, yrði til þess að hamla Dönum frá því að stunda veiðar hér við land. Þessi skoðun hygg ég, að hafi ekki við mikið að styðjast. Maður veit, að þau skip, sem Danir hafa haft hér við land til dragnótaveiða, hafa ekki fráfælzt veiðarnar svo mjög, þó þau mættu ekki byrja fyrr en að áliðnu sumri, enda höfum við dæmi þess, að íslenzkir bátar af sömu stærð hafa siglt út til Englands með afla sinn eftir 1. sept. Sú skoðun hv. þm. Borgf., að það beri að ganga á rétt Íslendinga sjálfra og standa á móti nauðsynlegum umbótum á sviði fiskveiðanna vegna þess, að Danir kunni að geta notið einhvers góðs af þeim, hygg ég, að geti ekki orðið til þess að tefja þetta mál.

Þá sneri hv. þm. að því, sem mér skildist hann telja aðalagnúann á þessu frv., að með því væru sveitarstjórnirnar sviptar valdinu til þess að koma á héraðsbönnum gegn dragnótaveiði. Nú er þó vitanlegt, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, að komið hefir fyrir nú að undanförnu, að í þeim byggðarlögum, þar sem verið hefir ákveðinn vilji fyrir því á einum tíma að setja á héraðabönn, hefir sú breyt. orðið á einu eða tveimur árum eftir að menn fóru að kynnast þessum veiðarfærum, að menn hafa óskað eftir að mega veiða á þeim tíma, sem heimilað hefir verið að banna veiðarnar.

Ef maður lítur aftur í tímann, rekur maður sig oft á þennan gamla draug, sem hv. þm. Borgf. er nú að vekja upp. Menn standa á móti öllum umbótum, hvort sem er á sviði fiskveiðanna eða annars. Hv. þm. er kunnugt, hve mikilli andstöðu mætti hér í fyrstu að nota þorskanet og jafnvel línur. Hverjum mundi detta slíkt í hug nú? Honum er kunnugt um andstöðuna, sem síminn mætti hér á landi, og sú skoðun kom fram a. m. k. í Englandi, þegar járnbrautirnar komu fyrst til sögunnar, að þær áttu að vera stórhættulegar fyrir búpening manna. Hver vildi gerast forsvarsmaður þessara skoðana nú á tímum? Ég hygg, að sama verði uppi á teningnum innan skamms tíma að því er dragnótaveiðarnar snertir, að þeir menn, sem ennþá eru svo svartsýnir að bannfæra þær, verði þess fýsandi að fá þeim bönnum aflétt, sem þeir hafa komið á.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég skal aðeins drepa á tvö atriði, sem fram komu hjá síðasta ræðumanni. Annað var það, að alltaf væru að koma fram háværari og háværari kröfur um að opna víðar fyrir dragnótaveiðunum heldur en verið hefði. Þetta er nefnilega gersamlega öfugt. Hv. þm. snýr hér sannleikanum við, því á síðustu árum hafa verið gerðar fjöldamargar héraðssamþykktir, sem banna dragnótaveiðar á sérstökum svæðum. Þróunin í þessu efni miðar því gersamlega í aðra átt heldur en hv. þm. vill vera láta.

Hvað snertir afstöðu Dana vil ég benda á það, að Danir hafa mjög klifað á því við íslenzk stjórnarvöld, að með þeim takmörkunum á heimild til dragnótaveiða, sem nú væru í lögum, væri jafnréttisákvæðið að þessu leyti gert að engu. Ég býst við, að þessar raddir hafi borizt til eyrna hv. þm. og hitt þar fyrir betri hljómgrunn heldur en hjá Alþingi að undanförnu, því það hefir aldrei viljað láta undan ásælni Dana hér við land.

Um þann gamla draug, sem hv. þm. var að tala um í sambandi við járnbrautir o. fl., er það að segja, að það er harla langt seilzt, þegar hv. þm. fer að draga símamál og járnbrautir og háskasemi þeirra fyrir stórgripi í Englandi inn í þetta mál hér. Það sýnir aðeins fátækt hans og vesaldóm í því að verja þetta mál með rökum, sem snertir það sjálft. Þetta er því alger uppgjöf frá hendi hv. þm. við að standa við þessar till. sínar, og Alþingi ætti sem allra fyrst að gera hans þrautastundir í því efni sem fæstar og minnstar.

Jónas Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hefði vænzt þess, sérstaklega þar sem hv. þm. Borgf. er búinn að flytja ýtarlegar brtt. við þetta frv., að þá fengi það að fara til n. og till. hv. þm. Borgf. fengju þannig þá eldskírn, sem ég álít, að þær þurfi að fá. En af því að sá hiti hefir nú hlaupið í hv. þm. Borgf., að hann virðist hafa gleymt till. sínum og vilja láta fella frv. strax, þá þykir mér við eiga, sem annar flm. frv., að fara um það nokkrum orðum.

Það eru tvö aðalatriði, sem mér finnst, að hafi komið fram hjá hv. þm. og alltaf koma fram í sambandi við þetta mál. Það er afstaðan til Dana annarsvegar, að það sé verið að greiða fyrir þeim með rýmkun á banni gegn dragnótaveiðum, og hinsvegar þvílíkur háski þetta geti verið fyrir smáútgerðina. Hvað fyrra atriðinu viðvíkur, þá sé ég ekki, að það hafi við mikið að styðjast, því það er vitanlegt, að Danir halda þegar uppi allstórum flota veiðiskipa hér við land, bæði þá mánuði, sem heimilt er að veiða í landhelgi, og þegar það er ekki heimilt. Þeirra innflutningur til Englands er takmarkaður eins og okkar, og er erfitt að auka veiðina, ef slíkar takmarkanir haldast. Ég get því ekki séð, að það sé mikil ástæða gegn þessu máli, að með því sé verið að gera Dönum léttara fyrir með veiðiskap hér við land. Hin ástæðan, að dragnótaveiðarnar spilli svo mjög fyrir öðr-

um veiðiskap, og þá líklega helzt línuveiði á smábáta, er atriði, sem fiskifræðingar nú a. m. k. halda fram, að hafi ekki við neitt að styðjast, og ýmsir skynbærir menn víðsvegar um land láta í ljós þá skoðun, að þar, sem dragnótaveiðar hafa verið stundaðar, sé ekki hægt að merkja, að annar afli sé neitt minni en áður var.

En mér finnst, að það hafi ekki enn komið fram í þessu máli, sem að mínum dómi er aðalatriði, að það er bókstaflega ekki hægt að halda uppi þessum lögum. Eftir því sem fleiri bátar fá tækifæri til þess að stunda dragnótaveiðar, verða þau meira og meira brotin án þess að hægt sé að koma fram sektum eða öðrum refsiákvæðum. Það er kunnugt, að hér við Faxaflóa var farin fyrir nokkrum árum herferð inn í landhelgina af mörgum bátum samtímis. Þeir voru teknir og sektaðir, en ég efast um, að nokkur þeirra hafi borgað sektina. Mér er sagt, að slíkar sektir séu í flestum tilfellum gefnar eftir, enda eru þær svo háar, að bátarnir hrökkva ekki einu sinni fyrir þeim við fyrsta brot. Ég sé því ekki annað en grundvöllurinn undir þeim samþykktum um héraðabönn, sem heimilaðar hafa verið, sé horfinn burtu, og geta því slík ákvæði orðið okkur hættuleg á sama hátt og bannlögin voru á sínum tíma, vegna þess að lítið var farið eftir ákvæðum, sem þar giltu. Þetta eru bannlög á sínu sviði, sem brotin eru stórkostlega, og sektirnar fást ekki inn. Það virðist ekki spilla annari veiði, þó notaðar séu dragnætur, en hinsvegar getur það gefið mönnum talsvert í aðra hönd, þar sem það fyrirkomulag er, að togararnir kaupa aflann til útflutnings. Frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar geta slíkar veiðar bætt afkomuna, því aflinn er verðmeiri heldur en annar fiskur og eykur þannig fjármagnið, sem við fáum að selja fyrir í útlöndum. Þar við bætist, að þessi héraðabönn geta ekki byggzt á neinni verulegri sanngirni. Útgerð landsmanna er, eins og menn vita, aðallega samansöfnuð í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir sáralitlu af strandlengjunni að ráða; hún er í höndum sveitabænda, sem varla nokkra útgerð reka. Það eru aðeins bændurnir, sem búa úti við sjóinn, sem róa á litlum bátum fram frá bæjum sínum. Allur þorri sveitabænda er hindraður frá að stunda veiðiskap, — og því þá að hindra aðra í að notfæra sér miðin með dragnótum, þegar sýnt er, að það spillir ekki annari veiði á nokkurn hátt, en getur hinsvegar stutt útgerðina í bæjunum og aukið útflutningsmagn landsmanna að því er verðmæti snertir? — Ég ætla svo ekki að hafa þetta lengra, en skora á hv. þm. Borgf. að greiða atkv. með frv. til 2. umr. og sjá til, hvort ekki verður hægt að taka till. hans til greina að einhverju leyti.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki látið mig þetta mál miklu skipta, þegar það hefir verið til umr. hér á Alþingi. En það eru fullyrðingar hv. 6. landsk., sem koma mér til þess að segja nokkur orð. Hann sló því föstu sem sönnuðu máli, að dragnótaveiðarnar drægju ekki úr annari veiði. Nokkur undanfarin ár hefir danskt skip verið að dragnótaveiðum seinni hluta sumars og haust á Miðfirði inni undir botni og uppi í landsteinum. Hvort sem það er nú tilviljun eða eigi, þá hefir síðan þessi veiði byrjaði þarna svo að segja tekið fyrir þann fiskafla, sem þarna var áður einmitt á þessum sama tíma. T. d. í sumar seinni part sláttar þóttust útvegsbændur þarna út með firðinum verða þess varir, að talsverður fiskur væri kominn í fjörðinn. Heyannir hindruðu þá frá veiðum þá í svipinn, en þegar þær voru úti og grípa átti upp fiskinn, brá svo við, að ekkert fékkst. Þá var þessi danski bátur búinn að skarka í firðinum og veiða talsvert af kola, en sennilega drepa meira af öðrum fiski, sem steypt var fyrir borð, því þorsk hirða þeir eigi, en eitthvað lítilsháttar af ýsu. Ég er eigi svo fróður að vita, hvort það getur spillt afla, að fiskurinn, sem drepinn hefir verið, liggur í botninum, eða hvort fiskurinn helzt ekki við þar, sem dragnótin er notuð, en hitt er staðreynd, að fiskaflinn hefir þorrið á þessum stöðvum. Það hefir ekki enn komið fyrir sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu að fá þetta svæði friðlýst, en ég get fullyrt, að farið er að undirbúa að fá samþykkt í þá átt einmitt á næsta sýslufundi, því þeir, sem hlut eiga að máli, þykjast orðnir sannfærðir um, að þarna sé um veiðispjöll að ræða, og það mun verða gert allt, sem unnt er, til þess að vernda hag þeirra.

Það eru fleiri en þeir bændur, sem fiskveiðarnar stunda, er hér hafa hagsmuna að gæta. Allir, sem búa í sveitunum upp af, hafa hagsmuni af því, að eitthvað veiðist hjá sjávarbændunum, til þess að þeir geti fengið fisk til heimilisnota á hagkvæman hátt. Það er ekki svo lítið hagsmunaatriði fyrir þá, sem ekkert hafa að gera að haustönnunum loknum, að þeir geti þá farið á sjó og fiskað til heimilisnota handa sér og nágrönnum sínum.

Ég verð því að segja um þá reynslu, sem talað hefir verið um í sambandi við þetta mál, að þar sýnist sitt hverjum. Hvað snertir reynslu manna þarna fyrir norðan, þá fellur hún öll í þann farveg að styrkja þá skoðun, að dragnótaveiðarnar spilli annari veiði í sjónum. Ég mun því beita mínu atkv. hiklaust í þá átt að hindra allt, sem gera á til þess að draga úr valdi sveitarfélaganna til þess að vernda fiskimið sín í þessu efni. Finnst mér ég hafa þar full rök að mæla, þar sem reynslan, sem venjulega er ólygnust, hefir hjá okkur bent til þess, að þessi veiðiaðferð hafi spillt fyrir öðrum fiskveiðum.

Það má líka benda á annað, sem í þessu sambandi er athugavert. Áður en umrædd dragnótaveiði hófst á Miðfirði, mátti ganga að því vísu, að seinni partinn í september og fram í miðjan nóvember væri a. m. k. nægileg síldveiði til beitu á firðinum, en nú hefir síldar ekki orðið þar vart tvö til þrjú síðustu árin, einmitt á þessum tíma, sem áður var mest af henni. Ég man eftir því ein tvö haust ekki fyrir löngu, að nægileg síldveiði var á Miðfirði og út af honum eftir að öll síld var horfin annarsstaðar. Þá voru stundum 30 skip þar að veiðum í einu. Sum þeirra lögðu afla sinn upp á Hvammstanga, og barst þar í land ekki svo hundruðum, heldur svo þúsundum tunna skipti. Hafði héraðið ekki

svo litlar tekjur af því að fá þessa síld þarna á land til frystingar. Ég skal nú ekki beinlínis segja, að síldarleysið á þessum slóðum undanfarin haust sé dragnótaveiðinni að kenna, en einkennilegt er það, að þarna ber að sama brunni, — síldin hvarf á þessum tíma árs, einmitt eftir að byrjað var að stunda dragnótaveiðarnar þarna inni í firði. Og ég veit, að allir, sem fiskveiðar og síldveiðar stunda, líta mjög miklu hornauga til þessa manns, sem ár eftir ár upp á síðkastið kemur til þess að fiska með dragnót þarna inni á firðinum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Prestsmötusala.

Á 54. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á prestsmötu (þmfrv., A. 409).

Á 57. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt nál. frá landbn., á þskj. 739, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Garðyrkjuskóli ríkisins.

Á 56. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins (þmfrv., A. 419).

Á 58. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Einarsson): Þetta mál er gamalt áhugamál Alþfl., sem við nokkrir þm. flokksins í Nd. berum fram á þskj. 419. Við lítum svo á, að mikið vanti á, að nægilega mikið sé framleitt af garðávöxtum til þess að fullnægja neyzluþörf landsmanna, og spara með því erlendan gjaldeyri. En til þess að aukin ræktun með góðum árangri geti átt sér stað, þó án mikils tilkostnaðar, þá útheimtist nokkur þekking á þessum hlutum. Við Alþfl.menn viljum því með frv. þessu koma á stað almennri fræðslu í garðyrkju, svo að vegna vanþekkingingar í þeim efnum þurfi þessi nauðsynlegu ræktunarmál ekki að verða í handvömm. Á Reykjum í Ölfusi, sem er eign ríkisins, er landrými nóg og sæmilegt húsnæði fyrir slíkan skóla, sem hér er gert ráð fyrir að setja á stofn. Ætti kostnaðurinn við hann því ekki að þurfa að vera mikill í framlögðum peningum.

Eftir að frv. þetta kom fram hefir það vakið allmikla athygli, og ég hefi heyrt það utan að mér, að síðan hafi ýmsir hv. þm. fengið mikinn áhuga fyrir málinu, sem ég vona, að megi haldast. Að lokinni umr. óska ég málinu vísað til landbn.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég vil láta þess getið nú þegar við þessa umr., að þetta mál hefir verið í undirbúningi hjá stj. frá því seinnipartinn í sumar. Það hefir meira að segja verið rætt á ráðherrafundi, og hefir þar náðst samkomulag um, að því skyldi flýtt. Til þess að undirbúa málið voru fengnir þeir menn, sem einna bezta þekkingu hafa á þessum hlutum hjá okkur, þeir Steingr. Steinþórsson búnaðarmálastjóri og Bjarni Ásgeirsson alþm., og hafa þeir m. a. athugað, hvar myndi heppilegastur staður fyrir slíkan skóla sem þennan, og var fyrst talað um Laugarvatn sem ákjósanlegan stað, en frá því var svo horfið, og Reykir í Ölfusi urðu fyrir valinu. Þá hefir og verið rannsökuð kostnaðarhlið málsins, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstrarkostnað. Á Reykjum er nú hús, sem er eign sérstaks félags og notað hefir verið fyrir börn að undanförnu nokkurn tíma ársins. Það var og athugað, hvort ekki myndi tækilegt að nota hús þetta fyrir skólahús í þessu tilfelli, en eftir að smiðir höfðu skoðað húsið, var frá því horfið, ekki talið mundu borga sig. Í gær var svo lokið við áætlun um það, hvað myndi kosta að koma upp slíkum skóla sem þessum og reka hann.

Meðan á þessum athugunum hefir staðið virðist svo sem nokkrir hv. þm. hafi fyllzt áhuga um þetta mál, og því borið fram frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. nú. Mun það stafa af því, að þeir hafi ekki fylgzt með, hvað var að gerast í málinu. Frv. það, sem stj. mun bera fram og samið er af hinum sérfróðu mönnum, búnaðarmálastjóranum og Bjarna Ásgeirssyni, er að sjálfsögðu töluvert mikið fullkomnara en þetta frv. Í þessu frv. er t. d. gert ráð fyrir, að garðyrkjuskólinn eigi að heyra undir kennslumálaráðuneytið, en ég tel, að hann eigi að heyra undir landbúnaðarráðuneytið eins og búnaðarskólarnir.

Úr því að svo hefir nú viljað til, að frv. þetta er fram komið, þá held ég, að bezt yrði, að landbn. legði það til hliðar, a. m. k. þar til frv. stj. kemur fram; það er vel undirbúið, en þetta er auðsjáanlega samið í flýti.

Flm. (Sigurður Einarsson): Ég kann ekki við, að hæstv. forsrh. beini því til landbn., að hún

leggi frv. þetta til hliðar, af því að stjórnin hefir ekki undirbúið það, þar sem hann telur sig málinu hlynntan og meira að segja telur nauðsynlegt að koma garðyrkjuskólanum upp. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, þó að hann teljist hafa betra frv. í fórum sínum. Frv. okkar má vitanlega færa til betra vegar, eftir því sem n. finnst nauðsyn til bera.

Úr því að farið er að tala svona mikið um þetta mál nú, þá finnst mér rétt að geta þess, að í fyrra var mál þetta rætt á sambandsþingi Alþfl. Landbn. sambandsþingins hafði það til meðferðar, og bar þá einn fulltrúanna, Jón Guðlaugsson, fram frv. um þetta efni, en það varð ekki afgr. En hinsvegar var samþ., að flokkurinn bæri það fram, strax og athugun á því væri fyllilega lokið, sem ekki varð í fyrra. En nú er henni lokið, og því töldum við okkur skylt að bera frv. fram nú.

Rannsókn sú, sem stj. hefir látið fara fram snertandi þetta mál, er vitanlega á engan hátt því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga. Þó að í frv. sé svo til tekið, að skóli þessi skuli heyra undir kennslumálaráðuneytið, réttlætir það á engan hátt kröfu hæstv. forsrh. til landbn. að setjast á málið. Slíkt smávægi mætti athuga í n. og færa til annars vegar, ef það teldist heppilegra.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þarf ekki að mæla mikið með því, að frv. verði lagt til hliðar; það hlýtur að liggja svo beint við. Hitt er vitanlega reglugerðaratriði, hvernig skólinn verður starfræktur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 17:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki í dagskrá tekið framar.

---

44. Dómkirkjan í Reykjavík o. fl.

Á 61. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (þmfrv., A. 436).

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Herra forseti! Mér er það ánægja að flytja þetta frv. og leggja það fyrir þessa hv. d. Og þó að grg. frv. sé glögg og nokkuð tæmandi, þá ætla ég að gera grein fyrir því með nokkrum orðum.

Það eru tvö aðalatriði, sem frv. fer fram á. Hið fyrra er það, að dómkirkjusöfnuðurinn taki að sér kirkjuna, sem er nú ríkiseign, og eigi hana framvegis og taki á sig allan kostnað af henni, gegn því, að ríkið leggi fram 300 þús. kr., sem því er ætlað að greiða á næstu 30 árum, 10 þús. kr. á ári. Það má skoða þetta framlag ríkisins í eitt skipti fyrir öll þannig, að með því sé það að kaupa af sér skyldu þá, sem á því hvílir um að sjá söfnuðinum fyrir kirkju.

Hitt atriðið er um það, að þegar sú breyt. hefir orðið, að söfnuðurinn hefir tekið kirkjuna í sínar hendur, þá sé um leið heimilt að skipta bænum í fleiri sóknir og að hver sókn hafi prestsþjónustu út af fyrir sig. Aðalreglan á að vera sú, að þegar 5000 manns eru í einni sókn, þá sé skylt að hafa þar einn prest. Ennfremur er gert ráð fyrir, að þetta ákvæði gildi um aðra kaupstaði, þegar svo er ástatt, að fólkið er orðið svo margt, að nauðsyn er á, að kaupstaðnum sé skipt í sóknir.

Að lokum er gert ráð fyrir því, að þessi l. komi ekki til framkvæmda fyrr en prestaskipti verða við dómkirkjuna næst, eða dómkirkjuprestarnir samþ. þá breyt., sem frv. gerir ráð fyrir.

Eftir frv. eiga söfnuðirnir hér í Reykjavík að sjá sér hér eftir sjálfir fyrir kirkju, en eins og nú er, er skylda ríkisins að sjá dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík fyrir kirkju. Þessari skyldu hefir ríkið ekki fullnægt nægilega hingað til, að áliti þeirra manna, sem láta sig þessi mál einhverju skipta. Enda er svo komið, eins og þessari hv. d. er kunnugt, að í Reykjavík eru nú yfir 20 þús. manns í dómkirkjusöfnuðinum, en söfnuðurinn hefir aðeins eina kirkju. Þetta ástand getur náttúrlega ekki gengið mjög lengi enn. Einhverjar ráðstafanir þarf að gera til þess að koma á þetta nýrri skipun, jafnóðum og þörf krefur. Og það er vissulega kominn tími til, að hafizt verði handa í þessu efni. Það er álit allra, sem þessu máli unna, að það muni heppilegast að láta þessi mál vera sem mest í höndum safnaðarins, og til þess miðar sú ráðstöfun fyrst og fremst, sem hér er farið fram á, að gerð verði, að hér eftir verði það á valdi safnaðarfólksins sjálfs, hvernig þessum málum verður fyrir komið hér í Reykjavík framvegis.

Það er ekki nokkur von til þess, að þessir tveir prestar dómkirkjusafnaðarins, sem nú eru, geti annað þessu verki, þannig að ekki fari þá önnur störf verr úr hendi, sem mjög er nauðsynlegt að fylgi prestsstörfum. Dómkirkjusöfnuðurinn er nú svo stór orðinn, að við núv. fyrirkomulag verður varla unað lengur, ef ekki á að hljótast af því verulegt tjón fyrir kirkju og kristindóm í þessum bæ. Og hér er ekki farið fram á annað en að Alþ. hjálpi safnaðarfólkinu til þess með þessum fjárframlögum að taka þessi mál í sínar hendur og þoka þeim áfram, eftir því sem það hefir vilja og krafta til.

Um það sérstaklega, að ríkissjóður leggi fram fé með dómkirkjunni, 300 þús. kr., er það að segja, að það verður að líta svo á, að þar með kaupi ríkissjóður af sér kvöð, sem nú hvílir á honum, með vægu verði. Það yrði áreiðanlega kostnaðarmeira fyrir ríkissjóð, ef hann ætti að koma upp hér í Reykjavík nauðsynlegum kirkjum, því að hjá því verður ekki komizt að

byggja hér kirkjur mjög bráðlega. Það er alveg fyrirsjáanlegt, að það er miklu kostnaðarminna fyrir rikissjóð að gera það, sem fram á er farið í þessu frv., heldur en að byggja nýjar kirkjur. Ég álít, að bæði sé það heppilegra fyrir rikissjóð, að það sé gert, sem hér er farið fram á í frv., og einnig gagnlegt fyrir safnaðarfólkið á þann hátt, að með því fyrirkomulagi skapast mikil hvöt fyrir það til að vinna meira sjálft að þessu máli og skipta sér meira af því, sem krefur framlög og fórnir í sambandi við þessi mál, og yfirleitt að leggja á sig fjárframlög og annað til framgangs kristindómsmálum hér í bænum.

Ég held, að hér sé um svo vægilega ósk um framlag úr rikissjóði að ræða til þessara hluta, að ómögulegt sé að telja hana ósanngjarna. Til samanburðar vil ég nefna það, að nú á síðasta þingi var gert samkomulag við góðan og gagnlegan félagsskap, nefnilega góðtemplarareglunna hér í bæ, um það, að góðtemplarar skyldu afhenda hús sitt hér við Vonarstræti til rikisins, gegn 150 þús. kr. framlagi, sem greiðist á 10 næstu árum. Það, sem hér er farið fram á, að rikissjóður greiði til dómkirkjusafnaðarins hér í Reykjavík, er ekki nema tvöfalt framlag á við það, sem góðtemplarareglunni var greitt. Að visu er þetta ekki alveg sambærilegt að því leyti, að fyrir þetta framlag til góðtemplarareglunnar fékk rikið eign góðtemplara fyrir sunnan alþingishúsið. En það var til þess ætlazt, að meira en helmingurinn af þessu framlagi væri beint framlag til þindindisstarfseminnar í landinu.

Ég skal að lokum geta þess, að þetta frv. hefir fengið mjög ákveðin meðmæli, bæði frá prestastefnunni, aðalfundi dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík, aðalfundi Prestafélags Íslands, héraðsfundi Kjalarnesprófastsdæmis og kirkjuráði. Og hinn almenni kirkjufundur í sumar taldi mjög brýna nauðsyn á fjölgun presta í Reykjavík.

Með þessum fáu inngangsorðum vildi ég svo bera fram ósk um, að máli þessu verði, að lokinni þessari umr., visað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Garðyrkjuskóli.

Á 61. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um garðyrkjuskóla (þmfrv., A. 138).

Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Það er fyrir tilmæli hæstv. landbrh., að við berum þetta frv. fram. Hann gat þess fyrir nokkrum dögum í sambandi við annað frv. um sama efni, að sér hefði verið falið af ráðuneytinu að undirbúa slíkt frv. fyrir nokkru, og hefði hann síðan unnið allrækilega að undirbúningi þess.

Augu manna eru nú óðum að ljúkast upp fyrir nauðsyn garðræktar, og áhugi manna á henni fer sívaxandi, eins og allri jarðrækt. Garðyrkja getur verið fjölbreytt og því mjög vandasöm. Því er hin fyllsta þörf á leiðbeiningu í þessum efnum. Garðyrkjuskólinn á fyrst og fremst að verða til þess, að fjölga þeim, sem geta leiðbeint öðrum. Auk þess er ætlazt til, að um styttra nám geti verið að ræða fyrir hina eiginlegu framleiðendur.

Þeir, sem níu mánaða námið stunda, eiga fyrst og fremst að verða kennarar. Skólanum er ætlað að vera fræðslustofnun fremur en framleiðslustofnun. Þó verður skólinn það líka að einhverju leyti, svo að hann gæti, er stundir liða, ef til vill staðið straum af sjálfum sér að mestu eða öllu leyti.

Það er augljóst, að slík stofnun hefir mikið verk að vinna. Mönnum er t. d. æ að verða það ljósara, hve nauðsynlegt það er, að við getum sjálfir fullnægt kartöfluþörf okkar. Enn deila þó ráðunautar vorir mjög um það, hvaða kartöflutegund gefi bezta sprettu, sé bragðbezt og þoli bezt sjúkdóma. Þessi stofnun ætti að geta fengið svo staðgóða reynslu um þetta, að hún gæti skorið úr þessum vandaatriðum.

Þessi skóli verður það langur, að rétt hefir þótt að takmarka tölu nemenda ár hvert. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum rekstri og ætlazt til að nemendur fái fría skólavist.

Kostnaður ætti ekki að verða tilfinnanlegur, þar sem víst er, að garðyrkjuafurðir skólans myndu gefa töluverðar tekjur. Þyrfti ekki svo ýkjamikla kartöflu- og grænmetisframleiðslu til þess að skólinn beri sig. Rikissjóður þyrfti því aldrei að leggja fram mikið rekstrarfé, þó nemendur fengju fría skólavist.

Sigurður Einarsson (óyfirl.): Hæstv. forsrh. lét það í ljós um daginn, að von væri frá honum á frv. um garðyrkjuskóla, sem bæri af frv. okkar Alþfl.manna um sama efni.

Hv. flm. gerði mikið úr þeim undirbúningi, sem frv. þetta hefði fengið hjá hæstv. ráðh., og gat þess, að honum hefði verið falinn undirbúningur málsins af ráðuneytinu. Hvað hæft er í því, skal ég ekki segja um að svo stöddu. En eins og allir vita, var þetta mál fyrst borið fram á sambandsþingi Alþfl. í fyrra, rannsakað þar í nefnd og nú borið fram af fulltrúum Alþfl. á þingi. Hvaða ástæðu hæstv. forsrh. hefir til þess að láta flytja þetta mál, er því næsta torskilið, ekki sízt þegar litið er á frágang þessa frv.

Vegna þess að mér er fremur meinlaust til hæstv. forsrh., hefði mér þótt betra, að hann hefði ekki hrósað sér svo mjög af hinum rækilega undirbúningi, er þetta frv. hans hefði fengið. — Í frv. er gert ráð fyrir 12 nemendum, er taki burtfararpróf árlega í lok hvers skólaárs, sem er timabilið frá 1. marz til 30. nóv. ár

hvert. Á þessu tímabili eiga nemendurnir að læra þessar námsgreinar til burtfararprófs: Íslenzku, stærðfræði, grasafræði, efnafræði, jarðfræði, jurtafræði, arfgengisfræði, garðyrkjufræði, verkfærafræði, og auk þess skal kennt um almenna jarðrækt og skógrækt, eftir því sem tími vinnst til. — Það er nú víst, að það mega engir úrvalstossar vera, sem stunda allar þessar námsgreinar og ljúka í þeim burtfararprófi á þessum tíma. En svona er allur frágangur frv. Því er skutlað hér inn í einhverju endemisflaustri, og troðið út með allskonar reglugerðaratriðum, sem alls ekki eiga heima í lögum, t. d. því, að skólinn sé jafnt fyrir pilta og stúlkur.

Frv. okkar er hinsvegar rammi, sem reglugerð á að fylla út að fenginni reynslu, eins og venja er um skipulega samin lagafrv. Þar sem frv. þetta er þannig hálfgerður óskapnaður og okkar frv. kom fram á undan, verður að teljast sjálfsagt, að n. leggi það til grundvallar.

Þótt allt frv. hæstv. forsrh. sé þannig kryddað með reglugerðaratriðum, er gert ráð fyrir reglugerð ofan á þetta allt saman. Í 8. gr. er þó fastákveðið um burtfararpróf (og þá auðvitað einnig í lok fyrsta skólaárs) eftir 9 mánaða nám í öllum þeim greinum, sem taldar eru upp í 7. gr., eða svipuðum námsgreinafjölda og krafizt er í garðyrkjuskólum Dana, þar sem skólatíminn er hálft fjórða ár.

Hv. flm. lagði til, að málinu yrði vísað til landbn. Ég tel það alveg eins eiga heima í allshn.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Ég blanda mér ekki í það, hver fyrstur hefir hreyft þessu máli, heldur læt hæstv. forsrh. um, að koma með sínar skýringar á því. Ég held, að menn verði ekki miklu fróðari um það eftir ræðu hv. 9. landsk., hvað á hér heima í lögum og hvað í reglugerð. Í frv. er gert ráð fyrir reglugerð, sem taki ýms atriði nánar fram. En ef menn lesa grg. þessa frv. og bera hana saman við grg. frv. hans, mun mönnum verða ljóst, hversu miklu betur þetta frv. er undirbúið. Enda játaði hv. 9. landsk. sjálfur, að frv. sitt væri aðeins rammi, þar sem taka ætti flest atriði fram í reglugerð. Það er því hans frv., sem er flausturslegt.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er í meira lagi skoplegt þetta kapphlaup sósialista og framsóknarmanna um ýms mál nú upp á síðkastið, t. d. kartöflueinkasöluna og garðyrkjuskólann. Er helzt að heyra á Framsókn, að hún fæði af sér hugmyndirnar, en svo komi sósialistar og steli þeim. En Framsókn verður að skilja, að þetta er eins og gerist og gengur um leigupening. Framsóknarrollurnar mega ekki kveinka sér, þótt húsbændurnir, sósialistar, taki af þeim reyfið, þegar þær koma af fjalli.

Annars er þetta mál svo vaxið, að því ber að sýna fullan sóma, og verður því að gæta þess, að slík lagasetning sem þessi nái sem bezt tilgangi sínum.

Í hvorugu frv. sést, hve langt eigi að ganga í framleiðslunni í sambandi við skólann. En það er vitanlega bæði rangt og óheppilegt, að hið opinbera fari að keppa við framleiðendur jafnt á þessu sviði sem öðrum.

Nú hefir verið rekin garðyrkjukennsla í sambandi við Laugarvatnsskólann, og það finnst mér mjög hyggilegt fyrirkomulag. Þar eru mikil not fyrir kartöflur, og sú kartöflurækt, sem þar er rekin, ætti að geta verið fullnægjandi fyrir skólann og kannske lítilsháttar meira. — Yfirleitt finnst mér eðlilegt, að slík kennsla sé í sambandi við alþýðuskólana, og þá ekki síst búnaðarskólana. Þetta er auðvitað atriði, sem ég ætlast til, að landbn., eða hvaða n. sem það nú yrði, sem fengi málið til meðferðar, athugaði gaumgæfilega.

Það er vitanlega rétt, að það er mikil nauðsyn fyrir okkur að auka þessa framleiðslu, til þess að við getum losnað við þann mikla innflutning, sem er á þessari vöru, og jafnvel þyrftum við að auka neyzluna frá því, sem er.

Um undirbúning þessara mála skal ég ekki segja mikið. En eftir grg. að dæma og eins og tekið hefir verið hér fram, þá býst ég við, að honum sé að ýmsu leyti ábótavant. Ég hefi t. d. enga trú á því, að við getum nokkurn tíma komizt á það að neyta svo mikilla jarðepla, að það verði um 500 kg. á mann á ári. Það yrði þá hátt á annað kg., sem hvert mannsbarn yrði að eta á hverjum degi, og myndi það vera nokkuð mikið fyrir vöggubörn og unglinga, þó að sérstaklega mathraustir menn, eins og hv. 9. landsk., myndu geta melt það. — Svona eru smádæmi við undirbúning þessa máls frá báðum hliðum, býst ég við.

Ég vænti svo, að n., sem fær þetta frv. til meðferðar, geri það fyrir málið, sem henni er unnt, og reyni að snúa því inn á rétta braut.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Í síðari ræðu hv. 2. þm. Árn. var dálitið, sem ég ekki gat skilið, og vil því leyfa mér að leggja fyrir hann sem flm. frv. nokkrar spurningar. Á að skilja ákvæði 1. gr. og ákvæði 8. gr. um burtfararpróf með hliðsjón af 7. gr. með öllum þeim námsgreinum, sem þar eru upp taldar, á þá leið, að útskrifa eigi fyrsta árgang að loknu fyrsta árs námi? Og á að skilja það í því tilfelli svo, að hv. flm. og aðrir, sem ekki vilja fara varhluta af því að hafa átt þátt í samningu þessa frv., telji, að hægt sé að ljúka forsvaranlegu námi í öllum þeim námsgreinum, sem þarna eru taldar upp, á tímabilinu frá 1. marz til 30. nóv., auk verklegra útistarfa og annarar vinnu, sem slíkt nám útheimtir, eða er þetta bara sett til málamynda, til þess að koma með einhvern orðamun frá því, sem var í okkar frv.? Og ef svo er, er þá meiningin, að gengið sé frá með reglugerð um endanlegan námstíma hvers nemanda? Ef þetta er allt í þoku, fer að verða dularfullt að ráða í það, hvað rak þessa áhugasömu menn til þess að flytja frv. um þetta efni.

Ég skal ekki fara að deila um það, hverjir hafi átt hugmyndina að þessu máli; framgangur þess er aðalatriðið. En ég vil taka það fram út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að það er engin ástæða til að ætla, að framleiðsla, sem kynni að verða rekin í sambandi við garðyrkjuskóla, gæti komið til greina sem keppinautur framleiðslu bænda. Hér getur aldrei verið um svo stórvirkar framkvæmdir að ræða með-

an skólinn er bara skóli, sem leggur fram nægilega mikið verkefni handa sínum nemendum.

Þá vildi ég aðeins bæta við einu atriði. Ég held sem sé, að þegar allt kemur til alls, þá eigi frv. helzt heima í menntmn., og geri ég því að till. minni, að því verði vísað þangað. Okkar frv. átti heima í landbn., því það var bara um garðyrkjuskóla, en ekki almenna vísindastofnun í arfgengisfræði, efnafræði o. fl.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég bjóst ekki við að taka til máls í þessu máli, sem hér liggur fyrir. Grg. frv. er það ýtarleg, að við hana þarf varla að bæta. En vegna þess, hvernig umr. hafa snúizt, þykir mér rétt að segja fáein orð.

Það er út af fyrir sig næsta broslegt að vera að ræða um það, hverjir eigi hugmyndina að því að koma upp þessum skóla, og nota ræðutíma þingsins til þess að breiða sig út yfir það. Mér liggur við að segja, að þeir, sem það gera, sýni það og sanni, að það er ekki af áhuga, sem þeir bera fram málið, og að þeir eigi ekki hugmyndina að því. Aðalatriðið er það, að það hefir verið áhugi margra manna að koma upp garðyrkjuskóla. Og úr því farið er að ræða um þetta, þá er bezt að segja frá því eins og það er. Það er rétt, sem hv. 9. landsk. talaði um, að það hefir verið mikill áhugi hjá mörgum innan Alþfl. að koma þessu máli fram, og sjálfsagt verið samþ., eins og hann sagði, á þingi Alþfl. En síðan fellur málið niður, þangað til það er tekið upp í ríkisstj. og sérstaklega talað um að búa það undir þing. Ég segi einum Alþfl.manni frá þessu, en hann hleypur þá til Sigurðar Einarssonar og biður hann að bera málið fram. Og ég skal bæta því við, að hæstv. atvmrh., sem hafði fullan áhuga á að koma málinu fram, vissi ekki, að frv. var borið fram, og ríkisstj. var með hans fulla samþykki að undirbúa málið. En um það, hverjir hafi tekið þetta mál upp fyrst og hverjir eigi hugmyndina að því, þarf ekki að deila. Aðalatriðið er það, að málið komist í hendur þeirra manna, sem geta fjallað um það af meiri þekkingu en svo, að þeir álíti, að hver einstakur maður suður í Þýzkalandi borði 500 kg. af kartöflum á ári. Málið á vitanlega að fara til landbn. og síðan á að bræða þessi frv. saman, því að sjálfsögðu eru gallar á þeim báðum.

Hitt er óviðeigandi og ber ekki vott um þann áhuga, sem málið á skilið, að verið sé að deila um það, hvort málinu sé stolið frá þessum flokknum eða hinum. Málið hefir vitanlega átt fylgi hjá öllum flokkum á ýmsum tímum, en sagan um það, hvernig það er komið fram, er rétt sögð eins og ég hefi greint.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Hv. 9. landsk. veit það vel — sem kennari m. a., þó ekki sé vitnað í annað —, að hægt er að kenna námsgreinar á mjög misjöfnum stigum. Við t. d. kennum móðurmálið okkar frá okkar yngstu börnum og upp í æðstu skóla; og kunnáttan í þeirri grein, sem og öllum öðrum, getur verið á ýmsum stigum, og kennslan er sniðin eftir skólatímanum og þroska nemendanna.

Þar sem hv. 9. landsk. gerði arfgengisfræðina að sérstöku umtalsefni, þá vil ég benda á, að það er óviðeigandi af bændafulltrúa að vera að skopast að því, að sú grein skuli kennd við slíkan skóla, því ég get sagt honum það, að það er ekki til svo hugsunarlaus bóndi, að hann ekki blátt áfram byggi sína lífsmöguleika á *arfgengisfræðinni. Hann hefir tekið eftir því*, að útsæðiskartöflur gefa misjafnlega góða uppskeru og að húsdýr einnig gefa misjafnlega góða einstaklinga. Bóndinn reynir að gera sér grein fyrir, af hverju þetta stafi, og eftir þau kynin, sem gefa af sér beztan arð. Þetta get ég upplýst hv. 9. landsk. um, því eftir ræðu hans að dæma skyldi maður ætla, að hann hefði ekki hugmynd um, að þetta gengi svona til. Ég tel, að þessi námsgrein sé sjálfsögð í þessum skóla, því hún er fyrst og fremst líkleg til að geta gert mikið gagn. Það er ekki til neins að vera að tala um, að þetta séu þungar námsgreinar, sem þær vitanlega eru, en ég er búinn að taka það fram, að þær verða teknar á ýmsum stigum, eftir því sem við á.

Ég geri ráð fyrir, að próf í þessum námsgreinum fari fram á þeim tíma árs, sem þénar, og að lögð sé áherzla á vissar námsgreinar á vissum *árstímum, eftir því sem þénar fyrir* námið, en það er ekkert aðalatriði, hvort prófað væri þá strax eða við lok skólans.

Annars spurði hv. 9. landsk. um ýmislegt, sem mér finnst í sjálfu sér svo einfalt, að ekki þurfi svara við.

Sigurður Einarsson [óyfirl.]: Ég ætla bara að taka það fram út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er misskilningur af hans hálfu, að verið sé að metast við neinn um upptöku þessa máls. Og þar sem hæstv. forsrh. endurtók söguna um manninn, sem hann hitti á götunni hérna um daginn, þá vil ég bara segja það, að sá maður hlýtur að hafa verið fótfrár, úr því hann hefir getað hlaupið til baka um heilt ár til þess að skýra Alþýðusambandinu frá þessu. Það þarf sérstakt göngulag aftur á bak í tímann til þess að þetta geti átt sér stað. En svo ég segi nú söguna eins og hún var, þá er það algert mishermi, að málið hafi verið fallið niður. Það var tekið til athugunar í landbn. *flokksþings Alþfl. í fyrra.* Síðan hefir n. starfað í málinu og skilað áliti.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um það, hvað Þjóðverjar ætu mikið af kartöflum. Ég vil ekki gera ráð fyrir, að það sé viljandi, sem hæstv. ráðh. gerir sig ólæsan og les orðið „eta“ í staðinn fyrir „nota“. En þar sem segir í grg. okkar frv., að Þjóðverjar noti sem þessu svari af kartöflum, þá er ekki átt við, að þeir eti það alt, því kartöfluframleiðsla er notuð til margs annars, eins og t. d. vingerðar. — Hitt finnst mér sanngjarnlega talað hjá hæstv. forsrh., að galla megi finna á báðum frv. og að rétt sé að bræða þau saman og láta málið ganga þannig fram. Ég er alveg á þessu máli, enda er það í minum augum aðalatriðið, einkanlega ef vænta mætti, að þau *hörundssárheit, sem komið hafa fram* hjá hæstv. forsrh., mættu þá hverfa um leið.

Að því er hv. 2. þm. Árn. snertir, vil ég segja

það, að það er á misskilningi byggt, að ég hafi verið að skopast að neinni námsgrein, sem nefnd er í 7. gr. frv. Ég vildi aðeins, að það kæmi fram, að það er tvennt ólíkt, hvað menn telja nauðsynlegt, að kennt sé í skólum, eða hvað unnt er að leysa af hendi á takmörkuðum tíma. Frv. ber það ekki með sér í raun og veru svo úr sé skorið, hvað langt nám nemendunum sé ætlað í þessum skóla, en ef ráða má af 8. gr. frv., þá eru það aðeins örfáir mánuðir, og vildi ég þá benda á, að engar líkur eru til þess, að hægt sé að ljúka þessu námi á svo stuttum tíma, svo nokkurt gagn sé að. Þess vegna svaraði hv. þm. alls ekki því, sem ég spurði um.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar og geri ekki ráð fyrir að taka aftur til máls, en ég vil endurtaka þá kröfu mína, að málinu verði vísað til menntmn.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég skal nú ekki lengja mikið umr. En þar sem hv. 9. landsk. minntist á þetta með manninn, sem kom hlaupandi til hans með frv., þá vil ég aðeins segja það, að það er ekki hægt að snúa sér frá þessu máli eins og það var með því að gera sér tæpitungu um hlaup aftur í tímann. Það er satt, að málið hafði fallið niður eftir að Alþfl.þingið hafði tekið afstöðu til þess. En þegar ríkisstj. fór að undirbúa þetta mál og sá maður, sem ég hefi minnzt á, komst að því, hleypur hann til hv. þm. og segir, að Alþfl. verði að vera á undan. Þess vegna er það, að hv. flm. hefir aldrei samið frv. á þskj. 419, heldur maðurinn, sem kom með það til hans. Það finnur hver maður hér í d., að ég er að segja satt, og það finnst á því, að hv. 9. landsk. kiknar í öxlunum.

Þá kem ég að hinu atriðinu, sem er álíka broslegt, og það er um jarðeplanotkunina. Í frv. segir, að jarðeplanotkun vor sé um 50 kg. á mann, og það er rétt, við borðum allar þessar kartöflur. Svo er haldið áfram í frv.: „Norðmenn nota um 200 kg. og Þjóðverjar allt að 500 kg.“ Í áframhaldi af því, að við notum, þ. e. a. s. borðum, 50 kg. af kartöflum, þá er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo, að Þjóðverjar borði þessi 500 kg. af kartöflum. Þetta sýnir það, sem maður reyndar veit, að hv. 9. landsk., sem réttir sig nú upp í sæti sínu og vill bera sig borginmannlega, hefir ekki verulegan skilning á því, hvað jarðrækt er, sjálfsagt ekki meiri heldur en ég, enda datt mér ekki í hug að semja frv. sjálfur. Ég fór því til Steingríms Steinþórssonar, til Bjarna á Reykjum, sem fengizt hefir mikið við garðrækt, og til Sigurðar Sigurðssonar, og þeir gengu frá þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hinsvegar hefir maðurinn, sem lagði frv. á þskj. 419 upp í hendurnar á hv. 9. landsk., ekki haft þá þekkingu til að bera, sem var í samræmi við áhuga hans fyrir málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 14:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Meðferð einkamála í héraði.

Á 63. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði (þmfrv., A. 448).

Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Stefán Jóh. Stefánsson [óyfirl.]: Það er langt síðan fóru að heyrast raddir um það, að ýms ákvæði í íslenzkri réttarfarslöggjöf væru að verða næsta úrelt, enda er það ekki að undra, þegar sum þeirra má rekja til löggjafar Kristjáns konungs V. frá 1687. Dómarar og málaflutningsmenn, sem mest eiga við þetta að búa, hafa lengi fundið til þess, að við Íslendingar erum orðnir langt aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum. Þeir hafa æ meir og meir fundið til þess, að mörg réttarákvæði okkar eru orðin úrelt og óheppileg. Það er því ekki að undra, þó horfið sé nú að því ráði að taka til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar okkar réttarfarslöggjöf.

Í fjárl. fyrir árið 1934 var veitt nokkur fjárupphæð til þess að endurskoða réttarfarslöggjöfina, og urðu það samningar milli þingflokkanna, að gagngerð endurskoðun færi fram í þeim efnum, bæði um meðferð opinberra mála og einkamála. Var ákveðið á þinginu 1934 að skipa þriggja manna n. til þess að vinna þetta. Var sú n. skipuð 12. des. síðastl., og hefir hún unnið síðan.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er frá þessari n. Eru þrjú grundvallaratriði í gildandi l. um þetta efni, sem n. vill með þessu frv. kippa í lag. Það var fyrst og fremst það, að fá í eina heild alla íslenzka réttarfarslöggjöf um einkamál. En þessi löggjöf hefir til þessa tíma verið dreifð í mörgum lagafyrirmælum allt frá 17. öld og til vorra daga. Munu þau vera um 40—50 talsins þau lagafyrirmæli, sem að meira eða minna leyti snerta íslenzka réttarfarslöggjöf eða meðferð einkamála í héraði. Það er miklu hentugra fyrir alla, sem eiga með slík mál að fara, að um eina kerfisbundna löggjöf sé að ræða, ekki aðeins fyrir dómara og málflm., heldur allan landslýð, og þá ekki síst fyrir þá, sem leggja stund á lögfræðileg efni.

Í öðru lagi hefir það komið fyrir við framkvæmd íslenzkra réttarfarsmála, að mál hafa dregizt óhæfilega lengi, verið að flækjast fyrir undirrétti svo árum skiptir, og það eru dæmi til þess, að mál hafi legið undir dómi hjá dómurum í marga mánuði án þess að talið væri

vítavert eftir gildandi löggjöf. Þetta frv. á einnig að bæta úr þessum megingalla núv. réttarfarslöggjafar, sem er óhæfilegur dráttur á málum í héraði. Að þessari endurbót miða mörg ákvæði frv., eins og að koma á munnlegum málflutningi, sem á að flýta fyrir afgreiðslu mála og stytta ýmsa fresti, svo sem stefnufrest, dómsuppkvaðningarfrest og frest þann, sem málflm. mega halda málum.

Ég er ekki í neinum vafa um, að ákvæði frv., ef að l. verður, geta komið því til leiðar, að ljúka megi málum miklu fyrr heldur en átt hefir sér stað, og tel ég það geysilegan kost á frv. eins og það liggur fyrir. Það hefir jafnvel verið orðað svo af lögfróðum mönnum, að betri væru skjót úrslit mála og vafasöm heldur en langur dráttur á málum, jafnvel þó á endanum kæmi rétt niðurstaða. Það er ekki lítið óhagræði fyrir þá, sem eiga í málum, að ekki sé skorið úr þrætuefninu fyrr en mörgum árum eftir að tilefnið til málshöfðunar kom fram.

Í þriðja lagi er það tilgangur frv. að auka tryggingu fyrir því, að niðurstaða allra dómsúrskurða megi vera sem réttust og í samræmi við landsins lög og reglur og í samræmi við almennar siðferðisreglur, ef svo mætti að orði komast. Að þessu miða mörg ákvæði í frv., m. a. munnlegur málflutningur, sem ég minntist á áðan, og þá ekki síst það atriðið, sem ég tel merkilegast, og það eru hinar svokölluðu aðiljaskýrslur. En það er svo með réttarfarsmál vor nú, að málsaðilar koma hvergi nærri dómsstólunum, ef þeir flytja ekki málin sjálfir, og þess er enginn kostur að yfirheyra þá fyrir dómi, en þess eru mörg dæmi, að þeir þegja yfir mörgu, sem nauðsynlegt væri, að fram kæmi, og jafnvel segja umbjóðendum sínum rangt frá málavöxtum og þræta fyrir staðreyndir. Nú er gert ráð fyrir, að aðilar séu teknir fyrir dóm eins og vitni og þeir þar spurðir spjörunum úr, og með því móti efast ég ekki um, að það náist siðferðislega réttari niðurstöður í málum en verið hefir oft hingað til, þar sem aðilunum hefir haldizt uppi að mótmæla og jafnvel skýra rangt frá um málavexti án þess að það hafi bakað þeim ábyrgð, eða án þess, að dómarar ættu kost á að rannsaka afstöðu aðiljanna sjálfra til málanna. — Einnig tel ég, að það miði til þess að fá tryggari niðurstöðu mála, að vitnaleiðslan verður með nokkuð öðrum hætti en áður, þannig að málsaðilum gefst tækifæri til þess að spyrja vitnin meira heldur en áður hefir tíðkazt. — Einnig má teljast til þessa atriðis það nýmæli í frv., að sérfróðir menn sitji dóm í vissum flóknum málum, sem sérþekkingu þarf til, eins og í ýmsum verzlunarmálum, sama og gildir um sjódómsmál.

Þetta eru 3 höfuðatriði, sem ég tel, að liggi til grundvallar þessu frv., og hvert atriði fyrir sig er svo mikilsvert, að ég tel, að það væri nægilegt til þess að gera það æskilegt, að slíkt frv. yrði að lögum.

Ég mun svo með örfáum orðum víkja að frv. sjálfu eins og það liggur fyrir, en mun stikla á stórum atriðum, því þau eru sum þannig, að þau eru meira lögfræðilegs efnis, enda útskýrð rækilega í grg., sem fylgir frv. — Frv. er í mörgum köflum og byrjar á undirstöðunni, sem er fyrir dómsmálum yfirleitt, sem eru sáttir og sáttanefndir. Það er tiltölulega litlu breytt um skipun sáttanefnda og valdsvið þeirra. Þó má geta þess, að færð er til samræmingar kosning sáttanefndarmanna, þannig að hún verði eins um land allt, í stað þess, að gilt hafa sérákvæði um þetta hér í Reykjavík, þar sem sáttanefndarmenn eru kosnir af bæjarstjórn, en úti um landið tilnefndir af héraðsdómara. Okkur í n. þótti rétt að færa þetta til samræmis og meira í lýðræðisáttina, þannig að hreppsnefndir og bæjarstjórnir kjósi þessa fulltrúa, sem fjalla um sáttir. — Þess má líka geta í sambandi við þennan kafla, að þeim málum hefir verið nokkuð fækkað, sem skylt er að leggja fyrir sáttanefnd, því það er fyrirfram vitað um mörg mál, að sáttir muni ekki takast, og þá virðist það óþarfa tímaeyðsla að leggja þau fyrir sáttanefnd. Hér ætti ekki að vera hundrað í hættunni, því sáttatilraunir eru ekki þar með afnumdar, heldur falla þær á dómarana, sem leita sátta milli aðiljanna. Og um sáttatilraunir dómara, sem hafa tíðkazt í mörgum málum, má segja það, að þær hafa ekki síður leitt til sátta heldur en hjá sáttanefndunum sjálfum. — Ég tel svo ekki þörf á að fjölyrða frekar um þennan kafla, sem er að mörgu leyti líkur því, sem verið hefir til þessa.

Næsti kafli er um dómara o. fl. — Í frv. er haldið þeirri dómskipun í undirrétti, sem verið hefir, því okkur þótti ekki fært að leggja til að gerbreyta um dómskipun í landinu, því það gæti leitt til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð og einnig orðið til þess að torvelda það, að lausn fengist á málum, því ef aðskilið yrði dómsvald og umboðsvald, þá yrði það til þess að fækka héraðsdómurunum allverulega, en það hefði aftur í för með sér, að mál gætu dregizt of lengi. Þó að það væri mikill kostur og að sumu leyti ómetanlegur að aðskilja dómsvald og umboðsvald, þá sá n. ekki fært að leggja það til, af þeim ástæðum, sem ég hefi drepið á.

Í þessum kafla er vert að geta nýmælis í 32. gr. frv., þar sem lagt er til, að lögfræðikandídat megi ekki skipa í héraðsdóm nema hann hafi fengið þar til greinda reynslu. Þessa nýbreytni byggjum við á því, að nú er orðinn góður kostur löglærðra manna, og er því eðlilegt að láta þá ganga fyrir, sem hlotið hafa reynslu í þessari fræðigrein. Það er bæði sanngjarnt gagnvart lögfræðingunum sjálfum og nærgætni við þá, sem hlíta eiga lögsögu þeirra, því það má gera ráð fyrir, að þeir hafi öðlazt reynslu og þekkingu við að hafa á hendi lögfræðileg störf í 3 ár. En þeim, sem nýkomnir eru frá prófborðinu, verður erfiðara um vik að gegna vandasömum dómarastörfum. Ég ætla því, að þetta get ekki orðið til neins óhagræðis, en geti hinsvegar orðið til hagræðis bæði fyrir þá, sem stunda lögfræðinám, og þá, sem eiga eitthvað undir héraðsdómurum og sýslumönnum yfirleitt.

Þá má geta þess, að í 35. gr. er nýmæli, sem ekki hefir áður verið í l., sem sé það, að dómsmrh. getur sett dómara frá embætti af vissum ástæðum um stundarsakir, en þó má ekki svipta þá embætti, nema að gengnum dómsúrskurði,

Okkur þótti rétt og eðlilegt, að hægt væri að víkja úr stöðu til bráðabirgða dómurum jafnt sem öðrum, ef það þætti einsýnt, að þeir brytu í bága við embættisskyldur sínar, en að réttur þeirra væri tryggður með því, að ekki mætti gera það til fullnustu, nema að undangengnum dómi.

Þá kem ég að 3. kaflanum, sem er um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl. — Þar er um lítil nýmæli að ræða. Þar eru felldar niður gamlar úreltar leifar frá afgömlum tíma um það, að 4 skuli vera þingvottar í bæjarþingi, en nú skulu þeir vera 2 bæði á bæjarþingi og annarsstaðar á héraðsþingum yfirleitt. — Þá eru nokkur smáatriði í þessum kafla, sem eru nýmæli, sem ég tel ekki þörf á að rekja hér.

Þá er 4. kaflinn um sakaraðilja. Þar eru í raun og veru lögfest atriði, sem talin hafa verið gildandi eftir íslenzkum réttarfarsreglum yfirleitt. Um þennan kafla tel ég ekki ástæðu til að ræða hér, þar sem hann er meira lögfræðilegs efnis, enda er hann skýrður rækilega í grg. frv.

5. kaflinn er um málflytjendur. Þar er sú regla upp tekin, að gerð eru skilyrði til málflutningsmanna meiri heldur en áður, og er þar gert ráð fyrir því, að í kaupstöðum — eða sérstaklega í Reykjavík — geti ekki aðrir en lögfróðir menn farið með mál fyrir aðra, þó að hver aðili um sig og náin skyldmenni geti farið með málefni sín sjálf fyrir dómstólum. Hér er upp tekin sama regla fyrir héraðsdóm eins og nú gildir um meðferð mála fyrir hæstarétti. Það er reynsla allra dómara, sem fengizt hafa verulega við dómarastörf, að mál séu betur upplýst og meiri líkur til þess, að réttur úrskurðar náist, ef þau eru sótt og varin af sérfræðingum eða lögfróðum mönnum. Mörg dæmi eru til þess, að menn hafa sjálfir af þekkingarskorti ónýtt málflutning sinn, þannig að þeir hafi beðið óbætanlegt tjón af. Þó er því haldið, að úti um land og í kaupstöðum, þar sem ekki er nægur kostur lögfróðra manna, megi fela hverjum góðum og hæfum manni flutning mála. Ég hygg, að þetta miði einnig að því að fá eðlileg og réttlát úrslit mála og til að flýta fyrir þeim.

Í þessum kafla eru einnig ákvæði um það, að velja skuli einskonar oddamenn til þess að standa fyrir hagsmunum stéttarinnar gagnvart dómstólum, og þeir menn eiga að vera einskonar samvizka málflutningsmanna og sjá um, að þeir hegði sér í sínum trúnaðarstörfum sem allra bezt. Ég tel, að þetta sé til mikilla bóta og miði í svipaða átt og lagt var til í frv. um fimmtardóm.

Þá kem ég að 7. kaflanum, sem er um varnarþing. Ég get verið fáorður um hann, því þar eru að mörgu leyti sömu ákvæði og gilt hafa, en þó er bætt við nokkrum nýmælum, sem ég hirði ekki að rekja sérstaklega, en þau eiga öll að miða að því að tryggja fljótari úrslit mála, og til þess að málsmeðferðin þurfi ekki að dragast óhæfilega, er nokkuð breytt til með varnarþing, sem snertir það, en ákvæðin um höfuðvarnarþing haldast óbreytt. Ég get nefnt sem dæmi, að breytt hefir verið frá l. nr. 59 frá 1905, sem heimila verzlunum að höfða mál gegn skuldunautum sínum á varnarþingi verzlunarinnar, en þessi heimild nær aðeins til viss tíma árs, þar sem ekki má nota hana yfir vetrarmánuðina, og var hugsunin með þessu sú, þegar gengið var frá l., að erfitt væri um samgöngur á vetrum, en eftir því sem samgöngur hafa batnað er engin meiri ástæða til að undanskilja veturna heldur en aðra tíma árs, og nær því þessi regla skv. frv. til alls ársins.

8. kafli frv. ræðir um stefnur. Þar er ekki ýkjamörg nýmæli að finna, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um hann.

Í 9. kaflanum, þar sem er þungamiðja nýsköpunar á réttarfarinu, eru reglur um meðferð mála í héraði. En þar sem ég hefi þegar minnzt á þessi höfuðnýmæli frv., get ég verið stuttorður um þau. Höfuðnýmæli eru sem sé munnlegur málflutningur, yfirheyrsla aðilja, nokkuð breyttar aðfarir við vitnaleiðslur og það, að dómara ber að fylgjast með málum frá upphafi og þar til dómur er genginn. En eins og nú er háttað um skriflegan málflutning, hefir dómari ekki aðstöðu til þess að fylgjast með máli frá því að það er þingfest og þar til hann tekur það til dóms. En það er eðli munnlegs málflutnings, að dómari á kost á að fylgjast með máli, því þegar það fyrst kemur fyrir, eiga aðiljar að skýra frá því eða umboðsmaður þeirra, á hverju hann byggi kröfur og hvaða kröfur hann geri. Varnaraðili getur þess, hvað hann hafi út á málsóknina að setja, hvaða kröfum hann neiti og hvaða vörnum í aðalatriðum hann ætli að halda uppi í málinu. Þegar þetta hefir verið framkvæmt, er ákveðinn frestur til fyrirtöku málsins, og skal honum varið til þess að afla sönnunargagna. Og þegar svo málið kemur fyrir, þá eiga að liggja fyrir öll þau gögn, sem talin eru nauðsynleg, og dómari hefir þá tök þess að kynnast þeim og síðan metur hann, eins og nú er í hæstarétti, bæði varnir og sóknir. — Ég ætla strax að taka það fram, að sú reynsla, sem fengin er hér fyrir hæstarétti, er á þá lund, að hver og einn einstakur málflutningsmaður, sem hefir haft með höndum flutning mála, óskar þess, að óbreyttur megi haldast munnlegur málflutningur, og það, sem ekki er minna um vert, að hver dómari, sem situr í hæstarétti, hefir látið svo um mælt, að hann telji munnlegan málflutning betri fyrir dómarana og líklegri til þess að skýra málin vel. Ég ætla því, að þeir, sem mesta hafa reynsluna í þessum efnum, málflutningsmenn og dómarar, séu á einu máli um það, að munnlegur málflutningur sé heppilegri og betri, enda er hann víða upp tekinn fyrir undirrétti, eins og t. d. í nágrannalöndunum, Danmörku og Noregi, þar sem málflutningur hefir verið munnlegur fyrir það, sem kalla mætti undirrétt. — Ég ætla, að ekki þurfi að skýra þetta nánar. Ég tel ekki þörf á að drepa á þá kosti, sem ég tel, að þessi munnlegi málflutningur og annað, sem stendur í sambandi við hann, hefir fram yfir þær reglur, sem áður giltu um meðferð einkamála í héraði.

Ég get orðið stuttorður um þá kafla frv., sem eftir eru. Það er nú áliðið venjulegan fundartíma, en ég hefði heldur kosið að ljúka máli mínu áður en fundi er frestað eða slitið.

10. kafli fjallar um sönnun og sönnunargögn. Er þar aðallega fyllt út í þær eyður, sem hingað til hafa verið í lagafyrirmælum um þessi efni. Tel ég ekki þann kafla þurfa neinna sérstakra skýringa við.

Þá er 11. kafli um gjafsókn. Um hann er að miklu leyti það sama að segja. Þar eru sumpart orðuð um eldri lagafyrirmæli og að nokkru bætt um og fyllt út í þar, sem vanta þótti í, að fenginni reynslu í þessu efni. Tel ég ekki þörf á að fara nánar út í það.

12. kafli ræðir um málskostnað fyrir héraðsdómum. Þar eru í höfuðatriðum teknar upp reglur þeirra l., sem áður hafa gilt, enda eru þau lagafyrirmæli ung, samanborið við aðra hluta réttarfarslöggjafarinnar, eða frá 1917.

13. kafli er um réttarfarssektir og þarfnast eigi skýringa.

14. kafli er um dóma og úrskurði, og þarf ég ekki heldur næsta mikið um hann að segja. Ég vil aðeins vekja athygli á, að dómsuppsagnarfresturinn er hér styttur úr 6 vikum niður í 2 vikur. Þetta miðar í sömu átt og áður er á minnzt; allt frv. hnígur að því, að málin megi sem fyrst ljúkast. Að vísu er gert ráð fyrir, að ef miklar annir hjá dómaranum eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, megi fara fram yfir þennan tiltekna frest, en þó ætla ég, að þetta verði til þess, að í málum verði fyrr dæmt en verið hefir. Þetta er um það, þegar málin eru skriflega flutt, því þegar munnlega er flutt, skal dómur upp kveðinn þegar í stað, eða áður en næsta mál er tekið fyrir, eins og nú er í hæstarétti.

15. kafli er um málskot til æðra dóms. Áfrýjunarfresturinn er styttur úr 6 vikum niður í 3 vikur. Allt miðar að þessu sama, að greiða fyrir fljótri úrlausn mála. — Í þessum kafla er nýtt atriði, sem ég tel allmerkilegt, um kæru. Þar er gert ráð fyrir, að áfrýja megi til hæstaréttar sérstökum atriðum úr málum án þess þau fari þangað í heild. Það er oft slæmt, þegar um er að ræða, hvort máli á að frávísa eða ekki, ef flytja þarf málið fyrir hæstarétti eftir að dómur er genginn í héraði, bæði hvað snertir frávísunina og efni málsins. Ef niðurstaðan verður frávísun, hafa málflytjendur lagt fram vinnu að óþörfu og dómstólarnir einnig. Hér er því stungið upp á, að áfrýja megi einstökum atriðum mála eða kærum út af dómsathöfnum. Svipuð ákvæði gilda í réttarfarslöggjöf Dana og Norðmanna, sem á sínum tíma var sniðin eftir löggjöf Þjóðverja og Austurríkismanna.

16. kafli er um sjó- og verzlunardómsmál. Þar eru óbreytt að mestu gildandi ákvæði um sjódómsmál, en hitt er nýmæli, að í vissum málum, sérstaklega málum milli kaupsýslumanna, iðnfyrirtækja, firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, skuli vera meðdómendur með héraðsdómara, valdir á sama hátt og meðdómendur í sjódóm hafa verið valdir til þessa. En þó þetta sé nýmæli í okkar löggjöf, er það margreynt í nágrannalöndunum og hefir þótt gefast vel. Eftir því, sem viðskiptamál okkar verða flóknari, verður erfiðara fyrir dómara, sem ekki hafa sérþekkingu í öðrum greinum en lögfræði, að skera úr málum, sem liggja á sviðum verzlunarsérþekkingar. Ef menn með sérstaka verzlunarþekkingu koma þar til, er líklegra, að dómsniðurstaðan verði í samræmi við þær reglur, sem myndazt hafa í viðskiptalífinu, og að allt komi fram, sem máli skiptir.

17. kafli er um víxilmál, og gildir þar um það sama og áður.

18. kafli er um mál til faðernis óskilgetinna barna og þarfnast eigi skýringa.

19. kafli er um ógildingu heimildarbréfa og annað þesshättar. Eru þar engin sérstök ákvæði, sem þurfa þykir að benda sérstaklega á, enda eru þau flest óbreytt frá því, sem gilt hefir.

Þá kemur loks 20. kaflinn, niðurlagsákvæði um það, hvenær reglur þær, sem í frv. felast, öðlast gildi og koma til framkvæmda, ef samþ. verður, hvaða lagafyrirmæli falla úr gildi, þegar frv. væri að lögum orðið, o. s. frv.

Ég hefi þá með nokkrum orðum rakið efni þessa frv. og tel óþarfa að bæta þar fleiru við. Ég vil enda mál mitt með því, að ég tel, að í þessu frv. sé um að ræða stórmerkilega réttarbót, sem getur haft í för með sér mikið hagræði, bæði fyrir allan almenning í landinu og þá menn, sem sérstaklega eiga að fara með þessi mál, dómara og málflytjendur.

Ég legg til, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til hv. allshn. Ég vildi mega vænta þess, að hv. d. greiði fyrir því, eftir því sem aðstæður leyfa, að frv. verði sem allra fyrst að l. — Þess skal getið, að þó ég hafi staðið dálítið að samningu frv., þá er að sjálfsögðu ekki loku fyrir það skotið, að ég gæti verið með brtt., sem fram kæmu, bæði formsbreyt. og jafnvel efnisbreyt. Frv. er byggt á samkomulagi innan þeirrar n., sem um málið fjallaði, og stendur hún að því óskipt, þó nm. greindi örlítið á í smáatriðum. Það eru því atriði í frv., sem ég nú þegar kysi fremur að hafa öðruvísi, og auk þess kunna hv. þm. að koma auga á eitthvað, sem ég og aðrir sæju, að betur mætti fara, því hér sannast sem víðar, að betur sjá augu en auga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Markaðssjóður saltfisks.

Á 64. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um markaðssjóð saltfisks (þmfrv., A. 458).

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) óyfirl.]: Ég get sparað mér að nokkru leyti framsögu fyrir þessu frv. nú, vegna þeirra umr., sem urðu hér í d. í dag utan dagskrár og snerta þetta mál. En ég vil þó aðeins taka það fram, að það virðist nú vera fenginn nægilegur þingvilji fyrir því, að þessu gjaldi til markaðssjóðs saltfisks verði létt af sjávarútveginum að mestu eða öllu leyti. Hitt getur aftur á móti verið ágreiningur um, hvort stofna skuli sjóð með sama tilgangi og markaðs- og verðjöfnunarsjóður hefir nú. Það verður að ráðast, hvernig þm. yfirleitt líta á það mál, hvort þeir telja það svo mikilsvert, að á þann hátt sé aukið öryggi fyrir sölu íslenzkra sjávarafurða á erlendum mörkuðum eða látið skeika að sköpuðu um það mál.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ákvæði hinna einstöku gr. frv., en vil þó skýra frá því, að það er ætlazt til þeirrar breyt. frá því, sem nú er, að stjórn sjóðsins verði aðeins skipuð 5 mönnum, og skal það gert eftir sömu reglu og áður. Er þetta í fullu samræmi við það, sem ég hélt fram á síðasta þingi, að það væri engin ástæða til þess að hafa 9 menn í sjóðsstjórninni. Hitt væri fullnægjandi, að hafa 5 menn í stjórninni, einn frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu hvers þeirra, en 5. manninn, sem atvmrh. skipar án tilnefningar, sem formann sjóðsstjórnarinnar.

Ef hv. þm. verða sammála um, að slíkur sjóður verði starfræktur í sama augnamiði og verið hefir síðastl. missiri, þá býst ég við, að það sé ekki illa til fallið, að hálfur nettóágóði áfengisverzlunar ríkisins verði látinn renna í sjóðinn, því ég ætla, að það sé ekki ofmælt, að mikill hluti af tekjum áfengisverzlunarinnar sé óbeinlínis frá sjávarútveginum. Það er því að miklu leyti komið undir kaupgetu sjómanna og þeirra, sem sjávarútveg reka, hversu mikið er keypt af áfengi hjá vínverzlun ríkisins, og fer það því nokkuð eftir árferði við sjávarsíðuna. Áfengið er dýrt, eins og menn vita, og ekki kaupandi fyrir aðra en þá, sem hafa talsverðar tekjur.

Í frv. er ekkert ákveðið um það, hversu miklar tekjur sjóðurinn skuli fá árlega; það fer vitanlega eftir útgjaldaþörf hans. En hún getur numið 1 millj. kr., ½ millj. eða 200—300 þús. kr. á ári. Um það er ekkert sagt, hvort tekjur sjóðsins þurfi að ná því hámarki, sem til er tekið í frv.

Ég geri ekki ráð fyrir miklum umr. um frv. á þessu stigi málsins, en þær verða að öllum líkindum frekar við 2. umr. Get ég því látið máli mínu lokið í bráðina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Kjötsala innanlands.

Á 65. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breytingar á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim (þmfrv., A. 459).

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) óyfirl.]: Herra forseti! Þegar fyrst var farið að undirbúa löggjöf um þetta efni, þá var það aðaltilgangurinn, í fyrsta lagi að skapa heilbrigt verð á sláturfjárafurðum innanlands, og í öðru lagi, sem er í nánu sambandi við það, að sjá um, að innlendir markaðir yrðu ekki ofhlaðnir. Þegar útlendu markaðirnir fóru að þrengjast og það fór að koma fyrir, að verðið varð þar óviðunandi lágt, þá var það bersýnilegt, að menn mundu, hver sem betur gæti, reyna að koma út afurðum sínum innanlands. Og með ótakmörkuðum flutningi til beztu markaðsstaðanna var bersýnilegt, að leitt gat til mikils glundroða. En þegar tekið var að semja og samþ. þessi l., þá snerist þetta að nokkru leyti í höndunum á löggjafanum, og l. eins og frá þeim var gengið báru ekki mikil merki þess, að það ætti að taka tillit til allra þeirra, sem kæmu til með að hafa sláturfjárafurðir til sölu, og þá náttúrlega ekki heldur þeirra, sem þurftu að nota þær afurðir. L. urðu því, eins og frá þeim var gengið, frekar bannlög en fyrirgreiðsla fyrir kjötsölu. Ég var aldrei í vafa um það, að hversu viturleg og alúðleg sem framkvæmd l. yrði, þá væru þau samt svo gölluð, að ekki yrði unnt að framkvæma þau á þann hátt, að þau ekki, beinlínis og óbeinlínis, sköðuðu fjölda þeirra manna, sem sláturfjárafurðir hafa til sölu.

Eftir að l. voru gengin í gildi, þá reyndi ég að kynna mér, hvernig reynsla bænda hefði orðið af þessari löggjöf, og hvar sem ég hefi hitt menn að máli úr bændastétt, þ. e. a. s. úr flokki þeirra bænda, sem hafa stundað sauðfjárrækt, þá hefi ég spurt þá einmitt um þetta. Og sökum þess að ég var með nokkuð róttækar brtt. við frv., þegar það var á ferðinni, og hafði líka rætt nokkuð um það opinberlega síðan, þá hefi ég fengið fjölda bréfa frá bændum um þetta efni. Og mér virðist af þeim röddum, sem þar hafa til mín borizt, mega vel finna, hvað það er, sem bændur hafa helzt út á kjötlögin að setja, en svo kemur undir úrskurð þeirra, sem um þetta mál fjalla, hvort þessar aðfinnslur eru á rökum byggðar, og ef svo reynist, hvort hægt er að bæta úr þeim ágöllum.

Það, sem menn setja langmest út á þessi l., er það, að sauðfjáreigendur séu að óþarflega miklu sviptir umráðaréttinum yfir þessari eign sinni. Það er vitað, og á það benti ég, þegar l. voru samþ., að fjöldi bænda hefir þá aðstöðu, að hann þarf ekki að kaupa neina vinnu til þess að koma þessum vörum sínum á markað,

og ekki heldur til þess að selja þær. Og það er svo um þá, sem hafa lítil bú, að afkoma þeirra er ákaflega mikið undir því komin, að þeim sé unnað þess að vera vinnumenn hjá sjálfum sér, þ. e. a. s., að þeir megi vinna allt, sem þeim er unnt, til að koma þessum afurðum í verð. Margir eru svo settir, að þeir geta annazt að öllu leyti slátrunina, verkun kjötsins og sölu þess. Og ef að öðru leyti eru settar reglur, sem koma í veg fyrir, að þetta frjálsræði geti orðið til að offylla markaðinum innanlands, sem tilraun var gerð til með því að skipta landinu niður í verðjöfnunarsvæði, þá er ómögulegt að færa nein rök fyrir því, að nein nauðsyn sé á að taka þetta frjálsræði og þennan bjargræðisveg af mönnum, sem eiga sláturfé.

Annað atriði, sem menn setja mjög mikið út á, er það, að ekki hafi tekizt að hafa nauðsynlegt skipulag á kjötsölunni innanlands, heldur hafi markaðurinn verið offylltur á sumum stöðum. Þeir, sem nú borga verðjöfnunargjaldið og fá það ekki endurgreitt, ætlast til, að eitthvað komi á móti þeirri greiðslu. Og það getur þá varla verið annað en það, að sá markaður, sem þeir geta notað og þeim er ætlaður samkv. l., verði ekki offylltur frá þeim stöðum, sem eiga að njóta verðjöfnunargjaldsins.

Ég undrast það ekki, þó að gallar yrðu á framkvæmd þessara l. í byrjun. Ég held, að ég hafi sagt frá því, þegar l. voru samþ., að ég hafi gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að þessum l. yrði að breyta, kannske oftar en einu sinni, af því að þau grípa svo mikið inn á framkvæmdasviðið. Það væri því óhugsandi annað en að reynslan yrði þar að leiða menn víða á réttar leiðir. Má því vel vera, að þetta atriði út af fyrir sig gæti orðið leiðrétt. En samt sem áður hefir mér ekki þótt öruggt, að í l. stæði aðeins **heimild** til að takmarka flutning milli verðjöfnunarsvæða, heldur að kjötverðlagsn. væri **skylt** að gera þetta eftir því, sem þörf krefur, svo að markaðurinn geti orðið hæfilega fylltur, en ekki offylltur.

Eins og hv. þdm. munu hafa séð, þá eru till. minar aðallega miðaðar við þetta tvennt: Að tryggja það fullkomlega, að markaðurinn verði hvergi offylltur, svo að menn brenni ekki inni með kjötbirgðir, sem þeir hafa greitt verðjöfnunargjald af, og verði svo að banna sumarslátrun, til að fá tíma til að svæla út gömlu kjöti. Í öðru lagi miða breyt. minar að því, að hver, sem getur séð sjálfur um að koma þessari vöru sinni í verð án milliliða, hann sé að því algerlega frjáls. — Ég er alveg sannfærður um, að breyt. í þessa átt geta ekki skaðað nokkurn mann.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fara lengra út í þetta. Læt ég þetta því nægja sem framsöguræðu, en geri ráð fyrir, að málið verði athugað í n., og þá að líkindum landbn. — Ég vil þó geta þess að lokum, að hæstv. forseti hefir tjáð mér, að hann hafi dregið að taka þetta mál á dagskrá vegna þess, að hann hafi verið beðinn að bíða eftir því, að hægt væri að afla ýmissa upplýsinga viðvíkjandi málinu, og var það ekki nema sjálfsagt. En hann hefir aftur á móti heitið því, að hann skyldi hraða ferð þess gegnum þingið, til þess að vinna upp þann drátt, sem hann taldi réttmætt að hafa á því að taka frv. á dagskrá.

Vil ég svo að lokum beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, sem ég geri ráð fyrir, að verði hv. landbn., að hún geri sitt til, að þetta loforð hæstv. forseta verði ekki að engu, heldur geri hún það, sem í hennar valdi stendur, til að greiða fyrir málinu, svo að það geti komizt áfram með sómasamlegum hraða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég mæltist til þess, að hæstv. forseti tæki þetta mál ekki á dagskrá fyrr en komnar væru til kjötverðlagsnefndar upplýsingar um það, hverjar kjötbirgðir væru til þann 1. nóv., og í gær komu til mín þær síðustu.

Mér skilst, að ein höfuðástæðan til þess, að hv. 6. þm. Reykv. finnur sig knúðan til að bera nú fram þetta frv., sé sú, að kjötsölulögin hafi ekki náð tilgangi sínum. Þetta telur hann sig hafa fengið að vita í bréfum frá bændum og einnig í munnlegu samtali við þá. Birtir hann svo í grg., eins og þessu til sönnunar, kafla úr 15 bréfum.

Á þessu ári hefi ég ferðazt um 12 sýslur landsins og talað við ca. fjórða hvern bónda, og ég hitti samtals 5 — fimm — bændur, sem voru óánægðir með kjötlögin. Þrír af þeim eru meðal þeirra, sem hafa ritað þessi 15 bréf, sem hv. 6. þm. Reykv. birtir hér í grg.

Nú er það að segja um fjögur fyrstu bréfin, úr Vallahreppi, Helgustaðahreppi, Jökuldalshreppi og Fellahreppi, að þessir fjórir hreppar skipta allir við sama verzlunarsvæði. Og þar hefir reynslan orðið sú, að bæði kaupmaðurinn á Eskifirði og kaupfélag Reyðarfjarðar, sem þeir verzla við, gáfu 6 aurum hærra fyrir hvert kg. af kjöti 1934 en 1933. Að öðru leyti þurfa tvö af þessum bréfum frekari upplýsinga við.

Bóndinn í Helgustaðahreppi segir, að hann hafi verið þvingaður til að leggja sláturfé inn hjá félagi, sem svo hafi hætt störfum, svo að hann hafi ekki getað fengið innieign sína útborgaða. Það kom fyrir tvo, sem höfðu slátrunarleyfi 1934, að þeir hættu verzlun þegar sláturtíð var úti. Annar var kaupmaður, hitt var kaupfélag. Tveir bændur áttu inni fyrir kjöt hjá kaupfélaginu, og það er annar þeirra, sem skrifar hv. 6. þm. Reykv. Það getur verið, að einhverjir af þeim, sem áttu inni hjá kaupmanninum, hafi skrifað líka, en þau bréf eru þó ekki birt. Ef til vill hafa þeir ekki skrifað, en þeir eru fleiri en tveir, sem eiga þar inni fyrir kjötinnlegg 1934. — En hvort þessi bóndi hefir verið neyddur til að verzla við kaupfélagið, eins og hann segir í bréfinu, það sést bezt á því, að fyrst og fremst var þarna auk kaupfélagsins kaupmaður, sem hafði líka slátrunarleyfi, og meira að segja lagði þessi bóndi inn sláturfé hjá honum, eftir því sem hann segir sjálfur, og þar að auki hafa nú um langan tíma aðeins þessir tveir aðilar slátrað á þessum stað, svo að þar hefði verið alveg eins ástatt að þessu leyti, hvort sem kjötlögin hefðu verið til eða ekki.

Bóndinn úr Fellahreppnum talar um, að

slátrunin þar hafi byrjað svo seint 1934, að öll sumarslátrun á Seyðisfirði hafi eyðilagzt. Í fyrra var slátrað á Seyðisfirði 40 kindum fram að aðalsláturtíð, og slátrunin byrjaði 1. sept. Í sumar var byrjað að slátra í ágústbyrjun, og var slátrað fram að aðalsláturtíð 76 kindum. Munurinn er 36 kindur. Það er allt tjónið, sem hlotizt hefir af því, hvað slátrun byrjaði seint á Seyðisfirði í fyrra.

Þá koma tvö bréf úr Skagafirði. Annar af þeim bændum, sem þar skrifa, er settur í skakkan hrepp, en það gerir nú ekkert til. Þessir bændur hafa um þrenna möguleika að velja í sinni verzlun. Í einum staðnum var verðið 20 aurum hærra 1934 en 1933, í öðrum staðnum var 1. flokkur 3 aurum hærri 1934 en 1933 og 2. flokkur 8 aurum hærri, og í þriðja staðnum munaði það 10 aurum, sem verðið var hærra 1934. Og svo kvarta þessir menn undan tjóni vegna kjötlaganna. Ég veit ekki, í hverjum af þessum þremur stöðum þessir menn hafa verzlað, og veit það þó. Sá, sem er í Hólahreppnum, hefir verið í 10 aura hækkuninni, og sá, sem er talinn í Hofshreppi, hefir verið í 20 aura hækkuninni að langmestu leyti. Þetta er tapið, sem þeir hafa orðið fyrir!

Þá eru tvö bréf úr Húnavatnssýslu. Þau eiga að vera frá bændum, en annað er nú reyndar frá kaupmanni, en það gerir nú minna til, — en þarna hefir líka orðið hækkun.

Svo eru tvö bréf af verzlunarsvæði Ísafjarðar. Þar er hækkunin úr 73 aurum í 85 aura. En það skal viðurkennt, að annar af þeim, sem þarna kvartar, nafni minn úr Grunnavíkurhreppi, hefir alveg sérstöðu að þessu leyti. Hann hefir nú í meira en 20 ár slátrað heima og verkað kjötið með því allra bezta móti, sem hægt er að verka það, og því fengið fyrir það hærra verð en aðrir hafa fengið. Því getur vel verið, að þessi bóndi hafi ekki orðið aðnjótandi þess hagnaðar, sem lögin annars veita, nema þá að litlu leyti.

Næst skrifar bóndi úr Reykhólahreppi og kvartar yfir lögunum. Þar var kjötverðið 63 aurar 1933, en 79,4 aurar 1934. Svo er bóndi úr Tálknafjarðarhreppi. Þar var verðið 60 aurar 1933, 82 aurar 1934. Þá er bréf úr Breiðavíkurhreppi. Þar var verðið 66 aurar 1933, en 80 aurar 1934, og annað bréf úr Stykkishólmshreppi. Þar hækkaði verðið úr 75 aurum og upp í 86 aura. Síðast er svo bréf úr Stafholtstungum. Það, sem sá bóndi hefir að kvarta yfir, er 13 aura hækkun.

Með þessu vil ég þá hafa sýnt fram á það, að kjötverðið hefir hækkað á hverjum einasta af þeim stöðum, sem þessi bréf eru komin frá, og svo kvarta bréfritararnir undan því, að kjötlögin hafi gert þeim skaða!

Í þessu sambandi er rétt að gera sér það ljóst, hvað það er, sem bændur landsins hafa fengið alls í hækkuðu verði vegna kjötlaganna. Í greinargerð frumv. er sagt berum orðum, að það sé **ekki neitt.** Þar er sagt, að tilgangur laganna hafi verið að hækka verðið til bænda, en þetta hefði alveg mistekizt. Þetta stendur í grg., bls. 3. Til þess að finna hið rétta í þessu efni, lagði ég vinnu í það í gær, eftir að kjötverðlagsnefndin hafði fengið að vita, hvaða verð kaupfélögin hefðu borgað til bænda á hvern flokk af kjöti árið 1933 til 1934. Ég hefi skýrslur frá 1934 um það, hversu mikið kjötmagn hefði verið hjá hverju einstöku félagi, og gekk út frá því, að kjötmagnið hefði verið það sama 1933 og 1934. Það er ekki víst, að svo hafi verið, en nær verður ekki komizt enn með samanburðinn.

Þegar ég var þannig búinn að sjá, hvað kaupfélögin hefðu borgað til bænda fyrir allt kjötið, þá deildi ég kjötþunganum í þá tölu. Þá kom það út, að meðalverð fyrsta flokks dilkakjöts var hjá kaupfélögunum 84,2 aurar hvert kg. Árið áður var það 74 aurar. Munurinn er því 10,2 aura hækkun. Nú er það við þennan reikning að athuga, að hér er ekki allt kjötið tekið með. Alls féllzt til 4446000 kg. af dilkakjöti. Þar af hafði ég gögn um mestallt það, sem til kaupfélaganna kom, eða tæpa ¾ af kjötmagninu. Hitt, eða ¼, var hjá kaupmönnum og einstaka félögum, sem mig vantaði gögn frá, og leyfði ég mér að ganga út frá, að þeir hefðu yfirleitt greitt sama verð fyrir kjötið og kaupfélögin. Og gangi ég út frá því, þá kemur það út, að fyrir verðhækkunina hafa bændur fengið árið 1934 513281 kr. meira en fyrir sama kjötmagn árið áður, og er þá bætt við verðhækkun á geldfjárkjötið, sem var nokkru meiri pr. kg. en á dilkakjötinu, enda komst það t. d. á Kópaskeri í 1,05 verð pr. kg.

Nú er enn tvennt við þetta að bæta. Frysta kjötið féll á erlendum markaði um 6½ eyri hvert kg., eða 103165 kr. allt það freðkjöt, sem út var flutt. Það kom ekki fram árið 1934, af því að þá voru kjötlögin komin og bættu það upp. Má því bæta þessari upphæð við hagnaðinn. Saltkjötið féll líka um 4 aura kg., eða samtals 37837 kr., og má auðvitað eins bæta því við. Það eru því samtals 654293 kr., sem bændur hafa hagnazt vegna kjötlaganna. Og svo segir hv. 6. þm. Reykv., að þeir hafi haft skaða af þeim og því beri að breyta lögunum. Hafa hv. þdm. heyrt meiri öfugmæli?

Nú veit ég, að hv. 6. þm. Reykv. segir: „Þarna er ríkisstyrkurinn meðtalinn.“ Það er rétt. Hann var 150000 kr. árið 1934, en 96700 kr. árið 1933. Munurinn er um 53 þús., og má draga hann frá hagnaðinum. Kemur það þá í ljós, að bændur hafa kjötlaganna vegna fengið 600 þús. kr. meira fyrir kjötið árið 1934 heldur en árið 1933, þegar engin kjötlög voru, og **þó nokkru meira** en fram kemur í tölunum, og það kemur til af því, að árið 1934 var takmarkið milli 1. og 2. flokks fært úr 13 kg. niður í 12 kg., svo að árið 1934 hefir farið í 1. flokk mikið kjötmagn, sem hefði ekki getað lent þar samkv. þeirri flokkun á kjöti, sem var árið 1933. Það skapar bændur mikla hækkun, sem kemur ekki fram í þessum útreikningi. — Með þessu verður hv. 6. þm. Reykv. að viðurkenna það, að sú ásökun í garð kjötlaganna, að þau hafi ekki megnað að færa bændum neina hækkun, er ekki rétt.

Þá segir hv. 6. þm. Reykv. og fleiri, að raunin hafi orðið sú, að við, sem höfum átt að sjá um framkvæmd kjötsölulaganna, höfum hreint

og beint ekkert gert til þess að vernda innlenda markaðinn, enda sé svo komið hvað hann snerti, að hreinn voði sé fyrir dyrum hér í Reykjavík, því að hingað sé kjötinu hrúgað „að vestan, austan og norðan", eins og það var orðað í einu bréfinu, sem til okkar var sent til að krefjast þess, að við stöðvuðum flutning á kjöti hingað í bæinn. Þessu er því að svara, að strax í haust voru gerðar ýtarlegar ráðstafanir í þessu efni. Þeim, er fengu sláturleyfi, var aðeins leyft að selja ákveðinn hluta af kjötmagni sláturfjárins innanlands, og miðað við það, að ekki kæmi meira á innanlandsmarkaðinn en seldist á honum í fyrra. Þetta hafði þau áhrif, að nú er um 50 smálestum minna af freðkjöti hér í Reykjavík en var á sama tíma í fyrra, og af birgðunum, sem nú eru hér, eru um 80 smál. verkaðar þannig, að það má flytja þær út, ef á þarf að halda. Þrátt fyrir þetta segja þessir góðu menn, að markaðurinn sé yfirfylltur. Vita þeir, hvað þeir eru að segja?

Þá talar hv. 6. þm. Reykv. mikið um það, að ekki hafi verið hægt að fá að byrja slátrun sauðfjár í haust eins snemma og í fyrra eða undanfarið, og hafa sjálfstæðismenn og fylgifiskar þeirra gengið svo langt að láta það í veðri vaka, að tjónið af þessu hafi verið svo mikið, að jafnvel þó að eitthvað fengist hærra fyrir kjötið vegna kjötsölulaganna, þá myndi það ekki gera betur en vega á móti því tjóni, sem kjötframleiðendur hefðu beðið vegna þessarar minnkuðu sumarslátrunar.

Til þess nú að sýna hv. þingmönnum, hvílíkum firrum hér er verið að halda fram, þá hefi ég aflað mér upplýsinga um það, hvenær slátrun sauðfjár hafi byrjað hér í Reykjavík nú síðastl. 5 ár. Árið 1931 byrjar hún 1. ágúst, 1932 28. júlí, 1933 15. júlí, 1934 1. ágúst og nú 1935 14. ágúst. Á þessu sést, að nú í ár byrjar slátrunin aðeins 13 dögum seinna en 1934, en þá voru sem kunnugt er engin kjötsölulög á þeim tíma. Þau komu fyrst til framkvæmda 1. sept. Undanfarin 5 ár hefir sumarslátrunin verið 3000—4000 fjár í ágúst hér í Reykjavík og nágrenni. Þá mun láta nærri, að slátrað hafi verið um 1000—1500 kindum minna í sumar en t. d. í fyrra, og er það reiknað hlutfallslega eftir dagafjölda. Það eru öll býsnin, og sjá því allir, hvílíkt tjón slíkt getur verið fyrir allt að 2000 bændur, sem hér eiga hlut að máli. Það er svona liðlega hálft lamb á bónda!

Ég tel mig nú hafa sýnt það með skýrum rökum, að verð það, sem bændur fengu fyrir kjöt sitt 1934, hafi verið allt að 600 þús. kr. hærra en þeir fengu 1933, sem kemur þannig út, að þeir hafa fengið um ½ millj. í peningum og losnað við 100 þús. kr. verðfall, sem óneitanlega hefði komið, ef kjötsölulögin hefðu ekki verið sett. Tapið vegna minni sumarsölu er alls ekki teljandi.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að frumv. hv. 6. þm. Reykv. Það virðist óneitanlega liggja alleinkennileg hugsun bak við þetta frv., ef það er þá nokkur hugsun, annað en fimbulfamb út í loftið og tilraun til að láta bera á sér. Það er t. d. gert ráð fyrir, að í kjötverðlagsnefndinni starfi menn til skiptis, útnefndir af bæjar- eða sveitarstjórn fjölmennasta bæjar- eða sveitarfélags á hverju kjötverðlagssvæði. Sér nú ekki hv. þm., hver fjarstæða þetta er, að láta t. d. mann koma austan af Seyðisfirði eða vestan af Ísafirði til þess að sækja fundi með nefndinni, sem haldnir eru vikulega að sumrinu seinni partinn og svo til daglega í september og október. Þá er og lagt til, að verðjöfnunargjaldið verði borgað „prósentvís" af nettóverði í stað þess, sem það nú er miðað við kg., og að það falli í gjalddaga um leið og slátrun fer fram, eins og nú er. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvernig t. d. kaupfélag Svalbarðseyrar hefði átt að greiða verðjöfnunargjaldið í fyrra „prósentvís" af verði, sem það er ekki búið að ákveða ennþá. Ræðumanni ætti að vera kunnugt, að ekki má selja nema ákveðinn hluta af freðkjötinu til Englands fyrir áramót, og eigi kjöt að vera til á innlenda markaðinum, skilur hv. 6. þm. Reykv. væntanlega, að það selst ekki allt í sláturtíð. Enginn getur því sagt, hvert kjötverðið verður til bænda, fyrr en kjötsölunni er lokið. En þó á að reikna verðjöfnunargjaldið af þessu óþekkta kjötverði að haustinu um leið og slátrun fer fram. Gott væri að fá upplýst, hvernig þetta ætti að gerast. Annars er það svo, að ég býst ekki við, að hv. þm. skilji hið minnsta í því, sem hann er að bera fram í frv.

Hv. flm. sagði hér á dögunum um sjálfan sig, að hann væri drenglyndur maður. Hvort svo er, skal ég engan dóm á leggja, en sé hann drenglyndur maður, þá vænti ég, að hann sjái villu síns vegar og taki frumv. aftur, og það helzt nú þegar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá sé ég ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frv. þessa nú, en mun hinsvegar svara hv. 2. þm. N.-M. nokkrum orðum, því að hann virtist svo ánægður með sjálfan sig, en það yrðu sár vonbrigði fyrir hann, ef enginn virti hann svars.

Hann sagði, að hann hefði ekki hitt nema eina 5 bændur á öllu landinu, sem ekki væru ánægðir með kjötsölulögin. Þetta er slík fjarstæða, að það er helzt engin ástæða til að mótmæla henni, því að ég veit það ofurvel, að hv. þm. er svo kunnugur bændum landsins, að hann hefir hitt mörgum sinnum fleiri bændur, sem telja kjötsölulögin einskis nýt og aðeins til hins verra.

Hann vildi halda því fram, að bændur hefðu fengið stórum hærra verð fyrir kjöt sitt vegna kjötsölulaganna. Það er vitanlega ekki lengi gert að þylja upp úr sér heil býsn af órökstuddum tölum, eins og hv. þm. gerði nú, og segja svo, að samkv. þeim sé þetta svona og svona. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort þessi umræddu lög hafi orðið þess valdandi, að kjötverðið hafi hækkað frá því, sem það annars hefði orðið, og svo hitt, hvort þær breyt., sem ég vil láta gera á lögunum, myndu hafa það í för með sér, að kjötið lækki frá því, sem það er nú. Það, sem ég held eindregið fram, er það, að kjötsölulögin hafi ekki orðið til þess að hækka kjötverðið frá því, sem það annars hefði orðið.

Eins og kunnugt er, þá hefir Sláturfélag Suðurlands og kaupfélag Borgfirðinga ráðið kjötverðinu hér sunnanlands og kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri, og yfirleitt á því verðlagssvæði. Allir þessir aðilar hafa hag af því að halda kjötverðinu sem hæstu, og myndu því eðlilega hafa sett það eins hátt og tækilegt hefði verið án þess að skaða markaðinn. Enda er það vitanlegt, að Sláturfélag Suðurlands hefir verið pínt af verðlagsnefnd til þess að borga kjötið hærra verði til meðlima sinna heldur en raunverulega var hægt að borga það, enda mun það svo, að orðið hafi að lækka verðið til bænda um 14 aura pr. kg. Þá er það og ennfremur vitanlegt, að bændur þeir, sem hv. 2. þm. N.-M. var að tala um fyrir austan og norðan, fengu bæði verðjöfnunargjaldið og ríkissjóðsstyrkinn til viðbótar við það verð, sem þeim var ákveðið í sláturtíðinni, svo það er margt, sem gripur hér inn í. Má því með sanni segja, að útreikningar hv. þm. hafi allir verið út í loftið.

Hann þykist vera ákaflega kunnugur, telur sig t. d. vita, hverjir skrifi mér, hverjir hafi tapað á kjötsölulögunum og hverjir eigi innieignir o. s. frv. o. s. frv. En um þetta er vitanlega mjög illt að vita, og vart nokkrum kleift. En hvað sem þessu líður, þá er það á allra vitorði, svo ekki verður um deilt, að þessi hv. þm. hefir gert sitt í kjötverðlagsnefndinni, að því er snertir framkvæmd kjötsölulaganna, bændum til tjóns og vandræða. Það er vitanlega ekki hægt að koma í veg fyrir það, að menn misnoti vald sitt, en það ráð er jafnan fyrir hendi að láta slíka menn leggja niður störf sín og skipa betri og hæfari menn í þeirra stað, og það er það, sem a. m. k. þarf að gera í þessu tilfelli. Það þarf tafarlaust að skipta um formann kjötverðlagsnefndar. — Ég vil í þessu sambandi geta þess, að það er ekki sama, hvernig kjötið er flokkað. Eins og kunnugt er, þá er mikil kjötsala til Siglufjarðar seinni part sumars. Áður var það svo, að bændurnir fóru sjálfir með kjöt sitt þangað og seldu það í 2 flokkum, en nú verður allt kjöt að flokkast í 6 flokka, og ræður þá af líkum, að lakasta kjötið verður ekki verðhátt. Þetta hefir að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir seljendurna, og ég fæ ekki annað séð en að það megi vera samkomulag á milli seljenda og neytenda, hvernig það kjöt er flokkað, sem selt er til neyzlu strax. Hitt er annað mál, þó að það kjöt sé strangt flokkað, sem ætlað er til útflutnings.

Af því að hv. þm. var að gorta af hinu háa verði, sem bændur hefðu fengið fyrir kjöt sitt í fyrra, þá ætla ég að lofa honum að heyra eina kjötinnleggsnótu, sem ég hefi hér í höndunum. Bóndinn lagði inn 12 kindur og fékk fyrir þær allar 138,41 kr. Kjötið var flokkað í 6 flokka. Fyrir hæsta flokkinn, nr. I, til útflutnings fryst, fékk hann 0,72 pr. kg. Fyrir II. flokk, sömuleiðis til útflutnings fryst, fékk hann 0,64. Það, sem salta þurfti af þessu kjöti, var flokkað í 3 flokka, b., c., d., og fékk bóndi 0,70 fyrir hvert kg. af b-flokki, 0,52 fyrir c, og 0,30 fyrir d. Fyrir það, sem svo lenti í 2. flokki til söltunar, fékk hann 0,20 pr. kg. Ég verð nú að segja það, að afskaplega hefir verðið verið lágt árið áður, ef í þessu verði hefir verið mikil hækkun frá því, sem það var þá. Á þetta verð var svo eftir uppbótin frá ríkinu og verðjöfnunargjaldið. — Hann var svo sem ekki á því, hv. þm., að viðurkenna það, að innanlandsmarkaðurinn væri yfirfylltur, og því til sönnunar sagði hann, að nú væri hér í Reykjavík 50 tonnum minna til af freðkjöti heldur en verið hefði á sama tíma í fyrra. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Veit hann kannske ekki, að hingað til Rvíkur er flutt freðkjöt utan af landi allt árið um kring? Svo það sannar ekkert, hvað hér er til á hverjum tíma; kjötið er bara geymt úti á landi til þess að flytjast hingað þegar hentast þykir. Þetta er því blekking hjá honum, sem ekki þýðir fyrir hann að reyna að afsaka, frekar en alla framkvæmd kjötsölulaganna.

Að sumarslátrunin hafi aðeins byrjað lítið eitt seinna í sumar en venjulega, er eins og annað hjá þessum hv. þm. staðlausir stafir. Slátrun byrjaði hér venjulega um miðjan júlí og var komin í fullan gang í júlílok eða fyrst í ágúst, og venjulega seldust 1000 skrokkar á hverjum laugardegi. Þó leyfir hv. þm. sér að segja, að það hafi aðeins munað 1000 skrokkum í allt, sem minna hafi selzt í sumar en undanfarið. Slík framkoma sem þessi er að slást við staðreyndir.

Þá var hann að tala um það, að það væri firra hjá mér að ætla að miða verðjöfnunargjaldið við prósentur, og spurði, hvernig ég ætlaði að fara að því að reikna það út, eins og t. d. í því tilfelli, þar sem ekki væri farið að ákveða kjötverðið ennþá frá í fyrra. Mér kemur ekkert við, þó að ekki sé búið að reikna kjötverðið út ennþá hjá sumum kaupfélögum frá því í fyrra. Hjá kaupfélögunum er hvort sem er allt ein grautargerð; þar eru bændur t. d. látnir fá það fyrir kjöt, sem þeir í raun og veru fá fyrir gærur, o. s. frv.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri. Allt, sem hv. þm. hefir sagt um það, að bændur hafi fengið svo og svo mikið hærra verð fyrir kjöt sitt vegna kjötsölulaganna, er, eins og ég hefi sýnt, út í loftið. En ég sé enga ástæðu fyrir hann að setja sig á móti því, að þær umbætur séu gerðar á lögunum, sem frv. mitt fer fram á, þó aldrei nema hann hafi matarást á þeim, því að ég get glatt hann með því, að enda þótt mestu gallarnir væru sniðnir af lögunum, þá er ekki loku skotið fyrir, að plúss kunni að vera fyrir hann áfram í verðlagsnefndinni, enda þótt mér þyki nokkuð vel skammtað, að rétta að honum 5 þús. kr. bitling fyrir hin lélegu störf hans þar.

Umr. frestað.

Á 71. og 72. fundi í Nd., 12. og 13. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það eru nú komnar hér fram breyt. við kjötsölulögin, sem samþ. voru á þinginu 1934. Þessar breyt. eru vitanlega fram

komnar af því, að það hefir verið allmikil óánægja út af þessum l., eða réttara sagt út af framkvæmd þeirra, enda er það svo með þessi l., að þau eru ekki annað en rammi, sem settur er utan um framkvæmd l., sem er mestur meginhluti þessarar löggjafar. Það var þess vegna séð fyrirfram, að ávinningur þessarar löggjafar mundi fara eftir því, hvernig tækist til um framkvæmd hennar. Og nú hefir, eins og ég hefi sagt, verið talsverð óánægja út af framkvæmd l., *eins og þau bréf, sem birt eru í grg.* frv., og þær raddir, sem um þetta hafa heyrzt að undanförnu víðsvegar að af landinu, bera með sér. En því er þannig varið með mig, að ég hefi ekki aðstöðu til þess að dæma um það, á hvað miklum rökum þessi óánægja er reist, nema á tiltölulega takmörkuðu svæði, og þá aðallega á verðlagssvæði Reykjavíkur, þar sem ég er kjötframleiðandi. Þar að auki hefi ég haft aðstöðu til þess að kynnast þessum málum, þar sem ég á sæti í stjórn Sláturfélags Suðurlands, sem fer með mjög mikinn hluta af því kjöti, sem framleitt er á verðlagssvæði Reykjavíkur. Það, sem ég því segi um þetta mál, er mest miðað við það og sagt út frá því, hvernig framkvæmd þessarar löggjafar hefir verkað gagnvart *Sláturfélagi Suðurlands og þeim mönnum, sem* fela því sölu á sinni kjötframleiðslu.

Ég sagði það í upphafi, að það hefðu komið fram breyt. við þessi l. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki talið ástæðu út frá minum kunnugleika á þessu máli að bera fram breyt. við þessa löggjöf í því formi, sem þær eru bornar fram hér. Eins og ég sagði áðan, þá veltur mest á um framkvæmd þessa máls. Ég hefði því, ef ég hefði komið fram með breyt. við þessa löggjöf, sem ég hefi mjög í hyggju í samráði við ýmsa menn, sem hér eiga hagsmuna að gæta, látið mér nægja að bera fram breyt. við stjórn kjötsölunefndarinnar. Á fyrri hluta þessa þings var líka gerð allveruleg breyt. um stjórn þessara mála, sem var í því fólgin, að láta framleiðendur eina *borga allan þann kostnað, sem leiddi af starfi* kjötverðlagsnefndar. Þangað til hafði þetta verið borgað í hlutfalli af ríkissjóði og af framleiðendum. Eðlileg afleiðing af því, að kostnaður n. var þannig færður yfir á framleiðendur að öllu leyti, hlaut að vera sú, að framleiðendur tækju í sínar hendur alla framkvæmd þessarar löggjafar, því það samrýmist tæplega við hagsmuni þeirra að greiða af sinni framleiðslu fyrir starf annara manna heldur en þeirra, sem þeir fela að fara með þessi mál fyrir sína hönd. Af þessari breyt., sem var gerð á öndverðu þessu þingi, og einnig af því, að ýmsir árekstrar í framkvæmd þessarar löggjafar hafa verið raktir til þess, að aðrir heldur en framleiðendur sjálfir hafa haft hér hönd í bagga, var það í *fyllsta máta eðlilegt, að framleiðendur færu* upp á sitt eindæmi með þessi mál. Sú breyt., sem ég því hefði viljað gera í þessu efni, var það, að fela framleiðendum alla framkvæmd þessarar löggjafar og að þeir skipuðu menn í kjötverðlagsnefnd. Ég hefi hugsað mér fyrirkomulag á þessu, sem mér virðist ætti að geta samrýmzt við það, að hér er um landslög að ræða, þ. e. a. s. lög, sem ekki taka til einstakra svæða á landinu, heldur landsins í heild. Ég hefi hugsað mér n. skipaða þannig, að 2 menn séu tilnefndir af S. Í. S., kaupfél. Borgfirðinga og Sláturfélag Suðurlands tilnefni sinn manninn hvort, en allsherjarfélagsskapur bænda, Búnaðarfélag Íslands, tilnefni formann n. Þessi skipun n. hygg ég, að geti fullkomlega samrýmzt við það, að hér er um löggjöf að ræða, sem tekur til landsins í heild, því það er vitað, að S. Í. S. hefir verzlað mikið með þessa vöru *um land allt, og að* Búnaðarfélagið er allsherjarfélagsskapur bænda og því sjálfkjörið til þess að skipa formann í slíka n., enda var það svo, þegar þessi löggjöf var samin, að n., sem til þess var skipuð, gerði till. um það, að Búnaðarfél. skipaði einn mann í þessa n., en því var svo breytt af ríkisstj. með samþykki meiri hl. þings. Það getur þess vegna vel komið til mála, að á síðara stigi þessa máls beri ég fram brtt. um skipun á stjórn kjötverðlagsnefndar sem yrði í aðalatriðunum eins og ég hefi nú lýst.

Þá vildi ég víkja nokkuð að hv. 2. þm. N.-M. Sú skýrsla, *sem hann gaf hér á dögunum um* framkvæmd þessarar löggjafar á verðlagssvæði Reykjavíkur, gefur mér tilefni til þess að fara nokkuð inn á það atriði. Það, sem sér í lagi hefir verið fundið að framkvæmd kjötsölul. hér á þessu verðlagssvæði, er það, að framleiðendur hafa ekki talið sig njóta þess öryggis á markaðnum, sem ætlazt hefði verið til með l., og í öðru lagi það, að framkvæmd þessarar löggjafar hafi verið þannig, að verðið, sem sett var, hafi með ráðstöfunum n. verið dregið mjög niður frá því, sem verið hefði, ef öðruvísi hefði verið að þessu búið. Þar á ég við, að á síðasta hausti var þeim, sem frystu kjöt til sölu á Reykjavíkurmarkaðinn, ekki leyft að leggja á nema að nokkru leyti fyrir kostnaði, sem leiddi af frystingu og geymslu kjötsins. Af *þeim ástæðum, að* menn álitu, að lítið öryggi væri á markaðinum, var mönnum gert að skyldu að greiða verðjöfnunargjald, *sem fyrst var ákveðið* 6 aurar af kg., en síðan fært upp í 10 aura. Þar á móti áttu þeir að fá þá vernd, að ekki yrði flutt svo mikið kjöt inn af öðrum verðlagssvæðum á þetta markaðssvæði, að það yrði til að draga niður kjötverð bænda eða til þess, að söfnuðust upp birgðir, er orsakað gæti verðfall á markaðssvæðinu. Og til þess, að kjötverðlagsn. hefði vald á því, að menn fengju þetta öryggi fyrir verðjöfnunargjaldið, voru þau ákvæði sett í 10. gr. l., að n. geti bannað innflutning á kjöti af öðrum verðlagssvæðum, svo að markaðurinn eyðilegðist ekki og bændur fengju not fyrir alla framleiðslu *sína.*

Nú hefir verðjöfnunargjaldið, bæði í fyrra og eins í haust, verið innheimt eins og l. standa til, en n. hefir hinsvegar ekki gripið í taumana til að sporna á móti innflutningi af öðrum verðlagssvæðum á þetta markaðssvæði hér. Ég veit, að þetta er rétt, því að ég hefi það eftir fulltrúum úr n., þeim sem eru fyrir Sláturfélag Suðurlands og kaupfél. Borgfirðinga. En eins og ég kem betur að síðar, þá hefir þetta atriði — að hvorki haustið 1934 né heldur í haust hefir verið gripið í taumana í þessu efni — leitt af

sér talsverðan ótta, sem kemur fram á tvennskonar hátt. Annarsvegar óttast menn það, að offylltur markaður verði til þess að skerða sumarmarkaðinn, sem er bezti markaður fyrir þá bændur, sem hafa ástæður til að geta notið hans. Og í öðru lagi, að safnist fyrir birgðir af kjöti, sem ekki er hægt að selja á því verði, sem ætlazt var til, eða samsvarar því verði, sem borgað er til bænda fyrir þetta kjöt. Þannig er um Sláturfélag Suðurlands, að þó að byrjað væri hálfum mánuði seinna að slátra í sumar en venja er til, þá var samt byrjað of snemma til þess að búið væri að selja dilkakjötið, sem fyrir var. Það endist fram í ágúst. Og þannig varð meginhluta ágústmánaðar að halda niðri slátruninni, af því að fyrir var dilkakjöt, sem varð að koma út fyrst. Auk þessa sat Sláturfélag Suðurlands uppi með óseldar 26 smálestir af sauðakjöti og kjöti af geldum ám, og verður nú að nota mikinn hluta af því til að vinna upp kjötið af rýrustu lömbum og gamalám, er borgað var út með 1 kr. kg., eða sama verði og bezta dilkakjöt, og búizt var við, að seldist góðu verði. Af þessum birgðum verður Sláturfélag Suðurlands fyrir allmiklum skaða.

Þetta hvorttveggja, minni sumarslátrun og meiri birgðir, er afleiðingin af því, að n. hefir ekki gætt þeirra fyrirmæla l. að flytja ekki af öðrum verðlagssvæðum inn á markaðinn meira en hann leyfði.

Hv. 2. þm. N.-M. gerði nokkra grein fyrir því, hvernig sumarslátruninni hefði verið háttað hér síðasta sumar og undanfarið, og henti gaman að því, að bændur kvarta yfir, að illa sé farið með þá með því að gera sumarslátrunina minni en áður. Hv. þm. kom með þær upplýsingar, að byrjað hafi verið að slátra 11. ág. Það er ekki rétt. Sláturfél. Suðurlands byrjaði ekki fyrr en 15. ágúst, en það skiptir ekki miklu máli. En þá röskun taldi hv. þm. smámuni, að 1934 byrjaði slátrunin 1. ág., 1933 15. júlí eða fyrr, en nú ekki fyrr en um miðjan ágúst, og hann gerðist meira að segja svo djarfur að henda gaman að umkvörtunum bænda í þessu máli. Hann sagði, að í ágústmánuði undanfarið hefði verið slátrað 2000—3000 fjár. Ég sé af ræðu, sem hann hefir birt í Tímanum, að hv. þm. hefir verið farinn að fá eftirþanka, því að þar færir hann töluna upp í 3000—4000. — Ég hefi aflað mér upplýsinga um slátrunina hjá Sláturfél. Suðurl. nú í sumar og eins sumarið 1934, og hjá fleiri aðilum, sem flutt hafa fé á sumarmarkaðinn í Reykjavík. Hjá Sláturfélagi Suðurlands var slátrað í ágúst 1934 3412 dilkum, m. ö. o. nokkru meira hjá þessu eina félagi en hv. 2. þm. N.-M. sagði, að öll slátrunin á Reykjavíkurmarkaðinn hefði verið þetta ár. Hjá kaupfél. Borgfirðinga fór slátrunin niður um hér um bil helming, og víðar hefir hún fallið nokkuð niður frá því í fyrra. Þetta sannar, að hv. 2. þm. N.-M. fer á hundavaði með þær upplýsingar, sem hann hefir gefið hér í deildinni um sumarslátrunina í Reykjavík. En til frekari skýringar á því, hvernig Sláturfélag Suðurlands varð fyrir barðinu á offylltum markaði með sumarslátrunina, vil ég benda á það, að sumarslátrunin 1934 var 6000 fjár, en 1935 2495, og hefir því minnkað um meira en helming. Hjá kaupfélagi Borgfirðinga hefir sumarslátrunin minnkað í svipuðu hlutfalli, og eins annarsstaðar.

Þessi rýrnun á sumarslátruninni er komin fram sem afleiðing af því, að kjötverðlagsn. gerði ekki skyldu sína, samkv. 10. gr. l., að fyrirbyggja það, að kjötmarkaðurinn offylltist, og tryggði því ekki það öryggi, sem bændur borguðu fyrir með verðjöfnunargjaldinu. Þessar tölur, sem ég hefi nefnt, eru teknar úr bók Sláturfél. Suðurlands, og þær sýna, að umkvartanir bænda eru fullkomlega á rökum reistar. Og það er síður en svo ástæða til fyrir mann, sem á að gæta réttar bænda og er starfsmaður í Búnaðarfél. Íslands, að vera að hafa í flimtingum umkvartanir bænda og draga dár að þeim á sjálfu Alþingi, eins og hann gerði hér í skýrslu sinni fyrir þremur dögum.

Þá gaf hv. 2. þm. N.-M. skýrslu um, hvernig háttað væri kjötbirgðum Reykjavíkur nú, og gerði samanburð við haustið 1934. Hvortveggja þessi samanburður er miðaður við kjötbirgðirnar fyrst í nóvember. Það, sem tekið er til samanburðar hér, er frosið dilkakjöt, sem hefir verið á markaðinum undanfarin haust. Þm. sagði, að þessar kjötbirgðir hefðu verið haustið 1934 254 smálestir. Þetta er alrangt. Þessar birgðir voru þá 180 smálestir, eða 74 smálestum minni en hv. 2. þm. N.-M. sagði í skýrslu sinni fyrir þrem dögum. Hann sagði, að birgðirnar núna væru 260 smálestir, en ég vil benda á, og það skiptir nokkru máli um kjötbirgðir Sláturfélags Suðurlands, að það hefir útibú á Akranesi og lætur slátra þar allmiklu fé, en þó nokkuð mismunandi, eftir því hvort bændum hentar betur að flytja kjötið á Akranes eða til Reykjavíkur. Ef ekki er hægt að selja kjötið á haustin, er það fryst á Akranesi. Á síðasta ári voru af kjöti á Akranesi fluttar 8 smálestir til Reykjavíkur, og ætti að réttu lagi að bæta þeim við þær 180 smálestir, sem voru kjötbirgðirnar í Reykjavík haustið 1934, og þá gerðu þær 188 smálestir. Nú er það svo, að haustslátrunin á Akranesi hefir verið meiri í ár en 1934, en þó ekki meiri en stundum hefir verið slátrað þar. Forstjóri Sláturfélagsins hefir gefið mér upp, að með hliðsjón af kjötsölunni á Akranesi undanfarið og þó tekið sé tillit til nokkurrar aukningar, þá verði fluttar til Reykjavíkur um 30 smálestir, og má þá bæta þeim við kjötbirgðirnar hér nú, sem eru 260 smálestir. Niðurstaðan verður þá sú, að kjötbirgðir Sláturfél. Suðurlands haustið 1934 voru 188 smálestir, en eru nú 290. Mismunurinn er því 102 smálestir. Birgðirnar eru nú 102 smálestum meiri en haustið 1934. Þetta eru því alveg öfug hlutföll við þær tölur, sem hv. 2. þm. N.-M. gaf upp um kjötbirgðir Reykjavíkur. Hann sagði, að þær væru nú nálega 50 smálestum minni en þá var, en í stað þess eru þær 102 smálestum meiri. Þetta er þó miðað við það, að aðrar skýrslur hans séu réttar, en þar sem svo hefir nú borið út af í skýrslu hv. þm. um kjötbirgðir Reykjavíkur, þá getur eins hallað annarsstaðar. En ég dæmi ekki um það að svo stöddu, en það væri ástæða til að rannsaka sérstaklega.

Ég hefi hér sýnt, að miðað við afleiðingarnar af of miklum kjötbirgðum á Reykjavíkurmarkaðinum 1934, sem kom fram í því hjá Sláturfél. Suðurlands að útiloka það frá meira en hálfri sumarslátruninni, og auk þess hefir það setið eftir með birgðir, sem mjög mikið verðfall verður á, þá er rétt að athuga, hvert viðhorfið verður nú, þegar birgðirnar á kjötmarkaðinum hafa mikið aukizt. Ég segi ekkert um það, hvernig úr þessu kann að rætast, en það sýnir okkur, að það hefir skort mikið á, að kjötverðlagsn. væri á verði um aðflutningana á Reykjavíkurmarkaðinn frekar nú í ár en haustið 1934.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi draga úr kjötbirgðum á Reykjavíkurmarkaðinum með því að segja, að hér hafi verið frystar hjá Sláturfél. Suðurlands 90 smálestir til útflutnings. Þetta er rangt, það eru 80 smálestir, og var þó hv. þm. vorkunnarlaust að fara hér rétt með, því að kjötverðlagsn., sem hann er formaður í, gefur sjálf upp 90 smálestir, sem frystar séu á enskan markað. Auðvitað fer nokkuð af kjöti á Norðurlandamarkað, en það eru samskonar aðferðir við það og á innlenda markaðinn, en hv. þm. átti við enska markaðinn, og það eru 80 en ekki 90 smálestir, sem frystar eru á hann.

Þá hélt hv. þm. því fram, að búið myndi að gera samning við verzlanir í Borgarnesi um útflutning á töluverðu kjötmagni. Satt er það, að samkv. fyrirmælum kjötverðlagsn. voru kaupmönnum í Borgarnesi sett þau skilyrði, að af því þeir keyptu utan Reykjavíkurmarkaðs mættu þeir ekki selja meira en 25% á erlendan markað. Nú hafa þeir selt nokkuð meira, svo að þeir verða að útvega sér kjöt annarsstaðar til að geta uppfyllt skilyrðin að selja á erlendan markað, svo að hlutföllin raskist ekki. — En það, sem skiptir máli í þessu efni, eru 10 eða 11 smálestir, 5 smálestir til kaupfél. Borgf. og annað eins til annara verzlana í Borgarnesi. En á móti þessu kemur kjöt af Akranesi, að vísu ekki dilkakjöt, en þetta rýrir ekki nema að litlu leyti það kjötmagn, sem finnst hér á Reykjavíkurmarkaðinum. Ég læt þetta koma hér fram, því að hv. 2. þm. N.-M. lagði svo mikla áherzlu á, að það gæti farið svo, að þetta kjöt yrði flutt út að talsverðu leyti og þar með minnkuðu birgðirnar á Reykjavíkurmarkaðinum. En ástæðan til þess, að Sláturfél. Suðurlands verkar nokkuð af kjöti til að hafa tilbúið á enskan markað, er sú, að forstjórar Sláturfél. hræðast, að félagið brenni inni með birgðir, sem ef til vill verður ekki hægt að selja innanlands, og vilja því hafa vaðið fyrir neðan sig. Sem sagt, það hefir verið flutt mikið inn á þetta markaðssvæði af kjöti af öðrum verðjöfnunarsvæðum, og út af því hefir óánægjan sprottið. Hv. 2. þm. N.-M. sagði frá, út af því, sem sagt er í grg. frv., að hann hefði farið um 12 sýslur á landinu og talað við 4. hvern bónda, og aðeins 5 einstaklingar hefðu látið í ljós óánægju yfir framkvæmdum kjötlaganna. Ég skaut því þá fram í, að hann hefði ekki lagt leið sína um nærsýslur Reykjavíkur, því að ég vissi af óánægjunni þar. Í því sambandi vil ég benda á það, sem sýnir almennan hug manna á því, að hollar framkvæmdir mættu takast í þessu efni: Á aðalfundi Sláturfél. Suðurlands síðasta vor, þar sem komnir voru saman fulltrúar úr fimm sýslum, mismunandi margir úr hverri sýslu, eftir því hver félagatala Sláturfél. er í hverri sýslu, var rætt um framkvæmd kjötsölulaganna. Þar voru samþ. nokkrar till., og skal ég hér sem svar við því, sem hv. 2. þm. N.-M. bar fram, lesa upp tvær till., sem samþ. voru einróma af fulltrúunum á þessum aðalfundi Sláturfél. Suðurlands. Önnur till. hljóðar svo:

„Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands skorar á kjötverðlagsnefnd að gera ráðstafanir til, að eigi verði framvegis flutt af öðrum verðlagssvæðum inn á 1. verðlagssvæði (Reykjavík og Hafnarfjörð) meira kjöt, til viðbótar því, sem þar er fyrir, en markaðurinn þolir".

Þessi till. var samþ. með shlj. atkv., og vitanlega fram komin vegna þess, að viðhorfið var þannig, að Reykjavíkurmarkaðurinn yrði offylltur. Enda hægt að rökstyðja það með ábyggilegum tölum. — Hin till. er svona:

„Um leið og aðalfundur Sláturfélags Suðurlands lýsir óánægju sinni yfir þeirri ráðstöfun kjötverðlagsnefndar, að heimila ekki verðhækkun á síðasta hausti á frystu kjöti, svo að nægði fyrir frysti- og geymslukostnaði, þá skorar fundurinn á nefndina að heimila slíka verðhækkun eftirleiðis".

Þessi till. er fram komin fyrir sá sök, að tilhögun kjötverðlagsnefndar hafði í för með sér mikinn skaða fyrir Slf. Sl. á öllu frystu kjöti, sem það hafði til sölu á Reykjavíkurmarkaði. Það liggja fyrir útreikningar frá forstjóra Slf. Sl. um, hvað mikið þurfi að leggja á frysta kjötið til þess að bera uppi allan kostnað við geymslu, vaxtatap og ýmislegt, sem því fylgir. Og sýnir reynslan, að til þess þarf að leggja 20 aura á kg. Þetta er byggt á fleiri ára athugunum. En kjötverðlagsnefndin framkvæmdi þetta þannig, að fram að miðjum okt. mátti ekkert leggja á það kjöt, sem þurfti að frysta á þeim tíma. M. ö. o. varð að selja það með skaða. Þá loksins leyfði n. að hækka verðið um 7 aura pr. kg., í stað 20 aura, sem hefði þurft að vera frá byrjun. Þetta verðlag stóð frá 15. okt. til 15. jan. Allan þennan tíma verður Slf. að selja með 13 aura tapi hvert kg. Svo 15. jan. leyfir kjötverðlagsnefndin að hækka álagninguna upp í 15 aura pr. kg., en frekari hækkun fékkst ekki, svo enn var 5 aura skaði á hverju kg. — Af þessari meðferð kjötverðlagsnefndar á frysta kjötinu hefir leitt, að Slf. og allur almenningur hefir liðið mikið tjón. Af þeim sökum hefir Slf. t. d. ekki getað bætt upp verð á gærum frá 1934, sem hefði þó átt að vera 24 aur. pr. kg. En allt það fé, um 28 þús. kr., varð að nota til þess að jafna hallann, sem félagið beið við meðferðina á frysta kjötinu. Ég hygg því, að allir sanngjarnir menn finni, að sú óánægja, sem kemur fram í fundarályktun Slf., sem ég hefi lesið hér upp, sé ekki ástæðulaus.

Ég skal einnig geta þess, að stjórnir Slf. Sl. og kaupfélags Borgfirðinga hafa gert itrekaðar tilraunir, með bréfum og sendinefndum, til þess að kjötverðið yrði ekki rýrt eða dregið niður. En ekkert af þessu hefir borið hinn minnsta árangur, en verið gersamlega að vettugi virt.

Fulltrúar K. B. og Slf. Sl. hafa staðið einir móti sameinaðri andstöðu hinna nefndarmannanna.

Ég get líka bent á, út af samanburði, sem oft hefir verið gerður á kjötverðinu 1934 og 1933, að lækkunin á kjötverðinu haustið 1933 á innlenda markaðinum var bein afleiðing af verðlagi á erlendum markaði haustið 1932. En eins og eðlilegt er koma verðbreytingar innanlands alltaf á eftir, og því fór kjötverðið alstaðar lægra haustið 1933 en áður.

Í áframhaldi af þessu skal ég benda á muninn á afkomu Slf. samkv. reikningum árin 1933 og 1934. Í árslok 1933 var ágóði af árskrekstrinum 83 þús. kr. Þar af er greitt til uppbótar á gærur 41 þús., eða 30 aurar pr. kg. Samt eru eftir 42 þús. kr. En 1934 er útkoman þannig, að til þess að sýna rekstrarágóðann ekki alveg í núlli, varð að offra allri gæruuppbótinni. Með því sýndu reikningarnir 17 þús. kr. ágóða. En þar við er að athuga, að síðan hefir komið verðfall á 26 smálesta birgðum, sem félagið sat með í haust. En við reikningslok í fyrra varð ekki séð fyrir, hvernig reiddi af um söluna, þó fyrirsjáanlegt væri, að eitthvað yrði eftir á markaðinum.

Í framhaldi af því, sem ég nú hefi sagt, er ljóst, hversu langt er frá því, að þeir, sem selja á Reykjavíkurmarkað, hafi notið þeirra hlunninda, sem þeir gátu notið, ef l. hefðu verið framkvæmd í samræmi við tilgang löggjafans. Í annan máta hefir þessi framkvæmd laganna komið mjög hart niður á fleiri deildum Slf., einkum Vestur-Skaftfellingum. Haustið 1933 slátruðu þeir hér í Reykjavík 4500 fjár. Nú eiga þeir, sem slátra í Vík, ekki annars úrkosti en salta kjötið til útflutnings, og þótti því fýsilegt að selja nokkuð af því á Reykjavíkurmarkað. En l. hafa verið framkvæmd á þann hátt, að V.-Skaftafellss. er utan verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur og þar með algerlega bægt frá markaði þar. Verðlagssvæðið tekur því ekki út yfir allt það svæði, sem byggir upp Slf. Sl.

Á síðastl. hausti, þegar stj. Slf. raðaði niður slátrun, þótti henni ekki tiltækilegt að leyfa Skaftfellingum slátrun hér. Var það byggt á þeirri reynslu, að ekki höfðu verið lagðar neinar hömlur á innflutning frá hinum verðlagssvæðunum, sem hlaut að bitna mest á stærsta aðilanum hér sunnanlands, sem er Slf. Sl. Var þess vegna gripið til þess neyðarúrræðis að bægja sínum eigin félagsmönnum frá. Enda hafði þá Slf. enn sterkari aðstöðu til að standa á móti innflutningi kjöts annarsstaðar frá, ef það var búið að ganga á móti óskum sinna eigin félaga.

Í haust var því ekki slátrað nema 100 kindum úr V.-Skaftafellssýslu hér í Reykjavík, í stað 4500 haustið 1934. (PZ: Hvað sannfærði aðalfund?). Það er ekki aðalfundur, heldur stj. félagsins, sem hefir með það að gera. En þetta sýnir aðeins, að þurft hefir að grípa til neyðarúrræða. Því þrátt fyrir þessar ráðstafanir eru nú meiri birgðir hér á markaðinum en í fyrra á sama tíma. Sýnir það, hve mikið er flutt að af öðrum verðlagssvæðum. Að vísu er kjötmagn tiltölulega meira en í fyrra miðað við sláturfjártölu, því féð var vænna. En einkum stafa þessar auknu birgðir af aðflutningi kjöts frá öðrum verðlagssvæðum.

Þá skal ég benda á, að það kom fyrir í sumar og var látið afskiptalaust, sem lítil brögð hafa verið að áður, að kjöt streymdi hingað á markaðinn norðan úr sýslum. Byggist þetta á því, að undanfarin ár hefir S. Í. S. alltaf keypt af Slf. kjöt til þeirra búða hér, sem það birgir að kjöti. En í sumar brá svo við, að S. Í. S. gekk frá öllum viðskiptum við Slf., en flutti kjötið að öðrum verðlagssvæðum, einkum af Norðurlandi. Þetta er nú svo, að auk þess, sem Sunnlendingar hafa orðið fyrir barðinu af því, hve slátrun hófst seint, og halla á óseldum birgðum, kemur svo til viðbótar, að nú er strax svo eða svo mikið flutt norðan úr landi inn á markaðinn. — Ég skal skjóta því hér inn í, af því ég sé hv. 4. landsk. hér í d., að ég hefi heyrt, að þegar þetta mál var til umr. í Ed., hafi þessi hv. þm. látið þau orð falla, að verðjöfnunargjaldið hefði verið sett til þess að kaupa Norðlendinga út af markaðinum. En kjötið hefir verið flutt hingað til sölu eins og áður, en við þurft að greiða verðjöfnunargjaldið. Vænti ég, að við höfum fengið góðan liðsmann þar sem er hv. 4. landsk., til þess að sækja rétta aðila til sakar um þessi mál. Þessu varð ég að skjóta inn í af því ég sá hv. 4. landsk.

Ég hefi þá tekið fram þau aðalatriði, sem ég finn ástæðu til að gera að umtalsefni nú að sinni um framkvæmd kjötsölulaganna, nema frekara tilefni gefist til. Vænti ég, að þau gefi nokkrar upplýsingar um, hvernig framkvæmd þeirra hefir farið úr hendi að því er snertir þetta verðlagssvæði, og að hv. þm. viðurkenni, að þær óánægjuraddir, sem þaðan hafa heyrzt, séu ekki ástæðulausar, en fullkomlega þess verðar, að þeim sé gaumur gefinn af kjötverðlagsnefnd og hún taki tillit til þeirra. Það er svo, að menn voru nokkurnveginn sammála um, að nauðsyn bæri til að setja l. um þetta efni. En jafnframt var ætlazt til, að l. yrðu framkvæmd samkv. anda þeirra og tilgangi. Og gagn l. og hve lengi þau standa, fer vitanlega eftir því, hver not verða af þeim til hagsbóta fyrir bændurna. Það verður að gæta þess við framkvæmd l., að hagsmunir bænda á þessu verðlagssvæði verði ekki fyrir borð bornir. Ég vil svo ítreka, að ég vænti, að kjötverðlagsnefnd líti sanngjarnlega á þessar umkvartanir, sem fram hafa komið, enda hefi ég heyrt frá fundi hennar í gær, að hún hafi þá gengið nokkuð til móts við kröfur bænda hér og heimilað að leggja meira á fyrir frysti- og geymslukostnaði en í fyrra. Ef það er rétt, má það skoðast sem viðurkenning frá n. um, að þær kröfur, sem gerðar voru í fyrra í þá átt, hafi verið á fullum rökum reistar. Af því ég ber umhyggju fyrir hag íslenzkra bænda og vil, að l. nái þeim tilgangi sínum að verða þeim til hagsbóta, vænti ég þess, að kjötverðlagsnefndin framkvæmi þau á þann hátt, að eigi þurfi að valda óánægju hér né annarsstaðar. En ég hefi jafnframt sýnt fram á, að þær umkvartanir, sem fram hafa komið frá sunnlenzkum bændum, hafa verið á rökum

reistar. Nú er vitanlegt, að kjötbirgðir eru miklu meiri en í fyrra, svo ekki er við góðu að búast nema einhver breyting verði. Við, sem berum umhyggju fyrir hag framleiðendanna, óttumst, að niðurstaðan verði sú, að verðið skerðist, einkum ef þrengt er að sumarmarkaðinum. Vænti ég því, að kjötverðlagsnefndin sjái um, að ekki verði flutt meira inn á Reykjavíkurmarkað en nú er orðið. Ég vildi nota tækifærið til að spyrja hv. 2. þm. N.-M., hvort verðlagsnefndin muni leyfa meiri innflutning af kjöti á verðlagssvæði Reykjavíkur en nú er orðið. Þar sem hv. þm. er formaður n., býst ég við, að hann viti nokkurnveginn um hug hennar í málinu. Hann svarar þá aðeins fyrir sig, ef hann telur sig ekki geta svarað fyrir hönd n. Ég þarf náttúrlega ekki að taka það fram, að fulltrúar kaupfél. Borgf. og Slf. Sl. hafa alltaf staðið á verði fyrir hagsmunum bændanna og að skapa þeim það öryggi, sem er tilgangur laganna. Hafa þeir háð þrotlausa baráttu til verndar hagsmunum bænda, en borið lægri hlut.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mjög umr. í þetta sinn. — Ég hefi áður látið ótvírætt í ljós skoðun mína á þeim vansmíðum, sem ég tel á l. Hafa allir þeir ágallar, sem ég taldi á þeim, komið fram. Er í þessu frv. verið að leitast við að laga mestu gallana á kjötsölunni, þó mér virðist sum ákvæðin í því vafasöm. Það var vitanlega mjög hastarlega að farið, þegar kostnaðurinn við framkvæmd laganna, sem í byrjun átti að greiðast úr ríkissjóði, er færður yfir á framleiðendurna sjálfa. Það er sérstaklega óviðeigandi vegna þess, að umráðarétturinn yfir framleiðslunni er raunverulega tekinn af framleiðendunum sjálfum, og þeir hafa engin tækifæri til að athuga þá kostnaðarreikninga. Satt að segja veit ég ekki, hvernig endurskoðun þeirra reikninga er farið. Vildi ég sérstaklega spyrjast fyrir um, hvort þm. eigi aðgang að skjölum og bókum n. og reikningum þeim, sem fyrir liggja. — En það, sem þó einkum kom mér til þess að segja nokkur orð nú við þessa umr., voru orð hv. 2. þm. N.-M., þegar hann var að rekja verðlag og gera samanburð á því 1933 og 1934. Sérstaklega stakk það mig, þegar hann minntist á verðhækkun, sem orðið hefði á þeim tíma. Þetta veit ég, að ekki er. Hitt er mér kunnugt um, þó ég geti ekki sannað það skjallega nú, að kaupfél. V.-Húnvetninga greiddi hærra verð fyrir kjötið 1933 en 1934. Fram til 1933 var aðferðin sú, að flokka frysta kjötið aðeins í 2 fl., I. og II. fl. Í I. fl. fór mestur hluti af kjötinu. I. fl. hefir svo verið skipt í 3 undirfl., og hefir S. Í. S. reiknað þá með nokkuð mismunandi verði, þó ekki sama mun og komið hefir fram í Englandi. En af kaupfélaginu hefir verið álitið vafasamt að gera upp til framleiðendanna með svo nákvæmri flokkun eftir þunga dilksskrokkanna. Það hefir því ekki verið gengið inn á þá leið fyrr en 1934. En þessir undirflokkar fyrsta flokks voru bæði 1933 og 1934 þannig, að 1. fl. var skipt niður eftir þunga, í s-flokk, er í voru skrokkar með 10—12 kg., í o-flokk, en þar voru skrokkarnir 12½—16½ kg., og í t-flokk, og í þeim undirflokki voru skrokkar, sem voru yfir 16½ kg.

Það liggur í augum uppi, að í s-flokk, sem lægst vigt var í, var langminnstur hlutinn af 1. fl., þar sem meðalvigt allra dilkaskrokka frá félaginu var 15 kg., en verð á þessum minnsta flokki 1. fl. er hæsta verðið, sem reiknað er frá Sambandinu. Nú varð sú breyt á 1934, að það var reiknað sérstaklega verð á hvern þessara undirflokka 1. fl., og s-flokkurinn, sem er sá minnsti af hærri verðflokkunum, verður þar með hæstu verði, og eftir því, sem hv. 2. þm. N.-M. sýndi mér, þá er það 2 aurum hærra verð heldur en var á öllum 1. fl. 1933. Ég sá ekki og veit ekki fyrir víst, hversu mikill þessi verðmunur var að undanförnu og 1934, en hitt veit ég, að hann var meiri en samsvari því, að hægt sé að borga 80 aura fyrir allan 1. flokk. Það skal ég sanna hv. þm., ef hann vill, með bókum félagsins að norðan. Það er því að mínu áliti ekki rétt að setja þessa skoðun fram hér, að það hafi verið um verðhækkun að ræða, og láta það skína út úr því, að það sé fyrir gerðir kjötlaganna eða framkvæmd þeirra. Ég verð ennfremur að segja það, að hvort verðið var hærra 1934 eða 1933, það er engin sönnun þess, hvernig tekizt hefir með þessa lagasetningu og framkvæmd þeirra, og þó að verðið hafi verið hærra 1933, þá er það engin sönnun þess, að lögin hafi spillt fyrir bændum, en það er ekki rétt að færa fram tölur í þessu sambandi, sem eru villandi og að mörgu leyti rangar.

Ég vildi ekki láta hjá líða að leiðrétta þetta, og ég er hálfvantrúaður á sumar þessar tölur hjá hv. þm., fyrst þessar reyndust ekki réttari en þetta, því að ekki fær hv. þm. mig til að trúa því, að hann fari hér með rétt mál, af því ég veit það gagnstæða.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég geri ráð fyrir, að ég beri síðar fram brtt. við frv., og þær kannske nokkuð gagngerðar, og gangi þar inn á fleiri atriði l., þar sem mér þykir ábótavant.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal fyrst snúa mér að hv. þm. V.-Húnv. Hann fullyrðir, að það sé ekki rétt hjá mér, að kjötverðið í Húnavatnssýslu hafi hækkað. Ég get ekki eftir öðru farið en því, sem kaupfélagsstjórinn sjálfur hefir gefið mér upp bréflega. Hvað snertir Hvammstanga, þá var munurinn á 1. fl. 2 aurar pr. kg., eins og hann er tjáður mér, og mismuninn á hinum flokkunum getur hann fengið að sjá hjá kjötverðlagsn. Á Blönduósi var meðalverðið til bænda 78,5 aurar árið 1933, en 88,4 aurar 1934. Svo má hann bítast um það við kaupfélagsstjórana, hvort þeir hafa skrökvað að mér eða ekki. En hinu gleymdi hann þó í þessu sambandi, að á erlenda markaðinum féll freðkjötið um 6½ eyri kg. Þess ætti hann a. m. k. að taka eitthvert tillit til, þá hann talar um árangur laganna.

Hv. 6. þm. Reykv. þarf ég ekki miklu að svara, því að það var ekki margt af því, sem hann sagði, þess eðlis, að þörf sé að svara því. Þó komu þrjú atriði fram hjá honum, sem eru þess eðlis, að þörf er að benda á þau og undirstrika.

Fyrst og fremst áleit hann, að ég gæti ekki mikið vitað um það, hvað bændum hefði verið borgað fyrir kjötið í fyrra. Ég veit ekki annað en það, sem kaupfélagsstjórarnir hafa sagt mér. Ef hann vill rengja t. d. Ólaf Pálsson á Ísafirði, framkvstj. Sláturfél. Vestfjarða, Ketil Guðmundsson kaupfélagsstjóra, Ísafirði, Vilhjálm Þór á Akureyri o. s. frv., þá hann um það. Ég lét hann þar sjálfráðan, en ég treysti þeim að vita þetta betur en hann, og hann má ekki misvirða það.

Annað atriðið, sem ég vildi minnast á, var það, á hverju hann byggir samanburð sinn á kjötverðinu 1933 og 1934. Honum þykir ekki nógu öruggt að treysta kaupfélagsstjórunum víðsvegar um land, sem hafa reikninga alla við hendina. Traustari grundvöll vildi hann fá. Og hver var hann? Jú, hann hafði hann í sínum höndum. Það var innleggsnóta frá einum bónda, sem hafði lagt inn hvorki meira né minna en tólf kindur. Og verðið, sem þar var tilfært, var áætlað verð. Það var slátrað í fyrra um 400000 fjár. Áætlað kjötverð af tólf kindum hafði hann, og á því vildi hann byggja kjötverðssamanburð yfir alla línuna. Það er auðvitað misjafnt, hvað menn vilja byggja á traustum grundvelli. Á þessum grundvelli hv. þm. hefði ég ekki treyst mér að byggja. En hann má mín vegna byggja á honum hversu háar skýjaborgir sem hann vill. En ég held, að þær standist ekki andvara, hvað þá ef nokkuð verulega blæs.

Þá kem ég að þriðja atriðinu. Og það var sú merkilega fullyrðing hans, að bændafélögin í landinu hefðu algerlega getað ráðið kjötverðinu, en ekki þurft á neinni lagahjálp að halda til þess.

Það var annað hljóð í strokknum hjá hv. þm. Borgf., þegar hann var að tala um verðlagið á kjötinu og að það 1933 var lægra á innanlandsmarkaðinum en á útflutta kjötinu. Það var annað hljóð í strokknum hjá kaupfélaginu á Akureyri 1933, þegar Skagfirðingar komu þangað með svo mikið kjöt, að verðið fór á einni svipstund niður í 70 aura. Það var annað hljóð í strokknum á Ísafirði áður en Sláturfélag Vestfjarða byrjaði starf sitt, því þá komst kjötið á stundum niður fyrir allar hellur. Þar gekk það jafnvel svo langt, að menn voru farnir að bjóða heila skrokkana fyrir sama sem ekki neitt, til þess að geta losnað einhvern veginn við þá, þegar allt var skipulagslaust og vitlaust með kjötsöluna. Ég held, að hver einasti maður, sem einhverntíma hefir átt við kjötsölu, hugsað um kjötsölu eða reynt að kynnast þeim málum, hljóti að hafa séð, að félögin voru þess ekki megnug að halda upp verðinu innanlands, svo að vissa væri fyrir, að það væri nokkuð að ráði hærra en á erlendum markaði, og það er ekki heldur eðlilegt, þegar við framleiðum helmingi meira en hægt er að selja erlendis. Þá er ekki eðlilegt með þeim samgöngutækjum, sem við höfum nú orðið, að það gæti tekizt á neinum einum stað að halda verðinu fyrir ofan erlenda verðið. Það er á móti því eðlilega lögmáli, sem ríkir, að það sé hægt. Það hefði kannske verið hægt að einhverju leyti, ef öll félögin hefðu haft samtök um það sín á milli, og auðvitað ekki til fulls, því að alltaf gátu kaupmennirnir boðið kjötið niður úr öllu valdi.

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. 6. þm. Reykv., því að það, sem hann sagði að öðru leyti um málið, voru fullyrðingar, sem hann reyndi ekki að rökstyðja neitt. Það var svipað og þegar börn eru spurð, hvers vegna þau geri þetta eða hitt, og þau svara: „Af því.“ Þannig voru rök hans.

Þá er það hv. þm. Borgf., sem hélt hér langa refsiræðu, og það sem hann sérstaklega vildi sanna, var það, að menn væru mjög svo óánægðir með kjötsölulögin. (**PO**: Framkvæmd þeirra). Það var nú allt annað, en hv. þm. sagði nú, að menn væru óánægðir með l. sjálf, og því til sönnunar reyndi hann svo að sýna fram á, að menn væru ekki ánægðir með framkvæmd einstakra gr. laganna, enda virtist hann sjálfur ekki vera neitt óánægður með l., heldur aðeins framkvæmdina í sumum greinum.

Það, sem hv. þm. hafði þá helzt út á framkvæmdina að setja, var það, að inn á verðlagssvæði Reykjavíkur — hann sagði nú verðjöfnunarsvæði, en það er ekki til, en meinti verðlagssvæði, — hefði verið flutt allt of mikið kjöt frá öðrum verðlagssvæðum. En það er nú svona, að ég held, að það sem helzt megi ásaka kjötverðlagsn. fyrir, sé það, að hún hafi leyft mönnum á 1. verðlagssvæði, þ. e. verðlagssvæði Reykjavíkur, að selja allt sitt kjöt á Reykjavíkurmarkaðinum. Og hvers vegna? Vegna þess, að Sláturfél. Suðurl., sem rekur kjötverzlunina að langmestu leyti á þessu svæði, hefir ekki getað, síðan kjötlögin voru sett, og reyndar ekki áður heldur, borgað bændum eins hátt verð fyrir kjötið og aðrir, sem hafa selt kjöt til Reykjavíkur. Í fyrra borgaði það til bænda 91 eða 92 aura kg. af 1. flokks kjöti, — það má deila um það, hvort það var 91 eða 92 aurar, en fyrir það kjöt, sem S. Í. S. seldi og hv. þm. Borgf. vill, að sé bannað á Reykjavíkurmarkaðinum, var bændum borgað á aðra krónu. Svo miklu minni er kostnaðurinn við að láta Sambandið selja en Sláturfélagið. Það, sem hv. þm. Borgf. getur því helzt álasað okkur fyrir, er, að við skulum hafa leyft Sláturfél. Suðurl. og kaupfél. Borgf. að selja allt sitt kjöt á Reykjavíkurmarkaðinum, þegar þau gátu ekki borgað hærra en þetta, annað 83 aura, hitt 92 aura fyrir það, að þau hlaða svona miklum kostnaði utan á kjötið. En fyrst hv. þm. vill fara út í umr. á þessum grundvelli, þá er honum það velkomið. Þetta er það, sem er rétt að álasa okkur fyrir, en við gerðum það af því, að við litum svo á, að þessi félög mundu smátt og smátt geta lækkað þennan tilkostnað sinn, svo að þau yrðu samkeppnisfær um sölu í bæjum við aðra aðila, er hér selja kjöt.

Það, sem hv. þm. Borgf. hefir fyrst og fremst að athuga við framkvæmd kjötsölulaganna, er það, að markaðurinn hafi verið offylltur. Í því sambandi las hann upp till., sem var samþ. á fundi Sláturfél., þar sem er skorað á okkur að sjá svo um, að ekki sé flutt kjöt til Rvíkur á meðan kjöt er til á 1. verðlagssvæði. Ég hefði nú heldur viljað, að hann hefði komið með hina till., sem var samþ. af sumum sömu mönnum,

en á öðrum fundi, þar sem skorað er á okkur að fyrirbyggja allan kjötinnflutning til Rvíkur af öðrum verðlagssvæðum, því að hún sýnir berlega, hvert stefnt er. En sannleikurinn er sá, hvað sem öllum aðflutningi líður, að þegar farið var að veita sláturleyfin, þá var hverjum manni leyft að selja ákveðinn hlut af kjötmagninu, eftir því sem búast mátti við, að selt yrði á innanlandsmarkaðinum, og var þá farið eftir því, að ekki kæmi meiri kjöt á markaðinn innanlands en mundi seljast, og var miðað við sölúna í fyrra. Þetta hefir líka orðið til þess, að nú er til á innanlandsmarkaðinum mun minna kjöt en í fyrra. Hm. þm. Borgf. hélt því fram, að ég hefði farið með rangar tölur um birgðirnar í Rvík, en það er náttúrlega ekki rétt hjá honum, nema að því leyti, að það upplýstist í gær, þegar hann fór að rannsaka þessi mál, að við fyrstu birgðaskýrslurnar, sem teknar voru í fyrra hjá Sláturfél., voru kjötbirgðir Hafnarfjarðar, 74 tonn, tvítaldar, því að þær voru bæði taldar fram í Hafnarfirði og eins af Helga Bergs hér. Þetta gerir því þann mun, að kjötbirgðirnar í fyrra hafa verið 74 tonnum minni en fyrst var talið. Þetta breytir þá því, að nú eru birgðirnar í Reykjavík nokkru meiri en í fyrra, eða um 20 tonnum. Þetta er rétt hjá honum, en öðru breytir þetta ekki. [Frh.].

Forseti (JörB): Ég vil beina þeirri ósk til hv. ræðumanns, að hann fresti framhaldi ræðu sinnar, þegar vel stendur á fyrir honum að hætta. Hann gerir svo vel og segir til þess, þegar hann vill hætta að þessu sinni. Umr. um þetta mál verður hvort sem er ekki lokið á þessum fundi. (PZ: Ég get hætt undir eins, ef hæstv. forseti vill). Það væri æskilegt. Er umr. þá frestað og málið tekið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 15. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson [frh.]: Herra forseti! Hv. sessunautur minn, þm. Borgf. hefði helzt þurft að vera hér við. En ég skal þá víkja nokkrum orðum að hv. 6. þm. Reykv., þó ég ætlaði ekki að segja meira við hann en ég gerði í fyrri hluta þessarar ræðu, fyrst hv. þm. Borgf. er ekki viðstaddur. Aðalbreytinguna, sem í frv. felst og hann virtist leggja mesta áherzluna á, minntist ég ekki á um daginn. En það eru þessi frjálsu viðskipti milli manna, — hv. þm. telur höfuðatriðið, að þau geti gengið óhindruð gegn því að verðjöfnunargjaldið sé greitt. Þessa afstöðu hans sem íhaldsmanns skil ég mjög vel. Það er svo, að kjötlögin skapa hærra verð á innlenda markaðinum heldur en erlendi markaðurinn getur veitt. A. m. k. er ætlazt til þess, þó komið geti fyrir svo snöggar breyt. á erlenda markaðinum í sláturtíðinni, að verðið verði þar hærra en útlit var fyrir að haustinu, þá verð var ákveðið. Ef þetta yrði nú samþ., að hver maður fengi að slátra hjá sjálfum sér og selja beint til neytendanna, eins og hv. þm. kallar það, þá yrði afleiðingin af því sú, að einstakir menn fengju hærra verð fyrir allt sitt kjöt — eða innanlandsverðið — meðan aðrir yrðu að selja sitt kjöt til sláturhúsanna og flytja það e. t. v. allt út. Maður gæti hugsað sér, að beinu viðskiptin yrðu það mikil, að hitt allt yrði að flytja út. Afleiðingin yrði sú, að það skapaðist afskaplega mikill munur á kjötverðinu milli framleiðenda. Að hv. 6. þm. Reykv. vilji vinna að þessu, skil ég mætavel, því það er grundvallarhugsun íhaldsmanna um allan heim að stuðla að því, að auðnum sé sem misjafnast skipt milli manna, að hann safnist sem mest á fárra manna hendur, og að því styður það að gefa nokkrum einstaklingum aðstöðu til þess að fá miklu hærra verð fyrir afurðir sínar heldur en aðrir geta fengið, meðan hitt styður að því að dreifa auðnum, að gera verðið sem jafnast hjá öllum framleiðendum. Mig furðar því ekkert á þessari afstöðu hv. þm. Ég vildi aðeins draga skýrt fram, hvað á bak við hana liggur, enda ætti það að vera öllum ljóst, sem þekkja stefnu íhaldsmanna um allan heim, hvert hér er stefnt með þessari breytingu.

Þá sný ég mér að hv. þm. Borgf., úr því hann er hér kominn. Ég benti á það í gær, að mér gengi verst að svara fyrir mig þegar á mig væri ráðizt fyrir það, að þau félög, sem allt sitt kjöt selja á Reykjavíkurmarkaðinum, skyldu fá að vera þar einráð, þegar þau hafa ekki aðstöðu til að borga bændum eins mikið verð eins og aðrir, sem á þeim markaði selja. Þessu til staðfestingar skal ég benda hv. þm. Borgf. á svar kaupfélags Norður-Þingeyinga viðvíkjandi því, hvaða verð hefir verið gefið þar fyrir kjöt til bænda árin 1933 og 1934. Það vill svo til, að S. Í. S. hefir selt tvær tegundir af kjöti þessa félags, sauðakjöt yfir 22½ kg. kroppurinn og kjöt af veturgömlu yfir 18 kg., að öllu leyti hér í Reykjavík sem fyrsta flokks kjöt. Og kaupfélagið hefir greitt bændum fyrir það kr. 1,05 pr. kg. Það er náttúrlega svona og svona að þurfa að bægja þessu kjöti af markaðinum hér, og koma þannig í veg fyrir, að bændurnir fái þetta tiltölulega góða verð, til þess að bændur hér í kring fái að njóta markaðarins, þó þeir fái ekki útborgað eins hátt verð fyrir það kjöt, sem þeir selja þar. Þó hefir þetta verið gert, af því litið hefir verið svo á, að það væri sparnaður fyrir þjóðarheildina á flutningskostnaði o. fl. Því hefir hvorki í fyrra eða núna verið flutt meira kjöt að á Reykjavíkurmarkaðinn heldur en talið hefir verið þurfa. En þegar ég kem út um land og bændur ráðast á mig fyrir þetta, þá er ég í hálfgerðum vandræðum að svara. En ég er ekki í neinum vandræðum að svara hv. þm. Borgf., þegar hann ræðst á mig fyrir að leyfa bændum úti um land að koma með dálitinn hluta af kjöti sínu á Rvíkurmarkaðinn til þess að hækka verðið á kjötinu, sem þeir verða að flytja út.

Annars skildist mér ræða hv. þm. Borgf. byggð á einum höfuðmisskilningi, nefnilega þeim, að sunnlenzkir bændur sköpuðu sér með verðjöfnunargjaldinu sérstakan einkarétt á innlenda markaðinum. Slíkan rétt fá þeir ekki frekar en aðrir, sem verðjöfnunargjald greiða, því hver, sem verðjöfnunargjaldið borgar, stendur vitanlega jafnt að vígi. Hann sagði, að Sunnlendingar borguðu verðjöfnunargjald, og svo væri kjöt flutt að norðan fullum fetum eftir sem áður.

Eins og Norðlendingar greiði ekki verðjöfnunargjald líka? Þeir borga nákvæmlega það sama af því kjöti, sem þeir selja á innl. markaði, og Sunnlendingar. Í þessu liggur misskilningurinn hjá hv. þm. Verðjöfnunargjaldið er greitt til þess að bæta upp verðið á útflutta kjötinu. Á svæði Slf. Suðurl. starfa 3 kaupfélög. Hugsum okkur, að innan þessara þriggja félaga væri það svo, að t. d. kaupfélagið Þór hætti að láta Sláturfélagið hafa kjötið, en léti Sambandið hafa það, og fengi til muna hærra verð en annars. Hver yrði afleiðingin? Hvernig færi þá um framtíð Sláturfél.? Þetta er nú ekki tekið út í loftið, því kaupfélagið Þór seldi í sumar ákveðnum verzlunum kaupmanna meira en því bar hlutfallslega við aðra bændur. Með því útvegaði það þeim hærra verð. En formaðurinn fyrir þessu kaupfélagi er í stjórn Sláturfélags Suðurlands. Skilur þm. Borgf. þá hættu, sem Slf. Suðurl. getur stafað af þessu?

Hv. þm. spurði mig að því, hvort ég hefði ekki neitt við það að athuga, að flutt væri á Rvíkurmarkaðinn kjöt af öðrum verðlagssvæðum. Hv. þm. spurði, hvort það ætti ekki að hætta því. Og hann spurði ennfremur: Er von á því, að kjötverðlagsnefndin leyfi meiri innflutning á Reykjavíkurmarkaðinn? Ég svara þessari spurningu með því að segja, að ég geri hiklaust ráð fyrir því. Það er svo um Rvíkurmarkaðinn, að þegar komið er fram í marz eða apríl, eru birgðir, sem nú eru í Rvík og ætlaðar til sölu þar, búnar, — og ætli nokkur heilvita maður láti sér detta í hug að láta kjötið liggja úti á landi, en láta Rvík ekki hafa það, heldur vera kjötlausa? Það dettur auðvitað engum í hug, og ég hygg, að hv. þm. Borgf. myndi ekki detta það í hug heldur, ef hann væri í kjötverðlagsnefnd. Hann getur sagt þetta hér, en þegar út í alvöruna er komið, þá dettur engum í hug að láta kjötið ekki fara þangað, sem hægt er að selja það. Ég veit satt að segja ekki, af hverju þessi spurning hans er fram sett. Það er annaðhvort af því, að hann veit ekki, hvað mikið er neytt af kjöti í Rvík, eða þá að það er sett fram af barnalegri fávizku og af því að hann hefir ekki hugsað málið.

Hv. þm. sagði, að sumarslátrunin hefði minnkað mikið. Það er rétt. En af hverju hefir hún minnkað? Ég hélt, að hv. þm. Borgf. væri það kunnugt, en ef honum er það ekki kunnugt, þá vil ég segja honum það. — Ég var á ferð í júlímánuði fyrir austan fjall, og frétti ég þá, að mynduð væru samtök um það í Rvík að hætta að neyta kjöts, og að sjálfstæðismenn gengjust fyrir þeim samtökum. Ég trúði þessu ekki þá. Síðan heyrði ég þetta sama, þegar komið var fram í ágústmánuð, og enn trúði ég því ekki. En 15. sept. kom svo hljóðandi auglýsing í Morgunblaðinu:

„Neytendafélagið heldur fund í Varðarhúsinu mánudaginn 16. þ. m., kl. 8½ e. h. Umræðuefni: Markmið og starfsreglur Neytendafélagsins. Málshefjandi hr. alþm. Jakob Möller.

Aðeins sjálfstæðismenn velkomnir.

Stjórnin."

Og rétt á eftir kom þessi:

„Neytendafélagið. Þeir, sem vilja kynna sér markmið Neytendafélagsins og gerast meðlimir þess, eru vinsamlega beðnir að snúa sér til skrifstofu félagsins, sem er fyrst um sinn á Vitastíg 10 og er opin kl. 5—7 e. m. Sími 2985.

Allir sjálfstæðismenn velkomnir.

Stjórnin."

Og strax þegar ég var búinn að lesa auglýsinguna, hringdi ég upp skrifstofuna og þóttist auðvitað vera góður og gegn sjálfstæðismaður. Ég spurði um, hvað þeir vildu ráðleggja mér. Og mér var sagt, að ég ætti ekki að kaupa kjöt frá Sláturfélaginu og ekki frá kaupfélagi Borgfirðinga, — ég ætti að kaupa það hjá Nordalsíshúsi, Tómasi Jónssyni og nokkrum fleiri, sem taldir voru upp. Og eftir þetta allt saman stendur hv. þm. Borgf. upp og segir, að sumarslátrunin hafi minnkað. Nú er það sannað, að sjálfstæðismenn hafa unnið að því, að svo varð. Og hvað skeður? Það, að Nordalsíshús slátrar miklu meira en í fyrra, en Sláturfél. minna. Og svona er þessu varið, hv. þm. Borgf. Ég trúi því ekki, að hv. þm. hafi vitað um ráðið, sem gefið var á skrifstofu neytendafél., eða ráðið, hver þau voru, en það er áreiðanlegt, að flokkurinn stóð á bak við félagið, og það auglýsti fyrir hann. Þær verzlanir, sem meðlimir neytendafél. áttu að kaupa kjöt frá, áttu svo að bola burt þeim félagsskap bændanna, sem hv. þm. er að barma sér yfir, að hafi slátrað minna en í fyrra. (**PO**: Var samband ísl. samvinnufélaga í neytendafélaginu?). Ég geri ráð fyrir, að fleiri en þeir, sem eru í neytendafélaginu, hafi fylgt þeim ráðleggingum, sem skrifstofan gaf.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að í fyrrahaust hefði kjötið ekki verið hækkað eins mikið og Sláturfél. Suðurl. hefði talið sig þurfa að fá fyrir það, til þess að fá upp í kostnað þann, sem geymsla kjötsins hefði haft í för með sér. Hann vitnaði í það, að í nóvember í fyrra hefði kjötið verið hækkað um 7 aura á kg., og svo ekki söguna meir þangað til í janúar, að það hefði verið hækkað um 8 aura á kg., og hann reiknaði svo út, að félagið hefði orðið fyrir 13 aura skaða frá nóv. og til jan. og svo 5 aura frá jan. og allt árið út. Hv. þm. sagðist hafa hlerað, að nú stæði til að hækka verðið meira. Það er nú svo með þennan hv. þm., að sumt hlerar hann hjá form. Sláturfél. Suðurl., en sumt veit hann með vissu. En Helgi Bergs var á báðum fundunum, er rætt var um verðbreyt., eins 15. nóv., og ég veit ekki betur en hann segði hv. 6. þm. Reykv., hvað gerðist á fundunum, svo að hv. þm. Borgf. hefir getað fengið að vita það hjá honum, og því ekki þurft að hlera neitt. En hv. þm. sagði þarna ekki nema hálfan sannleikann um verðhækkunina í fyrra. Það vantaði á hjá honum, að þegar kjötið var selt út úr frystingu, þá voru 1. og 2. flokkur seldir með sama verði. 2. flokkur var í kauptíðinni 10 aurum lægri en 1. fl., en í honum voru kroppar, sem voru 10—12 kg. Þessi flokkur fékk fullkomna hækkun strax, og síðari hluta vetrar meiri hækkun en álitið var, að þyrfti til þess að standa undir frystikostnaðinum. Það voru villandi tölur, sem hv. þm. fór með, að hækkunin hafi ekki verið meiri en 7 aurar. Hún var á nokkrum hlutanum

7 aurar, en öðrum 17 aurar. Þetta getur hv. þm. séð, ef hann les auglýsingu kjötverðlagsnefndar. 2. flokkur kjötsins fær meiri hækkun en kjötið í 1. flokki, eða fyrst 17 aura og svo 25 aura. Hv. þm. vildi halda því fram, að 15 aura hækkunin nú hefði verið gerð vegna áróðurs frá bændanna hálfu. Þetta er með öllu tilhæfulaust. Það, sem gerði það að verkum, að kjötið var hækkað núna meira en í fyrra, var það, að aðstaðan núna var allt önnur en í fyrra. Þegar kjötverðshækkunin var ákveðin 15. nóv. í fyrra, var allt freðkjöt, sem komið var til Englands, úselt, farinn um helmingur af saltkjötinu og sölutregða á hinu, og til sölu í landinu lágu um 300 tonn meira en bjartsýnustu menn gerðu sér vonir um, að þar mundu seljast. Að þessu athuguðu hugsa ég, að enginn sæmilega skynbær maður álasi nefndinni í fyrra, þó hún hækkaði verðið ekki meira. Nú var viðhorfið aftur það, að farið er til Englands allt það freðkjöt, er má flytja þangað fyrir áramót, og það selt góðu verði — eða a. m. k. betra en í fyrra. Megnið af saltkjötinu er líka farið úr landi og selt hærra verði en í fyrra, og innanlandsbirgðirnar eru um 100 tonn minni en í fyrra. Viðhorfið var því allt annað, og engin undur, þó verðið nú væri hækkað, en ekki í fyrra. Þetta sjá allir, sem ekki hafa sett upp svo dökk gleraugu, að þeir sjá ekkert nema vitleysuna í sínum eigin heila. Í þessu sambandi vil ég benda hv. þm. á það, að ef við í fyrra haust hefðum hækkað verðið meira en gert var, þá hefði það hlotið að hafa í för með sér minni sölu. Birgðirnar hefðu þá enzt lengur fram eftir sumrinu, og sumarslátrunin orðið minni. Og það hlýtur hv. þm. að skilja, að það er ekki hægt af sama manni að skammast yfir því, að verðið hafi verið sett of lágt og kjötið ekki selzt nægilega snemma. Þó hefir hv. þm. leyft sér þetta, og því virðist rétt að spyrja hann enn að því, hvort hann telji, að verð kjötsins hafi ekki áhrif á, hve ört það seljist. Ég býst við, að hann telji það, því það gera held ég allir; en geri hann það, sér hann sjálfur, þegar skapið stillist ofurlítið, hvílík fjarstæða er að skamma kjötverðlagsnefnd samtímis fyrir of litla hækkun og að kjötið hafi ekki selzt nægilega ört. Ég geri ráð fyrir því, að allir séu sammála um, að ástæðulaust sé að álasa þeim mönnum, sem ekki vildu hækka kjötið meira en gert var í fyrra. Hv. þm. verður að gera sér það ljóst og svara því afdráttarlaust, hvort hann álítur, að það seljist jafnt af kjöti, hvaða verð sem er á því. Og ef hann álítur, sem ég geri ráð fyrir, að það seljist ekki jafnmikið af kjöti, ef verðið er hækkað, þá verður hann að gera sér það ljóst, hvort birgðirnar hefðu ekki verið meiri og slátrun byrjað seinna, ef kjötið hefði verið hækkað meira en gert var haustið 1934. — Ég þarf ekki að svara hv. þm. miklu meira, því að mikið af því, sem hann sagði, voru hálfkveðnar vísur, og urðu, eins og hann sagði þær, að hálfgerðum ósannindum. Allt tal hans um birgðirnar stafar af því, að Hafnarfjarðarkjötið, sem var 74 tonn haustið 1934, var tvítalið, vegna þess að það var gefið upp hér hjá Helga Bergs og líka frá Hafnarfirði. Þessi villa komst inn í bækurnar, og úr því að hún var uppgötvuð, þá er ekki nema sjálfsagt, að hún sé leiðrétt.

Ég svaraði hv. þm. V.-Húnv. að nokkru leyti í gær. Hann hélt því fram, að verðið, sem ég gaf upp á freðkjötinu á Hvammstanga, hafi verið villandi. Ég tók nú með mér bréf um þetta, sem ég ætla að sýna honum. Þar er gefið upp meðaltal verðsins á 1. og 2. flokki, en undirflokkarnir eru ekki taldir sérstaklega. Það, að þetta félag, sem hér um ræðir, sýnir minnsta hækkun, var vegna þess, að það varð, vegna skipaferða til útlanda, og þess, hve frystirúm þess er lítið, að flytja mikið af freðkjötinu til geymslu annarsstaðar, og fékk því á það mikinn aukakostnað.

Ég vænti þess, að hv. þm. Borgf. sé nú búinn að sjá, að það hefði verið óforsvaranlegt, ef kjötverðlagsnefnd hefði hækkað kjötið meira en hún gerði haustið 1934. Og ég geri ráð fyrir því, að hann sé líka búinn að sjá, að ef kjötið hefði verið hækkað meira, þá hefði það leitt af sér, að birgðirnar hefðu verið miklu meiri og slátrun byrjað seinna. Ég veit, að hann er líka búinn að sjá, að innanlandsbirgðirnar eru nú 100 tonnum minni en um sama leyti í fyrra. Og ég veit, að hann er nú orðinn sannfærður um, að minnkunin á sumarslátruninni er að kenna félagi, sem hans eigin flokksmenn hafa stofnað. Ég vil mælast til þess, að hann beiti sér á móti þessu félagi, ef hann vill vel því félagi bænda, sem hann er í stjórn fyrir, og ég vil mælast til þess, að hann beiti sér af alefli innan síns flokks fyrir því, að þessi félagsskapur, sem stofnaður var til þess að skaða bændur, sé lagður niður, og í því trausti ætla ég ekki að segja meira.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Ég er hálft í hvoru feginn því að vera búinn að gleyma nokkru af því, sem hv. 2. þm. N.-M. hefir sagt, því það er nóg eftir af þeim graut samt. Ég veit líka varla, hvort það er rétt hjá mér að vera að leggja mig fram til þess að svara honum eftir útreið þá, sem hann hefir fengið, enda stóð lítið eftir af rökum hans eftir að þeir 2 hv. þm. voru búnir að tala, sem staðið hafa upp til þess að andmæla honum. Hann reyndist þar hafa farið með ósannindi í öllum atriðum, og var ekki hægt að sjá, hvort það var af ásetningi eða fávizku. Hann veður hér uppi með rangar tölur um hluti, sem skýrslur liggja fyrir um, af því að hann hirðir ekki um að afla sér upplýsinga um þá, eða þá að hann fer að hætti þeirra manna, sem eru í vandræðum með að styðja mál sitt, og gripa til ósanninda, þegar þeir hafa ekki öðru til að tjalda. Hann fór með ósannindi um það, hvað birgðirnar hefðu verið miklar, hvað sumarslátrunina snerti og hvað verðhækkunina snerti. Allir vita, að hann fer með ósannindi, þegar hann segir, að í 12 sýslum hafi aðeins 5 menn verið óánægðir með kjötsölulögin. Hv. þm. Borgf. sýndi fram á, að sá félagsskapur nær yfir 6 sýslur, sem hefir orðið á einu máli um að lýsa óánægju sinni yfir framkvæmd kjötsölulaganna. Það hefir líka verið svo, að það er varla hægt að finna einn einasta mann, sem er ánægður með kjötsölulögin.

Fjöldi manna er ekki einungis óánægður með þau, heldur segir beinlínis, að það sé búið með þeirra búskap, ef ekki fæst breyt. á þeim. Einn misskilningurinn hjá hv. þm. er sá, að hann er alltaf að mótmæla því, að kjötsölulögin séu afnumin, og mótmæla því, að það þurfi ekki að hafa kjötsölulög. En það er ekki verið að ræða um það hér, heldur hvort það þurfi ekki að breyta þeim. En þetta hefir aldrei komizt inn í höfuð hv. þm., og getur það staðið í sambandi við þau ummæli hans, er hann hafði áðan, er hann hneykslaðist á því, að menn skuli ekki sjá annað en það, sem komizt hefir í heila þeirra. Hann sér líklega eitthvað, sem er ekki í hans heila. Okkur hefir nú verið sagt það, að maðurinn þurfi að fá mynd hlutarins inn í heila sinn til þess að geta dæmt um hann.

Þegar ég mælti fyrst fyrir breyt., þá gekk ég framhjá einstökum atriðum í l. sjálfum, en það er rétt, að ég komi inn á þau atriði, sem gerð hafa verið að umtalsefni. — Það hefir verið talað réttilega um það, að gallar þeir, sem fram hafa komið á l., hafa verið framkvæmdarávirðing. Ég viðurkenni fyllilega, að þrátt fyrir það, þó l. séu meingölluð frá mínu sjónarmiði, þá hefði tilgangurinn náðst og l. orðið að liði, ef þau hefðu verið framkvæmd á skynsamlegan hátt. En af því að reynslan hefir sýnt, að ekki hafa fengizt menn, sem treystandi var til þess að framkvæma l. á skynsamlegan hátt, þá hafa þau orðið að verulegu tjóni, og vil ég láta breyta l. þannig, að hendur þessara manna séu sem mest bundnar. Brtt. þær, sem ég hefi borið fram, ganga í þá átt, að gera kjötverðlagsnefndinni að skyldu flest af því, sem ætlazt er til, að hún geri. En í l. er ákaflega mikið af heimildum. T. d. er í 3. gr. talað um, að kjötverðlagsn. megi úthluta sláturleyfunum, en með till. minni er það ráð tekið að nema þetta burt, svo að ekki sé hægt að misbeita sláturleyfunum. Og til þess að menn skilji það, að leyfunum hefir verið misbeitt, vil ég endurtaka það, sem segir í einu bréfi, sem prentað er í grg. frv. Manni þeim, er það skrifar, var leyfð heimaslátrun í fyrra haust, vegna staðhátta. En nú í haust var honum bannað að slátra heima hjá sér. Honum var skipað að láta slátra fé sínu hjá kaupfélagi, sem þó ekkert slátrunarhús hefir og slátrar því bara á gamla mátann.

Þessi framkvæmd kjötlaganna er vísvitandi rangsleitni. Það er gengið á hlut þessa manns og honum gert mikið fjárhagslegt tjón, og það ekki í öðrum tilgangi en þeim að pína hann til þess að vera viðskiptamaður þar, sem hann kærði sig ekki um, nefnilega hjá þessu kaupfélagi. Það er ekki hægt að neita því, að þessi l. gefa tilefni til þess, að miður grandvör kjötverðlagsnefnd fari svona að ráði sínu, þegar gera skal greinarmun á því, hverjum **skuli** heimila að slátra og hverjum **megi** heimila að slátra.

Það er líka annað atriði, sem ég vildi drepa á í sambandi við framkvæmd þessara l., þar sem einmitt er í l. sjálfum fólgið tilefni til þeirra mistaka, sem átt hafa sér stað hjá kjötverðlagsnefnd um framkvæmd þeirra. Það er viðkomandi verndun markaðsins. Í l. stendur í 10. gr.: „Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, sem hún telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær.“ Svo kemur þar á eftir: „Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða“ o. s. frv.

Þetta er hugsunarvilla, að ætla að greiða fyrir sölunni með því að loka sölustöðum, og ekkert annað en vitleysa. Svo síðar í gr. stendur, að n. **megi** takmarka flutning á milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á því, að markaðurinn ofhlaðist á einhverjum stað. Hvers vegna er n. ekki skipað að gera þetta? Annaðhvort af því, að þeir, sem sömdu lögin, hafa treyst n. of vel, eða að þeir hafa — sem ég vil þó ekki gizka á — ætlað n. að misbeita þessu. **En nefndin hefir misbeitt þessu.** Það var engum til gagns að offylla kjötmarkaðinn hér í Reykjavík. En það hefir leitt af sér stórtjón fyrir þá, sem búa í nágrenni Reykjavíkur og í nærliggjandi héruðum og hafa borgað verðjöfnunargjaldið til verndunar markaði sínum hér í Reykjavík, sér til handa.

Hv. 2. þm. N.-M. las hér upp heillanga runu um það, hvað verðið hefði hækkað á kjötinu. Þeir, sem sæti eiga hér í hv. d. og kunnugleika hafa á hverjum stað, hafa staðið upp og sagt það tilhæfulaus ósannindi. Bæði hefir hv. þm. Borgf. gert það, og hv. þm. V.-Húnv. að því er viðkemur verðlagssvæðinu kringum hann.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að það væri skoplegt, að ég skyldi lesa hér upp verð á kjöti af 12 kindum, eins og það hefði nokkurt gildi sem heildarútkoma. En þetta dæmi er um bónda, sem lagði inn kjöt sitt hjá einu kaupfélagi. Og þetta gildir fyrir allt það kjöt, sem lagt var inn hjá því kaupfélagi. Þetta dæmi sýndi, að bóndi þessi fékk til jafnaðar 58½ eyri pr. kg. fyrir sitt kjöt. Ég býst við, að útkoman hafi verið svipuð hjá öðrum. Vitanlega er þetta áætlað verð, og við það bætist svo uppbót, bæði verðjöfnunargjald og uppbót, sem fékkst með ríkissjóðsstyrknum.

Ég vil leggja áherzlu á það, að þótt allur söngur hv. 2. þm. N.-M. hefði verið réttur, þá miðaðist hann eingöngu við útflutt kjöt. En verðinu á útlenda markaðinum ráðum við ekki. Eða heldur sá hv. þm., að verðhækkunin á erlenda markaðinum nú stafi frá kjötlögunum? Hér kemur fram hjá þessum hv. þm. annaðhvort skilningsleysi eða að hér er um útúrsnúning að ræða. Það er innlenda verðið, sem átti að hafa vald yfir með kjötlögunum. Og mínar brtt. eru stílaðar til þess, að það geti gengið sem jafnast yfir.

Ég veit ekki, hvort það er þess vert að eyða orðum að því, sem þessi hv. þm. sagði um neytendafélagsskapinn hér í Reykjavík. Þeir hljóta að vera meiri málamenn en ég, sem hafa skilið hv. þm., þegar hann var að skýra frá samtalinu, sem hann gat um. Og hitt þykir mér jafnliklegt, að hann hafi sjálfur ekki skilið rétt manninn, sem hann þóttist hafa átt tal við, eða þá að hv. þm. blandi þar dálítið málum, þar sem hann er einn til frásagna. Það er

ekki í fyrsta sinn nú, að það er sagt, að sjálfstæðismenn hafi myndað samtök um að hætta að borða kjöt. Þessi rógur held ég að hafi komið fyrst í blöðum Framsfl., og var hann vitanlega tilraun til að rægja sjálfstæðismenn úti um sveitir landsins. Þessi rógur er nú löngu dautt mál.

Mér þykir ekkert undarlegt, þó að menn vilji hafa að viðskiptamönnum vini sína. Ég vil heldur skipta við vandaðan mann og góðan heldur en mann, sem ég ekkert þekki eða ég þekki að hinu gagnstæða. Nú er það svo, að flestir þeir góðu viðskiptamenn, sem ég þekki og hér koma til greina, eru í Sjálfstfl., af því að ég er kunnugastur mönnum í þeim flokki. Ég hefi fengið kjöt frá sjálfstæðismönnum og mun gera það, svo lengi sem ég hefi tök á. Ég vil hafa þessi viðskipti frjáls, því að ég er viss um, að það mundi stórum auka kjötneyzlu í landinu, ef neytendurnir fengju að velja sér sjálfir viðskiptamenn.

Það væri æskilegt, að hv. 2. þm. N.-M. og aðrir þeir, sem eru á móti minum brtt., reyndu að sanna, að möguleikum kjötlaganna til þeirrar gagnsemi, sem þeim er ætlað að koma til leiðar, verði að einhverju leyti raskað með því að samþ. þessar breyt. á l. Það er málið, sem hér er um að ræða, en ekki verðlag á erlendum markaði. Hv. 2. þm. N.-M. verður þá að sýna fram á, að það verði til hins lakara, að Búnaðarfélag Íslands og bæjarstjórn eða sveitarstjórn ráði menn í kjötverðlagsn., í staðinn fyrir iðnaðarmannasambandið og Alþýðusamband Íslands, og að það verði til þess, að innanlandsmarkaðurinn notist verr. Hann verður þá einnig að sýna, að frjáls verzlun, bein sala án millilíða, verði til þess, að markaðurinn innlendi notist verr en ella. Hv. þm. verður ennfremur að sýna fram á, að það spilli notkun innanlandsmarkaðarins, að menn borgi misjafnlega hátt verðjöfnunargjald, eftir því hvað þeim er skammtaður góður markaður. Ennfremur, ef þessi hv. þm. vill, að brtt. minar verði felldar, verður hann að sýna fram á, að það gæti orðið til tjóns á einn eða annan hátt, ef það væri lögfest, að þess skyldi fyllilega gætt, að markaðurinn fyrir kjötið væri hvergi á landinu offylltur. Það var hinn upphaflegi tilgangur þessarar lagasetningar að byggja fyrir, að kjötverðið á innlendum markaði félli við það, að markaðurinn á einstökum stöðum á landinu, og þá ekki sízt hér í Rvík, yrði ofhlaðinn. En slikt hefir þó átt sér stað. Það er sannað, að kjötmarkaðurinn hefir verið offylltur hér í Rvík nú, eftir það, að kjötsölulögin komu til framkvæmda.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði hér um skipun kjötverðlagsnefndar, vildi ég bæta því við, að mér er það ekkert sérstakt kappsmál, hvort bændur skipi einir alla stjórnarnefndarmennina, eða þetta verður haft eins og ég legg til að verði. En ef bændur ráða vali þeirra allra einir, þá eiga þeir auðvitað að bera kostnaðinn einir af þessari stjórnarnefnd. En ef ríkisstj. á mikla hlutdeild í tilnefningu þeirra, þá á að greiða kostnaðinn af ríkisfé.

Hv. þm. V.-Húnv. setti út á þá till. mína, að haga skuli verðuppbót á útflutt kjöt þannig, að útflytjendur fái jafnhátt nettóverð fyrir kjöt, sem er jafngott að uppruna, hvort sem það er kælt, fryst eða saltað. Sagði hann, að með því væri því kjöti, sem saltað er, gert of hátt undir höfði. En kjötverðlagsn. hefir framkvæmt kjötlögin þannig, að hún hefir leyft mönnum, sem enga aðstöðu hafa til að frysta kjöt sitt, að selja 25—30% af því innanlands. Hitt verða þeir að salta til útflutnings. En af því að saltkjötsverðið er miklu lægra en verðið á frysta kjötinu, þá er beiting l. á þennan hátt sama sem að taka af þeim slátrunar- og verzlunarleyfi. Þetta er stórkostleg misbeiting l., og fyrir slíkt verður að girða. Ef þeir, sem hafa jafngott kjöt og hinir, sem selja það fryst á erlendum markaði, eru neyddir til að selja það saltað á útlendum markaði, þá eiga þeir að fá þeim mun meiri uppbót, að þeir fái jafnhátt nettóverð fyrir sitt kjöt og hinir, sem selja það fryst. Það er fyrir mér aðalatriðið, að menn séu ekki beittir misrétti í þessum sökum.

Bjarni Ásgeirsson óyfirl.]: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. um þetta mál. En eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. N.-M. var þannig, að ég verð að gera nokkra aths. við það.

Það kom fram hjá hv. þm. Borgf. ásökun gagnvart kjötverðlagsn. um það, að hún hefði orðið þess valdandi, að kjötmarkaðurinn hér í Rvík hefði í fyrra verið fylltur, með því að hrúga á hann kjöti frá fjarliggjandi héruðum, svo að þeir, sem sá markaður var afhentur með kjötsölul., þeir sömu, sem guldu verðjöfnunargjald til að fá að halda þeim markaði, hefðu ekki getað notað hann til fulls. Þetta er rétt hjá hv. þm. og er sannanlegt með gögnum, sem fyrir liggja. Hann vildi einnig halda því fram, að eins og nú horfði við, væru allar líkur til, að sú saga mundi endurtaka sig á þessu ári. Hv. 2. þm. N.-M. neitaði því og sagði, að kjötbirgðirnar væru nú miklu minni í landinu en í fyrra á sama tíma. En eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja hjá hv. þm. Borgf., skilst mér, að þetta ætli að lenda í sama öngþveiti nú og á síðasta ári.

Það má um það deila, hvort þeir, sem búa næst markaðsstað, eigi kröfu á að halda honum fremur en aðrir, sem fjær búa. Því hefir verið haldið fram, — með að ég hygg nokkuð miklum rétti —, að þessum málum ætti að haga þannig, að þeir, sem næst byggju hverjum markaðsstað, ættu að sitja fyrir um að fá að nota þann markað, sem þar er; þeir, sem nálægt Rvík byggju, ættu að sitja fyrir markaðinum þar, þeir, sem nálægt Akureyri byggju, ættu að sitja fyrir markaðinum þar, þeir, sem nálægt Ísafirði byggju, ættu að sitja fyrir markaðinum þar o. s. frv. Þetta virðist, af hagkvæmum og landfræðilegum ástæðum, í alla staði hyggilegt. Hinsvegar, þegar svo er komið sem nú er um takmarkanir á erlenda markaðinum, þá er ekki hægt að vísa bændum í héruðum fjarliggjandi innlendu markaðsstöðunum út á gaddinn. Þess vegna var það ráð tekið að leggja nokkurt gjald í sjóð, sem þeir menn eru látnir greiða af verzlunarvöru sinni, sem nota innlenda markaðinn,

til þess að bæta hinum upp verðið fyrir sínar afurðir, sem þurfa að selja þær á erlendum markaði. Það mun almennt hafa verið gengið út frá því, að þetta gjald yrði til þess að tryggja þeim bændum innlenda markaðinn, sem næstir búa innlendu markaðsstöðunum, og að hann yrði ekki svo yfirfylltur, að þeir gætu ekki selt þar nema brot af því kjötmagni, sem þeir ættu að geta selt þar. Slíkt er að gefa bændum þessum steina fyrir brauð, að láta það viðgangast, að markaðurinn sé þannig af þeim tekinn. Þessa verður kjötverðlagsn. að gæta framvegis, svo að menn finni, að réttlæti sé í stjórn hennar á þessum málum. Annars fær hún ekki staðizt.

Þá var annað atriði, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að finna mætti að framkvæmd kjötlagaanna, það, að bændum á 1. sölusvæði, þ. e. á Suðurlandi og í Borgarfirði, sem verzluðu við Sláturfél. Suðurl. og kaupfélag Borgfirðinga, væri veittur of ríkur réttur á markaðinum hér í Rvík. Rök hans fyrir því voru þau, að kostnaður hjá þeim við að notfæra sér markaðinn væri meiri en hjá S. Í. S. Sagði hann, að Sláturfél. Suðurl. hefði greitt til bænda 90 aura fyrir hvert kg. af kjöti, kaupfél. Borgf. um 80 aura og S. Í. S. rúmlega eina kr. Mér virðist ályktun þessi ákaflega hæpin hjá hv. þm., og forsendurnar ennþá hæpnari. Ef kaupfél. Borgf. verður salan á Reykjavíkurmarkaðinum miklu dýrari en S. Í. S., þá finnst mér öfugt ályktað, að fyrir það eigi að svipta það kaupfélag að einhverju leyti þessum markaði og fá hann í hendur öðrum. Ástæðan til þess, að notkun Rvíkurmarkaðsins verður dýrari kaupfélagi Borgfirðinga heldur en S. Í. S., er sú, að það félag hefir ekki notið þeirra hlunninda frá því opinbera að fá styrk til frystihúsbyggingar. Þegar frystihúsastyrknum var úthlutað, þá var það framkvæmt þannig, að þeir, sem næstir voru höfuðstaðnum, voru látnir sitja á hakanum í því efni, af þeirri ástæðu, að þeir voru nærri Rvík og áttu þess vegna hægra með að nota markaðinn þar. Hinum, sem fjarri Rvík bjuggu, var veittur þessi styrkur, til þess að þeir gætu betur notað sér útlenda kjötmarkaðinn. Ef öðrum héruðum úti um land hefir með ríkisstyrk til frystiskipa og frystihúsabygginga verið veitt sú aðstoð, að geta með minni kostnaði notað Rvíkurmarkaðinn fyrir sitt kjöt, þá er það ákaflega hart, að þessi héruð eigi með stuðningi þessara forréttinda að fá að bola þeim út af Rvíkurmarkaðinum, sem orðið hafa útundan við veitingu styrksins til frystihúsbygginganna. Það væri líkt og ef t. d. foreldrar létu eitthvert barna sinna vera svo klæðlaust, að það biði heilsutjón vegna þess og rækju það svo út úr fjölskyldunni fyrir það, að það gæti ekki þrifizt.

Það verð, sem tekið hefir verið fram, að kaupfél. Borgf. hafi greitt fyrir kjötið, er nettóverðið, þegar búið er að draga frá allan kostnað við söluna, flutningskostnað, frystikostnað og annan sölukostnað, og sömuleiðis vexti af fé, sem í kjötbirgðunum liggur, frá því að tekið er við kjötinu og þangað til búið er að greiða það út. Ég vil nú spyrja hv. 2. þm. N.-M.: Er það svo, þegar hann ber saman verðið á kjötinu hjá þessu félagi og S. Í. S., að þá sé búið að draga þennan kostnað og frystikostnað heima í héraði frá verðinu, sem S. Í. S. borgar fyrir kjötið? Þessari spurningu vildi ég fá svarað.

Ég er að litlu eða engu leyti sammála frv. Tilefni þess, að ég stóð upp, var það sérstaklega að svara þeim árásum, sem hv. 2. þm. N.-M., formaður kjötverðlagsn., kom með á hendur þessara tveggja sölufélaga bænda á Suðurlandi og í Borgarfirði.

Gísli Guðmundsson: Þær umr., sem fram hafa farið hér í hv. d., hafa meira snúizt um framkvæmd kjötlaganna heldur en frv. það, sem fyrir liggur frá hv. 6. þm. Reykv. Ræða hv. flm. gaf líka nokkurt tilefni til þess. Að svo lítið er rætt um frv. sjálft, geri ég ráð fyrir, að stafi af því, að flestum hv. dm. komi ekki til hugar, að það eða neitt því líkt verði samþ. Enda væri næsta undarlegt, ef slíkt frv. fengi fylgi í hv. þd., því að samþ. þess, sem í þessu frv. felst, yrði til þess að gera núgildandi kjötlög gersamlega áhrifalaus, eða sama sem að nema þau úr gildi. Enda væri það í samræmi við stefnu hv. 6. þm. Reykv.

Eitt atriði hefir komið mjög fram við þessar umr. Það er sú svo að segja skipulagsbundna árás, sem virðist hafa verið hafin, aðallega nú upp á síðkastið, í blöðum og hér á hv. Alþ. gegn hagsmunum norðlenzkra bænda og jafnvel bænda á Austfjörðum og Vestfjörðum. Það hefir verið ráðizt á kjötverðlagsnefnd fyrir það, að hún hefir veitt þessum mönnum nokkurn aðgang að kjötmarkaðinum hér í Rvík. — Ég verð að segja það, að mér finnst nokkuð hart að þurfa að hlusta á svona ræður, þegar það er vitað, að það eru þessir bændur, sem hafa átt við mesta örðugleika að stríða í sambandi við kjötsöluna. Og það eru þeir, sem einnig nú eftir að l. voru sett hafa fengið lægst verð fyrir sitt kjöt. Og þrátt fyrir það, að þeir hafa fengið nokkurn aðgang að innanlandsmarkaðinum, þá hafa þeir þó eftir sem áður selt mest á erlenda markaðinum, og þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið og ríkisstyrkinn hefir útborgað verð fyrir kjöt, selt á erl. markaði, samt verið lægra en fyrir hitt, sem selt er innanlands. Mætti því fremur þykja ástæða til, að þessir menn kvörtuðu heldur en þeir, sem hafa fengið betri markaðinn og hærra verðið, þó að ég sé manna fúsastur til að viðurkenna, að ákjósanlegast væri, að allir bændur landsins, einnig þeir, sem skárri markaðinn hafa, gætu fengið hærra verð en þeir nú fá. Því hefir verið haldið hér fram, einkum af hv. þm. Borgf., að með kjötlögunum hafi verið ætlazt svo til, að bændur í nágrenni Rvíkur hefðu einkarétt til Rvíkurmarkaðsins, svo að ekki mætti flytja þangað kjöt af öðrum verðlagssvæðum, fyrr en séð væri, að þeir gætu selt allt kjöt sitt hér. Ég lít svo á, að þetta sé nokkuð hæpinn skilningur á kjötlögunum. Hv. 2. þm. N.-M., sem er form. kjötverðlagsn., hefir talað hér ýtarlega um þetta atriði, og tók hann það m. a. fram, sem allir ættu að vita, að það eru ekki aðeins bændur á Suðurlandi, sem greiða verðjöfnunargjald, heldur er það greitt af öllu því kjöti, sem selt er á innlendum markaði,

hvaðan sem það er. Ef t. d. bóndi á Norðureða Austurlandi fær að selja kjöt í Rvík, verður hann að greiða verðjöfnunargjald af því og kaupa sér þar með þann rétt, sem hv. þm. Borgf. segir, að sé verið að kaupa með verðjöfnunargjaldinu. Hitt er annað mál, að það er ekki óeðlilegt, að þeir, sem búa í nágrenni þessa markaðar, njóti hans mest, og það kemur í raun og veru af sjálfu sér, m. a. vegna þess, að þeir hafa betri aðstöðu til að selja kjötið, hægra með að koma því á markaðinn og betri sambönd og hafa komið upp hjá sér félagsskap til þess að geta hagnýtt sér sérstaklega þennan markað. En ég get samt ekki látið hjá líða að gera aths. við þetta, þegar því er haldið fram svona eindregið af hv. þm. Borgf., að þeir, sem búa í nágrenni Rvíkur, hafi einkarétt til að selja á Rvíkurmarkaðinum. (PZ: Þeir geta ekki fullnægt honum). Og þar við bætist svo það, sem hv. 2. þm. N.-M. tók fram nú, að þeir geta ekki nærri því fullnægt kjötþörf Rvíkur, og verður því óhjákvæmilegt að flytja þangað kjöt af öðrum verðlagssvæðum.

Það er vitanlegt, að það er hægt að fullyrða eitt og annað um það, hvort bændur landsins séu ánægðir eða óánægðir með þessi l. Ég ætla ekki að fara að vitna sérstaklega í þessu efni, en vil aðeins benda á það, að þær ályktanir, sem hv. þm. Borgf. las upp og höfðu verið gerðar á fundi hjá Sláturfél. Suðurl., segja ekkert um það, hvort menn séu ánægðir eða óánægðir með kjötlögin, heldur fjalla þær aðeins um framkvæmdina. Þess vegna getur það — án þess að ég ætli að fara að svara fyrir hv. 2. þm. N.-M., því að hann er fullkomlega fær um það — vel staðizt, sem hann sagði, að hann hefði aðeins hitt 5 bændur, sem hefðu verið óánægðir með kjötlögin. (PO: Og framkvæmdina). Nei, lögin. sagði hv. þm. Hitt mætti merkilegt heita, ef svo erfið og margháttuð framkvæmd, sem kjötverðlagsn. hefir með höndum, mætti ekki neinni óánægju frá nokkrum manni. Þegar þess er líka gætt, að n. verður, eins og skiljanlegt er, oft að gera upp á milli hagsmuna einstakra manna og kveða upp úrskurði í ýmsum atriðum, þá er það eins og venjulega, að þeir, sem telja, að þeir hafi ekki haft sitt mál fram, verða meira og minna óánægðir, þar til þeir geta áttað sig á því, að það er ekki hægt í slíkum málum að úrskurða svo, að öllum líki jafnvel. En þetta verða þeir að skilja, sem eru að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort menn séu ánægðir eða óánægðir með lögin.

Mér virðist, að kjötverðlagsn. hafi haft erfitt verk að vinna að ýmsu leyti, ekki síst vegna þess, hversu margar og andstæðar kröfur hafa borizt til hennar, og sumar þeirra að vísu nokkuð fráleitar. Það er t. d. fundið l. og framkvæmd þeirra til foráttu, að með þeim séu lögð óhæfilega mikil höft á frelsi manna. Það er eitt aðaláðeiluefnið, að það sé verið með l. að taka af bændum frelsi til að flytja afurðir sínar á markaðina og selja þær þar. Þetta hefir sérstaklega komið fram hjá sjálfstæðismönnum. En svo koma frá þessum sömu mönnum, sjálfstæðismönnum, jafnharðar ásakanir um það, að í framkvæmd l. séu ekki nógu mikil bönd lögð á bændur, þeir megi ekki hafa eins frjálsar hendur og þeir séu látnir hafa til að verzla með kjötið eins og þeir vilja. — Þá er um það talað, að banna þurfi alveg að flytja kjötið á milli verðjöfnunarsvæða, og það er ráðizt á nefndina fyrir að hafa ekki gert það. Þessar árásir koma frá þeim sömu mönnum, sem mest tala um, hve afarófrjálsir menn séu með flutning og sölu á kjötinu. Það er ekki von, að nefndin geti tekið mikið til greina ásakanir, sem stangast svona greinilega.

Menn hafa líka heyrt þær ásakanir í garð þeirra manna, sem framkvæmdu þessi l., að verðið hafi verið sett svo hátt, að það hafi stórspillt markaðinum fyrir bændum. Það hafa verið skrifaðar ótal greinar um það í Morgunbl. og Vísi, að kjötverðlagsn. hafi stórspillt fyrir framleiðendum með of háu verði. Hefði verðið verið sett lægra, þá hefði selzt miklu meira. En svo kemur hv. þm. Borgf. og heldur langa og harðorða ræðu um það, að n. hafi gert bændum stórtjón með því að setja verðið ekki nógu hátt, þegar leið á veturinn. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. meinar þetta, eða hann álítur, að ef verðið hefði verið ákveðið hærra, þá hefðu kjötbirgðirnar selzt betur! Nei, það þýðir ekki neitt fyrir þessa menn að halda þessu hvorutveggja fram, að bændur hafi verið stórskaðaðir bæði á of háu og of lágu verði. Þessar staðhæfingar stangast svo gersamlega.

Það hefir verið dregið lítið eitt inn í umr., hver vera mundi sölukostnaður á kjötinu hjá félögum sunnlenzkra bænda. Ég skal játa það, að ég hefi ekki sérstaklega kynnt mér það atriði, en það hefir þó komið fram hjá hv. 2. þm. N.-M., að kostnaðurinn væri hærri hjá Sláturfél. Suðurl. og kaupfél. Borgf. en hjá Sambandinu, og rökstuddi hann þetta með því, að þau hefðu ekki getað borgað eins hátt verð til bænda fyrir kjötið á innlenda markaðinum og Sambandið hefði getað borgað á það kjöt, sem það seldi. Ég skal ekki blanda mér sérstaklega inn í þetta, en vil aðeins beina því til hv. þm. Borgf., sem er í stjórn Sláturfél. Suðurl., að hann taki þessar upplýsingar til leiðbeiningar og geri hvað hann getur til að lækka þennan kostnað. Það væri ábyggilega mikill velgerningur við þá bændur, sem hann vill bera hér fyrir brjósti, ef hægt væri að draga úr þessum kostnaði nú þegar. (PO: Vill hv. þm., að ég taki þetta til athugunar nú þegar?). Ég geri ekki ráð fyrir, að hann geti breytt neinu í Sláturfél. á þessum fundi, en ef hann gæti nú bráðlega lækkað eitthvað þennan kostnað, þá væri það áreiðanlega mikilsvert.

Ég vil svo enda þessi fáu orð mín á því að minnast á eitt atriði, sem kom fram í framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann var að bera saman þá tíma, sem voru áður en þessi l. komu, og þá tíma, sem eru nú, og sagði, að áður en l. komu hefðu bændur sjálfir ráðið kjötverðinu á innlenda markaðinum, en síðan l. komu hefðu þeir ekki gert það. Ég vil nú spyrja hv. þm. Borgf., sem er í stjórn Sláturfél. Suðurl., hvort það sé satt, að sunnlenzkir bændur hafi ráðið kjötverðinu á innlenda markaðinum 1932 og 1933, hvort þeir hafi ráðið því, að það verð

var svo miklu lægra en það varð svo 1934 og verður væntanlega nú í haust. Og ef hann álítur, að þetta sé rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að bændur hafi ráðið verðinu, þá vil ég spyrja hann að því, af hverju þeir hafi ákveðið það svona lágt. Ég bíð svo átekta og þykir fróðlegt að heyra, hvernig hv. þm. Borgf. svarar þessu, vegna þess að það er talsvert mikið talað oft og tíðum bæði í Sjálfstfl. og öðrum flokki, sem hefir svipaða afstöðu til þessa máls, um þann mikla mun, að áður hafi bændur ráðið verðinu, en nú geri þeir það ekki. En nú gefur hv. þm. Borgf. væntanlega hinar réttu upplýsingar.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það var aðeins lítilsháttar aths., sem ég vildi gera við það, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði út af þeirri aths., sem ég gerði um þá skýrslu, sem hann gerði um verðsamanburð á kjöti 1933 og 1934. Ég hafði talið það víst, að þessi samanburður væri rangur, sérstaklega hvað snerti Hvammstanga.

Ég fékk að sjá bréf, sem hann studdist við, þegar hann staðhæfði, að þessi skýrsla sín væri rétt. Í þessu bréfi er skýrt frá því, að tekin hafi verið upp sú regla, að borga sérstaklega slátrunargjald, sem innleggjendur verða að borga úr sínum reikningi, en áður hefir slátrunarkostnaður verið færður inn sem hver annar kostnaður við kjötframleiðsluna. Það er því enginn vafi, að sú staðhæfing mín er rétt, að kjötverðið til framleiðenda hafi verið lægra 1934 en 1933. En eins og ég tók áður fram og vil endurtaka nú, þá er þetta frá mínu sjónarmiði engin ásökun á hendur n. um framkvæmd l., og því síður árás á l. sjálf, því að það er svo, að kjötlögin geta ekki fullnægt þeirri þörf framleiðenda að fá tilkostnaðarverð endurgreitt, og hækkun getur ekki heldur komið til greina, ef verð á útfluttu kjöti er mun lægra. Það er svo þýðingarmikið atriði í þessu efni, að framhjá því verður ekki gengið. Það, sem ég var að benda á í þessu efni, var því aðeins það, að upplýsingar þær, sem hv. þm. gaf, væru ekki réttar, og get ég vel viðurkennt, að hv. þm. væri vorkunn, þó að hann færi þar ekki með rétt mál, vegna þess að hann studdist við plagg, sem hann hafði ekki aðstöðu til að sjá á, að í raun og veru var ekki rétt skýrt þar frá, því að hann tók það fram, að verðmismunurinn hefði orðið 2 aurar, en það var ekki rétt, því að verðið til bænda varð lægra 1934 en 1933.

Ég hefði haft tilhneigingu til að gera nokkuð frekari aths. við þetta. M. a. vil ég benda á það, að árið 1933 var tekið meira af ærkjöti í þessu félagi en árið eftir, og verðlagið á því ærkjöti var óeðlilega hátt, vegna þess að bæði var léleg sala á því, sem út úr landinu var selt, og einnig var það, sem selt var hér á landi, selt með sáralágu verði. Varð því skaði á þessu kjöti, sem kom fram í lægra verði á dilkakjöti. Þá má geta þess, að verðið á ærkjöti varð 10 aurum lægra 1934 en árið áður, og þó að það sé ekki mikil upphæð á þessa vörutegund, þá miðar það þó allt á sömu hlið, til þess að draga úr verðinu til bænda árið 1934 miðað við árið 1933. Ég vil einnig taka það fram, að mér liggur við að ætla, þó að mér sé ekki vel kunnugt um það, að styrkurinn frá ríkissjóði hafi komið fram á árinu 1934, en ekki 1933.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það hefir nú komið fram, sem vænta mátti, að hv. 2. þm. N.-M. hefir ekki getað raskað þeim staðreyndum, sem ég bar fram, þ. e. a. s. svo langt sem þær náðu, sem sé hvernig farið hefði með sumarslátrunina í Rvík síðasta haust, og hvernig nú væri ástatt um heildarkjötbirgðirnar í Rvík, og að sumarslátrunin í sumar hefði, vegna of mikils aðflutnings til Rvíkur haustið 1934 og fram eftir vetri, gengið svo mikið saman hjá Sláturfél. Suðurl., að hún hefði minnkað um meira en helming, og í staðinn fyrir það, sem hv. þm. hélt fram, að heildarkjötmagn Rvíkur væri nú minna en í fyrra, þá er það mun meira. Þessum staðreyndum hefir hann ekki hnekkt, og þannig orðið að viðurkenna, að skýrsla hans var í þessum atriðum röng. Nú hefir hv. þm. V.-Húnv. bent honum á, að í öðru atriði er skýrsla hans líka röng, og því hefir hann ekki heldur getað hnekkt. Og ef fleiri hefðu lagt sömu rækt og við við að gagnrýna skýrslur hans, þá má búast við, að víðar hefði komið fram ónákvæmni og röng málameðferð en enn þá er orðið. Ég sýndi einnig fram á það í gær, að hann hefði farið ónákvæmlega með í fleiri atriðum, og kem ég kannske nánar inn á það síðar.

Hv. 2. þm. N.-M. felldi nokkuð harðan dóm yfir Sláturfél. Suðurl. og kaupfél. Borgf. út af því, að þau gætu ekki staðizt samkeppnina við S. Í. S., vegna þess að hjá þeim félli meiri kostnaður á vöruna í meðferðinni hér í Rvík. Er engu líkara en hv. þm. áliti sig vera nokkurskonar refsivald yfir þessum félögum í þeirri aðstöðu, sem hann hefir sem form. kjötverðlagsn. Gekk hv. þm. svo langt, að hann sagði blátt áfram, að það væri sín skoðun, að reka ætti þessi félög og alla, sem seldu á Rvíkurmarkaðinum, úr þeirri aðstöðu að fá að njóta markaðarins fyrir sínar afurðir, heldur yrðu þau að selja á erlendan markað eitthvað af sínu kjöti, en þeim mun meira ætti að flytja hingað til Rvíkur af kjöti úr fjarlægari verðlagssvæðum.

Það er gott að fá yfirlýsingu um afstöðu hv. þm. sem form. kjötverðlagsn. í þessa átt, því hún gefur vitanlega fullkomið tilefni til þess, að þetta mál sé tekið til alvarlegrar athugunar, en það hefir hingað til ekki verið beinlínis gert.

Þá vil ég fara nokkuð inn á það, hver sá grundvöllur var, sem hv. þm. lagði fyrir þessum verðmismun. Hv. þm. sagði, að S. Í. S. hefði selt sauðakjöt og af veturgömlu fé fyrir kaupfélagið á Kópaskeri, sem hefði getað borgað kr. 1.05 fyrir kg. af reyktu kjöti. Nú er það svo hjá Sláturfél. Suðurl., að það sauðakjöt, sem selt hefir verið reykt, hefir fullkomlega staðizt þennan samanburð, þegar eingöngu er tekið reykt kjöt. En samanburður hv. þm. var því ekki á réttum grundvelli byggður, þar sem hann ber þetta reykta kjöt saman við heildarverð kjötsins hjá Sláturfél. Suðurl. En svo dregur hv. þm. þá lævíslegu ályktun af þessum ranga

samanburði sínum, að þetta sé sönnun þess, að S. Í. S. borgi hærra verð fyrir kjötið í heild heldur en Sláturfél. Suðurl. og kaupfél. Borgf. Hv. þm. fer þarna vísvitandi með ranga skýrslu, því hann er tæplega svo skyni skroppinn, að hann sé sér þess ekki meðvitandi, að hann fari með villandi samanburð og rangsleitni í garð þessara félaga. — Ég þarf svo ekki að segja meira um þetta, því grundvöllurinn undir þessum samanburði hjá hv. þm. er hruninn niður, og eftir stendur illvilji hans gagnvart þessum félögum og þeim bændum, sem innan þeirra eru.

Þessu næst minntist hv. þm. á sumarslátrunina, og hann sagði, að þetta lægi ekki í því, að seinna var byrjað að slátra, heldur lægi það í því, að hér hafi verið komið upp neytendafélagi. Og sagðist hann hafa, til þess að sannprófa þennan félagsskap, blekkt á sér heimildir, hringt hann upp í síma og sagzt vera sjálfstæðismaður, til þess að komast að því, hvað fyrir þessum félagsskap vekti. Ég skal ekkert um þennan félagsskap segja; ég þekki hann ekki. En ég skaut því fram áðan, hvort S. Í. S. mundi vera í þessum félagsskap, því það er staðreynd, að það hætti viðskiptum við Sláturfél. Suðurl. með sumarslátrað kjöt á síðasta hausti. En orsökin til þess, að Sláturfél. seldi minna heldur en áður, var sú, að seinna var byrjað að slátra og framan af sumarslátruninni voru gamlar birgðir að flækjast fyrir.

Hv. þm. sagði, að viðskiptin hefðu gengið frá Sláturfél. Suðurl. yfir til kaupmannanna. Ég hefi leitað mér upplýsinga um þetta hjá kaupmönnum eins og Jóni Björnssyni frá Bæ, sem selt hefir mjög mikið af kjöti. Þar er salan miklu minni heldur en í fyrra, eða á móti 900, sem hann slátraði í fyrra, var það 500 nú. Hjá Friðriki í Miðkoti, sem einnig er stór aðili á þessu sviði, hefir salan einnig verið mun minni heldur en í fyrra. Hjá Garðari Gíslasyni er salan líka eitthvað minni, en ég hefi ekki enn fengið neinar tölur um það. — Nú vil ég bara spyrja: Hvert hafa þessir menn farið, sem hv. þm. segir, að hafi hlaupið frá Sláturfél. Suðurl. og kaupfél. Borgf., ef ekki til þessara kaupmanna? En niðurstaða mín sýnir, að þeir hafa ekki farið til þeirra. Það getur náttúrlega verið, að þeir hafi farið til S. Í. S., því það tók upp á því strax í sláturbyrjun að flytja kjöt inn á markaðinn. (PZ: Hefir hv. þm. spurzt fyrir hjá Nordalsíshúsi?). Nei, mér hefir nú láðst að leita þangað, en það er þá hið eina vígi, sem hv. þm. getur flúið til.

Þá kem ég að þriðja atriðinu hjá hv. þm., þar sem hann reyndi að bera í bætifláka fyrir sig og n. fyrir aðstöðuna til Rvíkurmarkaðsins og þess, að n. hefir orðið þess valdandi að draga niður það kjötverð, sem ákveðið var haustið 1934 til bænda, með því að leyfa ekki að leggja á fyrir frystikostnaði nema að nokkru leyti. Hv. þm. vildi halda því fram, að ég hefði farið með rangt mál, af því að við sölu á kjöti út úr íshúsunum sé sama verð sett á fyrsta og annars flokks kjöt, og á þann hátt hafi komið fram verðmismunur til góða þeim, sem seldu fryst kjöt. En með þeim útreikningi, sem ég hefi sýnt fram á, og hv. þm. hefir ekki reynt að hrekja, þá er raunverulegur frysti- og geymslukostnaður 20 aur. á kg., miðað við verð á fyrsta flokks kjöti, og hann er byggður á því, að selt sé með sama verði fyrsta og annars flokks kjöt. Þetta gerir því engan mismun, því þessu hefir þannig verið háttað að undanförnu, alveg eins og gert hefir verið nú. Hv. þm. hefir því farið hér með blekkingar, sem líklega eru líka vísvitandi fyrirfram, því hann hefir sennilega vitað, að þessi útreikningur var byggður á þannig lagaðri sölu, að selt væri með sama verði fyrsta og annars flokks kjöt.

Þá kem ég að 4. atriðinu hjá hv. þm., og það verð ég að segja, að þar náði flónska hans toppmálinu. Hann sagði sem sé, að ef ekki væri flutt inn á Reykjavíkurmarkaðinn, þá væri búið að selja allar birgðirnar í miðjum marz. (PZ: Marz til apríl). Nú segir hv. þm. í marz til apríl, en það er hvorttveggja jafnvitlaust, og skal ég reyna að sýna fram á það. Birgðirnar hjá Sláturfél. Suðurl. voru haustið 1934 í nóv. 188 tonn, þegar með eru talin þau 8 tonn, sem félagið flutti hingað úr íshúsi sínu á Akranesi. Þessar birgðir átti félagið til sölu fram undir ágústmánaðarlok. Nú situr félagið á sama tíma í haust í Rvík og Hafnarfirði með 260 tonn, og þar við má bæta 30 tonnum, sem vitað er um, að hingað verða flutt af birgðum félagsins á Akranesi, svo útkoman verður 290 tonn. Menn sjá muninn, — birgðirnar eru sem sagt 102 tonnum meiri nú en í fyrra, sem engar líkur eru til, að Sláturfél. geti selt á Rvíkurmarkaðinum með svipaðri aðstöðu og það hefir haft. Salan byggist því á því, að allir kjötkaupmenn kaupi af félaginu til viðbótar við þær birgðir, sem þeir hafa.

Ég ætla nú, að þetta nægi til þess að sýna, hvílíka fjarstæðu þessi hv. þm. leyfir sér að viðhafa í þessum málaflutningi, þegar hann segir, að þessar birgðir hér í Rvík verði uppseldar í miðjum marz. Fyrr má nú rota en dauðrota. Og ég verð að segja það, að maður, sem fer með slíka fjarstæðu eins og þetta, þarf ekki að tala um barnalega framkomu hjá öðrum í umr. um þetta mál.

Hv. þm. vék þá að því, sem ég hafði haldið fram, að í stað verðjöfnunargjaldsins ættu Sunnlendingar, sem selt hefðu hér á Rvíkurmarkaðinum, ríkt tilkall til þess markaðs. Hv. þm. sagði sem rétt var, að þeir, sem flyttu hingað á þennan markað, yrðu líka að borga þetta verðjöfnunargjald, en réttur þeirra manna, sem fyrir eru, er vitanlega þeim mun ríkari sem þeir eiga að réttu lagi að hafa rétt til þess að láta meira magn inn á þennan markað heldur en aðrir. En ég skal benda á annað atriði, sem tekur af allan vafa um það, að þeir, sem búa kringum Rvíkurmarkaðinn, eigi fyrst og fremst að njóta hans. Samkv. kjötl. er landinu, sem kunnugt er, skipt niður í verðlagssvæði. Og hvað eiga þessi verðlagssvæði að tákna? Vitanlega það, að það verðlagssvæði, sem liggur að markaðsstað, á að hafa forgöngu að því að hafa þar sölu fyrir sínar afurðir. Að þetta er tilgangur l., staðfestir 10. gr. l., sem gefur kjötverðlagsnefnd það vald, að ef of miklar birgðir ætla að flytjast inn á eitthvert sérstakt verð-

lagssvæði, þá eigi hún að taka í taumana. Það er þess vegna alveg í mótsögn við löggjöfina, þegar n. vanrækir þá skyldu sína að sporna á móti því, að markaðurinn hér yfirfyllist.

Út af því, sem hv. þm. var að tala um það, að n. hefði gert rétt í því að hækka ekki verð á frystu kjöti síðastl. haust, vil ég benda á það, að þar sem það er tilgangurinn með kjötl., að n. ákveði verð kjötsins á hverju hausti, þá leiðir það af sjálfu sér, að n. á ekki að gera ráðstafanir á sama staðnum, sem verða þess valdandi, að úr þessu verði sé dregið. N. er bundin við að gera engar slíkar ráðstafanir, sem verða til þess að draga úr því, að bændur geti notið þess af verðinu, sem umfram verður sölumeðferðarkostnað. En þetta hefir n. gert með því að leyfa ekki álagningu nema að nokkru leyti á fryst kjöt. Og það hefir leitt til þess að draga niður það verð, sem bændur gætu fengið með hliðsjón af útsöluverðinu. Við skulum athuga þetta nánar. Þeir menn, sem selja kjötið nýtt á haustin, fá uppborið það, sem hægt er að fá út úr söluverðinu eins og n. hefir ákveðið það, en þeir, sem verða að láta svo og svo mikið af kjöti í frystingu og geymslu til sölu fram eftir öllum vetri, og jafnvel fram á sumar, fá ekki hlutfallslega út úr þessu verði, af því að þeir fá ekki að leggja á fyrir þeim kostnaði, sem stafar af frystingunni og geymslunni. Slík ráðstöfun verður því til þess að gera upp á milli bænda. Þeir, sem selja á haustin, hafa betri aðstöðu heldur en þeir, sem verða að bíða með að selja kjöt sitt þangað til seint á veturna. Þetta er ranglátt, þar sem það er alveg gagnstætt þeirri meginhugsun, sem l. eru byggð á, sem sé þeirri, að gera verðið sem jafnast, eftir því sem hægt er, miðað við markaðsskilyrðin á þeim stað, sem kjötið er selt á.

Ég ætla, að ég hafi í gær og með því, sem ég hefi sagt til viðbótar nú, gert grein fyrir því, að óánægja, sem risin er upp af framkvæmd þessara l., sé á rökum reist. N. hefir beinlínis gengið á móti anda l. með því að vernda ekki markaðinn og með því að leggja ekki á fyrir geymslu- og frystikostnaði. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó bændur, sem þessi l. voru sett fyrir, láti til sín heyra og óánægjuraddir komi fram, þegar l. eru þannig framkvæmd gagnstætt tilgangi þeirra. Og það verða þeir að láta sér skiljast, sem í n. verða áfram. Því hefir verið hreyft hér að breyta skipun þessarar n., en ég hefi litla trú á því, að þetta öryggi fáist nema því aðeins, að bændur sjálfir fái að skipa menn í þessa nefnd.

Að því leyti sem hv. þm. N.-Þ. var að tala um það, að fram kæmi í þessum umr. skipulagsbundin árás á Norðlendinga, og þá e. t. v. Vestfirðinga líka, þá vil ég benda honum á, að þetta skipulag er lagt með löggjöfinni sjálfri, sem felur það í sér, að þau svæði, sem að markaðsstöðunum liggja, eigi að hafa forgangsrétt að markaðinum. Það getur náttúrlega verið, að þeir, sem hér eru á þessu verðlagssvæði, geti ekki fullnægt markaðinum, en n. á þá að hafa hliðsjón af því, þegar hún ákveður innflutning annarsstaðar frá, að hann sé eingöngu til viðbótar við það, sem á vantar.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að mótsögn væri í því, þegar raddir kæmu fram um það, að verðið væri of hátt sett, og svo kæmu aftur óánægjuraddir, þegar dregið hefði verið úr verðinu. Þetta getur ekki náð til mín. Ég hefi aldrei látið orð um það falla, að verðið hafi verið of hátt sett, heldur hefi ég mótmælt því, að n. gerði þær ráðstafanir, sem yrðu til þess að draga úr því verði, sem n. hefði sett.

Hv. þm. N.-Þ. var þá með einhverjar fyrirspurnir til mín út af ummælum, sem fallið hefðu hjá hv. 6. þm. Reykv. Hv. þm. hefir kannske beint þeim fyrirspurnum til mín af því hv. 6. þm. Reykv. var þá ekki hér í d. Hann var nú búinn að tæma svo þingsalinn undir sinni ræðu, að ekki voru nema 2 þm. inni auk forseta, og ég held jafnvel, að skrifararnir hafi líka verið horfnir. En ég verð að biðja hv. þm. N.-Þ. að snúa sér til hv. 6. þm. Reykv. sjálfs, sem nú er hér inni, með fyrirspurnir sínar.

Ég held þá, að ekki hafi fleira verið í ræðu hv. 2. þm. N.-M., sem gefur mér ástæðu til þess að taka fleira fram. Ég þykist hafa gert því nokkur skil, sem hann sagði. En ég vil bara segja það, að þessar umr. hafa leitt það í ljós, að við, sem stöndum að kaupfél. Borgf. og Sláturfél. Suðurl., megum fullkomlega vera á verði um okkar hagsmuni, ef sá andi er ríkjandi í meiri hl. kjötverðlagsn., sem fram hefir komið hjá hv. 2. þm. N.-M. í umr. um þetta mál, sem flokksbróðir hans, hv. þm. Mýr., hefir fundið ástæðu til að mótmæla.

Páll Zóphóníasson: Það er í raun og veru ekki ýkjamikið, sem ég þarf að svara hv. þm. Borgf., því hann var með tómar fullyrðingar og engar sannanir. En áður en ég byrja að svara honum, langar mig til þess að spyrja hann að einu, og ég gef honum leyfi til þess að grípa fram í. Hvað seljast venjulega mörg tonn af kjöti á Reykjavíkurmarkaðinum frá þessum tíma og þangað til í júnímánuði? Hvað eru þau mörg? — Hv. þm. getur ekki svarað, og þó leyfir hann sér að vera með fullyrðingar um það, sem hann hefir enga hugmynd um. Það er von, að hv. þm. og áheyrendur hlægi að flónsku hans og ráðaleysi nú, þá sýnt er af honum sjálfum, að hann veit ekkert um það, sem hann hefir talað um hér í deildinni og byggt á mikið af kröfum sínum og fullyrðingum. Svona er þessi hv. þm.; hann fullyrðir og fullyrðir og kemur með staðhæfingar, en reynir ekki að færa nokkur rök fyrir þeim.

Það eru nú til í landinu 710,5 tonn af freðdilkakjöti og 167,5 tonn af geldfjárkjöti, sem ætlað er til sölu í landinu. Þetta er 100—200 tonnum minna heldur en seldist í landinu í fyrra, og birgðirnar, sem liggja fyrir í Rvík, er 2 mánaða minni fordi heldur en seldist í Rvík í fyrra. Hv. þm. Borgf. getur komið með nýjar tölur, ef hann vill, en þetta er sannleikur. Og stafar það að nokkru leyti af því, að slátrað hefir verið 40 þús. fjár færra nú í ár heldur en í fyrra. Það er rétt, að minna var slátrað hjá Sláturfél. Suðurl. að tiltölu í sumar en í fyrra, en meira t. d. í Nordalsíshúsi. Ég hefi bent hv. þm. á, að neytendafél. hafi átt sinn þátt í þessu.

Hvort þm. styrkir félagið, veit ég ekki, en að Sjálfstfl. geri það, er sannanlegt, og ég fullyrði, að Sjálfstfl. stóð að þessu, og ég leyfi mér enn að telja hv. þm. Borgf. einn af leiðandi mönnum í þeim flokki. Ennþá leyfi ég mér það, en hvort breyt. verður á því, læt ég ósagt.

Hv. þm. hélt því fram, að hjá mér kæmi í ljós illvilji í garð þeirra félaga, sem selja kjöt sitt á Rvíkurmarkað. En það er nú eitthvað annað. Það, sem ég á einmitt verst með að verja af störfum n., er, að þeim bændum, sem fengu mest verð heim til sín í fyrra, skyldi ekki vera leyft að selja allt sitt kjöt á þennan markað. Engu að síður ætla ég að reyna það á þeim grundvelli, að þeir áttu stytzt að flytja og annars hefði orðið mikill aukakostnaður innanlands á flutningi kjötsins, sem mátti spara, og ég vona líka, að félög þeirra geti lagað svo rekstur sinn, að þau verði samkeppnisfær með verð til bænda.

Hv. þm. Borgf. segir, að það hafi verið rétt, að þessi kjötflokkur frá kaupfélaginu í Norður-Þingeyjarsýslu, sem borgaður var út til bænda á 105 aura kg., hafi verið reykt kjöt. Ég geri líka ráð fyrir, að það sé rétt. Ég geri ráð fyrir, að svo hafi verið í þessu eina tilfelli. En þetta kjöt var afreiknað til félagsins eins og annað kjöt, sem selt var á Rvíkurmarkað, á 1 kr. 7,7 aur. Öll sambandsfélögin fengu þetta verð fyrir 1. fl. kjöt, sem S. Í. S. seldi fyrir þau á innlendum markaði, en þar var með dilkakjöt, og skapaði það hækkun á meðalverðinu hjá hverju einstöku félagi, en kom hvergi fram greinilega í verðinu til bænda nema í kaupfél. N.-Þ., þar sem allt kjöt sömu tegundar var selt af S. Í. S. Ef S. Í. S. hefði haft þá aðstöðu að geta látið allt sitt kjöt til sölu, eins og félögin hér syðra, þá hefði það skilað til bænda hærra verði en þau, líklega um 10 aurum.

En sá sorglegi sannleikur er til staðar með þessi félög, að þó að heildsöluverð hér á Reykjavíkurmarkaðinum væri kr. 1,15 og þó að búið væri að taka við kjötinu á því verði og svo leyfð 15% verðhækkun í smásölunni, þá er samt svo mikill kostnaður, sem leggst á það hjá Sláturfél., að það getur ekki svarað til bænda nema 92 og 83 aurum. — Þetta er sá sorglegi sannleikur.

En nú í haust er það í fyrsta skipti, að Sláturfél. Suðurl. hættir að reka starfsemi sína sem kaupmannastarfsemi. Nú um nokkur ár hefir það keypt kjöt af bændum, og haft tap eða hagnað af því, eftir því hvernig salan var. Og hv. þm. Borgf. þarf ekki að fara langt aftur í tímann til þess að finna, að Sláturfél. varð fyrir miklu tapi, af því það gat ekki selt kjötið á veturna fyrir það verð, sem svaraði til þess, er borgað var fyrir kjötið á haustin. Hv. þm. þarf ekki að fara langt aftur í tímann til að finna það. En nú er það í fyrsta skipti, sem þetta breytist, og vegna sunnlenzkra bænda vil ég gjarnan spyrja hv. þm. Borgf. að því, hvort bændur eigi ekki víst að fá kjötverðið borgað eins og það verður, eða hvort félagið ætlar að færa það yfir á næsta ár, sem það vanborgar bændum við áætlaða verðinu. Í fyrra — þegar það varð fyrir mestu tapinu, að dómi þm. Borgf. — færði það 17 þús. yfir um áramót sem tapað. Ætlar það nú að færa ágóðann yfir til næsta árs um áramótin, eða borga bændum uppbót? Hún hlýtur að verða nokkuð mikil nú, því það borgar bara 80 aura út, en ætti að geta borgað um 88 minnst. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að áætlaða verðið, sem nú er, myndi vera sama og endanlega verðið, sem bændur fengju. En sú breyt. er einmitt orðin á starfsemi Sláturfél., að það greiðir það verð, sem fyrir kjötið fæst, og endurgreiðir til bænda, ef það fer fram úr áætlaða verðinu. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þessar breyt. á lögunum væru eðlilegar og til mikilla bóta, og hann hélt því fram, að ég hefði alltaf gengið út frá að leggja til, að lögin yrðu felld úr gildi. En það er langt frá því. Ég hefi talað um allar brtt., eða þær þrjár, sem hv. þm. vill gera á l., og ég hefi sýnt fram á, að 2 af þeim eru óframkvæmanlegar, ef að l. yrðu. Önnur er ef til vill ekki óframbærileg, sú, að láta mann koma austan af Norðfirði í byrjun sláturtíðar til að setjast í n., en hún er a. m. k. lítt framkvæmanleg. Ég hefi sýnt fram á, að það er erfitt nú að segja, hvað þau 1103 tonn af freðkjöti, sem eftir er að flytja út, gefa bændum nettó.

Það er sama um saltkjötið, að það er erfitt að segja, fyrir hvaða verð seljast þær á 2. þús. tunnur, sem til eru í landinu. Það er ekki auðvelt að segja fyrirfram, hvað bændur endanlega fá fyrir þær, eða reikna út prósenturnar af nettóverði, sem er óþekkt þegar prósenturnar eiga að reiknast út og borgast, sem sé í sláturtíð að haustinu, eftir frumv. höfundar.

Ég vil ennfremur benda á 3. brtt., sem hv. þm. leggur mikið upp úr, að leyfð séu bein viðskipti, og um hana vil ég segja, að hún er ekki til annars en að skapa einstökum bændum sérréttindi, láta nokkra menn sitja að hærra verði, en láta hina fá lága verðið. Það er auðvelt að sýna, að þar er verið að koma á stað misjöfnu kjötverði handa bændum, í stað þess að núv. ástand miðar að því, að allir fái sem jafnast verð. Af þessum ástæðum bað ég hv. 6. þm. Reykv., ef hann væri sá drengskaparmaður, sem hann hældi sér af um daginn, að hann sýndi drengskap sinn í því að taka aftur þessa brtt. Ég kalla hann dreng góðan, ef hann gerir það.

Annað, sem fram hefir komið við umr., hefi ég hrakið áður, því að þó sagt sé hér á Alþ., að eitthvað sé svo eða svo, eða eins og krakkar segja, „af því“, þá er ég ekki að eltast við það. (**HannJ:** Vill hv. þm. vefengja það, sem ég sagði um samanburð hans?). Hv. þm. V.-Húnv. veit, að stjórn kaupfélags Húnvetninga hefir gefið upp þetta verð, sem ég nefndi. (**HannJ:** En það er rangt). Ég get ekki sagt um það, hvort stjórn kaupfél. hefir gefið mér rangar skýrslur. En hv. þm. hefir sjálfur séð bréfið og veit, að það, sem ég sagði, er rétt. (**HannJ:** En niðurstaðan verður samt röng).

Kjósendaræðu þm. Mýr., sem vitanlega var flutt fyrir þá kjósendur hans, sem hér eru nú á pöllunum, sé ég ekki ástæðu til að svara sérstaklega.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hv. 2. þm. N.-M. sagðist ætla að gefa mér tækifæri til að grípa fram

í fyrir sér, en að það kom hik á mig, stafaði af því, að ég hélt, að þm. væri að verða brjálaður, svo hávær var hann, og ég óttaðist, að framtekt af minni hálfu myndi leiða hv. þm. lengra út á hans óhappabraut, svo að ég vildi heldur doka við. Ég vildi ekki verða til að verka þannig á þm., að hann gerði Alþ. að „bíó“, en ég býst við, af undirtektum áheyrenda, að þeir hefðu ekki sótt meir skemmtun á bíó, þó að þeir hefðu borgað 2 til 3 kr. innganginn.

Viðvíkjandi spurningunni um kjötbirgðir Sláturfél. Suðurl., þá er það örugg trygging, að ef leyfður er meiri innflutningur á verðlagssvæðið en nú er, ef haldið er áfram á sömu braut og í fyrra og nú, er það að gera hlut þeirra, er á Rvíkurmarkaðinn selja, verri. Ef sá andi, sem ríkir hjá hv. 2. þm. N.-M., fær að ráða áfram, þá gerir það hlut þeirra verri.

Hv. þm. bætti enn við um þessa hluti. Nú dró hann Sláturfél. Suðurl. inn í umr. til þess að þjóna sinni illu lund og sínum vondu ákvörðunum gagnvart þessu félagi. Hann sagði, að félagið hefði rekið starfsemi sína á kaupmannsgrundvelli, en það hefði verið gerð breyting á þessu í haust. Þetta er rangt; það hefir engin breyt. verið gerð. Félagið hefir haldið áfram að borga mönnum út eins og áður; aðeins hefir það dregið úr útborgununum, og liggur það ekki sízt í starfi hv. 2. þm. N.-M. í kjötverðlagsnefndinni, sem afleiðing af þeirri rangsleitni, sem n. hefir beitt félagið, að leyfa því ekki að leggja á fyrir geymslu- og frystikostnaði. Það er þá ekki nema afleiðingin af þeim illa hug til þessa félags og kaupfél. Borgf., sem komið hefir fram hjá hv. þm., að búið er að hrekja þau úr þeirri aðstöðu að geta borgað bændum kjötið út á haustin því verði, sem boðið er í vörurnar. Ef hv. þm. vill í stjórn sinni í kjötverðlagsn. þjóna áfram þeirri lund, sem ég hefi lýst, þá er ekkert líklegra en Sláturfél. Suðurl. verði hrakið úr þeirri aðstöðu að geta borgað bændum út kjötið strax að haustinu. En það skiptir bændur allmiklu máli, hvort borgað er út á haustin eða smámsaman.

Það er sýnt, að hv. þm. hefir vitandi vits dregið undan, þegar hann gerði samanburðinn á kjötverðinu. En þegar hann dregur bara fram verð á reyktu kjöti hjá kaupfél. Norður-Þingeyinga, en tekur svo til samanburðar heildarverð á kjöti hjá kaupfél. Borgf. og Sláturfél. Suðurl., þá er ekki hægt að komast lengra í blekkingum. En það skilst, þegar þetta er borið fram af illvilja og fjandskap gegn þessum félögum, til þess að hnekkja afkomu þeirra og spilla fyrir bændum. En þetta kemur úr hörðustu átt frá manni, sem falin hefir verið formennska í n., sem á að sjá fyrir hag bænda, og auk þess falið starf við þá stofnun, sem er almennur félagsskapur bænda, þegar slíku skýtur upp, slíkri meinvættishugsjón gagnvart félagsskap bænda í þessu landi. Bændur verða sannarlega að athuga, hversu lengi þeir hafa slíka menn í sinni þjónustu.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Ég verð að játa, að ég heyrði lítið af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði. Ef hann hefir beint spurningu til hv. þm. Borgf. út af því, sem ég sagði, þá vænti ég, að hann komi henni til mín fyrir 2. umr., svo að ég geti svarað henni. — En ég heyrði þó eitt, sem hv. þm. sagði, að í blaðagreinum mínum væri skipulagsbundin árás á norðlenzka bændur. Ég veit ekki, hví ég ætti frekar að hafa tilhneigingu til að hlynna að sunnlenzkum bændum heldur en norðlenzkum. Hv. þm. hefir líklega ætlað þetta slagorð handa kjósendum sínum, svo að hann stæði sig betur á Norðurlandi. En ég held, að hv. þm. hafi enn ekki gert sér grein fyrir, að með kjötsölulögunum var það meiningin að gera öllum bændum jafnt undir höfði, svo að innanlandsmarkaðurinn yrði bændum að meira gagni, og verðjöfnunargjaldið var sett til að jafna hallann, er aðrir höfðu meiri not að útlenda markaðinum. Ég býst samt ekki við, að menn hafi ætlað að slá því föstu, að kjötverðið yrði sama á öllu landinu, heldur yrði komizt sem næst framleiðslukostnaðinum á kjötinu, en hann er ekki sá sami á öllu landinu. Og það var einmitt hlutverk kjötverðlagsn. að sveigja l. eftir þeirri vitneskju, er hún fengi í þessu efni.

Þó Reykjavíkurmarkaðurinn offylltist, þá væri það ekki bændum að gagni neinsstaðar. Það yrði til þess, að kjötið brynni inni og seldist minna verði. Það væri illt bæði fyrir sunnlenzka og norðlenzka bændur, og kæmi engum að gagni. Bezt er, að sem mest af kjötinu væri selt sem næst framleiðslustaðnum, því að þá legðist á það minnstur aukakostnaður. Það er t. d. óheppilegt, ef flytja ætti kjöt úr kjördæmi hv. þm. N.-Þ. hingað til Rvíkur, setja það hér í ishús, ef ekki gengi út, eða senda það héðan til útlanda. Það er bezt að selja framleiðsluna á þeim markaði, sem er næstur. Verðjöfnunin á svo að vera til þess, að aðrir, sem lengra eiga á markað, bíði ekki af halla.

Ég vildi bæta því við, að það situr illa á mönnum að tala um skipulagsbundna árás á bændur, sem standa að svona aðferðum gagnvart félögunum hér sunnanlands. Það þýðir ekki á móti að mæla, að þau hafa orðið fyrir hirðuleysi, ef ekki beinum árásum. Það liggur mjög nærri, að fastheldni n. við þau ákvæði l., sem gera slíkt misrétti framkvæmanlegt, gefi til kynna, að ætlazt hafi verið til, að þessi félög yrðu kyrkt, eða ætti að neyða þau til að sleppa sjálfstæði sínu.

Hv. 2. þm. N.-M. var í fyrri ræðu sinni að tala um einhvern alheimshugsunarhátt, sem ég hefði. Ég veit ekki, hvort alheimurinn hefði átt að koma þessari hugsun inn hjá mér, eða ég eigi að stjórna alheimsíhaldinu. Þetta var svo háfleygt hjá hv. þm., að ég skildi það ekki. En meiningin átti víst að vera sú, að ég vildi misskipta auðnum milli manna. Hann dró það út af brtt. minni, er fæli í sér, að menn mættu hafa frjálsa slátrun. En ég get sagt hv. þm., að þetta atriði er til að jafna auðinn, ef svo mætti nefna. Það er að koma fjölda bænda á vonarvöl, að þeir eru píndir til að taka á sig mikinn milliliðakostnað, í stað þess að þeir gátu áður komið vörum sínum í verð á frjálsum markaði. Það er því að standa með þeim snauðari og jafna auðinn, ef fylgt er till. minni.

Hv. þm. klykkti út með því, að ég hefði verið að hæla mér af drengskap í ræðu minni um daginn. Þetta er vitleysa. Orð hafa þar ekkert að segja. Það verður hver að sýna það í verki og framkomu, hvort hann er drengskaparmaður eða ekki. En þetta kom til af því, að hv. þm. var með glósur til mín og vildi gefa í skyn, að *ég væri ódrengur*, og var að belgja sig út um það. Og því var ég að svara, en alls ekki að hæla mér neitt fyrir drengskap. Ég þarf ekki að gefa frekari skýringar á þessu, en það, sem hv. þm. fór fram á, að ég tæki till. mína aftur, æti mitt eigið afkvæmi, eins og stundum hefir komið fyrir hans flokksmenn, þá tel ég það ekki neinn drengskap. Drengskapur er að fylgja fram máli *sínu, hvort sem fleiri eða færri eru* með því, en ódrengskapur að láta sveigjast frá því, sem menn álíta rétt vera.

Páll Zóphóníasson: Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði síðast, langar mig til að spyrja hann einnar spurningar og vita, hvort hann vill svara mér eða ekki. Hann hefir ekki svarað því áður. Ég sagði, að Sláturfél. Suðurl. hefði breytt um starfsaðferðir, og það hefði áður starfað á kaupmannsgrundvelli. Hv. þm. mótmælti því og sagði, að það hefði ekki starfað áður sem kaupmaður. Þetta er vitleysa, því að það hefir rekið verzlun sína með tapi eða ágóða undanfarið, eftir því hvernig salan hefir gengið, — keypt kjötið ákveðnu verði á haustin, og *aldrei borgað það eins og* það sýndi sig að það varð að sölu lokinni. Nú hefir það áætlað verð á kjöti svo lágt, að það geti borgað bændum uppbót síðar. Ef það hefir ekki breytt um starfsaðferðir, þá er mér nú spurn: Ætlar félagið að starfa áfram eins og kaupmaður, og eiga bændur þá ekki að fá þá uppbót, sem þeim hefir verið lofuð? — Mér er spurn: Á það að verða *þannig*?

Pétur Ottesen (óyfirl.): Þetta er bara tóm vitleysa, eins og yfirgnæfandi meiri hluti af því, sem hv. þm. hefir sagt um allt þetta mál. Sláturfél. hefir alltaf borgað mismunandi mikið til bænda, eftir því hvað verðið hefir verið hátt. En að Sláturfél. hefir neyðzt til að ákveða *minni útborgun til bænda nú, er afleiðing* af hinni sorglegu reynslu frá síðasta ári og störfum kjötverðlagsn.

Viðvíkjandi spurningunni, hvort við ætlum ekki að borga bændum uppbótina, vil ég svara því, að Sláturfél. Suðurl. hefir alltaf borgað uppbót. Það borgaði yfir 40 þús. kr. uppbót árið áður en kjötverðlagsn. fór að starfa. Það er *þess vegna undir starfi kjötverðlagsn. komið*, hvort Sláturfél. Suðurl. getur borgað uppbót á þessu ári. Er því mjög seilzt um hurð til lokunnar þegar hv. þm., sem hefir þetta í hendi sér sem form. kjötverðlagsn., spyr mig, hvort Sláturfél. borgi uppbót á þessu ári. Verði einhver afgangur af rekstri félagsins, verður að borga hann sem uppbót, en það fer eftir því, hvort kjötverðlagsn. gengur nú í réttlætisáttina gagnvart þessu félagi frá því, sem verið hefir, eða ekki. Hv. þm. svarar þessu með sínu starfi í kjötverðlagsn.

Gísli Guðmundsson: Hv. þm. Borgf. hefir fluti tvær ræður síðan ég talaði áðan, og hefir mælzt skörulega *eins og hans er vandi*, — a. m. k. talaði hann í fullri hæð. En þrátt fyrir það hefir honum ekki unnizt tími til þess að svara fyrirspurninni, sem ég gerði til hans og taldi eðlilegt fyrir hann að svara, — nefnilega hverjir hefðu ráðið kjötverðinu á innlenda markaðnum áður en kjötlögin komu. Ég bar fram þessa spurningu í tilefni af því, að hv. 6. þm. Reykv. *hafði lagt mikla áherzlu á það*, að áður en kjötlögin komu hefðu félög bænda á Suðurlandi ráðið þessu verði. Ég benti á, að einmitt þá hefði verðið verið miklum mun lægra en síðan kjötl. komu. Því spurði ég hv. þm. Borgf., hvort rétt hafi verið hjá hv. 6. þm. Reykv., að bændur hefðu virkilega sjálfir ákveðið verðið. Hv. þm. Borgf. vildi ekki svara þessu, en sagði, að ég *skyldi spyrja hv. 6. þm. Reykv. um það*. Ég gerði það ekki, því að ég bjóst við, að hv. þm. Borgf. myndi vita þetta betur en hv. 6. þm. Reykv. Urðu mér það vonbrigði, að hv. þm. svaraði ekki. En ég veit raunar, af hverju tregða hv. þm. stafar.

Ég verð að segja það út af þeim umr., sem fram hafa farið upp á síðkastið, að mér þykir það undarleg staðhæfing hjá hv. þm., þegar hann talar um illvilja hjá þeim mönnum, sem eru að hreyfa því, að rétt væri að vinna að því, að færa niður sölukostnað hjá félögum bænda. Það er illvilji af einkennilegu tægi. Ég minnist þess, að hv. þm. Borgf. hefir talað mjög mikið um það á mannamótum, að hann vilji færa niður rekstrarkostnað ríkisins. Er það af illvilja í garð þjóðarinnar? Ég hefi ekki álitið þetta tal hans af illvilja sprottið, en samkv. hans orðum áðan má álykta sem svo.

Hv. þm. virðist viðurkenna, að kjötframleiðslan sunnanlands fullnægi ekki Reykjavíkurmarkaðnum, og þess vegna álítur hann óhjákvæmilegt að flytja að eitthvað af kjöti frá öðrum verðlagssvæðum, en þó ekki fyrr — segir hann — en séð er, hve miklu Reykjavíkurmarkaður tekur við af kjöti, sem framleitt er sunnanlands. Eftir því mætti ekki flytja neitt kjöt af öðrum verðlagssvæðum hingað fyrr en komið er það langt, að hægt er að sjá, hvað selzt hefir á markaðnum hér. Því að eftir framkomnum upplýsingum liggja ekki fyrir ákveðnar tölum um það, hvers Rvíkurmarkaður þarfnast af kjöti. Hv. þm. Borgf. var spurður mörgum sinnum um það áðan, hvort honum væri kunnugt um þetta, eða hvort hann hefir gert nokkra rannsókn í þessu efni; og hann gat ekki svarað. Það er ekki von. Hann veit það ekki, og menn vita það yfirleitt ekki. Það liggja engar rannsóknir fyrir. Þess vegna verður kjötverðlagsnefnd að fara eftir áætlun, hugsa sér fyrirfram, hve mikið muni seljast á þessum markaði. Er augljóst, að óþörf eru stóryrði til ámælis í garð kjötverðlagsn., sem hefir þá eina aðferð, sem henni er skylt og hægt er að hafa.

Annars efa ég, að hv. þm. Borgf. geri bændum greiða með því að ræða þetta mál á þann hátt, sem hann gerir. Hann þykist tala sem fulltrúi þeirra og gerir það með hávaða og æsingu. Bændur eru hvorki hávaða- eða æsingamenn.

Þeir vilja láta ræða málin með rósemi og stillingu og að rök séu borin fram, en ekki tóm stóryrði né hávaði.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði út af orðum mínum áðan, að ef hann hefði ráðizt á hagsmuni norðlenzkra bænda í þessu máli, þá hafi hann gert það óvitandi. Ég skal náttúrlega taka það gilt sem afsökun af hans hálfu, að þau skaðræðisverk, sem hann hefir framið í þessu máli, hafi verið framin óafvitandi. Annars er það ekki í fyrsta sinni með flutningi þessa frv., sem þessi hv. þm. hefir ráðizt á hagsmuni manna í þessum landshlutum. Ég minnist þess, að bæði hann og flokksmenn hans héldu ýmsar ræður í fyrravetur á Suðurlandi um það, að það væri ákaflega óréttlátt, að sunnlenzkir bændur, sem aðallega nota sunnlenzka markaðinn, borga verðjöfnunargjald. Rökin voru þau, að það munaði svo miklu á kostnaði við að framleiða kjöt á Suðurlandi og Norðurlandi. T. d. sagði hv. 6. þm. Reykv. í þessum umr., að í einu sérstöku héraði, sem ég er kunnugur, væri framleiðsla á kindakjöti svo auðveld, að flest ár kæmu þessar skepnur ekki í hús, og þyrfti ekki að kosta neinu til þeirra. Svo vildi til, að við vorum seinna saman á fundi í þessu héraði, og minnti ég þm. á þau orð, sem hann hafði talað í fjarlægðinni, og óskaði eftir, að hann bæri sig saman við bændur um það, hvort hann hafi hermt rétt. Þá brá svo undarlega við, að hann fór hjá sér og vildi ekkert úr því gera, að hann hefði nein slík ummæli látið sér um munn fara, a. m. k. hefði hann þá gert það óafvitandi. Og þannig fór það þá, að hann færðist undan því að standa reikningsskap á þessum ummælum sínum. En mér finnst, að þetta hefði átt að kenna þessum hv. þm., að hann ætti ekki yfirleitt að halda þessari starfsemi sinni áfram, — að það er yfirleitt ekki ástæða til að sýna norðlenzkum bændum sérstakan fjandskap.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég ætla bara að segja hv. þm. N.-Þ. það, að honum ferst ákaflega illa að gerast siðameistari í þessari hv. deild og tala til manna um það, hvernig þeir skuli haga framkomu sinni. Ég hefi áður við annað tækifæri bent á, að honum ferst þetta e. t. v. allra manna verst.

Það getur verið, að ég misskilji þá fyrirspurn, sem hann segist hafa borið fram út af orðum hv. 6. þm. Reykv. En það er ekki þannig, að ég vilji ekki svara þessu. Ég er reiðubúinn til þess. Það er rétt, að bændur hafa haft á Rvíkurmarkaði ákvörðunarrétt um útsöluverð um langt skeið, allar götur frá 1907. Verðið hefir verið mismunandi hátt, eftir því, hver aðstaðan hefir verið til sölu á innanlandsmarkaði. Nú var það svo 1932, að verðið komst þá einna mest niður á erlendum markaði, t. d. á frystu kjöti. Og m. a. varð afleiðing þess, að verð á innanlandsmarkaði lækkaði nokkuð árið 1933. Og þá voru það vitanlega sömu bændurnir, sem ákváðu verðið. Verðið hefir sem sagt gengið upp og niður eftir atvikum. Ég hefi aldrei mælt á móti því. Og á því byggist minn stuðningur við kjötsölulögin, að ég vildi veita framleiðendum aðstoð til að halda verðinu jöfnu, eða jafnara en ef slík l. ekki væru til. Þess vegna þarf ekki að toga úr mér neina viðurkenningu þess, að kjötlögin hafi veitt stuðning í þessu efni, enda er ég stuðningsmaður þeirra l. Það eina, sem ég átaldi kjötverðlagsn. fyrir, er það, að hún hefir dregið niður verðið hjá þeim bændum, sem selja á Rvíkurmarkaði, frá því, sem ákveðið var um haustið, með þeim ráðstöfunum, sem ég lýsti.

Hv. þm. þóttist hneykslast á því, að ég hefði beint til hv. 2. þm. N.-M., að hann hefði sýnt illvilja til þessara félaga. Ég hefi ekki beint neinu slíku til hv. þm. N.-Þ., og var ástæðulaust fyrir hann að taka upp þykkjuna fyrir hv. 2. þm. N.-M. En orð mín voru rökstudd fullkomlega, og þarf engu við að bæta.

Hv. þm. kvað ekki hægt fyrr en löngu seinna að sjá fyrir, hvað mikið þyrfti að flytja á Rvíkurmarkað til viðbótar því, sem fyrir væri. En þetta er rangt. Strax þegar áætlað er í félögunum um slátrun á haustin, er hægt að sjá, hve mikil hún muni vera á þessu svæði. Í lok sept. og byrjun okt. er hægt að sjá nokkurn veginn með vissu, hvað þurfi að flytja á markaðinn til viðbótar. Þess vegna var tal þm. um þetta einskis virði. — Fleira þarf ég vist ekki að taka fram út af orðum hv. þm. N.-Þ.

Flm. (Sigurður Kristjánsson) [óyfirl.]: Af því að hv. þm. N.-Þ. beindi til mín sérstökum orðum persónulega, stend ég upp. Ég ætlaði raunar að biðja um orðið til þess að segja mína skoðun um það, sem hv. þm. Borgf. hefir nú svarað, en þarf þess ekki frekar.

Ég hélt nú sannast að segja, að það væri alveg nóg fyrir þennan hv. þm. að bera fram sína þingmannlegu hryggðarmynd, þó að hann ekki drægi fram þá hryggðarmynd, sem hann hefir gefið á fundum utan þings. Hann þóttist herma það, sem ég sagði á fundi við sunnlenzka bændur. Ég hefi aldrei verið á fundi með þessum þm. með sunnlenzkum bændum. En þennan tilbúna þvætting bar hann á borð í Þingeyjarsýslu sér til framdráttar. Á fundi á Suðurlandi sagði ég það, sem ég hefi alstaðar sagt, að verðjöfnunargjaldið eigi því aðeins rétt á sér, að eitthvað komi á móti. Það vita allir, að verðjöfnunargjaldið er endurgreiðsla fyrir innlenda markaðinn. En ég hefi sýnt með frv., að ég vil láta það vera óbreytt á Suðurlandi, gegn því, að Sunnlendingar njóta nokkurrar verndar á markaðnum. Þetta hefi ég sagt sunnlenzkum bændum, og ekkert annað. Og ég get bætt við, að flestir bændur, sem ég hefi talað við, eru vel tilleiðanlegir til að borga þetta ríflega verðjöfnunargjald, ef þeir fá forgangsrétt að Rvíkurmarkaði.

Þegar þessi hv. þm. kom til kjósenda sinna, þurfti hann að gylla sig á allan hátt. Ég ámæli honum ekki fyrir það, ég sá þörfina fullkomlega. Það var það helzta, að hann væri svo mikill vinur bænda, — kannske einhver munur eða þessi höfuðfjandi bændanna, — og svo sagði hann sögur um það, hvernig ég hefði rægt bændur og afflutt þá á allan máta. Það var þá þetta, að ég hefði stælt sunnlenzka bændur upp í því að borga ekki verðjöfnunargjald til Norðlendinga, af því að þeir framleiddu kjöt miklu

ódýrara. Ég fór nú ekki meir hjá mér en það, að ég bar það undir bændur sjálfa, hvort þeir framleiddu ekki ódýrara kjöt en Sunnlendingar. Auðvitað sagði ég um leið, að það væri ekki nema heilaspuni þessa manns, að ég hefði stælt Sunnlendinga gegn verðjöfnunargjaldi, og ennfremur að ég hefði sagt, að það kæmi aldrei kind í hús í Norður-Þingeyjarsýslu! Ég spurði þá, hvort sanngjarnt væri, að þeir hefðu engu meira fyrir sína vöru, sem framleiddu hana með meiri fyrirhöfn. Ég spurði þá, hvort þeir væru ekki samdóma um það, að ef Sunnlendingar borguðu verðjöfnunargjald, ættu þeir að hafa forgang að Rvíkurmarkaði. Og ég held, að hv. þm. N.-Þ. hafi haft hina mestu smán af þessari tilraun sinni til að gylla sig á minn kostnað. En innræti hans leiddi hann út í þá ófæru að ætla að ausa annan mann auri. Ef hann tyllir á sig lánuðum og stolnum fjöðrum, virði ég honum það til vorkunnar, en hitt verður hann að þola refsingu fyrir, þegar hann slettir úr klaufum sínum á saklausa menn.

Gísli Guðmundsson: Það er leiðinlegt, að þessi fáu orð, sem ég sagði, hafa orðið til að hleypa upp í hv. 6. þm. Reykv., því að það er ekki vel gert að ergja hans stirðu lund, og var ekki ásetningur minn.

Ég vík þá að hv. þm. Borgf. Hann svaraði fyrirspurn minni, — að vísu fremur ógreinilega, en þó þannig, að ég verð að telja, að nægi. Því að hann gaf yfirlýsingu um það — og geri hann aths., ef ég hefi ekki rétt eftir honum —, að kjötsölulögin hafi hjálpað bændum til að fá viðunandi verð fyrir kjötið. Þá er þar með fallið, eins og hver önnur vitleysa, það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði nú (eins og oftar), að það hafi verið tekinn einhver réttur af bændum til þess að ákveða nógu hátt verð. Ég ætlaði mér að láta hv. þm. Borgf. kveða niður vitnisburð hv. 6. þm. Reykv.; og það hefir hann nú gert.

Það er vitanlega alveg rétt hjá hv. þm. Borgf., að þegar komið er fram yfir sláturtíð, er hægt að fá öruggar skýrslur um það, hve miklu slátrað er á hverjum stað og hve mikið kemur af kjöti á markaðinn. En það er ekki hægt að vita fyrirfram, hver neyzlan verður, en það er það, sem er aðalatriðið í þessu máli og gerir það að verkum, að kjötverðlagsn. verður fyrirfram að áætla um, hve mikið kjöt muni þurfa til að fullnægja eftirspurninni.

Fleira þarf ég ekki að segja við hv. þm. Borgf. Ég ætlaði að bæta nokkrum orðum við til hv. 6. þm. Reykv. En ég sé, að hann er farinn út, svo að ég lofa honum að hvíla í friði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt nál. frá landbn., á þskj. 737, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

49. Útgerð ríkis og bæja.

Á 66. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um útgerð ríkis og bæja (þmfrv., A. 476).

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Emil Jónsson): Tilgangurinn með þessu frv. er tvennskonar. Í fyrsta lagi er það tilraun til að gera ráðstafanir til þess að halda í horfinu þeim togaraflota, sem nú er til í landinu, þannig að ný skip komi í stað þeirra, sem eru gömul orðin og eru að verða úr sér gengin á ýmsa lund. — Í öðru lagi er meiningin með þessu frv. líka sú, að atvinna aukist nokkuð við þær fiskveiðar, sem tengdar eru við þessi skip, a. m. k. hin fyrstu árin.

Um viðhald togaraflotans get ég verið fáorður. Það viðurkenna víst allir, að það er höfuðnauðsyn fyrir okkur Íslendinga að eiga skip, til þess að við getum selt öðrum þjóðum fisk og fengið aðrar vörur í staðinn. Fiskurinn er og hefir verið okkar aðalútflutningsvara, eins og öllum er vitanlegt. Það hefir ekki heldur verið dregið í efa af neinum, að við Íslendingar þurfum að eiga togara, ásamt öðrum skipum. Þó að togararnir séu ekki alstaðar hentugir, þá eru þeir þó að mörgu leyti okkar beztu veiðitæki. Þeir hafa gefið okkur skjótastan og mestan afla af okkar veiðitækjum. Á þeim hefir einnig verið hægt að gjalda skipverjum bezt kaup. Og í þriðja lagi hefir verið hægt að láta skipverja hafa betri aðbúð á þeim heldur en öðrum skipum í okkar fiskiskipaflota. Vegna þessa alls held ég, að allir hljóti að vera sammála um það, að togarafloti okkar megi ekki leggjast niður, heldur verðum við að reyna að halda honum við.

En hvaða líkur eru nú til þess, að togaraflota okkar verði haldið við? Svarið er heldur raunalegt. Meðalaldur þessara höfuðveiðitækja okkar er 15 ár. Ef nú er gert ráð fyrir, sem ég hygg nærri sanni, að hægt sé að nota þessi veiðiskip í 20 ár eða 25 ár í hæsta lagi, þá eru ekki nema 10 ár, miðað við meðalaldur togaranna, þangað til togaraflotinn er orðinn svo úr sér genginn, að við verðum að kasta honum fyrir borð. Sá mikli ókostur fylgir þessu líka að gera út svona gömul skip, hve þau eru dýr í rekstri og erfitt er að láta þau bera sig. Um það ber öllum saman. — Ég held einnig, að það sé ekki ofmælt, að enginn okkar togara sé svo byggður eins og nýtízkutogarar eru byggðir nú, heldur séu þeir allir orðnir að meira eða minna leyti úreltir.

Þetta er alveg hörmulegt ástand og gefur manni tilefni til að leggja fram þá spurningu: Hvar lendir þetta? Og hvað er hægt að gera til

þess að bjarga þessu við? Við erum allir sammála um, að hér þurfi að vera til togarar. En nágrannaþjóðir okkar byggja nú nýtízku togara. Þær munu því bera hærri hlut en við í fiskveiðum, ef við höldum áfram á sömu braut og nú, því að við Íslendingar höfum á síðari árum ekki keypt neina nýja togara, svo teljandi sé. Ég hygg, að nú séu liðin 5 ár síðan síðasti togarinn var keyptur hingað til landsins af einstaklingi.

Aðalörðugleikinn, sem útgerðin á við að stríða, er sá, að fá hana til að bera sig. En eitt höfuðskilyrðið til þess, að það sé hægt, er, að við höfum skip búin þeim tækjum, sem bezt þekkjast. Því aðeins er hægt með sanngirni að búast við, að við getum keppt á erlendum mörkuðum bæði við verndartolla á fiski og við keppinauta okkar um markaðinn, sem hafa skip, sem búin eru miklu betri tækjum en okkar skip eru nú. Þetta er orsökin til þess, að skipulagsn. atvinnumála hefir samið frv. það, sem hér liggur fyrir, í þessu tvennskonar augnamiði, að reyna fyrst og fremst að koma því í kring, að endurnýja togaraflotann, og á hinn bóginn að auka atvinnu í landinu á meðan gömlu skipunum okkar er ekki hrakað svo, að enn má nota þau.

Skal ég nú með nokkrum orðum lýsa þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir til þessarar aukningar á togaraflotanum.

Fyrst er nýmæli í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið og bæir myndi félagsskap til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það má kannske segja, að það hefði verið hægt með einhverju öðru móti að fá þetta gert. En það hefir sýnt sig, að einstaklingar hafa ekki farið út í það. Bæjarfélög eiga erfitt með það, vegna þess að fjárhagur þeirra er svo takmarkaður. Hinsvegar er ekki eðlilegt, að ríkið geri það eitt, af því að það eru fyrst og fremst kaupstaðirnir í landinu, sem þurfa á togaraútgerð að halda. Þess vegna er rétt, að þeir séu þátttakendur í þessum framkvæmdum. Frv. gerir þess vegna ráð fyrir, að ríkið og kaupstaðir myndi um þetta félagsskap, þannig, að ríkissjóður leggi fram 200 þús. kr. og bæir 100 þús. kr. árlega á næstu 5 árum til þess að kaupa fyrir 2 togara árlega á þessu tímabili. Þessar 300 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að bæir og ríki leggi fram, mun láta nærri, að nemi kringum $^1/_3$ hluta af verði togaranna. En hinir $^2/_3$ hlutarnir er ætlazt til, að teknir verði að láni og að ríkið veiti ábyrgð fyrir því lánsfé, sem til þess þarf. Útgerðinni er auðvitað ætlað að standa undir þessu lánsfé. En aftur á móti er gert ráð fyrir því, að arður verði ekki greiddur fyrstu árin af því fé, sem ríkið og bæir leggja fram.

Þá eru í 4. gr. ákvæði um skuldbindingar og ábyrgð ríkis og bæja, sem að fyrirtækinu standa, viðvíkjandi rekstri þess. — Næsta grein er um stjórn fyrirtækisins. — Í 6. gr. er svo fyrir mælt, að félagið megi ekki kaupa eldri togara en tveggja ára. Einnig er í þeirri gr. tekið fram, að afla skuli leggja á land þar, sem kaupstaðir þeir, sem í félaginu eru, æskja, að jöfnum hlutföllum við framlög kaupstaðanna til félagsins.

Það má að sjálfsögðu búast við, að ýmislegt verði fundið frv. þessu til foráttu, auk þess sem menn finna að því af prinsipástæðum. Ég geri ráð fyrir, að spurt verði: Hvað á að gera við ný skip, þegar illmögulegt er að selja þann fisk, sem við nú öflum? Þeirri spurningu er ekki öðru að svara en því, að ef við getum ekki selt okkar fisk í náinni og ófyrirsjáanlegri framtíð, þá er okkar menning alveg dauðadæmd, því að hún byggist á því, að við getum fengið markað fyrir fisk og fiskafurðir.

Það getur verið, að sagt verði, að hér sé verið að stofna til aukningar á fiskiskipaflotanum og fiskframleiðslu í landinu. En því er þar til að svara, að þessi aukning, 2 skip á ári, mun að minni hyggju ekki skapa meiri aukningu á fiskframleiðslunni á ári en sem nemur 1—$1^1/_2$%, þegar tekið er tillit til þess, að gamlir togarar ganga úr sér. En meiri sveiflur hafa orðið í þessu efni nú frá ári til árs heldur en þetta. Það má því segja, að við séum nokkurn veginn jafnótryggir um markaðinn, hvort sem þessi skip eru tekin með eða ekki. Og svo má, eins og tekið er fram í grg. frv., lengi draga að endurnýja flotann, ef bíða á eftir því, að tryggð sé sala allra afurðanna.

Þá er önnur hlið á málinu, og sjálfsagt munu koma aðfinnslur í sambandi við hana. Það mun verða sagt, að ekki sé séð fyrir fé handa ríkissjóði og bæjum til þess að leggja í þetta. Því má svara þannig, að með þessu er sköpuð atvinna. Hver togari er reiknað að gefi 200 þús. kr. tekjur handa þeim, sem atvinnu hafa við hann, og fæði um 50 fjölskyldur. Tveir togarar ættu því að veita atvinnu kringum 500 manns, ef miðað er við 5 manna fjölskyldu, eða um $^1/_3$ hluta af þeirri árlegu fólksfjölgun, sem nú er í landinu. Ég geri ráð fyrir, að með þessu verði um svo verulegan atvinnuauka að ræða, að vegna hans megi draga nokkuð úr þeim fjárframlögum, sem annars hefði orðið að veita til atvinnubóta. Hinsvegar veit ég ekki, hvort fært er að draga úr því fé, sem nú þegar er veitt til atvinnubóta. En það er augsýnilegt, að ef ekkert verður framkvæmt í sömu átt og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá verður að auka framlög til atvinnubótavinnu frá því sem nú er.

Ég vil svo að síðustu benda á, að þetta er merkilegt og þýðingarmikið mál fyrir þjóðina í heild. Vænti ég því, að menn láti ekki pólitiskar skoðanir aftra sér frá að athuga það gaumgæfilega. Menn mega og ekki fordæma þá leið, sem hér er bent á að fara, þó að þeir í sjálfu sér séu á móti því, að ríki og bæjarfélög leggi út á þessa braut, nema þá því aðeins að geta bent á einhverja aðra leið, sem ekki er lakari.

Óska ég svo frv. vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að tala almennt um mál þetta nú við 1. umr., því að ég vil fyrst nota aðstöðu mína til þess að athuga það í n. þeirri, sem því mun verða vísað til. En ég vil ekki láta það fara orðalaust til n., því að þetta er í rauninni ekki nýtt mál hér á þingi. Mál þetta kemur mér óneitanlega dálítið einkennilega fyrir sjónir, þar sem frv., sem ég bar fram á síðasta þingi ásamt öðrum flokksmönnum mínum, um að tryggja togaraútgerðina og viðhalda henni, mætti þá heilum vegg af mót-

stöðu, þar sem hv. flm. frv. þessa var ekki léttasti steinninn, svo ekki var einu sinni hægt að skýra málið. Við bárum þá t. d. fram þau rök, að togaraflotinn væri yfirleitt orðinn 15 ára gamall og því brýn þörf á að fara að endurnýja hann, en þetta heyrðu andstæðingarnir ekki þá, og við mættum ekki öðru en skilningsleysi og andúð, bæði hjá hv. þm. Hafnf. og samherjum hans. *Þeim þótti ekkert annað fært en kæfa málið.* Það þýðir því ekkert fyrir hv. flm. að reyna að telja mér trú um, að það sé umhyggja fyrir togaraútgerðinni, sem vakir fyrir honum og flokksbræðrum hans nú, heldur er hér um að ræða stefnumál hjá honum og fylgifiskum hans, sem sé að ganga að einkarekstrinum dauðum og koma svo á fót ríkisrekstri. Þessu þýðir ekki að mót mæla, og stjórnarflokkarnir hafa við hvert tækifæri sýnt þessum atvinnuvegi óvild. Þannig neituðu þeir t. d. alveg í fyrra, að togaraútgerðarmenn kæmu til greina, þegar rætt var um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, og þannig mætti lengi telja. Það eina, sem togaraútgerðarmenn fengu þá hjá stjórnarflokkunum, voru fjandsamleg orð, enda þótt sýnt væri, að togaraútgerðin hefði gefið meiri arð en flestir eða allir aðrir atvinnuvegir.

Slíkt frv. sem þetta er vitanlega fjarstæða frá sjónarmiði okkar, sem vitum, að atvinnulífið þróast af framtaki manna og þörfinni og skiljum, að svo framarlega sem ekki eru lagðir steinar í götu atvinnuveganna, þá þroskast þeir á eðlilegan hátt, en ekki ef þeir eru spilaðir upp eftir pólitískum heilaspuna óhlutvandra loddara.

Við, sem bárum fram frv. í fyrra, vildum efla lánsstofnun, sem gæti lánað fé til endurnýjunar togaraflotanum, og það var vitanlega eina skynsamlega leiðin til endurnýjunar flotanum á réttum grundvelli. En ég varð ekki var við, að hv. þm. Hafnf. legði eyrun að þessu, og ég varð ekki heldur var við það þá, að þessi hv. þm. teldi atvinnulífi landsmanna stafa hætta af því, að togaraflotinn gengi úr sér.

Það, sem sérstaklega hvatti mig til þess að standa upp í þetta sinn, voru þau ummæli hv. flm., að útgerðarmenn togaranna og eigendur þeirra hefðu ekki í neinu sýnt það, að þeir *ætluðu eða vildu endurnýja þá.* Þetta verð ég að segja, að sé allgrálega mælt. Hafa útgerðarmenn kannske ekki barizt við óvenjulega örðugleika í fleiri ár, og halda togurunum úti með tapi, í von um að geta staðið af sér élið, endurnýjað þá og haldið þeim við, þrátt fyrir það, þó að þeir hafi verið níddir á allan hátt og engu átt *að mæta nema skilningsleysi og andúð hjá þeim,* sem telja togaraútgerðina óþjóðholla og vilja fyrirkoma henni? Þrátt fyrir þetta er enginn vafi á því, að togaraeigendur myndu endurnýja flota sinn, enda þótt ekki hafi blásið byrlega um sölu sjávarafurðanna, ef þeir hefðu aðeins samúð og skilning stjórnarvaldanna og fólksins. Það er því aðbúðin að þeim, sem standa að þessum atvinnurekstri, sem er þess valdandi, að þeir hafa ekki getað endurnýjað togarana.

Ég vil svo að síðustu undirstrika það, sem ég tók fram áðan, að mér finnst harla undarlegt, eftir þær undirtektir, sem hliðstætt mál þessu fékk hér á síðasta þingi, þá skuli þetta mál vera orðið svona mikið hitamál þeirra sömu manna, sem mest og harðvítugast lögðust á móti frv. okkar í fyrra. Já, svo mikið hitamál, að nú vilja þeir láta ríkið og bæjarfélögin leggja stórfé í hættu til þess að endurreisa þá sömu útgerð, sem í fyrra þótti ekki hæf til þess að komast undir lögin um skuldaskil útvegsmanna. Annars er það svo, að það er ekki skipaleysið, sem mest þjakar útgerðina nú, heldur hitt, hve erfitt er að koma afurðunum í verð. En það, að hægt sé að koma afurðunum, sem flotinn aflar, í verð, er vitanlega fyrsta skilyrðið fyrir því, að það þýði að endurnýja hann. Verði nú að því ráði horfið að láta ríkið fara að gana út í þennan atvinnurekstur, án þess að taka tillit til ástæðna þeirra, *sem fyrir eru,* þá yrði það til þess að hleypa á stað keppni um þann litla markað, sem til er fyrir framleiðsluvörur sjávarútvegsins, en hvort það er það eina nauðsynlega, er annað mál. Þannig er það ekki víst, að aukning togaraflotans á þann hátt yrði almenningi til hagsbóta. En hitt er víst, að endurnýjun hans á eðlilegan *hátt yrði almenningi til hagsbóta.* Um það verður ekki deilt.

Flm. (Emil Jónsson): Það er fátt eitt í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem svara þarf. — Hann vildi halda því fram, að einstaklingarnir vildu og gætu endurnýjað togaraflotann, ef þeim aðeins væri sýndur sá sómi, sem hann og flokksmenn hans krefðust. Þetta er bara gamli sónninn, að telja erfiðleikana stafa af skattaálagningu og andúð andstæðinganna. Án þess að fara langt út í þetta, þá tel ég slíkt alls ekki vera höfuðástæðuna fyrir hinni vondu afkomu togaraútgerðarinnar.

Þá sagðist hv. þm. hafa borið fram á þinginu í fyrra svipað frv. og þetta, sem hér er til umr. Mér er hreinasta ráðgáta, hvaða frv. þetta getur verið. Hann var eitthvað að tala um frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, sem hann, ásamt fleiri flokksbræðrum sínum, flutti á síðasta þingi. Að hann hafi átt við það með þessum ummælum sínum, getur tæplega verið, því að það frv. gekk ekki út á að halda við togaraflotanum eða endurnýja hann, heldur gekk það beinlínis út á það, að tryggja togaraeigendurna sjálfa. En það er vitanlega allt annað, að tryggja það, að vissir menn hafi umráðarétt yfir skipunum, heldur en það, sem frv. okkar miðar að, en það er að fá ný og betri skip inn í landið. Þetta er höfuðmunurinn á sjónarmiðum okkar flm. þessa frv. og hv. 6. þm. Reykv., að við höfum hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, en hann og fylgifiskar hans aðeins nokkra togaraeigendur. Hvort heilbrigðara er, þarf ekki að deila um.

Hann fullyrti, að það væri rangt hjá mér, að útgerðarmenn hefðu ekki sýnt sig neitt í því, að þeir ætluðu að endurnýja flotann. Það væri aðeins illkvitni stjórnarflokkanna um að kenna, að þeir voru ekki þegar byrjaðir á því. Ég fæ nú alls ekki séð, á hvern hátt togaraeigendurnir hefðu átt að geta endurnýjað flota sinn, þó að frv. hv. 6. þm. Reykv. og flokksmanna hans hefði verið samþ. í fyrra, því að eins og ég þegar hefi bent á, fór það eingöngu í þá átt að tryggja útgerðarmennina, en ekki útgerðina

sjálfa, en það er sitt hvað. Að hér sé um samskonar mál að ræða, er því hreinasta fjarstæða.

Sigurður Kristjánsson: Út af síðustu orðum hv. flm., að hann hefði ekki orðið var við það, að frv. okkar í fyrra hefði átt að vera til þess að halda við togaraútgerðinni, heldur hefði það miðað að því einu að halda útgerðarmönnunum við, vil ég segja það, að ég fæ ekki séð, hvernig á að efla útgerð án einhverra útgerðarmanna. Þetta sýnir berlega, að það er ekki hægt að koma því inn í hugsunarhátt þessa hv. þm., að það sé nauðsynlegt að efla atvinnurekstur án tillits til þess, hverjir reki hann. Það, sem vakti fyrir okkur flm. frv. í fyrra, var það, að efla lánsstofnun, svo hægt yrði að endurnýja veiðiskipin, bæði stór og smá. Að auka skipastólinn frá því, sem hann er nú, vakti ekki fyrir okkur, heldur aðeins að halda honum við, og auka hann svo smátt og smátt, eftir því sem þörfin fyrir auknингu hans kynni að skapast. En það, sem fyrir hv. flm. virðist vaka, er bein aukning veiðiflotans, en til þess að hún geti talizt nauðsynleg, verður það jafnframt að liggja fyrir, að hægt sé að koma hinni auknu framleiðslu í verð.

Að síðustu get ég ekki látið vera að láta í ljós vanþóknun mína á þeim loddaraleik, sem flm. frv. þessa eru að leika. Þeir hljóta að sjá það mennirnir, að þeir standa sem afhjúpaðir loddarar fyrir þingheimi, því að það er öllum ljóst, að það er ekki af umhyggju fyrir útgerðinni, að þeir bera frv. þetta fram. Hér er aðeins um pólitíska varnarráðstöfun að ræða. Þeir halda, þeir góðu menn, að nú reki að því, að það fari að slitna upp úr vinskapnum á kærleiksheimilinu, og sú stund nálgist, að þeir þurfi að ganga til nýrra kosninga, og því sé betra að hafa æft eitthvert loddaraleikrit til þess að leika við það tækifæri.

Flm. (Emil Jónsson): Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að frv. hans og félaga hans í fyrra um skuldaskil útgerðarmanna hefði miðað að því að halda togaraflotanum við og auka hann, eftir því sem þörfin krefðist á hverjum tíma. Þessu leyfi ég mér að mótmæla, því að ég hygg, að það hafi ekki verið féleysi, sem hefir hamlað því, að nýir togarar hafi verið keyptir, þar sem ekki þarf nema 150—200 þús. kr. til þess að festa kaup á nýjum togara.

Þá var hv. þm. að tala um loddaraleik okkar jafnaðarmanna í þessu máli. Slík ummæli frá honum eru sama og að tala um snöru í hengds manns húsi. Því að hafi nokkur maður leikið loddaraleik í stjórnmálum, þá hefir þessi hv. þm. gert það. Honum hefir ekki nægt að gera það hér í þingsölunum, heldur hefir hann og leikið sinn sama leik bæði á þingmálafundum og í blaðagreinum. Hér á Alþingi hefir hann þyrlað upp frv., sem engin hugsun hefir verið í og ekki nokkur leið að framkvæma, og því borin fram aðeins til þess að blekkja. Þegar svo þessi maður fer að vanda um við okkur, sem berum fram frv. okkar í góðri trú, finnst mér skörin fara að færast upp í bekkinn.

Finnur Jónsson: Ég vildi gera stutta aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv., þó að hv. þm. Hafnf. hafi að vísu tekið af mér ómakið að mestu leyti.

Það má ekki standa ómótmælt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér í þessari hv. d. um viðtökur þær, sem frv. þau, er mþn. í sjávarútvegsmálum kom með í fyrra, að það hefði verið álit okkar meirihl.manna í sjútvn., að það ætti ekki að endurnýja togaraflotann, og að það sé loddaraleikur, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé fram komið. Þessi ummæli hv. 6. þm. Reykv. eru eins rakalaus og tilhæfulaus eins og svo margt annað, sem sá hv. þm. leyfir sér að fara með hér í hv. d., og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna til frv. meiri hl. sjútvn. á þskj. 739 frá 1934, þar sem einmitt er rætt um þessi mál. Þar segir svo um togaraflotann:

„Einstaklingar hafa ekki orðið þess megnugir eða ekki hirt um að endurnýja stórútgerðina. Það opinbera, ríki eða bæjarfélög, verður því fyrr eða síðar að hlaupa undir bagga og gera það eða veita aðstoð til þess, eigi ekki sá hluti útgerðarinnar, sem beztan arð getur gefið og mesta atvinnu á sjó og landi, að leggjast í rústir. Til þessa álítur meiri hl. n. að nota beri fé og lánstraust ríkisins, en ekki í skuldafenið og hin gömlu sökkvandi skip einstaklinga."

Það þarf ekki að efa það, að hv. 6. þm. Reykv. hafi verið kunnugt um þetta mál, því að svo mjög ræddi hann það í þessari hv. d. í fyrra. En þrátt fyrir það lætur hann sér sæma að standa upp og segja, að það sé meining Alþfl. að leggja togaraflotann í rústir.

Sigurður Kristjánsson: Það er aðeins stutt aths., sem ég þarf að gera. — Ég held, að þessu málefni hv. flm. verði ekki mikil stoð að því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, því að hann las einmitt upp orð úr því skjali, sem ég held, að sé einna fjandsamlegast útgerðinni af þeim þingplöggum, sem fram hafa komið. Þar segir, eins og hv. þm. las upp, að „skipaeigendur voru ekki þess megnugir eða **hirtu ekki** um að endurnýja togaraflotann". Þessi slagorð, að þeir „hirtu ekki um það", hafa ennþá ekki fengið neina stoð. Þau sýna ekki annað en tilhneigingu manna, sem er illa við útgerðina eða útgerðarmenn. Þeir segja þessi ósannindi, en verða aldrei þess megnugir að færa sönnur fyrir þeim. Og svo er þessi maður, hv. þm. Ísaf., að tyggja upp þessi fjandsamlegu ummæli um þá menn, sem alltaf hafa sýnt, að þeir vildu endurnýja skipin, þótt þeir hafi neyðzt til að kaupa gömul skip, þegar þeir gátu ekki keypt ný, til þess að endurnýja togaraflotann. — Ég þarf ekki að svara þessu með fleiri orðum. Við komum til með að kljást um þetta mál í n., en það er bert af þeim ummælum, sem hv. þm. las upp, þar sem það er tekið fram, að ríkið verði að taka til sinna ráða í þessum efnum, að það er ekki annað en ákveðinn vilji, sem látinn er í ljós um það, að einstaklingarnir reki ekki þessa atvinnu, heldur komist hún í hendur ríkisins. Og það er bert, að það, sem vakir fyrir stuðningsmönnum þessa máls, er með illu eða góðu að útrýma fyrst og fremst þeim mönnum, sem með framtaki sínu standa undir þessum atvinnurekstri, til þess að koma honum öllum í hendur ríkisins.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi fylgzt með þessum umr. og tel það skyldu allra þm. að gera það sem bezt, því að hér er áreiðanlega stórt mál á ferðinni. — Mér kom það dálítið undarlega fyrir að heyra hv. þm. Hafnf. halda því fram, að það, sem þyrfti að hugsa um, væri að halda við nýjum og nothæfum skipum í landinu, en hitt skipti ekki máli, hvort útgerðarmönnum væri haldið við eða ekki, og þeir hefðu lífsskilyrði til þess að starfa að sínum atvinnurekstri eða ekki. Það er a. m. k. mikil skammsýni í þessum efnum, því að það kemur áreiðanlega einhverntíma að því, að þeir togarar, sem keyptir eru fyrir tilstilli ríkis og bæja, eldist eins og önnur skip, og það kemur fram sem erfiðleikar, ef ekkert er gert fyrir þessa aðila til þess að halda úti skipunum, svo að þau geti borið sig og atvinnureksturinn haldist við í landinu. Þetta verður að fylgjast að, og það er í raun og veru aðalatriðið að skapa fyrst lífvænleg skilyrði við þennan atvinnurekstur, og svo að styðja þá, sem atvinnureksturinn stunda, til að fá sér skip og önnur nauðsynleg áhöld til þess að þessi atvinnurekstur verði rekinn með sem beztum árangri. Þetta verður ávallt jafnnauðsynlegt, hvort heldur það eru einstaklingar, sem hafa þennan atvinnurekstur með höndum, eða það eru bæir og ríki. Hv. þm. Hafnf. mundi því áreiðanlega verða seinna — ef hann vill ekki gera það samhliða — að skapa bæjarfélögunum eða ríkissjóði þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til þess að útgerðin með þessum nýju skipum geti borið sig. Hér má ekki greina í sundur þetta tvennt. Annars fannst mér það kaldar kveðjur frá þessum hv. þm. í garð þeirra manna, sem hafa staðið undir þeim mikla þunga, sem kreppuárin hafa lagt á herðar allra framleiðenda í landinu. Því að ef ásökun hv. þm. Hafnf. er réttlát í garð þessara manna, sem eru að sligast undan þessum atvinnurekstri, og ef þeir eiga engan rétt á að fá hag sinn réttan, nema þá með einhverjum meira eða minna ranglátum ráðstöfunum gagnvart þeim, þá hlýtur sömu spjótum að verða beint til annara framleiðenda í landinu. Og ef þeir eiga líka í vændum slíka andstöðu hér á þingi, eins og mér fannst felast í orðum hv. þm. Hafnf. gagnvart útgerðarmönnum yfirleitt, þá finnst mér, að andi kalt frá löggjafarþingi þjóðarinnar til þeirra stétta, sem velferðarmál þjóðarinnar hvíla mest á, því að undir því er velferð þjóðarbúsins komin, að framleiðendurnir fái starfað með sem beztum árangri. Öll umbótastarfsemi, sem jafnaðarmenn segjast berjast fyrir, verður að engu liði, ef framleiðendur geta ekki rekið atvinnu sína skaðlaust.

Ólafur Thors: Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. málsins, því að mér þykir sjálfsagt, að því verði vísað til n. Ég ætla ekki heldur, þó að ég hafi kvatt mér hljóðs, að fara ýtarlega út í málið við þessa umr.

Ég var ekkert hissa á þeim orðum, sem féllu af vörum hv. þm. Ísaf. í garð útgerðarmanna. Hann er þekktur að illkvittni í þeirra garð og lítilli ábyrgðartilfinningu fyrir sínum orðum. En ég kemst ekki hjá því að láta í ljós undrun mína yfir ummælum hv. þm. Hafnf., því að maður á síður af honum að venjast samskonar bardagaaðferð og hv. þm. Ísaf. Bæði af þessu, er ég þegar hefi getið um, undrar mig þessi ummæli, og eins af hinu, að hann er sjálfur í þeirri aðstöðu, að hann hefir kynnzt nokkru betur togaraútgerð heldur en hv. þm. Ísaf. Sem bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar er hann aðalráðamaður útgerðar Hafnarfjarðarkaupstaðar, en hann rekur sem kunnugt er tvo togara. Þessi hv. þm. hefir því fengið tækifæri gegnum þennan rekstur til að kynna sér þá erfiðleika, sem stórútgerðin á við að stríða, og af þeirri reynslu veit hann vel, að það er ekki viljaleysi, heldur getuleysi, sem veldur því, að stórútgerðin hefir ekki endurnýjað flota sinn betur heldur en raun ber vitni um.

Það má náttúrlega lengi rekja rætur þessara meina, sem menn nú viðurkenna, að séu fyrir hendi, þ. e. a. s. bágrar afkomu stórútgerðarinnar, en ræturnar eru að miklu leyti þær, að hið opinbera hefir búið illa að þessari útgerð. Það hefir aldrei verið spurt um gjaldgetu hennar, en nýjum sköttum og tollum verið hlaðið á hana svo að segja á hverju þingi. Það er fyrst og fremst aðbúnaði þess opinbera í garð útgerðarinnar að kenna, hvað lítið bolmagn hún hefir haft til að inna að hendi þá eðlilegu skyldu að endurnýja flotann hæfilega. Auk þessa hafa verið gerðar meiri kröfur á hendur stórútgerðarinnar um kaupgjald heldur en á hendur smáútgerðarinnar. Það upplýstist í rannsókn mþn. í sjávarútvegsmálum, að í fyrsta lagi hefðu menn, sem við stórútgerð vinna, miklu lengri atvinnu heldur en þeir, sem vinna að smáútgerð. En auk þess kom í ljós, að kaup þeirra var margfalt hærra. T. d. var kaupgjald á minnstu bátum ekki nema um 6 kr. á dag, en á stærri bátum, frá 12 og upp í 40 til 50 smálestir, var það um 13 kr. á dag, en á togaraflotanum yfir 22 kr. Þessar kröfur af hendi hins opinbera og hins vinnandi lýðs á hendur stórútgerðinni gera það að verkum, að enda þótt það sé rétt, sem hv. flm. sagði, að togararnir væru tvímælalaust beztu framleiðslutækin við sjóinn, er nú svo komið, að fyrir eigendur þessara framleiðslutækja hafa þau ekki verið arðbær undanfarin sex ár. Togararnir hafa verið reknir með allverulegum halla á hverju ári frá 1930, að því meðtöldu. Einmitt nokkur af þessum árum hefir hv. þm. Hafnf. haft með togaraútgerð að gera og veit þess vegna vel, hvað erfiðleikarnir eru miklir og þungbærir. Ég viðurkenni, að einmitt þessir örðugleikar og sú staðreynd, að útgerðin hefir ekki getað endurnýjað flota sinn af sjálfsdáðum, skapar eðlilega ástæðu til þess að varpa fram þeirri spurningu, hvort hið opinbera ætti ekki að skerast í leikinn. En í sambandi við það væri ærið tilefni til þess að biðja menn að reyna að gera sér meiri grein heldur en almennt er gert fyrir gangi þessara mála, eins og hann hefir verið á undanförnum árum. En víða hefir hann verið sá, að kaupkröfur á hendur útgerð einstaklinganna hafa verið svo óbilgjarnar, að einkafyrirtækin hafa lamazt og orðið að gefast upp. Þegar þau hafa gefizt upp, hafa íbúar hlutaðeigandi kaupstaðar, í hvaða flokki sem þeir

eru, neyðzt til að viðurkenna, að atvinnubresturinn, sem varð af niðurfellingu útgerðarinnar í höndum einstaklinganna, knýr fram þörf fyrir nýjan hliðstæðan atvinnurekstur. Þá hefir nýjum atvinnurekstri verið hleypt af stokkunum, sumpart með samvinnufélögum, sem ríkið hefir styrkt að verulegu leyti með fjárframlögum og ábyrgðum, og bæjarfélögin hafa einnig styrkt á margvíslegan hátt. Gleggst dæmi um það er samvinnufélag Ísafjarðarkaupstaðar, og án þess að ég ætli að rekja ýtarlega sögu þess, þá er það ekki ofmælt, að hún er einna raunalegastur vottur um lélega afkomu íslenzkrar útgerðar. Þrátt fyrir, að sú útgerð hefir átt því láni að fagna að tryggja sér óvenjulega duglega og fengsæla aflamenn til formennsku á skipum sínum, hefir sú útgerð tapað árlega, og það þótt einstakir eigendur hennar, eins og hv. þm. Ísaf., hafi notað aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi til þess — ja, ég þori ekki að segja á glæpsamlegan hátt, en á mjög óviðfelldinn hátt — að ívilna og hagna þessu einkafyrirtæki á kostnað bæjarfélagsins, er hann sem bæjarfulltrúi var settur til að gæta. Eftir að þetta félag þannig hefir notið styrks þess opinbera á allan hátt og sogið bæjarfélag sitt þannig, að þess eru engin dæmi, þá er það fyrsta félagið, sem skilar sér í skuldaskilasjóð, sem marðist fram sem óburður með afturfótafæðingu út úr þeim tilraunum, sem við sjálfstæðismenn gerðum til þess að koma fram lagafyrirmælum, sem fullnægðu einhverjum fleirum en hv. þm. Ísaf. Og mér er sagt, að þarna sé allveruleg upphæð í húfi. Ég vek athygli á þessu, ekki til þess að svala mér á hv. þm. Ísaf. út af þeim kaldyrðum, sem hann viðhafði í garð stórútgerðarinnar, heldur til þess að vekja löggjafann til umhugsunar um, hvaða leið þetta er. Einkafyrirtæki eru drepin niður með óbilgjörnum kröfum. Niðurfelling atvinnurekstrarins krefur áframhaldandi starfrækslu á útgerð í einhverri mynd. Það opinbera leggur fram fé til þess að koma þessum atvinnurekstri af stað. Þegar ríkið er búið að gera það, verður það að þola, að niður falli öll gjöld, sem bæjarfélögin höfðu áður af þessum atvinnurekstri, og þar til viðbótar, að fyrirtæki eins og það, sem ég nefndi áðan, beinlínis étur upp með lántökum ýmsa sjóði, sem bæjarfél. ætlaði að verja í öðrum tilgangi. Þetta er varhugavert og gefur tilefni til mikillar svartsýni um framtíð íslenzkrar útgerðar, þegar sá atvinnurekstur, sem áður var máttarstoðin undir þörfum bæjarfélaganna, er nú orðinn þyngsti ómaginn á þeim. Það sjá allir, að með þessu er stefnt í beinan voða.

Annað form er það, sem Hafnarfjarðarbær rekur, þ. e. bæjarútgerð. Ég er ekki að harma það, þó að bæjarfélögin íslenzku reyni það eins og við einstaklingarnir, sem rekum þennan atvinnuveg, að það er ekki alltaf gróðavegur. En það sjá allir, að það er munur fyrir bæjarfélögin að þurfa að halda uppi atvinnu í bæjarfélaginu á þennan hátt, með því að tapa og jafnframt að missa tekjur af samskonar atvinnurekstri í höndum einstaklinga. Einnig þetta gefur manni tilefni til alvarlegrar umhugsunar um framtíð íslenzkrar útgerðar. Ég segi þetta ekki til hnjóðs þeim mönnum, sem stjórna bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi gert það verr en gerist og gengur, og ég hygg, að þeir taki Ísfirðingum fram, því að ég geri ráð fyrir, að það væri varla komið jafnhörmulega fyrir þeirri útgerð á svo skömmum tíma með öllum þeim styrkjum, sem hún hefir fengið, ef vel hefði verið á haldið.

Á þessu stigi málsins vil ég ekki segja annað en það, að vanmáttur einstaklinganna til þess að endurnýja flotann hefir, eins og ég gat um áðan, skapað eðlilega aðstöðu til þess að varpa fram spurningu um það, hvort hið opinbera þurfi ekki að eiga hlut að því, að einhver endurnýjun geti farið fram. En auðvitað er það eðlilegt frá mínu sjónarmiði, ef það á annað borð þykir tiltækilegt, að hið opinbera leggi fram fé, þá sé það lagt fram til styrktar einstaklingunum, sem reka þessa útgerð. En það er eðlilegt, að sá styrkur geti ekki verið framreiddur í því formi, að þeir einstaklingar, sem reka stórfelldan atvinnurekstur fyrir sinn eiginn reikning, noti til þess rifleg framlög úr ríkissjóði. En það mætti athuga einmitt nú, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar þær formsbreytingar á útgerðinni og eignarrétti þeirra togara, sem nú eru reknir, sem gerðu það aðgengilegra, að ríkið styrkti hana heldur en nú getur talizt, meðan ekki fleiri menn eiga þar hlut að máli. Þetta á sérstaklega við um stærstu félögin, sem eru í fárra manna höndum, sem hvorki ætlast til né vildu þiggja beinan ríkisstyrk meðan þau eru rekin sem eign þeirra fáu manna, sem nú eiga þau. En sem sagt, ef nauðsynlegt er að hefjast handa nú þegar um endurnýjun á togaraflotanum, þá verður það eðlilegast frá okkar sjónarmiði, sem trúum meira á ágæti einstaklingsframtaksins heldur en opinbera starfrækslu, að til athugunar verði tekið, hvaða formsbreytingar þyrfti að gera á útgerðarfélögunum, sem nú starfa, til þess að á einhvern hátt mætti koma aukningunni við. En hitt skilur hv. þm. Hafnf. mætavel, að ef rætt er um líðandi stund, er það ekki óeðlilegt, að hv. 6. þm. Reykv. viðhefði þau ummæli um þetta frv., að með því að bera það fram væri verið að leika loddaraleik. Hann veit vel, að fyrir tveimur árum seldum við Íslendingar til Spánar 35 þús. smálestir af fiski, eða helminginn af allri okkar fiskframleiðslu. Nú eru engar líkur til, að í ár getum við selt meira en 15 til 16 þús. smálestir þangað, og það er allt í óvissu, hvort við getum náð þeim samningum að ári eða ekki. Þarna erum við því búnir að missa markað fyrir 20 þús. smálestir eða meira. — Árið 1932 eða 1933 seldum við til Ítalíu 23 þús. smálestir. Í ár er búið að takmarka þann innflutning okkar við 10 þús. smálestir, og allt í óvissu, hvort við náum því magni að ári eða ekki. Við erum því búnir að missa markað þar fyrir 13 þús. smálestir í viðbót við þær minnst 20 þús. smálestir, sem við erum búnir að missa á Spáni. Samtals erum við búnir að missa markað fyrir um 33 þús. smálestir í þessum löndum, eða um helming af allri framleiðslu okkar. Hv. þm. Hafnf. veit, að við höfum reynt að ráða bót á þessu með því að ná í markað í Portúgal, og hefir það tekizt furð-

anlega vel. Nú veit hann, að einnig sá markaður er í hættu, þannig að hann með mér mundi viðurkenna, að það eru harla litlar líkur fyrir því, að við höldum honum að ári, og bendir margt til þess, að við höldum ekki helmingnum af honum. Erum við þá búnir að missa ⅔ af okkar markaði.

Dettur nú nokkrum heilvita manni í hug, að það bæti úr **þessari** ógæfu, að ríkið taki millj. kr. lán til þess að auka fiskframleiðsluna? Allir sjá, að ekki er til neins að gera út fleiri togara, ef ekki er hægt að selja einn ugga í viðbót við það, sem nú er. Það væri mikil óvarkárni, svo dökkar sem horfurnar eru nú, að fara að bæta á skuldabyrði ríkissjóðs nýjum kvöðum til þess að auka framleiðsluna. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að það væri meira vit í þessari uppástungu, ef henni fylgdi það, að sökkva skyldi eða binda við festar nokkurn hluta togaraflotans. En þá væri sá ljóður á, að ekki myndi það bæta atvinnuvandræðin, því að almenning skiptir það litlu máli, hvort hann ynni og tæki laun sín á þessum nýju skipum eða þeim, sem nú eru rekin.

En um þann þátt frv., sem mér skilst vera grundvallarhugsun hv. flm., sem sé að tryggja það, að togaraflotinn hrörni ekki að okkur óviðbúnum, leggist ekki í rústir án þess að rönd verði við reist — um þennan þátt er það að segja, að það væri a. m. k. athugandi, hvort ekki væru til einhverjar líkur (ég segi ekki vissa) í augum hinna bjartsýnustu (ég segi ekki hinna svartsýnustu) til þess að svo kynni að fara, að við myndum síðar meir geta selt afurðir okkar, og þegar svo væri komið, hvort ekki myndi þá vera hægt að hefjast handa um endurnýjun togaraflotans, eins og allir eru sammála um, að nauðsyn beri til.

Ég vænti þess, að menn dragi rétta ályktun af orðum mínum, sem sé þá, að ekki dugi að drepa niður einstaklingsframtakið og leggja síðan þungar kvaðir á hið opinbera, til þess að hið opinbera framtak ráði bót á atvinnuleysinu. Slíkt er til lítils, þegar hið opinbera getur ekki risið undir þeim kvöðum og ekki er hægt að selja þá framleiðsluaukningu, sem þannig myndi fást. Jafnframt vildi ég vekja hv. þdm. til umhugsunar um þá eðlilegu ósk, sem fram kemur í frv. um endurnýjun togaraflotans, og er ég þess því hvetjandi, að málinu verði vísað í n. til frekari athugunar, svo að líka sé hægt að athuga málið frá fleiri hliðum en grg. gerir og þingheimur geti skoðað það í gleggra ljósi og síðan, að fengnum öllum upplýsingum, dæmt um það, hvað heppilegast muni reynast í þessum efnum.

Finnur Jónsson: Hv. þm. G.-K. minntist á það oftar en einu sinni í ræðu sinni, að ég hefði kastað kaldyrðum að útgerðinni. Mér þykir leitt, að hv. þm. skuli ekki hafa heyrt það, sem ég sagði, eða þá ekki skilið það. Ég hefi engum kaldyrðum kastað að útgerðinni. Ég las aðeins upp nokkrar línur úr nál., þar sem því er slegið föstu, að togaraflotinn hafi ekki verið endurnýjaður nú um skeið. Þar sem þetta er sú skoðun, sem hv. þm. G.-K. hefir sjálfur látið í ljós bæði í ræðu og riti, skil ég ekki, hvernig hægt er að skoða orð mín sem kaldyrði í garð útgerðarinnar. Þetta eru staðreyndir, og aðalatriði málsins verður þá það, hvernig hægt sé að endurnýja togaraflotann.

Það var sagt hér í einni þingræðu af hv. 6. þm. Reykv., að hér hefði í fyrra legið fyrir frv. frá honum og flokki sjálfstæðismanna, þar sem gert var ráð fyrir slíkri eflingu fiskveiðasjóðs, að hann yrði fær um að endurnýja togaraflotann. Nú er það vani hv. 6. þm. Reykv. að hrúga hér fram frv., sem að sögn eiga að vera til eflingar sjávarútveginum, en eru í rauninni mest til að sýnast. Nú væri ekki hægt að heimta af honum minna en það, að hann vissi, hvað stæði í hans eigin frv. En í frv. um fiskveiðasjóð, sem hann vitnaði til, er gert ráð fyrir, að 30000 kr. sé það hæsta lán, sem hægt sé að veita út á hvert skip. Þegar nú þess er gætt, að nýtízku togari kostar hátt á 5. hundrað þús. kr., sést bezt, hve langt þessar upphæðir mundu hrökkva til endurnýjunar flotanum. Ég minnist ekki á þetta dæmi af því, að slíkt sé nein nýlunda af hálfu þessa hv. þm., en það sýnir með öðru, hve ósýnt honum er yfirleitt um að vita, hvað hann ætlar sér í raun og veru með frv. sínum. — Frv. sjálfstæðismanna í fyrra um fiskveiðasjóð getur því ekki talizt að hafa verið flutt til endurnýjunar togaraflotanum, og er því allt annars eðlis en frv. það, sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. G.-K. sendi mér og samvinnufélagi Ísfirðinga, sem ég hefi stjórnað nú um nokkur ár, sínar venjulegu kveðjur. Hann sagði, að þetta félag væri ljósastur vottur um erfiðleika þá, sem sjávarútvegurinn hefði átt við að stríða undanfarið og félagið hefði ekki farið varhluta af, fremur en aðrir. En þetta félag er nú ekki stofnað sem gróðafyrirtæki, heldur sem atvinnubótafyrirtæki sjómanna og verkamanna, þegar útgerð einstaklinga var hrunin í rústir. Ég minnist á þetta mál af því, að það hefir á óviðeigandi hátt verið dregið hér inn í umr. — Félagið var stofnað árið 1926, þegar útgerð einstaklinga á Ísafirði var hrunin í rústir. Ísafjörður er bær, sem ekki hefir á öðru að lifa en útgerð. Þegar einstaklingsútgerðin var hrunin, voru öll skip seld burt úr bænum nema 2 eða 3 mótorbátar 12—20 smálesta, og er það ljóst, að eitthvað varð að gera, eins og komið var. Skip einstaklinganna voru öll auglýst og seld af bankavaldinu, sem öllu réði, og álitu margir, að það hefði verið gert til þess að koma bæjarfélaginu á kaldan klaka, því að jafnaðarmenn höfðu þá haft meiri hl. í bæjarstj. um nokkur ár. Var álitið, að sá væri tilgangurinn, að knýja bæjarstj. til að gefast upp og leita á náðir ríkissjóðs.

Samvinnufélagið tók til starfa um áramót 1928—29. Ég veit, að hv. þm. G.-K. viðurkennir, þegar hann athugar málið, að fiskverð hefir alltaf farið lækkandi síðan. Fyrsti fiskurinn, sem veiddist á skip félagsins, var seldur fyrir 53 aura kg., en síðan hefir verðið verið miklu lægra og jafnvel komizt niður í 21 eyri kg. — Um afkomu þessa félags get ég vísað til skýrslu mþn. í sjávarútvegsmálum, sem samin er af hv. 6. þm. Reykv., en hann hefir aldrei borið félaginu betur söguna en það hefir átt skilið. En þessi skýrsla ber með sér, að afkoma samvinnufélagsins hefir

ekki verið verri, heldur jafnvel betri en annara útgerðarfélaga á Vestfjörðum. Það má vera, að afkoman hefði orðið betri, ef einhver annar hefði stjórnað félaginu en ég. Um það dæmi ég ekki. Hinu vil ég mótmæla, að ég hafi notað aðstöðu mína á nokkurn hátt til að tryggja, að ég yrði ekki fyrir tapi, ef illa færi fyrir félaginu. Að vísu er það svo, að þegar félagið er stofnað, eiga hópar einstakra manna hvert skip um sig, en þessir menn vildu ekki halda skipunum út, þegar líkur reyndust til, að hagnaðurinn yrði enginn á haustvertíðinni, en hinsvegar var atvinnuþörfin knýjandi. Af þessu og svo því, að tap varð á sumum skipunum, þó að gróði yrði af öðrum, var talið rétt að sameina eign allra skipanna. Enginn einn maður hafði þar aðstöðu til að tryggja, að hann tapaði ekki fé. Allir voru samábyrgir fyrir skuldum félagsins og skuldbindingum, og eru það enn.

Nú er það rétt hjá hv. þm. G.-K., að félaginu hefir farið sem mörgum öðrum vélbátaeigendum, að snúa sér til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. Það er rétt, að félagið skuldar bæjarsjóði Ísafjarðar allmikla fjárhæð, og eins ríkissjóði. En á þessum síðustu tímum hafa fleiri komizt í slíkt en samvinnufélag Ísfirðinga. Þessar skuldir eru að vísu nokkuð háar, og er afleitt, ef þessar opinberu stofnanir skyldu tapa allmiklu af þeim. En það er nú svo um skuldir við hið opinbera, að þær lenda fyrr eða síðar á almenningi. Þannig er það t. d. um skuldir við bankana, sem taka því hærri vexti af lánum, sem meira af skuldunum næst ekki inn. — Ég veit, að hv. þm. G.-K. skilur þetta. Ég veit, að hann sér, að þar sem samvinnufélag Ísfirðinga hefir ekki átt tök á því að safna skuldum í bönkunum, eins og hann hefir gert og það fyrirtæki, sem hann hefir stjórnað, og þar sem það er stofnað sem atvinnubótafyrirtæki fyrir Ísafjarðarbæ, þá er ekki óeðlilegt, að skuldir þess söfnuðust fyrir hjá bæjarsjóði Ísafjarðar, ekki síst þegar þess er gætt, hve félagið hefir haldið uppi miklum atvinnubótum. Vinnulaun, sem félagið hefir greitt, hafa sjaldan verið undir 1 millj. kr. á ári. Tel ég þetta vera hlutfallslega þær mestu atvinnubætur, sem reknar hafa verið í nokkru bæjarfélagi að tiltölu við fólksfjölda.

Ég gat þess áðan, að skuldir samvinnufélags Ísfirðinga við ríki og bæjarfélag væru nokkuð miklar, en þó eru þær ekki nema helmingur af því, sem sagt er, að framkvæmdarstjórar Kveldúlfs skuldi í sínu eigin félagi. Það má reyndar segja, að slíkt séu einkamál, en svo er þó ekki alltaf. Ef það er satt, að félagið skuldi bönkunum 4—5 millj. kr. og að þær skuldir séu óveðtryggðar, þá kemur almenningi það meira en lítið við, hvort skuldirnar eru tapaðar eða ekki; því vitanlega lenda töpin á almenningi. Ég er ekki að segja þetta til þess að egna hv. þm. G.-K. upp, því að hann hefir haft ástæður til þess undanfarna daga að ergja sig yfir ýmsu, og er ekki gustuk á það að bæta. Ég segi þetta til þess að sýna, að fleiri skulda allmikið en samvinnufélag Ísfirðinga. Skuldir einstakra manna, þó að þær séu ekki hjá opinberum stofnunum, geta oft að lokum lent á því opinbera, og svo mun verða um skuldir þeirra Kveldúlfsbræðra.

Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram í þessu sambandi. En þar sem allar líkur eru til, eftir þeim að sumu leyti vinsamlegu viðtökum, sem frv. hefir fengið, að það fari til 2. umr. og n., og þar sem það virðist sameiginlegt álit allra, sem tekið hafa til máls, að endurnýja þurfi togaraflotann, en þar sem hinsvegar engar líkur eru til, að svo verði gert, nema hið opinbera leggi fram fé til þess, þá vil ég brýna það fyrir hv. dm. að láta það ekki verða til þess að sigla málinu í strand, þótt nokkuð kunni að greina á um leiðirnar.

Forseti (JörB): Umr. eru nú komnar alllangt út frá máli því, sem hér lá fyrir, en hv. frsm. málsins hefir þó ekkert tilefni gefið til þess, og af þeim, sem hingað til hafa talað, verður að vísu enginn einn sakaður um það öðrum fremur. En ég vil nú mælast til þess við þá, sem hér eftir kunna að taka til máls, að þeir haldi sér meir við efnið.

Ólafur Thors: Mér þykir ánægjulegt að heyra hv. þm. Ísaf. tala um útgerðarmál á svipaðan hátt og viti bornir menn gera. Það er ekki venja hans. En það er sannast sagna, að sá eldur er heitastur, er á sjálfum brennur. Ef bæjarfélag hans hefði ekki lent í því óláni að fela honum forstjórn þess fyrirtækis, sem hann minntist á og nú er á góðum vegi með að mergsjúga bæjarfélagið, myndi hann ekki hafa haft þessi orð um erfiðleika útgerðarinnar eða látið í ljós slíkan skilning á málum þessa atvinnurekstrar og þó kom fram hjá honum. En þó að ég fagni því, að hann hefir hlotið þessa reynslu, er samt ekki því að leyna, að hún var nokkuð dýrkeypt.

Það er nú gaman fyrir okkur, sem á meðan við áttum nokkuð vorum níddir sem blóðsugur, og eftir að sjóðir okkar eru upp gengnir erum níddir sem fávitar — það er gaman að hafa n.a í feninu fyrir neðan sig bak þessa hv. þm. til að fóta sig á, því að ekkert fyrirtæki er eins neðarlega komið með jafngóðan afla og það, sem hann hefir veitt forstöðu.

Út af því, sem hann vék að mér og félagi mínu, vil ég taka það fram, að ég er persónulega ábyrgur fyrir öllum skuldum þess félags. Fari svo, að það rísi ekki undir skuldbindingum sínum, þá stend ég þar undir með öllu því, sem ég hefi handa á milli. Ég hefi aldrei ætlað mér að verða ríkur á því að láta félag mitt fara á höfuðið, og þarf ég ekki að bera kinnroða fyrir neitt í þessu sambandi.

Félag það, sem ég hefi staðið fyrir, hefir alls greitt um 40—50 millj. í kaupgjald og margar milljónir til hins opinbera í gjöldum og vöxtum, og hefir það oft orðið að greiða hærri vexti vegna annara, sem gefizt hafa upp. Ég hefi ekki haft neitt af neinum og þarf engan kinnroða að bera fyrir mitt fyrirtæki, sem m. a. hefir greitt meira í kaupgjald en nokkurt annað hérlent fyrirtæki. Ef ég skulda mínu félagi, sem er rétt, þá er það af því, að ég hefi haft beint samband við hann lánardrottin um húslán, og hefi ég tekið það ráð að fá heldur lánin hjá félaginu en bönkunum, og er það gert í samráði við lánardrottna félagsins. En vitaskuld standa allar

minar eignir til tryggingar fyrir þeim lánum, sem ég hefi fengið, og þarf ég því heldur engan kinnroða að bera fyrir þetta. Það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að hann kasti rýrð á mig með þessum aðdróttunum sínum. Það er alveg eins tilgangslaust fyrir hann að gera það eins og það er tilefnislaust fyrir hann að gera það.

Ég er búinn að lýsa afstöðu minni til þessa máls, og get því orðið við tilmælum hæstv. forseta, því ég þykist ekki þurfa að eyða fleiri orðum til þess að kasta frá mér áburði þeim, sem hv. þm. Ísaf. bar á mig. Enda er ég orðinn leiður á því að tugta þennan hv. þm., því hann er fremur vesall andstæðingur, sem mér þykir litill fengur í að fást við.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. talaði hér alllangt mál og lagði mikla áherzlu á það, að samvinnufélag Ísfirðinga væri atvinnubótafyrirtæki og til þess hefði verið stofnað sem atvinnubóta. Það kann að mega kalla það svo. En mér skilst, að honum sé nú mjög umhugað um að kalla það svo, vegna þess hvernig það er farið. Hann vill kalla það atvinnubótafyrirtæki af því, að allir sjá nú, að útvegurinn á við fleiri örðugleika að stríða heldur en hv. flm. þessa frv. og þeirra flokksmenn vilja viðurkenna. Það mætti með sama rétti kalla öll slík fyrirtæki atvinnubótafyrirtæki, þar sem þau láta mönnum í té atvinnu. Það mun nú vera einsdæmi, að nokkurt bátafélag sé stofnað með eins miklum ríkisstyrk og samvinnufélag Ísfirðinga. Í fjárl. fyrir árið 1928 segir, „að stj. sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lánum til félagsmanna í samvinnufélagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum, samtals allt að 320 þús. kr., enda nemi lánin eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða". Ég ber þetta saman við það, þegar einstaklingar eða félög hafa knúð út úr fiskveiðasjóði dálitla upphæð af því litla fé, sem hann hefir til umráða, til bátakaupa, og þessa ⅘, sem ríkið ætlaði að ábyrgjast til þess að koma samvinnufélagi Ísfirðinga á fót. Hitt er annað mál, að ríkissjóður mun nú vera kominn í borgunaraðstöðu og verður að standa skil á ábyrgðinni. Hv. þm. vildi leggja áherzlu á, að þetta væri atvinnubótafyrirtæki. Ég tel þetta ekki frekar atvinnubótafyrirtæki heldur en hvert annað mótorbátafélag á landinu. Það gefur ekkert meira af sér fyrir sjómenn að vinna hjá þessu félagi en annarsstaðar.

Hv. þm. minntist á það, að menn hefðu flúið af Ísafirði og skilið bændur eftir á heljarþröminni. En hvers vegna flúðu menn af Ísafirði? Það var af skilningsleysi þeirra manna, sem voru þar við stjórn. Það var af því, að þeir menn, sem voru þar við stjórn, sýndu svo litinn skilning á þörfum manna, að þeir gátu ekki haldizt þar við. Og svo mun verða þegar menn treystast ekki lengur til þess að standa undir því, sem á þá er lagt, að þá munu þeir verða að gefast upp. En hjá sósialistum er hugsunarhátturinn sá, að stofna til félagsskapar og gerast forstjóri fyrir honum, en forstjórinn vill aldrei vera í persónulegri ábyrgð fyrir félagið. En það er almennt svo, að þeir atvinnurekendur, sem ekki hafa þennan sósialistahugsunarhátt, eru, eins og hv. þm. G.-K. lýsti því, með allar sínar eignir í ábyrgð fyrir því, sem þeir skulda. Ég veit, að á þeim þrengingartímum, sem nú eru, er aðstaðan betri fyrir þá, sem eiga fjármuni sína tryggða, heldur en hina, sem leggja allt í hættu. En það er ólíkt heilbrigðari sá hugsunarhátturinn, þar sem atvinnurekandinn leggur út á djúpið og hefir á herðum sér fulla ábyrgð, en lætur ekki allt skella á bænum eða ríkinu.

Hv. þm. Ísaf. hafði alllangan formála fyrir máli sínu og var þar aðallega stefnt að öðrum hv. þdm., en með því að hann mun nú vera búinn að tala sig dauðan, en ef um nokkra sök er að ræða, þá hvílir hún eins þungt á mér og hv. 6. þm. Reykv., þar sem ég var einn af flm. að frv. því, sem hv. þm. Ísaf. gagnrýndi með mikilli frekju, en minni skilningi og ennþá minni sanngirni. Þetta frv. er frv. um fiskveiðasjóð Íslands, sem ég var flm. að ásamt 6 flokksbræðrum mínum á þinginu 1934. Í því frv. kom fram viðurkenning á þeirri þörf, sem virðist nú almennt viðurkennd, að það þurfi að sjá fyrir því, að báta- og togaraflotinn sé endurnýjaður. Þar er bent á leið og lögð drög að endurnýjun togaraflotans. Um þetta segir hv. þm. Ísaf., að það sjáist nú bezt, hvað hv. 6. þm. Reykv. risti grunnt, þegar hann sé að tala um þetta frv. sem nokkra meinabót, og hvað hann sé heill í garð útgerðarinnar, þegar hann sé að benda á frv. um fiskveiðasjóð sem hjálparhellu í þessu efni, vegna þess að það sé tekið fram í frv., að hámark lánveitinga má ekki fara fram úr 30 þús. krónum. Hann sagði, að allir sæju, hvað það myndi hjálpa til þess að endurnýja togaraflotann. Hv. þm. Ísaf. hefir gert sig sekan í því að fara hér með rangt mál. Frv. um fiskveiðasjóð var flutt samhliða öðru frv., um skuldaskilasjóð. Þessi frv. fara fram á þær leiðir m. a. að taka um visst árabil útflutningsgjaldið af sjávarafurðum og láta það fyrstu 6 árin renna í sjóð til þess að efla skuldaskilasjóðinn, en síðan átti það að renna í 10 ár í fiskveiðasjóð Íslands. Frv. um fiskveiðasjóð Íslands var miðað við næsta tímabilið, þegar útflutningsgjaldið átti ekki að renna í skuldaskilasjóðinn, heldur fiskveiðasjóð Íslands. Og hámarkið, sem nefnt er í frv., var miðað við vélbátana, því frv. var samið með þá bráðaþörf fyrir augum að hjálpa upp á vélbátaflotann, og með tilliti til þeirrar þarfar var ætlazt til þess, að útflutningsgjaldið kæmi ekki fyrstu 6 árin í fiskveiðasjóð. Um þetta segir svo í grg. fyrir frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands:

„Ekkert vit er í því að loka augunum fyrir þeim háska, sem þarna blasir við. Verður ekki séð, að annað ráð sé tiltækilegra til þess að forðast þann ófarnað en að efla lánsstofnun, sem veitt gæti hagfelld lán til endurnýjunar flotans. Virðist ekkert eðlilegra en að útgerðinni sjálfri sé leyft að vinna þetta nauðsynjaverk, ef hún reynist þess megnug. Nefndin leggur því til, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum verði í 10 ár látið renna í fiskveiðasjóð. Gert er ráð fyrir, að útflutningsgjaldið verði ekki undir 750 þús. kr. á ári, eða 7½ milljón króna í 10 ár. Með þessu móti telur nefndin, að fiskveiðasjóður mundi verða fær um að annast stofnlánastarfsemi allr-

ar útgerðar landsmanna. En með því að nefndin hefir í öðru frv. gert ráð fyrir því, að gjald þetta verði næstu 6 ár notað til skuldaskila og fjárhagslegrar viðreisnar útgerðinni, þá er ekki reiknað með því, að fiskveiðasjóður fái þessar tekjur fyrr en að liðnum þeim sex árum, eða í fyrsta sinn árið 1941. Ætlazt er til þess, að nánari fyrirmæli um tilhögun lána til togara og línugufuskipa verði sett í viðbótarreglugerð, er gefin verður út um leið og sjóðurinn verður fær um að hefja þessa grein lánastarfseminnar."

Það er skýrt tekið fram, að flm. hafi af ásettu ráði ekki sett ákvæði í frv. um lán til línuveiðagufuskipa eða togara, en það er gert ráð fyrir, að það verði gert, þegar fiskveiðasjóður fer að njóta tekna af fé því, sem lagt var til, að hann yrði aðnjótandi næstu 10 árin. Hv. þm. Ísaf. hefir því gert sig sekan í því að fara með villandi staðhæfingar og rangar getsakir í garð okkar, sem fluttum frv.

Flm. (Emil Jónsson): Ég skal nú ekki fara út í deilu þá, sem hv. þm. G.-K. og hv. þm. Ísaf. hafa átt um Kveldúlf og samvinnufélag Ísfirðinga, né bera af mér ásakanir þær, sem komið hafa fram um, að það andi köldu frá mér í garð útgerðarinnar. En ég skal taka það fram, að ég sagði áður, að ég teldi réttara að vinna að því, að útgerðin gæti haldið áfram, heldur en að útgerðarmennirnir geti haldið áfram. Og það er hið eina, sem mætti kalla kalda kveðju frá mér. En ég vil standa við þau orð mín, að ég legg meira upp úr því, að reksturinn geti haldið áfram heldur en að eigendurnir haldi áfram að vera þeir sömu. Og þetta var það sjónarmið, sem hæstv. atvmrh. lagði til grundvallar fyrir stefnu okkar flokks í umr., sem urðu um sjávarútvegsmálin á þinginu í fyrra.

Hv. þm. G.-K. sagði, að það væri ekki meinabót, eftir að við hefðum tapað markaði á Ítalíu, Spáni og Portúgal, að vera þá að auka skipastólinn. En hér er við tvennskonar erfiðleika að stríða. Annarsvegar er lokun markaða, en hinsvegar viðhald togaranna. Með þessu frv. á einungis að ráða bót á öðru vandamálinu, sem sé því, hvernig eigi að halda við togaraflotanum. Ég skal geta þess, að sem betur fer er þrengingin markaða ekki meiri en svo, að ekki hefir verið að ræða um neinar verulegar takmarkanir á veiði landsmanna. Það má vera, að þetta verði nauðsynlegt, en ég vil ekki gera ráð fyrir því, að á næstunni verði nauðsynlegt að grípa til þessa ráðs.

Ég get ekki séð, að það þurfi að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að sökkva skipunum, því það kemur fyrir, að þau sökkvi, þó að engar ráðstafanir séu gerðar til þess að sökkva þeim, og þá er gott, að eitthvað komi í staðinn. Það er nú svo hjá okkur, að það líður varla svo árið, að ekki farist fleiri eða færri af okkar ófullkomnu skipum.

Ég þurfti sérstaklega að segja dálítið við hv. 6. þm. Reykv., en ég get eins sagt það við hv. þm. Vestm., því að hann tók upp hanzkann fyrir hv. 6. þm. Reykv. — Hv. 6. þm. Reykv. vék að því í fyrri ræðu sinni, að þetta væri samskonar frv. og það, sem sjálfstæðismenn hefðu borið fram á síðasta þingi, en það hefði verið flutt til þess að sjá ráð til þess að halda skipunum við, en þá hefðum við jafnaðarmenn staðið sem múrveggur til þess að hindra, að það næði fram að ganga. Ég þarf nú ekki að rekja efni þessa frv., sem sjálfstæðismenn fluttu, því hv. þm. Vestm. hefir þegar gert það. Hv. þm. játaði, að þeir hefðu ekki verið að gera ráðstafanir fyrir árið í ár, heldur átti að gera ráðstafanir til viðhalds flotanum eftir 1941. Ég held nú, að það séu mörg vandamál, sem hefðu legið nær heldur en að gera ráðstafanir, sem koma til framkvæmda eftir 1941.

Ég skal taka það fram, að ég hafði í fávizku minni ruglað einu núlli í frv. og lesið 300 þús. kr. fyrir 30 þús. kr., en í frv. segir, að það megi ekki lána hærri upphæð en 30 þús. kr. út á skip. En mér datt ekki í hug, að upphæðin væri svona lítilfjörleg. Í frv. er það tekið fram, að til ársins 1941 megi lána 30 þús. kr. út á skip, en svo sé hægt að tala nánar um þetta. Nú er það upplýst, að skipin eru flest 10—15 ára, og þá eru þau orðin 17—22 ára 1941, og þá lítil líkindi til þess, að þau geti tekið upp samkeppni við nýtízku skip. Það er því fjarstæða, að með þessu frv. hefði verið hægt að hjálpa togaraútgerðinni. Frv. um skuldaskilasjóð var flutt til þess að tryggja núverandi eigendur, en ekki framhald útgerðarinnar.

Ég skal nú ekki segja nema einstaka útgerðarmenn geti orðið gjaldþrota, en hv. þm. Vestm. sagði mjög skáldlega, að þeir legðu út á djúpið með allt sitt, og svo var að heyra á honum, að þeir létu aldrei neitt skella á bæjum eða ríkinu. Ég held nú, að það sé fulldjarflega mælt, að segja, að útgerðarmenn láta aldrei neitt skella á bæjum eða ríkinu, því það hefir komið fyrir þó nokkrum sinnum, að þeir hafa ekki getað staðið undir skuldum sínum, og þá hafa þær skollið á bæjum eða ríkinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil þakka hv. þm. G.-K. fyrir þau orð hans, að þetta væri svo merkilegt mál, að menn mættu ekki láta fyrirfram ákveðna skoðun glepja sér sýn, svo að þetta mál væri ekki ýtarlega rætt og skoðað frá öllum hliðum.

Ólafur Thors: Hv. þm. Hafnf. tók það réttilega fram, að um tvennskonar örðugleika væri að ræða í útvegsmálum, og ætti annar þeirra rætur sínar að rekja til vaxandi takmarkana um heimild til innflutnings á íslenzkum fiski í neyzlulöndum þeim, sem við skiptum við, en hinn örðugleikinn stafaði af getuleysi þeirra einstaklinga, sem reka stórútgerð, til þess að endurnýja togaraflotann. Hv. þm. Hafnf. játaði, að þetta frv. væri ekki flutt til þess að ráða bót á hinum fyrrgreinda örðugleika, en hins er að gæta, hvort það ekki eykur þann örðugleika. Mér sýnist það vera augljóst, að ef það er vandkvæðum bundið að selja þann fisk, sem við nú framleiðum, þá mun verða um aukna örðugleika að ræða, ef ákvæði þessa frv. ná fram að ganga, — aukna nákvæmlega sem þeirri framleiðslu nemur, sem þar er um að ræða. Hv. þm. sagðist viðurkenna örðugleikana, sem við ættum við að stríða, og hann lét í ljós ánægju

sína yfir því, að við værum ekki svo aðþrengdir, að það hefði valdið takmörkunum á afla. Við því er það að segja, að aflinn í ár er 12 þús. smálestum minni en í fyrra, en það hefir þær afleiðingar, að birgðirnar eru vitaskuld minni en ella mundi. En hvernig heldur hv. þm., að okkur væri innanbrjósts, sem höfum stofnað til erlendra skulda vegna þessa atvinnuvegar, ef nú hefði fiskazt 12 þús. smál. meira í ár en í fyrra, sem meira en vel hefði getað orðið með þeim tækjum, er við höfum, og við hefðum svo enga sölumöguleika? Ég held, að allir hyggnir menn viðurkenni, að það verði að vera eitthvað annað, sem leysir atvinnuvandræðin nú, heldur en að afla tækja til aukinnar framleiðslu og aukinna söluvandræða. Hitt er sannleikur og allt annað mál, að þegar við eygjum möguleika til söluaukningar, þá verður með eðlilegum og nauðsynlegum hraða að endurnýja flotann.

Að mönnum hefir verið ljóst, hvernig viðhorfið er nú, kemur glöggt fram m. a. í lagasetningu frá fyrra ári. Eins og hv. þm. er kunnugt, mælir svo um í 7. gr. l. um fiskimálanefnd o. fl., að **takmarka** megi veiði og fjölda veiðiskipa. Af því greinin er stutt vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Nú verður það nauðsynlegt, að dómi fiskimálanefndar, til þess að tryggja sölu á fiskframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og getur þá atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nefndarinnar, mælt svo fyrir með reglugerð, að takmarka skuli veiði verðlítils fiskjar, svo og að banna megi eða draga úr aukningu fiskiskipaflotans og úrskurða um það, hvar aukning megi eiga sér stað."

Hér er af sjálfu stjórnarliðinu holdi klæddur sá ótti, sem ég hefi verið að setja fram, að aukning flotans leiði ekki af sér annað en það, að framleiðslan verði enn óseljanlegri. Og ég veit, að hv. andstæðingar eru ekki þau börn, að þeir sjái ekki, að ég fer með rétt mál og játa það í hjarta sínu, þó að pólitískir örðugleikar séu á því fyrir þá að játa það opinberlega og hreinskilnislega. — Að öðru leyti beindi hv. þm. Hafnf. ekki orðum sínum til mín, og þó ég þykist hafa bæði góð rök og gild gegn andmælum hans til Sjálfstfl. út af frv. mþn. í sjútv.-málum, hirði ég ekki um að færa þau fram nú, vegna þess að hv. þm. Vestm. hefir beðið um orðið, og þeim ummælum var sérstaklega beint til hans.

Hættan í þessu máli liggur ekki í því, þó að dragist einu ári lengur að kaupa ný skip. Voðinn liggur í hinu, ef valdhafarnir skilja ekki þarfir sjávarútvegsins. Mér hefir undanfarin ár þótt kenna vanmats á þessum framleiðslutækjum, en nú hefir skoðun mín á þeim verið viðurkennd almennt, líka af andstæðingum. Þetta veldur mér ánægju og vekur og eykur von mína um, að þegar opnast leið til að selja afurðirnar, verði skilningurinn á nytsemi þessara framleiðslutækja orðinn svo almennur, að Íslendingar, þrátt fyrir fátækt sína, auki flotann eins og æskilegt er eða kann að verða.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég heyrði að vísu ekki niðurlagsorð hv. þm. Hafnf., en mér hefir skilizt, að það hafi verið ádeila á okkur, sem fluttum frv. um fiskveiðasjóð 1934. Till. okkar hafi átt að koma of seint til framkvæmda, — þær hafi ekki verið nógu fljótvirkar. Það getur vel verið, að ganga hefði mátt lengra en þar var gert. En þess ber að gæta, að með frv. þessu voru aðeins lögð drög að málinu, en það var á valdi þingsins, og þá sérstaklega meiri hl., að láta ganga lengra, gera það öflugra og fljótvirkara en við gerðum. En ég varð ekki var við, þegar þessi mál voru rædd, að t. d. flokksmenn hv. þm. Hafnf. bæru sérstaklega fyrir brjósti till. þær eða það, sem laut að stórútgerðinni. Það er öllum vitanlegt, að með öðru frv., um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, útilokuðu stjórnarflokkarnir stórútgerðina algerlega frá öllum stuðningi, en létu þessa löggjöf aðeins ná til vélbátaflotans, en því miður kemur í ljós, að þau eru svo illa úr garði gerð, að þau koma fáum einum að notum. Ásakanir í okkar garð eru því ekki réttmætar, en hv. þm. Hafnf. ætti að beina þeim til sinna eigin flokksmanna, því þaðan hefir fjandskapurinn komið berast í ljós gegn togaraútgerðinni, sem þeir e. t. v. eru að éta ofan í sig með þessu frv., sem eins og hv. þm. G.-K. sagði er nýtt viðhorf þeirra manna. Við litum jafnt í þessum málum til vélbátaútvegsins og togaranna og þurfum því engan kinnroða að bera fyrir ásökunum þeim, sem hv. þm. Hafnf. beindi hér til okkar. Það var á valdi hans og hans flokksmanna að bæta úr, en það hafa þeir ekki gert.

Flm. (Emil Jónsson): Ég held, að hv. þm. Vestm. verði að leita vel í frv. mþn. í sjávarútvegsmálum, ef hann ætlar að finna þar, að bent sé á ráð til að endurnýja togaraflotann, og hversu vel sem hann leitar, mun hann ekki finna þau þar, því þau eru ekki til í frv., heldur er í grg. við frv. aðeins drepið á þetta atriði. En að við höfum sýnt togaraútgerðinni nokkurn fjandskap, því neita ég alveg, og nægir í því að vísa til grg. í nál. um frv. til laga um skuldaskilasjóð. Þar stendur á þá leið, að smáútvegurinn og vélbátaútvegurinn ættu að njóta styrks frá ríkinu, en bankarnir yrðu að sjá fyrir stærri útgerðinni um lán til rekstrar. Við höfum enn nákvæmlega sömu afstöðu og þá í þessum málum. En það er bara þannig, að þegar hv. andstæðingar, sjálfstæðismennirnir, eru að tala um útgerð, meina þeir útgerðarmenn, en því höfum við alltaf gert greinarmun á, útgerðinni og útgerðarmönnunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 774, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Fiskimálanefnd o. fl. (frv. ÓTh og JakM).

Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl. (þmfrv., A. 492).

Á 70., 71. og 72. fundi í Nd., 11., 12. og 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Þetta frv. fer fram á það, að niður falli, a. m. k. um stundarsakir, starfsemi fiskimálanefndar, sem stofnuð var með lögum, sem afgr. voru á haustþinginu í fyrra, l. nr. 76 29. des. 1934.

Eins og hv. þdm. rekur minni til, þá var mikið deilt um sjávarútvegsmálin á þinginu í fyrra. Við sjálfstæðismenn óskuðum eftir, að útgerðarmenn væru látnir í friði með frjáls samtök á sölu framleiðslu sinnar, en vildum jafnframt, að gerðar væru ráðstafanir til þess að skapa þjóðinni forustu vegna vaxandi gengis haftastefnunnar í öðrum löndum, sem eðlilega koma niður á framleiðsluvöru okkar, einkum saltfiskinum. Þessi till. okkar náði ekki framgangi, heldur var hugmynd okkar um fiskiráð lögfest í öðru og, að okkur þótti, óaðgengilegra formi — sem eru þessi lög —, þar sem einnig voru sett ákvæði um saltfisksölu.

Ég ætla ekki að gera þau lög almennt að umræðuefni, enda sé ég ekki, að það sé nauðsynlegt til þess að þetta mál, sem hér liggur fyrir, megi hljóta samþykki þingsins. Ég skal aðeins geta þess, að sú breyt. er nú orðin á þessu máli, að frá því er horfið, sem til var ætlazt 1934, að sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem þá var talið, að myndi leggjast niður, hefir nú, vegna tveggja bráðabirgðabreyt., sem hæstv. atvmrh. hefir gert á þeirri löggjöf, hafið starfsemi sína á ný og heldur henni nú áfram, — þó þannig, að í stað þess, að áður voru þrír framkvæmdarstjórar og tveir meðstjórnendur, þá stjórna nú þeir sömu þrír framkvæmdastjórar, sem voru áður, en með þeim hefir nú verið skipuð sjö manna stjórn.

Ég hygg, að ég geti sagt það áreitnislaust í garð fiskimálanefndar eins og hún er skipuð, að engum manni blandast hugur um, að innan stjórnar og framkvæmdastjórnar fisksölusamlagsins ríkir miklu djúptækari þekking á fiskimálum heldur en innan fiskimálanefndar. Ég ætla ekki að hefja neina árás á starfsemi fiskimálanefndar, því að ég hygg, að enda þótt menn teldu slíkar aðfinnslur ástæðulausar, þá hljóti þeir samt að geta átt samleið með okkur, sem þetta frv. flytjum, eingöngu út frá því sjónarmiði, að það er ekki viðeigandi, jafnþröngur eins og fjárhagur sjávarútvegsins er, að hlaða á hann ónauðsynlegum gjöldum, en kostnaður sá, sem leiðir af starfsemi fiskimálanefndar, er beinlínis lagður á sjávarútvegsmenn, og ef menn á annað borð geta aðhyllzt það, að innan þeirrar 10 manna yfirstjórnar, sem ræður yfir fisksölusambandinu, sé a. m. k. viðlíka haldgóð þekking eins og innan þeirra 7 manna, sem í fiskimálanefnd eru, þá eiga menn líka að aðhyllast það, að þeim 34—35 þús. kr. kostnaði, sem af fiskimálanefnd leiðir, verði létt af sjávarútvegsmönnum. Auk þessa kostnaðar eru svo þau laun, sem fiskimálanefndin greiðir þremur starfsmönnum sínum og samtals nema 21—22 þús. kr. árlega. Hér gæti líka eitthvað sparazt.

En til þess að menn skilji betur, hve augljóst það er, að a. m. k. sama þekking — ég haga orðum mínum þannig til þess að þeir, sem hafa aðra skoðun en ég í þessu efni, hafi sem allra minnsta ástæðu til að andmæla mínum rökum — ræður innan fisksölusambandsins eins og innan fiskimálanefndar, vil ég geta þess, að sá maður, sem mesta þekkingu þarf fram að leggja, er skrifstofustjóri n., og hann er líka hjá sölusambandinu, og sá maður, sem næst mundi standa, formaðurinn, Héðinn Valdimarsson, á líka sæti í fisksölusambandinu. Ég er ekki í vafa um, að hver einasti maður, er til þekkir, ber það traust til fisksölusambandsins, að það sé a. m. k. eins vel, ef ekki betur fært en fiskimálanefndin um að leysa þau viðfangsefni, sem hér eru fyrir hendi, en sé svo, þá má ekki heldur leggja þannig tugi þúsunda af nauðsynjalausum kostnaði á útgerðina.

Ég býst við, að menn hafi tekið eftir því, að ég hefi algerlega sneitt hjá því að gagnrýna gerðir fiskimálanefndar, en það er ekki af því, að ég telji, að ekki megi finna óánægjuefni bæði með það, sem hún hefir gert, og það, sem hún hefir látið ógert. En ég tel það ekki þessu máli til neins gagns að fara í deilur út úr þeim atriðum. Fyrir mér vakir ekki að ná mér niðri á form. fiskimálanefndar eða öðrum nm., heldur hitt, að reyna að létta nauðsynjalausum kostnaði af hinum aðþrengda sjávarútvegi.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til sjútvn., og vænti, að það megi fá góðar undirtektir.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég mun ekki setja mig sérstaklega á móti því, að þetta mál sæti venjulegri meðferð í nefnd. En ég get ekki fyrir mitt leyti gengið inn á þann rökstuðning, sem hv. þm. G.-K. kom hér með. Ég hygg honum sé ekki ljóst, í hverju starf fiskimálanefndar liggur. Hann hefir víst lítið grennslazt eftir því, enda myndi hann fá að vita, ef hann spyrði að því, að það liggur í allt öðru en sölu á saltfiski. Þeir, sem áður hafa flutt fisk til Englands, halda því áfram, en það eru mörg önnur viðfangsefni, bæði skipting ísfisksins og eins nýjar tilraunir með verkunaraðferðir og leit að nýjum sölumöguleikum. Ég vil í því sambandi minnast á harðfiskinn og hraðfrystan fisk. Það er engin ástæða til, að þeir menn, sem eru í fisksölusambandinu, hafi nokkuð betur vit á því heldur en þeir, sem eru í fiskimálanefndinni. Þeir, sem eru í fisksölusambandinu, hafa mjög lengi átt við saltfisksölu og eru henni því

gagnkunnugir, en þeir hafa margir lítið átt við þessi nýmæli, sem fiskimálanefnd hefir til meðferðar. Það er hægt að benda á menn, sem eru í fiskimálanefnd og ekki jafnframt í fisksölusambandinu, sem virðast engu síður vel færir um þetta hlutverk heldur en hinir.

Kostnaðinn við fiskimálanefndina má vera, að *megi lækka, en það getur líka orðið svo*, að hann verði að hækka. Ég get ekki séð, hvernig þau störf, sem hún innir af hendi, ættu að verða miklu ódýrari, þó þau kæmu undir fisksölusambandið, nema með því móti, að þar séu menn á launum, sem ekkert hafi að gera og geti því sinnt þessum verkum. Sé svo, þá er öðru máli að gegna. Kostnaðurinn við sjálfa fiskimálanefndina mun vera mjög svipaður og við einn framkvæmdarstjóra hjá fisksölusambandinu, svo *ef gert er ráð fyrir viðbótarþekkingu*, þá ætti hún að vera meiri hjá þessum sjö mönnum til samans heldur en einum manni, og væri þá líklega betra að leggja niður tvo framkvæmdarstjórana heldur en hina sjö.

Viðvíkjandi starfi sölusambandsins skal ég taka það fram, að þar eru fundir tvisvar í viku og standa 2—3 klst. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi stjórn geti bætt á sig störfum án þess að greitt sé sérstaklega fyrir það. Í fiskimálanefnd eru fundir oft daglega og stundum oftar en einu sinni á dag, og starfsmönnum þeim, sem nefndin hefir, verður að halda áfram, ef tilraununum verður haldið áfram, t. d. með harðfisk. Það er ekki nema einn maður á öllu landinu, sem kann til fulls að verka hann og meta, og það er sá starfsmaður, sem verið hefir hjá fiskimálanefndinni. Sama er að segja um hraðfrystinguna, ef hún ber árangur og henni verður haldið áfram.

Ég get ekki séð sparnaðinn við að leggja niður fiskimálanefndina. En það getur verið óheppileg ráðstöfun, og því óheppilegra, þar sem fisksölusambandið hefir mjög sérhæft starf, sem er saltfisksala, og ekki hægt að búast við, að það blandist með öllum öðrum störfum, sem nefndin hefir með höndum.

Flm. (Ólafur Thors): Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, þótt hv. 2. þm. Reykv. segi, að ég viti ekki, hvaða starf fiskimálanefnd hefir með höndum, eða hafi ekki vit á þessum málum yfirleitt. Ég skal ekki deila við hann um þetta. Ég hefi gert fiskimálin að mínu æfistarfi, og hann olíusölu að sínu. Ég efast ekkert um það, að hann standi mér miklu framar á því sviði, og ég veit líka, að hann gengur út frá því, a. m. k. með sjálfum sér, að ég muni eitthvað hafa lært í mínu starfi.

Annars veit ég ekki annað um afrek þessarar n. en það, að hún hefir tekið upp tvær af till. mínum, um herðingu og frystingu á fiski til útflutnings, og auk þess úthlutar hún ísfisksleyfum. Þetta eru nú fremur smávægileg störf fyrir svo stóra og dýra n. sem fiskimálanefnd er. En það, sem fyrir mér vakir hér, er ekki að fara að gagnrýna störf n., heldur að létta af útgerðinni gersamlega óþörfum kostnaði.

Ég býst við, að fáir útgerðarmenn trúi því, að forstjórar S. Í. F. hafi ekki vit og aðstöðu til þess að hafa þessi mál fiskimálanefndar með höndum, ekki síst þegar svo stendur á, að sami skrifstofustjóri er hjá n. og samlaginu, svo að innangengt ætti að vera þar á milli um alla þekkingu. Auk þess má benda á það, að forstjórarnir hafa sent út frystan fisk áður. Þannig hefir einn þeirra, Richard Thors, sent út 2000 smál. á tveim árum. Alliance hefir einnig gert *margar tilraunir, líka með hertan fisk*. Útgerðarmenn trúa því ekki, að hv. 2. þm. Reykv. sé heppilegri til slíkra hluta en þessir menn.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ef sparnaður ætti að vera að því að láta stjórn fisksölusambandsins taka á sig störf fiskimálanefndar, fælist í því sú játning, að hjá samlaginu væru menn, sem tækju laun fyrir ekki neitt. En það er nú dálítið annað mál en það, þótt forstjórar og starfsfólk samlagsins kynnu að geta bætt á sig *hinum fremur smávægilegu* störfum fiskimálanefndar. Einn forstjóranna ætti að geta annazt þau mál, er n. hefir með höndum, og borið ábyrgð á þeim ásamt öðrum störfum sínum.

Það má vel vera, að laun forstjóranna séu of há, en það er 7 manna stjórnarnefndin — en hana kjósa fiskeigendur —, sem laununum ræður. Hv. 2. þm. Reykv. ætti því að bera fram kröfur sínar um launalækkun á aðalfundi fisksölusamlagsins. Því að það er áreiðanlegt, að forstjórarnir kæra sig ekki um að gegna störfum sínum lengur, ef talið verður, að komizt verði af án þeirra.

Ég vænti, að ég hafi með þessari hógværu gagnrýni haldið leiðum opnum fyrir þá, sem vilja létta gersamlega óþörfum kostnaði af útgerðinni á þessum erfiðu tímum.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Fisksölusamlagið hefir starfað fyrr en nú með sömu forstjórum og fimm manna stjórnarnefnd, og hefir aldrei komið með nokkrar nýjar tillögur um nýjar verkunaraðferðir, svo sem herðingu og frystingu, eða öflun nýrra markaða, svo að ef öll sú mikla þekking, sem hv. þm. G.-K. talar svo mikið um, er fyrir hendi hjá forstjórunum, verður ekki annað sagt en þeir hafi farið vel með hana.

Það er alveg rétt, að gerðar hafa verið tilraunir áður með útflutning á hertum og frystum fiski, en þær tilraunir hafa endað með fullkominni uppgjöf. En nú hefir tilraun fiskimálanefndar með harðfiskinn a. m. k. gefizt svo vel, bæði hvað snertir verð og vörugæði, að mikils má af vænta í framtíðinni. Ég leyfi mér að efast um það, að samlagið hefði nokkru sinni gert þá tilraun, hvað þá meira.

En sé það sparnaðurinn einn, sem fyrir hv. þm. G.-K. vakir, væri honum bezt fullnægt með því að taka hæfilega mikið af mönnum úr vinnu hjá samlaginu, því að hv. þm. G.-K. taldi, að skrifstofumennirnir þar hefðu svo lítið að gera, að þeir gætu bætt miklum störfum á sig.

Auk þessa má benda á það, að fiskimálanefnd er allt öðruvísi skipuð og að nokkru leyti í öðrum tilgangi en stjórn samlagsins. Samlagið er allt eingöngu miðað við hagsmuni saltfiskseigenda, en hinsvegar er gert ráð fyrir, að úrslitaákvarðanir fiskimálanefndar séu bornar undir ríkisstjórnina.

Flm. (Ólafur Thors): Hv. þm. sagði, að samlagið hefði starfað fyrr en nú með sömu forstjórum án þess að þeir hefðu haft nokkra forgöngu um herðingu, frystingu o. þ. h. En forstjórarnir höfðu heldur enga heimild til slíkra afskipta.

Nú er í samlaginu 7 manna stjórnarnefnd, sem annast sumt af störfum forstjóranna, svo að þeim ætti að vera auðvelt að bæta á sig störfum fiskimálanefndar. Útgerðarmenn segja, að þeir þurfi ekki nema 10 manna stjórn á þessum málum, enda viti þeir, að innan þeirrar tölu sé næg þekking fyrir í þessum efnum. Allir fiskeigendur vita, hvað snýr að buddu þeirra, og vilja ekki fleygja út tugum þúsunda alveg að óþörfu.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil taka undir það með hv. þm. G.-K., að nauðsynlegt sé og sjálfsagt að létta öllum óþarfa kostnaði af útgerðinni. Hv. þm. G.-K. hefir bent á líkur fyrir því, að spara megi útgerðinni marga tugi þúsunda með því að færa þessar tvær stjórnir saman í eitt.

Ég er nú að vísu ekki svo kunnugur störfum í skrifstofu samlagsins, að ég geti dæmt um þetta út í æsar. En ég veit, að verkefni og þar með annríki er þar allmisjafnt eftir árstíma, og ætti því að mega bæta við störfum þá tíma, sem minnst hefir verið að gera. Ég býst við, að á þennan hátt mætti spara skrifstofukostnað fiskimálanefndar að fullu og öllu og stjórnarkostnaðinn að öllu leyti.

Upphaflega var ekki til þess ætlazt, að í stjórn S. Í. F. ættu sæti nema 5 menn, en síðar var ríkisstj. leyft að bæta 2 við. Að mínu áliti gætu 3 menn stjórnað þessum málum, ef forstjórarnir væru vel valdir, en nú eru alls 17 menn í stjórnum og framkvstj. þessara tveggja nefnda. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt, og kemur ekki til mála, að ekki geti færri menn með nægilegri þekkingu annazt stjórn þessara mála. Enda er enginn vafi á því, að forstjórar S. Í. F. geta bætt á sig störfum fiskimálanefndar. Einn framkvæmdastjórinn gæti alveg sér að meinalausu bætt á sig störfum skrifstofustjóra og formanns þeirrar nefndar. Það hefir jafnan verið skoðun mín, að með þeim störfum, sem forstjórarnir nú annast, væru þeir of margir.

Það er ekki nema sanngjörn krafa fiskeigenda, að ríkið hlaði ekki meiri kostnaði á málefni þeirra en þörf er á, og hvað brýnust þegar ekki fæst framleiðsluverð fyrir fiskinn. En ekki er þetta sízt sanngjarnt vegna þess, að ríkið skipar fiskimálanefnd að mestu, en tekur kostnaðinn við hana af framleiðendunum. Meðan verið var að koma nefndinni á laggirnar var látið sem ríkissjóður ætti að bera kostnaðinn, en síðan var kostnaðinum skellt á framleiðendur. Þetta er principmál, þótt það sé ekki stórt. Það er ótviræð skylda hins opinbera að lækka þennan kostnað.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi ekki trú á einlægum sparnaðarvilja þessara manna, a. m. k. ekki að því er snertir laun forstjóra samlagsins.

Ég hefi bent á það áður, að fortíð þessara „þekkingarmiklu“ forstjóra bendir ekki til þess, að þeir leggi mikið af mörkum í þessu efni. Þeir voru upphaflega ráðnir með sérstaka verkaskiptingu fyrir augum, en hafa ávallt allir viljað vasast í öllu. Ég er með því að spara í þessum efnum, en þá á að gera rekstur samlagsins sem ódýrastan og ekki að byrja sparnaðinn í stjórnarnefndinni, því að hún er tiltölulega langódýrust, enda launuð úr ríkissjóði. Hinsvegar er vafalaust, að fækka mætti þar starfsmönnum og lækka laun annara, og þá fyrst og fremst forstjóranna.

Sigurður Kristjánsson: Það er engin ástæða fyrir hv. 2. þm. Reykv. að halda því fram, að við viljum ekki spara, þótt forstjórarnir séu hátt launaðir og starfsfólkið margt. Flm. þessa frv. vildu aldrei hafa svo fjölmenna stjórn. **(HV:** Stjórnarnefndin hefir engin laun tekið ennþá. Hv. 6. þm. Reykv. vildi ekki að forstjórarnir hefðu lægri laun en þetta). Það er rétt, að ég vil launa forstjórum samlagsins vel, en ég vil hinsvegar ekki safna neinu óþarfa rusli kringum þá stofnun. Ég veit ekki betur en að auk þess, sem hv. 2. þm. Reykv. tekur yfir 5000 kr. í fiskimálanefnd fyrir að „leiðbeina“ um málefni fiskeigenda, ætlist hann einnig til ríflegra launa fyrir að eiga sæti í stjórnarnefnd S. Í. F. Þó hefi ég aldrei heyrt, að útgerðarmenn hafi sótzt eftir fiskimálaþekkingu þessa manns. Honum væri því bezt að líta í sinn eiginn barm og þeirrar stjórnar, sem hrúgað hefir alóþörfum mönnum kringum þessa stofnun.

Héðinn Valdimarsson: Ég mun þá gera þá prófraun á sparnaðareinlægni hv. 6. þm. Reykv. að leggja það til, að stjórnarnefnd fisksölusamlagsins starfi launalaust.

Sigurður Kristjánsson: Ég mun samþ. þetta hiklaust, ef samþ. verður, að form. fiskimálanefndar geri hið sama.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

51. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. EmJ o. fl.).

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 9. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 514).

Á 73. og 76. fundi í Nd., 14. og 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Emil Jónsson): Mér þykir rétt, áður en ég kem að þessu máli sjálfu, að minnast ofurlítið á annað mál, sem er sú eiginlega orsök þess, að þetta mál er hér fram komið, en það er frv., sem var hér til umr. í gær, um viðauka við og breyt. á l. um bráðabirgðaverðtoll. Þegar það frv. var samið, var leitað til iðnrekenda og iðnaðarmanna um það, hverjar óskir þeir hefðu fram að bera um breyt. á þessum l. Þá barst m. a. bréf frá skipa- og bátasmiðum, sem prentað er með umræddu frv. á þskj. 112. Í þessu bréfi fóru báta- og skipasmiðir þess á leit að fá 15—20% verðtoll á innflutta báta og skip, og það er sú rétta orsök til þess, að þetta frv. er samið. Það var reynt að fara eftir óskum iðnaðarmanna, en þessar óskir skipa- og bátasmiða þótti ekki fært að taka til greina, vegna þess að það kæmi of hart niður á útgerðinni, sem væri aðkreppt fyrir, og var því valin sú leið, sem farin er hér í frv.

Skipa- og bátasmiðir létu það í ljós, að þeir myndu sæmilega farnir, ef þeir hefðu sömu aðstöðu og útlendir skipasmiðir, en erlendir skipasmiðir hefðu nú í tveimur atriðum betri aðstöðu. Í fyrsta lagi það, að þeim héldist uppi að smíða óvandaðri báta en hér væru gerðir, og það svo, að oft þyrfti um að bæta þegar bátarnir væru komnir hingað. Í öðru lagi það, að þeir, sem létu byggja skipin erlendis, gætu fengið lánað út á annan veðrétt í þeim, og gerði það þeim kleift að kaupa skipin, þótt þeir annars væru þess ekki megnugir.

Það atriðið, að gera útlendu skipin jafntraust þeim innlendu, hefir verið reynt að fá í lag með reglugerð, sem Bárður Tómasson á Ísafirði hefir samið og lögð verður fram fyrir atvmrh. til staðfestingar. Vænti ég, að hann sjái sér fært að láta þessa reglugerð komast til framkvæmda, bæði til þess að bæta aðstöðu íslenzkra skipasmiða, og ekki síður til hins, að auka öryggi hinna íslenzku sjómanna. — Hitt atriðið er um lánsheimild, og er gert ráð fyrir að heimila fiskveiðasjóði að lána allt að 25% af andvirði skipsins út á 2. veðrétt eftir að lánað hefir verið 50% af kostnaðarverði þess út á 1. veðrétt, og er þetta höfuðatriði frv. Mér er það ljóst, að hér liggja fyrir tvö önnur frv. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð, en þetta frv. er þannig samið, að það á að fást samþ. hvort sem hin frv. verða samþ. eða ekki. Hér er verið að reyna til að gera báta- og skipasmíðina meira innlenda en hún er, með því að fiskveiðasjóður láni skipasmíðunum, en þeir láni svo aftur þeim útgerðarmönnum, sem skipin kaupa, allt að 25% af kostnaðarverði skipsins gegn 2. veðrétti. Þetta er sú aðferð, sem höfð hefir verið ytra og gert aðstöðu erlendu skipasmíðanna hagstæðari en þeirra innlendu. Sé ég ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í þetta, en vil geta þess, að hér er ekki um óverulegt atvinnuspursmál að ræða.

Á síðastl. 6 árum hafa verið flutt hér inn skip og bátar fyrir nærri 3 millj. kr., eða um ½ millj. á ári. Auk þess hafa verið smíðuð hér frá árinu 1930 skip að stærð samtals 100 smálestir að meðaltali á ári hverju. Það er þó ekki nema lítill hluti af þeim vélbátum, sem við notum, sem smíðaður er hér á landi. Mest af þeim er flutt inn, og það er af þeim ástæðum, sem ég nefndi, nefnilega að útlendar skipasmíðastöðvar hafa skipin óvandaðri, lána út á þau gegn 2. veðrétti og þau eru ótolluð. Það hefir verið athugað, hvort nokkuð myndi hjálpa skipasmíðum hér, ef létt væri af þeim litla tolli, sem er á efni því, sem þeir þurfa að nota, en hann er svo lítill, að það er algerlega hverfandi. Þegar ekki þykir fært að leggja innflutningstoll á skipin, sé ég ekki aðrar leiðir, sem séu heppilegri heldur en sú, sem hér er bent á, nefnilega þá, að gera einhverri sjóðstofnun fært að lána út á 2. veðrétt í skipunum.

Það þarf ekki að benda á, hvílík nauðsyn íslenzkri útgerð það er að endurnýja mótorbátaflotann. Flotinn er orðinn það stór, að það þarf æðimörg ný skip árlega til þess eins að halda honum við, þótt ekki sé hugsað um að fjölga.

Með frv. er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóði sé aflað nýrra tekna með því að sá hluti hundraðsgjalds af útfluttum afurðum, sem nú rennur í ræktunarsjóð, renni í fiskveiðasjóð Íslands jafnskjótt og framlag til ræktunarsjóðs hefir numið 1 millj. Í öðru lagi er sjóðnum heimilað að tvöfalda þau handhafavaxtabréf, sem hann hefir í umferð, þannig, að í stað þess, að þau nú mega vera 1½ millj., þá megi þau verða 3 millj. Þó gert sé ráð fyrir, að þröngt verði um peninga, þá er sjóðnum samt aflað 100 þús. kr. á ári með því að skylda opinbera sjóði til að kaupa þessi bréf. Þetta er að vísu lítið, en ef stefnt væri að því, að öll skip væru smíðuð innanlands, þá myndi þetta þó nægja til að lána út á 2. veðrétt þeirra. Það hafa, eins og ég tók fram áðan, verið flutt inn skip fyrir að meðaltali 500 þús. kr. árlega á síðastl. 6 árum. Ef lánað eru 25% af þeirri upphæð, þá eru það 125 þús. á ári. Það er að vísu nokkru meira en sú upphæð, sem opinberir sjóðir eiga að kaupa fyrir, en það þarf ekki heldur að gera ráð fyrir, að öll skipasmíði flytjist inn í landið samtímis.

Frv. gerir ráð fyrir, að sjóðurinn veiti skipasmíðunum lánin, en ekki þeim, sem skipin kaupa. Með þessu er öryggi sjóðsins aukið, því skipasmíðirnir gefa viðbótartryggingu við það veð, sem þeir hafa í skipunum. Ég efast ekki um, að margir skipasmíðir vilji fara inn á þá braut og hafi þá tryggingu að bjóða, sem bankinn taki gilda.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um frv., en mælist til þess, að því verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

Sigurður Kristjánsson: Sökum þess, að mál þetta fer sjálfsagt til sjútvn., er ekki þörf fyrir mig að segja mikið um það á þessu stigi. En þar sem hv. frsm. sagði, hver orsök lægi til þess, að þetta frv. kom fram, þá tel ég ekki annað henta en gera grein fyrir, hvernig málið kemur fyrir.

Hv. frsm. sagði, að ástæðan fyrir þessu frv. væru kröfur frá báta- og skipasmíðum. Það er því allt annað sjónarmið, sem hér blasir við, heldur en það, sem við höfðum, sem fyrst hófum máls á að efla fiskveiðasjóð; það sjónarmið var fyrst og fremst sjónarmið útgerðarmanna og sjómanna. Þetta er það, sem leiðir til þess

geysimikla munar, sem er á hugsuninni í þessu frv. og því frv., sem við sjálfstæðismenn, með hv. þm. Vestm. í forystu, höfum borið hér fram og nú hefir legið í dái um langan tíma. Það, sem fyrir okkur vakti og fyrst og fremst hvatti okkur til að bera málið fram, var það, að ekki er hægt að búast við því, eins og sjávarútvegurinn gengur nú, að menn utan stéttarinnar séu áfjáðir í að láta fé sitt í þann atvinnurekstur, og þeir menn, sem þennan atvinnurekstur hafa stundað, flestir búnir að tapa fé sínu, svo ekki var heldur fjárvon frá þeim. Það var því ljóst, að ef skipaflotinn ætti að verða endurnýjaður, þá yrði það að gerast með lánsfé, og nú var ekki sýnilegt, að auðvelt yrði með lántökur erlendis, og ekki heldur æskilegt, að flotinn yrði þannig erlent veð. Okkur var það ljóst, sem ekki virðist vera ljóst nema nokkrum hv. þm., að útgerðin byggir að miklu leyti á togurunum, og bæri því ekki að loka augunum fyrir því, að togaraflotann þyrfti að endurnýja ekki síður en önnur skip flotans. Í frv. okkar sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir, er ætlazt til þess fyrst og fremst, að fiskveiðasjóður sé aukinn og efldur, svo að hann geti orðið þess megnugur að annast skynsamleg lán til endurnýjunar flotanum, eftir þörfum. Í öðru lagi er þar ætlazt til, að sjóðurinn geti að mestu eða öllu leyti starfað með eigin fé, en það er eina leiðin til þess, að útlán hans geti orðið hagstæð, og eins og stendur nú er óhugsandi, að hann geti borgað háa vexti af stofnfé. Í þriðja lagi, að settar séu reglur um útlán, sem séu í fullu samræmi við lánareglur hjá öðrum stofnunum og lánin í samræmi við veðin, svo ekki sé hætt við, að stofnunin steypist vegna óskynsamlegra útlána.

Eftir því, sem hér var sagt við flutning þessa frv., sem nú er hér til umr., virðist ekkert af þessum sjónarmiðum hafa vakað fyrir hv. flm. þess. Hinsvegar er það ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að þau tvö frv. til breyt. á l. um fiskveiðasjóð, sem fram eru komin, geti alveg eins náð fram að ganga, þótt þetta verði samþ. Þetta frv. gengur inn á svið beggja þeirra frv., þar sem það skilgreinir, á hvern hátt sjóðnum skuli aflað tekna og hvernig útlánum sjóðsins skuli háttað.

Ég vildi með nokkrum orðum rökstyðja það, hve aðkallandi nauðsyn það er, að fiskveiðasjóður sé efldur á þann hátt, að hann geti starfað með sem mestu eigin fé. Eins og kunnugt er, var gamli fiskveiðasjóðurinn rúmar 600 þús. kr., þegar nýi sjóðurinn tók við. Eins og allir geta séð, er þetta lítilfjörlegt stofnfé, ef sjóðnum er ætlað það hlutverk að endurnýja allan skipaflota landsins. Nú var það samþ. á Alþ. árið 1930, að ríkissjóður skyldi leggja fram 1 millj. kr. til að auka stofnfé fiskveiðasjóðsins, og í þeim lögum segir, að fé þetta skuli greiðast eftir því, sem ríkisstj. nær samkomulagi við stjórn sjóðsins, en að það skuli þó að fullu greitt fyrir 1941. Í reglugerð, sem ég hefi séð og gefin var út um greiðslur þessar, er fram tekið, að þær skuli greiðast þannig, að á ári hverju séu lagðar fram 100 þús. kr. Af þessu máli er svo ekki betri sögu að segja en þá, að ekki hefir enn farið fram ein einasta greiðsla af þessu fyrirhugaða stofnfé sjóðsins, hvort sem það er af því, að stjórn sjóðsins hafi verið svo vel á verði um hagsmunamál sjóðsins, eða af hinu, að ríkisstj. hafi sýnt sjóðnum þennan hlýleika. Það er að vísu alveg sérstök og mjög einkennileg tegund af hlýleika, að útgerðin skuli ekki hafa getað fengið fullnægt því loforði, sem Alþ. gaf, að greiddar skyldu 100 þús. kr. árlega til fiskveiðasjóðs Íslands. En sjóðurinn hefir ekki fengið neitt af þessu fé, og hann hefir orðið að starfa með þeim einu 600 þús. kr., sem hann átti í upphafi, og hefir neyðzt til að taka lán í Danmörku, sem nemur 1½ millj. í ísl. kr., eða 1¼ millj. danskra kr., og af því geta menn bezt séð, hve rúmar ástæður sjóðurinn hefir, að samanlagðar greiðslur hans af þessu danska láni eru meira en helmingur af tekjum hans. Ég hefi ekki séð yngri reikninga frá sjóðnum heldur en frá árinu 1931, en þá námu tekjur hans 260 þús. kr., en kostnaður hans af danska láninu var þá yfir 140 þús. kr., og hefir sjóðurinn þá aðeins rúmar 100 þús. kr. til að standa með undir lánum. Þetta er hörmulegt, og mér blöskrar, að til skuli vera sú tegund samvizkusemi, að halda fyrir sjóðnum þessari lögskipuðu greiðslu til hans, sem átti að borgast með 100 þús. kr. árlega.

Í frv. því, sem við höfum borið fram, er ætlazt til þess, að útflutningsgjöldin gangi til sjóðsins, þegar greiðslu til ræktunarsjóðs er lokið; ennfremur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þá 1 millj. kr., sem honum ber samkv. samþykkt Alþ. 1930, og skildist okkur þá, að svo vel væri séð fyrir tekjuöflun sjóðsins, að við álitum, að hann yrði fær um að annast nauðsynlega lánastarfsemi.

Till. okkar um greiðslu á þessari einu millj. kr. er hagstæð fyrir ríkissjóð, en hún er sú, að hann tæki að sér danska lánið. Lán þetta er með 5½% vöxtum og var tekið árið 1930 til 15 ára, og eru því eftir af lánstímanum 10 ár, en af greiðslutíma ríkissjóðs til fiskveiðasjóðsins eru nú ekki eftir nema 5 ár, ef hlíta skal samþykkt Alþ. frá 1930, svo með þessu fær ríkissjóður lengri greiðslufrest. En aftur á móti getur fiskveiðasjóðurinn farið að sinna útlánum með meiri krafti en hann gerir nú, ef hann þannig losnar við kostnað af danska láninu.

Ég vil ekki láta hjá líða að segja þau orð nú þegar, að hér greinir oss mikið á, þá, sem standa að gamla frv., og hina, sem eru flm. að þessu nýja frv. En ég vil bæta því við, að mér þykir mikils virði, að flm. komast svo að orði, sem þeir gera hér í frv., þar sem þeir tala um tekjuöflun sjóðsins, að það væri æskilegt, að hann gæti sjálfur aflað sér fjár frá útgerðinni, og segja svo þar á eftir: „Hitt er hinsvegar ekki eðlilegt, að útvegurinn sé skattaður fyrir fyrirtæki og framkvæmdir, sem eðli sínu samkvæmt hljóta að vera næsta óskyld þessum atvinnurekstri.“ — Ég bið hv. þdm. að taka sérstaklega vel eftir því, að flm. þessa frv., sem eru 7 að tölu, eru allir Alþfl.menn og eiga allir sæti hér í þessari hv. d., segja hér, að það sé ekki eðlilegt, að útvegurinn sé skattaður fyrir fyrirtæki, sem samkv. eðli sínu hljóti að vera næsta óskyld honum. — Ég vil biðja hv. þdm. að taka mjög

vel eftir þessu, vegna þess, að nú er hér á ferðinni frv., sem krefst þess, að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði fellt niður, en það gengur til fyrirtækja, sem eru næsta óskyld sjávarútveginum, og ég verð að krefjast fylgis við það frv. frá þeim mönnum, sem hafa sett nöfn sín undir þessi ummæli, og ef þeir fylgja okkur ekki að því máli, þá hljóta þeir að kyngja þessum orðum sínum. Það gladdi mig að sjá þessi ummæli, og að óreyndu treysti ég því, að þeir menn, sem hafa sett nöfn sín undir þau, reynist líka menn til þess að standa við þau.

En mér til hryggðar rakst ég á það í grg. frv., að þeir ætla að fella niður þessa einu millj. kr., sem ríkissjóði ber að greiða til fiskveiðasjóðsins samkv. gildandi lögum, og þeir ætla að gera þetta á þann einkennilega hátt að fella hana niður með greinargerð. En ég skil ekki, hvernig það á að vera hægt að fella niður lög með ummælum í grg. Þeir segja: „Þótt ljóst sé, að ráðstafanir frv. til aukningar starfsfé fiskveiðasjóðs séu í sjálfu sér ekki nógar, er ekki talið gerlegt að taka að nýju upp þá hugmynd, sem vakti fyrir fjárveitingarvaldinu með gildandi lögum um fiskveiðasjóð, þar sem ríkissjóði var ætlað að greiða eina millj. kr. til sjóðsins, og gera hann þannig með einu átaki að helmingi sterkari stofnun en hann nú er. Svo sem nú er háttað fjárhag ríkissjóðs, verður þessu ekki komið við.“ — Það á, skilst mér, að nema í burt þessa einnar millj. kr. greiðslu til fiskveiðasjóðs með ummælum í grg. fyrir þessum lögum.

Það er sagt í upphafi grg. frv., að „Rauðka“ hafi samið þetta frv. Hún hefir gengið alllengi með þetta fóstur, og sýnist mér það þó tæplega fullburða. Í 4. gr. frv. stendur t. d. út af tryggingum: „Til tryggingar láni fiskveiðasjóðs til skipasmiðs setur hinn síðarnefndi skuldabréf skipseiganda, að viðbættum öðrum tryggingum, er bankinn tekur gildar.“ — Mér er ekki ljóst, hvaða banki þetta er. Fiskveiðasjóður er *enginn banki*. Það getur verið, að átt sé við Útvegsbankann. En Útvegsbankinn ber ekki ábyrgð á fiskveiðasjóði, heldur er sá sjóður sérstök stofnun. Þess vegna er það stjórn sjóðsins sem slík, en ekki annarlegur banki, sem meta á þessar tryggingar.

Ég get ekki stillt mig um að geta þess, fyrst ég fór út í að tala um, að mér virtist „Rauðku“ hafa mistekizt með samningu þessa frv., að það er á allra vitund, nema þessarar sælu nefndar, að bréfamarkaður hér á landi er algerlega orðinn fylltur. Mér er algerlega óskiljanlegt, hvernig þessi nefnd, sem kvað vera orðin harla dýr, getur hugsað sér að semja frv., þar sem ætlazt er til, að gefin verði út handhafaverðbréf upp á 3 millj. kr., en hefir þó ekki leitað álits neinna, sem hér eiga hlut að máli og vit hafa á þessum hlutum, um það, hvort nokkrar líkur séu til þess, að hægt verði að selja þessi bréf. Mér hafa sagt það menn, sem helzt hafa vit á þessum málum, að það sé mesta fjarstæða að láta sér detta slíkt í hug. Að sönnu er nefndin að gera ráðstafanir til þess með l., að hægt sé að selja fyrir 300 þús. kr. af þessum bréfum á næstu 3 árum. Fyrst og fremst er þetta svo lítil upphæð, að þetta bjargar engu, og í öðru lagi er engin sönnun fyrir því, að það verði einu sinni hægt að fullnægja þessu fyrir þær stofnanir, sem á að gera þetta að skyldu. Frv. þetta er því að mínu áliti ófullkomið, þó að það kunni að vera hægt að taka þá hugmynd upp, sem frv. hefir hlaðizt utan um: að færa smíðar báta meira inn í landið. Sem sjálfstætt frv. er það harla ófullkomið. Það bjargar ekki í því efni, sem það á að gera, nefnilega að koma því til leiðar, að fiskveiðasjóður geti verið svo öflugur, að hann geti lánað stofnlán til alls skipastóls í landinu. Það bjargar ekki heldur því, að lánin geti orðið viðunanleg, þar sem lánsfé þetta verður dýrt. Það þarf að efla sjóðinn þannig, að hann starfi sem mest með eigin fé.

Það er einnig mjög vanhugsað og spor aftur á bak, sem kemur fram í grg. frv., að ætla að leysa ríkissjóð frá því að greiða tillag það til fiskveiðasjóðs, sem tilskilið er í l., en hann hefir refjazt um að greiða, eins og fiskframleiðslan hafi ekki verðskuldað það, að litið sé til hennar þannig, að staðið sé við lögfest loforð.

Ég vil geta þess, að í þessu frv. er stórkostleg framför í einu atriði frá því, sem var í öðru frv., sem flutt var á vetrarþinginu, þar sem eru skilyrði fyrir því, hvað lánin megi vera há, samanborið við virðingarverð skipanna. Það er alveg rétt, að það er ekkert vit í því að fara með lán, sem veitt er út á skipið eitt, upp úr 50% af virðingarverði skipsins. (Sbr. 4. gr. frv.). Það þarf líka að finna skynsamlega tímalengd lánanna.

Ég vil benda á, að þegar um það er að ræða, eins og hér er gert ráð fyrir, að sjóðurinn starfi eingöngu með lánsfé — og af því hlýtur að leiða, að vaxtakjör verði óhagstæð —, þá er alveg ótækt, að þessi 25% lán, sem eiga að bætast við, eigi að borgast á svo stuttum tíma sem ráð er fyrir gert í frv. Það verða svo þungar afborganir á 5 árum, að skipaeigendur rísa ekki undir. En þetta er atriði, sem alltaf er hægt að ræða síðar og breyta, ef henta þykir.

Flm. (Emil Jónsson): Hv. 6. þm. Reykv. sagði í upphafi sinnar ræðu, að þessi frv., annarsvegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hinsvegar frv. það, sem hann er ásamt öðrum flm. að, séu fram komin frá misjöfnu sjónarmiði. Hann hélt því fram, að hans frv. væri komið fram með hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna fyrir augum, en sagði, að þetta okkar frv. hefði eingöngu sjónarmið iðnaðarmanna fyrir augum. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Ef við hefðum eingöngu haft sjónarmið iðnaðarmanna fyrir augum, þá hefðum við auðvitað farið þá leið, sem hægust var, að leggja toll á fullsmíðuð skip, sem flutt eru til landsins. Skipasmiðir fóru fram á, að 15—20% innflutningstollur yrði settur á skip, sem flutt væru til landsins. Við treystumst ekki til að gera það, vegna þess, að við tókum til greina sjónarmið útgerðarmanna. Við töldum, að útgerðin gæti ekki staðið undir þessari auknu tollabyrði. En hinsvegar viljum við fara þessa millileið, sem ég bar undir skipasmiðina. Þeir telja, að þó að þessi leið komi ekki að fullu gagni, þá komi hún þeim alltaf að nokkru gagni.

Annars var ræða hv. 6. þm. Reykv. aðallega

um hann og hans frv. og rök hans fyrir réttmæti þess frv. Þetta frv. gerir aðallega kröfu um það, að reynt verði að færa í það horf skipasmíðar fyrir landsmenn, a. m. k. smíði á minni skipum fiskiflota landsmanna, að hún verði sem mest innlend.

Svo brá hv. þm. sér á leik, eins og hann er vanur, þegar hann fer að minnast á Rauðku, og var ekki sem vandlátastur í þeim útskýringum, sem hann færði fram um gerðir n., sínu máli til stuðnings. Hv. þm. fór háðulegum orðum um það, að við hefðum í frv. okkar nefnt banka — eins og fiskveiðasjóður og banki væri ekki sitt hvað. Og hann spurði, hvaða banka væri átt við í 4. gr. frv. Þó ætti þessi hv. þm. að vita það, að banki hefir samið við ríkisstj. um að hafa fiskveiðasjóð í sínum vörzlum, og að í sérstakri löggjöf um Útvegsbanka Íslands stendur, að fiskveiðasjóður sé sérstök deild í þeim banka. Það er því ekki ófyrirsynju, að banki er nefndur í þessu sambandi.

Þá sagði þessi hv. þm., að við, sem samið höfum grg. frv., vildum með þeirri grg. afnema þetta einnar millj. kr. framlag, sem í lögum er, að ríkissjóður greiði til fiskveiðasjóðs. Þetta er alrangt. Við höfum hvergi lagt það til, að þetta milljónarframlag ríkissjóðs verði afnumið. Þó að við getum þess í grg., að við teljum ekki rétt, að svo komnu máli, að fara þess á leit við ríkissjóð, að hann greiði þetta framlag nú, þá er ekki með því sagt, að við viljum slá því föstu, að hann skuli aldrei gera það. Ef þessi skylda ríkissjóðs á stoð í l., þá breytir það að engu leyti þeirri skyldu hans, þó að þetta frv. verði samþ.

Þá sagði hv. þm., að þessi 25% lán til skipasmíða væru allt of ört greidd niður á 5 árum. Ég hefi náttúrlega ekki fyrstu handar þekkingu á því máli. En mér er þó sagt af mönnum, sem mjög náin kynni hafa haft af þesskonar málum, og sennilega miklu meiri en þessi hv. þm. sjálfur, því að það eru útgerðarmenn, sem ég hefi talað við um þetta, — mér er sagt af þeim mönnum, að venjulega, þegar þeir láta smíða báta erlendis, þá séu þeim veitt lán út á þá gegn 2. veðrétti, sem nemi ¼ verðs bátanna, og lánin eigi að borgast á 4 árum. Með frv. er þó gert ráð fyrir, að útgerðarmenn hafi einu ári lengri tíma til að endurgreiða þessi lán heldur en nú tíðkast í flestum tilfellum. Að þessi endurgreiðslufrestur er yfirleitt hafður svona stuttur, kemur til af því, að skipið, sem sé tryggingin, sem skipseigandi veitir, hrörnar óðfluga, svo að með hverju ári vex sú hætta, sem bátasmiður er í um að tapa fé sínu með því að lána það gegn 2. veðrétti. Þess vegna má slíkt lán ekki hvíla langan tíma á skipinu, til þess að skipasmiður sé öruggur með sitt fé.

Þá sagði hv. þm., að verðbréfamarkaðurinn væri hér á landi orðinn svo þröngur, að ekki væri hér unnt að selja nein bréf. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. hefir þótzt verða þess áskynja, að sá markaður sé alveg tæmdur. Ég veit ekki betur en að daglega séu seld hér verðbréf, vitanlega með misjöfnu gengi, en þau eru þó seld. Í öðru lagi er þess að geta, að í frv. eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að keypt verði viss upphæð af bréfum, til þess að standa straum af auknum útgjöldum í sambandi við það, að skipasmíðar yrðu fluttar inn í landið á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er tekið fram í grg., að í 6 ár, 1928—1933, hafi innflutningur á mótorbátum og mótorskipum numið um hálfri millj. kr. á ári til jafnaðar. Og ef lánað verður út á 2. veðrétt í viðbót við 1. veðréttar lán, og ef þessar skipasmíðar flyttust inn í landið, þannig að þær yrðu framkvæmdar að nálega öllu leyti af innlendum höndum, þá ættu þessi 2. veðréttar lán að nema árlega kringum 100 þús. kr., svo að með þessari verðbréfasölu, sem frv. gerir ráð fyrir að tryggð verði, er nægilega séð fyrir möguleikum til þessara lánveitinga út á 2. veðrétt.

Þegar þessi hv. þm. var að tala um, að ekki væri spurt um það, hvort þessi fyrirtæki, sem upp eru talin í 2. gr. síðari mgr. frv., séu þess megnug að kaupa þessi bréf eða ekki, þá veit ég, að hann hefir talað á móti betri vitund. Það er ekki vafi á því, að stofnanir þær, sem þar eru nefndar, eru færar um að kaupa bréf fyrir 100 þús. kr. á ári, og mundu gera það. Þær kaupa verðbréf af öðru tægi nú árlega fyrir sömu upphæð.

Þá fór hv. þm. mjög skringilegum orðum um það, að við sósialistarnir í d. legðum til, að gjaldið af útfluttum afurðum yrði ekki notað til annara hluta en að styrkja fiskveiðasjóð, eftir að framlag til ræktunarsjóðs samkv. l. hefir numið einni millj. kr., þ. e. a. s., ekki til annars en aukningar og stuðnings sjávarútveginum. Hann vildi út frá því vonast til þess, virtist mér, að við gætum þar af leiðandi ekki verið á móti afnámi útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Nú er það vitanlegt, að þetta gjald, sem runnið hefir til ræktunarsjóðs, var sett á þegar sjávarútvegurinn gekk vel. Þá var ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að hver atvinnuvegurinn styddi annan. Og hinsvegar, þegar atvinnuvegur hættir að geta veitt slíkan stuðning, þá er sjálfsagt, að hætt sé að láta hann gera það. En með þessu frv. er því slegið föstu, að gjaldið til ræktunarsjóðs falli niður, þegar þessari einnar millj. kr. greiðslu til hans er lokið. Það er verulegur munur á því að láta sjávarútveginn greiða tillag, sem á að vera beinn stuðningur til verklegra framkvæmda, eða tillag til einstaklinga. Því að sjávarútvegurinn hættir að styðja einstaka menn, þegar gjaldið af sjávarafurðum er látið renna í ríkissjóð. Annarsvegar kemur hér til greina, að einstaklingar í sjávarútveginum leggi fram fé til þess að styrkja einstaklinga, sem stunda landbúnað, en hinsvegar hitt, að einstaklingar, sem sjávarútveg stunda, greiði ríkissjóði skatt. Það er svo verulegur eðlismunur á þessu, að þó að maður viðurkenni aðra þessa stefnu, þá er ekki víst, að maður sé skyldur þess vegna til að viðurkenna hina. Þennan eðlismun hlýtur hver maður að sjá.

Að öðru leyti held ég, að það sé ákaflega fátt, sem ég þarf að taka fram viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Hann talaði mest um sitt frv. og fór ekki mörgum orðum um þetta frv., sem fyrir liggur, nema að sumu leyti viðurkenningarorðum, og er ég

honum þakklátur fyrir þau. En ástæðan fyrir því, að þetta okkar frv. er fram komið, er fyrst og fremst þessi: Með því að færa þennan iðnað inn í landið, þannig að landsmönnum sé gert kleift að smíða þessi skip sjálfir, þá vinnst það, að hvorki meira né minna en 350—400 þús. kr. sparast árlega í greiðslum til útlanda fyrir skip. Og þó að það sé rétt, að við höfum fyrir okkur sjónarmið iðnaðarmanna, þá er hitt einnig jafnrétt, að við höfum líka í till. okkar haft fyrir augum sjónarmið útgerðarmanna, þar sem við höfum ekki farið að óskum iðnaðarmanna um að leggja skatt á innflutning vélbáta.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða nú, hvorki frv. það, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. flytja, né frv. það, sem nokkur hluti úr sjútvn. flytur. Þau eru að vísu um þessi sömu mál, eða lík, sem frv. okkar er um, en eru það óskyld, að ég tel ekki rétt að ræða þau nú. En ég vil vænta þess, að hv. sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, geti á sem beztan hátt samrýmt þær óskir, sem fram koma í öllum þessum frv., þannig, að allir megi sem bezt við una.

Sigurður Kristjánsson: Ég skal ekki lengja mikið umr. þessar. — Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel það fullkomlega þess vert, að unnið sé að því að reyna að ná þessum tilgangi, sem hv. frsm. sagði, að væri með flutningi þessa frv., að smíðin geti orðið fremur innlend en útlend á þeim mótorbátum, sem landsmenn þurfa að nota við fiskveiðar. Ég stóð upp aðeins vegna þess, að ég vil aftur leggja áherzlu á þessi orð, sem í grg. eru og hv. flm. hafa allir þar með gert að sínum orðum, að það sé óeðlilegt, að sjávarútvegurinn sé skattlagður fyrir fyrirtæki og framkvæmdir, sem eðli sínu samkv. eru næsta óskyldar þessum atvinnurekstri. Og með þessum orðum hafa þessir flm. — og það tel ég þeim til sóma — gefið alveg rétta yfirlýsingu. En það er líka annað, sem ég vil leggja áherzlu á, að þessir sömu menn hagi framkomu sinni í afgreiðslu annars máls, sem fyrir Alþ. liggur, samkv. þessari yfirlýsingu, — útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum, sem oftast hefir numið einni millj. kr. og sjávarútvegurinn er ekki lengur fær um að bera, vil ég að þeir samþ., að létt verði af, því að það gengur að mestu leyti til hluta, sem eru harla óskyldir sjávarútvegsmálum. Ég vil halda því fram, að þeir, sem líta á þetta mál eins og hv. flm. rita í grg. frv., hljóti að verða okkur hinum sammála og samtaka um að létta útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Landssmiðja.

Á 70. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um landssmiðju (þmfrv., A. 518).

Á 73., 76. og 77. fundi í Nd., 14., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Emil Jónsson): Eins og hv. dm. mun kunnugt, hefir hér í bæ verið starfrækt landssmiðja um nokkur undanfarin ár. Var þetta mál fyrst tekið upp af þáv. landsverkfræðingi. Átti smiðjan að smíða ýmislegt fyrir ríkissjóð, sem kom starfrækslu hans við. Hefir þessu svo verið haldið áfram og vegamálastjóri og vitamálastjóri látið smíða þarna ýmiskonar járnsmíði.

Fram til 1930 fékkst smiðjan aðallega við smásmíði ýmiskonar. Þá varð sú breyt. á, að henni var falið að smíða ýmislegt, sem lýtur að viðgerð ríkisskipanna, og slikt. Eftir það jókst starfsemi smiðjunnar mikið. Þó hefir enn enginn lagabókstafur verið fyrir starfrækslu smiðjunnar, heldur hefir ráðuneytið skipað fyrir um málin með bréfum til forstjóra smiðjunnar. Hefir því starfið verið lausara en skyldi. Stundum hafa t. d. verið lagðar niður deildir, eins og trésmíðadeildin, sem lögð var niður og verkfæri hennar seld. Þetta má ekki svo til ganga, svo þýðingarmikil sem þessi smiðja er fyrir ríkisstofnanir, svo sem vegamál, vitamál og skipaútgerð ríkisins. Úr þessum veikleika smiðjunnar er reynt að bæta með frv. því, sem hér liggur fyrir. Í frv. er ákveðið, að smiðja sem þessi skuli starfa og fást við áðurnefnd störf. Er fyrsti tilgangur frv. að koma festu í þessa starfrækslu. Í öðru lagi er svo fyrir mælt, að smiðjan skuli annast allt það smíði, er hún getur, fyrir ríkið og stofnanir þess. Það virðist sjálfsagt, að smiðja, sem er eign ríkisins, vinni slík störf. Þá segir ennfremur í 2. gr., að ríkisstj. geti „mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði það, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða.“ Þetta getur ekki heldur talizt nema eðlilegt.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að landssmiðjunni sé gert fært að ráðast í ýmiskonar nýsmíði. Hún hefir þegar ráðizt í smíði á ýmsum vörutegundum, svo sem stálhúsgögnum og rúmstæðum handa skrifstofum ríkisins og sjúkrahúsunum. Þá hefir hún og smíðað bílavogir, sem bæði Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhöfn hafa keypt og mælt með sem samkeppnisfærum við samskonar erlenda framleiðslu, bæði að verði og gæðum. Ef hægt er að koma því svo fyrir, að landssmiðjan taki upp nýsmíði á hlutum, þannig að minna af þeim verði keypt frá útlöndum, þá er það rétt spor í þessum gjaldeyrisvandræðum, sem nú eru.

Sérstaklega er þó um eina tegund nýsmíðis að

ræða, sem vakað hefir fyrir landssmiðjunni að taka upp, en húsnæðisleysi og féleysi hefir hamlað. Það er smíði á mótorum í mótorbáta. Í grg. eru tilfærðar tölur um innflutning bátamótora árin 1926—1933. Hefir hann þessi ár numið ca. 530 þús. kr. að meðaltali á ári. Auk þess hafa verið fluttar inn nýjar mótorvélar í skipum, sem hingað hafa komið erlendis frá, svo að þessi upphæð verður í rauninni hærri. Nú er þessum undirbúningi að smíði mótora svo langt komið, að mér er tjáð af fróðum mönnum, að smiðjan geti með 30—40 þús. kr. tilkostnaði hafið smíði á mótorum. Þegar þess er gætt, að ⅔ hlutar af verði mótorsins felast í vinnulaunum, en ekki nema ⅓ í aðfluttu efni, þá er hér um mikinn hagnað að ræða fyrir landið. En hér er ekki aðeins um hagnað að ræða frá sjónarmiði gjaldeyrisverzlunarinnar. Þessa mótora mætti um leið miða við þarfir íslenzkra fiskimanna. Þeir gætu fengið þessar vélar og varahluta af ákveðinni gerð og þyrftu ekki að vera bundnir við margar ólíkar tegundir um varahluta, tegundir, sem ef til vill yrði að einhverju leyti erfitt að fá.

Frv. gerir ráð fyrir, að ríkið leggi fram hæfilega lóð, þar sem smiðjan er, og ábyrgist henni 100 þús. kr. lán, til þess að hún geti hafizt handa. Meira fé en þetta er ekki hægt að búast við, að ríkið ábyrgist. Bezt hefði raunar verið, að ríkissjóður hefði lagt fram þetta fé til fyrirtækisins, þar sem fyrirtækið verður sjálft að binda mikið fé í einu og öðru, en það hefir ekki verið talin fær leið.

Um annað í frv. er fátt að segja. Þetta er aðalatriðið, að ríkissjóður leggi til lóð og ábyrgist þetta fé.

Í 6., 7. og 8. gr. er ákveðið, að starfsmenn smiðjunnar skuli hafa rétt til að ávaxta sparifé sitt í fyrirtækinu, og skuli þeim greiddur arður af fénu í jöfnum hlutföllum við gróða þess allt að hámarki, sem ákveðið sé í reglugerð, er ríkisstj. setur. Þetta er gert til þess að hnýta starfsmennina nánari böndum við fyrirtækið. Þeir fá meiri arð, ef vel gengur, og hafa þannig hagsmuni af gengi fyrirtækisins. Í öðru lagi er þetta gert til að útvega smiðjunni rekstrarfé, sem hún hefir ekki of mikið af. Þetta fyrirkomulag tíðkast allvíða erlendis og hefir gefizt vel. Í samræmi við þetta er lagt til, að starfsmenn skuli hafa nokkra íhlutun um stjórn smiðjunnar, er þeir hafa lagt fram ákveðna upphæð.

Ég vona, að hv. d. taki frv. vinsamlega og sjái, hvílík nauðsyn okkur er á því, að innanlandsiðnaðurinn sé efldur. Ég sé ekki, að öðru járnsmíðafyrirtæki beri meiri skylda til að vera brautryðjandi á þessu sviði en landssmiðjunni.

Þar sem málið hefir verið rætt allmikið í iðnn., fer ég ekki frekar út í það, en legg til, að því verði vísað til 2. umr.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég sá, að enginn hafði kvatt sér hljóðs, en ég vil ekki, að málið fari til 2. umr. án þess að bornar séu fram nokkrar aths. við það. Það er sýnilega tilgangurinn að gera að voldugu ríkisfyrirtæki þessa litlu landssmiðju, sem sett var upp hér á árunum að tilhlutun vegamálastjóra til að annast ýmiskonar smásmíði, og nú á síðari árum stærri smíði, svo sem brúarsmíði. Nú á að gera þessa smiðju á sósialistiska vísu að voldugu fyrirtæki ríkisins, sem smám saman á að leggja undir sig alla vinnu á þessu sviði. Í fyrsta lagi á að skylda allar ríkisstofnanir til að skipta við þessa smiðju, og í öðru lagi öll þau fyrirtæki, sem njóta nokkurs ríkisstyrks. Þar sem í 1. gr. frv. segir: „Ríkisstj. lætur starfrækja smiðju ...“, eru allar líkur til, ef smiðjan fær ekki nóg að starfa, að tekin verði upp svo öflug samkeppni við önnur samskonar fyrirtæki, að þau geti ekki staðizt. — Hv. frsm. hugsar sér þetta sem einskonar sjálfseignarfyrirtæki, einskonar syndikalistiskt fyrirtæki, því að frv. ætlast til, að þeir, sem þarna vinna, geti smám saman orðið eigendur þess, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja, nema það, að það er ekki í verkahring ríkisins að stuðla sérstaklega að slíku.

Það er full ástæða til, að þetta frv. fari í fleiri n. en iðnn., því að þetta er ekki eingöngu iðnaðarmál, heldur líka fjárhagsmál, frá sjónarmiði ríkissjóðs að minnsta kosti. Með þessu lagi verður að gera ráð fyrir því, að ef þetta fyrirtæki verður gert að stórri stofnun, þá komi fljótt að því, að hún verði að vera sér úti um önnur verkefni en þau, sem eru á vegum ríkisins. Það má því gera ráð fyrir, að þarna verði fjöldi starfsmanna, sem ekki hefir nægilega vinnu í þarfir ríkisins. Það er allt annað að reka lítið fyrirtæki með þarfir ríkisins fyrir augum, og má þá hafa nægilegt verkefni handa nokkrum mönnum, enda er það allt annað heldur en að sjá stórfyrirtæki fyrir nægilegum verkefnum. Það er stefnt að því hér að gera lítið fyrirtæki að stórfyrirtæki á kostnað ríkisins, og seilast þá svo langt eftir verkefnum, að tekin sé upp hörð samkeppni við aðra, sem reka svipuð fyrirtæki. Annars er hitt fyrir hendi, að það verði ekki nægileg starfræksla nema nokkurn hluta ársins, svo að fyrirtækið geti alls ekki borið sig. Mér virðist, að í grg. frv. sé gert ráð fyrir þessu, því að þar segir: „Virðist það hentug og eðlileg regla, að framleiðslufyrirtæki, er ríkið á eða kann að eignast, séu rekin með þeim hætti, að stjórnendum fyrirtækjanna sé það ljóst, eigi síður en viðskiptamönnum þeirra, að ríkið taki eigi að sér ábyrgð á skuldum þeim, sem fyrirtækin kunna að efna til, heldur séu eignir fyrirtækjanna einar til öryggis greiðslu skuldanna.“ Hér er verið að gefa í skyn, að tilgangurinn sé sá, að reyna að komast hjá því, að ríkissjóður beri ábyrgð á fyrirtækinu, og er hér verið að stefna inn á nýja braut. En mér er sem ég sjái, að til þess komi, að ríkissjóður telji sér ekki skylt að sjá um það, að hver, sem skuld á hjá fyrirtækinu, fái sitt. Enda getur það varla verið, að ríkið láti sig engu skipta, þó að menn tapi fé hjá því fyrirtæki, sem ríkið hefir stofnað. Hér er því farið inn á þá braut, að gera lítið fyrirtæki að stórkostlegu atvinnufyrirtæki, sem ríkið á að bera ábyrgð á, og má telja fyrirsjáanlegt, að þetta fyrirtæki verði baggi á ríkissjóði á sínum tíma. Ég vil benda á, að þetta er ekkert smámál, heldur verulega athugavert mál, og getur orðið stærra en hv. frsm. vill vera láta.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Eins og menn sjá á þskj. 518, er þetta frv. borið fram af meiri hl. iðnn. Í n. var leitað samkomulags um flutning frv., en það fékkst ekki. Ég vil nú með nokkrum orðum lýsa afstöðu minni til þessa máls. Ég var einn mættur á fundi þeim, sem málið var til meðferðar á, auk meiri hl., sem ber það fram.

Ég tel þetta mál ónauðsynlegt og álít, að það geti jafnvel verið skaðlegt. Ég tel það ónauðsynlegt vegna þess, að þó að þörf sé á því fyrir vegamálaskrifstofuna að hafa smiðju, þá tel ég óþarft að skapa löggjöf á þennan hátt, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta verði stórfyrirtæki. Auk þess er ekkert, sem bendir til þess, að það sé nauðsyn fyrir vegamálaskrifstofuna að reka þetta verkstæði áfram. Ég veit ekki, að neitt sé framleitt þar, sem ekki er hægt að fá hjá einkafyrirtækjum í bænum. Því hefir verið slegið fram áður, að ýmsar starfsgreinir gætu slegið sér saman og myndað hring til þess að okra á ríkinu. En hér er slíku ekki haldið fram. Í grg. frv. er þvert á móti bent á það, að það muni hafa komið fyrir, að sumt af því, sem þessi smiðja hefir leyst af höndum, hafi verið dýrara en hjá einkafyrirtækjum, þannig að hún hafi ekki getað staðizt samkeppnina, og ríkisfyrirtækin því ekki getað skipt við hana, þrátt fyrir ýms fríðindi, sem landssmiðjan hefir notið. Hin hlið þessa máls var sú, að ég taldi frv. að ýmsu leyti skaðlegt. Það er sýnt, að hér er stefnt að því að keppa við einkafyrirtæki sömu tegundar. Það er gert ráð fyrir því, að hin stækkaða landssmiðja fáist við skipasmíði. Allir vita, að hér starfar skipasmíðastöð, og er því stefnt að samkeppni við hana. Þegar rætt var um skipasmíðastöðina hér á Alþ., voru allir sammála um að efla hana. Það er því hart, ef nú á að fara að stofna fyrirtæki til samkeppni við hana.

Þá er í annan stað ætlazt til þess, að þessi stækkaða landssmiðja hafi með höndum smíði mótora og annara véla, en sérstaklega er gert ráð fyrir, að hún hafi með höndum smíði bátavéla. Mér þykir sennilegt, að þar búi undir, að menn búist við því, að landssmiðjan hafi lítið að gera, og vilja þá geta bent á þennan möguleika. En ég efast um, ef þetta er athugað með gaumgæfni, að það verði þá margir hv. dm., sem gleypa þessa flugu. Það er vitanlegt, að slík smíði byggist á því, að framleitt sé mjög mikið, eða að um „massefabrikation“ sé að ræða, því annars verða vélarnar dýrari en á heimsmarkaðinum. Það er því fráleitt að hugsa sér, að sú smiðja, sem hér um ræðir, geti í náinni framtíð leyst slíkt smíði af hendi og selt við svipuðu verði og útlendingar bjóða, nema flm. hugsi sér, að um útflutning sé að ræða. En mér hefir ekki skilizt, að svo væri. Svipað má segja um það, þegar gert er ráð fyrir, að landssmiðjan sé uppfinningamönnum innan handar með að smíða hluti, sem þeir hafa fundið upp. Ef hér er um hluti að ræða, sem að dómi þeirra manna, sem vit hafa á, eru þess verðir, að þeir séu smíðaðir og reyndir, þá er auðvitað hægt að fá einkafyrirtæki til þess að smíða þá, og það jafnvel með ívilnun. Þetta er því aukaatriði og til þess að gylla málið, en hefir enga þýðingu.

Þá er það eftirtektarvert, að um leið og stefnt er að því að lögbjóða, að allar ríkisstofnanir skipti við landssmiðjuna, er samt gert ráð fyrir, að þeim, sem í smiðjunni vinna, sé leyft að gerast meðeigendur að fyrirtækinu, og taki arð að jöfnum hluta af sinni innieign. Þetta getur verið ágætt, ef um einkafyrirtæki er að ræða, og þá gæti ég verið með því. En hér, þar sem um svona verzlun er að ræða og vissar stofnanir verða að verzla við fyrirtækið, og það getur því ákveðið verðið, þá er allt öðru máli að gegna. Það hefir verið gert mikið úr því, að verðið hjá landssmiðjunni hafi verið sambærilegt við verð hjá öðrum fyrirtækjum. En það hefir verið vikið að því, að það hafi þó farið fram úr almennu verði. En þá er bent á, að það þurfi ekki að vera til tjóns, svo framarlega sem landssmiðjan gefi arð, er samsvari mismuninum, en hann skiptist til starfsmanna ríkisins. En þetta getur orðið rík hvöt til þess að halda verðinu sem hæstu, svo arðurinn verði sem mestur, og þar eð þeir, sem við fyrirtækið starfa, eiga að hafa beina hlutdeild í stjórn þess, þá skapar það þeim möguleika til þess að hafa áhrif á verðið og þar með að ganga nærri ríkissjóði. Ég býst við, að hér sé um tilraun að ræða, sem borin er fram og studd af sósialistum. Þeir hafa á stefnuskrá sinni að þurrka út sem mest einkarekstur. Og hér var prýðilegt tækifæri, að taka þennan vísi að opinberu fyrirtæki og gera hann að stóru ríkisfyrirtæki í samkeppni við einkafyrirtæki.

Það hefir verið bent á, að við flytjum nú inn vélar fyrir 300 þús. kr. á ári eða meira. Ég vil benda á veiðarfærin. Það mun nú vera hátt á aðra millj., sem fer fyrir þau á ári. Það yrði kannske líka horfið að því að setja upp ríkisfyrirtæki í þeirri grein, og þá fyrst með það ágæta sjónarmið fyrir augum, að fyrirbyggja það, að veiðarfæri væru flutt inn í landið, en yrði um leið til þess að hlaupa í kapp við einkafyrirtæki, sem má gera ráð fyrir, að valdi sínu hlutverki, ef það fær að vera í friði. Eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, þá er hér um ekkert smámál að ræða, þó að það líti sakleysislega út. Hér er farið af stað til þess að stefna í þá átt að koma á fót almennum ríkisrekstri á kostnað einkafyrirtækja. Ég er á móti þeirri stefnu, og því á móti þessu frv.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég get verið fáorður um ræðu hv. 5. þm. Reykv. Honum virtist vera það þyrnir í augum, að þessi smiðja gæti vaxið úr því, sem hann kallaði að vinna að smásmíði, eða m. ö. o. frá því að vera smáfyrirtæki og upp í það að verða voldugt sósialistiskt fyrirtæki. En ég verð að segja það, að við höfum nú aldrei stefnt svo hátt með þessu frv. Hinu höfum við viljað stefna að, að fyrirtækið gæti orðið þjóðinni til meiri nytja heldur en það er nú, og geti tekið að sér að framleiða það, sem enginn annar hefir átt við að framleiða. Það er aðalatriðið, sem fyrir okkur vakir. Svo eru ýms smáatriði, sem er kannske rétt að drepa á. Hv. þm. sagði, að það væri opin leið fyrir þá, sem við fyrirtækið vinna, að verða eigendur og ráða yfir því. En það er ekki rétt. Það, sem fyrir

okkur vakti, var, að það er gert ráð fyrir, að þeir, sem við landssmiðjuna vinna, leggi fé í fyrirtækið, og þeim sé greiddur arður af því að vissu hámarki, sem ákveða á í reglugerð, og að þeir hafi 1 mann af 4 í stjórn fyrirtækisins. Og hvernig á þessi eini maður að hafa mikil áhrif á stjórn fyrirtækisins? Að tala um, að smiðjan verði eign starfsmanna, getur ekki komið til mála.

Það kom fram hjá honum og hv. þm. Ak., að verkefni smiðjunnar yrðu að einhverju leyti í blóra við einkafyrirtækin. Eins og ég sagði áðan, þá á að reyna að gera smiðjunni kleift að vinna að nýjum iðngreinum og fara inn á þau svið, sem aðrir hafa ekki farið inn á áður, og reyna þannig að fara inn á nýjar brautir til gjaldeyrissparnaðar og aukinnar atvinnu. Ég lagði í framsöguræðu minni einmitt ríka áherzlu á þetta, að landssmiðjan væri látin fara inn á þau svið, sem aðrir hafa ekki farið inn á áður og einkafyrirtæki ekki þorað að fara inn á.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að það væri fyrirsjáanlegt, að smiðjan myndi verða baggi á ríkissjóði. En það hefir nú verið þannig, að hún hefir flest árin gefið arð. Að vísu hefir ríkissjóður orðið að leggja henni til nokkurt fé, vegna þess að hún þurfti að hafa húsaskjól og verkfæri, en hún hafði ekkert fé til þess að kaupa fyrir nema það, sem lagt var fram úr ríkissjóði. — Það var svo ekki fleira í ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem ég þarf að svara.

Það er öðru máli að gegna með hv. þm. Ak. Mér fannst hann fara harðari orðum um frv. en ég hafði búizt við. Hann sagði, að það væri ónauðsynlegt og jafnvel skaðlegt. En ég vil nú spyrja hv. þm. að því, hvaða hlutur það sé, sem ekki getur orðið skaðlegur. Og að hvaða leyti er þetta ónauðsynlegt? Ekki mun það vera ónauðsynlegt að hafa þessa smásmíði, sem hv. 5. þm. Reykv. var að tala um. Flokksbræður hv. þm. hafa séð nauðsyn á því, að ríkið hefði þessa smásmíði. Og ég get ekki álitið það ónauðsynlegan hlut að stofna ný iðnfyrirtæki, sem láta mönnum í té atvinnu. Að vísu hefir einn maður í ráðherrastóli séð ástæðu til þess að selja undan landssmiðjunni hluta til privatmanna, og skal ég ekki fara frekar út í það. Ef til vill gefst tækifæri til þess í þeirri d., sem sá hæstv. fyrrv. ráðh. á sæti í. En það er óhætt að segja, að þeir, sem fengu þennan hluta — en hann var seldur sæmilega ódýrt —, hafa ekki skaðazt á þeim rekstri, sem þeir hafa haft. Þetta sýnir, hvað það er hættulegt að hafa aðbúð smiðjunnar eins losaralega og hún er nú og hefir verið, þar sem einn ráðh. gat af duttlungasemi selt undan henni hluta. Og það nær engri átt að hafa rekstur landssmiðjunnar svona ótryggan.

Hv. þm. Ak. sagði, að þrátt fyrir ýms fríðindi, sem smiðjan hefði notið, hefði smíði hennar ekki verið samkeppnisfær. En hver eru þau fríðindi, sem smiðjan hefir notið? Eru það þau fríðindi, að smiðjan hefir farið af stað kapitallaus, og starfsmenn hennar hafa þá verstu aðbúð, sem hægt er að hugsa sér, því þeir hafa engin sæmileg húsakynni, en verða að hrekjast jafnvel út í forarpolla með verk sín? Ég held, að þetta geti ekki talizt fríðindi. Slíkt er alls ekki sæmileg aðbúð, og það er því ekki hægt að segja, að þeir hafi fríðindi hvað aðbúð snertir.

Þá sagði hv. þm. Ak., að með þessu frv. væri verið að veitast að einni skipasmíðastöð, sem hefði verið stofnuð fyrir atbeina Alþ., að því er mér skildist. En ég skil ekki, við hvað hv. þm. á, og býst við, að þetta sé byggt á misskilningi. Sú eina skipasmíðastöð, sem hefir verið stofnuð fyrir atbeina Alþ., er Slippurinn, og ég veit ekki betur en að öll járnsmíðaverkstæði hafi aðgang að Slippnum. Að segja, að hér sé verið að ráðast að atvinnurekstri Slippsins nær auðvitað engri átt. Þetta er byggt á misskilningi hjá hv. þm. og kemur af því, að hann þekkir ekkert til rekstrar landssmiðjunnar eða Slippsins.

Þá fór hv. þm. allmörgum orðum um mótorsmiðarnar, og þeim allkyndugum, að mér fannst. Hann sagðist efast um, að hv. þdm. gleyptu þá flugu, að landssmiðjan geti smíðað mótora, því slík smíði byggðist á „massefabrikation", en það mætti kannske orða það, ef hún ætti að smíða þá til útflutnings. Ég hefi nú ekki mikla trú á því, að hún smíði mótora til útflutnings, en ég hefi meiri trú á því, að hún geti smíðað mótora til nota á heimamarkaðinum. (**PHalld**: Þarf þá ekki að banna innflutning á mótorum?). Ef þeir reynast eins góðir og þeir útlendu, þá efast ég ekki um, að þeir verða keyptir. Ég hefi séð teikningar að þessum nýju mótorum, sem landssmiðjan hefir látið gera, og þó að ég sé ekki vel dómbær á þá hluti, þá get ég sagt það, að mér hefir litizt vel á þá. Ég hefi fulla ástæðu til þess að halda, að landssmiðjan geti smíðað mótora og selt þá, engu síður en gert er í ýmsum smáhæjum, sem selja miklu minna en það, sem Íslendingar þurfa að nota. Það er auðvitað satt, að þeir verða ódýrari, ef þeir eru búnir til í „massefabrikation". En hér er um að ræða vélar, sem við flytjum inn á ári fyrir ½—1 millj. kr., og má búa til marga mótora fyrir þá upphæð. Fyrst er að uppfylla það skarð, sem við þurfum af mótorum. Aftur á móti ef um útflutning á mótorum ætti að vera að ræða, kemur margt fleira til greina, bæði aukinn kostnaður og ýmsar verzlunarhömlur m. m., og ef ekki er hægt að framleiða þá fyrir innlendan markað, þá er þó ennþá vitlausara að hugsa sér þá smíðaða fyrir erlendan markað. (**PHalld**: Það sýnir þó, hvort þeir séu samkeppnishæfir). Nei, það sýnir alls ekki samkeppnishæfni þeirra, því þó hér sé hægt að framleiða fyrir innlendan markað mótora eða aðra vöru jafnódýra eða ódýrari en útlenda vöru sömu tegundar, hingað komna til landsins, þá sýnir það alls ekki, hvort innlenda varan stenzt samkeppni erlendis, þegar flutningskostnaður o. fl. hefir bætzt við framleiðslukostnaðinn. Þetta er alls ekki sambærilegt, auk þess sem ætla má, að íslenzkur mótor verði meir sniðinn við kröfur íslenzkra staðhátta en erlendur. Þá hefir verið reynt að gera lítið úr því ákvæði, að íslenzkir hugvitsmenn fengju aðgang að landssmiðjunni um smíði uppfinninga sinna. En á þessu er einmitt hin mesta nauðsyn, að íslenzkir hugvitsmenn hafi

aðgang að slíkri hjálp, þar sem smíða má gripi á ódýran hátt, ekki sízt ef um fátæka menn er að ræða, sem ekki hafa sjálfir ráð á að standa straum af tilraunum sínum. Er því landssmiðjunni ætlað það hlutverk að styrkja þessar tilraunir eða uppfinningar, sem margir Íslendingar eru að bauka með, en vantar aðstoð til að framkvæma á ódýran hátt. — Ég man nú ekki, hvort fleiri atriði voru í ræðu hv. þm. Ak., sem ég þarf að gera aths. við, en hann endaði ræðu sína með þeim ummælum, að hann gæti eins búizt við, að gerð yrði till. um, að ríkið tæki að sér tilbúning veiðarfæra. Þetta er ekki annað en útúrsnúningur hjá hv. þm. Hann veit það ósköp vel, að nú eru til verksmiðjur í þessari grein, eða iðjufyrirtæki. Hann veit, að hér snúa menn hamp í línu, hér eru búin til þorskanet og hér er hnýtt allmikið af þeim botnvörpum, sem landsmenn nota. Það er alveg sitthvað að tala um ríkisfyrirtæki, er vinni það, sem þegar er unnið í landinu, eða ríkisfyrirtæki, er starfi að framleiðslu, sem ekki er áður til og keppir því alls ekki við innlenda framleiðslu. Þetta veit ég, að hv. þm. Ak. skilur, þó að hann hafi slegið hinu fram í fálmi eða leit eftir að reyna að finna frv. eitthvað til foráttu. En ef hv. þm. er sérstaklega hugleikið að koma á fót veiðarfæragerð ríkisins, þá skal ég gjarnan styðja hann í því. En ég sé ekki ástæðu til, meðan þessi fyrirtæki eru ekki í stærri stíl en er, að taka þau af þeim, er nú reka þau. Það er nú einu sinni svo skritið, að við sósíalistar höfum þá skoðun, að smáframleiðendur — smáatvinnurekendurnir — eigi að ráða sér sjálfir sem allra mest. En ef um stórfyrirtæki er að ræða, þá gegnir nokkuð öðru máli, — og þó alveg sérstaklega álítum við, að ríkinu beri að ráðast í fyrirtæki, sem enginn einstaklingur hefir byrjað á, og virðist ekki að hafizt verði handa um að öðrum kosti, eins og t. d. er um framleiðslu þá, er hér getur.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. var að lýsa eftir því, hvaða fríðinda landssmiðjan hefði notið, og skildist mér á honum, að hann teldi, að þau hefðu engin verið. Ég veit ekki, hvað þessi hv. þm. kallar fríðindi, ef hann telur það ekki til fríðinda að geta verðlagt smíði sína eftir geðþótta, en svo hefir verið hjá landssmiðjunni t. d. gagnvart brúargerð og vegagerð o. fl. ríkisstofnunum, sem orðið hafa að taka verkið fyrir það verð, sem smiðjunni þóknaðist að setja. (**EmJ**: Það hefir alls ekki verið). Eða svo virðist eftir grg. þeirri, er fylgir frv., að ríkisstofnanir hafi tekið verkið yfir verði. Þar við bætist svo, að landssmiðjan hefir ekkert aukaútsvar greitt til Rvíkurbæjar, eins og önnur hliðstæð fyrirtæki verða að gera, eða a. m. k. ekki árið 1933, þegar tap varð á smiðjunni, rúmar 30 þús. eftir nýútkomnum landsreikningum. — Annars lagði hv. þm. aðaláherzlu á, að bæta þyrfti aðstöðu landssmiðjunnar. Mér er ekki vel ljóst, hvað hann á við með því, en það getur margt verið. Eftir frv. virðist svo, sem átt sé við það, að hún geti sett það verð á smíði, sem hún annast fyrir aðrar ríkisstofnanir, er henni sjálfri lízt. — Annað, sem hv. frsm. lagði áherzlu á og drepið er á í grg. frv., er, að með þessu sé tryggð margra manna atvinna, og er þar nefnd talan 60. Nú munu þeir vera nokkru færri. — Ég man ekki betur en forstjóri þessa fyrirtækis hafi nær því ráðherralaun, og allmargir, sem þarna vinna, hafa nálægt prófessorslaunum. Ef bæta þarf aðstöðu þessara manna, að dómi hv. frsm., þá hann um það. Auk þessa vinna þarna lausamenn, öðruhverju a. m. k. Það er vitanlega ágætt út af fyrir sig, að atvinnulausir menn fái vinnu. En hvernig ætlar hv. frsm. að koma því í kring án þess að skerða meira eða minna þá vinnu, sem nú er hjá einstaklingsfyrirtækjum?

Að því er snertir nýsmíði mótora, sem virðist vera aðalhald þessa frv. og eina sterka atriðið því til stuðnings, þá tek ég mér til inntekta og þigg fegins hendi tilboð hv. þm. um að skýra það nánar, ef það er þá hægt að skýra nokkuð, hvernig hér er unnt að framleiða fáeina mótora í harðri samkeppni við erlenda framleiðslu. Ef rétt hefði verið á þessu byrjað, þá hefði landssmiðjan átt að smíða eitt „model" af þessum mótor, og láta athuga það og dæma af faglærðum, sérfróðum mönnum; áður en hlaupið er til að byggja verksmiðju fyrir þessa framleiðslu, má varla minna vera en slík athugun lægi fyrir. Ef svo væri, að sú athugun hefði farið fram, og líklegt þætti, að hér mætti með hagnaði smíða slíka mótora, þá gæti komið til mála að styrkja landssmiðjuna að því að reisa slíka deild til nýsmíði. En meðan þetta eru ekki nema fullyrðingar út í hött og vantar öll rök, þá get ég ekki fallizt á neinn styrk á þessum grundvelli. Þó ég geti látið hlutlaust, að landssmiðjan starfi eins og nú eða á sama grundvelli og undanfarið, þá get ég alls ekki fallizt á, að hún sé efld og styrkt á kostnað einstaklinga.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég get verið stuttorður, vegna þess m. a., að hv. þm. Ak. hefir farið fram frá því í fyrri ræðu hans. Nú er hann miklu sanngjarnari í máli, vill taka frv. til athugunar o. s. frv. Sérstaklega taldi hv. þm. rétt að byrja á að smíða einn mótor og leita umsagnar um hann. Ég veit ekki betur en að byrjað sé þegar á þeirri smíði, og að hann muni innan skamms standa tilbúinn, svo að hv. þm. geti sjálfur skoðað hann fljótlega. (**GÍ**: Ég er ekki fagmaður). Við erum ekki allir fagmenn í hverju einu, en verðum að skoða hlutina og gagnrýna eftir þeirri skynsemi, sem við eigum. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég hefi ekki mikið vit á þessari grein, en teikningar og útreikningar hafa verið fyrir mig lagðir, og ég trúi því, sem fagmaður — eins og t. d. vélfræðingur Fiskifél. — hefir sagt mér um þessa hluti, en hann hefir ásamt forstjóra landssmiðjunnar gengið frá teikningu á þessum mótor, sem nú er í smíðum. Hafa þessi gögn verið fyrir mig lögð, og eftir minni þekkingu og dómgreind eru útreikningar þeirra mjög sennilegir. Sé ég ekki ástæðu til að fara út í það hér í þessari hv. deild, af því hér munu vera fáir, sem skilja hina teknisku hlið málsins eða hafa aðstöðu til þess. Ég tel málið vera komið á það góðan rekspöl, að vel megi um

tala, og það, sem landssmiðjuna vantar, er bætt húsnæði til starfrækslu sinnar (m. a. til smíða á mótorum) og fé til að kaupa þær vélar, sem nauðsynlegar eru að dómi fagmanna, og þetta er það, sem frv. fer fram á.

Ég spurði þennan hv. þm., í hverju væru fólgin friðindi þau, sem hann taldi landssmiðjuna hafa umfram önnur hliðstæð fyrirtæki. Hann vildi svara með því, að ríkisstofnanir keyptu smíði af henni við því verði, er smiðjan setti. Það er einmitt sú sorglega staðreynd, að það gera þau ekki, af hvaða ástæðum, sem það kann að vera, að sumir forstjórar virðast hafa ríka tilhneigingu til að ganga framhjá smiðjunni. Í einstökum tilfellum má vel vera, að hún standist ekki samkeppni um verð og gæði, en ekki er það algilt. — Þá eru það ein friðindin, að smiðjan sé útsvarsfrí, sem hún er samkv. hæstaréttardómi, og tekur dæmi á þann einkennilega hátt, að hann pillar út það eina ár, sem landssmiðjan hefir sýnt tap, árið 1933, en aftur á móti hin árin hefir hún sýnt gróða, t. d. 1934 er hagnaðurinn 29 þús. kr., 1932 er hann 6300 kr. og svo er um önnur ár, er ég hefi séð reikninga yfir, að hún sýnir rekstrarhagnað, að undanteknu árinu 1933, sem hv. þm. þurfti að vera svo seinheppinn að grafa upp til stuðnings máli sínu.

Þá taldi hann, að mér skildist, að ein friðindin væru, hvað menn væru þar vel launaðir; forstjórinn hefði ráðherralaun, og fjöldi starfsmanna allt að prófessorslaunum. Um þetta er ekki annað að segja en það, að starfsmenn smiðjunnar vinna fyrir taxtakaupi járniðnaðarmanna, eða sama kaupi og unnið er fyrir við allar aðrar smiðjur í bænum eftir samningi, sem þar um er gerður milli félags járniðnaðarmanna annarsvegar og verkstæðiseigenda hinsvegar. Viðvíkjandi launum forstjórans ætla ég, að þau séu sízt hærri en laun forstjóra annara sambærilegra fyrirtækja, og gæti trúað, að þau væru allmiklu lægri. Um friðindi hvað snertir landssmiðjuna hefir því aldrei verið að ræða; þvert á móti er hún sett á fót alveg kapitallaus og í lélegum húsakynnum. Auk þess hefir stjórn hennar verið svo losaraleg, að hún hefir selt annað árið það, sem hún hefir keypt hitt. Þykir mér því mesta furða, hvernig hún hefir staðið, að hún skuli hafa getað staðið af sér harða samkeppni, og veit ég, að hv. þm. hafa þann skilning, að þeir játa, að svo sé, og að mjög sé það virðingarverð starfsemi og nauðsynlegt að gefa henni möguleika til nýrra verkefna, færa starf hennar inn á nýtt svið og skapa með því nýja smíðisatvinnu í landinu. Eins og ég hefi þegar margskýrt frá, er ætlunin, að aukning smiðjunnar verði einkum nýsmíði og að ekki verði tekið frá einstökum mönnum, heldur verði ný vinna í landinu. Þetta hafa hv. þm. vitað, þó að þeir hafi haldið öðru fram, og sósíalistagrýlan er ekki það hræðileg, að þeir þurfi að vera hræddir við frv. þetta.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég tók svo eftir, að hv. þm. segði í lok ræðu sinnar, að það væri ekki meiningin, að landssmiðjan tæki vinnu frá öðrum, eða drægi smíði frá öðrum fyrirtækjum. Er það ekki rétt skilið? (**EmJ**: Að landssmiðjan stundaði aðallega nýsmíði). En mér skilst, að ýms ákvæði frv. miði að því að ná allri þeirri vinnu, sem hægt er, undir landssmiðjuna. Það er t. d. sagt í frv., að allar ríkisstofnanir skuli skipta við hana um smíði, og í aths. þeim, er fylgja frv., er sagt, að þetta sé ekki alltaf gert nú, en því þurfi að kippa í lag og gera þeim það að skyldu, hvort sem það er hagkvæmara eða ekki. Til hvers er þetta gert, nema til að ná vinnu frá öðrum? Þá er ennfremur í frv. ákvæði um heimild fyrir ráðh. að binda ríkisstyrk til fyrirtækja þeim skilyrðum, að þau skipti við landssmiðjuna. Til hvers ætli það sé gert, nema til að ná vinnu frá öðrum? Þá talar hann fagurlega um, að bæta þurfi aðstöðu landssmiðjunnar til þess að hún geti orðið samkeppnisfær, — en til hvers er þá verið að setja öll þessi ákvæði? Ég vil því eindregið mælast til þess við hv. frsm., að hann gangi inn á, að frv. þetta verði sniðið með það fyrir augum, að landssmiðjan starfi algerlega í frjálsri samkeppni. Það er ákaflega varhugavert að fá ríkisfyrirtækjum slíka sérstöðu og sérréttindi, sem hægt er að misnota alveg herfilega, þannig að selja ríkisfyrirtækjum og fyrirtækjum, sem njóta styrks frá ríkissjóði, óhæfilega dýru verði, og nota síðan þann gróða til að undirbjóða önnur fyrirtæki um aðra smíði. Ég vil líka benda á, að það er varhugavert, ef ríkið einskorðar þessi viðskipti vissra fyrirtækja við eina ákveðna stofnun, vegna þess að þá verða viðgerðir — t. d. skipaviðgerðir — dýrari og það getur haft afdrifarík áhrif á vátryggingar. Hér er nýafstaðin deila í þessu efni, mjög hörð deila, sem, eins og menn vita, sýndi fyllilega, hve mikið er í húfi. Þetta ákvæði um, að vinnan skuli framkvæmd á vissum stað hjá vissu fyrirtæki, er því mjög hættulegt, og það er rökrétt ályktun, að það geti haft í för með sér hækkun vátryggingargjalda.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál nú; til þess gefst tækifæri við 2. umr. En ég vildi gjarnan heyra, hvort hv. frsm. getur ekki fallizt á, m. a. af því að í grg. virðist tekið fram, að þess sé ekki þörf, að fella niður ákvæðin um, að ríkisfyrirtæki skuli skipta við landssmiðjuna.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég skal ekki verða langorður, en ég get ekki neitað mér um að gefa hv. frsm. skýringu á því undrunarefni, sem það virtist vera honum, þegar hann var að lýsa því, hvernig landssmiðjan hefði byrjað kapitallaus og í lélegum húsakynnum o. s. frv., að hún skyldi þó hafa komizt af undanfarin ár. Það má vel vera, að þetta sé honum undrunarefni, ef hann er ókunnugur ríkisfyrirtækjum, en þá get ég sagt honum það, að það er ekkert að marka afkomu ríkisfyrirtækja, eða yfirleitt reikningslega afkomu opinberra fyrirtækja, hvort sem þau eru ríkis eða bæja. Og það er ekki til að undra sig yfir, vegna þess að þau ráða sjálf, hvaða verð er sett á vöru þeirra eða framleiðslu, er þau láta því opinbera í té. Hitt er miklu meira undrunarefni, þegar slík fyrirtæki skila reikningum með halla, eins

og komið hefir fyrir þetta fyrirtæki. Ég verð að láta í ljós, að ég get ekki skilið undrun hv. frsm. eða hneykslun yfir því, að á þetta er minnzt, því það átti ekki að geta komið fyrir þá smiðju, sem býr við þau skilyrði, er ég hefi lýst. Og að þetta hefir komið í ljós þrátt fyrir hina sterku aðstöðu, átti að verða til þess, að smiðjan væri tafarlaust lögð niður, og ég get undrazt yfir því, að jafngreindur maður og hv. þm. er skuli ekki geta skilið, að það átti að gerast, þegar það hefir sýnt sig, að þrátt fyrir aðstöðuna hefir smiðjan tapað ár eftir ár. Á því get ég ekki fundið aðra skýringu en þá, að hann sem sósialisti geti ekki hugsað sér, að ríkið afsali sér stofnun, sem einu sinni hefir verið komið á. En hver einstaklingur hlýtur að hverfa frá þeim rekstri, sem ekki ber sig, og leggja niður slík fyrirtæki, og nákvæmlega það sama gildir um fyrirtæki þess opinbera. Þess vegna átti ríkisstj. að koma fram með till. um að leggja landssmiðjuna niður, er það sýndi sig, að tap varð á rekstri hennar. Hv. frsm. minntist á, að fyrrv. stj. hefði selt eitthvað af verkfærum landssmiðjunnar. Það er rétt, að stj. seldi trésmíðadeild smiðjunnar, sem ekki mun hafa borið sig. Meira að segja lagði sú stjórn einróma til, að selja öll áhöldin og leggja verkstæðið niður, með þeirri forsendu, að verkstæðið bæri sig ekki. Það var hægt að fá það unnið fyrir minna verð hjá öðrum. Þetta er ekkert undarlegt, og það er sjálfsagt fyrir hvern mann, og það jafnt fyrir ríkisstj. sem aðra, þegar svona stendur á. Og þess vegna er það, að ef þessi hugur flm., að vilja ekki leggja niður fyrirtækið, ef það borgar sig ekki, kemur fram hjá ríkinu, þá er sýnilegt, að tilgangurinn er sá, að hætta á að setja upp svona stórt fyrirtæki, þó að það beri sig ekki. Mér sýnist því, að þetta sé ekki eingöngu iðnaðarmál, heldur líka fjárhagsmál, og tel ég því sjálfsagt, að það sé athugað af fjhn., og legg ég því til, að frv. verði vísað til fjhn.

Frsm. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki miklu að svara. Umr. hafa færzt yfir á það eina svið, sem andstæðingar málsins hafa til þessa getað haldið sig á, en það er fjárhagshlið málsins. Því var haldið fram af hv. 5. þm. Reykv., að það væri ekkert að marka reikninga, sem gefnir væru út af hinu opinbera. Að það væri í sjálfu sér ekkert undarlegt, því að það færi engra í milli, og ríkissjóður gæfi sjálfum sér reikning. En þar sem það eru tveir menn, sem sé umboðsmaður kaupanda og forstjóri landssmiðjunnar, sem verða að undirskrifa reikninginn, þá ætti að vera fyllsta ástæða til þess að ætla, að varan sé seld með sanngjörnu verði. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að kaupa vöruna dýrari hjá landssmiðjunni heldur en hægt er að fá hana annarsstaðar. Ég sé ekki, hvaða tilhneigingu starfsmenn ríkisins ættu að hafa til þess að kaupa vöruna við dýrara verði hjá landssmiðjunni en öðrum, því þeir hafa ekki verið neyddir til þess. Ég hygg, að það sé eins mikið að marka þá reikninga, sem landssmiðjan gefur, og þá, sem einkafyrirtæki gefa. Ég hugsa, að það megi finna dæmi, og þau ekki svo fá, þar sem einstaklingar hafa seilzt í vasa ríkissjóðs um greiðslu fyrir vinnu sína.

Þá kom hann að trésmíðadeildinni og var að tala um, af hverju hún hefði verið lögð niður. Hann sagði, að það væri hættulegt að stofna til slíkra fyrirtækja, ef því væri slegið föstu, að það mætti ekki leggja þau niður, þó að tap væri ár frá ári. Ég veit ekki, hvaðan hann hefir þær upplýsingar, að tap hafi verið á trésmíðadeildinni, því ekki er hægt að sjá það á reikningum landssmiðjunnar. Hitt er rétt, að stjórn fyrirtækisins sá ástæðu til þess, að hún væri lögð niður. Það sést, hvað nettóarðurinn var árið 1933 og nokkuð af árinu 1932, en þá var hún ekki almennilega komin á laggirnar, en það er ekki sérstaklega skipt niður gjöldum, vaxtakostnaði og skrifstofukostnaði á trésmíðadeildina og járnsmíðadeildina, svo ég get ekki séð, hvaðan hv. þm. hefir það, að tap hafi orðið á henni. Og þeir, sem keyptu hana, hafa getað rekið hana með góðum árangri. Þeir mundu vinna eins, hvort sem þeir ættu hana eða ríkið. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda, að tap hafi verið frekar, þegar ríkið átti hana, þar sem það eru sömu menn, sem vinna, og áður. Ég hefi því ekki ástæðu til þess að halda, að tap hafi verið, heldur hafi annað komið til greina, þegar hún var lögð niður.

Ég get verið stuttorður við hv. 3. þm. Reykv. Hann taldi það vera samkeppnisstarf hjá landssmiðjunni, ef tekinn væri upp sá háttur, að skylda ríkisstofnanir til þess að verzla við smiðjuna. Það er að vissu leyti rétt. Ég hélt því fram, að atvinnuaukningin við landssmiðjuna ætti að koma fram vegna nýsmíðinnar þar. En sú vinna, sem skapast með tilfærslu frá einkafyrirtækjum til landssmiðjunnar, er ekki atvinnuaukning. En ef landssmiðjan á að geta unnið að nýsmíði og tekið á sig þá áhættu, sem henni er samfara, þarf hún að vera styrk, og má a. m. k. ekki hafa verri aðstöðu en aðrar smiðjur. Það er rétt, að með þessu móti getur nokkuð af smíði, sem nú er hjá einkafyrirtækjum, færzt yfir á landssmiðjuna, en það verður ekki nema hún sé samkeppnisfær. Ég get bent á það, að það er eitt ríkisfyrirtæki, sem hefir sömu aðstöðu og þessu er ætlað að hafa, ef frv. verður samþ., en það er ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Ég hefi aldrei heyrt, að hún hafi notað aðstöðu sína til gróða eða til þess að undirbjóða einstaklingsfyrirtæki. En það er margt líkt með þessu, því hvorttveggja er taxtavinna, bæði prentun og járnsmíði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta, og geri ekki ráð fyrir, að ég taki aftur til máls. Ég hefi ekkert á móti því, að fjhn. athugi málið, því þetta er fjárhagsmál fyrir ríkissjóðinn. En ég vona, að hún geri það svo fljótt og vel, að þetta nauðsynjamál nái fram að ganga á þessu þingi.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli á því, að hv. frsm. svaraði hv. 5. þm. Reykv., er hann lét í ljós ótta um það, að þessi aðstaða ríkissmiðjunnar yrði notuð til þess að setja hærra verð á vöruna heldur en ef hún væri í samkeppni, með því, að engar ráðstafanir hefðu

verið gerðar til þess að skapa smiðjunni slíka aðstöðu. En með þessu frv. er einmitt verið að skapa smiðjunni slíka aðstöðu. Og þess vegna var svar hv. frsm. ónýtt. (**EmJ**: Það var um reksturinn áður). En nú er verið að tala um, hvernig það verður, ef frv. er samþ. Hv. þm. sagði, að það væri ekki ætlazt til þess, að hún væri látin vinna, nema hún væri samkeppnisfær. En það er ætlazt til, að ríkisstofnanir láti hana vinna fyrir sig án tillits til þess, hvort hún er samkeppnisfær eða ekki. Það er ekki spurt um, hvort smiðjan er samkeppnisfær, þegar hún á að vinna fyrir ríkið. Sá fyrirvari, sem er í frv. um það, að vinna smiðjunnar eigi að vera sambærileg við vinnu hjá einkafyrirtækjum, er ekki fyrir ríkið sjálft.

Hv. þm. sagði, að ríkisstofnunin, sem við smiðjuna skiptir, og sá, sem er fyrir smiðjunni, verði að undirskrifa reikningana, áður en þeir séu borgaðir. En þessu er þannig varið, að sá, sem er fyrir smiðjuna, hefir töglin og hagldirnar, því sá, sem kaupir, verður að skipta við hana og engan annan. Umboðsmaður kaupanda hefir því ekki aðstöðu til þess að „þrykkja" verðinu niður. Ég vil nú spyrja hv. frsm. að því, hvort ekki sé hægt að komast að samkomulagi um það, að fella burtu ákvæðið um þessa sérstöðu smiðjunnar til þess að fá vinnuna, án tillits til þess, hvort hún er samkeppnisfær eða ekki. Hv. þm. svarar hv. 5. þm. Reykv. því, að þessu verði ekki til að dreifa. En mér svarar hann því, að enginn þurfi að óttast, að smiðjan verði ekki samkeppnisfær. En ef svo er, þá þarf ekki að tryggja hana með sérstöku lagaboði. Ég vona því, að við getum orðið sammála um að lagfæra frv. svo, að smiðjan sé jafnt sett og aðrar stofnanir í þessari grein.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 518, n. 649).

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Meiri hl. fjhn., sem skilað hefir nál. á þskj. 649, leggur til, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem getið er um á þskj. 649. Meiri hl. n. telur eðlilegt, að sett sé löggjöf um þetta efni, þar sem kunnugt er, að landssmiðjan hefir starfað undanfarin ár án fastra reglna, en það hefir leitt til þess, að starf smiðjunnar hefir ekki komið að eins miklum notum og skyldi. Finnst meiri hl. n. því eðlilegt, að sett verði lagafyrirmæli um starf og fyrirkomulag þessa fyrirtækis.

Fyrir utan almennar ákvarðanir um þetta efni hefir frv. að geyma merkileg nýmæli, sem gera smiðjunni mögulegt að vikka starfssvið sitt, því að samkv. ákvæðum 3. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkið hjálpi smiðjunni um lóð til þess að reisa viðbótarbyggingu á, til aukinnar starfsemi, og í annað stað — sem er í beinu áframhaldi af þessu —, að ríkið ábyrgist allt að 100 þús. króna lán til þess að smiðjan geti komið upp byggingunni og vélum til aukinnar starfrækslu og, eins og getið er um í grg. frv. og tekið hefir verið fram af hv. þm. Hafnf., sem var frsm. þessa máls við 1. umr., er sérstaklega til þess ætlazt, að þessi starfræksluaukning sé miðuð við það, að smiðjan geri tilraunir til þess að smíða mótora í íslenzk skip, og hefir verið gerð tilraun í þá átt, sem gefið hefir góðar vonir um sæmilegan árangur, og þar sem hér er um að ræða merkilega tilraun til aukins iðnaðar, sem leiða ætti til mikils sparnaðar á útlendri „valútu", þá telur meiri hl. n., að hér sé stigið mjög þýðingarmikið og nauðsynlegt framfaraspor. Eins og tekið er fram í grg. frv., flytjast árlega til landsins mótorar í íslenzka báta fyrir ca. 530 þús. kr. Ef takast mætti að gera þessa framleiðslu innlenda, þá mundi skapast veruleg vinnuaukning í landinu, þar sem talið er, að ⅔ af kostnaðarverði mótoranna liggi í vinnulaununum. Meiri hl. n. telur því mikla þörf á því, að sett sé löggjöf, sem gerir landssmiðjunni kleift að leggja út í þessar nýju framkvæmdir.

Þá hefir meiri hl. n. lagt til, að gerðar verði þær breyt. á frv., í fyrsta lagi, að í 2. gr. frv. sé sett nýtt fyrirmæli um það, að þau fyrirtæki ríkisins, sem skylt er að leita til landssmiðjunnar, þurfi þó því aðeins að hafa viðskipti við smiðjuna, að vinnubrögð og verðlag sé ekki verra þar en annarsstaðar, og á í því efni að fara eftir áliti stj. Okkur þótti rétt að slá þennan varnagla, til þess að ríkisstofnanir þyrftu ekki að sæta verri kjörum hjá landssmiðjunni en hægt væri að fá annarsstaðar. Einnig þótti okkur rétt, að ríkisstj. úrskurðaði um það, hvort verð og vinnubrögð smiðjunnar væru í samræmi við það, sem tíðkaðist annarsstaðar, þar sem ríkisstj., hver sem hún væri, vildi að sjálfsögðu kosta kapps um, að ríkisstofnanirnar sættu sem beztum kjörum. — Í annan stað leggur n. til, að felldar verði niður 6. og 7. gr. frv., sem gera ráð fyrir því, að starfsmönnum sé heimilt að leggja nokkuð af vinnukaupi sínu inn í verksmiðjuna, Við töldum ekki heppilegt að leggja út á þessa braut, því að gera má ráð fyrir, að slíkt væri lítið raunhæft, þar sem búast má við, að flestir starfsmenn smiðjunnar hafi það lág laun, að þeir geti ekki lagt neitt verulegt af mörkum til að lána smiðjunni. Í samræmi við þetta hefir meiri hl. n. lagt til, að felldar yrðu niður 6. og 7. gr. frv. og sömuleiðis 2. málsl. í 8. gr., sem vísar til 6. og 7. gr.

Með því að gerð var ýtarleg grein fyrir þessu frv. við flutning málsins hér í þessari hv. d., þá sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um málið frekar, en ég vil þó að lokum endurtaka þá till. meiri hl. fjhn., að frv. nái fram að ganga með þeim brtt., sem eru á þskj. 649.

Jakob Möller [óyfirl.]: Þetta mál var nokkuð rætt við 1. umr., og hreyfði ég þá aths. við það; skal ég því ekki vera orðmargur núna.

Fyrst ríkið hefir í höndum sér þessa starf-

rækslu, sem hér um ræðir, þá er ekki nema eðlilegt, að til sé einhver lagasetning um þetta fyrirtæki, og út frá því sjónarmiði er ekkert við þessu að segja. En hitt er aftur á móti mikið vafamál, hvort þessi starfræksla er eins þýðingarmikil eins og meðmælendur þessa frv. vilja vera láta. Ég sé í rauninni engin rök fyrir því, að þessi starfræksla geti á nokkurn hátt orðið til þess að auka íslenzkan iðnað, því að allan þann iðnað, sem hér um ræðir, mundi auðvitað vera hægt að reka í öðrum smiðjum. Starfsmenn landssmiðjunnar mundu að sjálfsögðu geta fengið vinnu í öðrum smiðjum, ef verkefnið er fyrir hendi. Ég veit ekki til, að þessi smiðja hafi skapað sér verkefni, sem ekki getur skapazt í öðrum smiðjum.

Þá er talað um, að smiðjan eigi að smíða mótora í íslenzk skip. Því skyldi ekki vera hægt að smíða slíka mótora í öðrum smiðjum, ef mótorarnir eru á annað borð samkeppnisfærir við erlenda mótora? Þessi rök hv. meðmælenda frv. réttlæta ekki þessa sérstöku starfrækslu, og ég er mótfallinn því, að farið verði með sérstökum ráðstöfunum að vernda þessa framleiðslu, ef ekki fæst fullkomin trygging fyrir því, að hún sé að öllu leyti samkeppnisfær og sambærileg að verði og vörugæðum við það, sem hægt er að fá annarsstaðar, en um það atriði er ekkert í frv. Frá mínu sjónarmiði er höfuðagnúinn á þessari lagasetningu sá, sem ég lýsti á dögunum, og hv. meiri hl. n. hefir í rauninni viðurkennt, án þess að vilja taka afleiðingunum af því. Það var rætt um þetta hér í hv. d., og ég fór fram á það, að frv. yrði breytt þannig, að tryggt væri, að verð og gæði á smíðum smiðjunnar stæði í stöðugri samkeppni með því móti, að verkið væri unnið eftir útboði. Þetta fekkst ekki samþ. Hv. meiri hl. vildi ekki ganga inn á það, en nú þykist hann ætla að tryggja þetta með 1. brtt. á þskj. 649. En það liggur í augum uppi, að úr því að ekki er unnt að fá samkomulag um það, að þetta verði tryggt með ákveðnu orðalagi og með ákveðnum ráðstöfunum, þá stafar það af því, að hv. meiri hl. n. vill ekki taka afleiðingunum, sem þessu fylgja. Ég get ekki fallizt á frv. meðan það er þannig. Ég mun til 3. umr. koma með brtt. í þessa átt, til þess að ganga úr skugga um, hvort hv. meiri hl. þessarar hv. d. vill fylgja því, að þessi smiðja sé þannig lögvernduð, og að hún eigi heimtingu á allri vinnu ríkisstofnana þeirra, sem við smiðjuna skipta, án tillits til verðs og vörugæða annarsstaðar.

Um fjárhagshlið frv. er það að segja, að þótt ákveðið sé, að ríkissjóður leggi fram 100 þús. kr. í stofnfé, mundi ég ekki finna að því, ef ég áliti, að hér væri um heilbrigt fyrirtæki að ræða, sem miðaði til þjóðþrifa, en ég tel, að vonir um það séu svo litlar samkv. þessari lagasetningu, að óforsvaranlegt sé að leggja þetta fé fram.

Umr. frestað.

Á 90., 91., 92., 93., 94., 95., 96. og 97. fundi í Nd., 4., 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

53. Brúargerðir.

Á 71. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 520).

Á 73. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Einarsson) [óyfirl.]: Ég hefi borið þetta frv. fram af því, að svo sérstaklega stendur á, að ein af þeim sýslum landsins, sem verst er sett með samgöngur, þ. e. Barðastrandarsýsla, er nú svo komin, að akvegakerfi landsins er farið að snerta hana. Sem sagt, nú er hægt að komast með bíl inn í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu, sem er ein af fjölmennustu sveitum í sýslunni, en lengra en rétt inn í sveitina er enn ekki hægt að aka, af því að í sveitinni er óbrúuð á, er Bæjará heitir. Telur vegamálastjóri, að brúin muni kosta 7000 kr., og er hún í brúalögum. En þó að svo heppilega tækist til, að sú brú kæmi, þá er það skammgóður vermir og kemur að litlu haldi, ef ekki er meira að gert, því að ekki er nema góð bæjarleið að annari á, Laxá, í sömu sveit. Er hún ófær bílum nema hún verði brúuð. Vegamálastjóri telur, að sú brú mundi kosta viðlika mikið og brúin á Bæjará, eða báðar 14—15 þús. kr.

Nú er mönnum það mesta áhugamál, að akvegur komist alla leið í Þorskafjörð. Stendur þar óvenjulega heppilega á, þar sem vegarstæði er þar óvenju gott, harðir og sléttir melar, sem hægt væri að nota til aksturs, a. m. k. að sumri til, ef árnar yrðu brúaðar. Og þar sem vegamálastjóri álítur, að brú á Bæjará sé ein af þeim fyrstu, sem nú ættu að koma til framkvæmda, þá álít ég illa farið, ef Laxá gæti ekki fylgt þar með. Af þeim ástæðum hefi ég leyft mér að gera till. um, að þessi brú verði tekin í brúalög.

Þá hefi ég einnig lagt til, að þrjár aðrar brýr í vestanverðri sýslunni verði teknar í brúalög, og er um þær svipuðu máli að gegna. Ég skal taka það fram, að þessar ár geta ekki talizt stór vatnsföll, en þó ærinn bagi og háski fyrir þá, sem þar þurfa að ferðast. Er því full ástæða til að taka þær upp í brúalög, svo að þær brýr geti komið til álita jafnt öðrum, þegar ákveðið er um það, hvaða ár skuli brúa.

Ég skal taka það fram, að kjósendur í Barðastrandarsýslu munu gefa því glöggar gætur, hvernig þessu frv. reiðir af, því að það getur engum dulizt, að sú sýsla hefir verið mjög afskipt um brúargerðir og vegalagningar. Mun vera leitun á þeim stað á landinu, sem erfiðara er að komast um en Barðastrandarsýslu, og veld-

ur það fyrst og fremst, hve erfið aðstaðan er þar víða til vegabóta. Sýslan er bæði hálend og vogskorin og margir örðugleikar eru þar fleiri. Hafa menn líka rækilega fengið að kenna á því, þar sem varla getur heitið, að lagður vegarspotti sé innan sýslunnar.

Menn hafa gert sér í hugarlund, og hefir það ráðið afstöðu margra til samgöngumála í Barðastrandarsýslu, að samgöngur á sjó væru þar eðlilegastar og heppilegastar. Þessu er þó ekki svo farið. Það er í rauninni ekki nema sá hluti íbúanna, sem er í Breiðafjarðareyjum, sem hentar bezt samgöngur á sjó, en um alla íbúana í austanverðri sýslunni er það að segja, að þeim er eðlilegast að hafa samgöngur á landi, og þeir telja sig varða það ákaflega miklu, að vegalagningum verði haldið þarna áfram og þessi vötn brúuð.

Ég vil taka það fram, að um leið og Bæjará og Laxá væru brúaðar og hægt að aka í Þorskafjörð, t. d. að Kinnarstöðum, þá er öll Reykhólasveitin komin í akvegasamband, og er þá skammt til þess, að Gufudalssveitin, sem er stór sveit, geti komizt í vegasamband líka. Auk þess mundu íbúar eyjanna nota þessar samgöngur í staðinn fyrir að fara út í Flatey og verða að bíða þar byrjar, eða jafnvel alla leið til Stykkishólms.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta frv., en vil eindregið mælast til, að það sæti vinsamlegri meðferð í þessari d. og hjá þeirri n., sem fær það til meðferðar. Ég vil leggja áherzlu á það, að á undanförnum árum hefir víða verið lagt fram stórfé til vega- og brúagerða, bæði frá því opinbera og eins fyrir dugnað hlutaðeigandi héraða, en Barðastrandarsýsla hefir í þessu efni verið ákaflega afskipt. Ég ferðaðist síðastl. vor um héraðið með manni úr Skagafirði. Hann hafði ekki áður komið á þessar slóðir, en var hinsvegar vanur hinum greiðfæru vegum í Skagafirði og Eyjafirði. Ósjálfrátt varð honum að bera vegina í Barðastrandarsýslu saman við það, sem hann átti að venjast í þeim héruðum. Enda varð hann alveg steinhissa á því, að á helztu þjóðleiðum í Barðastrandarsýslu þurfti sæmilega hugaður karlmaður að fara af hestbaki hvað eftir annað til þess að sleppa nokkurnveginn ómeiddur. Þetta dæmi sýnir ljóst, hversu mikið skortir á, að þessari sýslu hafi verið gerð sæmileg skil í vegamálum, samanborið við önnur héruð, og ennfremur hversu mikil þörf er á því, að tekið sé vinsamlega undir þær till., sem gerðar eru til þess að bæta vegina í Barðastrandarsýslu. Ég verð því að telja það í mesta máta óeðlilegt og mjög sorglega farið, ef þessar ár verða ekki settar í brúalögin og brúaðar áður en langt líður. Um árnar í austursýslunni, Bæjará og Laxá, þarf ég ekki að fjölyrða frekar, — þar er um svo brýna nauðsyn að ræða, að þær verði sem fyrst brúaðar, og á það legg ég mesta áherzlu. — Læt ég svo máli mínu lokið, en óska, að frv. verði vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt nál. frá minni hl. samgmn., á þskj. 780, og á 99. fundi deildarinnar, 14. des., nál. frá meiri hl. n., á þskj. 796, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

54. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 75. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (þmfrv., A. 562).

Á 76. og 77. fundi í Nd., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til orðið að nokkru leyti í sambandi við annað mál, sem einnig er hér á dagskrá í dag. Það er 9. málið á dagskránni, frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað. Þetta frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað hefir verið til meðferðar í sjútvn., vegna þess að það er fyrst og fremst flutt sem hafnarmál. En í þessu hafnarl.frv. er, eins og hv. þdm. er kunnugt, eitt ákvæði, sem nokkur ágreiningur hefir orðið um, og er það ekki beinlínis tilheyrandi hafnarlögunum sjálfum. En ákvæðið er um það, að heimila Siglufjarðarbæ að leggja á vörugjald til þarfa bæjarsjóðs. Í sjútvn. varð, þegar þetta mál var tekið til meðferðar, ágreiningur um þetta atriði. 2 af nm., þeir hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk., lögðu til, að þetta ákvæði væri fellt úr frv. En hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. héldu því fram, að þetta ákvæði ætti að haldast með lítilsháttar breyt. Ég hefi hvorugum þessara nm. getað fylgt að málum. Ég bar ekki fram brtt. við þetta frv., en mína afstöðu vil ég marka með þessu frv., sem ég hefi nú flutt. Ég er þeirrar skoðunar, og mér er kunnugt um, að ýmsir hv. dm., og þar á meðal eru menn úr sjútvn., eru þeirrar skoðunar, að það sé ekki óréttmætt, að þeim bæjarfélögum eða sveitarfélögum, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins starfa, sé gefin heimild til þess að leggja eitthvert útsvar á fyrirtækin. En í l. er ákvæði um það, að þau séu undanþegin útsvarsskyldu. Hér er óneitanlega um allmikinn atvinnurekstur að ræða, og getur orðið meiri, en hann er undanþeginn gjöldum til bæjar- og sveitarfélaga. Ég get ekki séð, að það sé óréttlátt að heimila þeim að leggja nokkurt gjald á þessi fyrirtæki. Það er út af fyrir sig hægt að leysa þetta mál án þess að tekin sé afstaða til hinna ýmsu radda, sem fram hafa komið um nýja gjaldstofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. En ef horfið er að því að samþ. þetta frv., þá má líta svo á, að komið sé nokkuð til móts við þá, sem vilja skapa

Siglufjarðarkaupstað aukna gjaldstofna, vegna þess, að á Siglufirði er mikið af þeim atvinnurekstri, sem hér um ræðir.

Ég vil benda á, að til er sérstakt ákvæði í lögum um gjaldskyldu annara fyrirtækja ríkisins til sveitarsjóða eða bæjarsjóða, þar sem þeim er gert að skyldu að greiða 5% af nettóágóða til þeirra. En þegar um síldarverksmiðjur ríkisins er að ræða, þá er ekki hægt að setja slíkt ákvæði, því þær eru ekki reknar á þann hátt, að gert sé ráð fyrir nettóhagnaði. Hér er því lagt til, að bæjar- og sveitarfélögum, þar sem verksmiðjur starfa, sé heimilt að leggja á þær gjald, sem sé miðað við andvirði seldra afurða, og hefi ég tiltekið í frv., að upphæðin skuli vera einn og hálfur af hundraði af söluverði. Ég get hugsað mér, að það geti verið samkomulagsatriði, hvort það verður sú upphæð eða önnur, eitthvað lægri, en ég hygg, að þessi upphæð, sem ég nefndi, sé þó það lág, að hærra myndi verða útsvar verksmiðjanna, ef á þær væri lagt eftir venjulegum reglum. En ég mun við meðferð málsins verða reiðubúinn til að ræða samkomulag um upphæð þessa gjalds. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Þar sem hér er um fjármál að ræða, þá legg ég til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

Páll Þorbjörnsson: Hv. flm. byrjaði á því að skýra frá, að í raun og veru væri þetta frv. afspringur annars frv., sem einnig lægi fyrir þessari hv. d., en það er frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, og þá sérstaklega það ákvæði í því, þar sem heimilað er að leggja sérstakt vörugjald til almennra bæjarútgjalda á allar vörur, sem fara um höfnina. Því hefir nú verið haldið fram af mér og fleirum, að þessu ákvæði væri beint að síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, og er ég þakklátur hv. flm. fyrir það, að hann hefir nú tekið af öll tvímæli um það með flutningi þessa frv. Þeir, sem eru kunnugir sögu síldarverksmiðja ríkisins, minnast þess, að það þótti talsverð búbót að því að fá þær byggðar á þeim stöðum, sem þær eru á. Þegar rætt var um byggingu þeirrar síldarverksmiðju, sem byggð var síðast, þá varð að vonum talsverð deila um það, hvar hún ætti að standa. Og það blandaðist engum hugur um, að fyrir sumum vakti það eingöngu í þeirri deilu að fá síldarverksmiðjuna byggða þar, sem þeir áttu heima. Það er nokkur sönnun fyrir því, hversu mikil búbót Siglfirðingum þótti að því að fá síldarverksmiðj. reista í sínu byggðarlagi, að þeir lögðu fram undir 200 þús. kr. til þess að fá hana byggða á Siglufirði. Við vitum líka, að það komu fram eindregnar óskir frá Raufarhöfn og Flateyrarkauptúni um það, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að verksmiðjurnar, sem voru á þeim stöðum, yrðu keyptar og sameinaðar síldarverksmiðjum ríkisins. Nú virðist vera að skjóta upp höfðinu sú stefna, að bæjunum sé það ekki nóg að fá þessa atvinnuaukningu, heldur vilja þeir líka fá tækifæri til þess að skattleggja fyrirtækin og taka gjöld af útvegsmönnunum og sjómönnunum, sem koma á skipum sínum norður og leggja þar upp síld til bræðslu, og skapa með því atvinnu á Siglufirði og víðar. Það má segja, að þau atvinnutæki, sem notuð eru til þess að afla síldarinnar, nefnilega skipin, séu að litlu eða engu leyti eign þeirra manna, sem búsettir eru í byggðarlaginu, þar sem verksmiðjurnar standa. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að frá Raufarhöfn og Flateyri gengur ekkert skip til síldveiða, sem búsettir menn þar eiga. Og á Siglufirði munu vera tvö síldveiðiskip, sem búsettir menn þar eiga og leggja upp síld í bræðslu. Mér er kunnugt um, að hið eina skip, sem bæjarfélagið á Siglufirði hafði með að gera, hætti við að leggja aflann upp á Siglufirði, en flúði vestur á Strandir, vegna betri skilyrða hvað fiskimiðin snerti. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að það eru nær eingöngu heimilisfastir menn á stöðunum, sem hafa atvinnu við verksmiðjurnar, eða um 150 á Siglufirði, 40 á Sólbakka og 35 á Raufarhöfn. Nú er það alls ekki svo, að verksmiðjurnar skapi ekki meiri tekjur fyrir bæjarfélögin en það, sem greitt er í vinnulaun. Það má líka benda á, að verksmiðjurnar á Siglufirði gjalda nálega 20 þús. kr. í hafnargjöld af útfluttum vörum, og verða þær líka að borga gjald af ýmsum vörum, sem þær verða að flytja inn. Nú er því haldið fram af hv. flm., að það sé ósanngjarnt, að bæjarfélögin hafi ekki hliðstæða heimild til þess að skattleggja fyrirtæki eins og heimild þá, sem þau hafa til þess að skattleggja einkasölur ríkisins, en þar sem síldarverksmiðjurnar hafi ekki verið byggðar í hagnaðarskyni, þá sé ekki hægt að fara inn á þá braut að skattleggja hagnaðinn. Nú vil ég segja það við hv. flm., sökum þess að hann er samvinnumaður, eins og kunnugt er, að það lengsta, sem mér finnst vera hægt að ganga í því að veita bæjar- og sveitarfélögum leyfi til að skattleggja stofnanir eins og síldarverksmiðjurnar, er, að þeim sé gert jafnhátt undir höfði og samvinnufélögunum, því að þótt síldarverksmiðjur ríkisins séu ekki samvinnufélög, þá er tilgangur þeirra í raun og veru sá sami, sem sé að skapa framleiðendunum sannvirði fyrir framleiðslu sína. Þeim mönnum, og einnig hv. flm., sem ég býst við, að hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað slík heimildarlög sem þessi myndu hafa í för með sér fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, ætla ég að benda lauslega á, hvað útgjöld þau, sem hér um ræðir, mundu hafa numið miklu þetta ár, sem þó er viðurkennt, að sé ekki nálægt því hálfdrættingur á við meðalár. Fyrir verksmiðjuna á Raufarhöfn hefði þessi skattur orðið 3450 kr., fyrir síldarverksmiðjuna á Siglufirði 21000 kr. og fyrir verksmiðjuna á Sólbakka 7255 kr. Þessi útreikningur er miðaður við afurðaverðið eins og það hefir verið á því, sem búið er að selja, og eins við það afurðaverð, sem nú er, enda þótt ekki sé búið að koma afurðunum í peninga. Aftur á móti mundi þessi skattur í meðalári nema 58000 kr. á Siglufirði, 10000 kr. á Sólbakka og 5000 kr. á Raufarhöfn, — og miða ég í þessu tilfelli við núv. afurðaverð hjá síldarverksmiðjum ríkisins, og hvað útreikning gjaldsins fyrir síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn snertir, þá miða ég útreikninginn við það,

sem gert var ráð fyrir, að síldarverksmiðjan gæti tekið á móti síðasta sumar. Til viðbótar við þetta vil ég geta þess, að þegar þessi áætlun var samin, þá var afkastageta verksmiðjunnar áætluð minni en hún reyndist að vera í sumar, eftir að verksmiðjan komst í hendur ríkisins. Ég skal taka það fram, að ég geri ráð fyrir, að þessar upphæðir, sem ég nefndi, geti farið fram úr þessum áætlunum. En samkv. þessum útreikningi verða öll þessi gjöld um 75000 kr. á ári. — Svo er annað, sem vert er að benda á í þessu sambandi, og það er það, að þetta 1½% gjald af andvirði afurðanna þýðir því sem næst 3% skatt á sjómenn og útgerðarmenn, sem leggja afla upp í verksmiðjurnar, því að útborgað verð til útgerðarmanna og sjómanna nemur því sem næst helmingi af því verði, sem fæst fyrir afurðirnar. Þess vegna hlýtur þetta að tvöfaldast á útgerðarmönnum, þannig að 3% skattur skelli á þeim. Og miðað við afurðaverðið eins og það er nú í dag, ætla ég að draga fram ljóst dæmi. Sem dæmi tek ég meðalafla eins báts í samvinnufélagi Ísfirðinga, eins og hann hefir verið undanfarin meðalár. Þessi bátur leggur upp 6000 mál til bræðslu, en það þýðir, að það kemur hvorki meira né minna en 990 kr. skattur á hvern einstakan bát. Þarna er um meðalafla eins báts að ræða, miðað við síldarafla 7 báta. Nú vil ég spyrja hv. flm. þessa frv., hvort honum finnist sanngjarnt, að útgerðarmenn og sjómenn, sem leggja afla sinn á land og útvega fjölda manns atvinnu, verði að greiða þennan þunga skatt, sem nemur í þessu tilfelli, sem nefnt var, nærri því þúsund krónum á hvert skip.

Hv. flm. óskaði eftir því, að þessu frv. yrði vísað til fjhn., að þessari umr. lokinni. Ég verð að segja, að mér finnst þetta mál snerta meir sjómannastéttina og útgerðarmennina í landinu heldur en aðrar stéttir, og vil ég því mælast til þess, að frv. verði vísað til sjútvn., svo framarlega sem því verður vísað til 2. umr. og nefndar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég skal verða stuttorður, ef það gæti orðið til þess, að umr. yrði lokið á þessum fundi. Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði um það, að þetta frv., sem ég flyt hér, væri yfirlýsing af minni hálfu um það, að frv. um hafnarl. á Sigluf. hefði verið sérstaklega stefnt að síldarverksmiðjum ríkisins, skal ég taka það fram, að ég sé ekki, að ég hafi gefið nokkra yfirlýsingu um það, hvert ákvæði þess frv. stefna, enda var ég ekki flm. þess frv. Hinsvegar er það vitanlegt, að ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, koma til með að auka gjöld á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig, að ef þetta frv. kæmist í framkvæmd, kæmi það til móts við hitt frv. um að afla þeim bæ tekna. Hv. 3. landsk. lagði áherzlu á það, að þeir staðir, sem síldarverksmiðjur ríkisins væru á, hefðu sótzt mjög eftir því að fá þá atvinnuaukningu, sem verksmiðjurnar létu í té, og að hörð samkeppni hefði verið milli ýmsra staða um að fá verksmiðjurnar til sín. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm., en ég sé ekki, að þetta út af fyrir sig sé nein rök fyrir því, að ekki megi leggja gjöld á þessi fyrirtæki. Sérhver staður óskar að sjálfsögðu eftir því að fá sem flest atvinnufyrirtæki til sín og að atvinna sé sem mest hjá sér á hverjum tíma, án þess þó að hann vilji afsala sér rétti til þess að leggja á þessi fyrirtæki réttmæt gjöld til bæjar- og sveitarsjóðs.

Þá vildi hv. þm. gera mikið úr því, að hér væri um skatt á útgerðarmenn að ræða. Það má vitanlega um það deila, hvort þetta 1½% gjald sé ósanngjarnt, en eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá er ég tilbúinn til samkomulags í þessu efni. **(Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á það, að ef hann vill fresta ræðu sinni, þá er rétt að gera það nú, því að fleiri hv. þm. hafa beðið um orðið, og verð ég því að fresta umr.). — Ég fellst á tilmæli hæstv. forseta og fresta ræðu minni. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Gísli Guðmundsson) [frh.]: Ég sé ekki ástæðu til þess að bæta neinu verulegu við það, sem ég sagði um þetta mál á fundi hér í gær. Ég vil þó bæta því við út af því, sem hv. 3. landsk. sagði um síldarverksmiðjur ríkisins og samvinnufélögin, að auðvitað hlýtur honum að vera kunnugt um það, að samkv. sérstökum l. eru samvinnufélög nokkuð gjaldskyld til bæjar- og sveitarfélaga. Þó að samvinnufélögin væru þess vegna skoðuð hliðstæð ríkisverksmiðjunum, þá þýðir það ekki, að þær eigi að vera gjaldfrjálsar. Hinsvegar get ég ekki fallizt á, að síldarverksmiðjurnar geti talizt hliðstæðar stofnanir samvinnufélögunum, og verður eflaust tækifæri til að ræða það síðar.

Út af því, að hv. þm. sagði, að hann kynni betur við, að þessu máli væri vísað til sjútvn. heldur en fjhn., þar sem um væri að ræða breyt. á síldarverksmiðjulögunum, sem voru í sjútvn., er það að segja, að mér er það ekkert kappsmál, til hvorrar n. frv. er vísað. En þar sem mér virtist hér fyrst og fremst um fjárhagsmál að ræða fyrir þau bæjar- eða sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, og slíkum málum er yfirleitt vísað til fjhn., þá lagði ég til, að frv. væri vísað þangað. En sem sagt geri ég það ekki að neinu kappsmáli.

Finnur Jónsson: Ég skal ekki segja mikið við þessa umr., en ég vildi undirstrika það, sem hv. 3. landsk. sagði um þær furðu gálauslegu kröfur, er fram koma í frv. Því í ári eins og nú í ár, þegar síldarverksmiðjurnar hafa ekki fyrir lögboðnum greiðslum, vöxtum og afborgunum, ættu þær samkv. frv. að greiða til viðkomandi bæjar- eða sveitarfélaga, aðallega Siglufjarðarbæjar, 33 þús. kr., og í venjulegu ári yrði þessi skattur, sem með frv. á að leggja á sjómenn og útgerðarmenn, 73 þús. kr. Það er fyllilega þess vert, að hv. d. athugi frv. rækilega áður en hún greiðir því atkv., því varla mun finnast það bæjar- eða sveitarfélag, sem

ekki myndi fúslega lofa og efna að hafa síldarverksmiðju skattfrjálsa, ef það fengi hana byggða hjá sér, — svo mikil atvinnuaukning er talin vera að slíkum fyrirtækjum. Nú má í annan stað segja, að það sé ekki með öllu ósanngjarnt, að bæirnir, þar sem síldarverksmiðjur eru, fái einhverjar tekjur af þeim, þótt mikil eftirspurn sé eftir að fá þær, vegna fólksins, sem þangað streymir og þeim ber síðan að standa straum af. En í þessu frv. er svo gálauslega á stað farið í þessu efni, að þó nokkur sanngirni kynni að mæla með því, að bæirnir fengju eitthvað, þá nær ekki neinni átt að samþ. frv. eins og það er, eða neitt svipað því. Því er haldið fram af samvinnumönnum, að síldarverksmiðjurnar eigi að reka sem samvinnufyrirtæki, og í rauninni eru l. um þær þannig úr garði gerð, að samkv. þeim eru þær einskonar samvinnufyrirtæki. Lögin gera ráð fyrir, að verksmiðjurnar kaupi ekki síldina, þó sérstakar ástæður hafi gert það að verkum undanfarin ár, að verksmiðjustjórnin hefir einróma leitað til atvmrh. um, að verksmiðjurnar fengju heimild til að kaupa hana. En einmitt vegna breyt. á verksmiðjulögunum, sem gerð var á síðasta þingi, þar sem fyrsta útborgun var hækkuð og sjóðagjöld af hráefnum til verksmiðjanna lækkuð, í því skyni, að þær þyrftu ekki framvegis að kaupa síldina, heldur gætu borgað útgerðarmönnum og sjómönnum sannvirði fyrir hana, þá eru allar líkur til, að þetta fyrirtæki verði í framtíðinni rekið eftir samvinnu-principinu. Nú er alkunnugt, að eftir samvinnulögunum gjalda samvinnufélögin ekki útsvar nema af þeim hluta viðskiptanna, sem þau geta safnað af ágóða til félagsskaparins sjálfs, nefnilega viðskiptum utanfélagsmanna. En hinsvegar borga samvinnufélögin sérstakt gjald í sveitar- eða bæjarsjóð, sem nemur 2% af fasteignamatsverði þeirra húsa, er þau nota til iðnrekstrar. Ef þessi fyrirtæki eru nokkuð hliðstæð, síldarverksmiðjurnar og venjuleg samvinnufélög, sem ekki mun vera hægt að neita, þá nær engri átt að taka hærra gjald af síldarverksmiðjunum til bæjar- og sveitarsjóða heldur en samvinnufélögin eiga að greiða. Og ég veit, að hv. flm. hlýtur að fallast á þetta, nema því aðeins, að hann vilji láta gilda annað fyrir samvinnufélög sjávarsíðumanna heldur en samvinnufélög sveitamanna. Ég hefi ekki reiknað það út, en ég býst við, að húsin, sem notuð eru við síldarverksmiðjureksturinn á Siglufirði og annarsstaðar, séu ekki yfir 500 þús. kr. virði. Lóðir eru ekki taldar með og ekki heldur vélar. Þori ég þó ekki að segja um þetta fyrir víst, en tel rétt, að n. athugi það. Það lengsta, sem mér finnst hægt að fara í þessu efni, er það, að þessum lögboðnu og lögvernduðu samvinnufélögum sjávarsíðumanna, síldarverksmiðjum ríkisins, sé gert jafnt undir höfði eins og samvinnufélögum sveitamanna og öðrum samvinnufélögum í landinu. Á þetta vil ég leggja hina mestu áherzlu, ef farið yrði út á þá braut að láta ríkisverksmiðjurnar greiða eitthvað til bæjar- og sveitarsjóða, að það yrðu undir engum kringumstæðum hærri gjöld heldur en samvinnufélögin greiða nú.

Viðvíkjandi því, til hvaða n. þetta mál á að fara, þá getur engum verið það neitt kappsmál. En það má benda á, að öllum málum, sem snert hafa síldarverksmiðjur ríkisins, hefir, að ég hygg undantekningarlaust frá því fyrsta, verið vísað hér til sjútvn. Hér er um breyt. á sjálfum síldarverksmiðjulögunum að ræða, og er því væntanlega engin ástæða til að vísa frv. neitt annað en einmitt til sjútvn.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Ég get verið hv. þm. Ísaf. þakklátur fyrir þær undirtektir, sem frv. hefir fengið hjá honum, þar sem hann komst svo að orði í ræðu sinni, að ekki mundi vera ósanngjarnt, að viðkomandi bæjar- eða sveitarfélög fengju einhverjar tekjur af þeim atvinnurekstri, sem hér er um að ræða. Hinsvegar vildi hann telja það gjald, sem gert er ráð fyrir í frv., of hátt. Má vel vera, að við nánari athugun, rannsókn á árlegu framleiðslumagni verksmiðjanna og samanburði við önnur fyrirtæki, komi í ljós, að svo sé. Enda gat ég þess þegar í framsögu, að ég væri reiðubúinn til samkomulags um slíka hluti, þó vitanlega þannig, að gætt sé alls hófs.

Annars komu fram nokkur atriði í ræðu hv. þm. Ísaf., sem ég hefi talsvert við að athuga, en sumt af því var að vísu áður fram komið hjá hv. 3. landsk. Hv. þm. vildi t. d. halda fram, að hvaða sveitar- eða bæjarfélag sem væri mundi nú reiðubúið til að lofa, að síldarverksmiðja, sem ríkið ætti, skyldi fá að vera þar gjaldfrjáls, ef það ætti kost á, að hún yrði þar reist, því svo mikil atvinnuaukning væri á hverjum stað að stofnun slíks fyrirtækis. Það kann að vera rétt. En ég geri líka ráð fyrir því almennt, að ef um slík atvinnufyrirtæki væri að ræða, hvort sem það væru síldarverksmiðjur eða annað, þá mundi yfirleitt ekki standa á loforðum um að veita þeim sem mest hlunnindi í bili. Á slíku er náttúrlega ekki meira en svo byggjandi. Það er vitanlegt, að bæjarfélögin vilja fá atvinnurekstur til sín og þá m. a. til þess að fá þær tekjur, sem af því leiðir. Það er líka rétt, sem hv. þm. Ísaf. tók fram, að það má alltaf gera ráð fyrir, að bæjarfélögin hafi meiri eða minni útgjöld vegna fólksstraumsins.

En það var eitt í ræðu hv. þm. Ísaf., sem ég skildi ekki vel. Það var þegar hann var að tala um samvinnufélög í sveitum annarsvegar og í kaupstöðum hinsvegar. Mér virtist hann vera að gefa í skyn, að ég vildi hafa tvennskonar rétt fyrir þessi tvennskonar samvinnufélög. En við betri athugun mun hann komast að raun um, að þetta er hugarburður. Ef um samvinnufélög er að ræða, gilda í samvinnulögunum sömu ákvæði um gjöld þeirra, hvort sem þau eru heldur við sjó eða í sveit. En viðvíkjandi því, hvort síldarverksmiðjurnar geti reiknazt sem samvinnufélög eða ekki, þá er það athugandi, að að vísu er í lögum gert ráð fyrir, að þær verði reknar á þeim grundvelli, en hv. þm. Ísaf. upplýsti það sjálfur, að í rekstri síldarverksmiðjanna hefði ekki verið fylgt þeirri grundvallarreglu, sem samvinnufélög hafa, að kaupa ekki vöruna, heldur hafa hana í umboðssölu. Þessari höfuðreglu samvinnufélaganna hafa síldar-

verksmiðjurnar ekki fylgt, og er þar eitt skýrt atriði, sem greinir á milli.

Fleira held ég ekki, að það hafi verið, sem ég þurfti að svara hv. þm. Ísaf. Hann tók yfirleitt vingjarnlega í frv., enda kom mér það ekki á óvart, eftir það sem ég áður þekkti til skoðana hans í þessu máli.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að andmæla frv., en mér þykir það hinsvegar leiðinlegt, hvernig það er til orðið. Hv. þm. N.-Þ. sagðist sem nm. hafa fjallað um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, en sagðist ekki hafa tekið afstöðu til 10. gr. þess, en hugleiðingar hans um það mál enda þó með þessu frv. Ég álít, að ef frv. er búið til af því, að hagur Siglufjarðar sé sérstaklega borinn fyrir brjósti, þá hefði átt að fylgja fram ákvæðum hafnarlagafrumv., í stað þess að koma með þetta. En skýringin á því, hvers vegna þetta frv. kemur fram, gæti hugsazt að væri sú, að á Raufarhöfn er síldarverksmiðja og Raufarhöfn er í kjördæmi hv. þm. N.-Þ. Það gæti þannig verið sprottið af pólitiskri eigingirni. — En það er aðalatriðið, að með þessu frv. er Siglufjarðarkaupstað veittur möguleiki til þess að fá tekjur, sem hann gat ekki fengið áður, og ég fæ ekki séð neitt ósanngjarnt í því, þótt verksmiðjurnar hefðu í ár greitt 21 þús. kr. í bæjarsjóð Siglufjarðar. Ég sé ekkert á móti því, að Siglfirðingar fái að njóta þeirra sömu hlunninda sem þeir höfðu áður — meðan verksmiðjurnar voru reknar sem einkafyrirtæki og bærinn gat innheimt þessar tekjur með aukaútsvörum á eigendurna. Ég get ekki séð, hvers vegna síldarverksmiðjurnar ættu að vera betur settar en önnur samvinnufyrirtæki, sem þó verða að greiða 5% af nettóarði. En eins og hv. þm. Ísaf. sagði, er ekki hægt að taka þetta gjald á þann veg, og verður því að finna nýja leið. Hitt getur verið spursmál um, hvort 1½% gjald sé réttlátt eða of hátt, en sósialistar geta ekki réttlætt, að af þessum atvinnurekstri þurfi ekkert að borga í bæjarsjóð.

Hv. 3. landsk. sagði, að eigendur báta yrðu að borga um 1000 kr. á bát, eins og samvinnufélagsbátarnir ísfirzku, til þess að njóta þeirrar aðstöðu, sem þeir fengju við síldarverksmiðjurnar á Siglufirði. Ég er ekki í vafa um, að bátaeigendur vilja vinna þetta til þess að geta notið þessara hlunninda, og á Siglufirði voru verksmiðjurnar reistar vegna þess, að Siglufjörður liggur þannig, að það var vitað og hafði sýnt sig, að hann var heatugasta höfnin.

Það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að ætlast til þess, að bæjarsjóður geti risið undir því, að hver atvinnugreinin af annari sé gerð útsvarsfrjáls. Þar hlýtur eitthvað að koma í staðinn. En fyrirtæki, sem veltir milljónum, munar ekki mikið um, þó það þurfi að borga 20—30 þús. kr. á ári. Hv. 3. landsk. sagði, að í góðu meðalári myndi þetta verða um 58 þús. kr., í ár hefði það numið 21 þús., og eftir því sem honum sagðist sjálfum frá, má gera ráð fyrir, að það hafi verið um helmingur af því, sem venjulegt er, og væri það þá um 42 þús. á meðalári, ef þessar tölur, sem hann byggir á, eru réttar, sem ég hefi ekki athugað. — Ég vil eindregið mæla með því, að frv. þetta verði samþ., þó ef til vill megi deila um, hvort 1½% sé sú réttlátasta upphæð.

Finnur Jónsson: Ég þarf ekki miklu að svara af ræðu hv. þm. N.-Þ. Hann sagðist hafa glaðzt af þeim undirtektum, sem ég hefði veitt frv., og hafði eftir mér, að þetta væri sanngirniskrafa. Það má um þetta segja, að „litlu verður Vöggur feginn". Ég sagði aðeins það, að ef til vildi væri það ekki með öllu ósanngjarnt, að Siglfirðingar fengju eitthvert gjald af verksmiðjunum. Ef hv. þm. vill taka þetta sem mjög góðar undirtektir, þá hann um það. — Upplýsingar hans um það, hvernig útsvarsskyldu samvinnufélaga er háttað, voru óþarfar. Það er vitað, að meginhluti þeirra samvinnufélaga, sem njóta skattfrelsis, eru samvinnufélög bænda. Hitt datt mér ekki í hug að segja, að engin fleiri en aðeins þau nytu þess, en ég benti á, að síldarverksmiðjurnar eru einskonar lögboðin samvinnufélög sjómanna og útgerðarmanna, og þess vegna væri engin sanngirni í því, ef skatt ætti að setja á síldarverksmiðjur, að hafa hann hærri en þann skatt, sem önnur samvinnufélög greiða. Mér er kunnugt um það, að síldarverksmiðjurnar hafa ekki verið reknar sem samvinnufélagsskapur undanfarið, en það hefir verið tilgangurinn, og á síðasta Alþ. var gerð breyt. á lögunum í þá átt að gera það betur framkvæmanlegt, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að ef sæmilegt verð verður á afurðum verksmiðjanna, þá verður þetta gert. Ennfremur hefir það mjög verið uppi innan Framsfl. að kosta kapps um, að þetta fyrirkomulag væri tekið upp, og situr þá illa á hv. þm. N.-Þ. að leggja mjög þunga skatta á þetta fyrirtæki — þyngri en á önnur samvinnufélög í landinu.

Hv. 8. landsk. lýsti mjög skringilega afstöðu sinni til málsins. Ég hélt hann ætti að vera kunnugur á Siglufirði og gæti byggt skoðun sína á öðru en því, sem hann lagði fram. Hann sagði, að síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði hefðu verið reknar sem einkafyrirtæki. Nú er það vitanlegt, að þessar verksmiðjur hafa aldrei verið reknar, hvorki á einn né annan veg, áður en ríkið starfrækti þær, nema aðeins ein þeirra, og það er verksmiðja dr. Pauls, sem ríkið keypti eftir að hún hafði verið ónotuð í 2 ár, og hefði sennilega verið ónotuð enn, ef ríkið hefði ekki keypt hana vegna tilmæla bæjarstj. Siglufjarðar. Það er því fráleit firra, að ríkið hafi tekið þennan atvinnurekstur úr höndum einstakra manna, sem hafi verið útsvarsskyldir.

Mig furðar á því, að hv. 8. landsk. skuli bera fram slíka vitleysu, því það hafa engir tekjustofnar verið teknir af Siglufjarðarkaupstað, en með byggingu verksmiðjanna hafa bænum verið veittar margfaldar atvinnubætur á móts við það, sem öðrum bæjum hefir verið veitt. Ég skal benda á það, að langmest af þeim byggingum, sem gerðar voru á Siglufirði í sumar, eru vegna ríkisverksmiðjanna, og bærinn fær marga óbeina tekjustofna og mjög miklar tekjur í gegnum ríkisverksmiðjurnar.

Hv. 8. landsk. sagði, að við jafnaðarmenn

gætum ekki réttlætt það, að þessi fyrirtæki ættu ekki að greiða útsvar. En það eru fleiri en við jafnaðarmenn, sem hér eiga óskilið mál; það er allur þingheimur. Ég veit ekki til, að á þeim þingum, sem ég hefi setið, hafi nokkurntíma komið fram till. um að gera þetta fyrirtæki útsvarsskylt. Ég þori að fullyrða, að í þeim brtt. frá hv. þm. G.-K. og hv. þm. Vestm., sem komu fram við frv. það, sem ég flutti í fyrra, var hvergi talað um útvarsskyldu. Ég skora á hv. 8. landsk. að benda á það, ef nokkur rödd hefir komið fram um útsvarsskyldu ríkisverksmiðjanna, og ég álít, að hafi það verið ætlun hv. 8. landsk. að beina því til okkar jafnaðarmanna, að við hefðum sérstöðu í þessu máli, þá fari hann með rangt mál. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en legg áherzlu á, að frv. verði vísað til sjútvn.

Páll Þorbjörnsson: Þegar hv. 8. landsk. hóf mál sitt, undraðist hann yfir, að flm. frumv. skyldi koma fram með þetta frv., en fylgja ekki heldur fram ákvæðunum, sem eru í frv. til hafnarlega fyrir Siglufjarðarkaupstað. Hann gat þess, að það kæmi sennilega af því, að Raufarhöfn er í því kjördæmi, sem hv. flm. er þm. fyrir. Ég býst við, að þetta sé rétt hjá hv. 8. landsk. Mér þykir rétt að benda á, að svo gersamlega ranglátur sem sá skattur er, sem farið er fram á í frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, þá er þessi þó sýnu verri.

Því var haldið fram af hv. 8. landsk., að síldarverksmiðjurnar hefðu ekki verið byggðar á Siglufirði fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að bærinn vildi fórna til þess 200 þús. kr., heldur vegna hins, að höfnin þar lægi svo sérstaklega vel við og staðurinn þess vegna mjög tilvalinn. Ég býst við, að það sé rétt, að það hafi ekki ráðið úrslitum um val staðarins, þótt Siglufjarðarkaupstaður byði fram lóð, sem svaraði 200 þús. kr. Það var töluverð togstreita um þetta mál, og ég hygg, að það sé ekki ljóst, hvernig á því stóð, að þeir menn, sem um það fjölluðu, skiptu um skoðun. Hitt er a. m. k. víst, að það eru skiptar skoðanir um það og orkar mjög tvímælis, hvort Siglufjörður sé heppilegasti staðurinn. T. d. hefir Alliance heldur kosið að byggja sér stöð vestan við Húnaflóa, enda hafa þar verið einhver beztu miðin, þó það brygðist í sumar.

Við þetta má svo bæta því, sem öllum er ljóst, sem hafa stundað atvinnu á Siglufirði, að Siglufjarðarbær gerir sérstaklega mikið að því að auka útgjöld þeirra manna, sem þangað koma í atvinnuleit. Má í því sambandi minnast á það, að rafmagn er þar selt dýrara á sumrum en á vetrum, og auðvitað er þetta gert í þeim eina tilgangi að geta sem allra mest plokkað þá menn, sem koma þangað úr öðrum sveitum í atvinnuleit á sumrin.

Þá vil ég minnast á það, að jafnvel þótt ég vilji enga bót mæla því, að Raufarhöfn sé leyft að skattleggja verksmiðjuna á þennan hátt, þá væri það samt meiri sanngirni heldur en að Siglufirði sé leyft það, því Siglufjörður tekur af verksmiðjunum gjöld til hafnarinnar, og það þótt verksmiðjurnar noti ekki bólverk hafnarinnar nema að litlu leyti, því þær eiga sín sérstöku bólverk. Mér er ekki kunnugt um, að síldarverksmiðjurnar á Siglufirði njóti góðs fyrir bólverk sín frá bæjarins hendi, nema síður sé. Siglufjarðarkaupstaður er ár eftir ár að hrófa upp ónýtum bryggjum, sem brotna í fyrstu haustveðrum og berast á aðrar bryggjur og verða þess valdandi, að aðrar bryggjur brotna.

Hv. þm. Ísaf. fór inn á það, sem hv. 8. landsk. sagði, að síldarverksmiðjur á Siglufirði hefðu verið reknar af einstaklingum, sem hefðu greitt gjöld í bæjarsjóð, svo ég þarf lítið að tala um það atriði. Hv. þm. Ísaf. benti á það, að tvær af þeim þremur verksmiðjum, sem nú eru í kaupstaðnum, hefðu verið byggðar af ríkinu og aldrei verið í annara höndum; sú þriðja hefði verið í höndum einstaklings, en ekki verið starfrækt um mörg ár áður en ríkið keypti hana.

Hv. 8. landsk. var að vefengja það, sem ég sagði, að það myndi nema um 58 þús. kr. í meðalári, sem síldarverksmiðjurnar yrðu að greiða í bæjarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, og studdi hann þá vefengingu sína við það, sem ég hafði sagt, að í sumar hefði þetta orðið 21 þús. kr., og færi þá fjarri sanni, að það kæmist upp í 58 þús. í meðalári. Ég vil nú upplýsa hann um það, að þegar áætlunin var gerð um rekstur síldarverksmiðjanna síðastl. ár, þá voru áætluð 350 þús. mál í bræðslu, en fengust svo ekki nema 150 þús. M. ö. o., þær fengu ekki helming af því magni, sem áætlað var. Við þetta bætist, að verð á sumum afurðum verksmiðjunnar hefir farið mjög hækkandi, og útreikningar mínir miðast við verðið eins og það er nú í dag, og eins og hægt er að semja um sölu í dag.

Þá er ekki úr vegi að minnast á það, sem hv. þm. Ísaf. kom inn á, hve miklar tekjur síldarverksmiðjurnar láta Siglfirðingum í té í vinnu. Ég hygg, að engir verkamenn séu betur tryggðir með tekjur heldur en þeir, sem vinna hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Þær ábyrgjast verkamönnum sínum kaup í tvo mánuði, hvort sem veiði bregzt eða ekki, og slíkt hygg ég, að sé óþekkt hjá þeim síldarverksmiðjum, sem reknar eru af einstökum mönnum.

Ég vil enn þá undirstrika það, að sá skattur, sem lagður yrði á síldarverksmiðjur ríkisins samkv. þessu frv., er skattur á sjómenn og útgerðarmenn, sem koma til Siglufjarðar og leggja afla sinn þar á land og skaffa því fólki, sem þar býr, atvinnu. Eins og ég tók fram í gær, getur sá skattur, sem er milli 16 og 17 aurar á hvert mál, numið allt að 1000 kr. á mótorbát, og á stærri skip verður upphæðin meiri. Ég trúi því ekki, að þingheimur treysti sér til að bæta þessum skatti á útgerðina, með tilliti til þess, hvernig útlitið er nú.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég skal ekki verða margorður, þótt belgingur hv. þm. Ísaf. gæti gefið tilefni til þess. Hann sagði, að ég hefði haft þau orð, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu áður verið reknar sem einstaklingsfyrirtæki. Mín orð voru þau, að síldarverksmiðjur hefðu áður verið í höndum einstaklinga og reknar af einstaklingum. Hv. þm. verður að muna það, að til hafa verið fleiri síldarverksmiðjur heldur en ríkið rekur og fleiri heldur en dr.

Pauls. Ég veit ekki betur en Goos hafi líka haft síldarverksmiðju á Siglufirði. En þótt ég hefði haft þau orð, að ríkisverksmiðjur hefðu áður verið reknar af einstaklingum, þá hefði það engin vitleysa verið. Ég veit ekki betur en verksmiðjan á Sólbakka hafi verið rekin af einstaklingum. Það er aðeins nýlega, sem ríkið keypti þá verksmiðju af einstaklingi, svo að þótt ég hefði haft þessi ummæli, þá hefðu þau haft fulla stoð í veruleikanum. Ég hafði ekki þessi ummæli, en þó að ég hefði haft þau, þá hefði hv. þm. Ísaf. þrátt fyrir það ekki þurft að viðhafa sín ummæli.

Ég skil það vel, hvers vegna hv. þm. Ísaf. lítur illum augum til þessa frv. Það er vegna þess, að hann álítur, að það fyrirtæki, sem hann veitir forstöðu, yrði að taka nokkurn þátt í greiðslum til bæjarfélagsins þar. Þetta fyrirtæki, sem hann stjórnar, er samvinnufélag, og ég veit ekki betur en að það sé fyrsta eða annað fyrirtækið, sem leitað hefir til skuldaskilasjóðs útgerðarmanna, þrátt fyrir útsvarsfrelsið. Og þó vel megi segja, að ekki hafi komið fram raddir á þingi um það, að síldarverksmiðjur ríkisins yrðu útsvarsskyldar, þá fæ ég ekki séð sanngirni í því, að þessi atvinnurekstur, sem veltur á milljónum kr. á ári, sé undanþeginn því að greiða skatta í bæjarsjóðinn, því að ef síldarverksmiðjur ríkisins væru ekki á þessum stað, þá er eitt víst, og það er það, að annar slíkur atvinnurekstur væri þar í þeirra stað. Það eru einnig lóðir við höfnina á Siglufirði, sem hefðu verið notaðar af öðrum, þó að síldarbræðsluverksmiðjurnar hefðu ekki notað þær. Ég get þess vegna ekki séð sanngirni í því, að ríkisverksmiðjurnar greiði ekki þau gjöld, sem aðrir yrðu að gera í sömu kringumstæðum.

Hv. 3. landsk. var að tala um það — og skil ég ekki í, að slíkt komi þessu máli við —, að rafmagn á Siglufirði sé dýrara yfir sumarið heldur en að vetrinum. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en ef svo er, þá er það skiljanlegt. Það gildir það sama þar sem annarsstaðar, að rafmagnið er dýrast, þegar eftirspurnin eftir því er mest. Það er auðvitað meira notað, þegar atvinnurekstur er mikill að sumrinu, heldur en þegar hann er ekki. Ég sé ekki, að aðkomumenn gjaldi þessa sérstaklega, fram yfir það, sem eðlilegt er, að rafmagnið hækki í verði af þessum ástæðum. Ég get ekki ímyndað mér, þó að hv. 3. landsk. þm. hafi verið á Siglufirði í sumar, að þetta hafi orðið svo mikið til baga fyrir hann. (PÞ: Nei, nei). Fyrir hvern þá? Hvern skaðar þetta þá, þegar bjart er allan sólarhringinn? Þeir ganga þá kannske fyrir rafmagni þessir menn, sem hv. þm. á við.

Þá var þessi hv. þm. að tala um einhver bryggjutildur á Siglufirði. Bærinn á ekki nema eina bryggju á Siglufirði, og hún hefir enga bryggju skemmt fyrir ríkisverksmiðjunum. Þó að hún brotnaði, gæti hún, vegna þess hvar hún er sett, ekki grandað bryggjum síldarverksmiðjanna. Og jafnvel þó að svo væri, þá get ég ekki skilið, hvað slíkt hefir að segja sem röksemd um frv. það, sem hér liggur fyrir. Og þó að einhverntíma skemmdist bryggja fyrir síldarverksmiðjunum, þá er hægur vandi fyrir þær að verja sig áföllum af því með því að hafa bryggjurnar vátryggðar. Og vitanlega réttlætir þetta bryggjuskraf það ekkert, að þessi atvinnurekstur, sem svipt hefir Siglufjörð stórlega tekjum, eigi ekki að borga útsvar eins og einstaklingar, sem reka svipaðan eða hliðstæðan atvinnurekstur.

Finnur Jónsson: Ég þarf ekki miklu að svara hv. 8. landsk. þm. Hann hefir nú orðið tví- eða þrísaga um það, sem hann færði fram helzt til stuðnings sínu máli í fyrra skiptið, sem hann talaði hér. Mér er sagt, að fyrir rétti sé það nóg til þess að ógilda framburð, að vitni verða tvísaga, hvað þá þrísaga. — Hv. þm. vildi halda því fram, að ríkisverksmiðjurnar hafi svipt Siglufjörð stórum tekjumöguleikum, og endurtók það a. n. l., að síldarverksmiðjur hefðu verið þarna áður í eign einstakra manna og reknar af einstökum mönnum. Ég benti á, að tvær af síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði hefðu verið byggðar sem ríkisverksmiðjur og hefðu aldrei verið reknar af einstökum mönnum. Eina verksmiðjan á Siglufirði, sem var í einkaeign, en nú er í eign ríkisins, var búin að standa mörg ár ónotuð, þegar ríkið keypti hana, og stæði þannig líklega enn, ef ríkið hefði ekki hlaupið undir baggann og gert það fyrir Siglufjörð að kaupa verksmiðjuna og reka hana. Og þessi eina verksmiðja vinnur ekki úr nema 1100 málum á sólarhring. En verksmiðjurnar, sem frá byrjun hafa verið ríkisverksmiðjur, vinna úr allt að 4600 málum á sólarhring. Raufarhafnarverksmiðjan og Sólbakkaverksmiðjan voru í einstaklingseign áður en ríkið eignaðist þær. Sólbakkaverksmiðjan vinnur úr 1100 málum á sólarhring. Verksmiðjan á Raufarhöfn vann úr 500 málum á sólarhring á meðan hún var í einkaeign. Þá hafa ríkisverksmiðjurnar, sem áður voru í eign einstaklinga, á meðan þær voru í einstaklingseign unnið úr 2700 málum á sólarhring, samhliða því sem ríkisverksmiðjurnar, sem reistar voru sem ríkisverksmiðjur, vinna úr 4600 málum á sólarhring. Þegar þess þar að auki er gætt, að þegar ríkið keypti þessar verksmiðjur, þá lágu fyrir kröfur um það frá hlutaðeigandi sveitarfélögum og öllum útgerðarmönnum á landinu, sem síldveiði stunduðu, að ríkið hlypi þannig undir bagga með þeim, til þess að tryggt yrði, að þessar verksmiðjur yrðu stöðugt starfræktar — en áður hafði það komið fyrir hvað eftir annað, að þær voru ekki starfræktar allar —, þegar þessa er gætt, þá er það augljóst, að það er svo fjarri því, sem nokkuð getur verið, að ríkið hafi að þessum sveitarfélögum nauðugum, með því að kaupa verksmiðjurnar, seilzt inn á hagsmunasvið einstakra manna og þannig svipt sveitarfélögin tekjustofnum. Það kann að vera, að það liggi í atvinnu hv. 8. landsk., að hann þurfi stundum að tala þvert um huga sinn og fyrir röngum málstað. A. m. k. gerir hann það nú, þótt óhönduglega takist, miðað við hans miklu æfingu.

Páll Þorbjörnsson: Ég er þakklátur hv. 8. landsk. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf, þegar hann talaði á þá leið, að ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði hefðu svipt bæinn tekjum.

Og ég vil vænta þess, að þessi yfirlýsing hans verði í minnum höfð, ef að því skyldi koma, að byggja ætti nýja síldarverksmiðju og upp skyldi risa deila um það, hvar hún skyldi standa, eins og deilt var um það, hvar sú síldarverksmiðja skyldi standa, sem á síðastl. ári var reist. Það gæti þá varla orðið mikið kappsmál fyrir Siglufjörð, að hún yrði reist þar.

Um rafmagnið og bryggjurnar ætla ég ekki mikið að ræða. Ég hygg, að það sé ný kenning, að vara verði dýrari eftir því sem meira selst af henni. Hv. 8. landsk. þóttist ekki skilja, hvað rafmagn kæmi þeim við, sem kæmu til þess að reka atvinnu á Siglufirði á hverju sumri. Mun þá hv. 8. landsk. hugsa sér, að ekki þurfi ljós á bryggjur, þar sem unnið er, eða í íbúðir verkafólks?

Ég vil líka leiðrétta upplýsingar hv. 8. landsk. um bryggjurnar. Bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar á bryggju, sem er næsta bryggja fyrir utan bryggjur ríkisverksmiðjanna. Á síðasta ári brotnaði hún, og brakið úr henni varð til þess að mölva bryggjur ríkisverksmiðjanna, sem voru miklu sterkari og hefðu óefað staðið óbrotnar að öðrum kosti. Það er að mínu áliti ekki vel við eigandi, að bæjarfélagið verði þess valdandi með eignum sínum, að eigur annara stórskemmist. En það virðist sem ráðamönnum þessarar bryggju liggi þetta í léttu rúmi, því að þessari bryggju *bæjarsjóðs var hróflað upp nú í vor með sama* fyrirkomulagi og áður.

Einnig talaði hv. 8. landsk. um það, að Siglufjörður og sveitarfélögin, sem Sólbakka- og Raufarhafnarverksmiðjurnar eru í, hafi misst tekjur við það, að ríkið keypti þessar þrjár verksmiðjur. Um þetta er það að segja, að Siglufjarðarverksmiðjan, sem ríkið keypti, hafði þá staðið ónotuð í nokkur undanfarin ár, og fyrir eindregin tilmæli bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar keypti ríkið hana, til þess að tryggja fólki á Siglufirði atvinnu. Verksmiðjuna á Raufarhöfn keypti ríkið einnig fyrir eindregin tilmæli íbúa Raufarhafnar. *Og í þeim tilmælum* var það tekið fram, að það vofði blátt áfram hungur yfir fólki þar, ef af þessum kaupum gæti ekki orðið og verksmiðjan starfrækt framvegis. Úr þeirri verksmiðju var búið að flytja allar vélar til Noregs, þegar ríkið hljóp þar undir baggann.

Um Sólbakkaverksmiðjuna er það að segja, að hún var fyrst í eign einstaklings, sem svo flosnaði upp og verksmiðjan komst í eign banka. Á hverju ári vofði það svo yfir, að verksmiðjan yrði ekki starfrækt. Og upp á síðkastið, áður en ríkið keypti verksmiðjuna, hafði ríkið tekið að sér að reka hana. Fyrir eindregin tilmæli bæjarfélags, sem þetta snerti mest, er það einnig, að ríkið kaupir og starfrækir svo þessa verksmiðju. Það er líka vert að benda á það í þessu sambandi, að það orkar mjög tvímælis, hvort síldarverksmiðjur ríkisins hafi ekki bundið sér allverulegan bagga með því að kaupa og starfrækja Sólbakkaverksmiðjuna. Það var t. d. ekki nokkur leið til þess að fá skip til að leggja upp síld í Sólbakkaverksmiðjuna, nema með því að borga þeim allmiklu hærra verð fyrir aflann heldur en annarsstaðar. Og til tryggingar því, að verksmiðjan á Raufarhöfn yrði starfrækt, varð að láta skipin skuldbinda sig til að fara með afla sinn a. m. k. úr einni veiðiferð til Raufarhafnar. Svo er því haldið fram, að það einasta, sem unnizt hafi við þessi kaup, sé það, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög hafi verið svipt tekjustofnum.

Það er einnig vert að geta þess, að þessar 3 verksmiðjur, sem ríkið hefir keypt, hafa síðan aukið mjög afkastamagn sitt. Þær hafa verið endurbættar og að *þeim hafa komið hæfari menn* en áður. Í þessu sambandi má minna á, að verksmiðjan á Raufarhöfn hefir aukið afkastamagn sitt úr 500—600 málum á sólarhring og upp í 1000—1100 mál. Verksmiðjan á Sólbakka hefir aukið afkastamagn sitt um 200—300 mál á sólarhring, og verksmiðjan á Siglufirði um 100—200 mál á sólarhring að minnsta kosti, eftir að ríkið keypti hana.

Ég hygg, að þetta ætti að nægja til þess að hrekja það, sem hv. 8. landsk. hefir borið hér fram því til sönnunar, að það eina, sem hafzt hafi upp úr því, að ríkið keypti þessar þrjár verksmiðjur, hafi verið það, að svipta viðkomandi bæjar- og sveitarfélög tekjum.

Flm. (*Gísli Guðmundsson*): Síðan ég talaði síðast hafa orðið nokkrar deilur á milli hv. 8. landsk. annarsvegar og hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk. hinsvegar. En þær deilur hafa snúizt um ýms atriði, sem ég get ekki séð, að séu viðkomandi því frv., sem fyrir liggur til umr. Mun ég því ekki blanda mér í þær deilur. Ég vil aðeins, út af því, sem hv. þm. Ísaf. var í sinni síðustu ræðu að tala um, að síldarverksmiðjurnar væru einskonar lögboðin samvinnufyrirtæki, minna hann á, að hann sagði einnig: „Mér er kunnugt um, að verksmiðjurnar hafa ekki verið reknar sem samvinnufyrirtæki.“ Ég skrifaði þetta orðrétt upp eftir hv. þm. Þetta er rétt. Þær hafa í verulegum atriðum ekki verið reknar sem samvinnufyrirtæki. Þess vegna er þetta tal hv. þm. um síldarverksmiðjurnar og samvinnufélögin býsna lítið þessu máli viðkomandi.

Hv. 3. landsk. fór nokkrum orðum um verksmiðjuna á Raufarhöfn, og vegna þeirra orða vil ég gera lítilsháttar aths. Sá hv. þm. sagði, sem og rétt er, að af hálfu íbúa Raufarhafnar hefði verið áherzla á það lögð, að ríkið keypti verksmiðjuna þar, eða a. m. k. sæi um, að hún yrði rekin áfram. En það er alveg óþarfi af hv. þingmönnum að telja það eftir, að ríkið keypti þessa verksmiðju á Raufarhöfn, því að eftir því, sem ég veit bezt, þá hefir hún síðastl. sumar borið sig bezt af *öllum verksmiðjum ríkisins*. Það mætti e. t. v. orða þetta þannig, að hún sé eina síldarverksmiðjan, sem hefir borið sig á þessu sumri. Mér er ekki kunnugt um, hvort stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefir gert sérstakar ráðstafanir vegna þessarar verksmiðju. En hitt veit ég, að yfirleitt hefir engin þurrð verið á síld á þessum slóðum. Ég hygg því, að það sé hin mesta blekking, ef því er haldið fram, að yfirleitt þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja þessari verksmiðju síld. A. m. k. hefir það verið svo undanfarin sum-

ur, að mikil síld hefir verið í Axarfirði og Þistilf., þannig að stundum hefir allur síldveiðiflotinn sótt sinn afla þangað austur. Ég hygg, að það sé líka að sumu leyti á misskilningi byggt hjá hv. 3. landsk. — og ætti hann þó að vita nokkur deili á þessu —, að af ríkisins hálfu hafi verið gerðar umbætur á verksmiðjunni þar síðastl. sumar. Sú verksmiðja starfar nú með sama útbúnaði að húsum og vélum og áður, á meðan hún var í einkaeign. Hinsvegar má líklega skoða þessi ummæli hv. 3. landsk. sem tryggingu fyrir því, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi í huga að gera þarna umbætur á. (PÞ: Vill þá hv. þm. svara því, hvers vegna verksmiðjan vinnur nú úr 1100 málum á sólarhring á móti 600 málum áður á sama tíma?). Það lægi nær, að hv. stjórnandi síldarverksmiðjanna hefði gert sér grein fyrir því. En ég hygg, að menn hafi ekki fyrirfram gert sér fyllilega ljóst, hverju vélarnar gátu afkastað áður en ríkið keypti verksmiðjuna. Þegar hún var seld, þá ábyrgðist seljandi, að hún gæti afkastað því að vinna úr 800 málum á sólarhring. En reynslan sýndi, að vélarnar gátu afkastað því að vinna úr 1000 og allt upp í 1100 málum á sólarhring. Og mér er óhætt að fullyrða, að sú aukning, sem átt hefir sér þarna stað á afkastamagni verksmiðjunnar, hefir ekki orðið vegna þess, að umbætur hafi verið gerðar svo neinu nemi á verksmiðjunni.

Hv. 8. landsk. hefir tjáð sig fylgjandi þessu frv. Og hv. þm. Ísaf. hefir lýst því yfir, að hann teldi það ekki ósanngjarnt, að bæjarfélög og sveitarfélög þar, sem verksmiðjurnar starfa, fengju einhverjar tekjur af þeim. Þannig hefir þá hv. þm. Ísaf. algerlega gengið inn á anda og stefnu frv., þó hinsvegar geti verið ágreiningur um, hvert gjaldið skuli vera. En ég er reiðubúinn til samkomulags um það.

Hv. 3. landsk. hefir hinsvegar talað um þetta mál af meiri andstöðu en hv. þm. Ísaf. Gæti ég trúað, að það stafaði af því, að hann hefir áður gefið ýmsar yfirlýsingar í sambandi við þetta. En hann hlýtur að sjá, að þetta er ákaflega mikið sanngirnismál, sem hér er farið fram á. Það hljóta menn að ganga inn á, þó að menn hinsvegar vilji ekki iþyngja útgerðinni um skör fram. Það er nú einu sinni svo, að óhjákvæmilegt er að leggja gjöld til bæjar- og sveitarfélaga á fleira en gott þykir að leggja þau á. Fyrst og fremst verður í því efni að fara eftir því, hvað er nauðsynlegt vegna þarfa þessara bæjar- og sveitarfélaga, og hinsvegar einnig eftir því, hvað sanngjarnt er, þegar um það er að ræða, hverjir eigi að bera þessi gjöld. Og þegar á það er litið, hversu mikill atvinnurekstur er á þeim stöðum, þar sem síldarverksmiðjurnar eru, þá er ómögulegt með nokkurri sanngirni að bera á móti því, að rétt sé, að þessi fyrirtæki beri einhver gjöld, hvort sem þau eru hærri eða lægri, til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þau eru starfandi.

Forseti (JörB): Mér heyrast þessar umr. vera komnar nokkuð á við og dreif. Frv., sem liggur fyrir til umr., fjallar um heimild fyrir bæjarfélög og sveitarfélög til að leggja nokkurt gjald á ársviðskipti síldarverksmiðja ríkisins, miðað við söluverð afurða þeirra, er þær framleiða. En umr. hafa nú komizt inn á þá braut, að rætt er um, hve miklu síldarverksmiðjurnar afkasta, úr hve mörgum málum þær vinna á sólarhring og hafi unnið, og að bryggjur séu illa gerðar, og þegar þær brotni, þá brjóti þær aðrar bryggjur og skemmi og þar fram eftir götum. Hv. 3. landsk. hefir kvatt sér hljóðs, en hefir ekki rétt til að tala oftar við þessa umr., nema hann þurfi að bera af sér sakir. Mér er nú ekki kunnugt um, hvort svo er, af því að ég brá mér frá. — Hv. 8. landsk. fær að gera örstutta aths.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég legg ekki svo mikla áherzlu á að fá að tala aftur, og ég hefði ekkert sagt, þótt hæstv. forseti hefði neitað mér um að fá að gera aths., af því að hann lofaði flokksbróður sínum að tala aðeins 4 sinnum, hv. 3. landsk. 3 sinnum og hv. þm. Ísaf. 3 sinnum. (GG: Ég talaði ekki nema þrisvar). Fjórum sinnum stóð hann upp.

Þessir tveir sósialistaþingmenn hér hafa lagt mikið upp úr því, að ég skyldi hafa þau ummæli, að rekstur ríkisverksmiðjanna hafi af bæjarsjóði Siglufj.kaupstaðar nokkrar tekjur. Ég hygg, að þetta geti nú engum dulizt nema þeim, að atvinnurekstur, sem er í höndum hins opinbera og er útsvarsfrjáls, hann hlýtur að svipta viðkomandi bæjarsjóð þeim beinu tekjum, sem bæjarsjóður mundi annars hafa, ef sá atvinnurekstur væri rekinn af einstaklingum. (PÞ: Ef það væri). Já, ef það væri. En hitt er annað mál, hvort ríkisverksmiðjurnar gefa óbeinar tekjur í bæjarsjóð, með því að auka atvinnu og þar með kaupgetu bæjarbúa. Ég vil benda hv. þm. á það í sambandi við það, að þeir eru að tala um, hve mikill þessi rekstur sé orðinn og að afkastamagn verksmiðjanna hafi aukizt síðan þær komust í ríkiseign, — ég vil benda þessum hv. þm. á það, að sú aukning og afköst eru að minnstu leyti til aukningar tekna þeirra, sem búa á Siglufirði. Ekki heldur beinir tekjustofnar fyrir bæjarsjóð. Það er vegna þess, að öll skipin, sem leggja upp síld í verksmiðjurnar, sem eru aðkomandi, eru útsvarsfrjáls til Siglufjarðarkaupstaðar, og sömuleiðis allir aðkomandi menn, sem vinna á Siglufirði á sumrin. Það þarf gáfnafar hv. þm. Ísaf. til þess að skilja ekki þessa hluti.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að dr. Pauls verksmiðjan hefði ekki verið starfrækt árum saman áður en ríkið keypti hana, og hefði þá sennilega staðið aðgerðalaus enn þann dag í dag. Til þess að upplýsa það, með hve mikinn sannleika hv. þm. fer, vil ég geta þess, að verksmiðja þessi var byggð árið 1925, en seld ríkinu 1933 g starfaði öll árin, nema síðasta árið. En svo segir hv. þm., að hún hafi staðið aðgerðalaus árum saman.

Skal ég svo ekki lengja þetta mál frekar, en aðeins benda á, að Goos-verksmiðjan, sem alltaf hefir verið rekin af einstaklingi, hefir aldrei staðið auð eitt einasta ár, mér vitanlega. — Þá vil ég líka benda hv. 3. landsk. á, að það er kenning, sem gildir í viðskiptalífi, eða a. m. k. veit ég ekki betur en verð einnar vöru hækki,

ef eftirspurn eftir henni eykst. Ég skil ekki, hvers vegna hv. 3. landsk. er það dulið, að verð á rafmagni á Siglufirði hækkar, þegar eftirspurn er mest eftir því, vegna þess, að þörfin er mest fyrir það. Þetta er það, sem viðgengst alstaðar.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. 8. landsk. á það, að flm. hafa rétt til að tala þrisvar sinnum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til fjhn. felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, BJ, BB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, JakM, JJós, JörB.
nei: PÞ, PO, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BÁ, EmJ, FJ, HannJ, HV, JónP, JS, JG, ÓTh, PZ.
Fjórir þm. (TT, ÁÁ, JÓl, MT) fjarstaddir.
Frv. vísað til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 775, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Mjólkursala og rjóma (frv. EE).

Á 79. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma (þmfrv., A. 591).

Á 81. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Mér er það í minni frá því er stofnun mjólkurbúanna nýju fyrir austan Hellisheiði var í undirbúningi, að þá óttuðust þeir, sem að framgangi þess máls unnu, að þegar til ætti að taka, mundu miklir erfiðleikar einkum reynast um tvö atriði þar að lútandi. Annað var það, sem í hugum margra var meginatriðið, að ef stofna ætti með miklum tilkostnaði stór mjólkurbú þar eystra, eitt eða fleiri, þá mundu samgöngurnar, eins og þær voru þá og eru því miður að mörgu leyti enn þá, verða stór trafali öruggum framgangi málsins. Því að eiga sífelldlega á hættu að vetrarlagi að teppast með þá nauðsynlegu flutninga, sem þyrftu, ef vel átti að vera, að eiga sér stað alla daga árið um kring, var ekki efnilegt viðhorfs. Að vísu voru þá þegar uppi ýmsar till. um, að bæta mætti nokkuð úr þessum vanda, þó samgöngurnar væru nú ekki í betra horfi en raun var á, með einhverjum hjálpargögnum, snjóbílum eða öðrum tækjum til þess að slefa flutningunum yfir skaflana, þó á ófullkominn hátt væri. En málið var og er, eigi að síður, óleyst. — Hið annað, sem ég man, að mönnum hraus hugur við, var óttinn við það, að erfitt mundi að koma sölu framleiðsluvaranna í framkvæmd hér á aðalmarkaðinum í höfuðstaðnum, í samkeppni eða samræmi við aðra, sem byggju að þeim markaði. Var það að vísu eigi ástæðulaust heldur, þar sem hér voru nýliðar, er komast þurftu yfir markað í samkeppni við hina, sem fyrir voru og nær búa, með ákaflega erfiða aðstöðu að öðru leyti. Það var strax á frumbýlingsárum mjólkurbúanna farið að reyna eftir megni að vinna að samkomulagi um vörumarkaðinn hér sunnan heiðar, og þó það gengi allt saman seint og erfiðlega að ýmsu leyti, þá var samt viljann að virða, og mönnum skildist strax, að samkomulag og betra fyrirkomulag var nauðsynlegt í þessum efnum. Bændum eystra var ljóst, að leita þurfti samvinnu og skipulags við þá, sem fyrir voru á markaðinum, og ég geri ráð fyrir, að enginn hafi verið, sem ekki sá nauðsynina á einhverjum endurbótum og aðgerðum á þessu sviði. Þessi nauðsyn á umbótum í þeim atriðum, sem hægt var að bæta um án stórra fjárframlaga, nefnilega skipulagi sölunnar og samkomulagi um sameiginlegan markað, hefir alltaf verið vakandi mál fyrir öllum hlutaðeigendum, sem hér koma til greina. Eins og ég gat um í grg. frv. þess, sem ég hefi lagt hér fyrir hv. d., þá er þetta meginatriði, þessi þörf á samkomulagi og skipulagi, bæði hvað snertir samstarf við aðra, sem markaðinn sækja, og samstarf við neytendurna um að gæta viðskiptaþarfanna sem bezt á báða bóga, og svo vitanlega fyrirkomulag sölunnar sjálfrar að því er snertir heilnæmi, hæfilegan búðafjölda, hæfilega álagningu, hæfilegan og sparneytinn tilkostnað og annað slíkt. Hinn vakandi vilja til aðgerða í þessu efni og viðleitni frá byrjun má telja undirstöðu þeirrar skipulagningar, sem framkvæmd hefir verið í mjólkurmálunum. Verð ég að halda því fram, að einhverskonar skipulagning, lögbundin, ef ekki vildi betur — **ef ekki vildi betur**, segi ég — hafi frá byrjun verið sameiginlegt áhugamál allra eða flestallra, sem hlut áttu að máli. Ég vil taka það fram, að langæskilegast hefði verið, ef tekizt hefði að koma skipun á mjólkurmálefni Sunnlendinga með tilliti til sölu á aðalmarkaðsstaðnum, án þess beina lagasetningu þyrfti til. Það hefði verið mjög æskilegt, að samkomulagið milli framleiðendanna allra annarsvegar og neytendanna hér í höfuðstaðnum og Hafnarfirði hinsvegar hefði verið svo gott og skilningurinn á báða bóga svo næmur og þroskamikill, að þetta mál hefði skipazt svo að segja af sjálfu sér eftir till. og fyrir forgöngu hinna beztu manna, sem þar eiga hlut að. Ef menn hefðu þannig fundið heppilegt útsölufyrirkomulag, þar sem heilbrigðisskilyrðum var fullnægt, komið sér saman um, að svona mikið væri hentugt að flytja af nýrri mjólk frá hverjum stað; þetta skulum við greiða til verðjöfnunar milli þeirra, sem betri aðstöðu hafa, til hinna, sem verri aðstöðu hafa, o. s. frv. Það hefði valdið minni tilkostnaði og óánægju, ef tekizt hefði þannig að skipa málinu af hlutaðeigendum sjálfum í þrengri merkingu. En ég geri ekki ráð fyrir, að þess hefði verið kostur, þó þrautreynt hefði verið, betur en gert

var, og því hafi ekki verið að öðru að hverfa en semja lög um mjólkurmálið, eins og gert var. Þess vegna var líka undirbúningi mjólkurlaganna vel tekið af fjölda fólks. En það má segja, að Adam var ekki lengi í Paradís, eins og þar stendur. Hinn sameiginlegi tortryggnislausi velvildarhugur til málsins hélzt skamman tíma. Hið sama mein, sem mörgum þjóðþrifamálum hefir orðið að fótakefli fyrr og síðar, varð hér til skemmdar. Pólitískur flokkadráttur og sundrung komst þarna bráðlega inn á milli. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem stóðu að þessu máli, hafi haft vilja á framgangi þess, án tillits til hvar þeir skipa sér í þjóðmálum. Mér dettur ekki í hug að ætla annað en að þeir hafi sameiginlega viljað málinu vel og óskað, að hér mætti almenningur njóta góðs af. Hitt kom af sjálfu sér, þegar menn voru svo óvitrir að fara að deila um, hver ætti helzt dýrðina, þegar menn fóru að tileinka sér málið til flokkshagsmuna. Ég ætla ekki að nefna neinn sérstakan flokk í því sambandi, aðalatriðið er, að snurðan hljóp á, og þá var fjandinn laus. Framleiðendurnir kvarta yfir, að búskapurinn svari ekki nándar nærri kostnaði; neytendurnir aftur á móti vilja fá mjólkina sem bezta, sem greiðlegast senda út um bæinn fyrir sem sanngjarnast verð o. s. frv., sem ekki ætti síður að vera til hagsmuna framleiðendunum en neytendunum sjálfum. Þess hefði því mátt vænta, að menn hefðu sameinazt í einlægri viðleitni til að koma þessu í sem bezt horf að öllu leyti, og ekkert annað hefði komizt þar að. En við vorum því miður ekki þeir heppnismenn, að svo færi eða slíkt mætti verða til fulls.

Þá kem ég að því, sem ég læt, að þessum orðum sögðum, aðallega skipta máli hér. Spyrji menn sjálfa sig og svari síðan: Eru þau ákvæði sett með mjólkurlögunum, sem geta orðið til þess að gefa ágreiningi, hvort sem hann er pólitískur eða annars eðlis, undir fótinn? Ég held, að það megi svara þessu þannig, að það séu í mjólkurlögunum, eins og þau eru nú, ýms ákvæði, sem ekki eru a. m. k. til þess fallin að draga úr ágreiningi og pólitískum flokkadrætti, ef hann er einu sinni kominn fram. Og ég skal segja hv. þm., í hvaða ákvæðum mjólkurlaganna ég tel þá veilu fólgna. Fyrst og fremst er það, að fyrirkomulagið á meðferð og yfirráðum mjólkurmálanna, að því er kemur til samsölu og afskipta mjólkursölunefndar, er ekki nærri nógu vel skilgreint. Þetta vefst hvað inn í annað eftir ákvæðum laganna og getur í einstökum tilfellum orkað tvímælis, hver á með mál að fara, eins og komið hefir á daginn. Ég er ekki að kenna þetta lagasetningunni sjálfri, eins og hún var í upphafi, heldur segi ég, að reynslan hafi sannað, að ekki er eins skýr og greinileg sundurflokkun ríkjandi í þessu efni og æskilegt væri. Því hefi ég ætlað með þessu frv. að koma því til leiðar, að þetta yrði nánar flokkað niður. Vil ég láta haga þessari flokkun þannig, að hvert hinna sérstöku verðjöfnunarsvæða hafi stjórn fyrir sig, er fari með sérmál þess. Sé þessi stjórn skipuð fulltrúum hlutaðeigandi framleiðenda sjálfra. Hafa komið fram háværar raddir um það, að þessum málum ættu fulltrúar sjálfra framleiðendanna að ráða, og sé ég ekki, við hvaða rök eiga að styðjast mótmæli gegn því.

Ég geri það vísvitandi að kveða svo á, þar sem talað er um að skipa 1 eða 2 menn í þessa mjólkursölun., að þeir fulltrúar skuli kosnir á almennum fundi mjólkurbúanna og framleiðendafélaganna í hlutaðeigandi héraði. Ég álít heppilegast, að allir, sem þarna eiga hlut að máli, hafi hönd í bagga um skipun þessara fulltrúa. Ef aðeins fulltrúar mjólkurbúanna ættu að hafa val mjólkursölunefndar í hendi, er hættara við, að tortryggni kæmi upp manna á milli, og ætti hún þá auðveldara með að festa rætur.

Með hliðsjón til þess, er ég nú hefi sagt, felur frv. mitt í sér þá aðalbreyt. frá l., að stjórn mjólkurmálanna sé tvennskonar: annars vegar mjólkursölun. heima á verðjöfnunarsvæðinu, skipuð af hálfu framleiðenda og þannig, að hver fulltrúi í n. fái laun sín frá þeim búum eða framleiðendafélögum, er þeir eru kjörnir fyrir, því að það myndi vera þeim hvatning til að fara sem sparlegast með fé búanna. — Hinsvegar yfirstjórn á landsmælikvarða, sem ég nefni mjólkurmálastjórn, skipuð 3 mönnum, sem ég tel einnig, að framleiðendurnir ráði miklu um val á, eða réttara sagt, hinir eðlilegu forsvarsmenn þeirra. Tel ég, að Búnaðarfél. eigi að velja einn manninn, eða stjórn þess, bandalag mjólkursölun. annan, en landbúnaðarnefndir Alþingis þann þriðja. Ég álít, að síður ætti við að láta t. d. búnaðarþing skipa þennan síðastnefnda mann, þar sem stjórn Búnaðarfél. skipar annan mann, því að stjórn Búnaðarfél. og búnaðarþing eru þar of keimlíkir aðiljar.

Þá er það ekki nema sjálfsögð krafa, ef hér á að vera um að ræða raunverulega stjórn, sem láti málin til sín taka til hagsbóta fyrir fólkið, að einhver hafi þar sérþekkingu um hollustuskilyrði og meðferð mjólkurinnar. Því hefi ég stungið upp á, að maður sá, sem landbúnaðarn. Alþingis velja, skuli hafa þessa sérþekkingu til að bera.

Ég vil á þennan hátt gera mitt til, að málunum verði komið í viðunandi horf, án þess að nokkur flokkspólitík geti komizt þar að. Þeir, sem segja, að l. sé nú svo skipað, að ekki eigi flokkspólitík að geta komizt þar að, hafa það til síns máls, að l. mæla að vísu ekki svo fyrir, að flokkspólitík skuli ráða í málum þessum. En raunverulega hefir þó flokkspólitík blandazt þarna inn í, vegna ágalla laganna, þó að ég vilji ekki dæma um, hver eigi þar sök á. Ég vil reyna að koma málunum út fyrir möguleika þeirrar hættu.

Ég hefi gert það að verulegu atriði í þessum lagabreytingatill. mínum, að yfirstjórn þessara mála sé sem mest numin úr höndum landbrh., án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki hann tilheyrir. Það getur verið hættulegt, að landbráðh. hafi á höndum yfirstjórn slíkra mála, því að þegar kemur kapp í málið, hlýtur hver ráðh. að vera veikur fyrir sínum nánustu í pólitíkinni. Því legg ég til, að mynduð sé þessi hlutlausa mjólkurmálastjórn. Hún á að skera úr um allan ágreining og ákveða verðjöfnunarsvæði. Henni eru ætluð ýms störf, sem sjálf-

sagt er, að mjólkurmálastjórn landsins gefi gaum að, t. d. að gera till. til Alþingis, ef til mála kemur að stofna ný mjólkurbú í landinu. Í þessu efni er mörgu ábótavant eins og nú er ástatt. Menn koma sér e. t. v. saman um að stofna mjólkurbú. En hvernig horfir þá á hverjum stað við um samgöngur, markaðsmöguleika o. s. frv., hvaða ráð á að gefa þeim mönnum, sem ráðast vilja í slík fyrirtæki? Er ekki nema sjálfsagt, að mjólkurmálastjórn hafi á hendi það hlutverk, því einhverja þarf þar til ráðuneytis. Ef slíkt er ekki felandi mönnum, sem landb.nefndir Alþingis og hinir aðiljarnir, sem ég nefndi, skipa, þá veit ég ekki, hverjum það er felandi.

Ég get svo látið máli mínu lokið um þetta fyrra atriði frv. Eins og hv. þdm. sjá, er það fjarri mér að leiða þessar brtt. mínar að samsölunni sjálfri. Þær lúta aðeins að því, hver eigi að hafa á hendi stjórn þessara mála fyrir hin sérstöku svæði og fyrir landið í heild.

Annað atriði, sem ég vil fá framgengt með frv., er nokkur rýmkun fyrir þá, sem eiga erfitt um sölu á framleiðslu sinni. Ætlast ég og til, að lögfest verði, að smjör- og rjómabú, sem fyrir eru, fái óhindrað að starfa áfram. Jafnframt vil ég láta nema burt úr l. þau ákvæði, sem heimila samsölunni að nema heil héruð undir umsjón sína og taka viðskipti þeirra í sínar hendur. Þessi ákvæði eru óþjál og mjólkurbúunum ekki til hagsbóta. Þá vil ég, að þeir, sem eiga illa aðstöðu vegna samgönguerfiðleika, megi selja skyr og rjóma beint til neytenda hvar sem er. Er þá sjálfsagt, að mjólkursölun. skeri úr því, hvað skuli teljast ill aðstaða í þessu tilliti, og því ekki mikið í hættu fyrir búin, fyrst ákvörðunarvaldið er þar. Manni blöskrar, að það skuli hafa átt sér stað, að menn, sem vegna örðugleika hafa ekki gengið inn í neitt mjólkurbú, skuli hafa verið teknir sem glæpamenn hér á vegunum, þó að þeir hafi haft meðferðis rjómabrúsa eða skyrdall. Og ef þeir geta svo ekki borgað sektina, er næsta ferð þeirra til Litla-Hrauns. Slíkt ætti ekki að geta komið fyrir, og það er til óvirðingar, að lögin skuli geyma ákvæði, er gera slíkt mögulegt.

Í þessu sambandi ber á það að líta, að álitamál getur verið, hvort rétt sé af mjólkurbúunum að þröngva inn fyrir sínar dyr sem mestu efni til vinnslu. T. d. get ég upplýst það um mjólkurbú Flóamanna, að þegar stofnendur vildu leggja sem mesta áherzlu á að „agitera“ menn inn í búið á fyrstu árum þess, þá var forstjórinn, Jörgensen, varkárari í því efni. Hann vildi líta frá víðara sjónarmiði á hagsmuni búsins. Hann sá, að það voru markaðsmöguleikarnir, sem á hverjum tíma áttu að segja til um, hvað mikilli málnytu búinu væri hollt að veita viðtöku. Þetta skildum við strax. — Hinsvegar verður að leggja fulla áherzlu á það, að búin fái nóg efni til vinnslu. En um þetta ættu fulltrúar af sjálfum verðjöfnunarsvæðunum bezt að geta skorið úr.

Andinn í þessum till. mínum er í fáum orðum sá, að nú skuli bændur sem mest fara sjálfir með mál sín, án þess að í nokkru sé hallað á neytendur. Ef einhver heldur því fram, að með þessum till. sé hallað á neytendur fremur en áður, þá er því til að svara, að reynslan hefir ekki sýnt, að þeir hafi mikinn sameiginlegan hag af fyrirkomulaginu eins og það er nú. Í Reykjavík, þar sem markaðurinn er mestur, hafa menn engan veginn verið á eitt sáttir, og hver höndin hefir þar verið upp á móti annari. Þar er sannarlega ekki úr háum söðli að detta. En ef framleiðendur ráða málunum, þá eru það þeirra hagsmunir að hafa neytendur ánægða.

Eftir því sem mjólkurpeningi fjölgar (fyrir austan fjölgar honum t. d. meira en sauðfé), hlýtur mjólkurframleiðsla að aukast mjög og jafnframt þörfin á aukinni mjólkurneyzlu. Því hlýtu n. þær, sem frv. mitt gerir ráð fyrir, að fá mikið starf að vinna í þá átt að gera neytendur ánægða, þ. e. alla neytendur, og fá þá þannig til að neyta meiri mjólkur. Þegar erfiðleikar aukast um erlendar vörur, verður þessi neyzla og önnur svipuð að aukast mjög, allra hluta vegna.

Ég hefi nú talað um málið á víð og dreif, án þess að höggva nærri neinum, enda þótt heitt sé um málið um þessar mundir. Sá hiti sannar, að nauðsyn ber til að koma góðri skipan á þessi mál. Mætti nú reyna, hvort bændur yrðu ekki svo hamingjudrjúgir, ef þeir fengju málin í sínar hendur, að þeim tækist að koma málunum í betra horf en nú er, til endurbóta og samkomulags. — Vil ég svo að síðustu leggja til, að málinu sé vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Þingsköp Alþingis.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1920, um breyt. á þeim lögum (þmfrv., A. 622).

Á 85. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram þetta frv. um breyt. á þingsköpum. Þessar breyt. sýnast í fljótu bragði vera miklu meiri fyrirferðar en þær raunverulega eru. En mikið af efni þessa frv. er ekki annað en sjálfsagðar leiðréttingar og mest til samræmis við stjskr.

Aðalbreyt. eru þá þessar helzt: Í fyrsta lagi er það, að lagt er til, að ákvæði þingskapanna um atkv. þm. verði nokkru ótvíræðari og á annan veg en nú er í gildandi þingsköpum. Ég

býst við, að menn geti verið ásáttir um, að það geti ekki gengið, sem þó hefir tíðkazt, að þm. greiði ekki atkv. um mál. Er það hvorttveggja, að mjög er óeðlilegt slíkt hátterni þm. og að það er brot á þeim lögum, er mæla svo fyrir, að þm. séu skyldir til þátttöku í atkvgr. Virðist bæði sjálfsagt og eðlilegt, að sá meiri hl., sem fyrir hendi er í hverju máli, geti ráðið því, að mál nái fram að ganga, og hlutleysi þm. hafi ekki vald á afgreiðslu þeirra. Í okkar eldri þingsköpum var svo fyrir mælt, að þm., sem greiddi ekki atkv. og gaf enga skýringu á, hvers vegna, var talinn með meiri hl. Að vísu hefir ekki mikið bólað á því, að þm. greiddu ekki atkv. til þess að drepa mál, og áður var það svo, að slíkt kom ekki fyrir nema þegar þm. lá í léttu rúmi, hver niðurstaða máls yrði, en nú hefir komið fyrir, að með þessari aðferð hafa mál verið tafin mjög frá afgreiðslu. Ákvæði stjskr. eru þau, að ekki má afgr. mál nema meiri hl. þm. sé á fundi og taki þátt í atkvgr. Nú hefir þetta verið skilið svo um stund, eða frá því við fengum nýju þingsköpin, að þeir þm., sem ekki greiddu atkv., væru ekki þátttakendur í atkvgr. Hér er lagt til, að sá þm., sem ekki færir gildar ástæður fyrir — þ. e. a. s. ástæður, sem forseti eða þd. tekur gildar, — að hann situr hjá, skuli talinn taka þátt í atkvgr., hvort sem hann gerir það eða ekki. Þetta orðalag er haft með tilliti til stjskr., sem ákveður, að ekki sé lögleg afgreiðsla mála, nema tiltekinn meiri hl. taki þátt í atkvgr. Sýnist mér eðlilegra að hafa þetta ákvæði þannig en að skipa þessum mönnum með meiri hlutanum, eins og var í eldri þingsköpum. Þó þetta ákvæði sé tekið upp, er ekki hægt að segja, að það brjóti í bága við stjórnarskipunarlögin. Stjskr. Dana hefir nákvæmlega sömu ákvæði, og í þingsköpum þeirra er eins ákveðið og hér er lagt til að verði. Vil ég vona, að hv. þm. geti samþ. þessa breyt. (**JakM**: Þó hún sé stj.skrárbrot!). Þó hún sé brot á stjskr., segir hv. 3. þm. Reykv. Hann ræður því náttúrlega, hvaða skilning hann leggur í þetta, en þá hefir stjskr. verið brotin fram til ársins 1915, og þá brjóta Danir sína stjskr. enn þann dag í dag, eftir þessu að dæma. (**JakM**: „Það höfðingjarnir hafast að, ...“). Ég hygg að þetta sé nokkuð langt seilzt hjá hv. þm., þó ég skuli viðurkenna, að viðkunnanlegra hefði verið, að ákvæði stjskr. hefðu verið á annan veg, til þess að ekki væri hægt að túlka svo, að gengið sé of nærri ákvæðum hennar. Við afgreiðslu mála nú í seinni tíð hefir það þrásinnis komið fyrir, að menn hafa brotið skyldur sínar og notað þetta ákvæði til að tefja mál, þó ekki væri til að drepa þau.

Ég ætla, hvað sem öðru líður, að menn séu sammála um, að leiðinlegt sé að sjá þm., sem ekki taka þátt í atkvgr. þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli og ákvæði í lögum um skyldur þeirra í þessum efnum. Er þetta og ærið hvumleiður ósiður, sem rýrir álit þingsins út á við. Ég vil vona, að hv. 3. þm. Reykv., sem kom hér með innskot um stj.skrárbrot og vill vernda hana, sem réttmætt er, geti líka fallizt á, að menn eigi ekki að brjóta skýlaus lagaákvæði eins og þetta.

Þá er annað atriði, sem ég legg til, að verði breytt, og það er, að þegar flutt er mál inn á þing eftir að 4 vikur eru liðnar af þingi eða meira, þurfi ekki nema einfaldan meiri hluta fyrir afbrigðum eða leyfi deildar, þegar stjórnin flytur frv., eða nefnd að beiðni stj. Að öllum eðlilegum hætti ættu slík mál að vera efnismeiri og hafa meiri þýðingu, sem þannig eru flutt, og ætti því að nægja einfaldur meiri hluti fyrir leyfi deildar. Þetta skiptir þó ekki miklu máli.

Þá er þriðja atriðið, sem nokkru varðar um afbrigði frá þingsköpum, að ekki þurfi nema einfaldan meiri hl. til að leyfa þau, þegar mál er frá ríkisstj. eða flutt af t. d. óskiptri nefnd fyrir hennar atbeina. Getur það komið sér illa, og ekki sízt seint á þingi, ef líða þurfa 2 nætur milli umr. Hefi ég því lagt til, að þessu yrði breytt, svo ekki þurfi eins að valda óþægindum eða töfum.

Þá er eitt atriði enn, sem ég hefi lagt til, að breytt verði, og snertir umræðutíma, um að hann megi ákveða af deildinni áður en umr. hefjast. Nú er hægt að skera umr. niður, ef meiri hl. samþ., og hefir það ákvæði ekki verið mjög oft notað, sem ég tel líka betur fara, að eigi sé gert um skör fram. Þegar þannig eru skornar niður umr., getur staðið mjög ólíkt á um, hvað talað hefir verið með eða móti máli, og álít ég, að með þessari breyt. megi koma á meiri jöfnuði og réttlæti, ef tíminn er ákveðinn fyrirfram, en með hinni aðferðinni, sem að vísu er heimilað að nota áfram. Þetta ákvæði getur vitanlega orðið skoðunarmál og ágreinings, og mun af minni hálfu ekki verða lagt á það sérstakt kapp.

Þá er lagt til að fella inn í þingsköpin ákvæði um útvarpsumr. frá þinginu, og er það atriði eins og það áður hafði verið ákvarðað, svo að ekki er ástæða til þess að fjölyrða frekar um það. Vil ég svo að lokum leyfa mér að stinga upp á því, að málinu verði vísað til hv. allshn., að þessari umr. lokinni.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég skaut því fram í ræðu hæstv. forseta, að ég teldi, að þessi breyt., sem hann fer fram á, að gerð verði á þingsköpunum viðvíkjandi atkvgr., sé beint brot á stjskr., og tel ég það svo augljóst, að um það ætti ekki að þurfa að deila. Hæstv. forseti tók það fram, að stjskr. mælti svo fyrir, að til þess að mál fengi löglega afgreiðslu, yrði að vera meira en helmingur þm. á þingfundi og taka þátt í atkvgr. En till. hans um breyt. eru þær, að þeir, sem ekki taka þátt í atkvgr., þeir sem neita að greiða atkv., skuli taldir greiða atkv. Hvað er augljósara brot á stjskr. en þetta? Eftir almennri málvenju að dæma nær það náttúrlega engri átt að halda því fram, að þeir, sem neita að greiða atkv. í máli, taki þátt í atkvgr. um það. Það verður því ekki um það deilt, að hér er um brot á stjskr. að ræða. Þar að auki er hér um skýlaust brot á tilgangi hennar að ræða, því að hún hefir ákveðinn tilgang, og hann er sá, að tryggt sé, að mál, sem ekki hefir fylgi meiri hl., nái ekki fram að ganga. Það getur t. d. staðið svo á, að stj.flokkur, sem

hefir að sjálfsögðu meirihlutavald í þinginu, vilji koma fram einhverju máli, en geti það ekki vegna innbyrðis ósamkomulags um málið, og fái þá t. d. einn af sínum fylgismönnum til þess að vera fjarverandi meðan á fundi stendur. Í Ed. eru t. d. núna 9 stjórnarfylgismenn og 7 stjórnarandstæðingar. Til þess að lögleg afgreiðsla mála fáist, verður meira en helmingur af þessum 16 mönnum að greiða atkv. með eða móti málinu. Nú gæti staðið svo á, að stj. tækist ekki að fá einn af sínum fylgismönnum til þess að greiða atkv. með málinu, en þá getur hún fengið hann til þess að vera fjarverandi meðan á atkvgr. stendur. En geti stj. hinsvegar fengið þessa 8 til þess að vera með málinu, og verði svo hinir 7 á móti því, þá er málinu tryggður framgangur. En sé ekki tekinn þáttur í atkvgr. samkv. tilgangi stjskr. og þingskapa, þá er málið fallið. Af þessu er auðséð, að þessi breyt., sem hæstv. forseti fer fram á að gerð verði, er ekki einungis stíluð þvert ofan í bein ákvæði stjskr., heldur einnig ofan í augljósan og réttmætan tilgang hennar. — Þykist ég svo hafa réttlætt það innskot, sem ég gerði í ræðu hæstv. forseta.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [óyfirl.]: Við hv. 3. þm. Reykv. getum vafalaust komið okkur saman um það, að æskilegt væri, að orðalag þessarar gr. stjskr., sem hér um ræðir, væri öðruvísi. (**JakM**: Nei). En frá því að hún var sett og fram að 1915 var þetta ákvæði öðruvísi, og þingsköpin mæltu svo fyrir, að þm., sem ekki greiðir atkv., skuli teljast til meiri hl., hvort sem sá meiri hl. er með eða móti máli. Þeir voru þannig með nærveru sinni, eins og þeim var skylt nema sérstök forföll bönnuðu, taldir þátttakendur í atkvgr., enda þótt þeir sætu hjá. Sömu skyldu hafa Danir hjá sér í þessu efni, því að þeir hafa nákvæmlega sama orðalag á sinni stjskr. í þessu tilliti, og þeir hafa einnig sama orðalag á sínum þingsköpum og hér er lagt til, sem sé að þótt þm., sem viðstaddir eru, greiði ekki atkv., þá teljist þeir samt þátttakendur, og m. a. styðst þetta við það, að þm. er lögð sú skylda á herðar að greiða atkv., og geri þeir það samt ekki og geti ekki fært fram lögmætar ástæður, sem teknar eru gildar, þá brjóta þeir lög og þingm.skyldur sínar í þessu efni. Ég hygg, að við hv. 3. þm. Reykv. getum verið á eitt sáttir um það, að æskilegt væri, að þessi gr. í stjskr. væri öðruvísi orðuð, og þegar litið er á þessar ástæður, þá er í alla staði eðlilegt, að einmitt slíkt ákvæði sem þetta gildi um afgreiðslu mála. Ef þm. vilja ekki láta mál ná fram að ganga, þá er þeim ekki einungis í sjálfsvald sett, heldur einnig skylt að greiða atkv. á móti því. Og mér finnst, að samkv. þingsköpunum hér hjá okkur sé ekki rétt að hafa þá tilhögun, að mena geti skotizt undan því að greiða atkv., eins og þeim er þó skylt, og tafið með því afgreiðslu mála. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp einn málsl. í 40. gr. stjskr. Þar stendur:

„... Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingm. úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvgr. til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitunum um einstök málsatriði".

Svo fjallar endirinn á málsgr. um það, hverrar tegundar málin eru og um það, hvort einfaldan meiri hluta þarf til þess að samþ. þau eða ekki; en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Samkv. þeim skilningi, sem ég vil leggja í þetta ákvæði stjskr., þá verður að telja, að þm., sem er á fundi, eigi þátt í atkvgr., enda þótt hann greiði ekki atkv., svo framarlega sem hann hefir ekki gildar ástæður fram að færa fyrir því, að hann greiðir ekki atkv. Þetta finnst mér liggja alveg ljóst fyrir, en menn eru náttúrlega sjálfráðir um, hversu mikið þeir leggja upp úr því. Ég hefi nú drepið á hliðstætt dæmi hjá Dönum í þessu efni, og tel ég óþarft að fjölyrða frekar um þetta. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að mál eiga vitanlega ekki að fá afgreiðslu nema meiri hl. sé því fylgjandi, og það verður vissulega engin hætta á því, þótt þetta, sem hér um ræðir, verði tekið upp í þingsköpin, því að ef meiri hl. er andvígur máli, þá er það fallið. Með þessu ákvæði eru menn ekki skyldaðir til þess að greiða atkv. með máli; þeim er hér eftir eins og hingað til algerlega frjálst að greiða atkv. með eða móti máli eftir vild. En uppfylli þeir ekki lagalega skyldu um það, að greiða atkv. um málið, með eða móti, þá geta þeir ekki fyrirfram vitað, hvort málið verður samþ. eða fellt. Og þá er þeim sjálfum um að kenna, ef þeir hafa ekki veitt málinu þann stuðning, sem þeir vildu veita.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. þm. gerir ráð fyrir, að við getum verið sammála um, að ákjósanlegt væri, að orðalag stjskr. væri öðruvísi en það er að því leyti, sem hér um ræðir; en því fer fjarri, að við getum verið sammála um það, því að ég álít, að þetta ákvæði eigi einmitt að vera eins og það er. Það er augljóst, að það er orðað þannig af ásettu ráði, því að ef það væri ekki tilgangurinn að uppfylla þetta tvennt: að meira en helmingur væri á fundi og að meira en helmingur þm. tæki þátt í atkvgr., þá hefði verið nóg að segja, að meira en helmingur þm. þyrfti að vera á fundi. En þetta tvennt hefir verið sett fram í ákvæði stjskr. af því, að ætlazt hefir verið til, að því yrði fullnægt.

Hvað tilvitnunum hv. þm. í stjskr. og þingsköp Dana viðvíkur, þá vil ég bara taka það fram, að okkur kemur það ekkert við, því að það réttlætir ekkert, að okkar stjskr. sé brotin með þingskapaákvæði. — Hv. þm. benti á það, að lengi framan af hefði þetta verið í framkvæmdinni eins og hann vill nú breyta þessu. En því er til að svara, að þingsköpunum var breytt til samræmis við stjskr. af ásettu ráði, og ef hv. þm. vill hafa fyrir því að kynna sér rökin, sem lágu til þeirrar breyt. á þingsköpunum, þá mun hann vafalaust komast að þeirri niðurstöðu, að það hafi ekki verið tilviljun tóm, að sú breyt. var gerð, heldur ákveðinn tilgangur að koma ákvæðum þingskapanna í samræmi við ákvæði stjskr. Það er rétt hjá hv. þm., að ef mál hefir ekki meirihlutafylgi, þá er hætta á, að svo geti farið um það, að það yrði fellt, ef

allir þm. gera skyldu sína, en það, að mál geti fallið á því, að þm. greiði ekki atkv., byggist einmitt á því, að einhver af þm. notar ekki sinn þingmannsrétt og sína þingmannsskyldu. Það er einmitt það, sem hætta er á, sem sé að ráðandi þingflokkar þvingi sína þm. til þess að vera fjarverandi eða greiða ekki atkv. Það getur komið fyrir, að einn þm. úr þingflokki meiri hl. neiti að greiða atkv. og ljái ekki því máli, sem flokkur hans vill koma fram, þann „pósitíva“ stuðning, sem hann á að gera sem flokksmaður, en þá á honum að haldast það uppi, en þótt þm. andstæðinganna noti sama ráð, þá nægir það ekki til þess að fella mál, því að þeir eru taldir taka þátt í atkvgr., og málinu er þannig borgið. Sami þm. getur einnig náð sama tilgangi með því að vera fjarverandi. Þá geta andstæðingarnir að vísu gengið af fundi, en ég sé ekki, hvað við það er unnið, að í hvert skipti, sem andstæðingaflokkur vill fella mál, gangi hann af fundi, í stað þess að sitja hjá í atkvgr. Að því leyti verður þessi breyt. tilgangslaus, að hægt er að mæta þessu á annan hátt. Ég skil ekki, hvað þessar krókaleiðir eiga að þýða, þegar augljóst er, að þær brjóta í bága við bein fyrirmæli stjskr.

Annars get ég náttúrlega fallizt á það, að ekki sé vert að lengja þessar umr. Það á betur við að ræða þessi atriði málsins við 2. umr., en mér fannst rétt að athuga þetta nú þegar við 1. umr., vegna þess að mér fannst vera um skýlaust brot á stjskr. að ræða með þessari breyt. hv. þm.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson) [óyfirl.]: Okkur hv. 3. þm. Reykv. kemur ekki saman um þetta ákvæði gagnvart merkingu stjskr. Hann vill halda því fram, að þetta ákvæði sé sett í stjskr. einmitt til þess að láta það vera svo í framkvæmdinni sem það hefir verið um stund. Ég hefi ekki sérstaklega kynnt mér þetta atriði málsins, svo að ég vil ekki staðhæfa neitt um það að svo stöddu. En ég held þó, að það hafi að miklu leyti verið sömu mennirnir, sem gengu frá stjskr. og þingsköpunum, og það nær vitanlega engri átt, að þeir, sem settu þessi ákvæði í þingsköpin, hafi byggt þær gerðir á stjskr., ef þeir hafa talið sig vera að brjóta fyrirmæli stjskr. Ég býst við, að þetta ákvæði hafi verið sett hjá okkur eins og hjá Dönum með það fyrir augum, að þm., sem á fundi er, sé með því gefinn kostur á að greiða atkv., því að það, að eiga þátt í atkvgr., getur þýtt og er upphaflega sett með það fyrir augum, að þm. sé við og geti tekið þátt í atkvgr., ef hann vill; og til þess að tryggja þátttökuna sem bezt, hefir það ákvæði verið sett í þingsköpin, að það sé skylda þm. að taka þátt í atkvgr., eins og það er skylda þeirra að mæta á fundum og vera við, þegar mál eru afgr. Ég ímynda mér, að upphaflega hafi þetta ákvæði stjskr. verið sett með þetta fyrir augum og ákvæði þingskapanna síðan verið sett á þennan veg út frá þessum skilningi, því að það kemur mér ekki til hugar, að þeir, sem þessa lagasetningu gerðu, hafi viljað brjóta fyrirmæli stjskr. með þingskapaákvæðunum. Það nær náttúrlega engri átt.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um það, með hvaða móti menn gætu komizt hjá að greiða atkv. um mál, þótt þetta ákvæði væri sett í þingsköpin, vil ég segja það, að mér er það alveg ljóst, að ef meiri hl. er ekki til staðar fyrir afgreiðslu máls, þá getur minni hl. gengið af fundi, ef hann vill. Um þetta eru engin önnur ákvæði en áður hafa gilt. Menn eiga að vísu að vera á fundi, en vilji menn hinsvegar beita þessari aðferð, þá stendur þessi leið þeim opin eins og verið hefir. En hitt, sem hv. þm. sagði, að meiri hl. gæti látið beita þvingun við þm. með því að láta þá ekki greiða atkv. eða vera fjarverandi, það er þannig lagað, að það þýðir ekki fyrir löggjafann að bollaleggja um slíkar krókaleiðir, því að hann getur ekki gert ráð fyrir því, að menn skorist yfirleitt undan því að uppfylla skyldur sínar og vanræki störf þau, sem þeim hefir verið trúað fyrir. Þetta finnst mér alls ekki þess vert, að um það sé fjölyrt. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 622, n. 714, 716, 728).

Magnús Torfason: Það er ekki af því, að ég vilji taka fram fyrir hendurnar á n. og hv. frsm., að ég kveð mér hljóðs, heldur er það sökum þess, að ég þarf að víkja mér frá og vildi þess vegna geta lokið því af að tala um brtt. á þskj. 728, sem ég hefi borið hér fram, en hún er brtt. við a-lið brtt. á þskj. 716. Sú brtt. er við till. frumv. um það, hvernig útvarpsumræður skuli fara fram. Þetta er nýmæli í þingsköpum, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að það geti komið fyrir, að það sé ekki eins gerhugsað og skyldi. Á ég þar sérstaklega við þetta, að þessar reglur um útvarpsumr. eigi nú að vera lögákveðnar, í staðinn fyrir að hingað til hafa aðeins verið samþykktir um þetta frá stóru flokkunum. Á ég þar sérstaklega við það, að þessar reglur, sem þarna eru, virðast mér koma að nokkru leyti í bág við stjórnarskrána. Og hvað það snertir, þá veit ég ekki betur en samkv. stjskr. hafi allir þm. fullt málfrelsi. En samkv. þessum reglum um útvarpsumr. eiga einstakir þm. að vera þar undanteknir. Þetta samþýðist ekki stjskr., og því hafa verið bornar fram till. til þess að ráða bót þar á. Hv. flm. frv., 1. þm. Árn., hefir sjálfur komið með till. í þessu efni, og kann ég honum þakkir fyrir. En ég sé samt sem áður ekki, að þar sé tekið nógu djúpt í árinni; þar er ennþá hanki á. Sá hluti af brtt., sem hér á við, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti veitir þingmanni utan flokka, ef sérstaklega stendur á, færi á að eiga þátt í útvarpsumr. að einhverju leyti.“

Það eru orðin „ef sérstaklega stendur á“, sem

ég verð að telja, að komi í bág við stjskr. Þingmenn eiga að hafa fullt málfrelsi. Ég vil jafnvel segja, að mjög sé lagt á tæpasta vað, þar sem stendur í till., að forseti geti veitt þingmanni utan flokka leyfi til að taka þátt í þessum umr. að einhverju leyti. Þetta er þó ekki ákveðnara en það, að það er ekki tekið fram fyrir hendurnar á forseta um að fullnægja þessu ákvæði stjskr. að öllu leyti. Þess vegna get ég látið það liggja á milli hluta.

Ég vænti þess fastlega, að brtt. mín á þskj. 728, sem bætir úr þessu, verði samþ. — Ég tel svo ekki þörf á að fara fleiri orðum hér um, nema þessu verði mótmælt.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 745, og þarf afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þessu máli var vísað til allshn., og eins og nál. á þskj. 714 ber með sér, hefir meiri hluti allshn. lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., voru ekki reiðubúnir að taka afstöðu til málsins eins og það lá fyrir í n.

Ég skal svo leyfa mér að fara örfáum orðum um frv., sérstaklega þau tvö ákvæði þess, sem hafa í för með sér verulegar breyt. frá því, sem nú er, því að meginhluti frv. er leiðréttingar á tilvitnunum til stjskr., því að þær tilvitnanir til stjskr., sem nú eru í þingsköpum, eiga ekki allar við nú, vegna þeirra breyt., er gerðar voru á stjskr. árið 1934. Eru þessar leiðréttingar sjálfsagðar, og veit ég, að enginn hv. þdm. hefir neitt við þær að athuga.

Sömuleiðis má gera ráð fyrir, að ákvæði og reglur um útvarpsumr. geti ekki valdið verulegum ágreiningi, því að þær hafa gilt til þessa, þó að þær hafi ekki fengið lagalega staðfestingu fyrr en það er lagt til nú.

Önnur sú breyt., sem er verulegt nýmæli frá því, sem nú er, er í 16. gr. frv. Þar er lagt til, að takmarka megi umr. meira en gert hefir verið til þessa. Þar er aðallega um það að ræða, að forseti megi leggja til, að umr. skuli ljúka á tveimur klukkustundum, en slíkar tillögur forseta skuli bornar undir deildarfund, þegar umr. fara fram í deildum, en sameinað þing, þegar umr. fara þar fram.

Meiri hl. n. telur þetta mikla bót, því að nú dragast umr. oft mjög úr hófi fram. Ég skal líka taka það fram, að það er ekki meiningin með þessu ákvæði að takmarka á nokkurn óeðlilegan hátt málfrelsi manna á þingi, heldur koma nýju skipulagi á umr. um mál, svo að þær dragist ekki óeðlilega mikið, og að hindra megi „málþóf", sem ekki er óþekkt á síðustu tímum. Það er engum vafa bundið, að það kastar rýrð á þingræðið, ef umr. um mál dragast úr hófi fram beinlínis af óþörfum málalengingum. Það getur beinlínis komið óorði á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, ef slíku er haldið uppi. Í nágrannarikjum okkar á Norðurlöndum hafa verið lögfest ákvæði, er ganga í svipaða átt og sett hafa verið í sama skyni, að hindra óþarfar málalengingar á löggjafarþingunum. Í Danmörku gilda t. d. mjög ströng ákvæði um takmörkun á umr. í ríkisþinginu, mun strangari en lagt er til, að sett verði með frv. Mun okkur eigi síður vera þörf á slíkum fyrirmælum. Ég vænti því, að allir hv. þm. geti nú orðið sammála um að setja þessar reglur, sem gætu orðið til þess að greiða fyrir störfum þingsins yfirleitt.

Þá er hitt atriðið, sem ég þarf nokkuð að minnast á, en það eru ákvæði 10. og 20. gr. frv. um það, hvernig málum megi ljúka á þingi við atkvgr. Þar er um nýmæli að ræða, eins og drepið var á við 1. umr., og þá var því hreyft af einum hv. þm., að vera mætti, að þessi ákvæði frv. væru brot á stjskr. Þykir mér því hlýða að fara um þetta atriði nokkrum orðum.

Í 10. gr. frv. eru ákvæði um það, að þm., sem er á fundi, en greiðir ekki atkv. án lögmætra ástæðna, skuli teljast taka þátt í atkvgr. Svipuð ákvæði eru í 20. gr. frv. Nú hefir því verið haldið fram, að þessi fyrirmæli í 10. og 20. gr. frv. brytu í bága við 40. og 48. gr. stjskr. Þarf því að athuga þetta nokkru nánar. Í 3. málsgr. 40. gr. núgildandi stjskr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvgr., til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim."

Og í 48. gr. stjskr. segir um deildarfundi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði". Þetta er orðrétt í 36. gr. stjskr. frá 1874 orðað svo um báðar þingdeildir: „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna séu á fundi og greiði þar atkvæði". Síðar var svo tveim þriðju breytt í „meira en helmingur þingmanna" o. s. frv. Nú hefir því verið hreyft við 1. umr., að þar sem stjskr. segir „meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði", þá sé óheimilt að skilgreina það þannig, að þdm. teljist greiða atkv., ef þeir sitja hjá atkvgr. án lögmætra ástæðna, og þannig er það samkv. þingsköpunum frá 1915, sem nú gilda. — En eins og hv. flm. frv. tók fram við 1. umr., þá voru hér í gildi fyrir þann tíma önnur þingsköp, frá 7. apríl 1876, og fyrirmæli 35. gr. þeirra þingskapa hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti 2 þriðju þingmanna séu á fundi og greiði atkvæði. Skyldur er hver þingmaður að vera viðstaddur þegar atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (42. gr.). Nú greiðir þingmaður ekki atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og er hann þá skyldur að leiða rök að því, hvers vegna hann

ekki greiðir atkvæði. Ber forseti þá undir þing eða þingdeild, hvort ástæður þingmannsins skuli gildar taka. Ef þing eða þingdeild ógildir ástæður þessar, *skal svo álita sem þingmaðurinn hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum.* Sama á sér stað, ef hann skorast undan að gera grein fyrir aðferð sinni".

Strax í þessum þingsköpum frá 1876, rétt eftir að stjskr. frá 1874 gekk í gildi, er talið heimilt að skýra þetta þannig, ef þingmaður án lögmætra ástæðna situr hjá atkvgr., þá telst hann samt taka þátt í henni. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að það er leyfileg skýring samkv. ákvæðum stjskr. Við getum athugað, hvernig þetta hefir verið samkv. 11. gr. stjórnskipunarlaganna frá 1903. Þar segir svo: „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði". Í þessum stjórnskipunarlögum er aðeins sú breyt. gerð frá því, sem áður var, í stjskr. frá 1874, að ⅔ er breytt í ½ þingm. á fundi, og eru þau ákvæði í gildi enn í dag. Í samræmi við stjórnskipunarlögin frá 1903 voru sett ný ákvæði í lögum um þingsköp handa Alþingi 10. nóv. 1905. Þar segir svo í 42. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði. (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).

Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (50. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins. Ef þau eru ógild, *telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum.* Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína".

Þarna eru þessi þingsköp frá 1905 óbreytt, að skýra ákvæði stjskr. þannig, að ef þingmaður situr hjá atkvgr. án þess að færa fullnægjandi rök fyrir því, þá telst hann, eða þeir, ef fleiri eru, greiða atkv. með meiri hl., þó hann hafi neitað að greiða atkv.

Í stjórnarskránni frá 1874 og stjórnskipunarl. frá 1903 eru alveg samskonar ákvæði eins og nú eru í 40. og 48. gr. stjskr. um atkvgr. á Alþingi. Og í þingsköpunum frá 1876 og 1905 eru þau ákvæði skýrð á þá lund, að þingm., sem neiti að greiða atkv. án lögmætra ástæðna, teljist samt taka þátt í atkvgr. En með þingsköpunum frá 1905 er þessu breytt, eins og kunnugt er. Skilgreining þingskapanna frá 1876 og 1905 á fyrirmælum stjskr. frá 1874 og stjórnskipunarl. frá 1903 eru og alveg í samræmi við skýringu þingskapa landsþingsins danska á grundvallarlögunum.

Í Grundloven nr. 489 ¹⁰⁄₆ 1920, 60. gr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Intet af Tingene kan tage nogen Beslutning, naar ikke over Halvdelen af dets Medlemmer er til Stede og deltager i Afstemningen".

Þetta er alveg samskonar ákvæði og í stjskr. vorri frá 1874, sem gildir enn í dag að öðru leyti en því, að tala þingmanna fyrir lögmæti fundar var færð úr ⅔ niður í fullan helming þingm. í stjórnskipunarlögunum frá 1903.

Í Forretningsorden for Landstinget, ³⁄₁₀ 1918, 39. gr., segir ennfremur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tinget kan ingen Beslutning tage, naar ikke over Halvdelen af dets Medlemmer er til Stede og tager Del i Afstemningen. Medlemmer, som ved Valg afgiver blanke eller urigtigt eller ufuldstændigt udfyldte Stemmesedler, eller som ved anden Afstemning svarer „stemmer ikke", betragtes som værende til Stede og deltagende i Afstemningen".

Það er þess vegna alveg greinilegt, að Danir hafa skýrt grundvallarlög sín alveg á sama hátt og Alþingi hefir skýrt stjskr. í þingsköpum sínum frá 1876 og 1905. — Í fræðibók, sem Knud Berlin hefir skrifað (K. Berlin: Den danske Statsforfatning, I. bls. 457), minnist hann á fyrirmæli 60. gr. grundvallarlaganna dönsku, og hefir ekkert að athuga við ákvæði þingskapanna fyrir landsþingið í 39. gr. þeirra, sem ég var að lesa upp hér á undan, og telur þau ekki brjóta í bága við 60. gr. grundvallarlaganna. Er því þessi fræðimaður alveg á sama máli og við í meiri hl. allshn., og ég er í engum vafa um það, að það sé fullkomlega heimilt að skýra þetta þannig, bæði samkv. grundvallarlögunum og stjskr., að sá þingm., sem á fundi situr hjá og neitar að greiða atkv. án þess að færa gild rök fyrir því, að hann teljist taka þátt í atkvgr. Því að sá, sem neitar að greiða atkv., hefir samt áhrif á atkvgr. og tekur því þannig þátt í henni. Atkvæði getur komið fram á þrennan hátt. Í fyrsta lagi þannig að greiða atkv. með málinu, í öðru lagi á móti því, og í þriðja lagi með því að neita að greiða atkv. eða láta fyrirfarast að gera það. Í því, að sitja hjá við atkvgr., getur verið fólgin fullkomin afskiptasemi af málinu, og getur meira að segja oft verið bein afskiptasemi, eins og þrásinnis hefir komið á daginn hér á Alþingi. Bæði samkv. eðli málsins og viðurkenndum skýringarreglum á lögum og einnig í samræmi við það, sem talið hefir verið gilt hér á landi frá 1874—1915, og í Danmörku um langt árabil, hika ég ekki við að fullyrða, að þessi ákvæði frv. séu í fullu samræmi við stjskr. og hagnýt vinnubrögð í meðferð mála. Ég tel mig fullkomlega hafa sýnt fram á, að þessi ákvæði komi ekki á nokkurn hátt í bága við gildandi stjskr. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að þetta ákvæði komist ótvírætt inn í þingsköpin. — Það er óeðlilegt og ófært, að þingmenn, sem sitja hjá atkvgr., geti eyðilagt mál, án þess að þeir færi nokkur frambærileg rök fyrir því. Að mínu áliti er það beinlínis háskasamlegt fyrir þingræðið, ef á að viðhafa þá aðferð eftirleiðis. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þá, sem vilja varðveita þingræðið, að taka þetta ákvæði upp í þingsköpin og einnig að setja reglur, er girða fyrir það, að umr. geti dregizt úr hófi fram. Ég vil því vona, að þessar breyt. á þingsköpunum, sem hér liggja fyrir, verði lögfestar á yfirstandandi Alþingi.

Thor Thors: Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá gat allshn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Hv. 8. landsk. og ég óskuðum eftir, að málið væri rannsakað nánar. Fyrst og fremst fórum við fram á það, að frv. væri lesið á nefndarfundi og athugað og borið saman við þingsköpin, en þeirri ósk fékkst ekki fullnægt. Formaður n., hv. 2. þm. Reykv., var ákveðinn í að láta málið ganga fram án nokkurrar frekari rannsóknar. Mér er sagt, að þetta frv. sé samið af forsetum Alþingis og skrifstofustjóra þess; og ég efa ekki, að frágangurinn á því sé góður. En ef þessi breyt. á að verða til heilla, þá er mikilsvert, að fullt samkomulag sé um hana á milli þingflokkanna. Þingsköpin eiga að vera þær reglur, sem þingm. koma sér saman um að fylgja við umr. á Alþingi og til þess að greiða þar fyrir framgangi mála. Það er sýnilegt, að ef með harðfylgi á að þrýsta fram breytingum á þingsköpum, gegn vilja minnihlutaflokksins í þinginu, þá veldur það vitanlega mikilli óánægju í þeirra hóp. Og þeir, sem óánægðir eru, hafa alltaf einhverja leið til þess að brjóta þingsköp, sem þeir telja ranglát og ósanngjörn. Það vill nú svo vel til, að flokkarnir á Alþingi skipuðu nefnd 1934 til þess að endurskoða þingsköpin, og var hún skipuð mönnum úr öllum þingflokkum. Hún situr enn á rökstólum, en hefir að vísu ekki tekið þetta verkefni til ýtarlegrar meðferðar; en það er full ástæða til að knýja hana til að ljúka þeim störfum. — Vegna þess, hvað nú er orðið áliðið þings, er mjög vafasamt, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel því heppilegra, að því verði frestað til næsta þings, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að nauðsynlegt er, að fullt samkomulag verði á milli flokkanna um fyrirhugaðar breyt. á þingsköpunum. Við, sem erum í minni hl. allshn., viljum fresta málinu og berum fram svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár, sem ég skal lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð þingflokkarnir hafa skipað nefnd til að semja um breytingar og endurbætur á þingsköpum og þar eð deildin telur æskilegast, að þingsköp séu sett með samkomulagi allra flokka, vill hún vísa þessu máli til fyrrgreindrar nefndar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Ég vænti þess, að dagskrártill. verði rædd jafnframt frv. sjálfu. Og ég vil enn á ný minnast á nauðsyn þess, að fullt samkomulag náist í þessu máli. Þeir flokkar, sem nú eru í meiri hl. í þinginu, geta vitanlega komið þessu frv. í gegn og sett í bili þær reglur, sem þeim sýnist. En það er ekki víst, hversu lengi þeir njóta þess meiri hl., sem þeir hafa nú, og ef skjótlega breytist um meirihlutaaðstöðu í þinginu, sem fyllilega má búast við, þá vænti ég, að þeir sjái, að ofbeldi í þessu máli hafi ekki verið það heillavænlegasta. Ég vil því styðja að samkomulagsleið í þessu máli.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt rökst. dagskrá frá hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., svo hljóðandi:

„Þar eð þingflokkarnir hafa skipað nefnd til að semja um breytingar og endurbætur á þingsköpunum og þar eð deildin telur æskilegast, að þingsköp séu sett með samkomulagi allra flokka, vill hún vísa þessu máli til fyrrgreindrar nefndar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Dagskrártill. þessi liggur hér einnig fyrir til umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Þetta frv. um breyt. á þingsköpum Alþingis er áreiðanlega eitt af þeim merkari málum, sem fyrir þessu þingi liggja. Ég gat því miður ekki hlustað á ræðu hv. frsm., en frá mínu sjónarmiði er það alveg tvímælalaust, að ef við getum ekki skapað þinginu reglur eða vinnubrögð í samræmi við þann hraða, sem nú er umhverfis okkur, þá er ég viss um, að þingræðið tapar virðingu hjá þjóðinni. Og ég er ekki í vafa um, að þessar till., sem hér liggja fyrir, eru til stórkostlegra bóta fyrir vinnubrögðin á Alþingi. Það er aðalatriðið, að hægt sé að koma í veg fyrir málþófið, sem stundum er alveg óhæfilegt, og nokkur önnur nýmæli eru í frv., sem telja má álíka merk og þetta. Um dagskrártill. hv. þm. Snæf. og 8. landsk. vil ég segja það, að mér finnst ekki neitt í vegi fyrir því, að samkomulag geti orðið á milli flokkanna um þingskapabreytinguna, þó að þessi nefnd frá síðasta þingi hafi ekki unnið að málinu á þann hátt, að samkomulag hafi náðst. Það var sett upp af hálfu andstöðuflokka stj., að samkomulag yrði um skipun forseta þingsins, þannig að forsetastöðunum yrði skipt á milli meirihlutaflokkanna og andstæðinga stj. En það hygg ég, að ekki geti gengið, því að forsetar ráða mjög miklu um gang mála í þinginu. — En ég get ekki séð, að það séu neitt minni líkur fyrir samkomulagi um málið nú, undir meðferð þess hér í þd., eða t. d. í hv. allshn., sem skipuð er mönnum úr öllum þingflokkum, heldur en í þeirri nefnd, sem sett var til þess af flokkunum á síðasta þingi. Þessar brtt. eru ekki margbrotnar, og flokkarnir geta verið ákaflega fljótir að koma sér niður á því, hvort þeir aðhyllast þær eða ekki, eða hvort líkur eru til samkomulags um þær. Það er alls ekki lokuð leið fyrir samkomulagi, þó að frv. gangi nú til 3. umr. Aðalatriðið er það, að þingmenn geri það upp við sjálfa sig, hvort þeir aðhyllast brtt., sem ganga í þá átt að bæta vinnubrögð þingsins frá því, sem þau eru nú. Það er alls ekki svo að skilja, að meiri hl. þingsins sé að setja núv. minni hl. reglur til að haga sér eftir í þinginu. Því að vitanlega gerir núv. þingmeirihluti sér það ljóst, að hann verður einnig að beygja sig fyrir þessum reglum nú, og jafnframt sem minni hl. á Alþingi, þegar að því kemur. Hér er því alls ekki um það að ræða, að verið sé að setja nein höft á minni hl. eða þvingunarráðstafanir, heldur vinnubragðareglur, sem allir þingflokkar séu jafnreiðubúnir til að fylgja við störf á Alþingi, bæði sem meiri og minni hl.

Ég álít, að hægt sé að koma málinu fram á þessu þingi með samkomulagi. Ég hefi staðið í tilsháttar að undirbúningi þessa frv. með forsetunum og skrifstofustj. Alþ., því að ég hefi svo oft veitt því athygli, hver nauðsyn er á því að laga vinnubrögð þingsins. Mér er því áhugamál að fá frv. afgr. nú, svo að hægt verði að

beita því á Alþingi, sem kemur saman nú eftir áramótin. En ef málinu verður nú frestað, þá er útilokað, að það verði hægt.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til hv. meiri hl. allshn. fyrir afgreiðslu hans á þessu máli. Það hefir verið og er meining okkar, sem að þessu frv. stöndum, að gera auðveldari störf þingsins og afgreiðslu mála þar. Og í ýmsum greinum þessa frv. eru ákvæði þingskapanna gerð ljósari en þau eru nú. Það er vitaskuld ekki meiningin fyrir mér og þeim mönnum, sem að þessu frv. standa, að beita minni hl. þingsins hlutdrægni eða einhverskonar ofbeldi. Slíkt mundi vissulega hefna sín, því að öllum er ljóst, að þeir geta orðið í minnihl.-aðstöðu á Alþingi. Hér er aðeins um að ræða nauðsynlegustu ákvæði til þess að gera vinnubrögðin hraðari og léttari. Brtt. eru ekki margbrotnar. Það á að gera auðveldara að veita afbrigði frá þingsköpum fyrir málum, sem ríkisstj. stendur að, þannig að þau megi veita með einföldum meiri hl. atkv. í þd. og Sþ. Þykir það eðlilegt, því að ætla má, að þau mál þurfi fremur öðrum fram að ganga. Einnig er gerð sú breyt., að ekki þurfi leyfi til þess, að mál megi flytja á þingi, þó liðnar séu fjórar vikur af þingtímanum, ef þau eru flutt af ríkisstj. eða einhverjum fyrir hennar hönd, eða ef n. flytur þau óskipt.

Þá er takmörkun ræðutímans umfram það, sem verið hefir. Þar er eiginlega aðeins um nokkuð annað form að ræða, sem sízt ætti að vera hv. minni hl. til andúðar, því mér virðist réttur minni hl. betur tryggður með þessum ákvæðum heldur en verið hefir. Eins og ákvæði þingskapanna eru nú, er heimilt að skera niður umr. Að vísu er svo til tekið, að slíkt megi gera, þegar umr. dragast úr hófi fram, en það er vitanlega á valdi þess meiri hl., sem að niðurskurðinum stendur, að skera úr því, hvað er úr hófi fram. Hann getur því, ef honum býður svo við að horfa, skorið niður umr. allharkalega fyrir minni hl. Þetta ákvæði þingskapanna er látið halda sér, en til viðbótar er gert ráð fyrir, að takmarka megi umr. fyrirfram, og þegar þannig er farið að, er það á valdi forseta, og beinlínis lagt honum á herðar, að skipta ræðutímanum sem jafnast milli þeirra, sem með málinu standa, og hinna, sem mótmæla því, eða eftir flokkum, ef um slík mál er að ræða. Á þennan hátt held ég, að það verði tryggara, að menn séu ekki beittir misrétti, heldur en þegar skornar eru niður umr. eftir núgildandi ákvæði þingskapa, án tillits til þeirrar þátttöku, sem verið hefir í umr. áður. Getur svo staðið á, þegar því ákvæði er beitt, að mest hafi verið talað um málið frá annari hliðinni og annaðhvort andstæðingar eða meðmælendur málsins sama og ekkert komizt að. Það má að vísu segja, að við þessu ákvæði sé ekki hróflað með þessum brtt., en þar sem hið nýja ákvæði miðar fremur til þess, að gætt verði réttlætis, má búast við, að sá háttur verði tekinn upp, þegar takmarka á umr., með tilliti til þess, að báðar hliðar málsins geti komið fram.

Það er náttúrlega fjarri mér, þó ég flytji þetta frv., að ég vilji ekki hafa samkomulag um afgreiðslu málsins. Ég vildi gjarnan, að þingflokkarnir gætu samið um málið. Í samkomulagi um afgreiðslu þess væri a. m. k. fólginn nokkur ávinningur fyrir þá, sem að því standa, þó ég hinsvegar telji ekki mikið upp úr slíku samkomulagi leggjandi fyrir framtíðina, því það mundi ekki hafa áhrif á aðra en þá, sem að því standa; þegar nýir menn koma inn í þingið, þykir mér ekki víst, að þeir teldu sig bundna af slíku samkomulagi, heldur mundu þeir haga sér eftir því, sem þeir telja sér heimilt innan ramma þingskapanna. Býst ég því við, að þetta hafi ekki svo mjög mikið að segja, nema hvað það vitanlega er ætíð æskilegt, að samkomulag geti verið innan þings um afgreiðslu mála. Virðist mér, eins og hæstv. forsrh., ekki útilokað, að einmitt sú n., sem um málið fjallar hér í d., geti samið um það og komizt að viðunandi niðurstöðu. Ég verð að segja, að ég hygg þessa n. þannig mönnum skipaða, að ef hún getur ekki orðið ásátt um málið, veit ég ekki, hvort meiri von er til, þó öðrum væri falið það, að þeir gætu komið sér saman um afgreiðslu þess. Hitt hygg ég, að öllum geti komið saman um, að eins og afgreiðsla mála gengur stundum hér á þingi nú, er ekki við það hlítandi fyrir neinn meiri hl., hver sem hann er.

Um brtt. þær, sem fram hafa verið bornar, hygg ég, að ekki þurfi að vera ágreiningur. Ég get sagt það fyrir mitt leyti um brtt. hv. 2. landsk., að ég get á hana fallizt. Ég tel fráleitt, þó maður sé utan flokka, að hægt sé að svipta hann málfrelsi við útvarpsumr. — Hvað snertir brtt. hv. þm. Mýr., þá hélt ég, að ákvæðið, sem hann vill breyta, yrði ekki misskilið. En það, að honum sýnist það geta valdið misskilningi, sannar, að fleiri geta litið svo á. Ef brtt. er samþ., hygg ég, að ekki sé hægt að misskilja ákvæðið; að því leyti er hún til bóta, og get ég því á hana fallizt. Það er nauðsynlegt um hvaða löggjöf sem er, að hún sé skýr og ákveðin, en það gildir ekki síst um þær reglur, sem þingið sjálft hagar sinni starfsemi eftir, og er því mjög áríðandi, að ákvæði þingskapa séu sem ljósust og verði á engan hátt misskilin. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið af minni hálfu. Hv. 1. landsk. rakti ýtarlega gang þess ákvæðis, sem sætti hér nokkrum andmælum við 1. umr., svo ég þarf þar engu við að bæta.

Jakob Möller [óyfirl.]: Út af hinni löngu ræðu hv. 1. landsk. um það atriði þessa máls, sem deilt var um við 1. umr., verð ég að segja það, að því fór fjarri, að röksemdir hv. þm. hrófluðu nokkuð við mínum skilningi á þeim ákvæðum, sem hér er um að ræða. Fyrir mér er það enginn guðsdómur, hvað venja er eða regla í Danmörku; það getur verið, að einhverjir aðrir hv. þm. láti það skera úr fyrir sig, en ég get ekki tekið slíka reglu fram yfir það, sem heilbrigð skynsemi hlýtur að úrskurða. Þó þessari dönsku reglu hafi verið fylgt hér frá 1876 til 1915, þá bindur það okkur ekki neitt. En

1915 var það vit ráðandi, að Íslendingar létu sér skiljast, að ákvæði stjskr. um það, að til þess að gera fullnaðarályktun um mál á Alþingi þurfi *meira en* helmingur þingmanna að vera á fundi *og* greiða þar atkv., þýddi annað en það, að það nægði, að helmingur *þingmanna* væri á fundi, þó minni hl. þeirra tæki þátt í atkvgr. Mönnum skildist, að þetta gat ekki samrýmzt, og því var þingsköpunum breytt, en stjskr. látin haldast óbreytt. En nú er komin fram till. um að færa þetta aftur í gamla, danska horfið og láta orð stjskr. þýða allt annað en þau segja. Ef það væri svo, að það ætti að nægja, að helmingur þm. sé á fundi, er atkvgr. fara *fram, þá þyrfti vitanlega ekkert frekar* að taka fram um þetta, hvorki í stjskr. eða þingsköpum. En nú er bætt við, að það þurfi meira *til* þess að atkvgr. sé lögmæt; að það þurfi líka meira en helmingur þm. að taka þátt í atkvgr. Náttúrlega er það ekkert annað en firra, eins og hver maður getur séð, að það geti talizt að taka þátt í atkvgr. að greiða ekki atkv. Það er svo augljós mótsögn við heilbrigðan skilning, að það er óskiljanlegt, að nokkur skuli leyfa sér að halda slíku fram, enda hefði það ekki verið *gert, ef þessi ágæta danska regla* hefði ekki verið til; það er svo sem auðvitað. Þar við bætist, að þetta ákvæði stjskr. *hefir vissulega sinn* fyllilega réttmæta tilgang. Það á að girða fyrir, að það geti komið fyrir, að mál sé afgr. frá Alþingi með minni hl. atkv., og sá tilgangur er fyllilega réttmætur. Sú breyt., sem hér er farið fram á, gerir mögulegt að afgr. mál frá Alþingi án þess að meiri hl. þm. sé því fylgjandi.

Hv. 1. landsk. var eitthvað að vísa til þingræðis og hvað væri vilji þeirra manna, sem fylgdu *þingræðinu. Slík orð fara illa í munni* þeirra manna, sem vinna að því, að hægt sé að afgr. mál með minni hl. á Alþingi. Og þau fara illa í munni þeirra manna yfirleitt, sem leggja lið frv. hæstv. forseta, þegar undan eru skildar orðalagsbreyt., sem eru til samræmis við þær breyt., sem orðið hafa á stjskr., og þess vegna réttmætar. Hæstv. forseti talaði fagurlega um takmörkun ræðutíma og rétt þm. til að tala á Alþingi. En það er vissulega ekki í anda þingræðisins að setja slíkar skorður við málfrelsi þm. *sem farið er fram á í þessu frv.*

Ég skal ekki þrátta mikið um þessi atriði; mér virðist þau svo ljós, að löng ræðuhöld um þau séu þýðingarlaus. Menn hljóta sjálfir að geta gert sér grein fyrir, hvað rétt er í þessu efni, þegar aðeins er á það bent. Ég vildi þó vekja athygli á því, að það er alls ekki svo saklaust eins og hæstv. forseti vildi vera láta að breyta ákvæðunum um afbrigði. Í 19. gr. þingskapanna er ákveðið, að ekki megi taka mál til umr. fyrr en liðnar eru tvær nætur frá því að *því er útbýtt, og að ný mál megi* ekki taka fyrir eftir að fjórar vikur eru liðnar af þingtímanum nema með samþykki d.; það ákvæði nær þó eigi til breyt. á stjskr. eða þingsköpum. Þessu vill hæstv. forseti breyta þannig, að eigi þurfi heldur að leita samþykkis d. um, að það megi koma fyrir frv., sem flutt eru af hálfu stj. eða af þingn. óskiptri, og að einfaldur meiri hl. geti veitt afbrigði, þegar um slík mál er að ræða. Þetta er nú náttúrlega alveg sitt hvað, hvort frv. eru flutt af n. óskiptri eða eftir tilmælum ríkisstj., því frv., sem eru flutt af n., má ætla, að séu athuguð í öllum flokkum áður en þau eru borin fram, en um frv., sem flutt eru eftir *beiðni ríkisstj.*, þarf slíkt alls ekki að vera. En þessi frestur, sem áskilinn er á Alþingi frá því mál er lagt fram og þangað *til* það er tekið fyrir, er ákveðinn með tilliti til þess, að þm. eigi kost á að kynna sér málin áður en farið er að ræða þau. Þess vegna er rétt að hafa ákvæðin um þetta þröng, alveg eins þó frv. sé flutt af hálfu ríkisstj.

Ég vildi líka benda á, af því mikið er deilt um, hvort ákvæði þessa frv. eru í samræmi við stjskr., að í 10. gr. er tekið fram, að fundur í Sþ. sé lögmætur, *ef* helmingur þm. er á fundi, en samkv. stjskr. þarf þetta að vera helmingur þm. úr hvorri d. *fyrir sig.* Þó þetta hafi að vísu verið svona í gildandi þingsköpum, þá virðist rétt, þegar þingsköpunum er breytt á annað borð, að færa það til samræmis við stjskr. Ég hygg, að fyrirmælum stjskr. hafi ekki ætíð verið fylgt í þessu efni, vegna þess að þetta hefir ekki verið tekið fram í þingsköpum. En stjskr. tekur ákveðið fram, að til þess lögmætur sé fundur í Sþ., þurfi að vera viðstaddur *helmingur þm. úr hvorri deild.*

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta meira, en vil aðeins undirstrika, að það er augljóst mál, að ég hafði rétt fyrir mér við 1. umr., er ég hélt fram, að það væri tvímælalaust stjskr.-brot að breyta þingsköpunum eins og hér er farið fram á.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. leggja til, að málinu verði vísað frá með rökst. dagskrá, og *vísa til þess, að væntanlegri breyt.* á þingsköpum hafi verið vísað til n. úr öllum flokkum á síðastl. hausti. Að vísu voru valdir nokkrir menn af flokkunum á síðastl. hausti til þess að ræða saman um hugsanlegt samkomulag um meðferð mála á Alþingi; var það sérstaklega í sambandi við takmörkun ræðutíma og hvort rétt væri, eins og sumir höfðu komið fram með, að breyta til með forsetavalið, þannig, að t. d. stærsti flokkurinn hefði 1. forseta, næststærsti flokkurinn 2. forseta o. s. frv., eins og sumstaðar tíðkast. *En þessar umr. féllu fljótt niður.* Ég var í þessari n., og við komum saman eitthvað tvisvar, þrisvar, minnir mig, og spjölluðum góðlátlega saman um þetta, en án árangurs, og mér skilst starf þessarar n. þar með niður fallið. Svo mér finnst ástæðulaust að vísa málinu til þessarar umræðunefndar, sem spjallaði saman nokkra tíma án þess að gera alvöru úr. Hinsvegar hefði ég kosið, að hv. þm. gætu orðið sammála um þær breyt. á þingsköpum, sem hér eru bornar fram; og ég hefi ekki heyrt hv. þm. Snæf. *lýsa andstöðu sinni* við þær, svo ég tel ekki útilokað, að hann og sjálfstæðismenn yfirleitt gætu fylgt a. m. k. sumum þeirra. Að vísu geta þeir vitanlega ekki fallizt á þessar breyt., sem álíta, að þær brjóti í bága við stjskr., en það eru einungis þau ákvæði frv., er snerta þátttöku í atkvgr. Ég sé því ekki ástæðu til að afgr.

málið á þann hátt, sem hv. minni hl. allshn. leggur til.

Um ræðu hv. 3. þm. Reykv. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Hann er enn sömu skoðunar og við 1. umr., að hér sé um stjskr.brot að ræða, og byggir það á orðalagi stjskr. Hann vill ekkert leggja upp úr þeim skilningi, sem komið hefir í ljós í framkvæmdinni bæði í Danmörku og hér á Íslandi. Þó það sé engin ástæða til að apa neina ósiði eftir Dönum eða öðrum, þá hefir það nú verið svo, t. d. í lögfræðinni, að við höfum mikið af okkar fræðum sótt til Dana. Flestar fræðibækur, sem lesnar hafa verið í lagadeild háskólans, eru eftir danska fræðimenn. Og yfirleitt hefir dönsk lögfræði verið undirstaðan undir allri lögfræðikennslu hér á landi. Og ég er ekki í vafa um, að það ákvæði þingskapanna, sem hér er um að ræða, á rót sína að rekja til þess, að fræðimenn í Danmörku, sem margir hafa verið ágætir á sviði lagavísindanna, hafa verið þeirrar skoðunar, að það byggðist á fullkomlega leyfilegum skilningi á stjskr. Ég er ekki heldur í vafa um, að hinir mörgu ágætu lagamenn, sem sátu á Alþingi frá 1876—1915, hafi fullkomlega gert sér grein fyrir því, að ekki væri með ákvæðum þingskapanna verið að brjóta hin pósitívu ákvæði stjskr. Ég get nefnt menn, sem beinlínis stóðu að endurskoðun þingskapanna eftir stjskr.breyt., 1903, eins og t. d. Hannes Hafstein og Skúli Thoroddsen og fleiri ágætir lagamenn. Og þegar fellt var úr þingsköpunum 1915, að þeir, sem ekki greiddu atkv., teldust með meiri hl., þá hefi ég ekki fundið neina grg. fyrir því á þann veg, að með því væri verið að leiðrétta villu, sem slæðzt hefði inn í þingsköpin gegn anda eða ákvæðum stjskr. Ég held, að ástæðan hafi fremur verið sú, að þótt hafi frá almennu sjónarmiði nokkuð langt gengið að telja þá, sem ekki greiða atkv., beinlínis með meiri hl.

Alveg eins og hv. 3. þm. Reykv. sannfærðist ekki af minni ræðu, get ég ekki síður sagt um hans ræðu, að hún sannfærði mig ekki um það, að hér væri verið að fara fram á stjskr.brot. Mér fyrir mitt leyti virðist hiklaust, að sá skilningur á stjskr., sem kemur fram í frv., sé fullkomlega á rökum byggður, því raunverulega má segja, að sá, sem neitar að greiða atkv. án þess að hafa gildar ástæður, taki sinn þátt í atkvgr.

Um önnur ummæli hv. 3. þm. Reykv. þykir mér ekki ástæða til að ræða. Við erum á öndverðum meiði hvað það snertir, að hann álítur þessa þingskapabreyt. ganga í öfuga átt, en ég álít, að hún gangi í þá átt að gera störf Alþingis léttari í vöfunum, og sé líkleg til að ná þeim tilgangi, sem þessari löggjöf er fyrst og fremst ætlað að ná, en það er að gera þingið sem starfhæfast, svo það geti afkastað sem mestu og beztu verki á tiltölulega stuttum tíma. Og það er vissulega full nauðsyn á því að setja ákvæði til tryggingar því, að málþóf sé ekki uppi haft á Alþingi, og að koma í veg fyrir, að þingmenn neiti að greiða atkvæði án lögmætra ástæðna, einungis til þess, að minni hl. þdm. geti hindrað framgang mála. En slíkt verður aðeins til þess að varpa rýrð á Alþingi og störf þess. Tel ég því til hagsbóta þingræðinu í landinu, að þetta frv. nái fram að ganga.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. hefir nú gert enn þá ljósari grein fyrir því en mér tókst að gera, hvernig á því stendur, að þetta umrædda ákvæði komst inn í gömlu íslenzku þingsköpin. Hann vildi að vísu styrkja sinn málstað með því, að það hefði verið undir forustu hinna gömlu ágætu lagamanna, er hér áttu sæti á þingi, en það er augljóst, að þrátt fyrir þingsetu þeirra hefir þetta ákvæði verið tekið athugunarlaust upp úr dönskum lögum. Það er rétt hjá hv. þm., að dönsk lagavísindi hafa verið undirstaða hinna íslenzku lagavísinda, og ég er ekki í vafa um, að í ýmsum efnum hefir verið byggt of mikið á dönsku lagavísindunum, þ. e. a. s., það hafi ekki verið beitt nægilegri gagnrýni gagnvart þeim. Þannig hefir í þessu tilfelli ákvæðið verið tekið blindandi upp úr dönskum lögum, án þess að athuga nægilega, hvort það gæti staðizt. Hinsvegar vil ég benda hv. þm. á það, af því hann var að tala um þessa ágætu lagamenn okkar, að þeir áttu einnig sæti á Alþingi 1915 og létu sér lynda breyt. á þingsköpunum, sem þá var gerð þvert ofan í hið danska ákvæði. Framkoma þessara gömlu og góðu lagamanna, sem hv. þm. vitnaði til, styður þannig, að ég muni hafa rétt fyrir mér. [Vantar í handr.]. Honum hafði orðið það á að taka þetta gott og gilt án athugunar, en þegar þingið benti honum á, að þetta gæti ekki átt sér stað, þá féllst hann á það og breytti því. Frv. var þá breytt og þingsköpin urðu þá eins og þau hafa síðan verið til þessa dags. Og að segja, að þessi ágæti lagamaður hafi samþ. breyt. í allt öðrum tilgangi, vona ég, að hv. 1. landsk. geri ekki. Hv. 1. landsk. sagðist ekki hafa orðið þess var, að í umr., sem þá urðu, hefði verið gerð grein fyrir tilganginum með lagasetningunni. Hann kom ekki fram í umr. þeim, sem urðu um frv. sjálft, og ekki í grg. þess, heldur kom hann fram í brtt. frá Guðm. Björnssyni fyrrv. landlækni. Hann hafði sinn ákveðna tilgang með því. Ég veit ekki, hvort hv. 1. landsk. hefir átt við breyt. á þessu ákvæði, þegar hann talaði um, að þetta frv. miðaði að því að gera starfsemi Alþ. léttari í vöfunum, en ég hygg þó, að hann hafi frekar átt við málfrelsið í því sambandi. En ef hann hefir átt við þessa breyt., þá er það réttnefni, að hún gerir starfsemi Alþ. léttari í vöfunum. Hún miðar að því að koma störfum Alþ. meira á ringulreið, svo að öll lagasetning verður meira háð tilviljun, ef breytt verður í það horf, sem hv. þm. vill. Það er auðsætt, ef minni kröfur eru gerðar til þess, að samþykktir Alþ. séu lögmætar, að þá miðar það að því að færa löggjafarstarfið meira inn á tilviljunarbrautina, og verður þá kylfa látin ráða kasti um það, hvað margir þm. eru við, og er slík breyt. ekki til bóta.

Ég veit, að tilgangurinn er ekki sá, sem hv. þm. gat um, heldur sá, að færa valdið yfir löggjafarstarfseminni meira í hendur einstakra ráðamanna í flokkunum. Tilgangurinn er ekki sá, að gera starfsemi Alþ. léttari í vöfunum, heldur sá, að færa stjórnarfarið meira í ein-

ræðisáttina. Það er fjarri lýðræði eða þingræði, heldur er það einræðistilhneiging, sem vakir fyrir mönnum, þegar á að fara að gera við því, að stj. eða ráðamenn flokkanna þurfi að hlíta því, þó einhverjir þm. í flokkunum séu ekki með málinu, og á þannig að vera hægt að afgr. málin án þess að þau hafi óskipt fylgi þeirra, sem mynda meiri hl. þings. Það á því að koma því svo fyrir, að málin séu samþ. án þess að samþykkt meiri hl. þings fáist fyrir þeim.

Thor Thors: Allir þeir hv. andstæðingar, sem talað hafa á móti hinni rökst. dagskrá minni hl. allshn., hafa talað um, að þeir væru hlynntir því, að samkomulag næðist í þessu máli, og hafa reyndar talað um, að það væri nauðsynlegt. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekki líklegt, að þessi nefnd, sem skipuð var 1934, væri líkleg til þess að geta leitt málið til samkomulags, af því að það væri krafa sjálfstæðismanna, að þeir réðu einir um skipun forseta. Ég man ekki eftir því, að þeir hafi gert neina slíka kröfu, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeir hafa enga slíka kröfu gert. Sjálfstfl. er reiðubúinn til þess að hlutast til um, að sá maður, sem hann hefir skipað í þá nefnd, taki þar til alvarlegra starfa, ef stj.flokkarnir vilja gera hið sama. Ég mun a. m. k. fyrir mitt leyti stuðla að því. Það er alls ekki rétt, að allt starf n. sé niður fallið og að hún hafi engar tilraunir gert til þess að taka ákvarðanir í þessu máli. Það er að vísu rétt, að hún hefir engu áliti skilað. Hv. 1. landsk. sagði, að hún hefði tvisvar komið saman og nefndarmenn hefðu rabbað góðlátlega saman. Þetta er skref í rétta átt, og meira en hægt er að segja um starfsemi allshn. í þessu máli. Það var ekki einu sinni unnt að fá því framgengt, að nm. kæmu saman til þess að rabba góðlátlega saman um málið. Það mátti ekki einu sinni lesa frv. í n. eða bera það saman við núgildandi þingsköp. Það geta því allir hv. þm. séð, hve mikið hefir bólað á því í n., að stj.flokkarnir vildu samkomulag í málinu. Það er rétt, sem hæstv. forseti sagði, að allshn. hafi eins getað samið um málið og aðrar nefndir. En það hefir bara ekki fengizt að ræða málið þar. Ég verð að halda því fram, að samkomulag um slíkt mál sem þetta hljóti að byggjast á rannsókn á starfsháttum þingsins og rannsókn á því, hvaða breyt. á þingsköpunum eru æskilegar samkv. orðum eða anda stjskr. En þessi rannsókn er ekki fengin.

Hæstv. forseti talaði góðgirnislega og af sanngirni um þetta mál. Hann sagði, að það væri ekki sinn tilgangur með þessu frv. að innleiða þvingunarráðstafanir, eða ætlast til þess, að farið sé harkalega að minni hl., því að slíkt myndi hefna sín. Það er rétt hjá honum, að slíkt myndi hefna sín. Ég efast ekki um, að hæstv. forseta hefir gengið gott eitt til með að flytja þetta frv., og að það, sem fyrir honum vakir, er að bæta starfsháttu þingsins. En slíkar ráðstafanir sem þessar gera meiri hl. hægara fyrir um að koma fram þvingunarráðstöfunum, bæði við minni hl. og eins við einstaka þm. innan stj.flokkanna, sem kunna í einstökum málum að vera óþægir. Ég verð að segja, að sú helzta þvingunarráðstöfun, sem hægt er að koma fram gegn minni hl. þings, er að neita honum um málfrelsi eða takmarka málfrelsi hans. En það er sá helgasti réttur, sem minni hl. á, að geta mótmælt því, sem hann telur meiri hl. rangt gera. En nú á að skerða þennan rétt. Hæstv. forseti sagði, að reglurnar um þetta væru mildari í frv. heldur en í þingsköpunum eins og þau eru nú. En gamla reglan um að skera niður umr. gildir þá fyrst, þegar umr. hafa gengið úr hófi fram. Hæstv. forseti sagði, að þessu myndi verða beitt mildilega, en það fer eftir því, hverjir fara með forsetavaldið og hverjir fara með ríkisvaldið yfirleitt. Það vita allir, að það getur hugsazt, að forsetar verði að hlíta vilja aðgangsfrekra ráðh. um afgreiðslu mála, þó þeim sé það ekki ljúft. — Hæstv. forseti sagðist vera þakklátur meiri hl. allshn. fyrir afgreiðsluna á málinu. Hann getur auðvitað verið þakklátur henni fyrir að hafa komið með það inn í d. En ég hygg, að það muni sýna sig, að vinnubrögð meiri hl. muni ekki verða málinu til framdráttar hér í þinginu. Ef það kemst upp þrjózka hjá minni hl., eins og meiri hl. hefir stofnað til, þá mun það ekki verða til þess að málið sigli hraðbyri í gegnum þingið, eins og ætla hefði mátt, ef samkomulag hefði náðst um það. Hæstv. forseti taldi, að það myndi hafa mikla framtíðarþýðingu, ef frv. yrði samþ., því að með nýjum mönnum kæmu nýir siðir. Ég fyrir mitt leyti get trúað því, að ef samkomulag hefði náðst um málið og allir flokkar staðið að því, þá hefði það getað orðið til frambúðar. Það er ekki líklegt, að sú gerbreyt., sem frv. fer fram á, standi, þó að einhverju leyti verði skipt um menn, ef ekki næst samkomulag um það, svo að allir flokkar standi að því. Ég hygg, að ef stj.flokkarnir verða ekki við tilmælum okkar sjálfstæðismanna og taka ekki í hina útréttu hönd stj.andstæðinga um að vinna í sameiningu að því að bæta þingsköpin og starfsaðferðir þingsins, þá muni það verða skoðað svo, að tilgangurinn með frv. sé ekki eins göfugur og hæstv. forseti vildi vera láta í sinni ræðu. Þá hygg ég, að tilgangurinn sé sá, sem hv. 3. þm. Reykv. gat um, að tryggja ríkisstj. sterkari aðstöðu til þess að koma fram sínum málum, sem að dómi andstæðinganna eru kannske alröng, og jafnvel að dómi einstakra stjórnarsinna. Hér hafa komið fram merkileg mótmæli gegn þessu frv., og það er byggt á rökum frá hv. 3. þm. Reykv., að hér sé um stj.skrárbrot að ræða. En ég ætla annars ekki að blanda mér inn í þær umr., sem orðið hafa um það atriði. En ég vil benda á það, að hér er um svo stórvægilegan ágreining að ræða, að ástæða er til að taka málið til betri rannsóknar utan umr. en gert hefir verið. Ef tilgangur flm. er sá — og ég efast ekki um, að það sé tilgangur hæstv. forseta — að tryggja betri vinnubrögð í þinginu, þá ætti að leggja ríka áherzlu á það, að samkomulag allra þingflokka náist um málið. Ég tel það því mesta sanngirni í þessu máli, að hin rökst. dagskrá sé samþ. Ég mun þá gera mitt til þess að koma því til leiðar, að Sjálfstfl. leggi fram góða samvinnu í þessu máli. Og ef samkomulag næst, þá er ekki ástæða til þess að efast um, að málið

nái fljótlega fram að ganga á því þingi, sem hefst um miðjan febrúar næstkomandi.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 622, n. 714, 716, 728, 745).

Forseti (JörB): Þar sem enginn hefir kvatt sér hljóðs, er umr. lokið. (TT kveður sér hljóðs). Umr. er lokið.

Thor Thors: Ég vissi ekki betur en forsrh. hefði verið á mælendaskrá, og þess vegna bað ég ekki strax um orðið. (**Forseti:** Ég lýsti því, að enginn væri á mælendaskrá og umr. væri lokið).

Magnús Torfason: Ég ætlaði mér að kveðja mér hljóðs í þessu máli, en svo var mér sagt, að hæstv. forsrh. hefði verið búinn að kveðja sér hljóðs, og þá hikaði ég við og varð of seinn — ég skal játa það — að biðja um orðið.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla að taka til máls um þessi deiluatriði við hæstv. forseta. Þegar málið var tekið út af dagskrá á síðasta fundi, þá var þess ekki getið, að umr. væri lokið, og ég stóð í þeirri trú, að hæstv. forsrh. væri á mælendaskrá, og var því ekki viðbúinn að biðja um orðið. En nú hefir hv. þm. Snæf. kvatt sér hljóðs, og lá beinast við að gefa honum orðið, en lýsa ekki umr. lokið.

Ég skil hæstv. forseta svo, úr því hann leyfði mér að gera þessa aths., að þá sé umr. ekki lokið, og vil því gera stutta aths. um það, að þar sem því hefir verið haldið fram, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða á ákvæðum viðvíkjandi því, að mál fái löglega afgreiðslu á þingi, en þessu hefir verið mótmælt og sagt, að ekki geti verið um stjórnarskrárbrot að tala, af því að þessir hlutir hafi verið praktiseraðir bæði hér og líka í öðru landi, sem mjög er nú tekið til fyrirmyndar, þá vil ég vekja athygli á því, að þetta er þá ekki eina stjskr.brotið, sem átt hefir sér stað í þessu efni.

Fram til 1915 var það í lögum um þingsköp, að forseti hafði ekki atkvæðisrétt. En þetta var ótvírætt stjskr.brot, því að sjálfsögðu átti hann rétt til að greiða atkv. samkv. stjskr. og tilgangi hennar um rétt og skyldur þingmanna, og var þetta því rangt í l. Það eru allir sammála um, að þetta hafi verið stjskr.brot. Og þó slíkt ákvæði væri í l., þá var það stjórnarskrárbrot fyrir því.

Að öðru leyti vil ég undirstrika það, sem ég hefi áður sagt í umr., að það er augljóst mál, að sú skýring á stjskr., að þm. greiði atkv. líka með því að greiða ekki atkv., er í alla staði óleyfileg. Til 1915 var þetta leyfilegt, og ekki aðeins þetta, heldur einnig það, eins og ég hefi sýnt fram á, að forseti hefði ekki atkvæðisrétt. Ég tel það alveg ósæmilegt að breyta aftur yfir í þetta gamla horf, og það er tvímælalaust óheimilt eftir stjskr.

Thor Thors: Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá rausn, sem hann sýnir mér, að hann skuli leyfa mér að taka til máls. — Ég hafði vænzt þess, að hæstv. forsrh. mundi verða við, þegar ég tæki til máls, en ég sé, að hann er ekki staddur í deildinni, þó ég þurfi að svara honum nokkrum orðum.

Ég sé, að þær vonir, sem ég hafði gert mér um, að samkomulag fengist um þetta mál, sem allir gætu unað við, eru að verða að engu, vegna þess ofurkapps, sem hæstv. forseti og stjórnarflokkarnir leggja á, að mál þetta nái fram að ganga. En það er ekki nema gott, að það kemur fram og sannast, að stjórnarflokkarnir vilja skerða málfrelsi, svo þeir geti afgr. mál sín á þingi í næði án allrar gagnrýni, og verða þeir að taka afleiðingunum af því, ef þeir ætla að koma slíku máli fram með ofurkappi.

Magnús Torfason [óyfirl.]: Það er aðeins eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi taka til máls um og lýsa skoðun minni á. Það er ákvæðið um atkvgr. Það hefir verið svo, eins og frá hefir verið skýrt, að löggjafinn hefir lagt þá merkingu í þetta ákvæði, sem sumir kalla að brjóta stjórnarskrána. Þetta getur sjálfsagt verið deilumál, en dæmi það, sem tilfært var hér, getur tæplega verið rétt. Það er rétt, að föst venja var sú, að forseti greiddi ekki atkv. Og þetta var blátt áfram gert að reglu til að friða þann mann, sem stýrði fundi. Svona var það áður en við fengum stjórnarskrána, og því var haldið, af því svo var litið á, að þetta væri rétt. Þetta kemur sjaldan að sök, þegar þm. eru orðnir þetta margir, aðeins ef eitthvað stendur á atkv., sem var oft áður, að svo gat staðið á meðan þm. voru færri. Ég man eftir því 1901, að fyrsta orustan, sem háð var, var um að koma manni í forsetastól til að eyðileggja atkv. hans, og með því fékk annar flokkurinn yfirhöndina. Í 48. gr. stjskr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Hvorug þingdeild getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.“ — Verður ekki um deilt, hvaða þýðing er í þessari grein, eða hvað þýðir að greiða atkvæði. Það þýðir blátt áfram ekki annað en taka þátt í atkvgr., og svo aftur öfugt, að greiða ekki atkv. þýðir að taka ekki þátt í atkvgr. Hliðstætt dæmi þessu finnum við um skriflega atkvgr. Auðir seðlar teljast greidd atkv. undir vissum kringumstæðum, eða svo var í þingsköpum og er eftir 1915.

Ég get upplýst, að í deilum um þetta ákvæði var það einu sinni athugað eins ýtarlega og hægt var, þar á meðal farið gegnum öll skjöl, sem gátu varðað þetta mál, og leitað ekki aðeins í stjskr. frá 1874 og grg., heldur líka leitað í því, sem sagt var þegar Alþ. var stofnað, og við gátum ekki fundið neitt ákvæði um þetta; en allir vita, að þetta er tekið úr grundvallarlögum Dana, og þar hefir því verið fylgt, eins og á að gera eftir nýju þingsköpunum. Ég man sérstaklega eftir því á þingi 1916, að fyrir þá hlutdeild, sem ég átti í forsetastörfum, sem varaforseti hv. Ed., átti ég margsinnis ýtarlegt samtal við hæstv. þáv. forseta um þingsköpin og hvernig ætti

að framkvæma þau, því þá var margt óljóst. Að því er þetta ákvæði snertir sáum við strax, að það gat verið ákaflega þýðingarmikið, og þar gætu legið tvær stefnur til grundvallar. Önnur sú, að vera íhaldssamur og nota þetta til að hefta framgang mála, hin sú, að nota það til að greiða fyrir málum. Það fór svo um þennan hæstv. forseta, að hann treysti sér þá ekki til að taka neina fasta ákvörðun, en það stóð þá þannig á í Ed., að atkv. voru jöfn, og notaði hann sér ákvæðið þannig, að ef einhver greiddi ekki atkv., krafði hann skýringar, og ef hann taldi skýringuna gilda, skoðaði hann sem atkv. vært ekki greitt, en ef hann tók ekki gilda ástæðuna, skoðaði hann atkvæðið gilt og greitt. Hann fór bil beggja, blátt áfram af því, að hann, sá vitri maður, treysti sér ekki til að taka íhaldsregluna; hann vissi hvað það gat þýtt.

Lít ég svo á, að það sé hreint og beint nauðsynlegt, hvaða stjórn sem situr, að hún geti framkvæmt sín mál, m. a. af því, að hún getur annars ekki sýnt, hvað henni er innan rifja eða hvað hún hefir ætlað sér, ef hún fær ekki sín mál fram og gerir hvorki að ganga né reka. Það var allt annað í gamla daga, þegar þingið gat leikið sér að því að afgr. mál, en nú eru sérstaklega erfiðir tímar, og afkoma og líf þjóðarinnar liggur í hendi þess. — Það hefir verið sagt, að taka eigi fyrir málfrelsi. Það getur verið, að svo megi segja að nokkru leyti, en þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem styður að því, að málin geti gengið fram, og þess vegna hika ég ekki við að greiða þessu atkv. mitt.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að ræða einstök atriði þessa frv. Það hefir verið gert áður, bæði af hv. frsm. allshn., hv. þm. Snæf. og hv. 3. þm. Reykv., svo ég geri ekki ráð fyrir að bæta við nýjum rökum eða endurbæta með sterkari rökum. En um efnishlið þessa máls vil ég segja það, að það getur ákaflega vel komið til mála að bræða sig saman um margar brtt. á þingsköpum, og margar þeirra hafa við full rök að styðjast, enda er frv. flutt og borið fram af manni, sem lengi hefir setið í forsetastól og veit þess vegna bezt, hvar skórinn kreppir. — Ég vil ekki taka ákveðna afstöðu til einstakra brtt., en vil benda á og undirstrika það, sem hreyft hefir verið hér í deildinni með talsverðum rökum, að það orkar a. m. k. tvímælis, hvort ein brtt. skerði ekki stjskr. Það er og öllum vitað, að það er að ganga á rétt þm., þegar skerða á málfrelsi þeirra, og þegar svona mikilsvarðandi breytingar eru á döfinni, finnst mér æskilegt, að þær séu ekki reknar í gegn með ofurkappi á þessu þingi, heldur afgr. á næsta þingi. Ég styð því mjög eindregið till. hv. þm. Snæf. um, að frv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem á sínum tíma var kosin til að athuga þingsköpin, en í þeirri n. eiga allir flokkar þingsins sinn umboðsmann. Tel ég líkur til, að þá verði unnt að ná samkomulagi, en tel litlar líkur til þess, að það borgi sig eða kunni góðri lukku að stýra að reka þetta mál með ofurkappi. Ég vona, að hæstv. forseti sjái, hve sterk málefnarök eru fyrir þessu viðhorfi okkar sjálfstæðismanna, og hve sterkar líkur er til, að hægt sé að ná farsælli lausn á þessu máli með samkomulagi allra flokka, ef þeir fá að athuga það með gaumgæfni.

Þá vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að mörg merk mál hafa verið borin fram á þinginu á undan þessu, og þykir mér óviðfelldið, ef þetta eða önnur þau mál, sem seint eru fram komin, eru knúð fram á undan hinum ýmsu nauðsynjamálum, sem stjórnarandstæðingar hafa borið fram miklu fyrr. — Með hliðsjón af því, sem ég hefi bent á, og af því að ég tel það ekki bæta fyrir framgangi þessa máls að knýja það fram án samkomulags, legg ég eindregið til, að till. hv. þm. Snæf. verði samþ.

Pétur Ottesen: Hv. þm. G.-K. hefir að mestu leyti tekið það fram, sem ég fann ástæðu til að fara inn á. Ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á um afgreiðslu þessa máls, að þess verði freistað að fá sem bezt samkomulag um breytingar á þingsköpum. Mér skilst það hafa ákaflega mikla þýðingu í framtíðinni að fá samkomulag um þau lög, sem báðar þingdeildir og Sþ. eiga að starfa undir. Mér skilst, að það sé dálítill skilsmunur á þessu eða venjulegum málum, sem hér eru afgr., en eiga að afgreiðast undir þessum lögum. Þess vegna er mikils virði, til að undirbúa gott starf í þinginu, og er nauðsynlegt, að þessi lög beri sem minnstan blæ af því, að hér hafi átzt við meiri og minni hl., því þá er hætt við, að endalaust logi í þessum kolum, ef meiri hl. vildi afgr. án tillits til minni hl. Mér skilst, að ef nægur tími er til að bræða sig saman, mætti afgr. þingsköpin með góðu samkomulagi. Annars er hætta á, að þess gætti í starfi við afgreiðslu laga í framtíðinni, svo hætta stafaði af.

Því fremur er ástæða til að leita samkomulags, þar sem á þinginu 1934 var kosin nefnd manna úr öllum flokkum til þess að taka þingsköpin til athugunar, en þessi nefnd hefir, að ég ætla, ekki unnið að undirbúningi þessa frv.

Ég vildi því skjóta til hæstv. forseta, sem er flm. þessa frv., og annara ráðandi manna í stjórnarflokkunum, hvort þeir geti ekki fallizt á að fresta nú endanlegri afgreiðslu þessa máls og láta þessa nefnd taka málið að nýju til meðferðar milli þinga. Ég vildi aðeins skjóta þessu fram, og vildi benda á sem dæmi, að ekki sé allt þrauthugsað sem skyldi, brtt. á þskj. 716, frá hæstv. forseta, er snertir reglur um útvarpsumr. frá Alþingi, þar sem hann leggur til, að niður falli ákvæði í 35. og 37. gr. þingskapa um málfrelsi ráðherra. Er þetta sjálfsögð leiðrétting, því að í útvarpsumr. geta þeir ekki notið ótakmarkaðs málfrelsis. — Annað atriðið í brtt. hæstv. forseta skilst mér, að ekki geti samrýmzt reglunum um útvarpsumr. Það er þar sem segir svo: „Forseti veitir þm. utan flokka, ef sérstaklega stendur á, færi á að eiga þátt í útvarpsumr. að einhverju leyti". Mér skilst, að í reglunum um útvarpsumr. sé tíminn einskorðaður við flokka, og því sé enginn tími afgangs, nema tekið sé upp í reglurnar eða bætt við tíma, sem verja megi til handa þingmanni eða þingmönnum, sem kunna að vera utanflokka. En eins og

þetta er orðað, er það ósamrýmanlegt reglunum um útvarpsumræður. T. d. er sagt svo um útvarp á frh. 1. umr. fjárl., sem kallað er eldhúsumr., að tíma skuli skipt jafnt milli flokka. Skal ég lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við framhald 1. umr. fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið". Eða m. ö. o., innan þessara takmarka er ekki minnzt á annað en að flokkarnir hafi þennan ákveðna tíma. Ég sé því ekki, hvernig utanflokkaþm. getur fengið ræðutíma, nema gengið sé á snið við þau takmörk, sem sett eru um jafnan ræðutíma flokkanna.

Um útvarp á framsöguræðu fjmrh. er gert ráð fyrir hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, og sést því, að þar er öllum tíma ráðstafað milli flokka og enginn tími ætlaður utanflokkaþingmönnum. — Þetta er aðeins sem bending um, að líka frá þessu sjónarmiði, formsins hlið, geti verið ástæða til þess að slá þessu máli á frest til nánari athugunar, en aðalatriðið er vitanlega það, að afgreiðsla þessa máls þurfi ekki að bera með sér nein einkenni þess, að þetta sé knúið fram af meiri hl. Alþingis með sérstöku tilliti til þess að gera meiri hl. léttara fyrir um að koma sínum málum fram, og minni hl. geti litið þannig á, að á hans rétt sé gengið. Framhjá þessu skeri álít ég að megi sigla, en eins og komið er, er ekki hægt að gera það, nema lengri frestur fáist til undirbúnings en hægt er að gera ráð fyrir, að geti orðið áður en þessu þingi lýkur. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti taki þessi ummæli mín til vinsamlegrar athugunar og ræði a. m. k. um það við hina ráðandi þingflokka áður en gengið er frá því og vinni að því, að það verði ekki knúið fram gegn ákveðinni andstöðu nú á þessu þingi.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð, og þá aðallega í tilefni af þeim óskum, sem hefir verið beint til mín, að ég af minni hálfu reyni ekki að þrýsta þessu máli fram, en reyndi að fá um það samkomulag. Ég skal þegar geta þess, að þótt ég hafi flutt málið einn hér í Nd., þá hafa fleiri menn unnið að þessu máli, því að bæði hæstv. forseti Ed. og hæstv. forseti Sþ. hafa verið með í ráðum um þessar breyt. á þingsköpunum. Það, sem ég segi hér, er aðeins af minni hálfu, en ég get lýst því yfir, skilmálalaust, að ég kysi helzt við lagasetningu alla hér á þingi, þessa sem aðra, að hægt væri þar að ná sem beztu samkomulagi, og er fjarri því, að ég óski þess, að mál séu leyst með ósamkomulagi. Get ég tekið undir þau ummæli hvað þetta mál snertir, að hér er um mjög þýðingarmikla löggjöf að ræða, því að eftir þessum l. eiga þingm. að starfa á hverjum tíma og eftir þeim eiga að ráðast úrslit mála hér á þingi. Það varðar því vitanlega mjög miklu, hvernig starfsreglur Alþingis eru. En ég verð að segja það og játa hreinskilnislega, að ég hefi ósjaldan fundið til þess, að þær starfsreglur Alþingis, sem nú gilda, eru alls ekki heppilegar og undir mörgum kringumstæðum ekki við hlítandi. Sú breyting, sem gerð var á þeim á sinni tíð, hefir vafalaust verið gerð í góðri trú, að ekki yrði að sök, en hún hefir leitt af sér meiri erfiðleika í afgreiðslu mála en eðlilegt er. Ég þori að fullyrða, að ekkert hinna fjölmennari þjóðþinga mundi geta látið sér lynda að starfa eftir slíkum starfsreglum sem þessum, því að þeim mundi ekki endast árið til þess að fá lausn á málum sínum, ef þingin ættu að starfa eftir samskonar reglum og við höfum gert nú um nokkurra ára skeið. Þess vegna hefir af minni hálfu verið horfið að því ráði að bera fram þessar brtt.

Ég vil meina það, að ef Alþingi samþ. löggjöf um þetta efni, svipaða þessari, sem hér er lagt til, þá verði auðveldara að fá afgr. mál, og það alls ekki á neinn óeðlilegan hátt. Ég er þeirrar skoðunar, að þingmeirihluti eigi ekki að láta kenna aflsmunar umfram það, sem efni standa til og bein nauðsyn knýr þingmeirihl. til. Hitt er ekki nema eðlilegt á allan hátt, að meiri hl. ráði, og ég hygg, að það yrði erfitt, ætti að fara eftir algildum þingreglum, ef það þyrfti „kvalificeraðan" meiri hluta til þess að mál næðu fram að ganga. Ég veit ekki, hvort menn eru við því búnir að breyta starfsreglum í þá átt. Þetta gildir í Sþ., en engum hefir, svo að ég viti, dottið í hug að færa það út á víðara svið, svo að mál yrðu afgr. á þann hátt í deildum. Þar er aðeins um einfaldan meiri hl. að ræða.

Um afgreiðslu málsins nú vil ég segja það, að mér sýnist vel mega afgr. það frá 2. umr. Ég vil beina því til þeirra, sem vilja fá samvinnu um málið, að mér finnst, að taka mætti upp samvinnu um það, og að því leyti, sem mig áhrærir, þá er ég fús til að ræða þær till., sem fram yrðu bornar í þessu sambandi. Það mætti þá sjá að því samtali loknu, hvernig fer með fyrirmæli og flutning málsins.

Svo vil ég víkja örfáum orðum að hv. þm. Borgf. Hann gerði aths. við brtt. á þskj. 716, um útvarpsumr., og fannst, að hún mundi rekast á þær samkomulagsreglur, sem þingflokkarnir hafa komið sér saman um við útvarpsumr. Mér fannst ekki við hlítandi að taka algerlega málfrelsi við útvarpsumr. af þm. utan flokka. Þess vegna er þessi brtt. við reglur um útvarpsumr. nú komin fram, að þingmenn utan flokka hafi leyfi til að tala í útvarp. Síðasta málsgr. í þessum reglum segir aðeins, að forseti skeri úr ágreiningi, sem verða kynni um skilning á reglunum og framkvæmd þeirra. Þó að það mætti að vissu leyti sýnast, að koma mætti slíku undir þetta ákvæði, þá finnst mér í alla staði réttara að taka það fram í þessu frv., að ef utanflokkamaður óskar eftir að taka til máls, þá hafi forseti heimild til þess að leyfa honum að taka þátt í umr., og ég held nú, að þótt það kunni að fara svo, að það raski ofurlitið þeim tíma, sem gert er ráð fyrir, að fari til þessara útvarpsumr., þá þurfi það ekki að snerta þann ræðutíma, sem er ætlaður flokkunum samkv. þessu frv. Sá tími, sem utanflokkaþm. fengi, bættist þá bara við útvarpsumræðutímann, og þá held ég, að fyrir þessu sé séð, en það er auðvelt að ákvarða þetta á annan veg, ef menn kjósa, að það sé á betri hátt

fram tekið en gert er í þessari brtt., sem hér liggur fyrir. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar að þessu sinni.

Pétur Ottesen: Mér skilst, að hæstv. forseti taki á þann veg í þau tilmæli, sem hér hafa verið borin fram, að taka nokkru meiri tíma en þetta þing hefir yfir að ráða til að athuga og undirbúa þetta mál. Ég skildi hann þannig, að hann vildi beita sér fyrir því, þegar þetta mál hefði gengið í gegnum þessa umr. hér í d., að málið væri þá fært yfir á þá braut, sem við höfum bent á og óskað eftir, og kæmi þá ekki frekar til aðgerða þessa þings. Þetta tel ég vera tvímælalaust þá heppilegustu lausn á þessu máli eins og það horfir nú við. Mér þykir vænt um, að hæstv. forseti mun nú hafa gengið inn á þetta, því að það felur vitanlega í sér fulla viðurkenningu frá hans hendi á því, að mikið sé undir því komið fyrir þá, sem stjórna þingfundum, að hafa þar löggjöf að fara eftir, sem afgr. hefir verið án þess að hún hafi á sér einkenni flokkabaráttu á Alþingi. Ég skil þess vegna þá afstöðu, sem hæstv. forseti hefir tekið hér til þessa máls, að hann ætlar að beita sér fyrir því að þessari umr. lokinni, að þessu máli verði skotið á frest og falið þeirri n., sem kosin var í öndverðu til þess að athuga þessi mál, og henni falið að athuga það betur, og sjálfsagt hefði hún þá lokið afgreiðslu málsins svo tímanlega, að það yrði borið fram snemma á næsta þingi.

En út af því, sem hæstv. forseti sagði um aths. mína við brtt. hans við reglurnar um útvarpsumr., að brtt. væri í samræmi við síðustu ákvæði í reglunum um útvarpsumr., að forseti skuli skera úr ágreiningi, þá er þetta viðurkenning hæstv. forseta fyrir því, að ekki sé hægt að koma þessu við öðruvísi en að ganga á svig við ákvæðin um þann heildartíma, sem ætlaður er til útvarps eftir útvarpsreglum þeim, sem nú gilda og samkomulag hefir orðið um. Ég vil benda á, að það getur verið dálítið óheppilegt ákvæði, þó að það geti verið réttmætt í sjálfu sér, að utanflokkamaður fái tækifæri til að láta til sín heyra við slíkar umr. Það gæti orðið óheppilegt fyrir forseta að vera falið að ákveða þá tímalengd, sem þessi utanflokkamaður fengi til ræðuhalds, því að samkv. reglunum er það alveg ákveðið, hvað hver flokkur má verja löngum tíma í þessar ræður, og þeim einum ætlaður allur tíminn. Afstaða þessa utanflokkaþm. gagnvart flokkunum gæti verið þannig, að hann væri ekki alveg hlutlaus gagnvart flokkunum, og þess vegna gæti orðið talsverður vandi fyrir forseta að eiga að úrskurða, hversu langan ræðutíma slíkur maður mætti hafa. Ég gæti trúað, að það væri betra fyrir forseta í hvert skipti að vera laus við að bera ábyrgð á þeim tíma, sem slíkum manni yrði úthlutað. Þess vegna tel ég, að ef á annað borð er gengið inn á að úthluta utanflokkamanni ræðutíma við útvarpsumr., þá ætti hann að vera alveg einskorðaður í þessum reglum, alveg eins og nú er um tíma hvers flokks. En þar sem hæstv. forseti hefir nú tekið vel í að láta málið fá frekari athugun, þá kemur þetta þar einnig til athugunar ásamt öðrum atriðum frv., áður en það verður gert að l. — Mér þykir því, eftir því sem um er að ræða, góð úrslit þessa máls, ef málinu verður nú skotið á frest til nánari athugunar og látið niður falla að ganga frá því þangað til á næsta þingi. Mér skilst, að málið gæti þá komið fram strax á öndverðu næsta þingi, og tækist samkomulag um málið í n. milli þinga, gæti málið fengið fljóta afgreiðslu, og þá jafnvel hlotið staðfestingu undir eins og frá því hefði verið gengið, og þyrfti því í sjálfu sér ekki að vera nema tiltölulega lítill frestur á því, að Alþingi starfaði undir því nýja fyrirkomulagi, sem breyt. á þessum l. kæmi til með að fela í sér.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Eins og hv. þm. Snæf. tók fram hér fyrir nokkru síðan, þegar þetta mál var hér fyrst til umr., þá vildi ekki svo vel til, að þetta mál fengi athugun í allshn., þar sem hv. form. n. heimtaði, að það yrði afgr. frá n. án þess að það væri lesið saman og án þess að það væri rætt, hvorki almennt eða einstök atriði þess. Það er því ekki við því að búast, að frá þeirri hlið hafi fengizt samkomulag um þetta mál. Sú dagskrá, sem hér hefir verið borin fram, hefir því fullan rétt á sér, þrátt fyrir það, að allshn. gæti ekki komizt að niðurstöðu um málið, þar sem ekki fékkst um það rætt.

Þau ummæli, sem hæstv. forsrh. lét falla hér á dögunum um það, að ekki væri hægt að búast við neinum árangri frá þeim mönnum, sem sérstaklega voru nefndir af flokkunum til þess að ræða um málið, þar sem allshn. hefði ekki getað komizt að samkomulagi, og samskonar orð komu frá hæstv. forseta einnig hér um daginn, eru því byggð á röngum forsendum, því að allshn. hefir enga tilraun gert til þess að komast að samkomulagi um þetta mál. Þess vegna er af þeirri ástæðu ekki útilokað, að samkomulag geti fengizt, enda sé ég ekki, að neitt væri því til fyrirstöðu, að hægt væri að ná samkomulagi um ýms atriði í málinu, vitanlega þó að því atriði undanskildu, sem auðsjáanlega brýtur í bág við stjórnarskrána. Og þótt hv. 3. þm. Reykv. hafi tekið þar allt fram, sem þurfti að taka fram að minu áliti til þess að sannfæra hvern mann, sem á hlýddi, um það, að í frv. eru ákvæði, sem brjóta í bág við stjskr., þá vil ég þó að nokkru leyti endurtaka og undirstrika það, sem hann sagði um það atriði. Það er eins og menn vita, að engin þau lagafyrirmæli, sem fara í bág við stjskr., geta haft nokkurt gildi, og þó að slík l. séu samþ., þá eru þau þýðingarlaus og marklaus gagnvart því, sem lagabókstafnum er ætlað að koma að gagni. Væri stöðugt hægt að leggja undir dómstólana, hvort lagafyrirmæli brjóta í bág við stjskr., og fá þannig vernd gegn löggjafanum, ef svo vildi til, að löggjafinn færi út fyrir ramma stjskr. — Ég vil nú benda á það, sem stendur í 40. grein stjskr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi."

Þetta getur ekki misskilizt. Það er t. d. ekki nóg, að á fundi í Sþ. mæti 8 menn úr Ed., því að það er ekki meira en helmingur. Það verða a. m. k. að vera 9 menn úr Ed. á fundi og a. m. k. 17 menn úr Nd. til þess að hægt sé að gera lögmæta ályktun um mál. Þetta er ákvæði stjskr., hvort sem það er heppilegt eða skynsamlegt. Þetta eru orð, sem stjskr.gjafinn hefir að yfirlögðu ráði haft, þegar hann stílaði 40. gr. stjskr. Og það er engin tilviljun, að þetta er sett, því að það lá vitanlega miklu nær að ákveða þetta eins og það er í deildunum, að það yrði meira en helmingur þm. að vera á fundi í Sþ. til þess að hægt væri að gera löglegar samþykktir. Það er því af ráðnum hug, að þetta er sett í gr. — Hinsvegar stendur í 10. gr.: „Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu". Þessi ummæli þingskapa brjóta ekki að því leyti í bága við stjskr., að þetta getur farið saman við það, að meira en helmingur úr hvorri þd. sé á fundi. En ef 10. gr. á að takmarka 40. gr. stjskr., þá er þetta ógilt, því að þá mundi eftir 10. gr. frv. og 26. gr. þingskapa vera hægt að gera ályktun í Sþ., þó að enginn væri þar úr Ed., ef aðeins væru þar nógu margir úr Nd. til þess að mynda meiri hl. alls þingheims. En slíkt getur ekki átt sér stað, því að það brýtur í bága við 40. gr. stjskr., og því mundu þær ályktanir, sem gerðar væru á slíkum fundi, vera ógildar. Það væri því vitanlega misskilningur að setja slíkt ákvæði, því að hvað sem þingsköpin í þessu tilliti segðu, þá hefði það ekkert að segja, þegar það gengi á móti stjskr. Þær ályktanir, sem þannig væru gerðar, mundu því ekkert gildi hafa, og enginn dómstóll gæti tekið tillit til þeirra. Því væri vitleysa að leggja áherzlu á að *fá slíka gr. samþ. óbreytta.* — *Ég hygg, að ekki* geti verið ágreiningur um þetta atriði, því að að þessu leyti er 40. gr. stjskr. alveg skýlaus, og það er ekki hægt að lesa neitt annað í málið en þar stendur.

Og svo er hitt atriðið, sem bæði hæstv. forseti og hv. 1. landsk. hafa verið að tala um, og að nokkru leyti hv. 2. landsk., að það, að vera staddur á fundi, en greiða ekki atkv., megi skiljast þannig, að þeir menn, sem þannig er ástatt um, geti talizt með meiri hl. Ég get ekki séð, hvernig á að fá þetta út úr 40. og 48. gr. stjskr., því að hvað sem hv. 1. landsk. segir um það, hvernig þessi atriði hafi verið skilin og „praktiseruð" í Danmörku, þá skiptir það engu máli, þegar dæma skal um það, hvort sá skilningur brjóti í bága við skýlaus ákvæði stjskr. Það bætir engan veginn úr skák, þó að Alþingi fari með almennum l. að koma sér saman um einhvern skilning á gr. stjskr, ef hann brýtur alveg í bága við hrein og bein ákvæði stjskr. Það eru 2 gr. í stjskr., sem fjalla um þetta mál, og eru þær orðaðar á nokkuð mismunandi hátt. Önnur þeirra er 48. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvorug þingdeildin getur gert samþ. um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði".

Eins og þessi orð eru skilin í venjulegu máli, þá er ekki hægt að leggja aðra meiningu í þetta en þá, að þm. taki þátt í atkvgr. með því að rétta upp hendina, eða þá segja já eða nei, þegar nafnakall er. En það er vitanlegt, að það verður að skilja bæði 40. og 48. gr. stjskr. á sama veg. Og mér skilst, að þótt hæstv. forseti og hv. 1. landsk. hafi sínu máli til stuðnings lagt meira upp úr 40. gr. en 48. gr., þá finnst mér þeir ekki lesa þar nógu langt til þess að fá þennan skilning úr gr., sem þeir vilja vera láta. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál". Þarna er það, sem ég minntist á áðan, að til þess að Sþ. sé ályktunarfært, — það er fyrra skilyrðið, og hitt skilyrðið er að eiga þátt í atkvgr. Nú vill hv. 1. landsk. segja, að það, að eiga þátt í atkvgr., sé aðeins það, að vera á fundi. En ef lesið er lengra, þá stendur þar: „Ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum". — Í 3. mgr. 40. gr. stendur, að þegar Alþingi skipar eina málstofu, þurfi meira en helmingur þingm. úr hvorri deild að vera á fundi og **eiga þátt í atkvgr.** til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál, og ræður þá **atkvæðafjöldi** úrslitum um einstök málsatriði. 48. gr. er jafnótvíræð um þetta efni að því er deildirnar snertir: Meira en helmingur þingdeildarmanna verður að vera á fundi **og greiða þar atkvæði.** En „atkvæðafjöldi" getur ekki komið fram, ef atkvæði eru ekki greidd. Áframhald 3. mgr. í 40. gr. er svo: „En eigi ná þó lagafrv., önnur en frv. til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar þeirra atkv., **sem greidd eru,** séu með þeim". Þarna er þetta tekið „pósitívt" fram. Og þetta er ekkert undantekningaratriði. Forseti *hefir skilið þetta á sama hátt og tekið* það upp, en hann gerir þó greinarmun á því, hvort um er að ræða samþykkt þáltill. í Sþ. eða lagafrv., sem ekki hafa náð samþykki beggja deilda. Ég skil ekki ástæður hans fyrir því að gera þar upp á milli.

Ég held, að meiri hl. sé engu bættari, þótt hann fengi þetta frv. samþ. Þeir, sem þyrftu að leita réttar síns vegna fyrirmæla, sem samþ. verða eftir þessum reglum, myndu leita til dómstólanna, og ég er þess fullviss, að dómstólarnir myndu ógilda slík lög. Meiri hl. er engu nær þótt hann geti samþ. löggjöf, sem síðar verður metin ógild. Því verður það heppilegast og sæmilegast að afgr. þetta mál með samkomulagi milli flokkanna. En Sjálfstæðisfl. getur ekki samþ. lög, sem ótvírætt ganga í bága við stjórnarskrána.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. vefengdi, að rétt væri hjá mér, að það væri stjskr.brot að svipta forseta atkvæðisrétti. Ég hefi þetta nú eftir kennslubók eftir Einar Arnórsson hæstaréttardómara. Slíkt er áreiðanlega skýlaust brot á rétti hvers þm. Enginn þm. verður sviptur þessum rétti með þingskapaákvæði.

Önnur aths. hans var eingöngu *mínu máli til* stuðnings. Í þingsköpunum er skýrt tekið fram,

hvenær auður seðill telst greitt atkv. Í 17. gr. þeirra segir svo:

„Rétt kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, **og aðeins hér telst auður seðill greitt atkvæði**".

Í öllum tilfellum nema þessu er auður seðill því ógreitt atkv. En nú er þingnefnd aldrei kosin óhlutbundinni kosningu lengur. Auður seðill er því í framkvæmd ávallt ógreitt atkv.

Thor Thors: Hæstv. forseti gat þess í ræðu sinni, að hann vildi beita sér fyrir því, að samkomulag næðist um málið milli umr., og að hann gæti jafnvel fallizt á það, að málið yrði tekið til athugunar til næsta þings. Hafi ég skilið þetta rétt, mun ég taka dagskrá mína aftur til 3. umr., og býst ég við, að sjálfstæðismenn muni þá ekki bregða fæti fyrir málið þangað til.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég vil taka það fram út af ræðu hv. þm. Snæf., að orð mín féllu á þann hátt, að ég fyrir mitt leyti væri þess mjög æskjandi, að samkomulag gæti náðst um málið milli umr. Hitt er misskilningur, að ég hafi látið í ljós, að málið ætti að bíða til næsta þings. En enn hefir það alls ekki komið fram, hverju Sjálfstfl. vill koma inn í hin nýju þingsköp, svo að hann sætti sig við þau. Hinsvegar er samkomulag milli stjórnarflokkanna um frv. mitt, og eins og ég hefi áður tekið fram, standa hinir aðrir forsetar að því með mér.

Ég vil alls ekki eggja hv. þm. Snæf. á það að taka aftur dagskrá sína nú. Ég get enga tryggingu gefið honum fyrir því, að allt samkomulag milli umr. fari ekki út um þúfur. En ef Sjálfstfl. vill einhverjar ákveðnar till. gera í málinu, ættu þær að koma fram sem fyrst. Annars heyrðist mér á hv. 8. landsk., að engin leið væri til þess að koma málum fram á einfaldari hátt en nú er, því að hans áliti væri allt slíkt brot á stjskr. Þessi skoðun þessa hv. þm. bendir ekki til þess, að hann a. m. k. geti teygt sig langt til samkomulags. Mér er ekkert kærara en að samkomulag náist, en slíkt ætti ekki að þurfa að taka marga daga, þar sem Sjálfstfl. ætti þegar að geta látið helztu óskir sínar í ljós.

Magnús Torfason: Ég vil svara tveim atriðum í þeim andmælum, sem fram hafa komið gegn ræðu minni.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að 17. gr. þingskapanna væri máli sínu til stuðnings, en ekki mínu. Það er rétt, að þar er um undantekningarákvæði að ræða, þegar nefnd er ekki kosin hlutbundinni kosningu. En þetta ákvæði sýnir þó, að sá, er samdi þingsköpin, hefir litið svo á, að auður seðill gæti verið greitt atkv. án þess að það kæmi í bága við stjskr. Hinsvegar er orðið „atkvæðafjöldi" í 40. gr. stjskr. svo óákveðið, að það sker alls ekki úr því, hvað við er átt.

Ég fæ alls ekki séð neina skynsemi í því, hvers vegna það ætti að vera styrkara máli til mótstöðu að sitja hjá heldur en segja nei. Að menn greiða ekki atkv., kemur oft af því, að menn vilja eyðileggja mál, þótt það sé oftar af því, að menn hafa ekki kynnt sér þau nægilega.

Mér er engin pólitík í hug, er ég ræði þetta mál. Hvaða meiri hl. sem er á þingi mun njóta þessa ákvæðis. Og vel gæti sá tími komið, að Sjálfstæðis- og Bændaflokkurinn yrðu því sárfegnir, að þetta ákvæði var lögleitt.

Thor Thors: Þar sem við missum einskis réttar til 3. umr., tek ég dagskrá mína aftur þangað til, þótt ég telji að vísu með öllu vonlaust, að samkomulag náist fyrir þann tíma.

Pétur Ottesen: Ég varð fyrir miklum vonbrigðum, er ég heyrði síðari ræðu hæstv. forseta, eftir hinar góðu undirtektir í fyrri ræðu hans. Mér skildist þá, að hann teldi heppilegast fyrir afgreiðslu málsins og gagnsemi laganna, að því yrði frestað til næsta þings. Enda er það alveg ljóst, að eigi að flaustra málinu af nú, verður ekki hægt að koma nægilegri athugun við. Það hefir þegar verið bent á margt, sem lagfæra þarf, en eigi að afgr. málið á 8—9 dögum, hefi ég enga trú á því, að það takist.

Mér skildist, að hverfa ætti út af þeirri braut, sem málið að réttu lagi á að fara, í fyrsta lagi með því, að málinu er ekki vísað til þeirrar nefndar, sem á að athuga þingsköp, og í öðru lagi með því, að þegar málinu er vísað til allshn., neitar meiri hl. þessarar n. að ræða það. Það var því í fyllstu alvöru, að ég sneri mér til forseta í bænartón, sem okkur er þó annars ekki geðfelldur, um það, að þetta mál yrði rætt rólega og vel undirbúið undir næsta þing, og fannst mér hann taka vel í það.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Snæf., að dagskráin verði tekin aftur, í því trausti, að hæstv. forseti beiti sér fyrir því, að samkomulag náist og horfið verði út af hinni fyrri braut. Ég veit, að forseta er það ljóst, vegna þess hve lengi hann hefir stýrt fundum hér, hve nauðsynlegt er að hafa reglur, sem allmikill meiri hl. þings getur sætt sig við. Slíkt er mikils virði fyrir hvern forseta, en hitt torveldar starf hans og um leið öll þingstörf, að reglur um þingsköp séu knúðar fram með þeim einræðishug og kúgunaranda, sem raun hefir orðið á um ýms mál önnur hér á þingi hin síðari ár.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Snæf. og 8. landsk. tekin aftur.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 745 samþ. án atkvgr.

16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

17.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

24. gr. 1. mgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

24. gr. IV.a samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 728 samþ. með 17:2 atkv.

— 716.a, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

24. gr. IV.b, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

24. gr. IV.c, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 716,b samþ. með 17 shlj. atkv.

24. gr. IV.d, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

24. gr. IV.c—j samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 17 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 99., 100. og 101. fundi í Nd., 14., 16. og 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 783).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Flóaáveitan.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann (þmfrv., A. 654).

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég skal reyna að spara það að fjölyrða um þetta frv., enda skýrir það sig að ýmsu leyti sjálft með grg. þeirri, sem fylgir því. Þó skal nokkru bætt við, grg. til áréttingar.

Ég held, að það sé engum vafa bundið, að nauðsyn til aðgerða þeirra, sem hér er farið fram á, er mjög knýjandi. Flóaáveitan er dýrt fyrirtæki og tekur til hagsmuna fjölda bænda á hinu stóra heyskaparsvæði út- og mið-Flóans, og er áætlað, að áveitulandið taki yfir ca. 11000 hektara. Áveitan hefir kostað mikið fé, og það hafa verið byggðar svo miklar vonir á henni, að það skiptir ekki litlu máli, að hægt sé að ljúka þeim störfum, sem nauðsynlegt er að framkvæma til þess að full not séu að þessu mannvirki. Ég býst við, að menn muni segja, að þegar búið sé að mestu að gera flóðgarðana, þá sé höfuðaðgerðunum lokið. En eitt er ógert enn, og getur það orðið til mikils tjóns, ef nokkuð ber út af með tíðarfar. Það er vöntun nægilegrar fráræslu, sem þarna er um að ræða. Í óþurrkasumrum nemur rigningarvatnið staðar á engjunum og sígur ekki burt. Um höfuðdagsleytið síðastl. sumar voru menn í miklum ótta um að missa engjarnar í vatn, og ef rigningarnar hefðu haldið áfram lengur eða fram í september, þá voru margir búnir að missa af engjunum það sumarið, og er það mikið hagsmunamál bænda, hvernig fer, þegar svo árar. En engin vissa er fyrir því, að alltaf dragi til hins betra með tíðarfarið, og verða því varúðarráðstafanirnar að vera fólgnar í auknum skurðgrefti til fráræslu á stórum svæðum Flóans. Ég veit, að þeir, sem kunnugir eru því, hvernig ástatt er í þessum efnum, treystast ekki til þess að neita því, að þörfin sé fyrir hendi. Ég vil ekki leiða getur að því, hvað mikið fé þurfi hér til umbótanna, enda hafa fæst orð minnsta ábyrgð. Í frv. segir, að ríkisstj. skuli fela Búnaðarfél. Ísl. að annast undirbúning og rannsókn þessa máls, enda sýnist það sjálfsagt. Að hinu kynni að vera spurt, hvort bændur gætu ekki síðan unnið umbótaverkið sjálfir, á eiginn kostnað. Ég held, að ef menn vilja líta á þetta með sanngirni, þá verði svarið neitandi, enda kostar þetta meira verk en svo, að þeim sé ætlandi að annast það sjálfir. Þeir hafa nú svo margt annað að annast, og þar á meðal óframkvæmd störf í sambandi við Flóaáveituna, sem eru fólgin í því m. a., að ekki er nærri búið að hlaða flóðgarðana. Bændurnir í Flóanum eru líka margir einyrkjar, og þá ekki mörgum til að dreifa til hinna stærri framkvæmda.

Eins og drepið er á í grg., sem fylgir frv., þá er í Flóaáveitulögunum gert ráð fyrir, að til stofnkostnaðar séu taldar meiri háttar framkvæmdir og umbætur eftir að aðalverkinu er lokið. Og þessi skurðgröftur og fráræsla verður að teljast til ófyrirsjáanlegra framkvæmda, sem aðkallandi er, að gerðar séu. Eins og kunnugt er, þá er greiðsla stofnkostnaðar nú ákveðin með sérstökum lögum, og hefir Alþ. gert það með sanngirni gagnvart bændunum og fært hann til hófs. En þó að áveitukostnaðurinn hafi verið færður niður, svo að hann er aðeins sanngjörn árleg greiðsla, eða 1 kr. á hektara, þá er því aðeins hægt að borga hann, að menn njóti engjanna og að þær séu arðbærar. Með Flóaáveitulögunum og allri landbúnaðarlöggjöf undanfarinna ára hefir löggjafinn sýnt, að hann vill styðja að framþróun sveitalífsins og hjálpa bændunum, svo að þeir geti búið sómasamlega á jörðum sínum. Og eitt atriðið í þá átt, að þeir komist ekki meira í skuldakútinn en orðið er og geti notið lífsviðurværis af býlum sínum, eru umbætur þær, sem hér er farið fram á.

Ég vil ekki láta máli mínu lokið án þess að taka það fram, að það er grundvallarskoðun mín, að þegar um stærri framlög hins opinbera til bænda er að ræða, þá verður að gæta þess vel að láta varðveizlu þeirra býla, sem til eru í landinu, ganga á undan nýbýlunum. Þó að það sé óneitanlega skemmtilegt, að sveitabýlum sé fjölgað með því að veita fé til nýbýlastofnunar, þá mega menn ekki sjá það í meiri hillingum en svo, að fornbýlin varðveitist og geti fylgzt með framþróuninni.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. Ég veit, að eftir eðli málsins er það sanngjarnt, að því sé vísað til landbn. En ég vil óska þess, að með velviljuðu samþykki þingsins þurfi það ekki að fara til þeirrar n. Ýmsir hv. þm. hafa brennt sig á því, að þau mál, sem vísað er til hv. landbn., fengju þar góða næturgistingu og kæmu þaðan ekki aftur. En hún er vissulega ekki skipuð til þess að leggjast á málin eins og hæna á egg, og láta þau verða að fúleggjum. Þetta mál er ekki fjölbreytilegt, og ég vona því, að það fái að ganga til næstu umr. án þess að fara í nefnd.

Forseti (JörB): Það er ósanngjarnt að ásaka landbn. um það, að hún hafi ekki unnið á þessu þingi.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess að minna þingið á, að ríkissjóður á þarna

yfir miklum eignum að ráða. Að því er Eyrarbakkahrepp snertir á hann þar öll lönd, nema Óseyrarnesið og 4 smáhjáleigur, eftir að ríkið hefir keypt Skúmsstaðina og Háeyrina. Ríkið hefir líka nýlega keypt Stokkseyrartorfuna mestalla. Menn vita líka, að ríkið hefir tekið til sín upp í áveitukostnaðinn talsvert af löndum í Sandvíkurhreppi í Flóa, þar sem Síberíufangarnir dveljast nú. Auk þess, sem ríkið á í Eyrarbakkahreppi, á það þannig mikil áveitulönd í Sandvíkurhreppi, og það hefir þess vegna legið í loftinu, að farið sé að gera gangskör að því að gera þessi lönd — sérstaklega þau, sem eru niður um Flóann, en þau eru verr sett en þau, sem eru ofar, því hallinn er þar minni, — þannig úr garði, að þau geti komið að sem fyllstum notum.

Mér er kunnugt um, að Búnaðarfél. Ísl. hefir í hyggju að rannsaka þetta að því er snertir lönd ríkisins. Þetta frv. er því nokkurskonar viðbót og viðauki við það, sem þegar hefir verið til stofnað, og finnst mér það svo sjálfsagt, að allt verði tekið með í einu, að ekki sé hægt að mæla á móti því.

Ég hefi ekkert á móti því, að málinu verði vísað til landbn., því ég þykist vita, að það fái þar góðar undirtektir. Ég veit það fyrirfram, að Búnaðarfél. Ísl. mun leggja áherzlu á, að hafizt sé handa sem fyrst. Ég sé ekki, að það sé nein bein þörf á því að vísa málinu til n. við þessa umr. Það getur farið til 2. umr., og eftir þá umr. gæti landbn. tekið það til athugunar.

Ég vænti þess, að allir sjái, að hér er um þarft mál að ræða, og furða, að því skuli ekki hafa verið hreyft fyrr. En það er vegna þess, að staðið hefir á því, að afráðið væri um kaup þessara landa, en það þótti ekki heppilegt, að því yrði hreyft fyrr en afráðið var um þau kaup.

Bjarni Ásgeirsson: Ég stend einungis upp vegna þess, að hv. 1. flm. var að tala um, hvort þessu máli skyldi vísað til n. eða ekki. En ég verð að segja fyrir mig, að ég hefi ekki getað gert mér þá grein fyrir þessu máli af umr. þeim, sem fram hafa farið, að ég treysti mér til þess að greiða atkv. um það, nema það sé áður athugað í n. Mér finnst sjálfsagt, að málinu sé vísað til n., hvort sem það verður nú landbn. eða einhver önnur n. En þó að því sé vísað til n., þá er ekki hægt að lofa því fyrirfram, að n. mæli með því.

Hv. 1. flm. var hræddur um, að málið myndi verða að fúleggi, ef því væri vísað til landbn. En hann gat þess ekki, að það er sama, hvað gott hreiðrið er, ef það, sem í það er lagt, hefir ekki í sér fólginn lífsneista. Því þá hlýtur það að verða að fúleggi, og eins getur það orðið með þetta mál.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Úr því að það er komin fram till. um það frá öðrum, að málinu sé vísað til landbn., þá mun ég ekki setja mig á móti því. En það, sem ég sagði um landbn., var sagt í varúðarskyni. Og það, að málin koma seint frá landbn., er sumpart vegna þess, að n. hefir mikið að gera, og sumpart vegna geðþótta hv. nm., og hafa ýmsir kvartað í sambandi við hið síðarnefnda. — Viðvíkjandi fúleggjunum vil ég segja það, að hv. þm. er það kunnugur eggverum og eggjatöku, að hann veit, að til þess að hægt sé að komast hjá fúleggjum, þarf fuglinn að hafa þurra þúfu til þess að verpa á, og vænti ég því þess, að hann sé því fylgjandi að ræsa Flóann, svo að bændurnir hafi þar þurrt land til afnota og fuglar himinsins til að verpa eggjum sínum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt nál. frá landbn., á þskj. 738, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 86. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins (þmfrv., A. 655).

Á 87. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það hefir að undanförnu farið fram allýtarleg rannsókn á skilyrðum fyrir því, hvort hægt væri hér á landi að framleiða köfnunarefnisáburð á fjárhagslega tryggum grundvelli. Hefir ríkisstj. hlutazt til um þær athuganir, og Sigurður Jónasson forstjóri gengið rækilega fram í því að afla þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, og m. a. að útvega mjög duglegan, erlendan verkfræðing til þessara rannsókna. Þessi verkfræðingur hefir um mörg undanfarin ár starfað að rannsóknum við stærstu og merkustu áburðarverksmiðjur á Norðurlöndum. Hann kom hingað til landsins í septembermán. síðastl. og hefir kynnt sér hér rækilega öll skilyrði til áburðarframleiðslu. Hann hefir lagt fram ýtarlega skýrslu um málið, sem hv. þdm. geta átt kost á að kynna sér.

Ég ætla svo aðeins að gera grein fyrir nokkrum atriðum málsins áður en frv. verður vísað til n. — Eins og hv. þm. er kunnugt frá umr., sem hér fóru fram um annað mál — vinnslu sements á Íslandi —, þá er til hér á landi geysimikil náma af kalksandi, sem hefir sýnt sig að innihalda 90% af kalki. Þetta kalk er dæmt að vera ágætt bæði til sementsgerðar og köfnunarefnisáburðarframleiðslu. Það er hægt að nota innlend efni í áburðinn að öðru leyti en því, að ekki er hægt að nota þennan sand, sem þarna er, til þess að binda köfnunarefnið. Þessu máli

hefir verið hreyft áður, en strandaði þá á því, að menn voru hræddir um, að hér myndi ekki vera hægt að fá nægilega ódýrt kalk og vænlegt til þess að binda köfnunarefni. Mun það meðfram hafa verið vegna þess, hve langt þessi sandnáma er frá aðalbyggð landsins, eða öllu heldur höfuðstaðnum, en það er álit verkfræðingsins, að auðveldlega mætti flytja sandinn vestan að á ódýran hátt. Nú sem stendur eru notaðir sem næst 16 þús. pokar af kalksaltpétri og af kalkammonsaltpétri um 15 þús. pokar, en í því er 20,5% köfnunarefni. Auk þess er flutt inn 8000 pokar af nitrophoska fyrir 20 kr. hver poki, eða 1,10 kr. kilogr. En kilogr. af kalksaltpétri kostar 1,29 kr. Verkfræðingurinn leggur sérstaklega til, að aðallega verði framleiddur hér kalkammonsaltpétur. Í áætlun hans er gert ráð fyrir, að með svipuðu framleiðslumagni og nú er notað hér myndi vera hægt að framleiða saltpéturinn fyrir 96 au. kilogr. í staðinn fyrir 1,10 kr. Sparnaðurinn myndi því vera, miðað við það, sem nú er flutt inn í landið, 75 þús. kr. Ef framleiðslan yrði aukin um t. d. ca. 50%, en það myndi vera magn, sem jafnaðist á við mestan innflutning á undanförnum árum, þá myndi verðið á poka geta lækkað niður í 15,30 kr. M. ö. o., sparnaðurinn myndi verða 259 þús. kr. En ef framleiddir væru hér aðeins 25 þús. pokar af köfnunarefnissaltpétri og auk þess 10 þús. pokar af nitrophoska, þá myndi vera hægt að framleiða það fyrir 30 kr. sekkinn, í stað 34 kr., sem nú er. Eftir útreikningum þessum á að vera hægt að tryggja það, að hér sé hægt að framleiða köfnunarefnisáburð, sem undir öllum kringumstæðum yrði ódýrari en nú, enda þótt við njótum nú þeirra beztu kjara, sem fáanleg eru á heimsmarkaðinum. Það er álit þeirra, sem kunnugastir eru á þessu sviði, að takast megi að koma þessu í kring. — Í útreikningum verkfræðingsins er talið með rafmagnsverðið; auk þess eru þar reiknaðir vextir og afborganir af stofnfé, sem er áætlað 1½ millj. Það er gengið út frá, að lán þetta verði borgað niður á 15 árum, og er þetta því mest afborgun af láni því, sem taka þarf. Það má geta þess, að helmingurinn af því verði, sem framleiðsla áburðarins kostar, verður innlendur iðnaður, en helmingurinn útlendur; þar með eru taldar útlendar vélar og efni, sem þarf að kaupa, og afborganir af erlendum lánum. Hvernig sem áætlunin stenzt, er að þessu fyrst og fremst beinn sparnaður, og auk þess stórkostlegur gjaldeyrissparnaður. Nú má alltaf deila um það, hvort áburðarþörfin framvegis aukist eða minnki. Ég fyrir mitt leyti álít — og það munu allir gera, sem til þekkja í sveitum hér —, að áburðarþörfin sé sannarlega fyrir hendi, og það meiri en nú er. Það er reynsla, sem er staðfest af Búnaðarfél. Ísl. og Ræktunarfél. Norðurlands, að eftir því sem meiri áburður er notaður, því meiri verður afraksturinn, og með tiltölulega lítilli áburðarviðbót er hægt að stórauka töðufenginn, þannig að með 50% meiri áburði er hægt að tvöfalda hann. Þetta sýnir, að það er fjárhagslega tryggt að kaupa áburð, og ef hægt væri að framleiða ódýrari áburð en nú er, þá myndu kaupin aukast, því að það er ekki annað en kaupgetuleysi, sem er því til fyrirstöðu, að ekki er keypt meira nú. Bændur hafa nú síðustu árin opnað augun fyrir því, hve mikil nauðsyn sé að auka afraksturinn af ræktaða landinu, því að það verður ódýrari heyfengur og fyrir mörgum eini heyfengurinn, sem þeir geta notfært sér, vegna þess, hve dýrt það er orðið að afla heyja á óræktuðu landi. Það er því nokkurnveginn víst, að eftir því sem ræktunarkostnaðurinn eykst, eftir því verður þörfin fyrir áburð meiri, eins og sést af jarðræktarstyrknum, og auk þess er það, að það er nauðsyn nú fyrir okkur að rækta ýmsar ætijurtir og fóðurjurtir, sem við höfum áður flutt inn, og það má ekki líða á löngu þangað til hætt er að flytja inn kartöflur, og ekki myndi eftirspurnin eftir áburði minnka, ef farið yrði að rækta hér korn, eins og þegar er að vísu byrjað, því að í sumar var ræktað korn á 200 stöðum á landinu og víðast hvar mun það hafa gefið mjög góðan árangur. Það er útlit fyrir, að einmitt kornyrkjan eigi eftir að verða þýðingarmikill liður í starfsemi íslenzkra bænda. En eins og kunnugt er, krefur aukin kornrækt aukins áburðar. Ýmsir bændur hafa spurt innflutningsnefnd um það, hvort þeir fengju kjarnfóður innflutt svo mikið sem með þyrfti til að bæta upp heyin. Margir álíta, að þeir hafi ekki þann arð af búskapnum sem skyldi, vegna þess að þá vanti kjarnfóður. En til að bæta úr því er eina leiðin, að bændur vinni meira að því að framleiða sjálfir sitt eigið kjarnfóður, en til slíkrar ræktunar þarf líka aukinn áburð. — Það er sama, hvernig við veltum þessu fyrir okkur, þá hljótum við að sannfærast um, að svo mikil sem áburðarþörfin er nú, þá hlýtur hún þó að verða meiri eftir því sem framleiðslan á innanlandsnauðþurftum, þeim, sem hingað til hafa verið fluttar inn, eykst. Ræktunin verður að teljast eitt hið mesta nauðsynjamál fyrir íslenzkan landbúnað, og að hægt verði að koma upp verksmiðju, sem geti framleitt nægilegt magn af ódýrum áburði, sem ekki sé háð verðsveiflum, sem kunnugt er, að verða erlendis, bæði vegna stríðshættu o. fl. En auk þess er hér sennilega um mikinn gjaldeyrissparnað að ræða og aukna atvinnu innanlands. — Ég legg svo til, að þessu máli verði, að lokinni umr., vísað til landbn.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Mér þykir skorta mjög, að ekki skyldi vera birt með þessu frv. álit það, sem hv. 1. flm. gat um, frá þeim verkfræðingi, sem að þessu hefir starfað. Ef ég má hafa þessi skjöl og öll gögn í málinu með höndum meðan málið er í landbn., þá er mér að vísu fullnægt, en ég hygg, að hér sé ekki nema um eitt eintak að ræða og erfitt að koma því svo fyrir, að allir geti haft full not af því. Það er nú komið alllangt á þingtímann, og eigi að afgr. þetta mál á þessu þingi, þá er nauðsyn á, að öll gögn í því liggi fyrir þm. til athugunar. Það hefði því verið ástæða til að láta ekki undir höfuð leggjast að birta þessi gögn. Mér þykir því mjög leitt, að þetta skuli ekki hafa verið lagt hér fram með frv. Annars er þetta merkilegt mál og þarf að fá þá afgreiðslu á þessu þingi, sem því sæmir. Ég hygg nú, að einmitt

fyrir það, hversu þetta mál er merkilegt, þá sé nauðsyn á að sinna því meira en hingað til hefir verið gert. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum var mikið talað um það, að samvinna yrði hafin milli Íslands og Danmerkur um framleiðslu tilbúins áburðar, og höfðu menn það álit, að það myndi verða heppilegasta leiðin til að auka viðskipti Íslendinga og Dana. Danir áttu að skuldbinda sig til að kaupa þessar vörur af Íslendingum. — Nú vildi ég beina til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé ástæða til, að leitað yrði samninga um þetta efni við Dani, því að það dylst engum, að það væri mikils virði, ef það gæti fyrirfram verið tryggt, hvað mikið væri hægt að framleiða af þessari vöru hér á landi. En það er vitanlegt, eins og tekið er fram í þeirri stuttu grg., sem fylgir frv., að verð á áburði verður þeim mun minna, sem hægt er að framleiða meira. Mér hefir skilizt, að það myndu vera nægileg hráefni til að reka þetta í stórum stíl, svo að það er þess vert að athuga þann möguleika, því að við verðum að sjálfsögðu að miða byggingu verksmiðjunnar og stærð við það magn, sem henni er ætlað að framleiða. Það er stórt atriði, hvort aðeins á að miða við þörf landsmanna sjálfra eða hvort á að reisa verksmiðjuna með það fyrir augum að selja til annara landa. En eftir því, sem ég veit bezt, þá munu mjög miklir erfiðleikar á slíku fyrir okkur, m. a. vegna þess, að áburðarframleiðendur í Evrópu hafa mjög sterk samtök sín á milli. — Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég er ekki svo vel heima í þessu máli, að ég geti rætt um það, þar sem engin gögn liggja fyrir í því. Ég vil aðeins að endingu segja það, að ég vænti þess, að þetta álit verkfræðingsins komi fram, úr því það kom ekki fram með frv. sjálfu, eins og rétt hefði verið, þá með nál. Sú n., sem fær þetta mál til athugunar, verður að krefjast, að upplýsingar um það komi fyrir augu alþjóðar.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég hlýddi á ræðu hv. flm. og bjóst við að fá þar upplýsingar um atriði, sem var að miklu leyti gengið framhjá í grg. Hann drap á þá þörf, sem væri á því, að landbúnaðurinn gæti fengið ódýran áburð, og hve æskilegt það væri, að þetta gæti orðið framleitt í landinu sjálfu. Ég get verið honum sammála um þetta, en ég sakna þess, að hann skyldi ekki gera grein fyrir, á hvern hátt væri hugsað að afla þess fjár, sem í frv. er gert ráð fyrir, að muni verða um 1½ millj. Það er gert ráð fyrir, að verksmiðju þessa eigi að reisa á næstu tveim árum. Ég hygg, að eftir því, sem nú er ástatt hér, þá muni bankarnir tæplega hrista slíka upphæð fram úr erminni. Mér skilst, að þegar leitað hefir verið eftir að fá lán erlendis, jafnvel þó að upphæðin hafi ekki numið nema innan við 100 þús. kr., þá hafi verið blákalt nei. Ríkisstj. hefir ekki séð sér fært að ábyrgjast slík lán, og ég býst við, að hið sama gildi um það, að hún treysti sér ekki til að taka 1½ millj. kr. lán erlendis. Annars virðist mér þetta vera mál, sem vert sé að athuga, ekki einasta af því, að það sé nauðsynjamál, heldur líka af því, að það er stórmál. Ég álít, að þetta sé svo stórt mál og áríðandi, að það eigi að rannsaka það til hlítar áður en það er afgr., svo að ekki verði flanað út í eitthvað, sem síðar sýni sig, að geti ekki borið sig. Ég þekki að vísu ekki þennan mann, sem hefir gert þessar áætlanir, og ég efast ekki um, að hann sé trúverðugur maður, en hitt þekki ég, og það af reynslu, að það er ekki ótítt, að menn fái áætlanir, sem eru fjarri öllum sanni, og bæði fyrirtæki og ríkið hafa margoft sopið seyðið af því. Ég tel algerlega skakkt að hlaupa út í slíkar framkvæmdir, þó að fyrir liggi slík athugun frá einum manni.

Þetta er 1. umr. málsins, og vildi ég aðeins hreyfa þessu og óska eftir frekari upplýsingum um það, á hvern hátt menn hugsi sér að hrinda þessu í framkvæmd. Ég vil jafnframt benda á, að mér finnst þetta mál eigi raunar fremur heima í fjhn. heldur en í landbn., og vil því leggja til, að því verði vísað þangað.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það voru aðeins nokkur orð til að svara þessum tveimur hv. þm., sem staðið hafa hér upp. — Hv. þm. V.-Húnv. minntist á það, hvort ekki gæti verið hugsanlegt í þessu sambandi að taka upp samvinnu við aðrar þjóðir, sem þyrftu á áburði að halda, t. d. Danmörku, og framleiðslan væri miðuð við það magn, sem hægt væri að selja innanlands og utan. Mér er kunnugt um, að þetta hefir sérstaklega verið athugað í sambandi við samvinnufélögin dönsku. Eins og hv. þm. sjálfur drap á, eru svo sterk samtök á þessu sviði erlendis, að engar líkur eru til, að þessir Norðurálfuhringar mundu sleppa nokkrum keppinautum inn á markaðinn. Af þeim mörgu, sem mál þetta var talfært við, og því áliti, sem þeir hafa látið uppi, var talið varhugavert að byggja nokkuð á því, að hægt væri að flytja nokkuð til annara Evrópuþjóða. Hinsvegar er umhugsunarvert, hvort ekki væri hægt að flytja til Ameríku áburð í skiptum fyrir korn; en á þessu stigi málsins þótti ekki rétt að byggja áburðarverksmiðjuna á því, að hægt væri að selja svo og svo mikið til útlanda, heldur þótti rétt að sníða sér stakk eftir vexti og miða við þann vissa markað, sem fyrir hendi er hjá okkur sjálfum, því að það er sýnt, að ef þetta gefst vel og markaður opnast, þá er hægt að auka framleiðsluna.

Þá voru hv. þm. að finna að því, að sú skýrsla, sem liggur fyrir frá verkfræðingnum, hefði ekki verið prentuð og verið látin fylgja frv. Þetta er svo langt mál, að okkur virtist það ekki hægt að láta það fylgja með í grg. frv. Hinsvegar er svo ráð fyrir gert, að þeir hv. þm., sem hafa áhuga á því að kynna sér þetta mál sérstaklega, geti skipt milli sín þessum skjölum, sem hér liggja fyrir. Ég held, að það sé annað eintak til af þeim. Ég fékk þetta ekki fyrr en nú fyrir skömmu, eftir að ég flutti frv., og gat því ekki látið það fylgja, enda hefði það tekið langan tíma að prenta það. En sem sagt, skjölin liggja hér fyrir, frjáls öllum þm. til afnota.

Þá kem ég að hv. 7. landsk. Hann hreyfði aths. um málið. Hann spurði, hvernig við hefðum hugsað okkur að afla fjár til fyrirtækisins.

Ég hefi það fyrir satt, frá þeim, sem hafa kynnt sér þetta mál sérstaklega, að það muni vera vissa fyrir, að hægt væri að fá lán til fyrirtækisins á grundvelli þeirra rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar og fyrir liggja. En ég hugsa mér, að þetta verði ríkisfyrirtæki og að ríkið taki lán til starfrækslunnar. Það mætti e. t. v. segja, að réttara væri, að tryggt hefði verið fé til þessa fyrirtækis áður en farið var að gefa slíka heimild, en ég álít, að það komi í sama stað niður, hvort heimildin er gefin fyrirfram eða eftir á. Það, sem mælir með því, einmitt ef ákveðið verður að ráðast í þetta fyrirtæki, er, að þá er frekar þörf að herða á því, að fyrirtækið geti komizt upp, en það tekur sextán mánuði að reisa verksmiðjuna. (JS: Er það tekið erlendis, þetta lán?). Við höfum hugsað okkur að taka það erlendis að mestu leyti, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir, að byggingin standi hér skammt fyrir innan miðbæinn, á svokölluðum Iðunnarlóðum, og að þær lóðir verði keyptar með áhvílandi skuldum; gæti það þá reiknazt sem innlent framlag, sem ekki þyrfti að taka lán fyrir. Ef þessi heimild verður samþ. á þessu þingi, væri hægt að fara að vinna að þessu í vetur, og gæti þá fyrirtækið verið komið á laggirnar, fullbúið til starfrækslunnar um það leyti, sem Sogsvirkjuninni verður lokið og nægilegt rafmagn til rekstrarins er fyrir hendi.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég var ekki allskostar ánægður með þær upplýsingar, sem hv. frsm. gaf. Ég skil ekki, að þær skýrslur, sem fyrir liggja í þessu máli, séu svo umfangsmiklar, að ekki sé hægt að prenta þær. En þó að skýrslurnar séu svo umfangsmiklar eins og hv. þm. vill vera láta, þá ætlar hann samt öllum þm. að nota þetta eina eintak til þess að kynna sér málið. Ef málið er svo margbrotið, að ekki eru tiltök á að prenta skýrslur um það með þingtíðindunum, þá vil ég spyrja, hvernig öllum ætti að vera kleift að nota þetta eina eintak. Það er engin ástæða til þess að láta það undir höfuð leggjast að koma þessum skýrslum fyrir sjónir manna, nema þá að hv. flm. vilji ekki láta þær koma fyrir almenningssjónir. Það getur alls ekki verið skaðlegt fyrir málið, að það sé athugað. Ég verð að halda fast við þá skoðun mína, að það sé skylt að láta þær koma fyrir almenningssjónir.

Ég get minnzt á það, að mér virðist, að það hafi ekki verið nægilega athugað, hvort sá kalksandur, sem til er í landinu, sé það mikill, að engin ástæða sé til að óttast um, að þurrð verði á honum. Því hefir verið haldið fram, að þar væri um nokkurnveginn óþrotlega námu að ræða. En mér er ekki kunnugt um það, að athugun hafi farið fram á því, hvað birgðirnar eru miklar, eða hvort þær eru allar jafngóðar. Ég óska sérstaklega eftir að fá upplýsingar um þetta í hendur, og fá aðgang að skýrslum þeim, sem til eru um þetta, svo að ég geti fengið upplýsingar um þetta út frá þeim rannsóknum, sem farið hafa fram.

Ég viðurkenni réttmæti þessa máls, og það myndi ekkert gleðja mig meira en ef hægt væri að fullnægja eftirspurn landsmanna að því er þessa vöru snertir, og bæta þannig viðskipti okkar við aðrar þjóðir, ef það nú líka væri hægt að flytja eitthvað út. Við megum engu tækifæri sleppa til þess að reyna að bæta viðskipti okkar við aðrar þjóðir.

Þá hefir það komið fram, sem ég bjóst við, að örðugleikar væru á því að ná í þessi viðskipti, vegna baráttunnar um markaðinn. Ýms félög eru búin að koma sér saman um hann og skipta honum á milli sín, án nokkurs ófriðar sín á milli. Mér er því spurn, hvort ekki myndi vera ástæða til þess fyrir okkur að óttast um það, að erfitt væri að fá markað fyrir framleiðslu okkar, og að þau félög eða þær verksmiðjur, sem nú selja hingað áburð, myndu hafa horn í síðu okkar, ef við færum að setja upp slíka verksmiðju. Ég get ekki séð mikinn mun á því, hvort eitt land gerir þetta eða tvö lönd í samvinnu á þann hátt, að það sé til hagnaðar fyrir bæði og að verksmiðjan fullnægi þörfum beggja landanna, þó að það væri ekki nema annað landið, sem tæki beinan þátt í stofnun og rekstri hennar, en hitt yrði kaupandi og tryggði þannig verzlun sína við þetta ríki. Danir eiga örðugt með að standa jafnfætis okkur í viðskiptunum milli þessara tveggja þjóða, því við kaupum svo miklu meira af þeim. Danir hafa ekki getað aukið kaup sín frá Íslandi að neinu verulegu leyti, þó að ætla megi, að þeir hafi fullan vilja á að taka vörur frá okkur, jafnvel þó að það séu transitvörur eða vörur, sem þeir verða að flytja út aftur. Ég hefði gjarnan í gegnum þessa rannsókn viljað kynnast þessu eins og öðru viðvíkjandi málinu.

Ég vil svo undirstrika það enn einu sinni, að ég vænti þess, að álit þetta fái að koma fyrir almenningssjónir og verði prentað með áliti n., því það er ekki vansalaust, að fyrir svona stóru máli komi aðeins grg., þar sem drepið er á nokkra púnkta, án þess að rökstyðja það, sem fram er talið.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil þakka hv. frsm. fyrir svör hans, þar sem hann lýsti því yfir, að meiningin væri að fá fé til þessa fyrirtækis að mestu leyti erlendis, og að það myndi vera tryggt, að það fengist. Og upphæðin, sem gert er ráð fyrir að taka að láni, mun nema 1½ millj. kr. Nú get ég ekki látið vera, þegar ég hefi fengið þessar upplýsingar, að minnast á annað fyrirtæki, sem ég hefi haft nokkur kynni af, en það er hafnargerð á Sauðárkróki. Það lá fyrir í haust tilboð frá þekktu verkfræðingafélagi í þetta fyrirtæki, en það gerði þá kröfu, að það fengist ríkisábyrgð fyrir 270 þús. kr., ef það tæki verkið að sér. Það fóru því sendimenn frá Sauðárkróki á fund ríkisstj. og óskuðu eftir, að hægt væri að fá samþykki ríkisstj. til þess að ábyrgjast greiðsluna til þessa verkfræðingafélags. En þess var enginn kostur. Og mér skildist það á nefndarmönnunum, að stj. hefði lýst því yfir, að hún gæti ekki gengið í ábyrgð fyrir neinu erlendu láni. Bæði ég og aðrir tóku þetta gott og gilt og töldu, að þetta myndi rétt vera. En nú fæ ég þær upplýsingar, að þó að ríkisstj. hafi neitað að ganga þarna í ábyrgð fyrir tiltölulega lítilli upphæð, þá ætli hún sér

nú að taka lán, sem nemur 1½ millj. kr. Ég vil nú fá upplýsingar um það, hvernig á þessu stendur. Annaðhvort hafa sendimennirnir, sem komu hingað í góðri trú, verið blekktir, eða verið er að fara með blekkingar að því er þessa lántöku snertir, og að stj. sjái sér í raun og veru ekki fært að taka þessa 1½ millj. kr. að láni. Ef stj. getur ekki gengið í ábyrgð fyrir 270 þús. kr. handa stóru og þörfu mannvirki, þá ætti hún ekki frekar að geta tekið erlent lán, sem nemur 1½ millj. kr. Ég vildi fá upplýsingar um þetta frá hæstv. fjmrh., því mér hefir heyrzt hann lýsa því yfir, að ekki væri hægt að taka lán.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, gefa skýringu. Það er vitað, að það er stefna landsstj. að ganga ekki í ábyrgð fyrir erlendum lánum. Þessari stefnu hefir verið haldið uppi frá því að stj. tók við völdum, og það er meiningin að halda henni uppi framvegis. Það verður í þessu sambandi að gæta þess, að það, sem hér er rætt um, er tvennt ólíkt. Annarsvegar er um það að ræða að ganga í ábyrgð fyrir hafnargerð á láni því, sem þarf til þess að koma verkinu í framkvæmd. Í þessu tilfelli er því um fyrirtæki að ræða, sem er ekki fært að standa sjálft undir þeim gjaldeyri, sem þarf í vexti og afborganir af láninu. Það fellur því undir þær ábyrgðir, sem stj. sér sér ekki fært að sinna, af því að þær þyngja á gjaldeyrisverzluninni. Hinsvegar er um það að ræða að ganga í ábyrgð fyrir erlendu láni, þar sem liggur fyrir rannsókn á því, að fyrirtæki það, sem lánið á að fara til, getur ekki eingöngu staðið undir hinum erlendu greiðslum, sem fara í vexti og afborgun, heldur liggur líka fyrir rannsókn á því, að fyrirtækið getur sparað gjaldeyri umfram það, sem fer í vexti og afborgun. Þá horfir málið öðruvísi við. Og þegar slík mál eru lögð fyrir ríkisstj., þá verður hún að taka afstöðu til þess, hvort hægt er að sinna þeim. Ég er nú ekki svo kunnugur þessu, að ég vilji taka undir með hv. þm. Mýr., að þetta sé hægt. En þetta mál er þannig vaxið, að ef það er sýnt, að með því sparist áburðarinnkaup, þá verður að reyna að hrinda því í framkvæmd, jafnvel þó það verði að gerast með erlendu láni. Og ég vil biðja menn að taka sérstaklega vel eftir því, að í þessu tilfelli er það upplýst, að fyrirtækið, sem um er að ræða að taka lán til, getur ekki aðeins staðið undir greiðslum til útlanda í vexti og afborgun, heldur líka sparað allverulega greiðslu til útlanda fyrir áburð.

Ég skal taka annað dæmi. Það hefir komið upp úr kafinu, að hægt er að framleiða sement hér á landi. En til þess þarf fé. Og ef það lægju nú fyrir upplýsingar um það, að fyrirtækið gæti sparað allan þann gjaldeyri, sem látinn er út úr landinu fyrir sement, þá er sjálfsagt að reyna að útvega lán til slíks fyrirtækis. Og slíka lántöku er alls ekki hægt að leggja til jafns við lántöku til venjulegs fyrirtækis, svo sem hafnargerðar, sem ekki getur staðið undir þeirri „valutu", sem þarf til þess að greiða vexti og afborganir af láni. Þetta er höfuðatriðið. Því þó að ríkisstj. vilji halda þeirri stefnu, að auka ekki skuldabyrðina út á við og forðast að taka lán erlendis, þá verður hún að taka til athugunar, þegar um það er að ræða að ganga í ábyrgð fyrir láni, sem á að fara til fyrirtækis, sem líklegt er til þess að auka gjaldeyrinn í landinu. Ég skal taka það fram, að hafnargerðir eru ekki hliðstæðar því fyrirtæki, sem hér er um að ræða. Því þó að þær séu ágætar fyrir þá staði, sem þær eru framkvæmdar á, og sjálfsagt að reyna að koma þeim upp, ef hægt er að fá fé til þeirra innanlands, þá liggur ekkert það fyrir, sem sýni, að hafnargerðir auki gjaldeyrinn í landinu, nema þá ef hægt væri að selja einhverja vöru, sem hægt er að afla vegna hafnargerðarinnar. Hafnargerðir verða því að teljast til almennra framkvæmda, og eru því ekki hliðstæðar við áburðarverksmiðju eða verksmiðju til sementsgerðar. Ég skal ekkert um það segja, hvort stj. getur komið þessu í framkvæmd að svo stöddu. Hitt er rétt, að flutt sé till. um að heimila þetta, því svona fyrirtæki hlýtur að hafa sérstöðu í augum allra landsmanna, og verður því að líta á það með almenningsheill fyrir augum.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. hefir nú svarað fyrirspurn minni, og mér skilst, að hann skjóti sér undir það, að þetta sé gert sem gjaldeyrisráðstöfun. Hann hélt því fram, að hér væri um slíkt fyrirtæki að ræða, sem gæti losað landsmenn við að greiða gjaldeyri, sem ella yrði ekki komizt hjá að greiða. Hann sagði, að það væri öðru máli að gegna með hafnargerðir. Hann kom þó inn á, að það væri ekki útilokað, að þær gætu orðið til þess að auka gjaldeyrinn. Það er kunnugt, að þar, sem hafnargerðum hefir verið komið upp, er um möguleika að ræða til aukinnar framleiðslu í stórum stíl að því er sjávarafurðir snertir, og hlýtur slíkt að veita aukinn gjaldeyri. Það má kannske segja, að eins og nú standa sakir sé nokkuð mikið fyrir af sjávarafurðum á markaðnum, og því tvísýnt um ábatann af aukinni framleiðslu.

En það, sem ég tel mestu skipta í svari hæstv. ráðh., er það, að hann lýsti því yfir, að það væri stefna stj. að ganga ekki í ábyrgð og að forðast erlendar lántökur. En með því að flutt er að tilhlutun stj. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að stj. taki f. h. ríkissjóðs 1½ millj. kr. lán erlendis, þá er það sýnt, að svar stj. til Skagfirðinga var ekki sprottið af getuleysi, eins og ég og margir aðrir álitu, og töldum við ekkert athugavert við það, og síður en svo, að stj. væri ámælisverð fyrir að gera ekki hlut, sem hún gæti ekki gert. En nú sé ég, að þetta hefir ekki verið af getuleysi, heldur af viljaleysi. Ef stj. getur nú tekið 1½ millj. kr. lán erlendis, þá gat hún eins gengið í ábyrgð fyrir 270 þús. kr. til hafnargerðar á Sauðárkróki.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það var ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að ég hefði sagt, að hægt væri að fá þetta lán, því ég sagði, að ég teldi líkur til þess. — Um hafnargerðina á Sauðárkróki skal ég ekki mikið ræða, enda lít ég á það svipuðum augum og hæstv. fjmrh. og tel, að þarna skipti mjög í tvö horn með tilliti til

þess, hvort fyrirtæki það, sem um er að ræða, verður til þess að spara erlendan gjaldeyri eða ekki. Líka verður að líta á það, hvort fyrirtækið skapar möguleika til aukins útflutnings. Og um þetta fyrirtæki er það að segja, að það verður til þess að spara gjaldeyri meira en nemur vöxtum og afborgun af láninu.

Hv. þm. V.-Húnv. var mjög kröfuharður. Hann vildi fá allar skýrslur og teikningar, sem fyrir liggja í þessu máli, prentaðar. En ég vil spyrja hv. þm. að því, hvenær hann viti til þess, þegar gengið hefir verið í ábyrgð, hvort sem það nú hefir verið til hafnargerðar eða síldarverksmiðju eða einhvers annars fyrirtækis, að lagt hafi verið fram í nál. eða grg. fyrir frv. teikningar og áætlanir um fyrirtækið. Það hefir aldrei tíðkazt. Það er venja um slík mál, að þau eru lögð til athugunar fyrir sérfræðinga, sem landið treystir í þeim efnum, hvort sem þeir eru nú útlendir eða innlendir, og svo er málið látið fara til n. og hún látin athuga þær teikningar og áætlanir, sem fyrir liggja um verkið. Og þar hafa þeir þm. aðgang að þeim, sem sérstakan áhuga hafa á því að kynna sér málið. En ég veit, að þegar um svona stórmál er að ræða, sem margir þm. hafa ekki sérstaklega mikið vit á, þá fela þeir sérfræðingunum að láta uppi álit sitt um það. En auðvitað eru teikningar og áætlanir frjálsar öllum þeim þm., sem vilja sökkva sér ofan í þær. Þetta liggur opið fyrir öllum þm., en þeir geta ekki ætlazt til þess, að slíkar áætlanir séu prentaðar sem fskj. *með frv. eða grg. fyrir þeim.*

Hv. þm. fór fram á það, að nákvæm rannsókn færi fram á kalksandsnámunni við Patreksfjörð. Það hefir nú farið fram rannsókn á henni, og samkv. þeirri rannsókn er það upplýst, að þar er óþrotleg náma um ófyrirsjáanlegan tíma, hvort sem er til áburðarvinnslu eða sementsgerðar. — Hv. þm. vildi, að við reyndum að komast í samvinnu við aðrar þjóðir um þetta. Ég sagði áður, að það atriði hefði verið athugað, en frá því hefði verið horfið, af því að það var ekki talið álitlegt, að hægt væri að koma þeim viðskiptum á. Það liggja fyrir líkur um það, að þetta fyrirtæki sé fjárhagslega öruggt og að það muni gefa góðan hagnað og bæði spara erlendan gjaldeyri og auka atvinnu í landinu. — Þá talaði hv. þm. um það, að útlendar áburðarverksmiðjur myndu reyna að gera þetta fyrirtæki óstarfhæft fyrir okkur. Það getur ekki orðið á annan hátt en þeir bjóði vöruna niður fyrir heimsmarkaðsverð. En þegar ríkið á fyrirtækið, þá getur það verndað það með þeim möguleikum, sem það hefir yfir að ráða, svo það þarf ekki að hræðast þetta. Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, og mun láta máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 13:11 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Fóðurtryggingarsjóðir.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði (þmfrv., A. 701).

Á 93. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég skal ekki hafa langa framsögu um þetta mál. Öllum hv. þingdm. hlýtur að vera ljóst, hversu nauðsynlegt er að hafa á hverju hausti til nægan fóðurforða handa búfénu, svo því sé tryggt fóður, hvernig sem vetrar, og alveg sérstaklega norðanlands og austanlands, þar sem hafís getur lokað samgöngum tíma úr árinu. Alþingi hefir oft áður haft slíkar fóðurtryggingarráðstafanir til meðferðar, en þær ráðstafanir hafa hvergi nærri verið fullnægjandi. Má þar benda á lög um forðagæzlu heyforðabúra og kornforðabúra, og svo þann hluta búfjárlaganna, sem ræðir um fóðurbirgðafélög. — Þetta frv. er enn ein tilraun til að tryggja, að alltaf verði til nægur varaforði, sem hægt sé að grípa til, þegar um óvenjulegt tíðarfar er að ræða, sem *hefir í för með sér þörf mikils fóðurforða.* Til þess er ætlazt, að ríkissjóður leggi fram ákveðna fjárhæð, eða allt að 75 þús. kr. á ári hverju, sem skiptist milli sýslufélaganna eftir búfjáreign. Þau ráða svo, hvort þau nota upphæðina eða ekki. Ef þau skilja nauðsyn þessara trygginga, taka þau sinn hlut og leggja sitt á móti. Frv. gerir grein fyrir því, að sýslun. skuli gera samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, er borin skuli undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkv. samþykkt sýslunefndar.

Gert er ráð fyrir, að á haustin geti legið fyrir varaforði, sem hægt sé að grípa til í neyð. Við höfum hugsað mikið um, hvort láta ætti þennan varaforða liggja í hreppunum, láta hreppana hafa þetta í sínum höndum, en ekki sýslufélögin. En við hurfum að því að láta sýslun. hafa þetta, en ekki hreppsn., af því að það myndi oft geta komið fyrir, að einstakt sveitarfélag þyrfti aðstoðar við í sýslunni, og þá gæti sameiginlegur sjóður þjargað, þó lítill sjóður innan hrepps gæti það ekki. Ennfremur á sýslun. hægra með að sjá um geymslu á varaforða á hagkvæmum stöðum, þar á meðal semja við verzlanir um að liggja með varaforða.

Þetta er nú ekkert nýmæli fram yfir það, sem felst í þeim kafla búfjárræktarlaganna, er fjallar um fóðurbirgðafélög. En eitt nýmæli er hér á ferðinni, sem ég vil leyfa mér að benda hv. dm. á, en það er, að í óvenjulegum harðindum er gert ráð fyrir, að heimilt sé að láta nokkurn hluta af sjóðnum sem beinan styrk. Þetta hefir aldrei áður verið í l., þó að stundum hafi verið veitt svipuð lán úr bjargráðasjóði, sem síðar

hafa verið gefin eftir að fullu eða nokkru leyti. — Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í frv., en legg til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni umr.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli hv. n. á því, að ég tel vera fulllangt gengið í frv., þar sem ætlazt er til, að sýslufélög leggi jafnmikið á móti, ef koma á þessum sjóðum upp. Eins og nú er ástatt, er svo þröngt í búi hjá flestum sýslufélögum, að þau geta ekki bætt á sig miklum gjöldum. Ef þessari upphæð er skipt á sýslufélögin, kemur á hvert mikil fjárhæð árlega. Ég dreg í efa, að ýms sýslufélög geti notað sér þetta, þar sem ekki getur talizt fært að leggja þessi gjöld á bændur, enda þótt tilgangurinn sé góður. Eins og nú árar, er það sýnd veiði, en ekki gefin.

Eins og hv. frsm. veit, er aðalatriði fyrir okkur Norðlendinga ekki það, að hafa peninga í sjóði, heldur hitt, að á hverju hausti sé til nægur forði, helzt kornmatarforði, sem þá er hægt að grípa til og nota til manneldis, ef ekki þarf á að halda öðruvísi. Við Norðlendingar erum þannig settir, að hjá okkur getur hæglega lokazt fyrir um aðflutninga, ekki aðeins að því er snertir fóður handa skepnum, heldur líka vöru til manneldis. Þetta er því hættulegra sem kaupstaðirnir verða fjölmennari og fólk þar oft illa undir veturinn búið. Þetta sem annað stendur væntanlega til bóta, og vil ég óska þess, að hv. n. taki þetta til athugunar og sníði ákvæði frv. meira eftir þeim sérástæðum, sem eru á Norðurlandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 701, n. 873).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Þetta mál hefir lagið fyrir landbn., en síðan það kom til n. hefir hún haft svo annríkt, að hún hefir ekki haft tíma til þess að athuga það lið fyrir lið. Hinsvegar eru allir nm. sammála um að leggja til, að málið nái fram að ganga, en hafa að öðru leyti óbundnar hendur um brtt., sem fram kunna að koma fyrir 3. umr. málsins. Það er öllum ljóst, að það er brýn nauðsyn á því að sjá um, að fóðurtryggingar yfirleitt í landinu séu í lagi, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem ís getur heft siglingar meiri hl. vetrar. Það er geysilega mikill munur á því, hvað mikinn fóðurforða þarf, eftir því hvernig árar, og það er tæplega hægt að gera þær kröfur til allra einstaklinga, að þeir geti haft hann fyrirliggjandi á haustnóttum. Og svo hefir á seinni árum komið í ljós, að birgðir, sem til eru á haustnóttum á höfnum kringum land, hafa yfirleitt farið minnkandi. Sú gamla venja, að liggja með forða til vetrarins, er horfin og í stað þess komnir aðdrættir smátt og smátt. Af þessu leiðir, að nú er meiri hætta á fóðurskorti, bæði fyrir skepnur og menn, en áður var, þá menn og verzlanir birgðu sig upp til vetrarins strax á haustnóttum. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér þá hugsun, að ríkissjóður leggi visst fjármagn fram á ári, sem standi sýslunum til boða til þess að koma á hjá sér tryggingum, þ. e. a. s. sjóðum, sem varið skuli til þess að kaupa varaforða, sem til megi grípa, ef siglingar teptust eða fóðurskortur yrði af öðrum ástæðum. — Það var minnzt á það við 1. umr., að það væru gerðar nokkuð miklar kröfur til framlags á móti, þar sem ætlazt væri til, að helmingur kæmi frá viðkomandi sýslufélagi, sem vildi koma upp hjá sér slíkum sjóði. Það kann vel að vera, að mörgum sýslufélögum mundi veitast það erfitt, en ég hygg, að ef sjóðirnir eiga að komast fljótt upp og verða öflugir, þannig að þeir geti komið að notum í náinni framtíð, þá sé ekki rétt að minnka þetta framlag á móti, a. m. k. ekki nú um skeið, en það getur vitanlega komið til mála seinna, þegar sjóðirnir vaxa. En meðan sjóðirnir eru að vaxa held ég, að framlagið megi ekki minna vera, ef þeir eiga fljótt að ná því marki, sem að er stefnt.

Ég vonast til þess, að n. vinnist tími til að halda fund um þetta mál fyrir 3. umr., ef ekki verður unnið allar nætur hér í d., og má þá vera, að hún beri fram einhverjar brtt. til bóta við frv.

Jón Pálmason: Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. frsm. tók fram og getið er um í nál., að ekki hefir verið farið gegnum þetta frv. til hlítar á fundi. En ég vildi ekki láta þetta mál fara svo gegnum þessa umr., að ég ekki minntist á það örfáum orðum, vegna þess að því aðeins skrifaði ég undir nál., að ég hefi farið talsvert rækilega sjálfur yfir frv. og athugað, hvað það er, sem hér er um að ræða.

Nánast tiltekið er þetta frv. þannig vaxið, að það eru heimildarlög, sem í sjálfu sér eru byggð á því, að sýslunefndirnar, og svo hinir einstöku bændur í hverju sýslufélagi, hafa heimild til þess samkv. ákveðnum reglum að stofna hjá sér fóðurtryggingarsjóði með styrk frá ríkinu. Hér er því ekki um neitt valdboð að ræða. En grundvöllurinn er náttúrlega sá, að hér er um ákaflega mikið vandamál að ræða fyrir íslenzkan landbúnað, sem er það atriði, hvernig búpeningurinn verður tryggður fyrir harðindum. Á þessu sviði hefir alla tíð síðan land þetta byggðist verið heldur tregt með tryggingar, og það hefir jafnan komið í ljós, þegar harðindi hefir borið að höndum, að víðast hvar hefir þannig verið um búið, að fyrirhyggja hefir ekki verið eins og þurfti. En ég fullyrði, að þrátt fyrir það, að þetta hafi verið illt á undanförnum áratugum, þá hafi það versnað nú upp á síðkastið, og það af þeirri einföldu ástæðu, hvað fólkseklan í sveitunum er orðin mikil. Enda hefir það komið í ljós, að á hinum góðu vetrum, sem nú hafa verið hver á fætur öðrum, hafa í flestum héruðum fleiri eða færri bændur orðið að gefa upp fóðurforða sinn. Sér hver maður, að með þeim hætti er voði fyrir dyrum, hvenær sem harðindi ber að höndum. En ég hefi satt að

segja ekki sterka trú á því, að þetta verði fullnægjandi ráðstafanir til þess að girða fyrir þann háska, sem hér er um að ræða, en einhverja umbót kann af því að leiða, og þetta frv. er með þeim hætti sniðið, að ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu, að það geti orðið að l. í þeirri eða svipaðri mynd, sem það nú liggur fyrir.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Eins og þetta nál. ber með sér, þá lýsir n. því yfir, að henni hafi ekki unnizt tími til þess að fara yfir frv. í einstökum atriðum. Þetta er nú ekki nema spegilmynd af þeim hundavaðshætti, sem nú er viðhafður þessa dagana og er eðlileg afleiðing af því, að menn hafa ekki nokkurn tíma til þess að kynna sér mál, sem fram koma, og gera við þau nauðsynlega athugun, til þess að ekki þurfi að breyta þeim strax og þing kemur saman næst. Ég sé ekki heldur, hvaða ástæða er til að knýja þetta mál svona fram núna. Það vill svo til, að hér er gert ráð fyrir því, að til þess að þetta mál geti komið til framkvæmda, þurfi samþykki sýslunefnda. Nú er það vitað, að sýslufundir eru ekki haldnir fyrr en síðari hluta vetrar eða með vorinu, svo slíkar samþykktir verða ekki gerðar fyrir veturinn í vetur. Ef þing kemur saman 15. febr., þá er hægðarleikur að ganga frá þessu frv. Það ætti því að gefa mönnum tóm til þess að athuga þetta frv. og leggja það fyrir næstu sýslufundi, sem geta tekið það til meðferðar.

Ég get að öðru leyti tekið undir með hv. þm. A.-Húnv., að þó þetta sé nauðsynjamál, eins og allir vita, að reyna að koma í veg fyrir fóðurskort, þá er ég fyrir mitt leyti vantrúaður á, að hér sé hitt á nokkurt allsherjarmeðal til bóta í þessu efni. Það er líklega um fátt, sem hafa verið sett öllu fleirþættari l. og verið gerðar jafnmargvíslegar ráðstafanir eins og einmitt þetta atriði. En því miður verð ég að segja, að það liggur fyrir sú sorglega reynsla, að það hefir ekki komið að þeim notum, sem menn hafa gert sér vonir um, og ég er hræddur um, að svo fari einnig um þetta. En það er jafnsjálfsagt fyrir því að athuga hvert skynsamlegt ráð, sem fram kemur til þess að ráða bót á þessu, en þá verður að gefa þm. og þeim, sem nokkuð eru kunnugir þessum málum, og öðrum, sem áhuga hafa fyrir því, tóm til þess að athuga málið, miðað við mismunandi staðhætti á ýmsum stöðum.

Ég get gjarnan endurtekið það, sem ég sagði við 1. umr., að ég tel mjög litlar líkur til þess, að sýslunefndirnar séu fúsar til þess að bæta miklum útgjöldum á hreppi, sem margir hverjir eru að því komnir að gefast upp með að inna sín gjöld af hendi. Ástandið er þannig í sveitunum, að það er engan veginn líklegt, að menn geti, þó þeir gjarnan vildu, lagt af mörkum tiltölulega mikið fé, þó þeir fái þar á móti tillag úr ríkissjóði. Af þeim ástæðum er ég hræddur um, að þetta kunni kannske á ýmsum stöðum — beinlínis af fjárhagserfiðleikum — að dragast úr hömlu, og þess vegna ekki verða að þeim notum, sem til var ætlazt. Ég hefi heldur enga trú á því, þó þetta frv. verði gert að l. nú, að sýslunefndirnar yfirleitt hlaupi upp til handa og fóta og geri hjá sér samþykktir í þessu efni. Þær þurfa fyrst að athuga sinn gang, og fjárhagsástæður stuðla að því, að menn verða seinni til heldur en ella mundi vera.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég þarf ekki miklu að svara, en þó aðeins hv. 7. landsk. Fyrst og fremst vil ég taka það fram, að við 2 flm. frv. erum úr landbn., og þar sem sagt er í nál., að n. hafi ekki unnizt tími til þess að fara yfir það í einstökum atriðum, þá er það meint þannig, að það hafi ekki verið gert á sameiginlegum fundi að lesa það lið fyrir lið og gagnrýna það. Það liggur í hlutarins eðli með okkur tvo, að við höfum farið oft yfir það, áður en við lögðum það fram, og í öðru lagi hefðu hinir nm. ekki skrifað undir nál., hefðu þeir ekki verið búnir að kynna sér það og ræða það okkar á milli, þótt ekki væri það á formlegum fundi. Það hefir verið bent á, að þetta mætti bíða þangað til á þinginu, sem kemur saman eftir áramótin, því að þá yrði hægt að taka það fyrir á sýslufundum áður. En í því sambandi vil ég benda á, að fyrstu sýslufundirnir eru haldnir um miðjan febrúar og svo fram í maí. Verði því ekkert gert í málinu nú, þá er fyrirsjáanlegt, að það dragist um eitt ár, að nokkuð verði gert í því. En verði þessi l. samþ. á þinginu nú, þá verður stj. um þessi áramót að semja reglugerð, eins og gert er ráð fyrir, og tilkynna sýslun., hve miklu þær geti átt von á. Ef þetta nær ekki fram að ganga fyrr en á næsta þingi, þá verður afleiðingin sú, að þessum framkvæmdum verður að fresta um eitt ár, því að ef þetta kæmi fyrir næsta þing, gengju l. ekki í gildi fyrr en eftir að þingi væri slitið, og þá væru sýslufundir yfirleitt búnir, nema e. t. v. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Nú veit ég, að bæði þessi hv. þm. og þm. A.-Húnv. vilja þessu máli vel, og ég veit, að báðir vilja, að málið komi sem fyrst til framkvæmda. Við sjáum, að fóðurbirgðafélögin, sem starfa innan hreppanna, hafa síðustu tvö árin verið í miklum uppgangi, og tel ég það vott um vaxandi skilning bænda á því, að þeir þurfi að hafa varaforða. Ætti þetta því að mælast vel fyrir og verða notað. Hygg ég því rétt, að mál þetta verði afgr. áfram á þessu þingi. Ég tel ekki vafa á því, að landbn. muni fyrir 3. umr. reyna að halda fund um málið og ræða það sameiginlega, sem ekki hefir verið gert, heldur aðeins manna á milli, eins og fram kemur í nál. Ég mæli því með því, að málið verði samþ. á þessu þingi, en ekki látið sofna.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki ástæðu til að karpa um það lengi, hvenær sýslun. hafi fundi. Ég veit það ekki, en eftir því, sem ég þekki til, þá held ég, að sýslunefndarfundir séu yfirleitt ekki haldnir fyrr en í marz. Mér þykir gegna furðu, ef sýslumenn eru yfirleitt búnir að ljúka sínum reikningum svo snemma. Ég hygg því, eins og ég sagði áðan, að þetta þyrfti ekki, nema í fáum tilfellum, að koma að sök, enda vekur þetta mál vafalaust þá athygli, að sýslun. á landinu munu fylgja því með gaumgæfni, og myndu þær þá gera ýmsar ráðstafanir í þessu efni. En á hinn bóginn lít ég

svo á, að það sé ekki einskis virði, að þetta mál fáist athugað og rætt áður en það er gert að l. Ég tel ekki einskis virði, að slíkt mál sé athugað heima í héruðum og þeim gefið tækifæri til þess að leggja þar eitthvað til málanna. Það myndi og að sjálfsögðu verða, ef þetta mál yrði tekið upp strax á næsta þingi. Ég er alls ekki að gera lítið úr þeim flm., sem standa að þessu frv. Ég efast ekki um, að þeir hafi gert það úr garði eftir því, sem þeir hafa talið bezt og réttast. En á hinn bóginn er því yfir lýst, að nm. hafi ekki rætt það sameiginlega, eins og venja er til í n., og þar af leiðandi ekki getað borið sig saman, en málin skýrast venjulega bezt á þann veg. Það er ennfremur upplýst, að n. hafi ekki haft tíma til þess að halda fund um málið. Ég sný því ekki aftur með það, að þetta sé algerlega óhafandi meðferð á svona máli. Hv. frsm. sagði, að úr því myndi bætt, ef tími ynnist til. En svo á frv. líka eftir að fara í gegnum Ed. Ég hygg, að málinu sé enginn greiði gerður með því að flaustra því af á þennan hátt. Mér er hugleikið, að hægt sé að gera þessi lög þannig úr garði, að þau geti komið sem flestum að notum og verði þess vegna athuguð til hlítar.'

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 701).
Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (EÁrna): Þessu frv. var útbýtt á fundi hér í deildinni í gær, og verður því að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að það megi taka til meðferðar á þessum fundi.

Magnús Guðmundsson: Þetta er 1. umr. þessa máls hér í d. og nú er alveg komið að þingslitum.
Ég sé að vísu, að það er búið að ganga í gegnum Nd., en ég sé það líka, að það stendur í nál. Nd. frá 17. des., að n. þar hafi ekki unnizt tími til að athuga frv. Mér finnst það satt að segja langt gengið, ef málin á að keyra í gegn án þess að þau séu athuguð í hvorugri deildinni. Ég get því ekki mælt með afbrigðum frá þingsköpum í þessu máli.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 6:8 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Útsvör (frv. fjhn. Nd.).

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 876).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt eftir beiðni ríkisskattanefndar og felur í sér aðallega tvær til þrjár breyt. á gildandi lögum. Ein þessi breyt. er þó í raun og veru aðeins formsbreyting. Fyrsta og önnur brtt. miða að því að gefa heimild til, að útsvör, sem eru lögð á útlenda menn, er stunda hér atvinnu um stundarsakir, séu miðuð við tekjur þeirra á gjaldárinu, en hinsvegar slegið föstu hvað almenna gjaldendur snertir, að útsvör þeirra séu miðuð við tekjur síðastl. árs. Sú hefir og verið höfuðreglan, að miða útsvör við tekjur næsta árs á undan, og eftir gildandi lögum er óheimilt að leggja útsvör á tekjur yfirstandandi árs. Af þessu getur leitt, að útlendingar, sem stunda hér atvinnu um stundarsakir, sleppi við útsvör, en þessir menn, sem oft koma hingað og taka atvinnu stundum af innlendum mönnum, þykir ekki rétt, að sleppi án þess að greiða gjöld til opinberra þarfa. Í sambandi við 2. brtt., sem er aðeins til samræmis við 1. brtt., skal ég geta þess, að eins og útsvarslögin nú eru skilin og framkvæmd, er alvarlega oft ruglað saman hugtökunum útsvarsári og gjaldári, en útsvarsár er árið áður en útsvarið er lagt á, það ár, sem á að miða útsvarið við, en gjaldárið er þegar útsvarið er lagt á. Í framkvæmdinni hefir þetta verið svo, að gjaldár hefir yfirleitt verið notað til að tákna bæði árin. — 3. breyt. er við 12. gr., um að fella niður 2. og 3. mgr. Í þeim gr. eru gefnar reglur um það, hvernig eigi að finna út, hvort útsvör séu hærri eða lægri í einu sveitarfélagi en öðru, því lögin gera ráð fyrir því, að útsvör þeirra, sem stunda atvinnu í fleiri en einu sveitarfélagi, skiptist á milli sveitarfélaganna. Um þetta eru í raun og veru gefnar fullkomnar reglur í 1. mgr. 12. gr., sem svo nokkru nánar eiga að vera skýrðar í 2. og 3. mgr., sem hér er lagt til, að falli niður, en þessar skýringar eru nokkuð flóknar, og hefir ríkisskattanefnd komizt að því, að þær gera ekki annað en rugla menn gersamlega, og því er lagt til, að þessar tvær

mgr. verði felldar niður. Hinsvegar hefir n. verið bent á það, hvort ekki mundi réttara að breyta þessum mgr. en að fella þær niður, og telur n., að það geti komið til álita, en vill þó ekki leggja það kapp á það, að málið tefjist fyrir það.

5. gr. felur í sér lagfæringu á villu, sem slæddist inn í útsvarslögin í fyrra. Vegna þeirrar breytingar eru sveitarstjórnir sviptar þeim rétti að áfrýja til ríkisskattanefndar úrskurðum yfirskattanefnda um útsvör. Samkv. þessari breyt. í fyrra hefir því ríkisskattanefnd ekki leyfi til að breyta útsvari, sem yfirskattanefnd hefir breytt, nema gjaldandi sjálfur óski þess. Það liggur í augum uppi, að báðir aðilar, sveitarstjórn og gjaldandi, hljóta að eiga rétt til þess að áfrýja úrskurði yfirskattanefndar til ríkisskattanefndar.

Loks felst í 8. gr. sú breyt., að því er slegið föstu, að hjón beri ábyrgð á útsvarsgreiðslum hvors annars, enda búi þau saman, er niðurjöfnun fer fram. Nú er það að vísu svo, að niðurjöfnunarnefndir eða sveitarstjórnir hafa heimild til þess að ákveða slíka samábyrgð hjóna í hverju einstöku tilfelli, og er þar í raun og veru gengið inn á það princip, að hjón eigi allténd að bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum hvors annars. En það, að hjón hafa ekki borið sameiginlega ábyrgð á útsvörum, hefir oft valdið því, að ekki hefir verið hægt að innheimta útsvör hjá gjaldendum, því þegar til þess hefir komið, þá hefir komið í ljós, að eignir allar hafa verið á nafni þess, sem ekki átti að greiða útsvarið. Þetta, sem hér er farið fram á með útsvörin, er alveg hliðstætt því, sem er um tekjuskattinn. Svo þess er að vænta, að það verði heldur enginn ágreiningur um þessa breytingu.

Þá er um aðrar breyt. að segja, að það eru aðeins orðalagsbreyt. til samræmingar.

Þetta mál er svo seint fram komið, að það getur ekki náð afgreiðslu, nema með margföldum afbrigðum. En ríkisskattanefnd telur brýna nauðsyn á, að það nái nú fram að ganga, og þess vegna er farið fram á það við hæstv. forseta, að hann hraði málinu svo sem hann sér sér frekast unnt. N. hefir athugað málið grandgæfilega og mun naumast glöggva sig betur á því, svo það er engin ástæða til að vísa því til n. aftur til nánari athugunar.

Jón Pálmason: Ég ætla ekki að fara að tala á móti þessu máli, sem ekki hefir verið útbýtt fyrr en núna. En ég vildi aðeins segja það, að ég teldi ekki nema réttlátt, að það biði til næsta þings. Bæði er nú að því komið, að þessu þingi verði slitið, og svo var hér á ferðinni á síðasta þingi frv., sem mig minnir, að gengi gegnum þessa d., en strandaði í Ed. á atriði, sem mjög var um deilt, sem sé rétti atvinnusveitar til þess að leggja útsvör á menn, sem ekki eiga þar heima. Ég held þess vegna, að það væri full þörf á því að athuga þessi atriði í sambandi við breyt. á útsvarslögunum og því væri hentugt að geyma málið til næsta þings, þrátt fyrir það, að menn geti fallizt á, að þau ákvæði, sem frv. hefir að geyma, séu í sjálfu sér réttmæt, það sem þau ná.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 876).
Á 101. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigða synjað með 5:8 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Bændaskólar.

Á 8. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla. nr. 51 19. maí 1930 (þmfrv., A. 17).

Á 12. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Briem) óyfirl.]: Löggjöfin hefir séð allvel fyrir almennri menntun ungra manna í landinu, en hinsvegar skortir verulega á um hina hagnýtu menntun og möguleika þeirra, er vilja stunda sérgreinir og afla sér menntunar til þeirra hluta hér á landi.

Það hefir verið svo um þá, sem hafa viljað afla sér meiri menntunar í búfræði en fáanleg er, enn sem komið er, í bændaskólunum, að þeir hafa orðið að sigla til annara landa og stunda þar dýrt nám og eyða miklu af námstímanum til þess að nema um ýms efni, mjög fjarskyld íslenzkum landbúnaði, og koma að litlum notum við okkar búnaðarháttu. Hinsvegar er það svo, að búnaðarþekkingu hefir fleygt mjög fram á síðustu árum vegna rannsókna, sem Búnaðarfélag Íslands hefir ýmist haft með höndum eða

haft yfirumsjón með. Á hinn bóginn fer stöðugt vaxandi þörfin fyrir búfræðinga, menn með sem staðbeztri þekkingu, til þess að veita leiðbeiningu búnaðarsamböndum og þeim bændum, er hafa með höndum stórfelldar framkvæmdir. — Til þess að bæta úr þessari sífellt vaxandi þörf er frv. þetta flutt. Meðal þeirra, sem forgöngu hafa haft í landbúnaðarmálum, hefir þetta mál verið lengi á döfinni, t. d. samþ. búnaðarþingið 1933 allrækilega ályktun um þetta efni, rökstudda, og sendi Alþingi. Var þar stefnt í sömu átt og gert er í þessu frv.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Er það nú flutt óbreytt hér, en í vændum þess, að hv. d. vilji nú taka það til rækilegrar athugunar og leysa úr þeirri þörf, sem er allmjög aðknýjandi fyrir landbúnaðinn, einmitt í þessu atriði.

Síðan þetta frv. var flutt á síðasta þingi, hefir það fengið góðar undirtektir meðal búfræðinga og m. a. mælir búnaðarþing það, er nú situr, eindregið með því, að frv. verði samþ.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vænti, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Útsvör (frv. ÞÞ).

Á 14. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 39).

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Eins og tekið er fram í grg. frv., þá hefir á seinni árum borið töluvert á því, að menn skrifi sig í öðrum hreppum en þeir hafa atvinnu í, sérstaklega ef sveitarþyngsli eru mikil þar, sem þeir reka atvinnu sína. Er því sumstaðar svo komið, að hrepparnir hafa orðið mjög lítið gjaldþol, sakir þess hversu marga gjaldendur þeir eru búnir að missa. Hreppsnefndirnar standa ráðþrota, því að víða horfir nær því til auðnar, ef sliku fer fram miklu lengur. Það er því brýn nauðsyn að kippa þessu í lag. Þessu til sönnunar vil ég geta þess, að í einum hreppi í Dalasýslu hefir bóndi nokkur, sem vel er efnum búinn, búið að undanförnu með börnum sínum, en nú hefir hann látið einn sona sinna taka búið á leigu, mann, sem er fátækur fyrir. Vinnur svo bóndi þarna hjá syni sínum, lengri og skemmri tíma, en allt, nema einn sonanna, lætur það skrifa sig til heimilis annarsstaðar. Missir hin raunverulega heimilissveit þessa menn á þennan hátt sem gjaldendur.

Ég hefi sett í frv. ákvæði um það, að hafi maður haft atvinnu og fast aðsetur í hreppnum í 4 mánuði, þá skuli hann greiða þar útsvar, — 3 mán. þótti mér of stuttur tími. Hinsvegar hefir ekki verið breytt ákvæðinu um 3000 kr. tekjumennina. Er það tekið fram í frv., að það nái aðeins til manna, sem hafi tekjur fyrir neðan þá upphæð. Að ég hefi farið þessa leið, er sakir þess, að ég tel hana heppilegasta, eftir því sem nú standa sakir, en finni hv. allshn. einhverjar aðrar leiðir, sem heppilegri kunni að verða til lausnar þessu máli, þá er það gott og blessað. Fái frv. þetta góðar undirtektir, þá hefi ég hugsað mér að koma fram með annað frv. til þess að tryggja það, að mönnum líðist ekki að vera heimilislausir til þess að sleppa bæði við útsvör og skatta, eins og svo mjög hefir borið á í seinni tíð.

Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

63. Prentsmiðjur.

Á 15. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur] (þmfrv., A. 42).

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 92, 106).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 106. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Með frv. þessu er farið fram á það, að bókasafnið á Siglufirði fái að njóta sama réttar eins og önnur bókasöfn hér á landi, sem hafa verið tekin upp í þessi lög. M. ö. o., að það fái allar þær íslenzkar bækur, sem prentsmiðjurnar prenta, án sérstaks endurgjalds. Ég sé ekki annað en bókasafnið á Siglufirði sé algerlega hliðstætt við bókasafnið á Ísafirði, sem hefir fengið þennan rétt. Menntmn. hefir athugað þetta frv. og fallizt á þau rök, sem að því liggja, og leggur til, að það sé samþ. óbreytt. Ég sé, að hér á dag-

skrá er komin brtt., en ég hefi ekki séð hana og veit ekkert, um hvað hún er.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Ég kunni betur við að bera þessa brtt. fram nú við 2. umr., svo hún gæti verið til athugunar, jafnvel þó ég geri ráð fyrir að taka hana aftur til 3. umr., svo menntmn. fái tækifæri til að athuga hana. Brtt. fer fram á það, að tvö þau bókasöfn, sem helzt varðveita vorar bókmenntir meðal landa vorra vestan hafs, njóti sömu hlunninda og réttar sem önnur þau bókasöfn, sem heyra undir þessi lög.

Það er kunnara en svo, að á þurfi að minna, að Íslendingar vestan hafs hugsa með hlýjum huga til ættjarðarinnar, og margir harma það, að bókmenntasambandið á milli þjóðarbrotanna sé ekki eins náið og æskilegt væri. Hygg ég, að þetta gæti verið spor í rétta átt til að ráða bót á því, — gæti verið eins og vingjarnleg bróðurhönd rétt vestur yfir hafið. Mér er ekki kunnugt um önnur bókasöfn þar en þessi tvö, sem gætu komið til greina, en um þau skal það tekið fram, að annað þeirra — bókasafn þjóðræknisfélagsins Fróns — er mjög ungt, og ég veit ekki um húsakost þess, en eftir frásögn þeirra manna, sem hafa starfað vestan hafs, er það mikið notað.

Bókasafn sr. Jóns Bjarnasonar er vel þekkt. Það er kennt við sr. Jón Bjarnason, sem sjálfur gaf aðalstofninn til þess. Það hefir yfir góðum húsakosti að ráða og er líklegt til að geta varðveitt íslenzkar bækur vel. Ég hefi ekki viljað gera upp á milli þessara tveggja bókasafna. Þó að þeim mönnum fækki vestan hafs, sem íslenzku skilja, þá munu alltaf verða þar allmargir menntamenn, sem æskja þess að geta haft aðgang að íslenzkum bókmenntum.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Þessi till. kemur að vísu ekki til atkv., þar sem flm. hefir lýst því yfir, að hún verði tekin aftur til 3. umr., en ég vil beina því til hv. menntmn., að með þessu er lagður skattur á prentsmiðjur og útgefendur. Og ég vil spyrja, hver á að borga kostnaðinn við sendingu bókanna, því hvort sem það eru prentsmiðjurnar eða ríkisstj., sem annast sendingarnar, þá verður það stór kostnaðarliður, ef bækur á að senda til Ameríku.

Það var svo fyrr á árum, að markaður fyrir íslenzkar bækur var mikill í Canada, en mér hefir skilizt, að á síðari árum hafi hann þorrið. Ég er ekki að mæla á móti því að senda þessar bækur, en ég vil benda á, að það væri ekki ákaflega stórvægilegt, þó að þessi bókasöfn keyptu þær helztu íslenzku bækur, sem út koma, en því fleiri bókasöfn, sem þessara hlunninda njóta, því minni verður markaðurinn fyrir þær bækur, sem gefnar eru út hér á landi, og er hann þó sannarlega ekki mjög stór fyrir.

Undir þessi ákvæði falla auðvitað blöð líka, og mér finnst rétt að athuga, að ekki sé gengið of langt í þessu efni, og sérstaklega að því er viðkemur sendingu til annara landa.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég get verið stuttorður. Hv. 4. landsk. tók fram í sinni ræðu það, sem ég vildi hafa sagt. Ég álít það gott að styðja bókasöfn meðal almennings. En þegar athuga skal, hve vitt á að dreifa bókunum, verður að fara eftir vissum reglum. Ég geri ráð fyrir, ef frv. verður samþ., einkum ef brtt. verður samþ., að þá fari aðrir kaupstaðir að rísa upp, t. d. Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Nes í Norðfirði. Hér á að láta samkvæmt frv. tvö eintök í sama kjördæmi, en þessi kjördæmi fá ekkert. Við erum fjölmennari, munu þessir kaupstaðir segja, og ég geri fastlega ráð fyrir, að ef Siglufirði verða veitt þessi hlunnindi, þá muni kaupstaðir þeir, er ég hefi áður minnzt á, koma á eftir. Það eru a. m. k. 10 eintök, sem hver bókaútgefandi á þennan hátt verður að láta af hendi, og út til annara ríkja eru það fjögur eintök. Nú vil ég skjóta því til hv. menntmn., hvort hún geti ekki séð sér fært að fækka þessum eintökum, ef ekki koma önnur gæði á móti. Eins vildi ég spyrja hv. frsm., hvernig þessu er varið í öðrum löndum, hvort þar séu látin eins mörg eintök til bókasafna eins og hér — einkum til erlendra ríkja. Ég verð að taka undir með hv. 4. landsk., sem sagði, að bókaútgáfa gæti orðið örðug, ef bætt væri á hana þessum þunga skatti, sem gæti orðið allt að 20 eintökum. Maður veit, að það er örðugt undir fæti með bókaútgáfu, og ekki er líklegt, að kaupgeta almennings batni á næstu árum.

Þorsteinn Briem [óyfirl.]: Það má vera, að það sé rétt hjá hv. 4. landsk., að á síðari árum hafi dregið úr bókakaupum vestur um haf héðan að heiman. Þetta mun standa í sambandi við það, að hugur yngra fólks þar vestra hneigist meira til enskra bókmennta. Þó munu vera margar góðar undantekningar frá því á meðal þeirra, sem bezt eru menntaðir. Við heyrðum á síðasta hausti einn þessara manna frá Vesturheimi tala í útvarpið um það, hvernig hægt væri að halda við bókmenntasambandinu á milli þessara þjóðarbrota. Ef við lítum á, hvern áhuga Norðmenn og aðrar frændþjóðir vorar sýna í því að halda við sambandi við þjóðarbrotin vestan hafs og þjóðernistilfinningu þeirra, þá hygg ég, að engum þurfi að ægja það stórræði, sem hér á að leggja út í. Því erfiðari aðstöðu sem tunga vor hefir vestra, því meiri er ástæðan til að styrkja bókasöfnin þar, svo þeir menn, sem áhuga kunna að hafa á íslenzkum bókmenntum, fái betri aðstöðu til þess að ná í íslenzkar bækur, því ég hygg, að það sé að mestu tilviljun, sem ræður því, hvaða bækur fara vestur um haf.

Hv. 4. landsk. talaði um þann kostnað, sem af sendingunum mundi leiða. Já, að vísu er hann dálítill. Nú er það svo, að lögreglustjórar eiga að sjá um sendingar bókanna, og í sambandi við þetta mætti gera Vestur-Íslendingum það að skyldu að hafa hér umboðsmann til að taka við bókunum og annast sendingu þeirra. En ég hygg, að ef borin væri saman rausn sú, sem Vestur-Íslendingar hafa sýnt íslenzku þjóðinni, og það, sem hér er farið fram á, þá yrði sú mynd, sem fram kæmi af rausn okkar, ekki okkur í hag.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Mér hefir skilizt, að hv. flm. ætli að taka aftur til 3. umr.

till. á þskj. 106, og mun ég því ekki mikið ræða um hana nú. Ég er fús til að athuga hana með allri vinsemd, og ég hygg, að flestum mundi þykja skemmtilegt að geta sýnt Vestur-Íslendingum þessa vinsemd. Kemur þá helzt til athugunar, hvort nokkrir örðugleikar þyki á framkvæmd þess. Það hefir verið minnzt á það hér, að það væri varhugavert að ganga langt út á þá braut að skylda prentsmiðjur til að láta bækur án endurgjalds, og benti hv. þm. Dal. á, að fleiri mundu koma á eftir. Ég viðurkenni, að þetta geti verið. En sjálfsagt er, að þetta nái aðeins til opinberra bókasafna, t. d. ekki til bókafélaga eða lestrarfélaga í hreppum landsins. Það getur vel verið, að nú þyki þegar fulllangt gengið, en það hefir áður verið stefnt inn á þessa braut. Ég þekki engin frambærileg rök fyrir því að veita bókasafninu á Ísafirði þessi hlunnindi, en neita bókasafninu á Siglufirði um þau, og má að vísu segja það sama um Hafnarfjörð, Nes í Norðfirði og Vestmannaeyjar. Mér finnst, að nú þegar hafi verið gefið það fordæmi, að illt sé að neita öðrum hliðstæðum bókasöfnum um sama rétt. Hv. þm. Dal. gerði fyrirspurn um það, hvernig þessu væri háttað í öðrum löndum. Ég get ekki svarað því til hlítar, en þó veit ég það, að prentsmiðjum þar er gert að skyldu að láta bókasöfnum í té ókeypis bækur, en ég veit ekki, hve víðtækt það er.

ATKVGR.
Brtt. 106 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 42, 106).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Menntmn. hefir ekki beinlínis haldið fund síðan frv. var til 2. umr. En n. hefir þó talað um till. á þskj. 106 og hefir ekki á móti því, að sú till. sé samþ. Einstakir nm. eru óbundnir með atkv. sín, en n. sem slík vill ekki leggja stein í götu þess, að þessi till. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 106 samþ. með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 124).
Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 767, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Ríkisgjaldanefnd.

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisgjaldanefnd (þmfrv., A. 48).

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er shlj. frv. sömu flm. um þetta efni á síðasta þingi. Þar hafði málið verið rætt allýtarlega og nefndin skilað áliti, og tel ég því ekki þörf á að fjölyrða um það nú. Óska ég þess, að málinu verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt nál. frá 1. minni hl. fjhn., á þskj. 145, og á 28. fundi deildarinnar, 18. marz, nál. frá 2. minni hl. fjhn., á þskj. 165, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins (þmfrv., A. 50).

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: Það hefir verið eitt aðalviðfangsefni þings og stj. undanfarið og umhugsunarefni í landinu, hvað gera skuli til þess að landbúnaðurinn geti borið sig. Á síðasta þingi beindist viðleitnin fyrst og fremst í þá átt, að reyna að hækka nokkuð hið lága afurðaverð. En önnur hlið þessa máls er ekki síður þess verð, að henni sé gaumur gefinn. Og hún er sú, hversu fara skuli að til þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarins og tryggja afurðir bænda, gæði þeirra og magn. Og þótt hækkun afurðaverðsins hafi verið sjálfsögð og nauðsynleg, má þó segja, að hin hlið málsins hafi það fram yfir, að endurbætur þar eru ekki frá neinum teknar. En um hækkun afurðaverðsins mætti ef til vill segja, að hún kæmi misjafnlega niður á öðrum stéttum. Einn liður í þessari viðleitni er sá, að tryggja sem allra bezt þekkingu á landbúnaðinum. En sú þekking verður fyrst og fremst að fást með innlendri reynslu og rannsóknum. Veðráttufar og margt annað er svo gerólíkt hér á landi og annarsstaðar, að ekki verður stuðzt við erlenda reynslu. Við getum ekki á þessu sviði beitt hinni erlendu reynslu og tækni á sama hátt og í sjávarútveginum. Í sjávarútveginum olli hin erlenda tækni þeirri byltingu, sem varð í þeirri

atvinnugrein fyrir stríð. En í landbúnaðinum verðum við að afla okkur þekkingar sjálfir.

Forgöngumönnum landbúnaðarmálanna hér á landi hefir lengi verið þetta fullljóst. Eftir að Ræktunarfélag Norðurlands hafði verið stofnað árið 1900 og Búnaðarfél. Íslands 1903, tóku þessi félög þegar að afla sér innlendrar reynslu um landbúnaðarmál. Árangurinn hefir orðið mikill. Þannig er t. d. fengin full reynsla fyrir notagildi erlends áburðar, fyrir því, að hafrar geta gefið ágæta uppskeru sem grænfóður, að fóðurrófur geta gefið góðan árangur, að hægt er að rækta innlent fræ, og nú síðast, að kornrækt getur þrifizt hér á landi. En þótt þetta megi telja ágætan árangur eftir atvikum, og þótt Búnaðarfél. hafi varið ⅙ af framlagi ríkissjóðs í þessu skyni, má þó betur, ef duga skal. Má segja, að þetta sé ævarandi verk, því að þær niðurstöður, sem fást, varpa aðeins stundarskini á málið. Svo hefir reynslan orðið með öðrum þjóðum.

Hér eru það einkum fjögur atriði, sem eru mikilsvarðandi og aðkallandi rannsóknarefni.

Fyrst er þá að telja tilraunir við ræktun og jarðabætur. Milljónum króna hefir verið varið og verður varið til jarðræktar, og því skiptir miklu máli, að hinar hagfelldustu aðferðir séu jafnan notaðar.

Annað er tilraunir um fóðuröflun, varðveizlu heyja og hagnýtingu. Þetta mál er að miklu leyti óleyst, þótt töluverð þekking sé fyrir hendi.

Þriðja er tilraunir um búpeningsrækt. Því verður ekki neitað, að búpeningsstofn vor gefur ekki þann arð, sem vænta mætti, ef fóður og kynbætur væru í lagi. Þessu verður ekki kippt í lag nema tilraunastöðvar hafi hér forgöngu með vísindalegum rannsóknum.

Fjórða er aukin fjölbreytni í búskap. Á nauðsyn slíkrar fjölbreytni getur enginn vafi leikið, en til þess að fyrirbyggia mistök einstakra manna er augljóst, að gera verður tilraunir þeim til stuðnings.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að koma skipulagi á þessa tilraunastarfsemi. Hún er á engan hátt tryggð á meðan Búnaðarfél. á jafnan undir högg að sækja um fjárframlög, ef hún styðst ekki við löggjöf.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en er nú nokkuð breytt. Þannig hefir 5. gr. verið bætt inn í það, eftir bendingu búnaðarþingsins, sem lýsti yfir eindregnu fylgi sínu við frv. Óska ég, að frv., að umr. lokinni, verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

66. Yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Á 17. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi (þmfrv., A. 52).

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er sama efnis og frv., sem flutt var á haustþinginu og afgr. frá n., en dagaði þá uppi. Nú flytur meiri hl. n. frv. með breytingum meiri hl. allshn. Frv. fjallar um sérstaka yfirstjórn yfir nokkrum ríkiseignum í Ölfusi og inniheldur auk þess nokkur ákvæði um meðferð þeirra.

Þessar ríkiseignir eru sérstæðar að því leyti, að hér er að ræða um mikil náttúrugæði, sem framtíðarvonir eru tengdar við. Því virðist rétt að setja þær undir sérstaka yfirstjórn, þótt deila megi um, á hvern hátt það skuli gert, en ég ætla þó, að tillögur nefndarinnar bendi á heppilegustu leið í málinu. Óska ég, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

67. Eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum.

Á 19. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum (þmfrv., A. 63).

Á 21. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þó að hér sé um stórt mál að ræða, þá býst ég ekki við að þurfa að vera langorður í minni framsögu, þar sem mjög ýtarleg grg. fylgir frv., og ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til hennar.

Ég ætla, að það hafi verið á þinginu 1933, að samþ. var ályktun um, að fara skyldi fram rannsókn á gjafasjóðum, hve margir þeir væru og hvernig ástatt væri um þá. Síðan hefir verið unnið að þessari rannsókn, en þó mun henni ekki vera lokið ennþá. En eigi að síður hefir hún leitt í ljós, að það eru ekki færri en 300 gjafasjóðir í landinu, sem fengið hafa staðfesta skipulagsskrá. Þar fyrir utan eru þó margir sjóðir, sem ekki hafa fengið staðfesta skipulagsskrá. Hversu margir þeir eru, verður ekki séð ennþá, eða hitt, hve mikið fé er í sjóðum

þessum. Aðeins hafa 65 af þeim birt opinberlega reikninga sína, og nemur fé þeirra hátt upp í 2 millj. kr. Annars þykir kunnugum mönnum það varlega áætlað að telja fé allra slíkra sjóða í landinu 4 millj. kr. Það er því ekki hægt annað að segja en að þetta sé mikið fé og skipti almenning miklu, hvernig um það fer. Þá verður líka ekki annað sagt en að það skipti gefendurna einnig miklu, að fénu sé varið til þeirra hluta, sem þeir hafa ætlazt til, og að þeir komi að sem mestu gagni samkv. því, sem gefendur hafa ætlazt til. Allir þessir sjóðir eru vitanlega stofnaðir til þess að vinna að hagsmunum almennings á einhvern hátt, og þess vegna fara saman réttur gefanda, sem stofnað hefir sjóðinn, og hagsmunir almennings, sem á að njóta góðs af honum, með því, að sem örugglegast sé um þetta búið. En þótt undarlegt kunni að virðast og næsta furðulegt, þá hefir ríkisvaldið fram á síðustu ár engin afskipti haft af þessum sjóðum, eða a. m. k. ekki litið neitt eftir því, að fé þeirra væri ávaxtað á tryggilegan hátt eða því varið samkv. því, sem skipulagsskrá sjóðsins eða gefandinn hefir ætlazt til að gert væri. Og þá er vitanlegt, þótt ekki séu til neinar skýrslur um það, og ég á þessari stundu geti ekki sannað það, að til hafa verið gjafasjóðir, þó að þeir hafi kannske ekki verið stórir, sem nú eru blátt áfram týndir. Ennfremur má búast við, að sjóðirnir séu ef til vill að einhverju leyti notaðir öðruvísi heldur en gefandinn hefir ætlazt til að gert væri, og að fé þeirra sé ekki svo tryggilega ávaxtað sem hægt væri að gera.

Það var fyrst á síðasta þingi, að hafizt var handa í þessu efni. Eins og menn muna, var fyrir forgöngu hv. þm. Dal. flutt hér frv. á síðasta þingi um eftirlit með sjóðum, sem fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni. Þetta frv., sem hv. þm. Dal. flutti, var, eins og menn muna, gert að lögum og er að nokkru leyti komið til framkvæmda. Samkv. þeim l. er því svo fyrir komið, að kosnir eru með hlutfallskosningu á Alþingi þrír menn til þess að hafa eftirlit með þessum sjóðum. Það var vitanlega góðra gjalda vert að hefjast handa í þessu máli eins og hv. þm. Dal. gerði á síðasta þingi, og eðlilegt eins og þá stóð, þar sem þá var ekki orðið eins kunnugt um, hvað hér var um að ræða, að byrjað var í smáum stíl eins og gert var. Menn voru dálítið hikandi hér í þinginu, hvort ekki ætti að bíða lengur að setja þessi lög, þangað til meira upplýstist um sjóðina,heldur en þá lá fyrir. En eftir þeim upplýsingum, sem nú eru fengnar, virðist það vera sýnilegt, að nefnd manna, sem á að hafa þetta eftirlit algerlega í hjáverkum, getur ekki haft fullnægjandi eftirlit með öllum þessum sjóðum né gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í því efni. Þess vegna er það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir verið samið og lagt fram. Samkv. þessu frv. er að vísu ætlazt til, að þessi þingkosna n. haldi áfram að vera til, en með dálitið breyttu fyrirkomul., og að við hlið hennar verði skipaður fastur starfsmaður, er sjái um framkvæmdir og annist hin daglegu störf, sem þarf að inna af hendi vegna þessa eftirlits. Þessi tilhögun, sem stungið er upp á í frv., byggist vitanlega á þeirri skoðun, eftir að athugun hefir farið fram á málinu, að ef þetta eftirlit og ráðstafanir út af því á að koma að verulegum notum, veiti ekki af daglegu starfi við þetta og föstum starfsmanni, sem vitanlega er miklu hentugra heldur en þótt ætlazt væri til, að n. innti þetta starf daglega af hendi.

Þá er einnig lagt til í þessu frv. að skylda þá gjafasjóði, sem hafa ekki ennþá fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, að leita hennar. Ennfremur er lagt til, að þetta sjóðaeftirlit, sem frv. gerir ráð fyrir, að sett verði á stofn, gefi leiðbeiningar um reikningshald sjóða og hafi vald til þess að skerast í leikinn, ef út af ber um rekstur sjóða, reikningshald eða annað, sem ábótavant kann að vera um meðferð þeirra.

Einnig er lagt til, að möguleikar verði til þess að breyta skipulagsskrá sjóða, ef tímarnir eru orðnir svo breyttir, að skipulagsskráin er ekki lengur framkvæmanleg eða kemur í bága við þá hætti, sem nú eru orðnir. En þetta verður þó aðeins gert þannig, að reynt verði að hafa skipulagsskrá og starfssvið viðkomandi sjóðs svo nálægt því, sem stofnandinn hefir ætlazt til, sem mögulegt er. — Þá er og lagt til, að almennir sjóðir og sjálfseignarstofnanir, t. d. sjóðir, sem ráðuneytið hefir undir umsjón sinni, verði lagðir undir þetta sjóðaeftirlit ríkisins.

Ég geri ráð fyrir, og byggi það á því, hverjar undirtektir frv. hv. þm. Dal. fékk í fyrra, að menn verði nokkuð sammála um það, að þessar ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, séu nauðsynlegar í sjálfu sér. Og ég geri ráð fyrir því jafnframt og þar af leiðandi, að það, sem menn kynnu að hafa á móti þessu frv., væri einna helzt það, og eiginlega eingöngu, að þeim þætti of mikið lagt í kostnað samkv. því til þess að framkvæma þetta eftirlit. Í því sambandi er fyrst á það að líta, að kostnaðurinn, sem leiðir af samþykkt þessa frv., kemur ekki beinlínis á ríkissjóðinn, þar sem í frv. er ákveðið um, að sjóðir þeir, sem frv. fjallar um, greiði kostnaðinn, sem af framkvæmd laganna leiðir. En ég geri ekki svo mikið úr þessu atriði, því að vitanlega er það nokkuð sama fyrir þjóðarheildina, hvort það er ríkissjóður, sem ber kostnaðinn, eða þessir sjóðir. En hitt er miklu meira atriði, að það er alveg óvíst, hvort þetta fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., verður nokkuð dýrara en það, sem nú er, en á þó að nást miklu meira heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Það er kunnugt, að fyrir vörzlu þeirra sjóða, sem eru undir umsjón ráðuneytisins, er greidd hærri upphæð heldur en nemur launum þessa starfsmanns, sem frv. gerir ráð fyrir, að skipaður verði. Ef sjóðaeftirlitinu yrði falin varzla þessara sjóða, þá hyrfu um leið þessi útgjöld af því, þ. e. a. s. flyttust til. Það sýnist því liggja þannig fyrir, að það megi fá fullkomið eftirlit með þessum sjóðum og öllum öðrum fyrir það sama og varzla þessara sjóða, sem heyra undir stjórnarráðið, kostar nú. Ég skal þó ekki fullyrða, að þetta reynist nákvæmlega svo, en a. m. k. má fullyrða, að það verður ekki um mikil ný útgjöld að ræða, ef sú tilhögun verður of-

an á, að varzla þessara sjóða verður látin heyra undir sjóðaeftirlitið og því goldið fyrir það.

Eins og ég sagði í upphafi, fylgir frv. ýtarleg grg., og ég ætla að láta nægja að öðru leyti að vísa til hennar, en vildi aðeins minnast á meginstefnu frv. í aðalatriðum, en ekki fara út í smærri atriði. — Ég vil svo að lokum leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fjhn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi aðeins fljótlega farið yfir þetta frv., sem hér liggur fyrir, og ætla því nú aðeins að gera fáeinar aths. við það. Ég býst við, að við seinni umr. málsins verði ég búinn að athuga það nánar og geti þá gengið rækilega í gegnum frv.

Á síðasta Alþingi, þegar ég bar fram frv. um eftirlit með sjóðum, sem hlotið höfðu konunglega staðfestingu, gat ég þess, að þegar reynsla fengist fyrir því, hvernig færi um það eftirlit, sem þar var gert ráð fyrir í því frv., sem nú er orðið að lögum, væri rétt, ef sú reynsla gæfi ástæðu til þess, að færa út kvíarnar og láta fleiri sjóði komast undir það eftirlit, sem stofnað var með þeim lögum. Nú sé ég, að fjmrn. hefir með miklu ífafári komið þessu frv. af stað. Lögin um þetta efni, sem samþ. voru á síðasta þingi, eru ekki ennþá gengin í gildi, en samt er farið af stað með þetta frv., sem ég býst við, að sé í anda sumra flokksmanna hv. flm., er alls ekki vildu, að hitt frv. næði fram að ganga, — ég undanskil þó hv. flm. þessa frv., sem ekki lagði nema gott eitt til hins frv. —, en fyrir einhverja handvömm hjá stjórnarflokkunum í hv. Nd. slysaðist þannig, þó að það væri flutt af andstæðingum þeirra, að það náði samþykki deildarinnar og staðfestingu konungs. En Adam var ekki lengi í Paradís, og þessi lög eiga ekki lengi að standa, því að eins og ég tók fram áðan, á að umskapa þau áður en þau ganga í gildi. Það er ekki nóg með það, að það séu bornar fram breyt. á þeim, heldur er grg. þessa nýja frv. fjandsamleg og að mörgu leyti bein árás á fyrra frv. Þar eru hártoganir og rangfærslur eins og t. d. það, að eftirlitsmennirnir eigi ekki að hafa afskipti af, að fé sjóðanna sé tryggilega ávaxtað, eða hafa eftirlit með reikningum og bókhaldi þeirra. Það er einmitt beint tekið fram í lögunum, að þeir eigi að athuga og safna skýrslum um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra og hafa eftirlit með fyrirkomulagi þeirra. En þegar maður svo lítur á, hvað hv. flm. meinar með þessu frv., þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upphafið á umsögninni um 9. gr. frv.:

„Aðalverk sjóðaeftirlits ríkisins á að vera að líta eftir rekstri og fjárgæzlu sjóða og sjálfseignarstofnana og gæta þess, að skipulagsskrár þeirra séu ekki brotnar".

Þetta er í raun og veru nákvæmlega það sama og gert er ráð fyrir í l. frá síðasta þingi. Ég segi fyrir mig, að þar til annað reynist treysti ég eftirlitsmönnunum, sem kosnir voru á síðasta þingi, til þess að líta eftir þessum sjóðum. Ég sé enga ástæðu til, þó að það sé mótflokksmaður minn, hv. 4. þm. Reykv., að ætla það, að hann standi ekki sæmilega í þessari trúnaðarstöðu, sem honum er fengin með lögum þeim, er nú gilda um eftirlit sjóða. Einmitt þessir menn eiga að kynna sér allt fyrirkomulag sjóðanna, og þeir munu verða manna færastir um að breyta þessum lögum á sínum tíma, ef þess þykir þörf, þegar gögn öll eru fengin.

Þá vil ég minnast fáeinum orðum á frv. sjálft. Það segir í 1. gr. frv., að þetta sjóðaeftirlit eigi að ná til allra sjóða, að undanteknum þeim, er þar eru taldir upp. Eftir orðanna hljóðan eiga allir sjóðir að heyra undir eftirlit þessa nýja embættismanns. T. d. fjallskilasjóðir, bústofnslánasjóðir, sjóðir hvers búnaðarfélags í hreppum landsins, kvenfélagasjóðir, ef þeir eru nokkrir til, sjóðir ungmennafélaga, sjóðir kirkna eða safnaða, og ef lestrarfélög í sveitum landsins eiga 10 eða 12 kr., á það að heyra undir þetta sjóðaeftirlit, enda er beint sagt í grg. frv., að bókasöfn eigi að heyra undir eftirlit þessa nýja embættismanns, og ég sé ekki neinn greinarmun á lestrarfélögum og bókasöfnum, a. m. k. ekki þann, að þau heyri ekki einnig undir þetta eftirlit. Ég er ekki fjarri því, að það sé rétt, að þessi nýi launamaður ásamt gæzlustjórum eigi að rannsaka og líta eftir sjóðum stjórnmálaflokka, hvaðan þeir fái sitt gull — ég býst við, að þeir eigi að hafa eftirlit jafnvel verkfallssjóða, þar sem þeir eru til. Ég sé ekki annað eftir þessu frv. en að allt bendi í þá átt. Finnst mér þetta vera helzt til víðtækt.

Þá er, eftir því sem af grg. frv. má skilja, gert ráð fyrir, að nú eigi að hætta að lána úr þessum sjóðum gegn tryggingu í fasteign, og í þess stað eigi að lána sýslu- og bæjarfél. og kaupa ríkisskuldabréf og bankavaxtabréf. Ég sé ekki, að það sé breyt. til batnaðar um öryggi fjár sjóðanna, þó hætt sé að lána út gegn mjög góðri tryggingu í öruggri fasteign, en horfið að því að lána sýslu- og bæjarfélögum, því að eftir þeim umr., sem hér fóru fram í hv. Nd. í gær, þá leit út fyrir, að fjárhagur allra sýslu- og bæjarfélaga væri ekki svo öflugur, að eftir því væri sækjandi að lána þeim fé, þar sem þar var upplýst m. a., að lögboðin gjöld í ríkissjóð hefðu ekki verið greidd frá sumum þessum sýslu- eða bæjarfélögum um fjögra ára skeið. Ég tel þess vegna skakkt að hverfa frá þeirri leið að lána gegn fasteignaveði, og mér finnst það of langt gengið að þröngva þessum sjóðum til þess að kaupa ríkisskuldabréf eða lána bæjarsjóðum á þennan hátt. Við vitum, að nú á tímum er allt gert til þess að afla fjár í ríkissjóð, og að ná sem mestu af einstaklingunum þangað, og nú virðist eiga að fara svo að, að koma sjóðunum einnig í þá miklu hít, þegar skattgeta einstaklinganna er að þrjóta.

Ég get ekki fallizt á, að kostnaðurinn við þetta eftirlit verði svo lítill eins og hv. flm. hélt fram. Hér bætist algerlega við nýtt embætti með 6 þús. kr. launum, og ekki verða lægri laun gæzlustjóranna, býst ég við, heldur en eftirlitsmannanna, sem nú eru. (JJ: Það má lækka þann kostnað). Það mun hæstv. fjmrh. eiga að segja til um, hvað mikið það verður. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi stóraukin útgjöld í för með sér fyrir sjóðina, þar sem gert er ráð fyrir því, að þessi kostnaður lendi allur á þeim, en ekki ríkissjóði, en það er náttúrlega vel til

fallið að stofna embætti, sem algerlega hvíla á þessum sjóðum, þegar ekki er hægt, eða a. m. k. erfitt, að fá fé úr ríkissjóði handa þeim mönnum, sem suma langar til að koma í feit embætti.

Ég tel sjálfsagt að athuga þetta mál vel, og helzt ætti að líða hjá þetta þing áður en hreyft er við því. Vona ég, að það fari hægt og bítandi og að helzt verði ekki hreyft við því að svo stöddu.

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja. Er það nánast fyrirspurn til hv. flm. — Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að leggja dóm á frv. yfirleitt; ég hefi ekki kynnt mér það nógu rækilega til þess, þó að það liggi nú fyrir til 1. umr. En það, sem mér datt í hug að spyrja hv. flm. að, er út af 1. gr. frv., hvort með henni sé meint, að þetta eigi að ná til sjóða, sem eru fyrir utan það að heita gjafasjóðir og hafa öðlazt konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sína, eða sjóða, sem á einn eða annan hátt eru styrktir af ríkinu eða öðrum opinberum stofnunum. Ég tel sjálfsagt, að þessir sjóðir séu háðir eftirliti ríkisvaldsins, en svo eru ýmsir aðrir sjóðir, sem hv. þm. Dal. var að tæpa á, og ég vil í því sambandi sérstaklega beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort t. d. sjóðir verkalýðsfélaga, hvort sem það eru kaupdeilusjóðir, sjúkrasjóðir eða aðrir sjóðir, sem eru innan verkalýðsfélaganna, eigi að vera háðir þessu eftirliti. Ég er ekki viss um eftir orðanna hljóðan á 1. gr. frv., hvort á að telja slíka sjóði sjálfseignarsjóði eða bjargráðasjóði, en tel það mjög æskilegt, að það komi skýrt fram af hálfu flm. þessa frv., hvað víðtækt þetta eftirlit á að vera, ef það verður sett á stofn. Ég dreg enga dul á það, að það eru ýmsir sjóðir innan ýmsra félaga í landinu, sem e. t. v. er ekki talið nauðsynlegt að heyri undir opinbert eftirlit, en aftur á móti eru aðrir sjóðir, sem sjálfsagt er, að séu háðir opinberu eftirliti. Ég vildi því fá skýr svör við þessu, og það er verkefni þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að gera þetta svo vel ljóst, að enginn vafi geti leikið á um, til hvaða sjóða eftirlitið á að ná. — Ég tel ekki þörf við þessa umr. að gagnrýna frv., en ég skal taka það fram, að það er mín skoðun, að andi frv. stefni í rétta átt, og sennilegt er, að með nokkrum breyt. verði hægt að fylgja því fram til sigurs.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég vil ekki fullyrða, að tekizt hafi að orða gr. frv. svo skýrt, að skilningur á þeim geti ekki orkað tvímælis. Þó finnst mér liggja ljóst fyrir það atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Dal. gerðu að umtalsefni. Er það að sjálfsögðu meining frv., að það nái ekki til annara sjóða en gjafa- eða sjálfseignarsjóða, sem ekki eru eign ákveðins aðilja. Kemur því ekki til mála, að hér undir geti heyrt félagasjóðir, svo sem kvenfélaga, sem hv. þm. Dal. virtist helzt bera fyrir brjósti, eða sjóðir verkalýðsfélaga, sem hv. 4. þm. Reykv. lét sér aftur á móti sérstaklega annt um. Ef þetta þykir ekki nægilega skýrt í frvgr., er sjálfsagt, að n. sú, sem málið fær til meðferðar, kveði þar skýrt á um. — Sama má t. d. segja um fjallskilasjóði í sveitum, sem skoða má sem grein af sveitarsjóðum.

Hv. þm. Dal. talaði um, að frv. eða grg. þess væri skrifuð í fjandsamlegum anda við frv. það, sem hann flutti í fyrra og nú er orðið að l. Það get ég ekki séð. Þetta frv. er eðlilegt framhald af frv. hans. Hann á hugmyndina að þessu máli, þó að aðrir hafi nú tekið við og aukið þar við, er hann gekk frá. Er í slíku enginn fjandskapur. Það má segja, að þetta frv. sé ekki fram sett til að „afnema lögmálið og spámennina, heldur til að fullkomna það".

Ég get ekki annað en tekið undir það, sem hv. þm. Dal. sagði um þá þrjá menn, sem kosnir voru til að hafa eftirlit með sjóðunum, að þetta eru allt ágætir menn og vel til starfsins hæfir. En þessir menn hafa öðrum störfum að gegna, og hefir víst aldrei verið til þess ætlazt, að þeir ynnu þetta verk öðruvísi en í hjáverkum. Ég ímynda mér, að hv. þm. Dal. hafi ekki heldur ætlazt til þess, eins og sést á launaupphæð þeirri, sem hann ætlaði þeim í frv. sínu. Býst ég við, að Alþingi muni kjósa þessa sömu menn áfram, ef einn þeirra verður þá ekki framkvæmdarstjóri.

Þá fann hv. þm. Dal. frv. sérstaklega til foráttu, að látið er skína í, að fé sjóðanna megi verja til kaupa á ríkisskuldabréfum og öðrum verðbréfum. Ég tel þetta einmitt kost á frv. Eru að því mikil vandræði hér á landi, hve illa gengur um alla verðbréfasölu. Fyrir sjóði, sem á að ávaxta, eins og ýmsa gjafasjóði (og suma þessa sjóði á að ávaxta í 100 ár, jafnvel 150 ár) — fyrir slíka sjóði væri eins gott að eiga trygg verðbréf eins og að geyma féð í sparisjóðum, sem ekki eru alltaf sem tryggastir.

Að því er kemur til þess, að stofna eigi nýtt embætti með 6000 kr. launum, þá er það að nokkru leyti rétt. Annars liggur hér líka fyrir að afnema embætti með miklu hærri launum, og gæti þá þetta tvennt gengið upp. Og þó að núgildandi l. gildi áfram, held ég, að reka hlyti að því, að n. yrði að fá aðstoð við daglega afgreiðslu starfanna. Nú þegar eru hærri upphæðir en hér er farið fram á greiddar fyrir vörzlu örfárra sjóða, og er því ólíklegt, að hér verði um veruleg ný útgjöld að ræða.

Annað það, sem hv. þm. Dal. minntist á, heyrir fremur undir 2. umr. málsins, og mun ég geyma að svara því þangað til.

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér kom það kynlega fyrir, sem hv. 1. þm. Eyf. hélt fram um fjallskilasjóði. Ég skal ekki þjarka mikið um það mál, en læt mér nægja, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 5. málsgr. 25. gr. úr sveitarstjórnarl.:

„Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sé réttur. Um yfirskoðun þessa reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins".

Sýnir þetta óhrekjanlega, að í lögum er gert

ráð fyrir og beinlínis fyrirskipað að hafa fjallskilasjóði.

Hv. þm. útskýrði, hvaða sjóðir heyra undir þessi l. Skildist mér það eiga að vera sjóðir, sem ekki væru í eign ákveðins aðilja. Þetta mál yrði víst að diskútera lengur en tími er til hér, ef komast ætti að ákveðinni niðurstöðu um það atriði. Getur það verið álitamál, hvað teljast skuli ákveðinn aðili.

Að lokum yfirgekk hv. þm. mig alveg með því að líkja frv. sínu við evangelíum það, sem Kristur kom fram með, og með því að líkja sjálfum sér við hann, er hv. þm. kvaðst ekki vera fram kominn til að afnema lögmálið og spámennina, heldur til að fullkomna það. Margir munu þeir vera, er telja þetta sjálfsálit, og það ekki lítið, hjá hv. 1. þm. Eyf.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég sé ekki, að það, sem hv. þm. Dal. sagði um fjallskilasjóði, hreki það, sem ég sagði. Þó að ákveðið sé í sveitarstjórnarl., að reikningar fjallskilasjóða, ef til eru, skuli gerðir fyrir ákveðinn tíma ár hvert, þá sé ég ekki, að það ákveði nokkuð það, hvort fjallskilasjóðir eigi að vera til. T. d. er reikningshald sjóða í Eyjafjarðarsýslu í ágætu lagi, en þar eru engir fjallskilasjóðir til. Er þar jafnað niður á menn gangnaskilum, er þeir eiga að inna af hendi, og kemur það í stað þess hlutverks, sem fjallskilasjóðum er ætlað annarsstaðar. Þetta er í samræmi við fjallskilareglugerð sýslunnar, sem staðfest er af stjórnarráðinu.

Þorsteinn Þorsteinsson: Við hv. flm. erum nú komnir nokkuð langt út frá efninu. Ég las hér upp úr l., að hver oddviti ætti að gera reikning fjallskilasjóðs. Þá gefur hv. flm. í skyn, að þessi l. séu ekki lesin svona í Eyjafirði. Það er eins og þegar maðurinn var að deila við granna sinn um stjórnmál. Hann kvað þetta standa í Ísafold, en hinn þrætti. Sækir hann þá Ísafold og les fyrir honum. „Ekki les ég það svona í minni Ísafold", sagði hinn. — Þó að þetta kunni að vera svona eftir fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu og jafnvel samþ. af stjórnarráðinu, þá afnemur það þó ekki lög.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég heyrði, að hv. þm. Dal. las upp úr l., að það ætti að vera búið að gera reikninga fjallskilasjóða, þar sem þeir eru til, á ákveðnum tíma. En ég vil spyrja hann: Hvar eru ákvæði um, að fjallskilasjóðir skuli vera til í öllum hreppum?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 189 og 218).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., gerði ég nokkra grein fyrir því almennt; auk þess fylgir frv. allýtarleg grg. Ég mun því ekki ræða málið almennt nú, en eins og sjá má á nál. 189 og 218, hefir fjhn. ekki getað orðið sammála um frv. Við tveir nm., sem erum meiri hluti n., leggjum til, að frv. verði samþ. með lítilsháttar breyt., og eru brtt. okkar í nál. 189. Þessar brtt. ganga fyrst og fremst út á það, að skipta frv. í kafla með viðeigandi fyrirsögnum. Eru 1., 3. og 4. brtt. um þetta. — Í öðru lagi viljum við taka af öll tvímæli um það, að sjóðir einstakra félaga, sem tvímælalaust eru eign félaganna, heyri ekki undir þetta eftirlit. Ég lít svo á, að í raun og veru hafi þess ekki verið þörf að taka þetta fram, en vegna ummæla, sem fallið hafa, þykir okkur þetta vissara. — Í þriðja lagi leggjum við til, að gæzlustjóra, er frv. gerir ráð fyrir, skuli kjósa á því sama Alþingi, sem frv. samþykkir. Ég sé, að hv. minni hl. leggur til, að mál þetta verði afgr. með rökst. dagskrá. Ég ætla ekki að ræða nál. minni hl. að svo stöddu. Þó vil ég benda á eitt atriði í nál. og eins í dagskrártill., sem lagt er til, að verði samþ. Þar er því slegið föstu, að frv. þetta verði til útgjaldaauka bæði fyrir ríkissjóð og viðkomandi sjóði. Ég get ekki séð, að svo verði. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, eins og hv. minni hl. veit, að ríkissjóður greiði þennan kostnað nema rétt í bili, heldur er það meiningin, að sjóðirnir sjálfir borgi kostnaðinn. Kostnaður er það að vísu, þó sjóðirnir sjálfir eigi að borga, en það er bara mín trú og meiri hl. n., að sá kostnaður borgi sig fyrir sjóðina, og þar sem svo mikið fé er buhdið í þessum sjóðum, þarf ekki að muna miklu á betri vörzlu sjóðanna til þess, að kostnaðurinn hafist upp, og meira en það.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Nál. mínu hefir fyrst verið útbýtt nú á þessum fundi, og veit ég því ekki, hvort hv. þdm. hafa haft tíma til að lesa það, þótt ekki sé það langt.

Ég hefi lagt til, að mál þetta yrði ekki afgr. nú öðruvísi en með rökst. dagskrá. Mér finnst það að miklu leyti vera ofrausn að setja slíka löggjöf sem þessa, eins og ástandið er nú í landinu. Það skal játað, að rétt er, að hið opinbera hafi nokkurt eftirlit með sjóðum, a. m. k. þeim, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. En um þetta voru sett l. fyrir örfáum mánuðum síðan, á síðasta þingi. Í þeim l. var ákveðið, að Alþ. skyldi kjósa 3 menn, sem söfnuðu skýrslum um þessa sjóði og hefðu rétt til að krefja sjóðstjórnirnar, að viðlögðum sektum, um svör við reikningshaldi öllu, ef eitthvað virtist athugavert við meðferð sjóðanna. Síðan eiga þessir eftirlitsmenn að tilkynna fjármálaráðuneytinu aths. sínar, og það á að sjá um, að úr vanrækslu og öðru því, sem aflaga kann að fara, verði bætt. Þegar á það er litið, hve eftirlitslausir þessir sjóðir hafa verið undanfarið, virðist þetta þriggja manna eftirlit vera spor í rétta átt, og með öllu ástæðulaust að hlaupa til, áður en það fyrirkomulag er farið að sýna sig, og stofna til víðtækrar löggjafar um þetta efni. Það má auðvitað segja, að meira öryggi væri í því fólgið að setja upp skrifstofu með sæmilega launuðum embættismanni — eftir því sem embættislaun nú gerast hér á landi — og honum til aðstoðar 3 gæzlustjóra til að annast

eftirlit með þessum sjóðum, en það er í þessu eins og svo mörgu öðru, að synda verður milli skers og báru, og láta það eftirlit nægja, sem forsvaranlegt getur talizt, miðað við ástandið í landinu og verkefnið, sem vinna á. Ég er sannfærður um það, að ef þeir 3 menn, sem Alþ. kýs til þessa starfa, á annað borð rækja sitt eftirlit, og um það er engin ástæða til að efast, er þar fengið fullforsvaranlegt eftirlit með þeim sjóðum, sem l. frá í fyrra ná til. Enda eru rökin í grg. þessa frv. gegn því mjög veik. Það er bara sagt, að þetta eftirlit sé ekki nægilegt, að þetta sé ófullnægjandi, og annað þess háttar, þeir hafi ekki nægilegt vald, þessir eftirlitsmenn, o. s. frv. Þeir hafa allt það vald, sem þeir þurfa að hafa til þess að krefjast skýrslna, og að baki þeim stendur vald fjmrn. til þess að kippa í horf öllu því, sem aflaga kann nú að fara og sjóðstjórnirnar annars þrjózkast við að lagfæra. Það er haft á móti l. frá í fyrra um þetta efni, að þau séu ekki nægilega víðtæk, því að þau nái einungis til þeirra sjóða, er hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. En ég sé ekki betur, eftir 3. gr. þessa frv., en að það eigi að skylda alla sjóði til þess að leita konungsstaðfestingar á skipulagsskrá. Það er sagt, að „stjórnir þeirra gjafasjóða, er eigi hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, skulu hafa sent gjafabréfin til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess að þau geti öðlazt konungsstaðfestingu". Það er þannig gert að skyldu, að allir sjóðir fái konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Ég skal ekkert um það segja, hvort ástæða er til að heimta þetta. En ef einhver maður er nú þannig gerður, að hann vill fela sjóðinn umsjón einstaklings eða stéttar, eða hvernig sem hann vill hafa það, en kærir sig ekki um konungsstaðfestingu og mælir ekki svo fyrir í gjafabréfinu, að hennar skuli leitað, eins og venja mun þó vera, þegar ætlazt er til, að bréfið fái konungsstaðfestingu, þá sé ég ekki, hvers vegna löggjafarvaldið á að heimta slíkt. Það má segja, að það sé enginn skaði skeður, þótt staðfestingarinnar sé leitað, en eigi að síður er það ástæðulaust, ef gefandinn kærir sig ekki um það. Ef einhver maður gefur sjóð í þeim tilgangi, sem stjórnarráðið eða stjórn sjóðsins kærði sig ekki um að mæla með, þá sé ég ekki, að út af fyrir sig eigi manninum ekki að vera það heimilt, svo framarlega sem það varðar ekki við lög á einhvern hátt. Til þess að hvetja menn til að gefa fé til sjóðsstofnunar tel ég, að eigendurnir eigi að vera eins frjálsir og þeir vilja, og jafnvel, ef þeir æskja ekki þeirrar tryggingar, sem fólgin er í konungsstaðfestingunni, þá eigi löggjafarvaldið ekki að þröngva henni upp á þá, En ef það hefir verið ákveðið, að konungsstaðfestingar skyldi leitað og það hefir verið vanrækt, þá hafa eftirlitsmennirnir, samkv. lögum frá síðasta Alþ., vald til þess að heimta, að þeim fyrirmælum sé fullnægt og vilji gefandans látinn njóta sín. Lengra er ekki ástæða til að fara. Löggjafarvaldið á með þessum tryggingarráðstöfunum aðeins að sjá um það, að vilja gefandans sé framfylgt. Og ef hann er ekki sá, að sjóðurinn standi undir slíkri yfirstjórn, þá finn ég enga ástæðu til þess, að löggjafarvaldið sé að grípa þar fram í. En ég sé ekki á 3. gr. frv., að um neinar undantekningar sé að ræða, og hægt að halda þeim að viðlögðum dagsektum til að leita konungsstaðfestingar innan 6 mánaða frá gildistöku l.

Í 5. gr. frv. er talað um, að gera megi, undir vissum kringumstæðum, breyt. á gjafabréfum. Þótt þar sé nokkuð tryggilega um búið til þess að vilji gefandans verði virtur, þá verð ég að telja ákaflega varasamt að gera ráð fyrir því í l., að síðasta vilja gefanda sé breytt. Það er hætt við því, að menn fælist frá því að mynda slíka sjóði, ef þeir vita, eða halda, að einhverjar alveg „subjektivar" ástæður geti valdið því, að síðasta vilja þeirra sé breytt, bara ef hann er ekki í samræmi við það, sem allur almenningur álítur nú.

Þessi löggjöf, sem hér er í uppsiglingu, er að því leyti viðtækari en l. frá síðasta þingi, að hún tekur einnig til sjálfseignarstofnana svokallaðra. Það getur verið, að þetta hugtak, „sjálfseignarstofnun", sé ekkert flókið viðfangsefni fyrir lögfræðinga, en ég efast um, að hv. flm. frv. hafi gert sér ljóst, hve mikið felst í þessu orði. Þarna getur verið að ræða um algerð einkafyrirtæki, t. d. til hagsbóta fyrir eina stétt, eða þess háttar. Það eru til fyrirtæki, sem byrja sem hlutafélög einhverra fárra manna innan stéttarinnar. Síðan gefa menn hlutabréf sín og mynda stjórn í þessu fyrirtæki, sem þannig er orðið að sjálfseignarstofnun. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að fara að draga þetta undir eftirlit. —Mér skilst, að undir þetta eftirlit eigi einnig að heyra sparisjóðir, sem eru sjálfseignarstofnanir. (**Fjmrh.**: Þeir eru teknir undan). Eru þeir það? Þá bið ég afsökunar; mér hefir þá sézt yfir það.

Það er aðallega þrennt, sem haft er á móti l. frá í fyrra um þetta efni. Er það fyrst, að þau nái ekki til sjóða, sem stofnaðir eru samkv. l. Ég sé ekki, að nokkur ástæða sé til þess að draga slíka sjóði undir þetta eftirlit. Löggjafarvaldinu á ekki að vera ofvaxið að kveða svo á, að varzla þeirra sjóða sé trygg, enda mun ekki í einu einasta tilfelli vanta skýr og greinileg ákvæði um þetta, og það svo, að ég hygg, að þetta sjóðaeftirlit myndi þar ekkert um bæta. Ég vil t. d. benda á sáttmálasjóð. Ég get ekki séð, hvaða ástæður ættu að vera til þess að fara að draga þann sjóð úr höndum háskólaráðsins, sem hefir stjórn hans, birtir reikninga hans og lætur endurskoða þá vel og vandlega. Þar fer allt opinberlega fram og allar upplýsingar gefnar um sjóðinn. Ég get ekki séð, á hvern hátt eftirlitsstofnun ríkisins á að geta haft þar hönd í bagga með til nokkurs gagns. Eða t. d. verðjöfnunarsjóðirnir, sem verið er að mynda samkv. l. Þetta er allt saman undir stjórnum, sem að lokum hafa sína yfirstjórn í ráðuneytunum, og ég sé enga ástæðu til þess, nema menn vilji leika sér með peningana, að vera að setja upp embætti til þess að annast það, sem fyrir löngu er fullséð fyrir á annan hátt. — Það, að fara að gefa um þetta efni nýja löggjöf áður en þau l., sem sett voru í fyrra, eru nokkuð farin að sýna sig, tel ég alveg skakkt. — Í 13. gr. frv. er svo ákveðið, að þessari skrifstofu megi einnig fela vörzlu sjóða — ekki einungis eftirlit, heldur

einnig vörzlu. Mér hefði nú fundizt það leiða af sjálfu sér, að þetta væri einmitt eina stofnunin, sem ekki mætti taka að sér vörzlu sjóða, af því að hún á að hafa eftirlit með þeim, sem gæta sjóðanna. Hinsvegar verður þetta til þess að auka skrifstofu þessa töluvert mikið. — 14. gr. hlýtur að hafa í för með sér töluverðan kostnað. Samkv. henni á að gefa út yfirlit yfir reikninga sjóða og sjálfseignarstofnana, og 5. hvert ár skulu reikningarnir gefnir út með ýtarlegri grg. Ég veit nú ekki, hvers vegna þessi grg. á að fylgja eða hvernig hún á að vera, hvort það eiga að vera myndir af húsum o. s. frv., einskonar „jubileum"-rit. Sú grg., sem menn varðar um, á að koma fram í hinu árlega yfirliti, ef einhver atriði eða ráðstafanir þarfnast skýringa. — Svo fylgir það nú með, eins og vant er, að þetta kosti ekki neitt allt saman. Það er venjan, þegar svona stofnanir eru settar upp, að þá eiga þær ekki að kosta neitt. Það er sagt, að þessi kostnaður sé nú þegar fyrir hendi, vegna þess að starfsmönnum í stjórnarráðinu sé nú greidd aukaborgun fyrir þetta eftirlit. Ef hægt er að taka þetta af starfsmönnum í stjórnarráðinu, þá gæti ef til vill verið um sparnað að ræða, en ég geri ráð fyrir, að þetta sé einskonar uppbót á lág laun, því að það hefir í langan tíma viðgengizt, að launin í stjórnarráðinu hafa verið svo lítil, að úr því hefir verið bætt með því að fela starfsmönnunum hin og önnur launuð aukastörf, og ef þau væru af þeim tekin, þyrfti að bæta þeim það upp á annan hátt, og kæmi það þá sem beinn kostnaður.

Hv. frsm. meiri hl. sagði svo, eins og alveg er rétt eftir 15. gr. frv., að kostnaðurinn á að greiðast úr ríkissjóði til bráðabirgða, en síðan á að kalla þetta inn frá öðrum um hver áramót. Þetta getur nú verið gott að hafa á pappírnum til þess að friða menn, en á svona innheimtu eru svo miklir örðugleikar, að ekki er vert að gera sér neinar gyllingar um það. Þetta er sama ákvæðið og var í lögunum um eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Bankarnir og sparisjóðirnir áttu að greiða allan kostnaðinn hlutfallslega. Bankarnir greiddu sinn hluta, en mjög lítið af sparisjóðunum, og í hverjum einasta landsreikningi var aths. um þessar eftirstöðvar, sem alltaf vildu verða. Alveg sama reyndin myndi verða hér. Þetta kemur svo tiltölulega lítið í hlut hverrar þessarar stofnunar, að í raun og veru lendir það aðeins hjá þeim stærstu, og svo sér ríkissjóður um hitt.

Ég hefi ekki lagt til, að þetta frv. verði felt, heldur afgr. með rökst. dagskrá. Kemur það til af því, að hugsunin í þessu frv., það að hafa nákvæmt og gott eftirlit, er ekki stefna, sem ég er andvígur. Mér finnst það aðeins vera einkennilegt, og næstum að segja undir virðingu Alþingis, að setja þannig mismunandi lög um sama efni, ekki flóknara en það nú er og ekki háð breytingum frá mánuði til mánaðar. Síðasta þing setti lög um þetta efni, og mér finnst sjálfsagt að láta þau lög fá reynslu áður en farið er að leggja út í nýja löggjöf um sama efni. Reynsla undanfarandi áratuga hefir sýnt, að hér er engin hætta á ferðum. Það þýðir ekkert í því sambandi að minna á það, að til séu einhverjir sjóðir, sem menn hafi jafnvel ekki vitað um, að voru til. Það eru þá örfáir sjóðir, sem hafa þá hvílt í ró og ekkert tjón af hlotizt, enda um afarsmáar fjárupphæðir að ræða í þeim tilfellum. Hinsvegar á það ekki að verða í vegi fyrir því, að sett sé eftirlit, en eftirlitið frá síðasta þingi er spor í rétta átt í þessu máli, þótt e. t. v. sé ástæða til þess að auka eftirlitið eitthvað síðar, þegar reynslan er fengin, og í því efni er þá n. sú, sem Alþ. kaus í fyrra, færust um að gera till. til umbóta smátt og smátt. Því að reynslan ein getur um það sagt, hvað er heppilegast í svona nokkru.

Ég hefi lagt til, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá, þar sem vitnað er til þessarar löggjafar frá síðasta þingi og einnig vitnað til fjárhagsafkomu ríkissjóðs nú, þar sem sjálfsagt verður meira en nokkru sinni áður að leita að liðum, sem hægt er að taka og skera niður, og ætti því ekki að svona nauðsynjalitlu að grípa til að setja upp ný embætti eða stofnanir, sem svo þarf að beita hnífnum á þegar í stað, því að það er ég viss um, að þó þessi l. yrðu samþ., og svo ætti að fara að skera niður eitthvað af ónauðsynlegum embættum, þá yrði þetta eitt hið allra fyrsta, sem afnumið yrði. Alþ. ætti ekki að setja slíka löggjöf eftir að sýnt er, að fara verður með hnífinn í einhverjar þær stofnanir, sem ríkið hefir sett upp.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Mér virtust aðalrökin, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Reykv. gegn þessu máli, vera þau, að á síðasta þingi, sem skammt er nú liðið frá, hefðu verið sett lög um þetta efni, og að reynsla væri ekki fengin um þau lög ennþá. En það er nú svo, að þegar þetta mál var hér fyrir síðasta þingi, þá var einmitt um það dálítill ágreiningur, hvort tímabært væri að setja þau lög, sem þá voru sett. Fjhn., sem þá hafði málið til meðferðar eins og nú, og sömu menn áttu sæti í, skiptist dálítið öðruvísi, þar sem við 1. þm. Reykv. vorum þá í meiri hl. og lögðum til, að frv. yrði samþ., ég þó með fyrirvara, en hv. 4. landsk. taldi, að málið væri þá ekki nægilega undirbúið. Fyrirvari minn þá var einmitt um það sama, að ég teldi málið tæplega nógu vel undirbúið, þótt ég sæi hinsvegar ekki ástæðu til þess að leggja beinlínis til að því væri frestað. En þessi undirbúningur, sem á skorti þá, var einmitt sá, að ekki lágu fyrir nægilegar og eiginlega engar upplýsingar um það, hvað þessir sjóðir væru margir og hve mikilli upphæð þeir næmu o. s. frv. Það var einmitt þá verið að safna þessum upplýsingum, og n., sem hafði málið til meðferðar, reyndi að afla sér upplýsinga, en fékk þær ekki. Nú, eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir, skeður það einfalda, sem svo oft hefir komið fyrir áður, að það verður augljóst, að málið hefði átt að takast upp á dálítið öðrum grundvelli en gert var í fyrra. (ÞÞ: Er skýrslusöfnun lokið?). Ekki algerlega, en hún er komin mikið áleiðis, eins og grg. ber með sér, og fyrir liggja allmiklar upplýsingar um það, hvað hér er um að ræða. Í stað þess, að hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram, að svo stutt sé liðið frá því að l. voru sett um þetta efni, að óviðkunnanlegt

væri að setja ný, þá vil ég snúa þessu við og segja, að réttara hefði verið í haust að bíða með það þangað til nú að setja l. um þetta efni, og byggja þau þá meira á því, sem vitað var um þessa sjóði. Annars held ég, að það sé ekkert einsdæmi, að Alþ. breyti þeim l., sem sett hafa verið af næsta þingi á undan. Ég skal játa, að það væri betra að geta vandað svo til löggjafarinnar, að til þess þyrfti ekki nema sem sjaldnast að koma, en það þykir nú samt nauðsynlegt oft og tíðum. Annars var hv. 1. þm. Reykv. sammála um það, sem frv. miðar að, að það væri í alla staði æskilegt að hafa eftirlit með sjóðum og stofnunum sem öruggast og fullkomnast, en hann sagði eitthvað á þá leið, að við yrðum að sníða okkur stakk eftir vexti og kosta ekki meira til en nauðsynlegt væri, og getur það verið rétt. En ég er ekkert viss um, að þótt þetta frv. verði samþ., verði kostnaðurinn svo miklu meiri en annars myndi verða.

Hv. þm. talaði um, að nefndin, sem kosin var á þinginu í vetur, gæti haft það eftirlit með sjóðunum, sem nauðsynlegt væri. Ef svo ætti að vera, þá yrði n. að sitja hér allan tímann, og gæti það þá orðið dýrt að kosta 3 menn. En ef þeir sætu hér ekki allan tímann, þá býst ég við, að þeir yrðu að ráða skrifstofumann, og væri þá óvíst, hvort ódýrara væri. Eins og öllum er kunnugt, kostar sú umsjón, sem stjórnarráðið hefir með nokkrum sjóðum, mikið fé. Þó að það mætti kannske skoða þá upphæð, sem greidd er fyrir þessa umsjón, að einhverju leyti sem launauppbætur, þá hygg ég samt, að svo mikið sé greitt fyrir þessa umsjón, að það sé ekki rétt, í öllum tilfellum, að skoða það sem réttmæta launauppb't til starfsmanna stjórnarráðsins. Það er alveg óvíst, að þetta fyrirkomulag verði dýrara heldur en það, sem ætlazt er til að sé samkv. lögum um eftirlit með sjóðum, sem öðlazt hafa konungsstaðfestingu, sem samþ. voru á síðasta þingi. Þá minntist hv. 1. þm. Reykv. á þau atriði, þar sem þetta frv. nær lengra en lögin frá í vetur. Í fyrsta lagi minntist hann á, að skylt er að leita konungsstaðfestingar á gjafabréfum eða stofnskrám sjóða. Hv. 1. þm. Reykv. sá ekki, að ástæða væri til þessa. Ég hygg þó, að tryggilegar sé um sjóðina búið, ef formlega er að þessu farið. Ég hygg það fátítt, sem haldið hefir verið fram, að gefendur sjóða vilji ekki konungsstaðfestingu. Ég hygg, að oft hafi ekkert um það verið ákveðið í stofnskrám sjóðanna, og stundum hygg ég, að það sé frekar gleymsku að kenna en því, að menn vilji ekki, að leitað sé staðfestingar.

Um ákvæði 5. gr., sem heimilar að breyta gjafabréfum eða stofnskrám sjóða, hygg ég, að sé svo varlega búið, að ekki þurfi að óttast það. Það er tekið fram, að breytingu megi ekki gera nema ástæður séu orðnar svo breyttar frá því að sjóðurinn var stofnaður, að ekki sé unnt að framkvæma fyrirmæli gjafabréfsins eða stofnskrárinnar, og sé þá vilji gefandans virtur eftir því, sem hægt er að koma við. Mér finnst, að þetta ákvæði tryggi rétt þeirra, sem gjafasjóði vilja stofna, og ætti ekki að fæla neinn frá að stofna slíka sjóði.

Þá fannst hv. 1. þm. Reykv. það undarlegt, ef ekki væri hægt að búa svo um stjórn þeirra sjóða, sem stofnaðir eru með sérstökum lögum, að ekki væri þörf á þessu eftirliti. Það getur vel verið, að það ætti ekki að vera löggjafarvaldinu ofvaxið að búa svo um þá sjóði, sem stofnaðir eru með sérstökum lögum, að ekki þurfi að skipa eftirlit með þeim, en það verður að teljast hentugra og hagkvæmara að hafa vörzlu þessara sjóða á einum stað heldur en í mörgu lagi.

Þá fannst hv. 1. þm. Reykv. lítið gerandi úr því, að sjóðirnir ættu sjálfir að endurgreiða ríkissjóði kostnað þann, sem leiðir af þessum lögum, og benti hann í því sambandi á lögin um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, sem nú er búið að nema úr gildi, að þar hefði innheimtan gengið illa; hefðu bankarnir greitt sinn hluta, en sparisjóðirnir ekki. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvernig þetta hefir gengið, því ég er ekki svo kunnugur því. En fyrir nokkrum árum hafði ég á hendi störf fyrir litinn sparisjóð, og veit ég, að hann greiddi alltaf sinn hluta, og hygg ég, að svo hafi fleiri sparisjóðir gert. En ég skal þó ekki fullyrða, að það hafi verið í því lagi, sem það átti að vera. En tregðan á að greiða þetta mun meðfram hafa stafað af því, að sparisjóðunum hefir ekki fundizt, að þeir hafi haft fullkomið gagn af eftirlitinu, og orðið þess lítið varir. Það gæti farið eins um þetta eftirlit, ef stofnununum fyndist þær ekki verða varar við það í framkvæmdinni. En gæti það náð tilætluðum árangri og orðið stofnunum til stuðnings, með því að gefa þeim leiðbeiningar og gera ráðstafanir til hagsmuna fyrir þær, þá myndi ekki verða tregða á að greiða þetta. Það má því gera ráð fyrir, að þetta verði ríkissjóði ekki til byrði, og ríkissjóður þurfi aðeins að veita lán til þessa part úr ári. Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að halda, að þetta verði öðruvísi en í l. stendur.

Hv. 1. þm. Reykv. vék að því aftur og aftur í ræðu sinni, að það væri óviðkunnanlegt að setja l. um þetta með svona stuttu millibili. Ég verð að segja það, að mér finnst, að afstaða okkar tveggja nm. sé í fullu samræmi við það, sem við héldum fram á síðasta þingi. Annar okkar hélt því þá fram, að það væri ekki tímabært að setja l. um þetta, því að fullkomnar upplýsingar væru ekki fengnar um þetta efni, og hinn leit svo á, að ekki væri hægt að segja með vissu, hvernig hentugast væri að hafa eftirlitið. Nú eru upplýsingar fengnar um þetta efni, og virðast þær benda í þá átt, að það fyrirkomulag, sem var gert ráð fyrir með l. frá síðasta þingi, sé ekki fullkomið, ef á annað borð á að hafa fullt eftirlit með opinberum sjóðum, en það mun þó hafa verið ætlun hv. flm. að l. frá síðasta þingi og hv. 1. þm. Reykv., sem mælti með frv. Það eru mér því vonbrigði, að hv. 1. þm. Reykv. skuli nú ekki styðja þetta mál, sem er eðlilegt framhald á málinu frá síðasta þingi. Ég tel víst, að hv. flm. frv. um eftirlit með sjóðum, sem öðlazt hafa konungsstaðfestingu, frá síðasta þingi, styðji þetta frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. hefir svarað því, sem fram kom af and-

mælum gegn þessu frv. frá hv. 1. þm. Reykv. En þar sem fleiri munu hafa tilhneigingu til að andmæla frv., þá ætla ég að segja um það örfá orð. — Hv. 1. þm. Reykv. gerði ráð fyrir, að sjóðaeftirlitið samkv. l. frá í fyrra væri nægilegt út af fyrir sig, og ekki þörf á þessu frv. Litlu síðar í ræðu sinni sagði hann, að eftir þessu frv. myndi ekki eingöngu verða 3 gæzlustjórar og einn embættismaður, heldur myndi líka þurfa sérstakt skrifstofuhald og starfsfólk við það. Í þessu kemur nú fram ósamræmi. Ef hann heldur, að hinir þrír menn, sem kosnir voru samkv. l. frá síðasta þingi, geti leyst þetta starf af hendi, þá ættu 3 gæzlustjórar og einn embættismaður að geta það, og ætti þá ekki að þurfa mikið skrifstofuhald. Það er því ósamræmi í því, þegar hann álítur, að í kákfrv. frá í fyrra sé nægilega séð fyrir þessu, en ekki í þessu frv., sem nú er til umr.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi gera mikið úr kostnaðinum, sem af þessu frv. leiddi. Hv. frsm. hefir tekið það fram og gefið upplýsingar um það, að enginn aukakostnaður verður við þetta eftirlit, og það, sem hv. þm. sagði um, að verið væri að binda ríkissjóði bagga með þessu frv., hefir því ekki við rök að styðjast. Ég get fullyrt, að samkv. þessu frv. er ekki um aukinn kostnað að ræða fyrir ríkissjóð, af þeirri ástæðu, að fyrir vörzlu þeirra sjóða, sem eru í umsjón stjórnarráðsins, eru greiddar háar upphæðir, sem munu nægja til að greiða kostnaðinn við eftirlitið. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að ekki væri hægt að taka þessa þóknun af þeim mönnum, sem hefðu hana nú, nema með því móti að veita þeim launauppbót. En ég get upplýst, að það eru ekki lægst launuðu mennirnir, sem fá þessa þóknun, heldur þeir hæst launuðu, og þarf því ekki að bæta þeim upp, þó þeir missi eitthvað við samþ. frv.

Annars skal ég taka það fram almennt um málið, að það, sem vakti fyrir mér, þegar ég beitti mér fyrir því, að frv. um þetta efni væri flutt, var ekki eingöngu það, að hægt sé að líta eftir því, að farið sé heiðarlega með fé sjóðanna, heldur og að fá yfirlit yfir það, hvernig því væri varið til útlána, hvort það væri til nauðsynlegra útlána eða til útlána, sem ekki væru eins nauðsynleg og önnur útlán. Við skulum taka til dæmis, að sjóður láni manni fé í fremur ónauðsynlegt fyrirtæki á sama tíma og verðbréf eru boðin út, t. d. jarðræktarbréf. Til þess að fá yfirlit yfir þetta er nauðsynlegt, að löggjafarvaldið og stj. fái að hafa eftirlit með sjóðunum, svo að hægt sé að beina lánastarfsemi þeirra inn á þær brautir, þar sem nauðsynin er mest fyrir lánin. Það er alltaf verið að ýta á stað framkvæmdum fyrir bæjar- og sveitarfélög, og eru oft mestu vandræði að útvega lán til þeirra, þó að ríkisábyrgð sé veitt, á sama tíma og lán eru veitt úr sjóðum til ónauðsynlegra fyrirtækja. Þess vegna er eðlilegt, að menn vilji hafa eftirlit með þessu, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við skipulagsskrárnar. Ákvæði skipulagsskránna eru oft ekki svo hnitmiðuð, að ekki sé hægt að gera slíkar ráðstafanir innan takmarka skipulagsskránna eins og að velja milli verðbréfaflokka. Þess vegna er nauðsynlegt, að þeir sjóðir, sem stofnaðir eru samkv. l. og eiga að vera geymslusjóðir, komist undir þetta eftirlit, þó að gert sé ráð fyrir endurskoðun samkv. l., því það þarf að sjá svo um, að þeir veiti fé aðeins til tryggra og nauðsynlegra útlána.

Menn mega ekki blanda því saman, að þetta eftirlit á ekki eingöngu að vera til þess að sjá um, að heiðarlega sé farið með sjóðina, heldur og, að fé þeirra sé varið til útlána á þjóðhagslega beztan hátt. Það er ekki sízt vegna þessa, að ég vil leggja áherzlu á, að þetta eftirlit fáist. Það vantar alltaf fé til nauðsynlegra mannvirkja, og því er eðlilegt, að hið opinbera hlutist til um, að lán séu veitt til þeirra, ef um trygga ábyrgð er að ræða.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að reynslan hefði sýnt, að engin hætta væri á þessu í sambandi við sjóðina. En ég hygg, að hið gagnstæða hafi oft átt sér stað. Það hefir komið í ljós, að lán hafa verið veitt á óheppilegan hátt, og ýms viðskipti framkvæmd fyrir sjóðina, sem ekki hafa verið heppileg fyrir þá. Ég vil benda á, að eins og grg. þessa frv. ber með sér, er svo ástatt um fjölda þeirra sjóða, sem koma undir þetta eftirlit, að opinberlega er ekkert um þá vitað, og því ekki hægt að dæma um, hvort vel eða illa hefir verið farið með þá.

Það má vel vera, að það mætti bæta um einstök atriði frv., og er ekkert nema gott um það að segja, að menn bendi á, hvað betur mætti fara, og er sjálfsagt að taka slíkar bendingar til athugunar. — Þetta, sem ég nú hefi sagt, vildi ég taka fram um aðaltilgang málsins.

Magnús Guðmundsson: Ég býst ekki við, að það sé til mikils að ræða lengi um þetta frv. Það er auðséð, að með því er verið að stofna nýtt embætti handa einhverjum útvöldum, og er því sennilegt, að það verði fram að ganga. — En með tilliti til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá ætla ég að líta yfir frv. og athuga, hversu vel það er útbúið.

Það er þá fyrst, að konungsstaðfestingar á að leita á öllum gjafasjóðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvað hann álíti, að liggi eiginlega í því. Sannleikurinn er sá, að í því liggur ekki nokkur skapaður hlutur. Það eina, sem lá í þessu áður, var, að reikningar þeirra sjóða, sem leitað hafði verið konungsstaðfestingar fyrir, voru birtir í stjórnartíðindunum. En síðar var þessu hætt, af því það gerði stjórnartíðindin bæði löng og dýr. En þetta voru þau einu hlunnindi, sem konungsstaðfestingunni fylgdu. Það er mikil konunghollusta, sem kemur fram í því, að vilja nú fá konungsstaðfestingu á öllum sjóðum. (**BSt:** Já, við erum konunghollir). Hvað halda menn, að það sé, sem konungurinn gerir við sjóðina? Hann sér aldrei gjafabréfin, því allt þetta er gert í stjórnarráðinu, og er þetta fyrirkomulag orðið alveg úrelt. Það tekur þó út yfir, að í 5. gr. frv. segir, að þegar fjmrh. er búinn að gera breytingar á gjafabréfunum, þá skuli leita konungsstaðfestingar á þeim breytingum. Hann á þá að fá leyfi til að staðfesta það, sem hann gerir sjálfur. Þetta með konungsstaðfestinguna er alveg dautt og úrelt form og

hefir því enga þýðingu. Ef litið er á orðalag gr., þá er rétt að benda á, að þar stendur, að stjórnum sjóða sé skylt að tilkynna bæði sjóðaeftirliti ríkisins og fjármálaráðherra. Það ætti að vera nóg að tilkynna þetta sjóðaeftirlitinu. En þetta er aðeins lítið fyrirkomulagsatriði.

Ég hefi rekizt á prentvillur, sem n. virðist ekki hafa tekið eftir, eins og t. d. í 9. gr. 2. málsgr., en þar stendur „ákvæði um ávöxtun fé sjóða", en á auðvitað að vera „fjár sjóða."

Svo er það 10. gr. Þar stendur, að stjórnum sjóða og sjálfseignarstofnana sé skylt að leita samþykkis sjóðaeftirlits ríkisins, ef gera skal verulegar breyt. á eignum sjóða og stofnana, svo sem kaupa eða selja fasteignir og verðbréf og annað, er varðað getur hag þeirra. Þetta atriði skilst mér, að brjóti í bága við grundvallaratriði löggjafar okkar, því það er undir flestum kringumstæðum svo, að gefendur sjóða ákveða, hverjir skuli ráða yfir þeim, en með þessu er það aftekið. Það kom í ljós af ræðu hæstv. fjmrh., að það er sjóðaeftirlitið, sem á að ráða, á hvern hátt fjármunum sjóða er ráðstafað. En nú hafa gefendurnir ákveðið, á hvern hátt skuli ráðstafa þeim, og er því engin heimild til þess að breyta því. Hér eru ráðin tekin af gefendunum, og verður því að breyta þessari grein.

Þá er það viðvíkjandi sjóðum þeim, sem eru í umsjón stjórnarráðsins, að þeir eiga að vera undir sjóðaeftirliti ríkisins, en hlutaðeigandi ráðuneyti á að hafa yfirumsjón með þeim, og er því haldið fram, að kostnaðurinn verði ekki meiri við þetta. En reynslan hefir sýnt, að þegar sjóðir hafa verið fluttir úr stjórnarráðinu, þá verður kostnaðurinn alltaf meiri en áður. Gott dæmi um þetta er, að þegar viðlagasjóður var fluttur og settur undir umsjón Búnaðarbankans, þá varð kostnaður við umsjón sjóðsins 8—10 þús. á ári, og þó varð engin fækkun á starfsmönnum hjá ríkisbókhaldinu við þetta.

Þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem hefir haft málið til meðferðar, þá hefi ég ekki haft tækifæri til að athuga vel, hvort ekki eru fleiri atriði, sem þyrftu breytinga við, og vil ég því skora á hv. n. að taka þetta mál til nýrrar athugunar, því það er ekki svo útbúið, að ekki þurfi endurbótar við.

Það er auðséð, að þessi bók um sjóðina, sem á að gefa út 5. hvert ár, kemur til að kosta mikið fé, því það verður stór bók, og því mikill kostnaður samfara útgáfu hennar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði núna síðast um það, að ýms ákvæði frv. mundu þurfa endurbóta við, þá vil ég aðeins geta þess, að þar sem ég tók þá afstöðu að leggja til, að málið yrði ekki afgr. öðruvísi en með rökst. dagskrá, þá taldi ég ekki neina ástæðu til þess að gagnrýna einstök atriði frv., enda þótt ég í minni fyrri ræðu benti á nokkur atriði, sem ég álít þörf á að lagfæra.

Það er t. d. að taka þetta yfirlit yfir sjóðina, sem á að semja og gefa út árlega. Mér er það ljóst, eins og hv. 1. þm. Skagf., að það hlýtur að hafa stórkostlegan kostnað í för með sér. Eins og sá hv. þm. skýrði frá, var hætt að birta reikninga þessara sjóða í Stjtíð., af því að það var of kostnaðarsamt. Hvað taka þessir reikningar mikið rúm í Stjtíð.? Það þarf ekki stóran slíkan reikning til þess að hann taki hálfa til heila blaðsíðu í Stjtíð.; sumir þeirra taka kannske meira rúm. Þessir sjóðir eru, eins og kunnugt er, mörg hundruð, þar af um 360 gjafasjóðir, sem fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Svo er hér um ýmsa sjóði að ræða, sem ekki hafa fengið slíka konungsstaðfestingu. Þetta yfirlit verður því mörg hundruð blaðsíðna bók. Og það kostar nú alltaf talsvert mikið að gefa út slíkar bækur; ekki sízt hefir það orðið kostnaðarsamt hjá ríkinu. (**Fjmrh.**: Kannske mætti semja um þetta ákvæði á milli flokkanna). Já, ég er nú að geta um þetta af því, að svona er þetta ákvæði í frv. eins og það nú er. En ég býst ekki við, að hæstv. stj. geri það að fráfararatriði, þó að þessu ákvæði frv. verði breytt. En ég get þessa til þess að benda á, hve lítið hefir verið hugsað um þetta við samningu frv., því að hér er um kostnað að ræða, sem sennilega mundi skipta mörgum þús. kr. á ári, — ég gæti trúað sem svaraði vöxtum af hálfri til heilli millj. kr. á ári. Þetta er ekki lítið fé, sem efalaust mætti verja á heppilegri hátt. (**Fjmrh.**: Er það ritið?). Þetta er ritið og annar kostnaður allur við þetta eftirlit.

Þetta ákvæði og frv. í heild verður nú sennilega samþ. En mér kæmi þá ekki á óvart, þó að við sæjum það báðir, hæstv. fjmrh. og ég, eftir nokkur ár, að þessi kostnaður verður geipilegur, og að við og aðrir sannfærumst um það þá, að það borgaði sig mörgum sinnum betur, þó að einhver sjóður upp á nokkur hundruð krónur hefði alveg týnzt og glatazt heldur en að setja alla þessa stofnun til þess að leita hann uppi.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sinn fyrirvari á síðasta þingi hefði stafað af því, að skýrslusöfnun þessu viðvíkjandi hefði þá ekki verið lokið. Hv. þm. Dal. hefir sagt mér, þó ekki hafi verið í þingræðu, að enn mundi alls ekki vera lokið þessari skýrslusöfnun. En það, sem hún hefði sýnt, væri ekkert annað en það, að einhverjir fleiri sjóðir væru til en menn áður vissu um. En skýrslusöfnunin hefir ekki leitt í ljós nein stórkostleg mistök á stjórn sjóðanna.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að n. yrði kannske að ráða sér starfsmann framvegis. Þetta er sem sagt alveg í sömu óvissunni enn eins og það var á síðasta þingi. Og ef hæstv. ráðh. hefir ekki treyst sér til að útbúa löggjöf um þetta fyrir þremur mánuðum, þá ætti hann nú að vera með því að samþ. dagskrártill. minni hl. um að slá samningu þessarar löggjafar á frest, því að aðeins örlítið liggur meira fyrir nú til upplýsinga í málinu heldur en lá fyrir á síðasta þingi. Hinsvegar er líklegt, að eftir 2—3 ár liggi fyrir mjög skýr reynsla um þetta allt saman. Það getur engin hætta verið á því, að þeir sjóðir, sem sæmilega hafa tórt að þessu án eftirlits, fari í hundana á 3—4 næstu árum, þeim tíma, sem þarf til þess að leiða í ljós, hvað gera þarf raunverulega í þessu máli. Hæstv. ráðh. sagðist sjá, að það hafi verið betra að bíða þangað til nú

með að setja löggjöf um þetta efni. Ég veit, að hann sér það eftir 2—3 ár, að það hefði verið betra að bíða þangað til með að setja löggjöfina, til þess að láta safnast reynsluþekkingu á því, hvernig bezt er og eðlilegast að haga þessum málum.

Þá er endurgreiðsla kostnaðarins (sbr. 15. gr. frv.). Hæstv. ráðh. sagði, að sparisjóður, sem hann hefði veitt forstöðu, hefði greitt „rigtuglega" 2—3 kr. vegna þessa eftirlits, og ég trúi hæstv. ráðh. til að segja þetta satt. En einmitt þessar upplýsingar, að þetta gjald sé 2—3 kr. frá litlum sparisjóði, sýna, að ef sjóðurinn borgar ekki, þá eru engin tök á að ná svona lítilli upphæð, því að kostnaðurinn við það mundi miklu meira en gleypa svona litla upphæð. Í landsreikningunum fyrir árið 1925 sé ég, að skýrt er frá, að endurgreiddur hefir verið hluti af kostnaði við eftirlit með bönkum og sparisjóðum, 6060,52 kr., en það ár var sá kostnaður alls 16—17 þús. kr. Ég má segja, að aths. hafa verið hvað eftir annað gerðar um, að þess háttar hefir verið að finna í landsreikn., hverjum eftir annan. En við þeim aths. hafa þau svör komið, að ekki borgaði sig að innheimta þær smáupphæðir, sem mismunur áðurtaldra og samsvarandi upphæða í öðrum landsreikningum samanstanda af.

Aðalatriðið í þessu máli er, hvort löggjöf sú, sem hér er um að ræða, sé nauðsynleg eða ekki. Ég sé ekki mikinn mun á því, hvort sjóðirnir borga sjálfir kostnað við eftirlit með þeim eða ríkissjóður gerir það. Þessir sjóðir eiga allir þarft verk að vinna, og verður því að telja það mjög svo vafasama endurbót að fara að taka frá þeim. Það er ákaflega hætt við því, þó að ég nefndi það ekki í minni fyrri ræðu, að hér sé um bitling að ræða, sem einhver útvalinn þurfamaður stjórnarflokkanna á að fá. Nú sem stendur er ríkissjóður tómur, og því ekkert þar að hafa í bitlinga. Þá er bara að ganga á röðina og byrja á sjóðum þessum. Það má þó alltaf reyta úr þeim handa einum — tveimur — þremur — fjórum — fimm. Þetta er oft og einatt síðurinn, að þegar ekki þykir fært að setja upp á ríkiskostnað ný embætti, þá er rokið í banka eða sjóði til þess að ná í peninga í bitlinga.

Hæstv. fjmrh. hélt ræðu um þetta mál, sem mér þótti eftirtektarverð. Hann sagði, að það væri mikið ósamræmi hjá mér í ræðu minni, þar sem ég talaði um, að þessir 3 þingkosnu endurskoðendur gætu innt þetta af hendi, en samt héldi ég, að sjóðaeftirlitið mundi kosta einhver ósköp. Hæstv. ráðh. virtist ekki koma auga á annað en þetta ósamræmi, sem hann áleit vera. Ég hefi ekki komið auga á þetta ósamræmi, sem hæstv. ráðh. talaði um. Frá því fyrsta hefir verið dreginn fjöldi af störfum undir sjóðaeftirlit ríkisins; t. d. er smalað öllum sjóðum, sem hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Svo eiga allar sjálfseignarstofnanir, sem enn eru ekki komnar undir sjóðaeftirlit, að vera teknar með í safnið.

Það fólst í ræðu hæstv. fjmrh., að hann áliti aðaltilgang þessa frv. vera að tryggja, að ríkið hefði eftirlit með því, hvernig lánað væri úr þessum sjóðum. Það á m. ö. o. að taka ráðin og völdin, sem gefendur sjóða hafa ætlað öðrum að hafa yfir þessum sjóðum, og fá þau ríkisvaldinu. Þetta er auðvitað firra, sem ekki á að eiga sér stað, og ég get ekki séð neitt ákvæði í frv. um þetta atriði. (MG: Jú, í 10. gr.). Ég get ekki séð, að hún sé beint um þetta.

En mér skildist á hæstv. fjmrh., að hann ætlaði hreint og beint að ráða, hverjum ætti að lána. Það yrði eftir reglu hæstv. ráðh. ríkið, sem alltaf er í fjárþröng, sem nyti þar þess að fá lán. Ef svo yrði, þá kæmi mér það ekki á óvart, þó að ríkið legði þessa sjóði svo undir sig, eins og það gerði um sáttmálasjóð á sínum tíma. Það tók hann og skammtaði sjálfu sér vextina. Ég held, að hægt sé að verja þessum sjóðum á miklu betri hátt en að sökkva þeim í ríkissjóðinn og ýmsar hans framkvæmdir. Þetta er sjálfsagt meiningin nú; þegar ríkissjóður er í peningavandræðum, þá á líklegast sjóðaeftirlit ríkisins að kúska stjórnir sjóðanna til þess að kalla inn það fé, sem sjóðirnir hafa lánað út, og setja þá í ýms hin dæmalaust leiðinlegu fyrirtæki ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. tók það upp aftur og aftur í ræðu sinni, að það væri ekki aðaltilgangur frv. að tryggja það, að sjóðirnir væru ekki misnotaðir, heldur væri aðaltilgangurinn með því að tryggja það, að þessu fé yrði beint í lán til gagns fyrir þjóðarbúið.

Nú er það svo um fjölda slíkra gjafasjóða, að þeir eru gefnir heima í héraði, og að sjálfsögðu er ætlazt til, að því verði varið til framkvæmda þarfra hluta þar heima í sama héraði, eftir því sem við verður komið. Þeir eru kannske í vörzlum hreppsnefnda, skólanefnda eða annara slíkra heima í héraði, þar sem þeir voru gefnir. En það er nú eitthvað annað en að þessum sjóðum skuli verða varið til lána á því svæði, þar sem þeir hafa verið gefnir, eftir því sem hæstv. ráðh. hefir nú upplýst.

Hér stendur að vísu í 9. gr., að sjóðaeftirlit ríkisins skuli sérstaklega vinna að því, að sjóðir séu ávaxtaðir í öruggustu peningastofnunum og tryggustu verðbréfum. Og ennfremur, að fjmrh. geti sett með reglugerð ákvæði um ávöxtun fjár sjóða og sjálfseignarstofnana, sem ræðir um í lögum þessum, er tryggi það, að fé verði ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum. Ég veit nú ekki, hvers vegna þarf að setja upp bákn eins og þetta sjóðaeftirlit, ef fjmrh. á að setja reglugerð um þetta, ef hún getur staðizt við hliðina á gjafabréfunum. En það er rétt, eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, að vilji gefenda þessara sjóða stendur hér ofar öllum lögum, sem kynnu að koma í bága við hann. Það er því ekki til nokkurs hlutar að setja slík lög til þess að hnekkja þeim vilja, ef ekki á í þessu efni að traðka réttlætið undir fótum. — Ég er algerlega undrandi á hinni yfirlýstu skoðun hæstv. fjmrh. á þessu frv. Vil ég og fá að vita, hvort frv. er raunverulega borið fram í þeim tilgangi, sem hann gat um, að væri aðaltilgangurinn með því. Ég mundi vera algerlega á móti frv., ef það á að opna leið til þess, að ríkissjóður sölsi undir sig þessa sjóði, þó óbeinlínis verði. Það er alveg vitanlegt, að for-

ráðanenn sjóða þessara eiga algerlega að ráða því, hvernig fé sjóðanna er ráðstafað.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., 22. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætlaði mér ekki að leggja orð í belg í þessu máli nú við 2. umr., en af því að hv. frsm. meiri hl. fór að minnast á það, hvað fyrir mér hefði vakað með l. frá síðasta þingi og að það hefði verið að fá sem fullkomnast eftirlit með sjóðum, og er það alveg rétt, en tvennt var það þó, sem taka varð tillit til, annarsvegar kostnaður við það eftirlit, og hinsvegar umráðaréttur sjóðstjórnar og vilji gefanda.

Ég tel ekki rétt að vasast í tilhögun þeirra sjóða, sem sæmilega er stjórnað og í anda þess gjafabréfs, sem fyrir sjóðnum er. Aftur á móti tel ég nauðsynlegt, að eftirlit sé með þessum sjóðum öllum og gripið í taumana, ef með þarf.

Ég teldi það þjóðarheildinni í hag, að hvetja einstaklinga til þess að stofna sjóði af fé sínu, er síðan hefðu það markmið að styðja að þarflegum fyrirtækjum í landinu eða væru bágstöddum til hjálpar. Hugði ég, að það mundi vera uppörvun til gefenda, ef þeir sæju það, að Alþingi fæli trúnaðarmönnum sínum að líta eftir því, að sjóðum þessum væri varið og þeir ávaxtaðir samkv. fyrirmælum gefenda, en láta þá fyrst til sín taka, ef sú stjórn, er sett var yfir sjóðinn af gefendum, sýndi af sér vanrækslu í stjórninni, eða á annan hátt færi illa úr hendi stjórnin eða væri líkleg til þess. Aftur á móti er það víst, að það fælir einstaklinga frá að stofna slíka sjóði, þegar löggjafinn leggur að miklu leyti umráðaréttinn yfir sjóðum þessum í hendur embættismanns, er pólitísk stjórn skipar og auðvitað þarf sjálfur að vera pólitískur og „réttrúaður" til þess að fá bitann. En þetta er gert, — umráðaréttinum tekinn af þessum aðiljum með ákvæðum 10. gr. frv., eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir réttilega tekið fram. Þá getur hinn hápólitiski fjmrh., hver sem hann verður, skipað fyrir um það samkv. 9. gr. 2. málsgr., hvar skuli ávaxta slíka sjóði, og gefið út reglugerð í því skyni.

Í grg. er gert ráð fyrir, að sjóðirnir kaupi m. a. sýslu- og bæjarfélagaskuldabréf. Nú vantar slíkar stofnanir fé. Fjmrh. getur gefið út reglugerð um það, að verja skuli sjóðseigninni í slík bréf. Næst ráðh. gefur út reglugerð um, að verja skuli fé sjóðsins til kaupa á hlutabréfum, og svo koll af kolli, en engu þarf að sinna því, þó að gefandi hafi ákveðið, að sjóður skyldi ávaxtast á vissan hátt, enda sagði hæstv. fjmrh. í umr. í gær, að lána bæri sjóði þessa ekki aðeins í trygg útlán, heldur og nauðsynleg, en hver ráðh. metur á sínum tíma, hvaða lán eru nauðsynleg, og sjá þá flestir, hvernig málum er komið.

Þá vil ég minnast á kostnaðarhliðina. Við frv. það, sem nú er orðið að l., ætlaðist ég til, að kostnaður sá, sem yrði af sjóðaeftirlitinu, væri alls 300 kr. árlega, en í meðferðinni var því þannig breytt, að bæði var fjölgað gæzlumönnum sjóða þessara og einnig var ákveðið, að ráðh. skyldi ákveða laun þeirra, og getur það orðið til þess, að launin verði stórum mun hærri en til var ætlazt fyrst. Það var einnig ætlazt til þess, að kostnaðurinn lenti eingöngu á ríkissjóði, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við sjóðaeftirlitið sé lagður á sjálfa sjóðina, en áður hefir það ekki verið.

Í þessu frv. er fyrst og fremst gert ráð fyrir 6000 kr. launum handa sérstökum eftirlitsmanni, svo og þremur gæzlustjórum, skrifstofukostnaði og árlegum útgáfukostnaði við prentun reikninga. Þessi kostnaður allur getur skipt tugum þúsunda, og vitanlega nær engri átt að leggja slíkan kostnað á þessa sjóði. Það, sem áður hefir verið borgað fyrir umsjón þessara sjóða í stjórnarráðinu, hefir verið greitt af ríkissjóði, en alls ekki af sjóðunum sjálfum. Hér er því um algerða stefnubreyt. að ræða, að sjóðirnir skuli sjálfir verða að borga allan þann aukakostnað, sem leiðir af þessu eftirliti með þeim.

Eins og nú standa sakir, þá er undirbúningurinn undir þessa löggjöf alls ekki nægur. Skýrslusöfnun er ekki nálægt því lokið, og hefði því verið réttast að bíða með þessa breyt. þangað til næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Ég býst ekki við og sé ekki, að ástæða sé til að vantreysta gæzlumönnunum, þeim sem nú eru, og það er langt frá því, að ég geri það.

Hinsvegar ætlaði ég mér að koma með brtt. við frv. nú við 2. umr., en hætti við það, er hv. 1. þm. Reykv. kom með rökst. dagskrá um að vísa málinu til stj., því ég vildi sjá, hvernig hún færi. Annars er ýmislegt í frv., sem þarf að breyta, áður en frv. yrði að l. Ég skal fyrst nefna það, að undir eftirlitið heyra ýmsir sjóðir samkv. frv., þó félagasjóðirnir séu frá skildir, sem engin ástæða er til að láta eftirlit þetta ná yfir. Skal ég í því tilfelli t. d. nefna söfnunarsjóðinn, sem þingið sjálft kýs stjórn fyrir.

Hvað laun þessara eftirlitsmanna snertir, þá þykir mér þau allt of há, og gæzlustjórarnir allt of margir. Ennfremur vil ég, eins og ég hefi áður tekið fram, að síðari hluti 9. gr. falli burt, og sömuleiðis 10. gr., og athugaverðar eru 13. og 14. gr. Þetta verður allt að taka til rækilegra athugunar seinna, ef til þess kemur, að frv. verði samþ. við þessa umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Ég gat því miður ekki verið viðstaddur þessar umr. í gær, er hv. 1. þm. Reykv. hélt sína aðra ræðu, en mér er sagt, að hann hafi verið að gagnrýna það, sem ég hélt fram í gær, að tilgangurinn með þessu frv. væri ekki eingöngu sá, að fá betra eftirlit með því, að heiðarlega væri með sjóðina farið, heldur ennfremur að vinna að því að skapa grundvöll fyrir því, hvernig og til hvers fé þessara sjóða verði varið, að því leyti sem það er ekki fastbundið í skipulagsskrám sjóðanna. Hann hélt því fram, að þetta gæti ekki staðizt, þar sem í frv. væru engin bein fyrirmæli, er fengju eftirlitinu þetta vald. Ég hygg, að þessi hv. þm. hafi misskilið mig. Þó ekki séu í frv. bein ákvæði um það, hvernig eigi að ráðstafa fé þessara sjóða, þá er eftirlitinu gefinn

kostur á að hafa áhrif á grundvallarreglur um þetta, m. a. með því, að eftirlitinu er falið að rannsaka það, hvernig fé þessu er nú varið. Auk þess er í 9. gr. frv. skipað fyrir um það, að ráðh. geti sett reglugerð um ávöxtun sjóða á tryggan hátt og á þeim stöðum, þar sem féð gerir mest gagn, vitanlega þó með tilliti til ákvæða skipulagsskránna, því að sjálfsögðu vakir það ekki fyrir mér, að farið verði í bága við þau skilyrði, sem einstakir gefendur hafa sett, heldur er hér meint, að ávaxta skuli féð þar, sem það gerir mest gagn, að svo miklu leyti sem skipulagsskrárnar heimila.

Ég vil taka það fram í sambandi við frv. um vaxtalækkun á fasteignaveðslánum landbúnaðarins, sem allir eru sammála um hér í hv. d., að í því frv. er ákveðið, að árlega skuli verja nokkru af fé opinberra stofnana, sjóða o. fl. til kaupa á jarðræktarbréfum. Sama hugmynd er á bak við þetta frv., og ætti ekki fremur að verða ágreiningur um þessa sjóði, að fé þeirra verði veitt í þá farvegi, þar sem það verður til mestra nytja, bæði með því að skapa fastan grundvöll um kjör á fasteignalánum landbúnaðarins og annara hliðstæðra atvinnugreina, sem kunna að verða settar á stofn, og ýmislegs annars, sem heppilegt þykir að hafa féð til. Ég ætla ekki að fara út í smærri atriði þessa máls við þessa umr., því tækifæri til þess gefst sjálfsagt við næstu umr., og mun ég því ekki lengja mál mitt fram úr þessu.

Jón Auðunn Jónsson: Það mun vera tilfellið, að nokkrir misbrestir séu á því, hvernig fé sjóða, sem stofnaðir eru í góðu augnamiði, hefir verið varið, og því er sjálfsagt ekki vanþörf á því að hafa eftirlit með því, Um þetta er enginn ágreiningur, heldur hitt, hve miklu eigi að kosta til slíks eftirlits og hversu það eigi að vera viðtækt. Ég hygg nú, að það séu fleiri sjóðir en ennþá hefir verið gert ráð fyrir, sem engin vanþörf væri að líta eftir. Það væri kannske ekki minni ástæða til að líta eftir meðferð sumra bæjarstjórna á hafnarsjóðum o. fl. sjóðum, sem þær hafa umsjón með. Ríkisstj., sem á að hafa eftirlit með slíku, hefir víst heldur lítið látið til sín taka í þeim efnum, og jafnvel séð í gegnum fingur með þeim bæjarstjórnum, sem misbeitt hafa valdi sínu í þeim sökum á mjög áberandi hátt. Ég gat t. d. ekki komizt hjá því meðan ég var bæjarstjóri á Ísafirði að kæra mjög grunsamlega meðferð bæjarstj. þar á hafnarsjóði Ísafjarðar. Að því er ég bezt veit, liggur sú kæra enn í salti. Það mál var þannig vaxið, að árið 1932 lét bæjarstj. með 3 atkv. af 4 sjóðinn taka 35000 kr. lán handa einkafyrirtæki. Var sjóðurinn þá svo staddur, að hann gat ekki staðið í skilum með greiðslur af sínum fasteignalánum og umsömdu greiðslum jafnvel til erlendra lánardrottna, og ekki nóg með þetta: Eigendur Samvinnufélags Ísfirðinga, sem sjálfir greiddu atkvæði með þessu láni hafnarsjóðs til síns eigin félags, bæði í bæjarstjórn og hafnarnefnd, tóku sjálfum sér til handa veðrétt í skipum félagsins (síns eigin félags) á undan veðrétti fyrir þessu láni hafnarsjóðs og reyndu á þann hátt að bjarga eigin fé, en velta skuldaböggunum yfir á hafnarsjóð, m. ö. o., svindla fé úr opinberum sjóði, sem þeir voru forráðamenn fyrir, til bjargar eigin hagsmunum.

Meðan eftirlitið í fjmrn. með meðferð hafnarsjóða er ekki betra en það, að ekki er kippt í lag annari eins misbeitingu og þessari, heldur látið viðgangast slíkt fádæma hneyksli, þá er ekki á góðu von. Það er auðséð, að ekki nægir, þó stjórnin eigi að hafa eftirlit með þessum sjóðum; það verður aðeins á pappírnum. Hér þarf meira og skarpara eftirlit með þessum sjóðum. — Að ég ekki tali um það, hvernig bæjarstj. hefir farið með jarðeignakaupasjóðinn, sem gefinn var til jarðakaupa handa bænum og í skipulagsskránni ákveðið, að féð skyldi geyma, þar til það yrði notað, í bankavaxtabréfum eða öðrum sambærilega tryggum verðbréfum eða þá sem innstæða í banka með sambærilegum kjörum. En hvernig er svo skipulagsskrá þessa sjóðs haldin? Þannig, að allt fé þessa sjóðs er tekið og notað í þarfir bæjarins upp í eyðsluskuldir hans. Ekki einu sinni greiddir af því vextir, heldur eru á reikning sjóðsins ár eftir ár færðir útistandandi vextir, og eru þeir nú orðnir samtals hátt á annað þús. kr. Þetta hélt ég, að bæri undir eftirlit stjórnarráðsins, sem á að endurskoða alla reikninga bæjarfélaganna.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi upp á það, að ekki er allt fengið með því að hafa hið svokallaða eftirlit stjórnarráðsins með fjárreiðum hinna ýmsu bæjarfélaga, þegar mönnum helzt uppi með aðra eins meðferð á hafnarsjóði og jarðeignasjóði Ísafjarðar sem ég hefi nú lýst.

Það eftirlit, sem hér mætti að gagni verða, mundi að sjálfsögðu kosta eitthvað meira en það pappírseftirlit, sem nú gildir, en það er ljóst, að hér þarf umbætur, ef koma á í veg fyrir það, að óhlutvandir forráðamenn þessara sjóða misbeiti valdi sínu.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Í sambandi við ræðu hv. þm. N.-Ísf. vildi ég beina þeirri fyrirspurn til þeirra, sem standa að þessu frv., hvort hafnarsjóðir og aðrir slíkir sjóðir í umsjá bæjarstjórna eiga að heyra undir ákvæði þess. Mér sýnist, að á þessu sé nokkur vafi. Í 1. gr. er tekið fram, að eftirlitið nái ekki til sýslu-, sveitar- og bæjarsjóða, en þar fyrir getur verið meint, að eftirlitið skuli ná til sjóða, er bæjarstjórnir hafa undir höndum, annara en hinna almennu bæjarsjóða. Ef sjóðir þessir eru undanskildir, þá tel ég það engin meðmæli með frv. Nái frv. þetta fram að ganga og sé tilgangur þess sá, að verja ýmsa opinbera sjóði fyrir misnotkun, þá held ég, að verið geti álitamál, hvort ekki á þá líka að taka þessa sjóði undir eftirlitið.

Mér þótti lakara, að hæstv. fjmrh. heyrði ekki ræðu mína hér í gær í þessu máli; þó ætla ég ekki að fara að endurtaka hana, en mér virðist hann vilja draga undir verksvið þessa eftirlits ýms atriði, sem dauðlegum mönnum hlýtur að finnast eftirlitinu gersamlega óviðkomandi. Þetta er frv. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum, og virðist eftir frv. að dæma, að það eigi aðeins að vera eftirlit með

því, að þessir sjóðir starfi samkv. þeim skipulagsskrám, er þeim hafa verið settar, og koma í veg fyrir misnotkun á fé sjóðanna. En hæstv. ráðh. lagði tiltölulega litla áherzlu á þetta, heldur talaði mest um það, að eftirlitið öðlaðist vald yfir veltufé sjóðanna. (Fjmrh.: Ég skýrði þetta í ræðu minni). Já, hæstv. ráðh. skýrði þetta t. d. svo, að eftirlitið skyldi ráða því, hvort sjóðirnir keyptu jarðræktarbréf eða einhver önnur verðbréf fyrir sitt fé. Í frv. er ekki sagt annað en það, að fé þessara sjóða eigi að verja annaðhvort til kaupa á tryggustu verðbréfum eða þá að ávaxta það í tryggri peningastofnun, en hæstv. ráðh. telur það tilgang frv., að eftirlitið geti ákveðið, hvaða verðbréf hver einstakur sjóður skuli kaupa, að því er virðist.

Þegar ég var að verja þetta frv. í gær, þá gerði ég það af því, að ég sá ekkert í frv., er gaf sjóðaeftirlitinu vald til þess að grípa fram fyrir hendurnar á stjórnum sjóðanna í þessu efni, sem vitanlega eiga einar að ráða því, hvort þær verja fénu til að kaupa veðdeildarbréf, jarðræktarbréf eða þær leggja fé sjóðanna inn á innlánsskírteini í banka. Í frv. er aðeins sagt, að féð skuli ávaxta á tryggan hátt, og eiga sjóðsstjórnirnar vitanlega að ákveða það sjálfar á hverjum tíma, með tilliti til skipulagsskránna einnig. Ég benti á það í ræðu minni í gær, að ef þetta er virkilega verkefni eftirlitsins, ef það á að grípa fram fyrir hendurnar á sjóðsstjórnunum, kannske viðvíkjandi hverri einstakri lánveitingu eða fjármálaráðstöfun, er sjóðina snerta, þá er hér um geypimikið starf að ræða. Hæstv. fjmrh. fór að vísu ekki lengra en það, að segja, að hugmyndin væri þessi, sem hann tiltók, en sú hugmynd er sem betur fer hvergi klædd í búning orða í frv. Ég teldi það líka nokkuð frekt, ef þetta fé ætti að verða leiksoppur pólitískra stjórna, sem sæju sér pólitiskan hag í því kannske að þveita fé þessu úr einu í annað, eftir því sem vindurinn blæs, ýmist til jarðræktarbréfakaupa, til verkamannabústaða eða í eitthvað slíkt, allt eftir því, hvaða pólitískum flokki stjórnin tilheyrir á hverjum tíma. Þetta er ekki tilgangurinn með frv., enda væri það mjög óheppileg meðferð á fé sjóðanna, og ef það er meiningin, sem á bak við liggur, þá er ég meira á móti þessu frv. en ég var áður. Ég verð að segja, að það er ekki nema gott að tryggja sem bezt meðferð þessara sjóða, en málið er ótímabært nú, meðan engin reynsla er fengin um það, hversu reynast l. um þetta efni frá síðasta þingi. Frv. þetta er því ofrausn. — Um hina frómu þanka hæstv. fjmrh. um það, að sjóðirnir kaupi jarðræktarbréf, er ekkert nema gott að segja, og get ég um það vitnað til ræðu minnar í gær. Það er bara algerlega óviðkunnanlegt að blanda hér saman þessu tvennu, yfirstjórn og eftirliti. Ég tók það glögglega fram í gær, að yfirstjórn og eftirlit verður hvort um sig að starfa innan ákveðins ramma. (Fjmrh.: Ég ætla, að ég hafi skýrt þetta fullgreinilega áðan). Ég sé það nú, að 9. gr. stappar fullnærri því, að gengið sé á það vald, sem stjórnum sjóðanna er oft falið í gjafabréfum. Ég held mig því við það, sem ég áður hefi sagt um þetta frv., að við eigum ekki að fella það, heldur að vísa því frá með dagskrá, þar sem nú eru þegar til l. frá síðasta þingi um þetta eftirlit, sem enn eru óreynd. Það er nógur tími fyrir löggjafann að setja ný l. um þetta efni, þegar séð er, að þess þarf.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að deilan í þessu máli stæði um það, hvort menn vildu hér leggja mikið eða lítið í kostnað, og skildist mér á honum, að þeir, sem vildu una við l. frá síðasta þingi, vildu lítinn kostnað, en þeir, sem fylgdu þessu frv., vildu, að hann yrði mikill. Nú er þetta í raun og veru tómur útúrsnúningur, því ágreiningurinn er ekki um þetta, heldur hitt, hvort hér á að vera raunverulegt eftirlit eða bara pappírseftirlit, sem verður ekki annað eftir frv. hv. þm. Dal., sem samþ. var á síðasta þingi, sem er dæmt til þess að verða ekkert annað en pappírsgagn, auk þess sem það nær ekki til allra sjóða, sem þyrfti. Nei, hér er það ekki spurningin um kostnaðinn, sem um er skipzt, heldur hitt, hvort ganga á frá þessu máli svo, að gagn verði að, eða ekki. Um kostnaðinn er það að segja, eins og margsinnis hefir verið tekið fram, að hér er ekki um neinn aukakostnað að ræða, heldur felur frv. þetta í sér sparnað, samanborið við frv. hv. þm. Dal., er samþ. var í fyrra.

Þá var hv. þm. N.-Ísf. að tala illa um fjármálastjórn á Ísafirði. Ég er ekki kunnugur þeim málum. Hann talaði um einhvern hafnarsjóð, sem hefði verið misnotaður; þess vegna þyrftu slíkir sjóðir að heyra undir eftirlitið. Og í öðru lagi sagði hann, að úr því þessi hafnarsjóður hefði verið misnotaður, þá þyddi ekki að fela stjórnarráðinu eftirlit með þeim sjóðum.

Vera má, að það sé rétt, að haft sé slælegt eftirlit með fjárreiðum bæjarfélaga, en það kemur þessu máli bara ekkert við, og ef svo hefir verið, þá er rétt — ekki í sambandi við þetta mál, heldur í öðru sambandi — að flytja till. til umbóta á því. Annars finnst mér, að fyllilega muni vera svo um búið meðferð sveitar- og bæjarfélaga á fjármunum, að ekki sé neitt að óttast í því sambandi, þar sem andstæðingarnir venjulega gagnrýna gerðirnar, enda eru kosnir endurskoðendur af bæjar- og sveitarstjórnum, sem hafa aðgang að öllu reikningshaldi og geta auðveldlega komið sinni gagnrýni að, ef um eitthvað óleyfilegt er að ræða.

Hv. 1. þm. Reykv. var enn að tala um það, að frv. væri frv. um eftirlit, en ekki um ráðstafanir á þeim sjóðum, sem frv. fjallar um, og fannst mér helzt á ræðu hv. þm., að hann hefði ekki heyrt ræðu mína, sem ég flutti hér áðan, þar sem ég gerði grein fyrir því, hvernig þetta frv. væri hugsað sem grundvöllur fyrir því, að höfð væru áhrif á fjármeðferð sjóðanna. Ég skýrði þetta m. a. í sambandi við frv. um landbúnaðarvexti, sem afgr. var hér um daginn, að Alþ. er í öðrum l. farið að gera ráðstafanir til þess að beina fé sjóðanna í vissar áttir, og til þess að grundvöllurinn fáist undir þær ráðstafanir, þurfa að liggja fyrir glöggar upplýsingar um þessa sjóði. Þannig á þetta frv. að skapa grundvöllinn undir síðari aðgerðir í þessu máli. Auk þess benti ég á það, að þótt frv. heiti „frv.

til l. um eftirlit með sjóðum og sjálfseignarstofnunum", þá er samkv. 9. gr. frv. mjög auðvelt að hafa nokkur áhrif á að beina fé sjóðanna inn á heppilegar brautir. Annars ætla ég mér ekki að fara að halda hér aftur sömu ræðuna og áðan. Ég gerði þá grein fyrir því, hvernig þetta er hugsað sem grundvöllur síðari aðgerða. Það er t. d. ekki þýðingarlaust fyrir löggjafarvaldið að vita, hve mikið fé fellur til í sjóðum, sem hið opinbera getur haft áhrif á, að beini fjármagni sínu inn á vissar brautir, án þess að brjóta í nokkru í bága við skipulagsskrár sjóðanna, því að í mörgum tilfellum eru ákvæði skipulagsskránna svo rúm, og jafnvel svo ófullkomin, að ég tel hægt að hafa á þetta mikil áhrif, þegar um óumdeilanlega tryggan grundvöll er að ræða. Og þetta hafa allir gengið inn á í frv. um fasteignamatslán, að beina fjármagninu inn á þessa vissu braut, og sjóðaeftirlitið myndi verða í nánu sambandi við þá, sem ættu að skapa grundvöllinn fyrir því, að slíkt gæti átt sér stað.

Ég hefi lagt sérstaka áherzlu á þetta af því, að það hefir ekki komið fram hjá öðrum, en hinsvegar legg ég ekki síður áherzlu á það, að farið sé heiðarlega með sjóðina, og að tryggja það, er auðvitað höfuðtilgangurinn með þessu frv., þótt hitt eigi frá mínu sjónarmiði að koma til athugunar líka. Ég hygg, að það muni koma í ljós, þegar farið verður að taka á þessu máli, að allmjög sé ábótavant meðferð sjóðanna, og mér kæmi það ekkert á óvart, þótt þetta sjóðaeftirlit yrði talið sjálfsagt og ómissandi, þegar það hefir starfað nokkurn tíma.

Ég get ekki komizt hjá því að minnast á það, sem hv. þm. Dal. var að tala um, að hann hefði nú ætlað sér að vera svo sparsamur í sambandi við þetta eftirlit, að ætla hverjum manni, sem að þessu ynni, 100 kr. á ári. (ÞÞ: 150 krónur). Jæja, 150 krónur. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. dettur í hug, að menn geti sinnt eftirliti með 360 sjóðum, og jafnvel mörgum fleiri, fyrir einar 150 kr. á ári. Það er ekki nokkur vafi á því, að eins og það frv. var flutt, var það hreint og beint dæmt til þess að verða pappírsgagn; að vísu var dálítið úr þessu bætt með því að einskorða greiðsluna ekki alveg við 150 kr., en ég álít þetta svo merkilegt og mikið verkefni, að ekki veiti af að setja sérstakan mann til að gegna því. Í fljótu bragði virðast falla undir þetta eftirlit um 4—5 millj. kr.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. ráðh. sagði, að það kæmi lítið þessu máli við um sjóðaeftirlitið, sem ég hefði verið að benda á. Það er þó vissulega hvað snertir jarðeignakaupasjóð Ísafjarðarkaupstaðar, sem ákveðið er, að skuli stjórnað af bæjarstj. og reikningar hans birtir í B-deild Stjtíð. Skipulagsskrá þessa sjóðs hefir verið margbrotin. (**Fjmrh.:** Þetta sýnir þörfina á eftirliti). En þegar stjórnarráðið lítur ekki betur eftir sínum störfum en þetta? (**Fjmrh.:** Þá þarf sérstaka stofnun til að annast þetta). Það hefir hvað eftir annað verið gerð aths. við meðferð sjóðsins af endurskoðendum bæjarreikninga Ísafjarðarkaupstaðar. Ég geri líka ráð fyrir því, að þessi nýja stofnun muni verða undir yfirumsjón stjórnarráðsins, og ef þessu er ekki sinnt, og ekki heldur meðferð hafnarsjóðsins á Ísafirði, sem er í mesta máta einkennileg og þannig vaxin, að ástæða virðist til að taka til greina rökstuddar kærur um, að stjórn sjóðsins sé stefnt fyrir slíka meðferð, þá hygg ég, að ekki sé mikils að vænta frekar í þessum málum, þótt nýrri eftirlitsstofnun sé bætt við.

Hæstv. ráðh. telur tilgang þessa frv. að hafa áhrif á það, hvert fé sjóðanna sé veitt. (**Fjmrh.:** Ég var að enda við að segja, að það væri ekki aðalatriðið). Jæja, en hann leggur mikið upp úr því atriði. En nú er það ákveðið í flestum skipulagsskrám, að sjóðsstjórnirnar, innan vissra takmarka, skuli ráða þessu. Ef sjóðsstjórninni lízt nú á að ávaxta fé sjóðsins í innlánsskírteinum, þá sé ég ekki, að hægt sé að skipa henni að ávaxta féð á annan hátt. Nú er líka oft þannig ákveðið, að sjóðirnir skuli veita fasteignaveðslán innan þeirrar sveitar, sem sjóðurinn á að starfa fyrir. Ég veit, að þannig er það um 2—3 sjóði, sem er verið og að nokkru leyti búið að stofna, að þeir eiga að geymast í fasteignaverðbréfum innan sveitarfélagsins, sem þeir eiga að starfa fyrir, til þess m. a. að styrkja landbúnaðinn á þann hátt, að veita hagkvæm lán, að svo miklu leyti sem þessir sjóðir eru færir um. Þetta er ekki stórfé, 6—7 þús. kr., en getur þó komið sér vel fyrir frumbýlinga, sem vilja fá góð lán til að eignast jarðir sínar. Sjóðaeftirlitið getur ekki haft nein ráð með að beina þessu fé inn á aðrar en þessar fyrirfram ákveðnu brautir, og yfirleitt er hér um sjóði að ræða, sem vinna sitt verk á takmörkuðu svæði, a. m. k. meðan fasteignalánafyrirkomulagið er ekki í betra skipulagi en nú er.

Hæstv. ráðh. hefir hlotið að taka eftir því, að aths. hafa margsinnis verið gerðar við bæjarreikninga Ísafjarðar vegna þess að bæjarstj. misnotaði þessa sjóði, sem ég gat um, og ávaxtaði þá á annan hátt en lögmætt er, enda er það alls ekki nein ávöxtun, þótt tilfærðir séu á reikningunum ógreiddir vextir þessara sjóða um áramót, en þeir ekki einusinni greiddir, hvað þá sjálf lánsupphæðin.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Þessar umr. eru orðnar nokkuð langar, og skal ég ekki lengja þær nema með örfáum orðum. — Hv. 1. þm. Skagf. vék að því í ræðu sinni í gær, að það væri prentvilla í þessu frv., sem þyrfti að leiðrétta. Leit ég svo eftir þessu og sá, að þetta var rétt, og er því sjálfsagt, að n., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, fái það aftur til nánari yfirlestrar fyrir 3. umr., og getur verið, að betra tóm gefist nú til athugunar á frv.

Annars þótti mér það dálítið undarlegt í ræðu hv. 1. þm. Skagf. í gær, að hann gerði lítið úr gildi þess, að gjafasjóðir fengju konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni. Ég skal nú ekki fara langt út í það, hvert gildi það kann að hafa að fá nafn konungs undir eitt og annað. (**MG:** Það er ekki nafn konungs, sem um er að ræða). Það er þó það, sem okkar stjórnarskipunarlög gera ráð fyrir, bæði að konungurinn staðfesti lög með undirskrift sinni, og að hans

úrskurðar sé að formi til leitað í mörgum tilfellum. Og vitanlega hefir þetta sama gildi til þess að gefa skipulagsskrám festu. En þá þótti hv. 1. þm. Skagf. fyrst taka út yfir, þegar konungsstaðfestingar átti einnig að leita á breytingum á skipulagsskrám. En það leiðir af sjálfu sér, að eins verður að leita staðfestingar á breytingum eins og á skipulagsskránum sjálfum í upphafi.

Þá var hv. 1. þm. Skagf. enn að víkja að því, að 10. gr. frv. gæti brotið í bága við vilja gefandans. Ég hefi minnzt á þetta áður og get ekki séð, að þetta sé rétt, heldur jafnvel þvert á móti. Og eftir því, sem kom fram í ræðu hv. þm. N.-Ísf., eru mikil líkindi til þess, að öflugt eftirlit verði til þess að sjá um, að vilja gefandans sé framfylgt.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði í gær, að kostnaðurinn við þetta eftirlit myndi samsvara vöxtum af ½—1 millj. kr. Mér finnst hann áætla þetta nokkuð hátt, og hærra en frv. gefur tilefni til. Frv. gerir ekki ráð fyrir nema einum starfsmanni fram yfir það, sem nú er, og ætlar honum 6 þús. kr. árslaun, enda hygg ég, að Alþ. geti á hverjum tíma ráðið við, að kostnaðurinn við þetta verði ekki svo gífurlega hár. (**ÞÞ**: Það er gert ráð fyrir skrifstofukostnaði). Mér skilst, að hann hefði orðið að vera veittur í fjárlögum. (**Fjmrh.**: Hann þarf blekbyttu og pennaskaft. — **ÞÞ**: Dýr pennaköft). Hv. þm. gerir ráð fyrir 60 þús. kr. kostn., en ég skil ekki í því, hvernig um slíkt gæti verið að ræða. — Þá var þessi sami hv. þm. að tala um það, að þeirri rannsókn á þessum sjóðum, sem hefði verið byrjuð í fyrra, væri ólokið enn, og ekki hefði verið látið neitt í ljós frá henni enn. Ég mótmæli þessu. Það hefir margt komið í ljós í þessu máli frá í fyrra, fyrst og fremst, hve margir sjóðirnir eru, — þeir geta að vísu verið nokkru fleiri en ennþá er komið á daginn, en rannsóknin hefir leitt í ljós miklu meiri fjölda sjóða en menn grunaði, að til væru, og sérstaklega bjuggust menn ekki við, að svo mikið fé væri í þessum sjóðum sem reynslan hefir sýnt að er. Ég segi fyrir mig, að þegar þetta mál var hér til umr. í fyrra, þá datt mér ekki í hug, að um svo mikið fé gæti verið að ræða, 4—5 millj. kr., eins og nú er upplýst. Það er svo mikið fé, að mér finnst þjóðfélagið skipta miklu máli, að tryggilega sé um meðferð þess búið. Annars gekk hv. 1. þm. Reykv. inn á það, að þetta kostnaðaratriði væri ekkert aðalatriði, heldur væri aðalatriðið það, hvort gagn væri að þessum ákvæðum frv. eða ekki. Og ég verð að halda því fram, að fullt gagn megi að þessu verða.

Það hafa einir 3 dm. látið ljós sitt skina í þessu máli og gefið í skyn, að hér myndi vera um að ræða bitling handa einhverjum „rauðliða", eins og það er kallað. (**ÞÞ**: Eða skjóttum). Það er þetta gamla í sambandi við öll störf. Það var hér í fyrra frv. fyrir þinginu, sem fór fram á að stofnsetja nýtt embætti. Frv. var flutt af flokki hv. þm. Dal. og var samþ., og sú stj., sem nú situr, veitti það, og held ég þó, að sjálfstæðismenn séu ekki svo mjög óánægðir með það.

Út af þeim umr., sem hér hafa orðið milli hæstv. fjmrh. og 1. þm. Reykv. um það, hvort hér væri um eftirlit eða yfirstjórn þessara sjóða að ræða, þá vil ég benda á það, að það er skýrt, að frv. fjallar um eftirlit; en á hinn bóginn, eins og ráðh. hefir tekið fram, getur þetta eftirlit í mörgum tilfellum orðið til þess að beina fjármagni sjóðanna inn á vissar brautir. Mér finnst, að í útlánastarfseminni væru ekki aðrir betri ráðunautar hinna ýmsu sjóða úti um land en sá maður, sem veitti sjóðaeftirlitinu forstöðu. Ég er hv. þm. Dal. þakklátur fyrir fyrri hluta sinnar ræðu, því að eins og vænta mátti færði hann skýr og glögg rök fyrir því, að öruggt og gott eftirlit með sjóðum er nauðsynlegt og þarflegt, vitanlega í samræmi við það, sem hann hélt fram í fyrra. En í seinni hluta ræðu sinnar hafði hann aftur á móti ýmislegt að athuga við þetta frv., sem hér er nú til umr., en margt af því var ekki stórvægilegt, og má því að sjálfsögðu vel hugsa sér samkomulag um þau atriði. Honum fannst það höfuðgalli frv., að það gerði ráð fyrir embættismanni, sem pólitísk stjórn skipaði. Það er nú svo um okkar stjórnarfar, að stjórnin er alltaf pólitísk, og skipar þó alla embættismenn landsins. Og þetta gengur svona nokkurnveginn. Hv. þm. Dal. er t. d. sjálfur konunglegur embættismaður, skipaður af pólitískri stjórn, og ég veit ekki annað en að hann sé ágætur embættismaður. (**ÞÞ**: Ég var alls ekki hápólitískur, þegar ég var skipaður). Nei, en stjórnin, sem skipaði hv. þm. sýslumann í Dalasýslu, var áreiðanlega pólitísk, og það er ekki endilega sagt, að maðurinn, sem hlyti þetta embætti, yrði pólitískur fremur en hv. þm. Dal. var. (**JBald**: Nema það hafi verið veitt með því skilyrði, að hann yrði pólitískur?). Það gæti e. t. v. fundizt eitthvert fyrirkomulag, sem sneiddi hjá þessu. Ég hefi ekki hugsað svo ákaflega mikið um það, t. d. að allar sjóðstjórnirnar kysu manninn, en það yrði e. t. v. nokkuð flókið, en með öllu er það nú ekki útilokað. (**Fjmrh.**: Kosningar eru nú stundum pólitískar). Já, svo er það nú, a. m. k. hefir það verið á „Mogganum" að heyra undanfarna daga. (**MJ**: En á Alþbl. og Nýja dagbl.? — **MG**: Það er eðlilegt, að hv. þm. lesi aðallega Mbl.). Í hverju einasta „Mogga"-blaði stendur: Magnús Jónsson þarf að komast í útvarpsráðið. (**MJ**: Já, það er rétt af hv. þm. að lesa Mbl. — **ÞÞ**: Og breyta svo eftir því, en alls ekki hinum).

Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. var að tala um hafnarsjóði í þessu sambandi, þá verð ég að líta svo á, að þeir komi ekki til með að heyra undir þetta eftirlit. Sjóðir, sem bæjarfélög eiga og nota í sínar þarfir, heyra ekki hér undir, samkv. 2. gr., en aftur á móti finnst mér sennilegt, að þeir sjóðir, sem hann nefndi, að gefnir hefðu verið til að veita lán til jarðakaupa, myndu falla undir þetta. Sé það rétt, sem hann sagði um meðferð þessara sjóða, sem ég veit ekkert um og legg því engan dóm á, þá er það auðvitað eitt af hlutverkum þessa eftirlits að hafa eftirlit með, að slík misnotkun sjóðanna eigi sér ekki stað eins og hann lýsti.

Ég tel þessu máli því vísan stuðning hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Dal. (**ÞÞ**: Nei). Jú, hv. þm. Dal. hlýtur að styðja það samkv. skoðunum hans á þessu máli.

Magnús Guðmundsson: Það er auðheyrt, að hv. frsm. heldur, að hann tali svo vel fyrir þessu máli, að hann muni snúa öllum, og þótt sumir tala á móti málinu, þá heldur hann samt, að þeir séu fylgismenn þess. Ég sé enga ástæðu til þess að taka af honum þessa „gloríu“, sem honum finnst vera um sinn málflutning, en vera má, að hann breyti frv. svo mikið á milli 2. og 3. umr., að jafnvel ég geti verið með því. (**BSt:** Já, ætli það ekki). Það, sem ég vildi segja út af konungsstaðfestingunni, sem hv. þm. er svo hrifinn af, var það, að það er misskilningur, ef hann heldur, að konungurinn riti sitt nafn undir skipulagsskrárnar. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að þetta er annaðhvort gert af fulltrúa í stjórnarráðinu eða skrifstofustjóra, og látið heita svo, að það sé eftir skipun konungs, en hans staðfestingar er aldrei leitað. (**JBald:** Það er sama, það er gert í hans umboði). Sama hvort það er fulltrúinn eða konungurinn? Væri þá t. d. sama, hvor þeirra skrifaði undir lög? Saga þessa máls er sú, að í fyrstu skrifaði konungurinn með eigin hendi undir þessi skjöl, en svo urðu þau svo mörg, að hann sagði við sinn ráðh.: Skrifa þú undir. Svo sagði ráðherrann við skrifstofustjórann: Það er bezt að þú undirskrifir þetta. Síðan fór skrifstofustjórinn til fulltrúans og sagði við hann: Ég nenni ekki að vera að skrifa undir þetta, ger þú það. — Þetta er nú konungsstaðfestingin. Hún er m. ö. o. þýðingarlaus. Þetta er gamalt „kancelli“-fyrirkomulag. (**PM:** Hefir nokkurntíma verið neitað um konungsstaðfestingu?). Nei, aldrei, nema þá til bráðabirgða, af því að sjálfar skipulagsskrárnar hafa verið óframbærilegar, og strax og úr því hefir verið bætt hefir staðfestingin fengizt. Vitaskuld þarf skipulagsskráin að uppfylla viss skilyrði til þess að hægt sé að setja hið heiðraða fulltrúanafn undir hana. Ef einhverjar vitleysur eru í skipulagsskránum, þá verður auðvitað að leiðrétta þær áður en skrifað er undir.

Mér þykir gaman að því, að jafnaðarmenn, sem ekki hafa þótzt halda mikið upp á konunginn, skuli nú vilja halda í þetta úrelta kancellífyrirkomulag. En mér er það auðvitað alveg meinfangalaust. Aðalatriðið er það, að 10. gr. frv. fer án efa í bága við mörg af gjafabréfunum, eða öll þau bréf, sem kveða á um það, hverjir skuli stjórna sjóðunum. Í 10. gr. stendur, að stjórnum sjóða sé skylt að leita samþykkis sjóðaeftirlits ríkisins, ef gera skal verulegar breyt. á eignum sjóða. Ef þetta þýðir, að hægt sé að neita um samþykki til slíkra breyt., þá er enginn vafi á því, að þetta fer í bága við skipulagsskrárnar. En ef aðeins á að leita samþykkis og sama er, hvort sagt er já eða nei, þá er þetta ákvæði alveg þýðingarlaust.

Um kostnað þann, sem leiðir af þessu frv., skal ég ekki fjölyrða, enda endist manni kannske aldur til þess að benda á hann síðar. En ég spái því, að kostnaðurinn fari ekki langt frá þeirri upphæð, sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki tefja umr. lengi, því ég þarf ekki mörgu að svara. — Hv. frsm. meiri hl. minntist á málið þannig, að hann virtist vera mjög sjálfsglaður yfir því, að allir hlytu að verða á hans máli. Ég verð þó að segja fyrir mig, að ég get ekki verið með frv., nema á því verði gerð stórfelld breyting.

Hæstv. fjmrh. lýsti yfir því, að frv., sem varð að l. á síðasta þingi, væri dæmt til þess að verða aðeins pappírsgagn. Ég verð að segja, að þetta er, vægast sagt, misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ef athugaðar eru 2. og 3. gr. frv., þá má það með sæmilegum mönnum verða til stórmikils gagns.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, og vildi skopast að því, að ég hefði viljað hafa launin of lág. Það má vel vera, að svo hafi verið. En þar er þá sú bót í máli, að við eigum ráðh., sem virðist fús til þess að hækka launin, og það ekki neitt lítið, eftir því sem frv., sem nú er til umr., virðist bera með sér. — Ég verð að segja það, að þegar hæstv. fjmrh. og lið hans hefir haldið yfirreið sína yfir sjóðina, þá megi vera, að sumum detti í hug hófaförin eftir hest Átla Húnakonungs.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 218, frá minni hl. fjhn., felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM.

nei: BSt, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, EÁrna.

Þrír þm. (HG, HermJ, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 189,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 189,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv.

2. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 189,3 samþ. án atkvgr.

3.—5. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 189,4 samþ. án atkvgr.

6.—19. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 189,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. og 35. fundi í Ed., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 255, 272).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, af því að n. hefir ekki getað athugað og tekið afstöðu til brtt. á þskj. 272.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

68. Klaksjóður og klakstöðvar.

Á 20. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um klaksjóð og heimild handa ríkisstj. til þess að láta reisa klakstöðvar (þmfrv., A. 73).

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 596).

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það hafa legið fyrir undanförnum þingum allmiklar breytingar á laxveiðilöggjöfinni, sem vitanlega átti að miða að því að auka fiskiræktina og laxveiðina í landinu. En ég er hræddur um, að þó að löggjöfinni hafi að ýmsu leyti verið breytt í þessu augnamiði, þá hafi ekki náðst verulegur árangur, a. m. k. ekki eins og til var ætlazt. Eins og nú er háttað lögum í landinu á þessu sviði, þá virðist svo erfitt að samræma hagsmuni og ákveða veiðitíma þeirra, sem við veiðivötnin búa og eiga lönd að þeim. Þeir, sem eiga lönd að ósum veiðiánna, fá miklu verðmætari lax en hinir, sem búa ofar við árnar til dala og veiða þar gamlan og verðminni lax, er aðeins selst saltaður. Þar sem ekki hefir enn tekizt með laxveiðilöggjöfinni að samræma hagsmuni þessara manna, þá hafa hrygningarstaðirnir verið svo að segja þurrkaðir upp, og hefir það vitanlega leitt til þurrðar á laxinum. Þegar laxinn er veiddur hindrunarlaust á hrygningarstöðvunum, þá er ekki að búast við, að hægt sé að halda honum við, og má það raunar teljast undravert, að ekki skuli vera búið að útrýma laxinum með öllu úr veiðiám landsins.

Að undanförnu hefir talsvert verið rætt um að stuðla að byggingu klakstöðva sem víðast á landinu, en framkvæmdir hafa verið í smáum stíl og sáralítið á unnizt samanborið við það, ef riðastöðvarnar hefðu verið friðaðar. Þegar vel viðrar, er náttúran stórvirk í þessum efnum, ef ekkert sérstakt ber út af, þannig að ísruðningar eða stór vatnsflóð í veiðiám landsins skoli silunum burt og eyðileggi þau, eins og stundum ber við. Það hefir lítið að segja, þó að klakið sé út nokkrum hundruðum þúsunda af laxaseiðum, móti því, að náttúran fái að vera óhindruð á riðastöðvunum. Að vísu hefir það ekki verið fundið út enn, hversu mörg prósent af laxaseiðum ná fullorðinsaldri.

Tilgangur þessa frv. er sá, að ýta á eftir ríkisstj. að láta reisa klakstöðvar, og ég hefi þá skoðun, að þær hafi litla þýðingu, nema þær séu mjög stórar og fullkomnar á allan hátt. Frá þessum stóru klakstöðvum á svo að flytja laxaseiðin og dreifa þeim í veiðiár landsins, til þess að auka laxveiðina þar, sem hún er nú orðin lítil, og halda henni við í þeim ám, þar sem enn er talsverð laxagengd. Ég held, að þetta verði ekki gert, svo að gagni komi, nema það opinbera hafi forgöngu að því og sjái um rekstur klakstöðvanna, og að þær verði, eins og sagt er í nál., reistar þar, sem auðveldast er að flytja úr þeim laxaseiði í sem flestar veiðiár í landinu.

Mér hefir verið sagt frá þeirri nýjung, að flutt hafi verið fyrir skömmu laxahrogn frá Reykjavík austur á Fljótsdalshérað, og að við þann flutning hafi aðeins 5% farið forgörðum. Ef það er hægt með þessum árangri, þá er sjálfsagt auðveldara að flytja hrogn en seiði. Laxaseiðin hafa talsvert misfarizt í flutningum, nema gætt hafi verið ýtrustu nákvæmni um, að vatnið væri ferskt og súrefnarikt, sem seiðin eru flutt í. Menn þykjast hafa orðið varir við talsvert aukna veiði þar, sem seiðum hefir verið sleppt í veiðiár. Sést það bezt á Elliðaánum, sem eru með beztu laxveiðiám á landinu; þar hefir um nokkurra ára bil verið klakið út laxaseiðum og sleppt í árnar. Og laxveiðin hefir aukizt, þrátt fyrir það, að rafstöðvarstíflan hefir mjög hindrað vatnsrennsli í ánum og fjöldi seiða hlotið að farast í járnristunum við rafstöðina. Menn þykjast hafa tekið eftir því, að klakið hafi gert mikið gagn, þó að þessi vandkvæði hafi átt sér stað. Það er líka í fullu samræmi við reynslu nágrannaþjóðanna. Þar hefir það komið í ljós, að hægt er að fara með laxinn eins og húsdýr, í sömu á og þar sem hann er uppalinn.

Með tilliti til þessarar reynslu er frv. flutt. En í því voru engar bendingar um það, hvaða ár skyldu valdar til þess að reisa klakstöðvar við. Landbn. hefir aftur á móti nefnt tvær ár í því skyni: Laxá í Kjós fyrir Suðurland og Laxá úr Mývatni fyrir Norðurland. Veiðiréttindi í þessum ám þarf ríkið sumpart að kaupa eða taka á leigu, og ef til vill að taka þau eignarnámi, ef ekki fást hagkvæmir samningar. Þessar ár eru báðar svo laxríkar og vel settar, að frá þeim verður hægt að flytja hvort heldur sem menn vilja hrogn eða seiði um allt land. Auk þessarar brtt. um árnar hefir landbn. orðað brtt. sína þannig, að stj. er ekki bundin við að láta reisa aðeins tvær klakstöðvar; þær mega vera fleiri, ef rannsókn leiðir í ljós, að nauðsynlegt sé að hafa þær fleiri en tvær. N. vildi ekki fastbinda þetta í frv., þó að í byrjun verði þær að líkindum aðeins tvær.

Í till. n. er gert ráð fyrir, að stj. heimilist að kaupa veiðiréttindi í Laxá í Kjós, en taka á leigu öll veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni. Renna margar stoðir undir það, að ríkið verði að eiga eina veiðiá, og kaupa aðra af þeim, sem hér er bent á, t. d. Laxá í Kjós.

Það hefir í mörg ár verið mín skoðun, að hér þyrfti að gerbreyta laxveiðilöggjöfinni og ákveða, að ekki megi veiða lax í net nema í þremur ám á landinu, Hvítá í Borgarfirði, Hvítá í Árnessýslu og Ölfusá.

Þó þær séu talsvert vatnsmiklar, má næstum því taka hverja bröndu í net, sem fer upp í árnar. En þetta yrði ekki gert, nema þeir, sem búa ofar við árnar, létu riðastöðvarnar óáreittar og sæju hag sinn í því að láta horaða

haustlaxinn í friði. Það er óhjákvæmilegt að jafna hagnaðinum af laxveiðinni á milli ósabænda og þeirra, sem búa ofar við árnar. Síðan á ekki að leyfa aðra veiðiaðferð en stangarveiði í hinum smærri ám. Stangarveiði er að verða svo eftirsótt sport, bæði af innlendum og erlendum mönnum, að ég tel víst, að bændur hefðu meiri tekjur upp úr því að leigja ána sína til stangarveiða heldur en að stunda þá ránsveiði, sem nú tíðkast. Sjálfir gætu þeir vitanlega einnig haft rétt til þess að fara með stöng og ná sér bröndu í soðið.

Þó að nú sé bannað með lögum að stunda netjaveiði á riðastöðvunum, þá kemur það ekki að haldi, af því að þeir, sem búa upp með ánum, fá ekkert fyrir vorveiðina í ósunum. Það verður því að finna leið til þess að bæta þeim það upp, þannig að þeir fái ákveðið gjald fyrir hvern lax, sem veiðist. Þeir bændur, sem búa við ósana, fá vitanlega verðmætasta laxinn; það er því engu síður nauðsynlegt fyrir þá, að riðastöðvarnar séu friðaðar síðari hluta sumars og á haustin. — Ég er ekki að svo stöddu til þess búinn að gera till. um, hvað hátt þetta jafnaðargjald af laxinum ætti að vera, en mun athuga það betur.

Á síðustu árum hefir verið mikil eftirspurn eftir laxveiðiám, og hún er alltaf að aukast. Sumpart vegna þess, að laxveiði í ám fer smámsaman þverrandi í nágrannalöndunum, og þar af leiðandi eru Norðmenn og Svíar, en þó sérstaklega Englendingar að sækjast eftir veiðiám hér á landi. Englendingar eru ákaflega sólgnir í að fá hér réttindi til stangarveiða í ám og borga miklu meira fyrir þau en bændur hafa sjálfir upp úr laxveiðinni. — Á stríðsárunum dró nokkuð úr þessu, en nú hefir eftirspurnin aukizt aftur.

Þetta spursmál, um arðjöfnuð af laxveiðinni á milli hlutaðeigenda, liggur að vísu ekki fyrir nú, en það ætti að komast sem fyrst í framkvæmd, þó að vitanlega verði mjög erfitt að koma á samkomulagi milli ósabænda og annara, sem lönd eiga að veiðiám.

N. hefir verið í dálitlum vafa um, hvort 10 aura gjaldið á hvert kg. af laxi í klaksjóð sé of hátt, á meðan ekki fæst aukin laxveiði vegna klaksins, og mun n. athuga það frekar milli umr.

N. hefir ekki athugað, hvernig bezt yrði fyrir komið innheimtu á þessu gjaldi af laxi, sem veiddur er t. d. í Hvítá og Ölfusá, en það eru mestar líkur til, að aðalgjöldin til klaksjóðs komi þaðan. Hinsvegar mun verða erfitt að eltast við innheimtu á þessu gjaldi, þar sem aðeins er um smáveiði að ræða, eða örfáa laxa í stað. N. telur, að fyrst og fremst verði þó að gera ráð fyrir því, að þeir, sem hafa mesta laxveiði, greiði skilvíslega gjöld í klaksjóð. Væri æskilegt, að nokkur frestur yrði þangað til frv. kæmi til 3. umr., svo að n. gefist tóm til að athuga betur, hvaða reglum yrði fylgt um innheimtu á gjaldinu, og hverju það mundi nema. — Það hefir komið fram síðan n. skilaði áliti sínu, að veiðimannahúsið Árnes við Laxá í Kjós er þannig sett, að n. sér, eftir atvikum, ekki ástæðu til að veita heimild til eignarnáms á því. Og er þá þýðingarlaust það ákvæði í till. n., er heimilar ríkisstj. að taka það eignarnámi. N. flytur því skrifl. brtt. við b-lið brtt. í nál. á þskj. 596, um að orðin „og eignum“ falli niður. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa málsgr. í b-lið: „Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstj., um kaup eða leigu á veiðiréttindum í a- og b-lið, skal ríkisstj. heimilt að taka þau eignarnámi, og er það þá á valdi ríkisstj., hvort eignarnámið tekur til kaups eða leigu á veiðiréttindum þeim og eignum, er getur í a-lið þessarar greinar“. Það eru orðin „og eignum“, sem við leggjum nú, til, að verði felld úr brtt. í nál., og þýðir það, að ríkisstj. fær ekki heimild samkv. þessu frv. til að taka eignarnámi annað en veiðiréttindin í þeim veiðiám, sem þar eru nefndar, ef ekki takast hagkvæmir samningar um sölu eða leigu á þeim við hlutaðeigendur.

Ég hefi þá minnzt á allar efnisbreyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv.; auk þess eru einstöku orðabreyt., sem ég hirði ekki að fjölyrða um.

Ég mun leggja til hæstv. forseta skrifl. brtt., sem n. hefir komið sér saman um, að fella niður þau orð, er ég áður nefndi.

Að lokum vil ég geta þess, að það mun vera prentvilla í sumum eintökum af þskj. 596, og má leiðrétta það síðar.

Magnús Guðmundsson: Ég saknaði þess í ræðu hv. 4. landsk., að hann skyldi ekki geta um það, hvað n. teldi, að það mundi kosta ríkissjóð að kaupa veiðiréttindin og húsið Árnes við Laxá í Kjós, er um ræðir í nál., því það er atriði, sem mikils er um vert. Hann mun hafa hugsað um það, og ég hefi ástæðu til að halda, að hann geti gefið upplýsingar í því efni, þar sem ég ætla, að húsið sé eign þess banka, sem hann er forstjóri fyrir. (JBald: Nei, það er einkaeign). Nú, hv. þm. getur þá, máske gefið upplýsingar um, hvað það hefir verið selt. Það er sannarlega ekki ástæðulaust að spyrjast fyrir um kostnaðarhliðina á þessu máli, þegar borið er fram hér í d. hvert frv. á eftir öðru, þar sem ríkisstj. er heimilað að verja fé úr ríkissjóði, án þess að nokkrar áætlanir séu látnar fylgja um, hvað kostnaður við framkvæmd þeirra muni nema háum upphæðum. Það er vissulega fullkomin ástæða til, að hv. frsm. gefi upplýsingar um kostnaðarhliðina; það getur vitanlega haft áhrif á, hvernig atkv. þdm. falla um frv. — Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég er ragur við að lagt verði út í svona framkvæmdir á þessum tímum, og mun varla greiða atkv. með frv.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það má vera, að ég hafi ekki í ræðu minni gefið upplýsingar um, hvað það muni kosta að kaupa eða taka á leigu veiðiréttindi í þeim veiðiám, er um ræðir í frv. Enda álít ég, að erfitt sé að gera áætlun um það, og auk þess tel ég, að það sé ekki rétt að nefna ákveðnar fjárupphæðir. Það veit ég, að hv. þm. getur skilið, þar sem ríkisstj. á að leita samninga um kaup eða leigu á laxveiðiám, þá er það mjög varhugavert og gæti leitt til þess, að samningar tefðust eða færust fyrir, ef

gefnar væru upp ákveðnar tölur í því samb. fyrirfram. Hv. 1. þm. Skagf. hlýtur að geta gert sér grein fyrir því, að þetta muni velta á talsvert stórum fjárupphæðum, ef keypt eru eða tekin á leigu veiðiréttindi í tveimur helztu laxveiðiám á landinu. Það gæti spillt aðstöðu ríkisstj. til samninga við hlutaðeigendur, ef nefndar eru ákveðnar tölur eða sett takmörk um þær fyrirfram. Ég get sagt hv. þm. privat, hvað veiðiréttindi hafa verið seld, en það er varhugavert að gefa þar byr í seglin.

Ég hygg, að hæstv. forsrh. hafi mjög góðan kunnugleik og þekkingu á þessum efnum og geti farið nærri um það, hvað gefa megi fyrir þessar veiðiár. Ég vil komast hjá því að nefna ákveðnar tölur, en skal hinsvegar segja hv. þm., hvað hluti úr laxveiðiá var seldur fyrir 2—3 árum síðan.

Magnús Guðmundsson: Hv. 4. landsk. vildi ekki nefna neina ákveðna upphæð, sem ríkissjóður yrði að greiða, ef frv. þetta yrði að lögum, en það getur hver maður sagt sér, að sú upphæð getur orðið stór, en hvað stór hún verður, veit enginn. Eigi að fela stj. þetta, þá segi ég fyrir mig, að ég kæri mig ekki um það svona alveg út í bláinn. Það er svipað um þetta mál að segja eins og svo mörg önnur, sem nú eru borin fram, en það er ósiður að samþ. svona heimildir, sem enginn veit, hve miklu nema. Ég sé ekki, hvað ríkissjóður á að gera með það að kaupa hús og land uppi við Laxá. Ég sé ekki, að það þurfi annað en að fá heimild til að hafa klakstöðvar við þessar ár, því að það mun vera alhægt að komast að samkomulagi við eigendur þessara laxáa um að hafa klakstöðvar við þær, og er þá engin ástæða fyrir ríkið að vera að kaupa sjálfan veiðiréttinn, enda hefir það komið fram hér í löggjöf áður, og svo líka í laxveiðilöggjöfinni, að gengið er út frá því, að laxveiðirétturinn fylgi löndunum sjálfum, og þar er beinlínis bannað að selja veiðiréttinn undan jörðunum. Þetta ákvæði í lögum getur ekki verið af öðru en því, að það sé talið eðlilegast, að veiðin fylgi löndunum, og mér finnst hið opinbera geri alveg nóg fyrir laxveiðina í landinu með því að koma upp klakstöðvum, þó að eigendur jarðanna eigi áfram veiðiréttinn. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki trú á, að það fari vel úr hendi hjá því opinbera að kaupa veiðiár og hafa svo á hendi að leigja út veiðiréttinn. Annars á þetta mál að fara til fjvn. samkv. þingsköpum.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Ég hefi ekkert á móti því, að fjvn. fái þetta mál til athugunar. Þá ætti vitanlega að taka upp þá reglu, sem hv. 1. þm. Skagf. virðist halda fram í hverju máli, að ef kostnaður sé við eitthvert mál, sem fram er borið, þá eigi það að fara til fjvn. Það er nú víst ekki hægt eftir þingsköpunum að vísa máli til fjvn. úr deild, en við í landbn. erum auðvitað reiðubúnir til að skrifa fjvn. hátíðlegt bréf og senda henni það með tilheyrilega kurteisum orðum og biðja hana, þá hv. yfirnefnd þingsins, að líta í náð sinni á þetta mál og athuga, hvort hér sé ekki einhver herfileg vitleysa á ferðinni. Fjvn. hefir nú haldið 100 fundi minnst, og hefir því sett met í fundahöldum, og ætti þetta mál okkar þess vegna að geta komið til athugunar einhverntíma á öðru hundraði fundanna, en það þyrfti að vera heldur fyrr en síðar, til þess að málið geti komið aftur í d. áður en þingi lyki. En ef haldið verður áfram að ryðja svona hverju málinu á fætur öðru til fjvn., þá getur skeð, að það tefji eitthvað fyrir afgreiðslu fjárl., sem margir eru orðnir langeygðir eftir. En sem sagt, ég er alveg fús til þess að samþ., að þetta mál verði athugað í fjvn., þ. e. a. s. fjárhagslegu atriðin í því, en ég vil ekki, að það verði fyrr en að þessari umr. lokinni, til þess að ekki þurfi að taka það út af dagskrá, enda eftir ein umr. í d.

Bernharð Stefánsson: Ég vil ekki hafa á móti því, sem form. landbn. sagði, að hann hefði ekkert á móti því, þó að þetta mál yrði sent fjvn. Það er annars undarlegt, að þetta er annað málið í dag, sem hv. 1. þm. Skagf. heimtar til fjvn., og það af sömu n. — landbn. Það er e. t. v. rétt að taka upp þann sið, að vísa þeim málum, sem baka ríkissjóði útgjöld, til fjvn., en ég vil spyrja hv. þm., hvort fjvn. hafi yfirleitt tekið þá stefnu að heimta öll mál til sín, sem hafa inni að halda fjárhagsatriði. Það eru í Nd. mál, sem mér virðast vera miklu stærri fjárhagsatriði í, en ég hefi ekki heyrt — en það getur raunar verið fyrir því —, að þau mál hafi verið heimtuð til fjvn. Svo vildi ég gjarnan spyrja hv. 1. þm. Skagf., úr því að hann er að gera þessar kröfur fyrir hönd fjvn., hvort hann búist við, að fjvn. hafi tíma til að bæta á sig mjög miklum störfum frá því, sem upphaflega er ætlazt til, að hún inni af hendi. Nú er það svo, að allflest mál hafa inni að halda einhver fjárhagsatriði, og gæti því farið svo, að þau yrðu allflest að athugast í þessari einu n. Ég efast ekki um, að unnið sé af miklum dugnaði í þessari n., en það má sem sagt öllu ofbjóða — líka þreki og dugnaði þessara góðu nefndarmanna.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki ég, sem á neina sök í þessu efni, ef um sök skyldi vera að ræða. Það, sem ég hefi bent á, eru gildandi lagaákvæði. Svo spyr hv. 1. þm. Eyf., hvort það sé meiningin að fara eftir l. í öðrum tilfellum. Ég get ekki svarað því, því að ég ræð því ekki. Hv. þm. talaði við mig eins og ég réði öllu á þessu þingi, en ég hélt, að hann vissi, að það er hann, sem er í meiri hl., og þó að ég í öllu meinleysi bendi á ákvæði, sem ekki hefir alltaf verið farið eftir, þá hélt ég, að það væri ekki goðgá. Það er þá hægt að láta þau sofa áfram, ef stj.meirihl. þykir ástæða til. Annars verð ég að segja það um þetta mál, að brtt. n. sýnist mér vera þannig, að þær geti valdið talsverðum útgjöldum. Ég get tekið fram, að ég hefi ekkert umboð frá fjvn., en þetta er rétt eftir þingsköpum, og ég veit, að hv. 1. þm. Eyf. sér það líka, að eftir þingsköpunum á þetta mál að fara til umsagnar fjvn. (**BSt:** Já, en miklu fleiri, sem eru í Nd. Verður þá farið eins með þau?). Hvernig getur hv. þm. búizt við, að ég

geti sagt um, hvernig verður farið með mál, sem eru í Nd.? Hann heimtar allt of mikið af mér, að ég svari þessu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 624) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 596,1.a (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 624 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 596,1.b (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

— 596,1.c (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 596,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

6.—8. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 596,3.a (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 596,3.b (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 596,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstj. til að reisa klakstöðvar og til eignarnáms í því skyni.

Á 82. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 626, 646).

Jónas Jónsson: Fjvn. gerði eina brtt. við þetta frv., og nm. héðan úr d. bera hana fram. Er hún á þá leið, að heimild 4. gr. um kaupin skuli aðeins notuð með samþykki fjvn. Alþingis. Hefir ekki unnizt tími til að undirbúa þetta mál nógu rækilega. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að tvær ár yrðu leigðar, en þar sem það hefir nú orðið ofan á, að ríkið kaupi Laxá í Kjós, þykir ekki óeðlilegt, að fjvn. hafi úrskurðarvald um þetta. Það er alltaf auðvelt að ná til fjvn. og í henni eru alltaf menn úr öllum flokkum. Kostnaðaráætlun hefir enn ekki verið hægt að gera, og um kostnaðinn er ekkert hægt að segja, fyrr en ýtarleg athugun hefir farið fram.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Formlega hefir þetta ekki verið athugað af n. Það, sem talað var um við 2. umr., var það, hve mikilla tekna mætti vænta af gjaldi því, sem á skal leggja samkv. 2. gr. frv. En við höfum gert athugun á þessu eftir fiskiskýrslum og hlunninda, sem hagstofan gefur út. Sést þar tala þeirra laxa, sem hagstofan hefir þótzt finna út, að veiddir hafi verið hér á landi ár hvert. Þessi tala er allmisjöfn eftir árum. 1910 voru t. d. taldir 4000 laxar, 1915 tæp 11000, 1925 um 15000, 1931 aftur 11000, og svo árin 1932 og '33 veiddust 20000 og 26000. Væri miðað við þessar tölur, sem eru það eina, sem hægt er að halda sér við, má gera ráð fyrir, að 10 aura skattur nemi ekki minnu en 6000 kr. Þetta höfum við talað um, að væri of hátt, og hafa komið till. um að lækka skattinn niður í 6 aura. Ég hefði gjarnan viljað koma með brtt. við þessa umr., svo að málið þyrfti ekki að tefjast, og reikna með því, að ríkið fengi 3—4000 kr. árlegt gjald af þessu, sem hægt væri að nota til að koma upp klakstöðvum, ásamt ríkissjóðstillaginu. En nú sé ég, að fram er komið nýtt atriði í málinu, sem n. hefir ekki haft tök á að athuga, en það er brtt. fjvn.manna. Ég get ekki fallizt á það fyrir mitt leyti, að farið sé að ákveða í l., að þessi n. skuli geta veitt þessa eða hina heimild. Það væri ný stefna í löggjöf okkar, og þó nokkuð mikilsverð nýbreytni. Mér finnst ekki koma til mála, að fjvn. hafi slíkt vald. Ég get reyndar skilið, að fjvn. sé svo upp með sér af sjálfri sér, að henni finnist hún eiga að ráða öllu. En gæti þá ekki farið svo, að við yrðum eins stærilátir í landbn., eða að aðrar n. settu sig á jafnháan hest? Ég vil því mælast til þess við hv. fjvn., að hún stígi niður af þessum stóli og litist um meðal almennings hér á þingi, hinna nefndanna, að hún dragi úr yfirlæti sínu og sé ekki að heimta meiri völd en aðrar n. hafa. Ég mælist til þess, að málið verði tekið af dagskrá, svo að hægt sé að komast að samkomulagi við hv. fjvn. um að orða þetta á eðlilegan hátt, t. d. þannig, að sett verði í frv. heimild handa stj. til að taka lán samkv. þessum l. Ég hefi hugsað mér, að stj. gæti í vetur þreifað fyrir sér um það, hve mikið fé þyrfti að taka, og legði svo fram fyrir næsta þing beiðni um heimild til þess. Þó að þessi till. fjvn. yrði ekki samþ., mætti samt láta frv. halda áfram, og stj. gerði þá ekki annað í málinu en að koma með beiðni til þingsins um heimildina. Ég mælist því til þess við hv. fjvn., að hún taki till. sína aftur, þó að nú sé 3. umr., eða, ef ekki fæst samkomulag um það, þá að málið verði tekið af dagskrá.

Jónas Jónsson: Ég held, að hv. 4. landsk. skjátlist, er hann segir, að fjvn. sýni af sér yfirlæti. Hún hefir verið auðmjúk og eljusöm, eins og allir vita. Í þessari till. hennar kemur aðeins fram umhyggja fyrir málinu, sem hv. þm. mega ekki misskilja. Hv. þm. finnur, að það er hinn veiki punktur, að ekki er hægt að segja, hvað Laxá í Kjós muni kosta. Mér hefir líka dottið í hug að stinga upp á lánsheimild. En ef kaupin eiga að ganga fram í vor, þá finnst mér auðveldast og eðlilegast, að fjvn. sé spurð um þetta atriði. Er það ekki óalgengt í l., að n. geri ákvarðanir um svipuð mál. T. d. var það svo um tíma, að landbn. átti að kjósa menn í stj. Búnaðarfélags Íslands og sömuleiðis kreppulánasjóðs. En ef þessi till. verður felld, þá er ekkert við því að segja. Við þremenningarnir höfum ekkert gert til að agitera fyrir henni.

Ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að málið verði tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 3. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 626, 646, 678).

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það var þessi brtt., sem var boðuð við fyrri hl. umr. um að lækka gjaldið til klaksjóðs úr 10 aurum á kg. í laxi og niður í 6 aura. Það er dálítið erfitt að afla sér upplýsinga um, hversu mikið af laxi yrði selt og gjald yrði greitt af. Skýrslur um þetta eru ekki nákvæmar. Það má að vísu sjá, hvað út er flutt, en það virðist vera breytilegt frá ári til árs, jafnvel frá 15 tonnum upp í 40 til 50 tonn. Það má búast við, að þetta gjald yrði einhversstaðar á milli 3 og 4 þús. kr., eftir því sem næst er hægt að komast, ef gjaldið næðist af miklum hluta þess lax, sem seldur er innanlands. En það má búast við, að það fari talsvert forgörðum og ekki verði hægt að ná gjaldi af öllum þeim laxi, sem seldur er í landinu, en það ætti að nást af meginhluta þess, sem út er selt, og því, sem selt er í stórum stíl, a. m. k. í Reykjavík.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði neinn ágreiningur um þessa till. En ég vil mælast til, að till. á þskj. 646 verði ekki samþ. Því að það er óeðlilegt að afhenda fjvn. þetta vald, sem segir í þessari brtt. Ég talaði um þetta við fyrri hl. þessarar umr. og flutti fram þau rök, sem til eru um það, að það er óeðlilegt að binda ríkisstj. í þessu eina efni við það, að nota ekki heimildina nema með samþykki fjvn., úr því að ekki er til nein yfir-fjárveitinganefnd, sem starfar á milli þinga, eins og till. hv. 1. þm. Reykv. gerir ráð fyrir og nú liggur fyrir þinginu, og má vel vera að hún verði samþ., þó hún eigi fyrst og fremst við umframgreiðslu á fjárlögunum. Ég skal nú benda á nokkra erfiðleika, sem eru á því að ná samþ. fjvn.

Við skulum segja, að þetta kæmi til í byrjun janúar. Þá er ekki nein fjvn. til og verður ekki skipuð fyrr en á næsta þingi. En hér er gengið út frá því, að fjvnm. hafi þetta vald á milli þinga. En þá eru samt erfiðleikar á að fá þetta samþykki, því að þeir eru sinn á hverju landshorni; t. d. eins og fjvn. er nú skipuð, þá er hv. 6. landsk. austur á landi, hv. 7. landsk. norður í Skagafirði o. s. frv. Sem sagt, þeir eru dreifðir út um allt land. Þó að maður hugsi sér, að til þeirra mætti leita, er það ekki fyrr en á þinginu 1936, og þá er ekki eingöngu fjvn. að snúa sér til, heldur situr þá Alþingi á rökstólum og því eðlilegast, að til þess sé leitað. Vil ég því mælast til, að þessi till. verði felld, því að það er óeðlilegt að samþ. hana.

Magnús Guðmundsson: Af því að ég er meðflm. að brtt. á þskj. 646, sem hv. 4. landsk. varð svo tíðrætt um, vildi ég segja nokkur orð henni til stuðnings.

Það er fróðlegur fyrirlestur, sem hv. þm. er búinn að flytja nú tvisvar sinnum um það, hvar fjvnm. eru búsettir á landinu. Hefir hann með því sýnt sína góðu landafræðikunnáttu. En ég vil segja, hvað fyrir okkur vakti með þessari till. Það var það, að við álítum ómögulegt að halda áfram þeirri aðferð, sem verið hefir, að demba stórkostlegum fjárhæðum á ríkissjóðinn án þess að þær komist inn í fjárlögin. Þess vegna vildi n. ekki, að þetta frv. yrði samþ. nema með því skilyrði, að það yrði að liggja fyrir samþykki fjvn. um að leggja út þá fjárupphæð, sem frv. kostar. Ég spurði hv. 4 landsk. við 1. eða 2. umr. þessa máls, hvað það mundi kosta að taka eignarnámi þessar ár og vötn, sem hér er um að ræða, og hver leigan mundi verða. Hann lét í veðri vaka, að hann vissi um þetta, en hann vildi ekki segja, hver upphæðin var. En meðan menn renna blint í sjóinn um það, hvað er um að ræða, er sannarlega ekki undarlegt, þó að sú n. þingsins, sem er falið að athuga gjaldaliði fjárl., vilji úr því að hún getur ekki fengið að vita, hver útgjöldin eru, fá að hafa hönd í bagga með, hvort þessi gjöld eru innt af hendi eða ekki. Og einmitt þetta, að n. var öll sammála um þessa till., skilst mér, að eigi að benda til þess, að hér þurfi ekki að óttast neinn reipdrátt á milli flokka.

Ég skal segja það eins og er, að ég álít ekki rétt, að á milli þinga sé ráðizt í að kaupa upp eignir eins og hér er gert ráð fyrir. Fyrst og fremst lít ég svo á, að það sé engin nauðsyn fyrir ríkið að kaupa þessar ár. Það getur án efa hæglega fengið leyfi hjá eigendum þeirra til þess að setja upp klakstöðvar, og það sjálfsagt endurgjaldslaust, því að eigendurnir hafa síðar hag af þessu. Ég held, að veiðiréttindi t. d. í Laxá í Kjós og Bugðu geti orðið nokkuð hátt seld, því að veiðiár hér í nánd við Reykjavík eru mikið eftirsóttar og menn greiða hátt gjald t. d. um helgar fyrir að fá að veiða þar á stöng.

Ég er hissa á því, að það skuli vera lagt til, að keypt séu hús við þessar laxár handa þeim veiðimönnum, sem þar hafast við og mundu leigja árnar til veiða.

Svo er það skatturinn, sem á að leggja á allan lax, sem seldur er bæði innanlands og utan. Af laxinum, sem fluttur er út, er enginn vafi á, að þetta gjald verður greitt af þeim, sem sendir laxinn. En nú vil ég spyrja hv. 4. landsk. að því, hvort það sé kaupandi eða seljandi, sem á að greiða þetta gjald, þegar salan fer fram innanlands. Ég geri ráð fyrir, að n. hafi athugað þetta. Og ég er hræddur um, að það geti orðið talsverð vanhöld á því að innheimta þetta gjald, þegar seldur er t. d. einn og einn lax innanlands. Ég held, að það verði ekki gott að fást við innheimtu á slíkum skatti, og það á víst ekki að borga neitt af þeim laxi, sem er gefinn. Það er oft, sem menn gefa nágrönnum sínum lax úr neti, t. d. ef þeir hjálpa til við veiði. Telst það sala eftir skoðun hv. n.?

Ég er hlynntur aðaltilgangi þessa frv., en ég er á móti því að ríkissjóður sé að verja stórfé til þess að kaupa upp laxár, og það fer í bága við þá stefnu, sem er fylgt í laxveiðilögunum. því að þar segir einmitt, að næst þegar veiði, sem hefir verið fráskilin jörð, verði seld, skuli hún ganga til jarðarinnar, þ. e. a. s., því er yfirlýst, að það sé talið það eðlilegasta, að laxveiði í ám fylgi því landi, sem að ánum liggur. Frá þessari stefnu virðist nú meiningin að hverfa, og tel ég það ekki til neinna bóta. Það er víst „Rauðka“, sem svo er nefnd, sem hefir samið þetta frv., og ég ætla nú að taka mér í munn orð eins góðs framsóknarmanns, sem sagði það um „Rauðku“ í fyrra, að það væri rétt að setja hana sjálfa á, en slátra öllum fölöldunum.

Frsm. (Jón Baldvinsson) [óyfirl.]: Það, sem hv. 1. þm. Skagf. spurði um til skýringar þessu frv., var, hverjir ættu að greiða gjaldið. Ég skil það svo, að það verði útflytjendur, sem greiði gjaldið af þeim laxi, sem út er fluttur. Í öðru lagi, þegar lax er seldur innanlands, verður að hafa eftirlit með því, hverjir selja laxinn, og heimta af þeim gjald, en það fer vitanlega eftir því, sem semst á milli kaupanda og seljanda, hver í raun og veru borgar þetta gjald. Hinu býst ég við, að ekki sé hægt að elta alla þá, sem selja einn og einn lax, og eins liggur það í hlutarins eðli, þegar einn og einn lax er gefinn, að ekki er hægt að eltast við það, ef það er ekki greinilega til þess að skjótast undan gjaldi. Ef það er eðlileg gjöf, þá finnst mér að ekki eigi að greiða af því gjald. Hinsvegar, ef farið er að gefa lax svo hundruðum skiptir, liggur það í hlutarins eðli, að það er til þess gert að komast hjá þessu gjaldi, og ef laxinn yrði ekki seldur seinna, ætti að greiða gjald af honum, því að það væri að fara í kringum lögin að gefa í svo stórum stíl. En væri hann svo seldur á eftir í verzlun, kæmi hann að sjálfsögðu undir þetta gjald. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þetta frekar. Ég álít það skakkt af þinginu að binda þessa heimild við samþykki fjvn., eins og ég hefi margtekið fram, og svo vil ég segja það, að það gæti orðið skaði fyrir ríkissjóðinn, ef heimildin væri bundin á þennan hátt. T. d. ef ríkisstj. gæti komizt að góðum kjörum, sem hún áliti, og þyrfti svo, eftir að hún hefir fengið tilboð, að segja, að hún yrði að tala við fjvn. um þetta. Það gæti orðið til þess, að hún fengi ekki eins góð boð, eða missti af þeim, vegna þess að menn vildu ekki bíða eftir svari. Það er líklegt, ef ríkisstj. hefði sjálf heimildina, þá gæti hún sagt við eigendur veiðiréttindanna: Ég get gert þetta og þetta. Viljið þið ganga að því eða ekki? — Ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. gengi lengra í þessu efni heldur en hæfilegt er né greiði óhæfilega hátt verð fyrir þessi réttindi. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri óeðlilegt að binda ríkissjóði svo stóra bagga sem þessi útgjöld. En hv. þm. lýsti því yfir, að hann væri samþ. því, sem er aðalkjarni frv., að auka og efla laxveiðina í landinu. Að vísu leggur frv. auknar byrðar á ríkissjóðinn, en í því skyni að auka framleiðsluna í landinu, auka útflutning verðmætrar vöru, sem sannarlega er ekki vanþörf á þeim tímum, sem nú standa yfir.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi taka í sama streng og hv. síðasti ræðumaður um þýðingu þessa frv. Það er lítil byrjun á því að auka klak í landinu og leggja þannig drög til þess, að laxveiði geti orðið stór framleiðslugrein í landinu. Það er álit þeirra manna, sem fást við fiskiransóknir hér í ám og vötnum, að það séu næstum því ótakmarkaðir möguleikar til þess að auka laxframleiðsluna.

En eins og hv. þm. getur skilið, vil ég ekki bregða fæti fyrir þetta frv., heldur vil ég óska þess, að það verði upphaf að miklu og góðu starfi — að auka að fjölbreytni og verðmæti framleiðslu landsins.

En viðvíkjandi því atriði, að hv. þm. er á annari skoðun en við um það, hvort það sé viðeigandi, að fjvn. sé spurð um útgjöld, sem ekki er hægt að ákveða fyrirfram, þá vil ég taka það fram, að í þessu liggur ekkert vantraust á hæstv. stjórn af okkar hálfu. Hæstv. stj. og fjvn. hafa unnið vel saman að fjármálunum í vetur. En hæstv. stj. óskaði eftir því að fá sem mest ákveðið í fjárl. af því, sem þarf að borga. Þá leiðir líka af því, að þegar koma ótilteknar upphæðir, sem ekki er hægt að sjá, hverjar verða, þá er það í raun og veru í anda þeirrar vinnu, sem framkvæmd hefir verið á síðustu missirum, að miða við fleiri manna ráð. Ég vildi t. d. benda á mjög hliðstætt dæmi, til þess að sýna fram á, að fjvn. gerir hvorki tilraun til þess að stöðva þetta mál né gera óeðlilegar hömlur á framkvæmd þess.

Það liggur fyrir okkur í fjvn., eftir beiðni hæstv. stj., að gera eina vissa ákvörðun í þýðingarmiklu máli, sem snertir kjördæmi hæstv. atvmrh. Um nokkur ár hefir verið heimild í fjárl. til þess að ábyrgjast litla upphæð fyrir síldarverksmiðju á Seyðisfirði. En hæstv. atvmrh. komst að þeirri niðurstöðu, að betra væri að breyta til og nota þessa upphæð á fleiri vegu, t. d. til beinaverksmiðju o. fl. Í stað þess að breyta þessu með lögum hugsar hæstv. ráðh. sér að leggja það fyrir fjvn., og ég efast ekki um, að í n. verði gott samkomulag um þetta *og góð samvinna við hæstv. ríkisstj. En ég tek* þetta sem bendingu gagnvart ræðu og hugsanagangi hv. síðasta ræðumanns, að þetta er gömul venja, að leita til fjvn. um minni háttar úrskurði viðvíkjandi fjárl. Það er til þess, að fjmrh. hafi fleiri menn með sér, en það er ekki nein efnisbreyting, heldur aðeins formsbreyting. Annars er hér ekki um neitt stórmál að ræða. Þó er að baki þess viss stefna, sem ég held, að allir þingflokkar séu sammála um, og hún er sú, að þegar minna er um peninga heldur en áður, þá eigi að velta þeim nákvæmar fyrir sér heldur en þegar betra er í ári. Ég man það líka, að hv. síðasti ræðumaður tók það fram, að hann áliti, að sú varasemi, sem vekti fyrir okkur í n., sé rétt, að tryggja með þessu, að þingið væri með í ráðum, ef þessar ár yrðu keyptar. Hugsaði hv. þm. sér, að ef saman gengi með kaup á þessum ám, yrði lögð fyrir vetrarþingið lánsheimild í þessu skyni. Með þessu er hv. þm. í raun og veru kominn á okkar skoðun, með að það sé nauðsynlegt að hafa samstarf um slíka hluti milli fjvn. og hæstv. ríkisstj.

Ingvar Pálmason: Það eru aðeins fá orð út af brtt. hv. fjvn. Ég skil vel varasemi fjvn. í þessu máli og hefi ekkert við hana að athuga. En þrátt fyrir það get ég ekki fallizt á brtt., af því að ég tel, að hún sé í raun og veru ekki viðeigandi, ef hún er rétt skilin á þann veg, sem ég skil hana, að þegar ríkisstj. nær ekki til þingsins, eigi hún að leita til fjvn. Ég tel þetta varhugaverða braut af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að ég vil ekki viðurkenna fjvn. sem yfirboðara stj., en Alþingi get ég viðurkennt sem yfirboðara stj. Í öðru lagi, ef það er réttur skilningur hjá mér, að það

eigi að leita til n. á milli þinga, þá tel ég mikið vafamál, að til nokkurra manna sé að leita, því að ég veit ekki betur en að fjvn. sé kosin til eins þings í senn, og þegar þinginu er lokið, er engin fjvn. til. Ég skal ekki segja, að þetta sé réttur skilningur, en ég lít svo á þetta mál, og þar af leiðandi finnst mér það ólöglegt að fela vissum mönnum, sem í raun og veru eru ekki í neinni vissri nefnd, meira vald heldur en ríkisstj. En mér virðist, að úr þessu mætti bæta á þann hátt að fella niður úr brtt. „fjárveitinganefndar". Þá hljóðaði brtt. þannig: „Heimild þessarar gr. má þó aðeins nota með samþykki Alþingis". En þá má segja, að greinin sé orðin þýðingarlítil. (**MJ**: Þá er bezt að sleppa löggjöfinni alveg). Þetta gerir frv. ekki þýðingarlaust, en það gerir heimildina til þessara kaupa þýðingarlausa, en þá er till. komin í það horf, að ég sé ekkert á móti því að samþ. hana. En ég felli mig ekki við að gefa vissum þm. þetta vald, sem felst í brtt. eins og hún er. Í þessu formi get ég ekki verið með brtt., en ef eignarnámsheimildin er strikuð út, er spurning, hvort hv. flm. telja hana ná tilgangi sínum, þó að ég gæti þá fylgt henni.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki mörgu að svara.

Út af orðum hv. 2. þm. S.-M. get ég tekið það fram, að ég hefi ekkert á móti því, að orðið fjvn. sé fellt úr till., ef hann vill bera fram brtt. um það. Hún nær þá enn betur þeim tilgangi, sem fyrir mér vakti, og myndi ég greiða atkv. með henni þannig.

Hann taldi varhugavert að greiða atkv. með brtt., því að ef hún yrði samþ., væri eins og fjvn. væri sett til höfuðs stj. Ég hélt ekki, að í þessu gæti falizt neinn broddur gegn stj., en ef til vill er hann enn viðkvæmari stuðningsmaður stj. en hv. þm. S.-Þ., sem er meðflm. till. Annars er það fjarri sanni, að stj. sé gerð nokkur hneisa, þó að leitað sé til fjvn. um þetta. Hitt er rétt, að fjvn. er ekki til, nema meðan þing situr, en ég geri ráð fyrir, að mál þetta yrði lagt fyrir fjvn. á næsta þingi, núna eftir áramótin, og að þá væri búið að útvega vitneskju um kostnað og annað, og fjvn. gæti þannig tekið afstöðu til málsins. Hér er því ekki verið að seilast eftir neinu óvenjulegu valdi til handa fjvn.

Hv. 4. landsk. þarf ég ekki mörgu að svara. Hann sagði, að ég viðurkenndi góðan tilgang frv. Það er rétt. En af því ályktar hann, að ég ætti að telja sjálfsagt að fylgja frv. Þar greinir okkur á. Það er ekki alltaf nóg, að mál sé gott. Ég gæti nefnt honum þúsund dæmi um framkvæmdir hér á landi, sem hlytu að teljast þarfar og góðar, en verða þó að bíða úrlausnar vegna fjárskorts. Ég hélt, að hann sem bankastjóri hlyti að þekkja það, hve margir hafa farið flatt á því að ráðast í of margt í einu. Slíkt gildir um ríkið, engu síður en um einstaklinga.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég ætla ekki að tefja frekar þessar umr., aðeins að bera fram smávægilega leiðréttingu. Í 9. og 10. gr. frv. er tvítekin setningin: „Með brot gegn 2. gr. skal fara eftir almennum ákvæðum tolllaga". Ég flyt skrifl. brtt. um að fella þessa setningu niður úr 9. gr., svo hljóðandi: „Annar málsl. falli niður". Þetta er í rauninni ekkert annað en leiðrétting.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 691) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Mér skildist á hv. 1. þm. Skagf., að hann teldi, að brtt. hans hefði verið betri eins og ég vildi hafa hana. Hinsvegar fannst honum koma fram hjá mér óþarfa nákvæmni um að verja stj. En það er ekki síður virðing Alþingis en stj., sem ég vil vernda. Mér finnst það ekki viðeigandi, að Alþingi fari að veita slíka heimild vissum þm., sem eru raunar ekki þm. nema meðan þing situr.

Hv. þm. spurði, hvort ég myndi flytja brtt., en ég býst ekki við að gera það. Ef hv. flm. álíta rétt að bæta úr þessu, þá gera þeir það væntanlega, en ég sé ekki ástæðu til að fara að umbæta þeirra handaverk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Ed., 5. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 678 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 646 felld með 8:8 atkv.
— 691 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., 6. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 699).

Á 93., 94., 95. og 96. fundi í Nd., 7., 9., 10. og 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Ég hefi verið undrandi yfir því, hvernig í því myndi liggja, að hér hefir verið hlaupið fram fyrir skjöldu í því efni, að bera fram frv. um, að ríkið taki í sínar hendur klakstarfsemi í ám og vötnum, og er sérstaklega átt við laxaklak. Það er alkunnugt, að víða er þegar kominn á nokkur vísir til klaks, bæði í stöðuvötnum og straumvötnum. Auk þess er það vitað, að hafinn er sumstaðar allvíðtækur félagsskapur til að hrinda þessu máli áfram, sem er byggður upp á samtökum bænda og samstarfi þeirra manna við laxveiðiárnar, sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Þannig er t. d. í Borgarfirði, að þar hafa bændur félagsskap, sem ég hygg, að komi á framkvæmdum í þessum efnum á næstu árum. Tilgangur félagsins er sá, að koma á fiskirækt eða klakstarfsemi við árnar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þessi félagsskapur er sem sagt byggður upp á samstarfi þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli; hann er yfirleitt byggður upp á þeim grundvelli, sem lagður

er með laxal. frá 1932, en þar er gert ráð fyrir því að styrkja slíka starfsemi, í fyrsta lagi með því að veita styrk til klakstöðvabygginga, sem nemur 1,50 kr. fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvanna. Og til þess að styðja ennþá betur að því, að slíkri starfsemi verði komið á fót, þá er gert ráð fyrir, að lán megi veita úr ræktunarsjóði til þessara framkvæmda, og svo nánari ákvæði um það, til hve langs tíma þessi lán megi vera og með hvaða kjörum þau skuli veitt. Það er sem sé þessi grundvöllur, sem lagður er, sem er undirbúningur að slíkri starfsemi. Svo kemur þetta frv. hér eins og skollinn úr sauðarleggnum. Ríkið er farið að blanda sér í þessa hluti, og ég hygg að taka á sínar herðar allar höfuðframkvæmdir í þessu máli. Það á að leggja skatt á alla laxveiðieigendur, og eru ákvæði um, að taka megi eignarnámi laxár í landinu og leiguréttindi. Eignarnámsheimildin gengur svo langt í þessu efni, að það má kaupa upp heilar laxár í þessu skyni. Ég skil satt að segja ekki, hver nauðsyn er til þessara aðgerða af ríkisins hálfu, þegar þetta mál er í fullum gangi hjá þeim einstaklingum þjóðarinnar, sem hlut eiga að þessu og hér eiga hagsmuna að gæta. Þessi félagsskapur laxveiðieigenda í Borgarfirði er nú kominn á stofn og búinn að gera ráðstafanir til þess að kjósa stjórn og annað þess háttar og hefir notið aðstoðar ráðunauts, sem til er í þessum málum, um að velja stað fyrir klakið. Þá barst þeim þau tíðindi, að fram sé komið frv. á Alþingi um, að ríkið ætli að fara að taka þetta í sínar hendur. Þá — a. m. k. í bili — stöðva þeir frekari framkvæmdir í þessu efni, þangað til séð verður, hvað ofan á verður um framkvæmdir í þessu. Ég býst við, að skýringin á þessu máli liggi í því, að hér fyrir nokkru var sett á laggirnar nefnd, sem kölluð var Rauðka, eins og menn kannast við, og átti hún að gera till. um ýms atvinnuskilyrði í landinu, og því hefir verið haldið fram af ýmsum, að þessi n. hafi í raun og veru verið skipuð til þess að færa ýmsa starfsemi, sem hingað til hefir verið í einstaklinga höndum, yfir á ríkið. Og mér virðist þetta frv. alveg órækt vitni um tilgang þessarar nefndar, þar sem hér er alveg að ófyrirsynju komin fram till. um að taka þessi mál í hendur ríkisins, sem eru nú á framfaraskeiði og eru framkvæmd meira og minna eftir frjálsri samvinnu þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. lax- og silungsveiðieigenda. Þetta brýtur gersamlega í bága við þann grundvöll, sem lagður er í þessu efni með l. frá 1932, sem ég minntist á áðan. Þar er gert ráð fyrir því að styðja samvinnu laxveiðenda til að hrinda þessu máli í framkvæmd, bæði með fjárveitingu úr ríkissjóði og auk þess að greiða fyrir þeim með lántöku til þessarar starfsemi. — Þá er ekki síður brotin gersamlega stefnan, sem kemur fram í laxal. frá 1932, þar sem gert er ráð fyrir því, að þeir jarðareigendur, sem áður höfðu laxveiðiafnot, geti leyst inn til sín þessi réttindi, og yfirleitt að greiða fyrir því, að svo geti orðið. Það er því langeðlilegast, að þessi laxveiðiréttindi fylgi jörðunum, og sé ekki ástæða til að skilja þau frá jörðunum. Ég vil eindregið mótmæla slíkum hugsunarhætti, og sérstaklega vil ég mótmæla því, að sú n., sem kölluð er Rauðka, reyni með starfsemi að draga eins og mögulegt er atvinnureksturinn úr hendi einstaklinga yfir til ríkisins. — Nú þegar hafa verið stofnuð samtök til að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég vænti þess, að hv. landbn. taka þetta til rækilegrar athugunar, þegar málinu verður vísað til hennar.

Það virðist annars einkennilegt, þegar verið er að ráðgera slíka fiskiræktarstarfsemi, að þá sé gengið framhjá mestu laxveiðihéruðum landsins, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum. Þar eru flestar laxár á minnstu svæði og fiskauðugri en nokkrar aðrar ár hér á landi. Því síður ætti að ganga framhjá þessum héruðum, sem þar er þegar sköpuð öflug hreyfing í þá átt að láta málið til sín taka. Samt sem áður er ætlazt til, að tekin sé lítil laxá hér í nágrenninu, án þess að nokkuð hafi verið gert til undirbúnings þessari starfsemi. Svo er ráðgert að leggja skatt á laxinn, sem vitanlega verður til þess að hefta alla starfsemi einstaklinganna í þessu efni. Ég hefi nú heyrt, að það muni ekki einungis vera áhuginn meðal sunnanmanna fyrir þessari klakstarfsemi, sem rekið hafi á eftir um að taka þessa á eignarnámi, heldur muni ráðandi mönnum í stj. þykja handhægt að hafa laxá til að bregða sér í til veiða. Getur því verið, að skemmtanahneigð þeirra, sem fara með ríkisstj., eigi hér nokkurn hlut að máli, því að þeim mun þykja gott að eiga kost á að skemmta sér þarna á ríkisins kostnað. En það virðist ekki vera þungt á metunum til framdráttar slíku málefni sem þessu að ætla að nota það til að koma fram þeirri hugsjón hinna ráðandi manna. Auk þess hefi ég heyrt, að fram séu komin mótmæli frá flestum þeim bændum, sem land eiga að ánni, gegn þessari eignarnámsheimild. Þetta álit bænda í Kjós mun verða lagt fyrir landbn.

Ég verð að líta á þetta frv. sem nokkurskonar árás á þá starfsemi, sem hafin er í því héraði, er ég er fulltrúi fyrir, og ég veit, að hv. þm. Mýr., sem hefir hér samskonar hagsmuna að gæta, mun beita sér gegn því, að kjósendur hans séu svo grátt leiknir. Ég þykist vita, að þetta mál muni mæta mikilli andstöðu, því að ég geri ekki ráð fyrir slíkum hringsnúningi í málinu síðan laxveiðilöggjöfin var samþ., að menn séu algerlega fallnir frá þeim grundvelli, er þar var lagður.

Ég treysti því, að hv. landbn. líti svipað á málið og ég geri, skoði stefnu þá, sem fram kemur í frv., sem árás á viðleitni félagsskapar, sem stofnaður hefir verið til að hrinda fiskiræktunarmálunum í framkvæmd.

Garðar Þorsteinsson [óyfirl.]: Ég get yfirleitt tekið undir við hv. þm. Borgf. Hinsvegar vil ég ekki taka eins ákveðna afstöðu gegn málinu og hann gerði. Það byggist á því, að ég er ekki á móti þeim tilgangi, sem felst í upphaflega frv. Það má færa nokkur rök fyrir því, að rétt væri að setja löggjöf í þeim tilgangi, sem frv. segir til um. Sem sérstök grg. þessa

frv. er tilfærður sá tilgangur að auka laxaklak í landinu. Er þessi tilgangur motiveraður með því, að á síðari árum hafi ýmsar ágætar laxár tæmzt, svo að til vandræða horfi. Í grg. frv. kemur það ekki fram, hverjar þær ár séu. Ég þykist því ekki geta tekið þessa staðhæfingu sem góða og gilda vöru, nema frekari rök séu fram færð.

Ef tilgangur frv. á að takmarkast við það, að viðhalda góðum laxám og koma í veg fyrir að þær tæmist, þá get ég verið þessum tilgangi samþykkur. En svo undarlega vill nú til, að eftir að frv. hefir verið til athugunar í n. í Ed., er því umsteypt þannig, að gert er ráð fyrir því, að ákveðnar ár skuli teknar eignarnámi.

Nú er það sitt hvað, að ríkið reisi klakstöðvar við ákveðnar ár og taki jafnvel gjald af laxveiðum í öðrum ám, til að standast kostnaðinn, eða að ríkið taki öll veiðiréttindi í þessum ám, hvort sem um er að ræða stangarveiði eða aðra. Í upphafl. frv., sem samið er af Rauðku og flutt eftir beiðni hæstv. landbrh., er í 3. gr. ákveðið, að eigendur vatnanna megi, með samþykki ríkisstj., veiða lax á stöng þann *tíma, er heimilað er í gildandi l. En um það* eru engin ákvæði, hvar klakstöðvar skuli reistar. Eftir að málið hafði verið til meðferðar í landbn. Ed., var frv. breytt og m. a. ákveðið, hvaða ár skyldu teknar eignarnámi, og þetta eignarnám var þar ekki einu sinni takmarkað við veiðirétt og aðgang að ánum. Inn í 4. gr. er sett ákvæði um, að öll veiðiréttindi í ánum megi taka eignarnámi. Þannig eru veiðiréttindin tekið af þeim mönnum, sem eftir fyrra frv. höfðu heimild til að veiða á stöng.

Í frv. eru 2 ár tilgreindar: Laxá í Kjós og Laxá úr Mývatni. Og í nál. segir: „Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til þess að reisa klakstöðvar við hentugar veiðiár og að þær beri að velja einnig með tilliti til þess, að sem auðveldast sé að flytja laxaseiði í sem flestar veiðiár á landinu.“ N. hefir nú komizt að þeirri niðurstöðu, að Laxá í Kjós sé sérstaklega hentug í þessu tilliti. Ég vil nú beina því til hv. landbn., að óheppilegt hlýtur að teljast að miða við sérstakar ár, því að bæði getur laxveiðin minnkað og vaxið í einstökum ám. Auk þess hefði efalaust mátt velja hentugri ár. Ég efast um, að landbnm. séu sérstaklega hæfir til að *meta þetta. Laxá í Kjós t. d. liggur þannig*, að ef flytja á seiði þaðan í aðra landshluta, þá liggur önnur leiðin norður í Borgarfjörð, en hin suður um Elliðaárnar og aðrar veiðiár hér fyrir austan fjall. Í Elliðaánum er nú klakstöð, sem framleiðir mikið af laxaseiðum, og við Ölfusá er líka klakstöð. Hinsvegar eru í Borgarfirði margar framúrskarandi laxár, og eins í Dalasýslu. Held ég því, að ekki sé hægt að kalla Laxá í Kjós eða Bugðu sérlega heppilegar ár, þar sem til annarar handar eru tvær klakstöðvar, en til hinnar yfir fjallveg að fara, en handan við hann margar sérstaklega góðar laxár. Ég vil beina því til hv. n. að athuga, hvort ekki megi finna heppilegri á í Borgarfirði eða Dalasýslu.

Eins og fram kemur í nál. og grg. fyrir frv., er tilgangur frv. aðeins sá, að koma á fót klakstöðvum á stöðum, sem liggja vel við flutningi seiðanna í aðra landshluta. Kunnugir hafa nú sagt mér, að þessu megi ná án þess að af mönnum séu tekin réttindi til að veiða á stöng. Enda sé ég ekki, að samkv. stjskr. sé heimilt að taka þennan rétt. Í 62. gr. stjskr. segir svo:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Ef hægt er að reka klakstöðvar við veiðiár með fullum árangri án þess að taka af mönnum réttinn til að veiða með stöng, þá sé ég ekki ástæðu til að hafa þetta ákvæði, sem brýtur í bága við 62. gr. stjskr. Ég geri ráð fyrir því, að Rauðka, sem annars er ekki hrædd við eignarnám, hafi séð þetta, að slíkt bryti í bága við stjskr., og hafi því ekki sett þetta ákvæði.

Þá hefir landbn. Ed. sett í frv. ákvæði um að taka eignarnámi veiðimannahúsið Árnes við Laxá. Það er einkaeign; eigandi þess er maður í Reykjavík, og húsið kemur þessu máli yfirleitt ekkert við. Mér skilst, að Laxá og Bugða séu til samans svo langar, að meðfram þeim mætti reisa 25 þúsund slík hús. Ég beini *því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki* skjóta því til hv. landbn. að lagfæra þetta. Það er ekkert til, sem réttlæti, að þetta hús sé tekið eignarnámi, fremur en hvert annað hús, hvar á landinu sem væri. Þetta hús getur ekki að neinu leyti verið þessu máli til hjálpar, en það getur verið, að þeim hafi þótt rauði liturinn á þaki þess girnilegur. Það er það eina, sem er hugsanlegt, að hafi vakað fyrir hv. þm. S.-Þ., þegar hann beitti sér fyrir þessu.

Ég get tekið undir með hv. þm. Borgf., að það er ekki lítið gjald, að þurfa að borga allt að krónu fyrir hvern lax, sem veiðist. Ég gæti hugsað mér, að þau þægindi og sá ávinningur, sem að öðru leyti yrðu samfara klakstöðinni, gætu ekki vegið upp á móti þessum skatti.

Þetta er 1. umr. og ber því að tala um frv. almennt, og ég get vel fellt mig við tilganginn í frv., en vil vera þess fullviss, að ákvæðið um eignarnám verði, samkv. stjskr., takmarkað við það, sem er nauðsynlegt fyrir ríkisvaldið að fá í sínar hendur til þess að geta rekið klakstöðvarnar.

3. gr. ber þess ljósan vott, að Rauðka hefir ekki talið nauðsynlegt að taka stangarveiðirétt *eignarnámi, því þar er sagt í b-lið gr.: „Heimilt* skal þeim (þ. e. eigendum laxveiðiréttindanna), með samþykki ríkisstj., að veiða lax á stöng þann tíma, sem heimilað er í gildandi lögum.“ Það er þá tvennt, sem um er að ræða. Annarsvegar rekstur klakstöðvar og hinsvegar réttur til þess að veiða á stöng, og þetta tvennt fer ekki saman. Til hins fyrrnefnda má taka eignarnámi, ef samningar fást ekki við rétta hluteigendur, en hið síðara liggur fyrir utan. Hv. þm. Borgf. minntist á, að hér hefði verið sent til Alþ. erindi frá eigendum Laxár og Bugðu. Þetta erindi er sent 24. nóv. s. l., og vil ég ekki þreyta hv. þdm. á því að lesa það hér upp, en vil benda hv. form. landbn. á það, að þar kemur greinilega fram, að þessir menn eru ekki mótfallnir upphaflega tilgangi frv., en telja ónauðsynlegt og *óheimilt samkv. stjskr. að*

blanda saman veiðirétti og rétti til að reka klakstöðvar. Ég vil benda á, að eigendur veiðiréttarins lýsa því yfir í þessu bréfi, að þeir séu fúsir til að veita viðkomandi yfirvöldum fullkominn réttlátan aðgang að þessum veiðiám til þess að reka þar klakstöðvar, svo þar virðist engin þvingunarlög þurfa til að koma. Frá mínu sjónarmiði er það ekki svo litið atriði, að ekki beri að keppa að því að ná frjálsum samningum við þá menn, sem þennan rétt hafa. Ég álít það svo mikilvægt, að þeir menn, sem hafa þennan helga rétt, eignarréttinn, láti frá sér með frjálsu móti það, sem nauðsynlegt er fyrir tilgang frv., að ég mælist fastlega til þess, að hv. landbn. taki þetta sérstaklega til athugunar.

Eiríkur Einarsson: Ég hygg, að þetta frv., sem hér er til umr., veki athygli fjölda manna í laxveiðihéruðum landsins, og er það ekki að ástæðulausu, slík hlunnindi sem góð laxveiði er, og áhugi hefir á síðari áður farið mjög vaxandi, bæði fyrir laxveiði og laxræktun, og bergmálar því betur hjá þjóðinni allt það, sem gert er af hinu háa Alþ. og ríkisstj. til að hreyfa við slíku máli.

Eins og öllum er kunnugt, hefir allmikið verið gert að því nú á síðari árum víða í laxveiðihéruðum að stofna til klakstöðva. Um þetta hefir mikið verið rætt og ritað og kunnáttumenn og leiðbeinandi áhugamenn hafa sýnt lofsverða alúð við starfið.

Ég verð að segja það, að frv. þetta er að ýmsu leyti stórgallað og varhugavert, og vil ég benda þar á nokkur atriði. Hér kemur fram frv. til l. um það, hvernig klakstöðvar skuli starfræktar, bundið og ákveðið af ríkisvaldinu, en allt tekið úr höndum einstaklinga. Þetta er sá megingalli, að óverjandi er að keyra slíkt frv. gegnum þing án þess að þeir hlutaðeigendur úti um landsbyggðina, sem stofnað hafa laxaklakstöðvar, hafi kynnt sér það víðtækt og almennt og skoðanir þeirra og leiðbeiningar hafi komið fram áður en þessu máli er ráðið til lykta á Alþ. En þetta er eitt af mörgum málum, sem eru í sama flokki og eins er ástatt um, mál, sem eru áhugamál fjöldans og hugsmunamál, sem almenningur hefir rétt til að láta sig miklu skipta og láta vilja sinn gilda og áhrif sín ná inn í sali hins háa Alþ. í krafti fulltrúa sinna. En ef þessi aðferð á að tíðkast, sem nú virðist efst á baugi, að bera fram frv. um mikilvæg almenn hagsmunamál og keyra þau í gegn og gera að lögum, án þess að kjósendur í landinu fái snefil af vitneskju um, hvað á seyði er, fyrr en lögin eru birt, þá er girt fyrir það, að lýðræðið geti notið sín.

Þegar athugað er frv. eins og það, sem hér er til umr. og leggur áherzlu á að halda uppi laxaklakstöðvum jafnvel með því að taka vissar eignir eignarnámi til þeirra, ef samkomulag fæst ekki á annan hátt, þá er strax sýnilegt, að allmikill kostnaður hlýtur að fylgja þessu, og er þá hægt að tala um, hvort ekki væri hyggilegra með tilstyrk ríkisvaldsins að örva þá sannfróðu og áhugasömu menn, sem þegar hafa reist klakstöðvar, til þess að bæta þær sem mest og auka, í stað þess að svipta þá mögu-leikunum til að halda áfram, með því að ríkið fari að keppa við þá með öðrum stöðvum, sem reknar eru með kraft ríkisvaldsins á bak við sig.

Það er nú þegar fengin allmikil reynsla á klakstöðvum hér á landi, og þessi reynsla er fengin fyrir elju og atorku einstakra manna, sem hafa brotizt í að reisa klakstöðvar, og mér virðist, að allar líkur bendi í þá átt, að heppilegra væri að styrkja þá til áframhaldandi starfs heldur en höggva nú á þennan þráð og taka svo starfið aftur upp af því opinbera. Það er mjög vafasamt, hvort þetta frv. er ekki bein stefnuvilla um meðferð klakmálsins hér á landi, og eitt er það, sem ég álít algerlega óhæft í þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð, og það er þessi lögfesting um klakstöðvastaði, að binda þær við sérstaka landshluta með ákvörðun Alþ., og það að lítt rannsökuðu máli; og þó margt kunni að vera gott um Mývatnssveit og Kjós, þá virðist ekki úr vegi, að athuguð hefðu verið í þessu sambandi önnur laxveiðihéruð, eins og t. d. Borgarfjörður og Suðurlandsundirlendi. Þeir, sem við þessi mál hafa fengizt ár eftir ár og hlotið mikla reynslu, hafa ekki einu sinni verið spurðir ráða. Álít ég, að það gangi gerræði næst að haga svo meðferð máls eins og hér er gert, ef ætlunin er að berja frv. í gegn á Alþ. án þess að leita álits og upplýsinga frá þeim mönnum, sem málið snertir og mesta þekkingu hafa á því. Þótt Laxá í Kjós sé ágæt veiðiá, þá eru líka til fleiri góðar veiðiár t. d. bæði í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendi og hafa það fram yfir, sem ég hefði haldið, að væri kostur, en ekki galli, að þær renna um stærri samfelld veiðibyggðarlög.

Ég ætla ekki að teygja umr., en taldi skyldu mína, úr því að þetta frv. kom fram og á að sæta hér meðferð á þingi, að benda á, að frv. kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum, án þess að landsmenn almennt hafi hugmynd um það eða viti, hvert stefnir. En almenningur fær áreiðanlega að frétta héðan um ýms nýmæli, sem honum kemur spánskt fyrir, og mundi ekki svo fara, þegar um þetta frv. fréttist, að í sumum sveitum yrði kjósendum að orði: „Nú, það er svo, að klakið á að bindast við Laxá í Kjós og Mývatnssveit“, — og svo þegar þeir litu yfir glitrandi veiðiárnar heima í sínu frjósama og breiða héraði, þá fyndist þeim furðu sæta, að þar skyldi sneitt framhjá.

Ef ekki á að kynna sér álit og leiðbeiningar þeirra áhugamanna, sem eru í veiðihéruðum, þá álít ég, að slíkt frv. sem þetta eigi ekki að ganga í gegnum þingið. Ég sagði það áðan, og vil endurtaka það nú, að mér finnst það mikið álitamál, þegar litið er á kostnaðarhliðina og það metið, á hvern hátt sá kostnaður verði bezt hagnýttur, hvort það sé ekki stefnuvilla að stofna til ríkisrekstrar með allmiklum stofnkostnaði, og hvort ekki væri betra og hagkvæmara að þróa þau einstaklingsfyrirtæki, sem búið er að stofna til, heldur en að leggja hömlur á þær framkvæmdir.

Að lokum vil ég taka það fram, að þegar ríkisvaldið grípur á þann hátt inn í einkahagsmunamál einstaklinga, þá er allrar varúðar

þörf. Það er mjög varhugavert af Alþ. að flytja sem flest frá einstaklingsfyrirtækjum og sópa því undir ríkisvaldið, og það gæti svo farið, að úr því yrði allsherjarheimild fyrir ríkisstj. til að þefa í hvern búrkima, svo að úr því yrði nýtt Bessastaðavald. Til þess þyrfti ekki annað en nýjan Lénharð fógeta, að hið sama gæti á dunið og þá var, og svo kynni að fara, að það yrði ekki betur þokkað hjá landslýð framtíðarinnar en áður var, og skeð gæti, að sú harðstjórn og kúgun yrði hinum nýja kúgara að aldurtila, eins og hún varð Lénharði. Sagan getur endurtekið sig með breyttum nöfnum og breyttri tilætlun, leiðandi til líkrar niðurstöðu.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég þarf ekki að tala langt mál um þetta frv., en vil þó ekki láta þessa umr. líða hjá án þess að því fylgi nokkur orð frá mér.

Eins og frv. ber með sér, er aðaltilgangurinn sá, að koma upp klakstöðvum, og frv. kveður nánar á um það, hvaða ár teljist sérstaklega hentugar til klaks. Þetta er það, sem sérstaklega er látið koma fram, en samt er það ljóst, að það er allt annað, sem á bak við býr. Þetta frv. er ofið sem hjúpur utan um löngun hæstv. forsrh. til að taka Laxá í Kjós eignarnámi, svo að ríkið geti boðið gestum sínum þangað til að stunda veiði. Hæstv. ráðh. hefir orðað það við mig, hvort ég vildi samþ. þetta frv., ef það væri stutt með þessum rökum. Að setja þetta í samband við klak og klakstöðvar er því einskonar skákbragð, sem hefir verið fundið upp og á að gera skákina auðunnari.

Ég skal nú fúslega viðurkenna, að það er alls ekki eins hlægilegt eins og hv. þdm. kann að finnast við fyrstu athugun, að ríkið ráði yfir svona veiðiám til þess að veiðigjarn forsrh. geti lyft sér upp og fengið sér frí frá vandasömum og þreytandi störfum, og til þess að stjórn íslenzka ríkisins geti boðið þeim erlendu gestum, sem koma í heimsókn hingað til lands, nokkrar ánægjustundir við veiðar. Ég veit, að það er freistandi fyrir okkur Íslendinga, sem erum fátæk þjóð, en eigum því láni að fagna, að valdamönnum okkar er vel tekið, þegar þeir sækja aðrar þjóðir heim. Ég veit, að það er freistandi fyrir okkur að geta veitt þeim, sem heimsækja landið, einhverja þá ánægjustund, sem geti orðið þeim ógleymanleg, og eitt það allra bezta og ánægjulegasta er að koma í indæla sveit eins og Kjósin er og stunda þar laxveiði eða horfa á aðra veiða. En þetta raskar ekki hinu, að samkv. stefnu míns flokks og samkv. minu eigin hugarfari og samkv. stjskr. vorri verður þetta að gerast með samþykki þeirra manna, sem eignirnar eiga. Enda engin þjóðarnauðsyn, að valdhafarnir geti boðið heimsækjendum þessa ánægju frekar en að sýna þeim dýrðlega náttúrufegurð, eins og er á Þingvöllum, eða aðra eins náttúruprýði eins og Geysi. Hv. þm. Borgf. minntist á, að hægt mundi vera að fá að kasta fyrir lax í þessum ám, með fullu samkomulagi við eigendur veiðiréttarins. En þó samningar við ríkið geti tekizt, þá kemur auðvitað ekki til mála, að þetta verði gert án samþykkis hlutaðeigandi manna.

Ég skal upplýsa það nú, að allir eigendur veiðiréttarins mótmæla eignarnámi, og er það mjög eðlilegt. Ég er ekki í neinum vafa um, að bændur þeir, sem hlut eiga að máli, geta horft fram til þess tíma, að sú eign, sem þeir nú eiga, en ríkið ágirnist og vill slá kló sinni á, verður eftir nokkur ár orðin margfalt hærri í verði. Með vaxandi ferðamannastraum hingað til lands hlýtur aðsókn að þessari veiðiá að aukast, með hliðsjón af því, hvar hún liggur. Upp í Kjós geta menn komizt á einum klukkutíma, og eigendur ánna geta leigt þær út dag og dag og geta oft haft góðar tekjur af því. Það er því mjög eðlilegt, að bændur mótmæli þessu eignatjóni, og ég held, að allir þeir, sem hlut eiga að máli, hafi mótmælt því. Ég leyfi mér því að vona, að eftir að málið hefir þannig verið upplýst, þá fáist ekki samþ. Alþ. fyrir því að taka þessar eignir eignarnámi, þvert ofan í vilja hlutaðeigandi manna. Hitt er annað mál, ef að rannsökuðu máli verður talið sérstaklega heppilegt að hafa þarna klakstöðvar, þá er ég sannfærður um, að um þau atriði, sem þar að lúta, má ná samkomulagi við eigendurna. En klakið er aukaatriði í frv., og þess vegna hefir þetta ekki verið orðað við þá. Eftir því, sem þetta frv. hefir orðið hagvanara hér á Alþ., hefir það komið æ gleggra og gleggra í ljós, hvað undir býr. Allar þær breyt., sem hafa verið gerðar á því, hafa miðað að því að skýra, hvað það var, sem vakti fyrir hæstv. forsrh., sem sé það, að geta veitt sér og gestum sínum þessar ánægjustundir, sem ég talaði um áðan. Ég vil svo að lokum segja það, að ég treysti því, að hið háa Alþ. fari ekki að nauðsynjalausu að ráðast á eignarrétt hlutaðeigandi bænda, en um leið vil ég taka það fram, að með þessum orðum er ég ekki að kveða upp áfellisdóm yfir þeirri hugsun, að íslenzka ríkið eignist annaðhvort þessar ár eða einhverjar aðrar svo nálægt Rvík, að ríkisstj. geti boðið þangað þeim erlendum gestum, sem hún vill sýna sérstakan sóma; en frá mínum bæjardyrum séð er það grundvallaratriðið, að hvenær sem slík eignarheimild yrði ákveðin og hvaða á sem yrði fyrir valinu, þá yrði það aðeins gert að fengnu fullkomnu samþ. þeirra manna, sem væru eigendur að þeirri á, sem valdhafarnir kynnu að ágirnast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:4 atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

69. Hrafntinna.

Á 27. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (þmfrv., A. 153).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Magnússon) [óyfirl.]: Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa á undanförnum árum verið gerðar tilraunir um notkun hrafntinnu til þess að húða með hús. Hafa þær tilraunir gefizt vel, og hefir þetta efni m. a. verið notað til að húða með því þjóðleikhúsið.

Kaupsýslumanni einum hér í Reykjavík hefir nú hugsazt að reyna að gera þessa bergtegund að útflutningsvöru. Fór hann til Danmerkur fyrir nokkru og komst í samband við byggingafélag þar. Hafði hann með sér sýnishorn af efninu og plötur, sem húðaðar höfðu verið á þennan hátt. Firmanu leizt vel á og lét rannsaka efnið. Hefi ég hér bréf frá firmanu, og mun ég afhenda það n. þeirri, sem fær málið til meðferðar.

Ef hægt verður að selja þessa vöru við hæfilegu verði, eru líkindi til, að eftirspurnin verði talsverð.

Þessi bergtegund er aðeins til á tveim stöðum hér á landi, svo að það borgi sig að vinna hana, sem sé við Mývatn og austur í Hekluhrauni. Verður þá að mala hana og hreinsa að öðrum bergtegundum. Ef hún yrði flutt eins og hún kemur fyrir, yrði úrgangur mikill, og myndi það auka flutningskostnaðinn.

Egill Árnason hefir verið að hugsa um að koma upp kvörn hjá Landmannaafrétti. Myndi efnið þá verða flutt á hestum fyrst, en síðan á bílum hingað. Hann áætlar stofnkostnað 6000 kr., auk þess kostnaðar, sem að því verður að koma upp skýli handa verkamönnum. Til þess myndu e. t. v. duga skúrar eða tjöld. Má þó búast við 7000—8000 kr. stofnkostnaði alls. Maðurinn vill að sjálfsögðu ekki leggja í þennan kostnað, nema honum verði tryggður verzlunarhagnaður, svo framarlega sem markaður fæst. En ef markaður reyndist góður, myndu aðrir verða til að keppa við hann, og væri þá undir hælinn lagt, hvort þessi maður hefði nokkuð upp úr fyrirtækinu.

Þetta mál gæti orðið nokkur ávinningur fyrir landið. Myndi fyrst og fremst skapast nokkur atvinna við vinnslu og flutning, þó að hún yrði reyndar ekki mikil, og í annan stað veitti ekki af því, að útflutningur landsmanna ykist.

Við hv. 1. þm. Eyf. berum því fram frv. á þskj. 153, þess efnis, að Agli Árnasyni verði veitt einkaleyfi til útflutnings á þessari vörutegund til ársloka 1940. Á þessu ári mætti ekki búast við miklum útflutningi, a. m. k. yrði varla um að ræða aðrar sendingar en sýnishorna. En ef þetta efni reyndist vel í Danmörku og öðrum löndum, mætti búast við talsverðum útflutningi þegar á næsta ári. En til þess að fyrirbyggja, að sérleyfið haldi gildi í 5 ár án þess að um nokkurn útflutning verði að ræða, höfum við sett í 4. gr. það ákvæði, að ef útflutningur sérleyfishafa verði að þessu ári liðnu minni en 100 smálestir á ári, þá geti atvmrh. svipt hann sérleyfinu.

Í 2. gr. höfum við gert ráð fyrir 3 króna útflutningsgjaldi af smálestinni, en annars verður n. að athuga, hvort það beri að telja hæfilegt gjald eða ekki. Ég býst við, að hann myndi ekki telja það frágangssök, þótt þetta gjald yrði 4—5 kr.

Ég legg til, að frv. verði vísað til fjhn. Þá vil ég benda á það, að ef n. leggur með málinu, þá er því nauðsyn á sem fljótastri afgreiðslu. Því aðeins getur það komið að gagni þegar á þessu ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 153, n. 215).

Jónas Jónsson: Ég skal taka fram, að ég býst við að geta eftir fáa daga aflað vitneskju um verðmæti þessarar vöru, sem hér er um að ræða. Og ég álít, að eins og gengið er frá frv., sé hagur landsins ekki tryggður sem skyldi í þessu efni. Ég vildi þess vegna óska eftir við hæstv. forseta, að hann taki málið út, vegna þess að það getur skipt töluvert miklu máli, að þd. fái þessi gögn til athugunar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki amast neitt við því, að hv. þm. S.-Þ. afli sér þeirra upplýsinga, sem þarf, um þetta mál. En ég vil benda á, að eftir nokkra daga mun eiga að fresta þingi, og sé ég ekki neina ástæðu til að stöðva málið þannig alveg í byrjun vegna slíkrar rannsóknar, eins og hv. þm. fer fram á. Það mætti að sjálfsögðu leyfa málinu að halda áfram; það hefir aðeins farið gegnum eina umr. í fyrri deildinni, — ekki eins og það sé á förum úr þinginu. Vil ég því mælast til, að því verði hleypt gegnum þessa umr. fyrir það fyrsta, og þó að það komist héðan til Nd., þá er tækifæri til að láta það hægja á sér meðan rannsókn fer fram. En öll varanleg töf er bagaleg, því að það er meiningin að byrja að vinna í skjóli þessa frv. þegar í sumar.

Eins og þm. er kunnugt, er farið fram á einkaleyfi fyrir stuttan tíma til að flytja út hrafntinnu til múrhúðunar, aðeins einum manni og til 1940. Það fylgir þessari tilraun náttúrlega töluverður kostnaður. Það þarf að kaupa nokkuð dýrar vélar til að mylja þau efni, sem hér er um að ræða. Það er ekki til nokkurs hlutar að fara út í svona tilraunir, nema gera þær þegar frá byrjun alveg eins vel og mögulegt er, því að annars verkar tilraunin frekar til skaða fyrir sölumöguleika þessarar vöru. Er því varla von, að menn leggi út í þennan kostnað, nema þeim sé tryggður árangur a. m. k. um nokkurt árabil, ef hann getur orðið einhver. Þar að auki fylgja þessu venjulegir byrjunarörðugleikar. Það þarf að komast í verzlunarsambönd ytra, gera húsameisturum vöruna kunna, en þeir ráða oft og einatt, hvaða múrhúðun þeir nota.

Annars er það alls ekki lítils virði, ef hér er til virkilega betra efni til múrhúðunar en hægt er að fá annarsstaðar, a. m. k. í nánd. Mönnum kann að þykja undarlegt, ef þessu er svo varið og ekki hafi verið gerðar meiri tilraunir með það. En þetta stafar af því, að sementssteypa er ekki eins algengt byggingarefni víða erlendis og hér, og líklega er Ísland með fremstu löndum í notkun hennar, en stál og múrsteinn er notað víða úti um heim. Margir útlendir fagmenn í byggingarlist hafa dáðst að því, hve langt við erum komnir í að nota steinsteypu í húsin öll, loft og hvað sem er. Og það væri ekki í sjálfu sér neitt óeðlilegt við það, að Íslendingar væru nokkuð á undan í því að finna gott efni til múrhúðunar. Okkar tíðarfar gerir það að verkum, að hér hefir verið leitað betur að efni til múrhúðunar en flestar aðrar þjóðir gera, þar sem minna er undir komið, að múrhúðun sé vatnsheld og verulega varanleg.

Ég held það væri ákaflega mikils virði, ef hægt væri að koma þessu máli verulega áleiðis, og ég sé ekki, að það verði gert á handhægari hátt eða ódýrari fyrir landið en með því að veita einhverjum einstakling möguleika til að brjótast fram í þessu með sínu framtaki og þeim möguleikum, sem hann getur sjálfur skapað sér. Það eina, sem ég gat álitið vera á móti því að veita þetta stutta sérleyfi, var það, ef maðurinn, sem um það sækir, dygði ekki til starfsins og leyfið lægi ónýtt í höndum hans. Nú er ég persónulega ókunnur honum og hefi leitað mér upplýsinga. Er mér sagt, að hann sé líklegur til að vinna með dugnaði að þessu máli og til að *reka það með þeim krafti, sem nauðsynlegt* er.

Að lokum vil ég endurtaka ósk mína um það, að málið fái að halda áfram — upplýsinga má afla sér jafnframt —, svo að það geti helzt fengið afgreiðslu á þessum parti þingsins, ef ekkert mælir sérstaklega þar á móti.

Jón Baldvinsson: Ég er ekki sammála meðnm. mínum um afgreiðslu máls þessa. Að vísu áleit ég ekki þörf að skrifa sérstakt nál. En ástæðan til, að ég hefi sérstöðu, er sú, að ég tel varhugavert svona alveg að óathuguðu máli að veita sérleyfi einstökum manni eða einstöku *félagi. Yfirleitt tel ég þetta djarft, þó að það* geti að vísu komið fyrir, að það megi gera, ef tryggilega er um búið. Ég mun því ekki fylgja þessu máli með þeim undirbúningi, sem á því er, og upplýsingum, sem liggja fyrir. Sé um einhverja tekjugrein að ræða, myndi landið sjálft geta haft gagn af, m. a. með því að hafa útflutning á hendi sjálft í þessu efni, og það tel ég eðlilegra en að einstakir menn taki þetta að sér. Það má segja að vísu, að þetta sé stuttur tími. Ég er hissa á, að nokkur skuli vilja leggja í að fá einkaleyfi fyrir svona stuttan tíma. Ég vil því ekki leggja mitt atkv. til þess, að slík hlunnindi séu veitt meðan málið er ekki meira rannsakað.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég álít, og vil strax taka það fram, að ástæðan til þess, að komið er með þessa hugmynd, er sú, að einn af starfsmönnum landsins, sem sé húsameistari ríkisins, er búinn að gera þá uppgötvun, sem mun reynast þýðingarmikil fyrir byggingarlistina. Húsameistarinn hefir byrjað þessa aðferð á þjóðleikhúsinu, og hefir hún unnið sér þar almenna viðurkenningu. Mér þykja líkindi til, að það *mundi borga sig fyrir ríkið* að fara á sama hátt með aðrar opinberar byggingar, t. d. landsbókasafnið, sem er illa útleikið. Mér finnst, að ekki ætti að reka mikið á eftir þessu máli, þar sem svo vill til, að sá, sem uppgötvunina gerði, er í þjónustu landsins. Ég skil ekki í því, hvers vegna n. hefir ekki leitað til þessa manns. Meðan gengið er framhjá manni þeim, sem gert hefir þessa uppgötvun fyrir landið, sem ef til vill gæti orðið því mikil tekjugrein, þá álít ég ekki rétt að afhenda þetta verðmæti í hendur ókunnugra manna, og þess vegna held ég fast við þá tillögu, að málið verði tekið út af dagskrá, því ég tel ósæmilegt *að leita ekki upplýsinga hjá þeim manni*, sem bezt veit um þetta.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Mér þykir óliklegt, að svo lítið mál geti orðið til þess að koma kappi og hita í umr., og það er ekki frá minni hálfu. En mér þykir einkennilegt, ef það þykir ekki gott, að einstakir menn brjótist í að gera nýja vöru að útflutningsvöru, því þær eru ekki of margar. Það, hver hafi gert uppgötvunina, finnst mér ekki koma málinu við. Ég veit ekki, hver hefir fundið upp á því að húða hús að utan með hrafntinnu; ég hefi heyrt um það mismunandi sagnir. Ég hefi *spurzt fyrir um þetta og fundizt*, að sitt segði hver. Ég held, að þetta geti naumast talizt uppgötvun, heldur tilraun með styrkingu á múrhúð. Menn hafa reynt ýmislegt *í þeim efnum*, bæði með útlendum og innlendum efnum; t. d. hafa ýmsir reynt að flytja inn granitduft, og svo hefir verið farið að nota innlend byggingarefni, og efast ég ekki um, að húsameistari ríkisins hafi ýtt undir, að farið var að nota hrafntinnu til múrhúðunar, og er hún nú notuð af ýmsum. Það er því mikilsvert, ef hægt er að færa út kvíarnar og koma henni á útlendan markað. Hv. þm. S.-Þ. telur eðlilegt, að ríkið reki sjálft þessa verzlun. En ég vil benda á, að ef þetta reynist vel, þá hefir ríkið í hendi sinni að taka það sjálft eftir 1940. En það borgar sig margfalt betur að láta aðra brjótast í því að finna út, *hvert verð er í þessu. A. m. k. eins og nú er ástatt* um fjárhag ríkisins, þá er þetta heppilegra. Ég fer fram á, að þannig verði greitt fyrir málinu, að því geti orðið lokið á þessum hluta þingsins. En ef málinu er nú frestað, þá nær það ekki fram að ganga áður en þingi er frestað. Ég veit að vísu ekki, hvenær þinginu verður frestað, a. m. k. ekki eins vel eins og hv. þm. S.-Þ., en ég hefi heyrt, að það muni verða um miðja næstu viku, og þá er bersýnilegt, að þar sem eftir eru fimm umr. um málið, þá verður það ekki afgr. frá þinginu fyrir þann tíma, ef því er frestað nú.

Forseti (EÁrna): Óskar hv. frsm. meiri hl., að málið sé tekið til atkvgr. nú?

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Ég held, að það sé nauðsynlegt, að það komi nú til atkv., og a. m. k. nú, meðan það fer ekki úr þessari hv. d., óska ég, að menn greiði fyrir því, svo að það geti komizt til 3. umr.

Forseti (EÁrna): Þetta er aðeins 2. umr. og það er hægt að koma með brtt. við 3. umr. og taka það þá til nýrrar athugunar, og sé ég ekki, að skaði sé skeður, þótt það sé tekið til atkvgr. í þetta sinn.

Jónas Jónsson: Þar sem ég býst við að geta útvegað upplýsingar, sem máli skipta, þá óska ég eftir, að málið verði ekki tekið fljótt á dagskrá aftur, þar sem gengið hefir verið framhjá þeim upplýsingum nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Ég hefði viljað mælast til þess sem minni hl. fjhn., að máli þessu verði ekki hraðað svo, að það verði tekið fyrir nú á þessum fundi. Ég hefi átt tal um þetta frv. við húsameistara ríkisins, og telur hann mjög athugavert að veita þetta einkaleyfi einstökum manni að svo lítt athuguðu máli sem nú er, einkum vegna þess, að hann telur, að hér geti e. t. v. verið um óvenjulega mikið verðmæti að ræða, sem numið geti stórum fjárhæðum. Og meðan hér hefir ekki verið gerð nein fullnaðarrannsókn á þessu verðmæti, sem fundið er í raun og veru af þessum manni sem embættismanni ríkisins, og auglýst þannig og tekið í notkun, að einstakir menn hafa nú fengið áhuga fyrir málinu, þá virðist mér rétt, að Alþingi hrapi að engu og vænti, að hæstv. forseti gefi mér það tillit sem minni hl. í fjhn. að taka mál þetta ekki fyrir nú á þessum fundi.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Út af þessum ummælum hv. minni hl. fjhn. vil ég benda á, að hann er í raun og veru ekki lengur orðinn neinn minni hl., þar sem hér er komin 3. umr. málsins og þessi hv. þm. hefir enn engu áliti skilað á frv. Hann hefir því afsalað sér öllum rétti sem minni hl. alveg bersýnilega. Frv. kom hér til 2. umr. 22. marz, og sýnist því ekki, að málinu sé hraðað um of, enda er bersýnilegt, ef nokkur von á að vera með framgang frv. á þessu þingi, að þá verður tvímælalaust að samþ. frv. nú. Það er ekki eins og þessum rétti sé sleppt um tíma og eilífð, þó einkaleyfi sé veitt um 5 ára skeið. Mér sýnist ekki betur en að full ástæða sé til þess að afgr. þetta frv., og vil því fastlega mælast til þess, að hæstv. forseti láti afgr. frv. nú þegar.

Forseti (EÁrna): Ég býst ekki við, að hægt verði að ljúka þessari umr. á þessum fundi, þar sem svo áliðið er orðið.

Jón Baldvinsson [óyfirl.]: Minni hl. fjhn. hefir engum rétti afsalað sér, þó hann ekki hafi komið með neitt álit hér í hv. d. Minni hl. hefir sinn rétt óskertan til þess að gera till. í málinu. Ég hefi síðan frv. kom fram verið að reyna að kynna mér málið og afla upplýsinga um það, og hefi nú allra síðustu daga fengið nokkrar upplýsingar frá þeim embættismanni ríkisins, húsameistara, sem þessu er kunnastur og hefir fyrstur notað þetta efni og vakið á því eftirtekt, m. a. þeirra einstöku manna, er nú sækja um einkaleyfi til þess að fá að flytja þetta merkilega efni úr landi. Ég hefi fengið þær upplýsingar hjá húsameistara, að hann hafi átt tal við ýmsa menn erlendis, sem vit hafa á þessum málum, og hann hefir eftir þessum mönnum, að þeir áliti þetta efni mjög mikilsvert til notkunar, og kannske gæti komið til mála, að hægt yrði að flytja það út í miklu stærri stíl en nokkurn grunar. Þetta efni er til hér á landi í stórum stíl, og virðist miklu ódýrara en önnur hliðstæð efni, eins og t. d. granit.

Mér hefir verið sagt, að þetta efni, sem notað var í húðun á þjóðleikhúsið, hafi kostað á húsið 12 þús. kr., en ef notað hefði verið erlent efni, granit, þá hefði það kostað um 30 þús. kr. aðeins efnið. Ef hrafntinna er svo auk þess endingarbetri, eins og álitið er að hún sé, og líka fegurri en granitblanda, þá þykir mér ekki rétt, að ríkið fleygi þessum rétti í hendur einstakra manna að svo lítið athuguðu máli, þar sem það auk þess sjálft hefir gerzt brautryðjandi á þessu sviði. Nýjung þessi hefir alls ekki verið rædd opinberlega, og það er fyrst þegar leyfisbeiðni er fram komin, að farið er að tala við þann embættismann ríkisins, sem hér hefir mest um að segja. Og þar sem hann mótmælir því fastlega, að þetta einkaleyfi sé veitt, af því málið sé svo lítt athugað, þá sýnist alveg óafsakanlegt að gera það. Ég vænti þess, að hæstv. forseti láti að mínum orðum, en ef svo verður ekki, þá mun ég a. m. k. greiða atkv. gegn einkaleyfinu, eins og á stendur. Þar með er ekki sagt, að ekki megi veita einstökum mönnum einkaleyfi á þessum útflutningi, en það þarf þó að vera svo athugað mál, að Alþingi viti eitthvað um, hvað það er að gera. (**MJ:** Þetta er nú ekki 99 ára einkaleyfi). Húsameistari ríkisins hefir sagt, að svo óvíst sé enn um útflutningsmöguleika fyrir hrafntinnuna, að hugsazt geti, að hér sé máske um milljóna útflutning að ræða. Ég segi fyrir mig, að ég hefi t. d. enga hugmynd um það, hvort þetta 3 kr. útflutningsgjald á tonnið er í nokkru hæfilegu hlutfalli við söluverð og sölumöguleika. Mér skilst á húsameistara, að hann telji bara hlægilegt að setja slíkt ákvæði í lög eins og á stendur, og yfirleitt að veita leyfið áður en málið er rannsakað. Mér finnst yfirleitt, að ríkið gæti sjálft rekið slíkt fyrirtæki sem þetta, og það í stærri stíl en einstakir menn. Ég skal benda á það, að nóg mun verða hér af atvinnulausu fólki á næstu árum, sem ríkið þarf að styrkja og veita atvinnu, og því sé rétt að athuga þetta mál með hag ríkis og þjóðar fyrir augum. Það er reynsla fyrir því, að einstaklingar, sem fengið hafa þessu líkt einkaleyfi, hafa fyrst og fremst litið á sinn augnablikshag; t. d.

var það svo um silfurbergið við Reyðarfjörð. Það var veitt einkaleyfi á að vinna það, og þar var ekki hugsað um annað en að rífa sem mest niður og ná sem mestu á stytztum tíma og ekkert horft í það að stórskemma og eyðileggja námuna. Engin trygging er fyrir því, að hið sama endurtaki sig ekki hér, að mest verði hugsað um augnabliksgróða, en minna um hitt, hvað heppilegt sé fyrir framtíðina. Það er ekki einusinni svo, að hér sé að ræða um heimildarlög fyrir ríkisstj., heldur er hér hreint og beint gert ráð fyrir, að eitt einkaleyfi skuli veitt fyrir alla hrafntinnu í landinu. (MJ: Það á ekki að veita eignarrétt á efninu). Það er að vísu rétt, en ég hygg, að hvorki hv. 1. þm. Reykv. eða hv. 2. þm. Rang. séu svo kunnugir, að þeir viti, hvar bezt er að byrja að vinna þetta efni, þegar tillit er tekið til framtíðarinnar. Hitt er náttúrlega vandalaust, að ganga í beztu bingina og láta greipar sópa um það, sem bezt er að ná í fyrst í stað. Mér finnst því varhugavert að kasta þessum rétti í höndur einstakra manna að óathuguðu máli.

Pétur Magnússon: Af því að hv. 4. landsk. hreyfir því, að 3 kr. útflutningsgjaldið sé of lágt, þá flyt ég hér skrifl. brtt. á þá leið, að þetta gjald skuli vera greitt auk venjulegs útflutningsgjalds, og að þessar 3 kr. séu aðeins fyrir einkaleyfið. En ég vil eindregið beina því til hæstv. forseta að láta atkvgr. fara fram nú á þessum fundi, því nú er hvert tækifæri að verða hið síðasta, ef hægt á að vera að hefjast handa á þessu ári.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent skrifl. brtt. af hv. 2. þm. Rang., svo hljóðandi. „Við 2. gr. Á eftir „ríkissjóð“ komi: auk venjulegs útflutningsgjalds“.

Nú sé ég ekki, að hægt sé að afgr. þetta mál á þessum fundi; 2 hv. þdm. hafa þegar kvatt sér hljóðs, og það hefir líka verið óskað eftir því, að málið væri tekið út af dagskrá. Ég hafði ætlað mér að bera það undir hv. þd., hvort það skyldi gert, en þar sem hv. þdm. eiga að koma á fund í Sþ. eftir nokkrar mínútur, þá sé ég ekki ástæðu til að láta fara fram atkvgr. um þetta og tek málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 153, 350).

Sigurjón Á. Ólafsson [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs síðast þegar þetta mál var hér til umr., aðeins til að lýsa minni afstöðu. Ég hafði greitt þessu máli atkv. til 3. umr., en þá komu fram eindregnar óskir frá tveimur hv. þm. um það, að málinu yrði ekki hraðað og það kæmi ekki svo til 3. umr., að þeir gætu ekki borið fram sín rök fyrir frestun málsins. Nú skilst mér, að hér liggi fyrir þau gögn, sem gera það að verkum, að ég sé mér ekki fært að greiða þessu frv. atkv. nú við 3. umr. Þau gögn eru þau, að hér sé ef til vill um svo stórfellda hagsmuni að ræða fyrir ríkið sjálft, að það sé ekki vert að láta þetta í hendur einstakra manna. Og þar sem ég er þeirrar skoðunar, ef um veruleg verðmæti er að ræða, sem geti orðið að miklum notum fyrir ríkið, þá eigi ekki að fá það einstökum mönnum í hendur, get ég ekki greitt þessu frv. atkv.

Þessa vildi ég láta getið við þessa umr. til skýringar því, hvers vegna ég greiði atkv. á móti frv.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Það hefir nú nokkuð mikið verið talað um þetta mál hér í hv. þd. og ýmsir hv. þdm. hafa komið hér fram með nokkrar upplýsingar í málinu frá þeim manni, húsameistara ríkisins, sem mest veit um þetta mál. En auk þess hygg ég, að á leiðinni sé bréf frá þessum manni með ráðleggingum um það, hvað gera skuli. Það er víst, að þessi maður hvetur til varasemi í málinu, því hann álítur, að ef eitthvað verður úr útflutningi á þessu efni, þá geti svo farið, að hér sé um að ræða stórkostlegar tekjur fyrir ríkissjóð. Mér finnst, þar sem að því er komið að þinginu verði frestað, þá sé óhyggilegt og óviðeigandi að hraða málinu svo, þar sem nægilegar upplýsingar fást ekki í því áður en þingið hættir störfum í bráð. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til stj. til athugunar í hléinu, en síðan megi á framhaldsþinginu athuga, hvað gera skuli.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Eins og mál þetta horfir nú við er það séð, að frv. getur ekki orðið að l. áður en þingi verður frestað. Í umr. hafa komið fram ýmsar raddir og upplýsingar um það, að hér geti verið um svo mikið að ræða, að rétt sé fyrir ríkissjóð að taka e. t. v. þennan útflutning í sínar hendur, og get ég eftir atvikum fellt mig við, að frv. verði nú tekið út af dagskrá og því frestað til haustsins, eða þar til þingið kemur aftur saman. — Annars get ég ekki séð, hvaða hætta væri í því fólgin að veita þetta leyfi. Eftir því, sem ég bezt veit, er þessa steintegund að finna á tveim stöðum hér á landi, þ. e. í upprekstrarlandi Rangárvallasýslu og einhversstaðar á Norðurlandi, víst í Mývatnssveit. Ég veit ekki, hverjir eiga þau lönd, þar sem hrafntinnan er, en ég býst við því, að landeigendur hljóti að fá verðið fyrir hrafntinnu þá, sem út verður flutt, að frádregnum kostnaði við að koma henni í verð, sem er vinnulaun, flutningskostnaður, farmgjöld o. fl. Ég get ekki betur séð en að landeigendur eigi að njóta verðsins fyrir hráefnið, hvort sem ríkið eða einstakir menn annast útflutning og sölu þess.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

70. Dragnótaveiði í landhelgi (frv. SÁÓ og BSt).

Á 35. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 274).

Á 36. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Eins og sjá má af grg. frv., er það fram borið fyrir ósk sjómanna á Akureyri, en fyrir þeim vakir, að lögfest verði undanþága um, að þeir megi nota dragnót til að veiða kola á tímanum frá 15. júní til 1. des., eins og leyft er á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi. Það hafa verið gerðar tilraunir með að nota dragnót til kolaveiða á Eyjafirði, og telja sjómenn þar, að að því geti orðið almennur tekjuauki, ef þeir fá að nota hana á þeim tíma, sem nú er bannað með l. að nota hana.
Þeir færa það sem rök fyrir þessu, að atvinna sjómanna sé svo takmörkuð, að það sé nauðsynlegt að hlynna að öllu, sem skapað geti þeim atvinnu.
Mér er nú ekki kunnugt um, hve mikil brögð eru að kolaveiðum þarna, en kunnugir telja skilyrði svo góð, að það sé hægt að veiða það mikið af kola, að nokkuð megi nota til neyzlu á Akureyri, en nokkuð til útflutnings.
Ég sé ekki, að ástæða sé til að neita um leyfi á einum stað, þar sem það er leyft á öðrum stað, og hefi ég þess vegna gerzt flm. að þessu frv. ásamt 1. þm. Eyf.
Ég skal svo ekki gera frekari grein fyrir þessu en ég hefi þegar gert, en mælist til þess að lokum, að málinu verði vísað til sjútvn.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil mælast til þess við hv. sjútvn., að hún afgreiði ekki málið, nema mér hafi gefizt kostur á að tala við n. á fundi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

71. Lax- og silungsveiði.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 378).

Á 46. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Hermannsson): Eins og getið er um í hinni stuttu grg., sem fylgir frv., er það flutt eftir ósk fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs. Þegar lögin um lax- og silungsveiði voru sett á Alþingi 1932, þá var þar um allmikið verk að ræða, því að sá lagabálkur er umfangsmikill. Og ég hygg, að ýmsum hafi þá verið ljóst, að þessi lög mundu þurfa ýmiskonar lagfæringar við áður en langt um liði. Á undanförnum þingum hafa líka komið fram nokkrar till. til breyt. á lögunum, enda þótt þær hafi ekki verið samþ., að ég ætla. Þetta frv. fer fram á lítilsháttar breyt. á einu atriði í 8. kafla laganna, sem fjallar um fiskiræktarfélög. Í þessum kafla er gert ráð fyrir, að stofna megi félagsskap til þess að auka lax- og silungsveiði í ám og vötnum, svo kölluð fiskiræktarfélög. Gert er ráð fyrir, að hver einstaklingur í þessum félögum mæti á fundum, þó þeir að vísu megi gefa öðrum umboð til að mæta þar fyrir sig. En það er ekki ætlazt til þess, að félögin skiptist í deildir eða að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, eins og tíðkast í öðrum samvinnufélagsskap. Ég hygg, að það hafi varla verið gert ráð fyrir jafnvíðlendu félagssvæði eins og er á Fljótsdalshéraði. En þar hefir nú verið stofnað fiskiræktarfélag samkvæmt lögum þessum, sem nær yfir 9 hreppa. Á þessu svæði eru töluvert á annað hundrað jarðir, og ábúendur þeirra jarða eiga sæti á félagsfundum, og eiga samkv. l. að taka þar beinan þátt í meðferð félagsmála.
Það kom strax í ljós, að þetta var afaróhentugt og þunglamalegt í framkvæmd, og er hæpið, að hægt sé að halda félagsskapnum starfandi í þessu formi. Að vísu má halda því fram, að bjargast megi við það ákvæði laganna, þar sem félagsmönnum er heimilt að gefa öðrum umboð til þess að fara með atkv. sitt á félagsfundum; en reynslan hefir sýnt, að það hefir yfirleitt verið trassað og gefizt illa, og þar af leiðandi verið erfitt að halda félagsskapnum starfandi.
Út af þessari reynslu hefir stjórn fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs óskað eftir því, að bætt verði inn í lögin ákvæði um, að fiskiræktarfélög megi skiptast í deildir, þar sem félagssvæði eru stór, og að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.
Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til n., en þar sem málið liggur svo ljóst fyrir, má vænta þess, að n. afgr. það fljótt. Við flm. frv. höfum flutt þetta mál nákvæmlega í því formi, sem stjórn fiskiræktarfél. Fljótsdalshéraðs óskaði eftir. Má vera, að það þurfi einhverra endurbóta við, sem þá kunna að koma fram í nefndinni. — Ég óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 378, n. 402).

Frsm. (Pétur Magnússon): Landbn. hefir haft þetta frv. til athugunar og er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 378).
Á 59. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 91. og 92. fundi í Nd., 5. og 6. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 94. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 378, n. 686, 702).

Frsm. (Jón Pálmason): Eins og hv. þdm. muna, kom frá Ed. snemma á þessum þinghluta frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði. Það var ekki nema ein gr. og fór fram á, að fundir í veiðifélögum væru fulltrúafundir. Frv. var vísað til landbn., og hefir það fengið þar afgreiðslu, sem kemur í ljós á þskj. 686. Það er nú svo, að á síðasta þingi, 1934, flutti landbn. þessarar d. frv. til l. um breyt. á lax- og silungsveiðil., og náði það samþ. þessarar d., en var sent Ed. og dagaði þar uppi. Þetta frv. hefir ekki síðan verið tekið fyrir af Ed., en hefir í þessum brtt. verið tekið upp að svo miklu leyti, sem hægt var.

Laxveiðil. voru sett á Alþingi 1932. Hefir nú fengizt nokkur reynsla fyrir þeim, og hefir komið í ljós, að á l. eru nokkrir annmarkar, sem lagfæra þarf, ýms ákvæði, sem ekki eru nægilega skýr. Til þess að lagfæra þetta, hefir landbn. lagt fram breyt. þær, sem hér liggja fyrir.

Í gr. þeirri, sem n. ætlast til, að verði 1. gr., eru skilgreiningar á orðum, sem deilum hafa valdið víða um land. M. a. hefir mikið verið um það deilt, hvað skuli teljast til ósa, hvað skuli teljast vötn, hvað ár o. s. frv. N. hefir gert þá breyt., að í stað þess, að í l. er miðað við stórstraumsflóð og stórstraumsfjöru, þá skuli nú miða við smástraumsflóð og smástraumsfjöru.

Þá er atriði, sem valdið hefir nokkrum ágreiningi í n., sem sé það, að strika skuli úr gr. hugtakið „straumlína", en setja í staðinn orðið „áll". Venjulega er þægilegra að mæla dýpi en að ákveða straumlinu.

Þá er skilgreint orðið „kvísl", og fer ég ekki frekar út í það. Líka eru skilgreind orðin „stöðuvötn" og „straumvötn". Þar hefir n. farið eftir leiðbeiningum Pálma Hannessonar.

Fyrir utan þetta eru ekki í breyt. n. mörg atriði, sem ekki voru í frv. því, er lagt var fyrir þessa d. í fyrra, auk 1. gr., sem hér er 8. gr. Þar er tekið fram, að ekki sé heimilt að hafa fastar veiðivélar, nema lögnin sé löggilt af hlutaðeigandi löggæslustjóra. Út af því hafa risið miklar deilur víða um land, hve langt út væri heimilt að hafa lagnir. Hefir þetta sprottið af mismunandi skilgreiningu á þeim hugtökum, sem ég hefi nefnt. Ætlazt er til, að nánari ákvæði um löggildingu lagnanna verði sett af landbrh. Þarf þá ekki um að villast, við hvað er átt hvert sinn, svo að það þurfi ekki að valda óánægju.

Viðvíkjandi breyt. þeim, sem lagt er til, að gerðar verði á 84. gr. l., er það að segja, að þær eru í samræmi við frv. það, er ég gat um áðan. Þar er ákveðið, að þeir eigi kost á skaðabótum, sem tapað hafa veiðiréttindum af því, að þeir hafa ekki getað notað sömu veiðiaðferðir og áður.

Út í þetta ætla ég ekki að fara nánar að öðru leyti en því að geta þess, að þeir þrír meðnm. mínir, sem skrifuðu undir með fyrirvara, munu gera grein fyrir, í hverju hann liggur, en ég hygg, að hann liggi í því, að þeir urðu mér og form. n. ekki sammála um að strika út orðið „straumlina" og setja „áll" í staðinn. — Það liggur frammi önnur brtt. á þskj. 702, en um hana skal ég ekki tala fyrr en hv. flm. hefir gert grein fyrir henni. Ég vænti, að hv. þdm. athugi till., sem liggja fyrir, og séu tilbúnir að taka afstöðu til þeirra í heild.

Páll Zóphóníasson: Eins og hv. frsm. tók fram, hefi ég skrifað undir með fyrirvara. Það er sérstaklega eitt atriði, og þó reyndar tvö, sem ég er ekki samþykkur í brtt. — Fyrra atriðið er að setja „áll" í staðinn fyrir „straumlína". Straumlína er orð, sem ekki verður um deilt, ef til er tæki á staðnum til að mæla með strauminn. Áll er meira í munni alþýðu, en ójósara hugtak, og má oft deila um, hvar aðalállinn sé, eins og vötn falla hér á landi. Ég vil því halda orðinu straumlína, en ekki taka „áll", því það er að fara frá hugtaki, sem hægt er að ákveða nákvæmlega, og yfir í hugtak, sem að vísu er meira í munni alþýðu, en alveg óákveðið. Þetta er sameiginlegur fyrirvari okkar allra, sem skrifuðum undir með fyrirvara.

Hitt atriðið í brtt., sem ég er ekki heldur samþykkur, er að minnka möskvastærðina. Ég tel það til hins verra að minnka möskvana frá því, sem nú er, og er því líka á móti þeirri till. Að öðru leyti er ég brtt. samþykkur, en hvort hinir tveir, sem skrifuðu undir með fyrirvara, eru það, skal ég láta ósagt. Það er eingöngu þetta tvennt, sem ég er ósamþykkur. En ég legg áherzlu á að

halda orðinu straumlína. Það á að halda því, sem minnst er hægt að deila um, og um straumlínu verður ekki deilt, ef tæki eru til að ákveða hana, en um ál er hægt að deila óendanlega.

Emil Jónsson: Ég hefi skrifað undir með fyrirvara og skal með örfáum orðum gera grein fyrir því, í hverju hann er fólginn.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði; við erum sammála um það, að óheppilegt sé að taka upp orðið „áll" í staðinn fyrir „straumlína". Hann hefir nú skýrt það, svo að ekki þarf um að bæta, en ég vil taka það fram, að það er óvísindalegt og ónákvæmt að tala um ál, en straumlínu er hægt að ákveða nákvæmlega.

Þá er annað atriði, sem ég er ósamþykkur. 3. brtt. skilgreinir stöðuvötn á þann hátt, að það séu þau vötn, sem ekki er meiri straumur í en 18 m. á klst. Mér er óljóst, á hverju sú skilgreining byggist eða af hverjum hún er fundin, og ég býst við, að hv. frsm. sé ekki við því búinn að skýra frá því, hver þau vötn séu, sem falla undir þetta ákvæði. En að slá þessu föstu án þess að snefill af rannsókn liggi til grundvallar fyrir því, tel ég gersamlega ómögulegt og óhæft. Væri fróðlegt að vita, hvort t. d. Lagarfljót og ýms önnur vötn yrðu samkv. þessari skilgreiningu kölluð stöðuvötn eða straumvötn, en ég býst við, að þingmenn eigi nú engan kost á því.

Það stendur í frv., að n. hafi notið samstarfs við höfund þessara laga. Þetta verður að skiljast þannig, að hann hafi verið samþykkur þessum till. En mér hefir skilizt á honum, að hann væri hvorugu þessara atriða samþykkur. Ég mælist til, að haldið sé orðinu „straumlína", en orðið „áll" fellt niður, og sömuleiðis að fella niður skilgreininguna á stöðuvatni og straumvatni, a. m. k. þangað til rannsókn hefir farið fram um það efni.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 702 við brtt. n., um það, að heimilt sé að veiða til 15. sept. Í núgildandi l. og eftir till. n. er veiði aðeins heimiluð til 1. sept. Þar, sem vatnsföll eiga langa leið til sjávar og þverár eru langar, mun oft vera svo, að lax hafi ekki hafið göngu langt upp eftir ám, ef þær hafa ekki verið í vexti, heldur haft kyrrt um sig. Svo má og búast við, að víða séu fyrirsátur, sem hindri göngu laxins, og verði þá svo, að þeir menn, sem búa ofarlega við veiðiár, hljóti enga veiði. Ég veit um menn víða í Árnessýslu, sem búa við efri hluta veiðiánna og fá enga veiði. Aðeins þegar laxinn hefir gengið snemma í árnar, hafa þeir í fyrstu orðið veiði varir, en svo hefir tekið fyrir það, og er á hefir liðið, hafa þeir einskis orðið varir. Fram til þessa tíma hefir nokkur veiði verið á þessum jörðum, en nú má hún heita horfin. Slíkt eru þungar búsifjar, sem þessir menn verða að sæta á meðan fyrirkomulag laxveiðilaganna er þannig, og finnst mér ekki rétt að skerða svo hagsmuni einstakra manna. Nú er það svo með þessi lög sem önnur, að þau ná bezt tilgangi sínum með því, að þeim sé vel framfylgt og gott eftirlit haft með því, að lögin séu ekki brotin. En ef ákvæði þessu er ekki breytt og ekki bætt úr þeirri hagsmunaskerðingu, sem það hefir í för með sér, þá má búast við, að þessir menn reyni að ná í veiði eftir að löglegur veiðitími er úti. Það er ekki nema mannlegt, þótt þeir freistist til þess, ef veiðitími er þannig takmarkaður. Ég hygg því heppilegra að lofa heimildinni að vera hálfum mánuði lengur en hún er eftir till. n. og núgildandi lögum, og koma síðan á góðu eftirliti og gæta þess vandlega, að lögin verði ekki brotin. — Ég hygg, að það hefði verið langheppilegast að heimila ekki í bergvatnsám aðra veiði en stangarveiði. Ég er þeirrar skoðunar, að með því fyrirkomulagi mundi langmest hafast upp úr ánum. Það má búast við, að það þurfi langan tíma til þess, að menn öðlist skilning á þessu og fallist á, að það sé rétt.

Það er ekki sanngjarnt að útiloka einstaka menn frá þeim hlunnindum, sem þeir hafa áður haft. Ef veiðitíminn er lengdur, hafa þessir menn von um að verða ekki fyrir veiðispjöllum vegna laganna, og freistast þá síður til að brjóta þau, og er það vel farið.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þessa brtt. mína.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Hér liggja fyrir nokkrar breyt. á laxveiðilöggjöfinni, og ég býst við, að það sé ekki að ófyrirsynju, þó sú löggjöf sé athuguð, og það í ýmsum atriðum frekar en hér er gert í þessum brtt. Þegar núgildandi lög voru sett, var löggjöf þeirri, sem fyrir var, að ýmsu leyti mjög umsteypt og ekki svo vel fyrir séð um framkvæmdaratriði laganna, að þau kynnu ekki að valda ágreiningi, eins og reynslan hefir sýnt. Sú höfuðbreyt. var gerð, að taka frá sýslunum ákvörðunarréttinn um það, hvenær veiði mætti byrja og hvenær henni skyldi hætt. Þetta var mismunandi hjá hinum ýmsu héruðum og fór eftir staðháttum, en þetta ákvörðunarvald var tekið af héruðunum og sett allsherjarákvæði í lögin um það, hver veiðitíminn skyldi vera. Í sambandi við þetta hafði það yfirsézt, að heimild til stangarveiða er ótakmörkuð, því í ákvæðum frv. er ekkert um það, hvenær stangarveiði skuli hætt. Nú hefir þessi yfirsjón verið bætt með brtt., sem hér liggur fyrir.

Það er sérstaklega eitt atriði í brtt., sem ég get ekki fallizt á. Það er ákvæðið um að minnka möskvastærðina. Árið 1932, þegar breytt var lögunum, var möskvastærðin minnkuð nokkuð frá því, sem áður var, af því að möskvastærðin olli þá deilu. Nú er lagt til á ný að minnka möskvann um 1 cm., og ég hefi ekki heyrt nokkra ástæðu færða fram fyrir flutningi þessarar till. Ég tel þetta mjög óheppilegt; ég held, að það sé full ástæða til að hlífa frekar yngri laxinum við því að verða dreginn upp neðantil í ánum eða í stórum ám. Eins og fyrirkomulagið er nú, er alltaf að færast í það horf, að smærri ár og bergvatnsár séu notaðar þannig, að um þær sé myndaður félagsskapur og veiðiréttinum leigður út og þær notaðar eingöngu til stangarveiða. Þetta er sú bezta friðun, sem hægt er að fá, að útiloka ádráttarveiði og netaveiði, og þó sérstaklega ádráttarveiði. Það hættulega

fyrir lax- og silungsveiði við að minnka möskvastærðina er það, að þá verður alltaf minna og minna af smálaxi, sem kemst upp eftir ánum og getur orðið til hagnýtingar við stangarveiðina; en það er mikið atriði, að sú veiði gefi not í raun. Reynslan hefir sýnt, að með því að leigja ár til stangarveiða hafa eigendur ánna töluvert upp úr veiðiréttinum. Það eru fjölda margir, sem sækja um að fá árnar leigðar til stangarveiða, bæði útlendir menn og innlendir, og þetta er til mikilla hagsbóta fyrir eigendurna. Ég er algerlega á móti því, að horfið sé að því ráði að minnka riðilstærðina frá því, sem nú er.

Mér þykir vænt um, að tekin hefir verið upp brtt., sem ég hafði borið fram áður, um að tryggja þeim mönnum, sem missa veiði vegna ákvæða laganna, bætur fyrir þann skaða, sem þeir á þann hátt verða fyrir. Þetta hefir verið tekið hér upp í frv. orðrétt, eftir þeirri till., sem ég flutti áður í þessari hv. d.

En það, sem ég nú sérstaklega vil vekja athygli á, eru brtt. hv. 1. þm. Árn. Með þeim brtt. er þessum málum stefnt í mikla hættu. Það er langsamlega mesta hættan fyrir viðhald laxins að leyfa ádráttarveiði, og að leyfa að veiða langt fram á haust. Í mörgum smáám hagar svo til, að þar er hægt að draga upp hverja bröndu, og ef gengið væri með stöng, þá er hættan því meiri, sem lengra kemur fram á haustið. Þegar komið er að þeim tíma, að laxinn fari að hrygna, þá dregur hann sig á ákveðna staði, þar sem vatnið er grunnt og malarbotn. Ef stangarveiði er leyfð eins lengi fram á haustið eins og farið er fram á í brtt. hv. 1. þm. Árn., þá er mjög aukið á hættuna með það, að stofninn í bergvatnsánum verði upprættur, því þá nær leyfið fram á þann tíma, sem er allra hættulegastur. Mér kemur það mjög undarlega fyrir, að þessi brtt. skuli koma frá hv. 1. þm. Árn., því hann hafði undirbúið breyt. á laxveiðilöggjöfinni, sem gerðar voru árið 1932, og öll hans stefna þá var að reyna að tryggja laxveiðina sem bezt, og mér þótti hann þá ganga lengra en góðu hófi gegndi, sérstaklega að því er snerti netaveiðar neðan til í stórum laxveiðiám, þar sem göngusvið er vítt; þar virtist mér í till. hans um takmarkanir að ýmsu leyti fulllangt gengið, en þar þó engar brtt. fram um rýmkun á þeim takmörkunum. Ég býst nú við, að hann hljóti að viðurkenna, að með brtt. hans á þskj. 702 sé stigið stórt spor aftur á bak að því er viðkemur friðun á laxinum, enda viðurkenndi hv. þm. þetta óbeinlínis í ræðu sinni áðan. Hann tók það fram, að langbezta og arðvænlegasta veiðitilhögunin væri sú, að leigja árnar til stangarveiða. Þetta er líka notadrýgsta aðferðin og eigendur ánna hafa mest upp úr veiðiréttindunum á þennan hátt, og auk þess er þá fengin trygging fyrir því, að veiðin haldi áfram, og með þeirri friðun á laxinum er stofninn bezt tryggður í ánum. Ég vænti þess, að hv. þm. vilji ekki halda þessu til streitu, því þetta er svo stórt spor aftur á bak, að hvorki er fært né forsvaranlegt, að það sé stigið. Ef almennt væri leyft að starfrækja veiði á þennan hátt, og þar sem um margar ár er að ræða, þar sem leyfð yrði netaveiði, þá yrði þessi ráðstöfun til þess að draga úr og ef til vill til að gera að engu árangur þeirra tilrauna, sem gerðar eru til þess að auka veiðina með klaki, og kæmi þannig alveg í bága við þá stefnu, sem nú er uppi og till. komin um nú á þingi, að tryggja og auka veiðina með klaki. Ég skal ekki fara lengra út í það nú, en býst við að taka til máls um það efni, þegar það kemur hér til umr. Ég vil vona, að hv. 1. þm. Árn. hverfi frá þeirri stefnu, sem kemur fram í brtt. hans, því með henni er dregið úr þeim árangri, sem átti að nást með laxveiðilöggjöfinni, sem sett var 1932.

Hv. 1. þm. Árn. minntist á, að þetta mundi verða til að draga úr brotum á löggjöfinni, en ég held, að eina lækningin og eina ráðið, sem dugir á móti brotum, sé að slá ekki undan brotahneigð manna á þann hátt, sem hér er gert, heldur hitt, að halda uppi sem beztu eftirliti, sem öryggi framkvæmd laganna á þessu sviði, sem segja má, að hafi að nokkru verið gert með ákvæðum laxveiðilaganna og eftirliti með þeim, eins og frá því var gengið með lögunum frá 1932. Ég held þess vegna, að sú röksemd sé léttvæg og geti ekki riðið baggamuninn um það, að stefnt skuli til afsláttar á öryggi laxstofnsins, eins og gert væri með því að samþ. slíka brtt.

Frsm. (Jón Pálmason): Það er ekki álitlegt að taka til máls, þar sem hv. þm. eru nú margir farnir af fundi; en af því að hér er ekki um nein stórvægileg deiluatriði að ræða, skal ég víkja nokkrum orðum að þeim helztu, sem komið hafa fram. Er þá fyrst að nefna ágreining milli okkar hv. þm. Mýr. og hinna hv. meðnm. að því er snertir hugtakið „straumlína“ eða „áll“. Þeir halda því fram, að straumlína sé vísindalegra hugtak heldur en áll, en almenningur hefir miklu betri aðstöðu til að ákveða ál. Almenningur hefir fremur ráð á að mæla dýpi í vatni heldur en straumlínu; og sé orðið straumlína notað, verður það að vera ákveðin krafa að hafa straummæli, svo auðvelt sé, þegar ágreiningur rís, að skera úr honum fyrir fullt og allt.

Mér kom það á óvart, sem hv. þm. Hafnf. sagði um skilgreininguna á straumvötnum og stöðuvötnum, og þau ummæli, sem sá maður, sem við höfðum leitað til, hafði haft, en eftir hans till. var þetta takmark sett. N. mun taka þetta til athugunar, því ég býst ekki við, að frv. fari til atkv. í nótt.

Mér kom það líka á óvart, að hv. 2. þm. N.-M. lýsti því yfir, að hann væri mótfallinn því atriði að minnka möskvana, því hann hafði ekki minnzt á það með einu orði. Í því efni skal ég svara honum því, og þá um leið hv. þm. Borgf., sem talaði mjög á móti till. um að minnka möskvastærðina, þótt hann greiddi atkv. með því bæði á aukaþinginu 1933 og á aðalþ. 1934, en þetta ákvæði var þá í frv., sem fór mótmælalaust í gegnum Nd. Það, sem á veltur viðvíkjandi þessu atriði, mun vera það, að hv. þm. hafa ekki gert sér grein fyrir, hvað það er, sem liggur til grundvallar fyrir þessari till. Þetta ákvæði hefir engin áhrif á laxveiðina,

heldur eingöngu á silungsveiði. Net, sem eru ekki stórriðnari en hér er gert ráð fyrir í till., taka engan lax. Það er nýtt atriði að sniða möskvastærðina við sama takmark, hvort sem heldur á að nota netin til lax- eða silungsveiða. Form. veiðilagan. gekk inn á till. á aukaþinginu 1933, þegar brtt. kom fyrst fram, og þetta ákvæði snýr eingöngu að silungsveiði, en snertir laxveiði ekki hót.

Þá er það þessi ágreiningur við hv. 1. þm. Árn., sem vill færa laxveiðitímann fram. Þetta kom til orða í n., og hygg ég, að hún sé andvíg till. hv. þm., og get ég þar vísað til röksemda hv. þm. Borgf. Ég skal aðeins til viðbótar, út af því, sem hæstv. forseti talaði um, að með þessu væri verið að eyðileggja hlunnindi þeirra, sem ofar búa við árnar, ef ekki er leyfilegt að veiða lengra fram á haustið en til 1. sept., taka fram, að ég tel þetta ekki stafa af því, að veiðitíminn hefir verið færður aftur. Að minna veiðist, stafar af öðrum ástæðum, bæði því, að veiði hefir almennt minnkað, og einkum hinu, að síðan nýju l. gengu í gildi eru ýmsar skýringar óákveðnari en í eldri l., t. d. orðið „straumlína“ fyrir „áll“, sem almenningur á miklu þægilegra með að ákveða. — Vænti ég svo, að frv. verði afgr. á þessu þingi.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það er líklega hálfgerð synd að þreyta hv. þm. á lengri umr. En ég þarf að segja aðeins örfá orð við hv. þm. Borgf., til þess að leiðrétta tvö atriði í ræðu hans.

Það er misskilningur eða misminni hjá hv. þm., að frv. hafi í upphafi miðað við 1. sept. Frv. hafði 15. sept., en því var breytt í Ed. og tíminn færður aftur til 1. sept. En þetta skiptir ekki máli. Hitt skiptir meira máli, að menn, sem ofar búa, sjá ekki lax fyrr en hætt er að veiða neðar í ánum. Ég get um það borið, að menn, sem búa við Stóru-Laxá, sjá nú ekki lax nema hann sé svo snemma genginn, að hann sé kominn framhjá, þegar veiðivélarnar eru settar í árnar. Ég lét í ljós þá skoðun, að helzt ætti ekki að leyfa annað en stangarveiði, en meðan það er ekki gert, þykir mér nokkuð harðleikið að haga þessu svo, að engin branda veiðist í þveránum. Ef sú veiði veldur rýrnun á stofninum, gildir það sama um alla laxveiðina, engu síður þó neðar sé í ánni. En það er annað, sem ég get tekið undir, að í smáám er hættara við, að netaveiði gangi of nærri stofninum. Því ættu þeir, sem er þetta áhugamál og komið hafa auga á, hve miklar tekjur þjóðin getur af veiðiskap haft, að vinna að því, að ekki verði leyfð nema stangarveiði. En sú breyt. tekur nokkurn tíma, og því er ekki rétt að svipta einstaka menn veiðihlunnindum fyrr en hún er komin í kring. Ef ég ætti að ráða, mundi ekki standa á mér að fella úr l. aðrar veiðiaðferðir en stangarveiði.

Út af því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um, að löggjöfin væri óskýr og gæti valdið misskilningi fremur en áður var, vil ég segja, að það er ekki rétt. Síðan 1886, er gömlu l. voru sett, hefir margt breytzt. Og með nýju l. er flest skýrara ákveðið og ríkari skorður settar en áður tíðkaðist, sem leggja meiri hindrun á notkun ýmsra veiðitækja en áður var. Það leikur grunur á, að tæplega sé eðlilegt, ef fylgt væri settum veiðireglum, að lax skuli ekki veiðast uppi hjá Selfossi. Í sumar veiddist þar ekki meira allt sumarið en rúmlega eins og veiddist á einum degi í fyrra. Þetta sýnir, að ástandið hefir breytzt, og þessar nýju veiðiaðferðir eru varasamar.

Ég hygg, að æskilegast væri að hafa félagsveiði meðan veiðiaðferð er ekki breytt og eigi ekki að svipta einstaka menn hlunnindunum, sem þeir hafa notið, eða yfirleitt að láta sig nokkru skipta, hvaða meðferð þeir sæta, sem eru svo óheppnir að búa ofar við árnar.

Frsm. (Jón Pálmason): Hv. 1. þm. Árn. sannaði sjálfur rækilega, að nýju l. eru heldur til spillis en hitt. Einmitt þetta, að menn halda því fram, að sumstaðar sjáist ekki branda á síðustu árum, er sönnun fyrir því, að l. eru brotin, annaðhvort viljandi eða af því, að þau eru óákveðin. Samkv. lögunum eiga árnar að vera alveg opnar a. m. k. 60 klst. á viku, svo laxinn ætti þó að hafa frjálsa leið þann tíma. En í l. eru ýmsar orðaskýringar villandi eða skakkar, sem teygja má sitt á hvað, og eru þau því brotin miklu meira vegna þess, hvað illa er frá þeim gengið. Að vísu hefir hv. þm. átt þátt í þeirri lagasetningu, hvort sem hann hefir nokkuð komið nærri veiði áður. En það er ekki vel frá þessum hlutum gengið, svo það er full þörf á breytingu.

Pétur Ottesen [óyfirl.]: Það mun nú ekki hafa mikla þýðingu að ræða lengur um þetta mál, en ég vildi aðeins benda hæstv. forseta, 1. þm. Árn., á, að brtt. hans um að lengja tímann fram á haustið brýtur alveg í bág við kenningar hans um stangarveiði. Eftir því, sem tíminn er lengdur fram á haustið, eftir því verða menn ófúsari að hallast að samkomulagi um stangarveiði. Það yrði því þrándur í götu þess, að sú aðferð verði tekin upp.

Hæstv. forseti sagði, að það væri sama, hvort laxinn væri tekinn ofarlega eða neðarlega í ánum, ef það aðeins væri gert með takmörkunum. Nú eru lögleiddar takmarkanir á veiðinni, og veit ég ekki annað en þær gildi einnig fyrir Ölfusá. Og með þeim takmörkunum verður aldrei nema lítill hluti af laxinum tekinn í ánum að neðan, en aðstaðan er alveg gerólík þar, sem hægt er að sópa honum alveg upp á hrygningarstöðunum. Og það er sú mikla hætta, sem liggur í því að framlengja veiðitímann til 15. sept. Í höndum gömlu héraðsstjórnanna var veiði ekki leyfð nema til 1. sept. Þeir vildu ekki láta veiða langt fram á haust, auk þess að laxinn er þá orðinn svo horaður, að hann er enginn fengur, borið saman við fyrr að sumrinu. Vænti ég, að hv. þm. viðurkenni, að heppilegast sé að skipa þessum málum á þann veg, að koma upp veiðifélögum, sem leyfi ekki annað en stangarveiði. En þessi brtt. tefur fyrir heildarsamkomulagi.

Hv. þm. A-Húnv. sagði það rangt, að minnkun á möskvastærð neta hefði nokkur áhrif á laxveiðina; það væri aðeins gert með tilliti til sil-

ungsveiði, enda þyrfti leyfi ráðh. og veiðimálastjóra að koma til. En möskvastærðin tekur einnig til laxveiðinnar. Og hafi það komizt inn í l., hefir það skotizt framhjá mér áður, og þó það hafi ekki komið að klandri, er sjálfsagt að kippa því í lag nú, samhliða öðrum breyt.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það er aðeins örstutt aths. um eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf. Hann hélt því fram, að brtt. mín, ef samþ. yrði, mundi tefja fyrir stofnun veiðifélaga. Skal ég ekki mótmæla, að það geti átt sér stað. En ég er ekki í vafa um, að eigi verulega að stuðla að takmörkunum, til þess að laxinn gangi ekki til þurrðar, er ekki nóg, að þær gildi fyrir þverárnar, heldur verða þær að gilda fyrir allar ár jafnt. Hefir mér dottið í hug miðlunartill., þar sem farin væri sú leið, að veita veiðiheimild um stundarsakir, en ekki nema um ákveðið árabil. Því það mun sannast, að með því að auka laxgengdina er hægt að auka tekjur þjóðarinnar um tugi eða jafnvel hundruð þús. kr.

Ég skal geta þess út af ræðu hv. þm. Borgf., að það mun vera rétt, að meðan þetta var í höndum sýslunefnda var veiðitíminn víðast ekki nema 3 mán., en ekki alstaðar á sama tíma. Í Árnessýslu var veiðitíminn frá 15. júní til 15. sept., því laxinn gengur þar seint, en í Norðurlandi gengur hann fyrr, og þess vegna byrjaði veiði fyrr þar. — Ég skal svo ekki segja fleiri orð við hv. þm. Borgf., en mér þykir hann nokkuð harðdrægur við þá, sem við þverárnar búa.

Þá eru það aðeins fá orð til hv. frsm. landbn. Mér þykir leiðinlegt að heyra þann misskilning, sem kemur fram hjá honum, sem hlýtur að stafa af því, að hann hefir ekki kynnt sér gömlu l. Ég skal nefna nokkur atriði til samanburðar. Eftir gömlu l. var heimilt að leggja í miðja á, nú ekki nema ⅓. Áður var heimilt að veiða í ós og svo nærri ós sem vildi, nú ekki fyrr en langt frá ós; áður varð að taka net upp aðeins 36 stundir á viku, nú 60 st.; áður mátti hafa ljós við veiðina, nú er það bannað. Nú er einnig lengra milli lagna, og mörg fleiri ákvæði, sem ganga í þá átt að leggja hömlur á veiðina. Enda hefir það komið fram, að þess er full þörf, eftir því sem veiðitækin verða fullkomnari. Hv. þm. verður því að skilja, að það er ekki lögunum að kenna, þó þau séu brotin.

Frsm. (Jón Pálmason): Það eru aðeins örfá orð, aðallega viðvíkjandi ummælum hv. þm. Borgf. um möskvastærðina. Hv. þm. greiddi frv. atkv. í fyrra, og var þó í því alveg shlj. ákvæði um þetta efni. Annars held ég, að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því, sem hér er um að ræða. Það hefir vitanlega engin áhrif, hvort möskvinn er 3,5 eða 4,5 cm., því hvort sem er veiðir alls ekki lax, heldur er aðeins um stærri eða minni silung að ræða.

Hv. þm., sem síðast talaði, sagði, að það væri ekki löggjöfinni að kenna, þó hún væri brotin. En ég veit dæmi þess, að ýmsar orðaskýringar í l. valda reginmisskilningi, og er beitt þann veg, að minni líkur eru til, að þau nái tilgangi sínum en áður var. Þessar skýringar þurfa að vera gleggri, eða skaffa mönnum nauðsynleg verkfæri, svo almenningur hafi aðstöðu til þess t. d. að skera úr, hvar straumlína er. En allir geta mælt, hvar dýpið er mest. Ég veit dæmi þess, að lagt hefir verið yfir höfuðál, þar sem eingöngu er miðað við breidd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 96. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 686,1.a.1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 686,1.a.2, 1. mgr., felld með 12:7 atkv.
— 686,1.a.2, 2.—3. mgr. samþ. með 13:7 atkv.
— 686,1.a.3 samþ. með 16:1 atkv.
Ný gr., er verður 1. gr., þar með ákveðin.
Brtt. 702,a—b samþ. með 16:2 atkv.
— 686,1.b (ný gr., verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 14:3 atkv.
— 686,1.c (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 686,1.d (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 686,1.e (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 15:6 atkv.
— 686,1.f (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
— 686,1.g (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 686,1.h (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 686,2 (frvgr., verður 9. gr.) samþ. án atkvgr.
— 686,3 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
— 686,4 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍ, HannJ, HV, JakM, JÓl, JónP, PZ, PÞ, SigfJ, SK, StJSt, JörB.

nei: MT,[1]) PO.

GÞ, JG, PHalld greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (ÁÁ, JJós, JS, ÓTh, SE) fjarstaddir.

Á 98. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 769, 791, 793).

Eiríkur Einarsson: Það mætti auðvitað margt um þennan lagabálk segja, því sitthvað af ákvæðum hans orkar tvímælis, en ég læt það að þessu sinni liggja milli hluta og sný mér að þeim brtt., sem ég hefi borið fram við þetta frv. á þskj. 791, og þær brtt. lúta einungis að þeim skaðabótum, sem geta komið til greina við þær breyt., sem frv. hefir í för með sér, vegna skerðingar og skaða, sem eigendur veiðirétt-

1) **MT**: Forseti stalst til að taka þetta mál fyrir að nóttu til, þegar ég var ekki viðstaddur. Þetta er því myrkraverk, sem ég greiði atkv. á móti.

ar verða fyrir, er breyt. laganna koma til framkvæmda. Þessar brtt. eru fæstar annað en orðabreyt., sem að mestu leyti leiðir af sjálfu sér og stefna að því að gera ákvæði laganna skýrari, en þó ná nokkrar brtt. lengra. — Fyrst vil ég minnast á það, sem tekið er fram í 11. gr. hins nýja frv., að sá veiðieigandi, sem missir með öllu veiði með þeirri veiðiaðferð, er hann hefir notað, skuli fá bætur fyrir eftir mati. Við þetta ákvæði á eftir orðunum „misst hana með öllu“ vil ég bæta: „eða veiðin rýrnað“. Það segir sig sjálft og er ómögulegt að deila um það, ef veiðieigandi á á annað borð bótarétt, þá á vitanlega að bæta skaðann, hvort sem hlutaðeigandi hefir misst veiði sína með öllu eða hann hefir misst hana að meira eða minna leyti. Þetta er eftir grundvallarreglum allrar löggjafar sjálfsagt. Ég álít því, að við samningu frv. hafi aðeins gleymzt að taka þetta fram.

Í öðru lagi legg ég til, þar sem talað er um síðar í sömu málsgr. kröfu til skaðabóta, að þar komi: „fullra skaðabóta“. Sú breyt. er í raun og veru lík þeirri fyrri, að hún er aðeins orðafylling, því eigi veiðieigandi rétt til skaðabóta, þá á hann auðvitað rétt til fullra skaðabóta. Þetta vil ég ennfremur láta taka fram, til þess að ná fyllra samræmi í heildarlögunum, því á öðrum stað í laxalögunum, þar sem talað er um í 52. gr. skemmdir, sem verði á landi vegna klakhúsbygginga eða annara mannvirkja, sem lögin gera ráð fyrir, skal landeigandi eiga rétt til fullra skaðabóta. Ég tel sjálfsagt, að einnig í þessu tilfelli eigi hlutaðeigandi rétt til fullra skaðabóta, en sé það ekki tekið fram í lögunum, gæti það valdið misskilningi vegna ósamræmisins.

Þá vil ég einnig, að 2. málsgr. 11. gr. sé samræmd við önnur ákvæði laganna. Þar er talað um, að sá, sem fyrir skaða verður vegna laganna, skuli senda ráðh. skaðabótakröfu, en hann leggi hana fyrir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd og skipi matsmenn til að meta skaðann. Ég vil, að þessu sé breytt þannig, að í staðinn fyrir, að ráðh. skipi matsmenn, komi, að ráðh. skuli ákveða matsgerð. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að hafa hljótt í deildinni). Með því er sagt, að um þetta eigi að fjalla dómkvaddir menn, en eftir ákvæðum 11. gr. er helzt að skilja, að ráðh. eigi í hvert skipti að skipa matsmenn. Þessi brtt. mín svarar til annara ákvæða í l., og væri hér ósamræmi, ef hún verður ekki samþ.

Þá er aðeins eftir síðasta breyt., sem helzt getur talizt efnisbreyt., og hún er um það, hvernig umræddar skaðabætur skuli greiðast. Í frv. stendur, að skaðabæturnar skuli greiðast að hálfu leyti úr ríkissjóði, en að hálfu leyti úr sjóði viðkomandi sýslu eða sýslna. Ég hefi leyft mér að leggja til, að skaðabæturnar skuli greiddar að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ úr viðkomandi sýslusjóði eða sjóðum. Þessi brtt. er ekki borin fram af neinu handahófi, heldur er hún studd af þeirri réttlætiskennd, að hlífa beri sýslunum svo sem verða má fyrir þeim bótakröfum, sem á þær kunna að falla. Í fyrsta lagi af því, að sé um verulegar bætur að ræða, þá gæti vel svo farið, að sýslufélögin yrðu þess ekki umkomin að greiða þær. Það er á allra vitorði, að mörg sýslufélögin eiga við fátækt að búa og eru í miklum vandræðum með tekjur til nauðsynlegustu árlegra útgjalda. Þess vegna tel ég varhugavert að krefjast þess, að sýslufélögin greiði helming skaðabótanna, sem kynnu að verða allverulegar. Ég hefði helzt viljað fría sýslufélögin alveg, en ég verð að viðurkenna, að til þess skortir mig kjark og lét því nægja að koma með þá till. að lækka kvöð þeirra um helming. Á það er líka að líta, að ég geri ráð fyrir, að sýslufélögin verði ekki til kvödd viðvíkjandi þessum bótum; þær verða ákveðnar að þeim fornspurðum, og vitanlega er það ekki lítil ástæða til að vægja þeim, og því hygg ég, að nóg sé að leggja á þau að greiða ¼ af þeim bótum, sem fram kunna að koma. Ég veit t. d. um Árnessýslu, að þar eru stórar veiðiár. Sumstaðar meðfram þeim eru jarðir, sem ríkið á. Í þeim tilfellum hittir ríkið sjálft sig fyrir. Ef það græðir á breytingunni, er eðlilegt, að það beri einnig kostnaðinn. — Ég ætla svo ekki að fara um þessar brtt. fleiri orðum. Fyrri ákvæðin eru aðallega orðabreyt. til lagasamræmingar og hið síðasta á að samþ. af því það er sanngjarnt.

Frsm. (Jón Pálmason): Eins og hv. þdm. hafa sjálfsagt tekið eftir, flytur landbn. tvær brtt. við þetta frv. á þskj. 793. Við 2. umr. hér í d. var samþ. að leyfa laxveiði frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Var það þannig fært aftur. Landbn. er því mótfallin og flytur nú brtt. um, að veiðin sé ekki heimil nema til 5. sept., og vænti ir n. þess, að hv. þd. geti fallizt á þessa brtt. Ég skal þó taka það fram, að einn nm., hv. þm. Hafnf., er mótfallinn þessari brtt.

Þá flytur n. aðra brtt., við 7. gr., viðbót við það ákvæði, að aldrei megi girða meira en ⅓ breiddar ár, leiru eða óss, og viðbótin er sú, að girðing megi aldrei ná yfir straumlínu. Um þessa brtt. þarf ég ekki að ræða fremur en hina. Landbn. er öll sammála um hana, og má vænta þess, að hún verði samþ.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum til hv. 11. landsk. út af brtt. hans á þskj. 791, er hann var að tala fyrir áðan. Ég tek það fram, að landbn. er andvíg þessum brtt. Það hefir gengið svo með þetta mál, að þessi hv. þd. hefir á tveim undanförnum þingum, á aukaþinginu 1933 og aðalþinginu 1934, samþ. frv., sem strandað hafa í hv. Ed., eftir því sem ég hefi komizt næst, fyrir það, að hv. Ed. hefir ekki viljað fallast á þær skaðabætur til einstakra manna, sem frv. þessi hafa falið í sér. Nú er það svo, að þó að ýmislegt megi segja því til réttlætingar, að þessi brtt. hv. 11. landsk. hafi við nokkuð að styðjast, þá er það nokkurnveginn víst, og gerir ennþá líklegra en ella, að þetta frv. nái ekki fram að ganga eða neinar skaðabótakröfur í þessu sambandi. — Viðvíkjandi 1. brtt. er það að segja, að mér virðist hver og einn ætti að geta látið sér nægja þær skaðabætur, sem þeim væru metnar. Það er náttúrlega ákaflega erfitt að sanna, hvort veiði hefir rýrnað vegna ákvæða l. eða af öðrum orsökum. Þessi brtt. er

því þannig, að ég sé enga ástæðu til þess, að hún verði samþ., og ég held, að enginn í landbn. mæli með því, að hún verði samþ. — Um 2. brtt. vil ég segja það, að það er ætlazt til, að hlutaðeigendur fái fullar skaðabætur. Það er náttúrlega svo til ætlazt í 11. gr. frv., að menn, sem á annað borð hafa rétt til skaðabóta, fái þær greiddar að fullu. — Þá er 3. brtt. c-liður, um að hlutfallið á milli greiðslna ríkissjóðs og sýslusjóðs raskist. Það má ýmislegt færa því til réttlætingar, að ríkissjóður borgi þetta, en n. hefir orðið sammála um, að þeir greiði þetta að helmingi hvor, og ég hygg, að það verði til þess eins að koma í veg fyrir, að skaðabótaskyldan verði samþ. Ég vil þess vegna, ef hv. þm. vill ekki taka þessa brtt. aftur, að hún verði felld.

Magnús Torfason: Því miður átti ég ekki kost á því að vera við 2. umr. þessa máls. Þótti mér það verra, því að þá hefði verið nægur tími til breyt. á þessu frv. og frekari athugunar, ef ég hefði getað komið með brtt. við þá umr. En við því verður ekki gert. Eins og menn vita, þá eru laxveiðil. afarmikill lagabálkur og margþættur og erfiður viðfangs. Þau mega heita alveg ný löggjöf, sem sett var hér á Alþ. í stað laga frá 1887, en þau voru svo afarófullkomin, að það var fæst af því í þeim fram tekið, sem þarf í slíkum l. Það var gerður afarmikill undirbúningur að þeim l. af ýmsum laxveiðieigendum og málið var þæft lengi hér á þingi og loks eftir mikla mæðu komst á samkomulag um það. Þetta var ekki nema eðlilegt, að það gengi illa að setja l. um þetta efni. Það voru mörg sker, sem þurfti að synda framhjá. Þó að þetta hafi komizt í kring, þá var það sérstaklega erfitt að búa til ein l. um veiði í öllum ám á landinu, af því að munurinn á aðstæðum er svo geysimikill. Það getur átt við á einum stað, sem jafnvel er fráleitt á öðrum. Þessi l. voru því vitanlega, eins og þau voru samþ., nokkurskonar sáttalög eða sáttaákvæði milli þeirra einstöku hagsmuna, sem þar rákust á. — Nú er frá því að segja, að einmitt þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. þessa frv., voru þau, sem erfiðast var að koma saman; og það var svo erfitt að koma þeim saman, að það varð að gefa yfirlýsingar um það úr ráðherrastóli, hvernig skilja ætti ýms ákvæði þessara l. Því er það með svona erfiðan lagabálk eins og hér er um að ræða, að það er engin von til, að hv. þm., hver um sig, geti sett sig inn í það, og að þeir verða að hafa laxal. við hendina og bera þau saman við þetta frv., og helzt að leita aðstoðar laxgengismanna um, hvað meint er með ákvæðum l., og jafnvel leita í þingtíðindunum um það, hvernig ætlazt er til, að þau verði skilin. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel alveg óvíst, að menn rámi í, hver tilgangurinn er með þesum l., þ. e. a. s. þeim kafla, sem settur er inn í þessari hv. d. Til þess að skýra þetta lítið eitt, þá ætla ég að segja dálítið frá forsögu þessa máls. Þessar brtt. eru upprunnar í Árnessýslu út af ágreiningi um veiði í Ölfusá, og þá er rétt að byrja á því að lýsa, hvernig þarna er umhorfs. Neðri hluti árinnar, þegar kemur upp fyrir Óseyri, er afarbreiður, svo að talið er, að frá Kaldaðarnesbökkum út að Hamrendum sé míla vegar, og mun það víst áreiðanlega vera langbreiðasta fljót á landinu. Á þessu svæði var sama sem engin veiði þangað til nú fyrir nokkrum árum, að einn framfaramann á Eyrarbakka langaði til að vita, hvort ekki væri hægt að ná þar einhverri veiði í Eyrarbakkalandi, og til þess að hann gæti það, fékk hann leigð veiðiréttindin hjá Eyrarbakkahreppi, en Óseyri tilheyrir þeim hreppi. Hann fékkst við þessa veiði í tvö ár, en hún gekk ekki það vel, að hún gæti borið sig, meðfram af því, að hann hafði ekki afl til að koma upp þeim veiðivélum, sem með þurfti. Því var það, að hann leigði manni héðan úr Reykjavík réttindin það sem eftir var leigutímans, en rennur út næsta ár. Þessi maður setti þar upp allmiklar veiðivélar og veiddi sæmilega. Ég býst við, að hans veiði hafi oftast nær komizt upp í það að vera nálægt meðalveiði, þó að hún væri jafnan fyrir neðan Selfossveiðina, en þar í kring eru, svo sem kunnugt er, beztu veiðijarðir árinnar. Á móti þessum veiðivélum var ekkert haft, og menn veiddu á annan hátt eins og áður, og virtist heldur batna en versna veiði í ánni. Svo ber svo við í fyrra, að það þverr talsvert veiðin í ánni, svo að menn fá jafnvel ekki nema helming af því, sem þeir áður fengu — miklu færra að tölu til, en laxinn nokkuð stærri að meðaltali. Í fyrra komst veiðin svo upp undir 400 laxa í þessum veiðivélum, og svo kemur annað veiðileysisár nú í sumar, og þá fást upp undir 500 laxar í þessar veiðivélar. Og nú þegar veiðiþurrð er í ánni þetta ár líka, fór að aukast kurr í mönnum, og vilja þeir kenna þessum veiðivélum um. Ég fæ aldrei skilið það, að þegar veiðin var ekki meiri en þetta, þá hafi það getað verið henni að kenna, enda ýmsar getgátur um það, að það lægju blátt áfram eðlilegar ástæður til þessa, m. a. stórflóði um kennt, sem hafi þvælt seiðin burtu, og svo annað flóð, sem kom í ána og fór upp í hús á Selfossi. Það bendir til þess, að svo virðist, sem nokkrir árgangar af laxi séu gengnir til þurrðar í ánni, einir 4—5 árgangar, sem ekki sjást í ánni. Nú er þetta frv. komið fram og því er ætlað að rýra veiðina þarna niðri við ána. Nú veit ég ekki, hvort það muni vera rétt að gera slíkar ráðstafanir, og sérstaklega þegar engin sannanleg ástæða væri til þess. Í því sambandi vil ég geta þess, að það er einmitt neðri hluti árinnar, sem er talsverð veiði í, og hið opinbera á talsvert þarna af veiðijörðum. Eyrarbakkahreppur á Óseyrarnes og Flóagafl, en ríkið á Arnarbælistorfuna, sem liggur þar að vestan og á mikið land þarna fram með ánni, svo að ég hélt, að það væri a. m. k. vel athugandi frá því sjónarmiði, hvort ætti að gera þetta. Eftir því, sem fróðir menn hafa sagt mér, er það tiltölulega lítið af laxi, sem fæst efst í ánni, en tilfellið er, að laxinn er ekki orðinn það góður, þegar hann er búinn að flækjast lengi í ánni, að hann sá útflutningshæfur. En einmitt þann lax, sem fæst í þessar veiðivélar, má senda til útflutnings, og það hefir verið gert; hann hefir verið sendur til Englands og nú síðast til Belgíu, og þótti ágæt útflutningsvara. Ég hefði því haldið, að það hefði verið rétt að láta þetta mál fá fulla athugun, en það

myndi það ekki fá eins og nú er í pottinn búið. — Það er aðeins ein umr. eftir um málið í Ed., en þessi ákvæði komu inn í það hér í d. Að því er brtt., sem fram hefir komið, snertir, þá vil ég líka geta þess, að hún ber ekki vott um sérstaklega mikla þekkingu á þessu máli. Ég á þar sérstaklega við síðustu brtt. á þskj. 793, sem segir, að aldrei megi leggja yfir straumlínu. Hvað þýðir nú þetta t. d. þarna á þessum stað? Það þýðir, að það verður aðeins einn höfuðáll vestan við Hraun, sem má leggja í. — Af öllu því, sem fram hefir komið í þessu máli, sést, að það er ekki vert að hrapa að því. Það er margt, sem ég hefi við þetta frv. að athuga, en ég mun ekki þreyta menn á að gera það, eins og liðið er á þingtímann, en þó verð ég að víkja nokkuð að 2. tölul. 11. gr., um bæturnar. Sú grein er líka upp runnin í Árnessýslu. Það eru aðstæður þar, sem hafa gefið tilefni til þessara ákvæða. Eftir því sem laxgengismenn hafa sagt, þá er annaðhvort að leggja niður næstbeztu lögnina hjá Selfossi eða beztu lögnina í Hellnalandi. Nú skilja menn, að það er erfitt hér við að eiga og mjög hart fyrir hlutaðeigendur að verða af veiðiréttindum, sem hafa fylgt þessum jörðum alla tíð, en þó hefði mátt koma í veg fyrir þetta með öðru móti, — með því bara blátt áfram að setja lög, sem heimiluðu atvmrh., eftir till. veiðimálastjóra, að gera undanþágu í þessu efni. Mér finnst vel til fallið að gera þarna undanþágu, vegna þess að áin er svo breið á þessum stað og straumhörð. En sú leið hefir ekki verið farin, heldur hefir verið skellt hér inn till. um það, að ríkissjóður og sýslusjóður eigi að bæta þetta að jöfnu. Ég skal fúslega játa, að þetta er ekki nema eðlilegt, en það er eitt, sem ég vil biðja menn að athuga í þessu sambandi, og það er, að hér geta verið skaðabætur á ferðinni, sem myndu nema tugum þúsunda, og það er víst, að það verður aldrei hægt að meta þetta. Ef gengið er út frá þessu sem reglu, að meta skaðann svo hátt, að menn séu vissir um, að enginn einstaklingur verði fyrir halla, þá getur þetta numið talsverðri fjárhæð. Ég tel það ekki neitt mikið, þótt veiðiréttindi væru metin t. d. allt að 2000 kr. árlega. En þegar á að fara að borga þann höfuðstól, sem til þess svarar, þá getur það orðið allálitleg upphæð.

En þó er annað, sem er ennþá verra í þessari till., og það er það, að sýslusjóðnum er gert að greiða þetta. Ég vil ekki halda því fram, að það sé neitt óeðlilegt, að hann greiði þarna eitthvað, en því vil ég halda fram, að á meðan sýslusjóðunum er ekki séð fyrir sæmilegum tekjum og hagur manna er yfirleitt svo, að þeir geta ekki staðið í skilum, þá sé ekki rétt að demba slíkri byrði á sýslusjóðina að óathuguðu máli. Ég verð að játa, að brtt. hv. 11. landsk. bætir þar nokkuð úr, en ég heyri, að n. er henni öndverð og vill ekki líta við henni. Því tel ég fyrir mitt leyti, að alls ekki sé gerlegt að fella slíka skyldu á sýslusjóðinn, og þess vegna mun ég ekki geta greitt þessu frv. atkv., hvað sem aðrir gera.

Ég hefi nú upplýst þetta mál frá minni hlið, og ég vil benda á það, að hér er um margar óp-inberar eignir að ræða og að allar horfur eru á, að ríkiseignum fjölgi þarna með ánni. Á það bendir fyllilega þessi nýja Síbería, sem hefir upp risið þarna í Flóanum.

Eiríkur Einarsson: Þegar minnzt var á brtt. mínar áðan, sá ég við nánari athugun, að við samræmingu skaðabóta handa þeim, sem einhvers missa vegna ákvæða frv., hafði mér sézt yfir ákvæði 8. gr. um að bæta þeim skaða, sem missa af lögn. Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um það, að sá, sem missir af lögn vegna ákvæða 8. gr., fái fullar bætur fyrir. Vil ég afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt., sem er til samræmis við fyrri brtt. mínar.

Annars vil ég segja það um andsvör hv. þm. A.-Húnv., sem varð fyrir svörum f. h. hv. landbn., að mér þótti hann þýsna ákveðinn á móti till. mínum. Hann skoraði á mig að taka þær aftur, ella yrði að fella þær. Mér fannst hann vera um of ákvörðunarfastur í þessu efni, samanborið við þau rök, sem hann færði fram á móti till., því þau voru sem sagt engin, önnur en þá þau, að frv. léki á þeim bláþræði, að hætta væri á, að það næði ekki fram að ganga í hv. Ed., ef brtt. væru samþ. Ég sé ekki betur en að brtt. mínar horfi til þess að bæta frv. og að hv. Ed. ætti því fremur að samþ. frv. sem það hefir verið meira fært til betri vegar. Ég skora á hv. frsm. landbn. að viðurkenna, að hv. n. hafi láðst að færa þessi atriði til viðunandi horfs, og ég vona, að hann játi, að það sé yfirsjón, og ekki fært án rökstuðnings að segja, að ekki megi breyta neinu í frv. frá því, sem það er, þegar það kemur frá hv. landbn. Ég býst við, að hann reynist þessu samþykkur, þegar ég sýni honum fram á, hver fjarstæða það er, að ekki sé ástæða til að ákveða skaðabætur fyrir veiðitap nema veiði missist með öllu, vegna þess að það sé svo erfitt að ákveða, hve mikill skaðinn sé, ef veiðin missist ekki að öllu, þótt viðkomandi verði fyrir stórtjóni. Hvað segir réttlætistilfinning hv. þm. A.-Húnv. um þetta? Ég hefi ekki heyrt meiri vitleysu sagða en að þetta sé réttlátt. Nú er gert ráð fyrir að fá sérfræðinga, sem hafa góða aðstöðu til að meta skaðann, og ég skora á hv. þm. A.-Húnv. að gera grein fyrir því, hvers vegna hann vill skjóta sér framhjá því að lagfæra slíkt handahófsákvæði. Svo er um orðið skaðabætur. Er meint með því fullar skaðabætur? Það hljóta menn að vita, að annaðhvort eiga hlutaðeigendur fullan skaðabótarétt samkv. 63. gr. stjskr. eða þeir eiga ekki kröfu á skaðabótum, — og því á þá ekki að standa þarna í lögum „fullar skaðabætur“? Í 53. gr. laxveiðilaganna er talað um fullar skaðabætur. Því á það þá ekki líka að vera orðað eins á öðrum stöðum í sömu lögum? Nei, ég legg til, að brtt. verði felldar, segir hv. þm. A.-Húnv., og þá líklega þessi líka. Væri það ekki nær að fara gætilega og semja ekki lög, sem brjóta í bága við grundvallaratriði stjskr. um eignarrétt? Ef hv. landbn. er einlæg í málinu og vill með till. sínum ákveða, að veiðimissir skuli bættur samkv. stjskr. vorri, svo sem annar eignamissir, hvers vegna vill hún þá ekki setja í lögin, að þar, sem nokkuð takist af veiðiréttinum, skuli

koma fullar bætur fyrir, heldur setja aðeins, að sá eigi kröfu til skaðabóta — ekki fullra skaðabóta —, sem missir veiði með öllu vegna ákvæða laganna? Ég geri ráð fyrir, ef t. d. einhver hv. þdm. ætti stóra jörð og missti nokkurn hluta hennar vegna ákvæða einhverra laga, sem sett væru, og eignarnám gerðist nauðsynlegt, að hann mundi þykjast eiga skaðabótarétt, þótt hann missti ekki alla eignina, og alveg það sama á við um mikil hlunnindi, og þótt ekki missist nema nokkur hluti af veiðiréttindum, þá er jafnsjálfsagt að bæta þann skaða, og bæta hann að fullu, eins og að bæta fyrir hluta af jörðum. Það er líka gert ráð fyrir endurmati á jörðum, þegar mikil skerðing verður á hlunnindum þeirra, og það er mjög eðlilegt, og ég hygg, að sumar jarðir geti rýrnað allverulega í verði, þótt ekki sé nema skertur veiðiréttur þeirra. Hv. frsm. nefndi ekki þá brtt. mína, að ráðh. „ákveði matsgerð", í stað þess, að í frv. stendur, að ráðh. „skipi matsmenn", en þessa brtt. á líklega að fella líka, til þess að halda frv. óbreyttu. — Um síðara atriðið í sömu brtt. minni skal ég ekki fjölyrða. Hv. 2. landsk. minntist á hana og tók í líkan streng og ég um hlutfallið á milli sýslusjóða og ríkissjóðs, og mælti með því, að sýslusjóðunum væri hlíft, enda á ríkissjóður víða stóreignir, og þar sem hann á þær jarðir, sem verða fyrir veiðimissi, þarf hann aðeins að greiða sjálfum sér skaðabæturnar. Mér heyrðist líka, að hv. þm. A.-Húnv. væri því hlynntur, að sýslusjóðunum væri hlíft, og ég vona, að allir hv. þdm. verði því hlynntir, þegar til atkv. kemur, og að þeir sjái sér fært að samþ. bæði þá og eins hinar aðrar brtt. minar. — Læt ég svo máli mínu lokið og bið hæstv. forseta að leita afbrigða um hina skrifl. brtt. mína.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 11. landsk. við 8. gr. frv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 839.].

Till. þessi þarf tvennskonar afbrigði, þar sem hún bæði er skrifl. og fram komin nú á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 769, 791, 793, 839, 869).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 869. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Við fyrri hl. þessarar umr. urðu þó nokkrar deilur um þetta mál í heild sinni og þær brtt., sem fram hafa komið við það, og höfðu þeir hv. 2. landsk. og hv. 11. landsk. farið nokkrum orðum um það. Hv. 2. landsk. virtist algerlega mótfallinn þessu frv., en hinn, hv. 11. landsk., virtist mjög hörundssár út af því, að ég f. h. landbn. talaði gegn brtt. hans og mælti með því, að þær væru felldar. — Ég sé nú ekki ástæðu til, úr því svo langt er um liðið, að fara út í ræður þessara hv. þm., en ég skal þó með örfáum orðum víkja að því, sem mér virtist aðallega vaka fyrir hv. 11. landsk. í sambandi við hans till. En úr því hv. 2. landsk. er ekki viðstaddur, sé ég ekki ástæðu til að fara neitt út í hans ræðu, þó að þar væru ýms atriði mjög athugunarverð. — Þessar till. hv. 11. landsk. gera í fyrsta lagi ráð fyrir því, að skaðabætur fyrir missi laxveiði séu ekki aðeins greiddar til þeirra, sem misst hafa hana að fullu, heldur og til þeirra, sem hún hefir rýrnað hjá vegna setningar þessara l., sem hér er farið fram á að gera breyt. á. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir því, út á hvað hálan ís væri farið, ef slík till. sem þessi væri samþ., því það má án efa lengi um það deila, þegar veiði hefir rýrnað á einhverri jörð, hvort það sé þessari lagasetningu að kenna eða ekki. Um það mundi verða endalaus þræta sitt á hvað, og við í landbn. höfum ekki viljað mæla með því, að út í það væri farið, heldur höfum við viljað láta það nægja að hafa skaðabótakröfu einungis fyrir þá, sem hafa tapað allri veiði sinni vegna þess að þeim er bönnuð sú veiðiaðferð, sem þeir áður máttu einni við koma.

Snertandi hitt atriðið hjá hv. 11. landsk., að skaðabætur greiðist að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði, í staðinn fyrir að þær greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði, er það að segja, að þessi lagasetning var vitanlega sett með það fyrir augum að tryggja veiðina, og þá kemur það eðlilega viðkomandi héraði og einstaklingum þess til góða, ef veiðin batnar fyrir það, að þessi l. hafa verið sett. Þess vegna lít ég svo á, þrátt fyrir það, að ég hafi sterka tilhneigingu til þess að gæta hagsmuna sýslusjóðanna, að það mætti vel við það una, að ríkissjóður greiddi í þessu tilfelli helming þeirra skaðabóta, sem hér er um að ræða. Út í þetta skal ég ekki fara frekar, nema sérstakt tilefni gefist til. — En snertandi þær brtt., sem hér eru fram lagðar upp á nýtt við þetta frv., þá skal ég lítið út í þær fara, enda hefir ekkert verið fyrir þeim mælt, en í fljótu bragði virðist mér þær vera þannig vaxnar, að það muni ekki verða mikill ágreiningur út af þeim.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, einkum vegna þess, að sá maður, sem hefði verið frekast ástæða til að minnast á í þessu sambandi, er ekki viðstaddur, og því ekki eins ríkt tilefni til þess að fara út í hans ræðu.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér ásamt hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. að bera fram brtt. við þetta frv., á þskj. 869. — Hvað viðvíkur brtt. landbn. á þskj. 793, seinni liðnum, þá held ég, að það gæti orðið óheppilegt upp á framkvæmd þessara l., ef sú brtt. yrði samþ., þar sem svo er að orði komizt, að aldrei megi girða yfir straumlínu. Ár falla svo mismunandi, að ef það ætti að skilja þetta bókstaflega, þá býst ég við, að sumstaðar yrði lítt mögulegt að stunda veiði. En í öllum ám er

einhver aðalstraumlína, og það er betur skilgreint þannig eins og við leggjum til í brtt. okkar, þremenningarnir.

Þá er önnur brtt., sem við leggjum til, að gerð verði á 7. gr. frv., sem er nokkuð öðruvísi heldur en ákvæði l. Heimildin til veiðiskapar er færð út eftir þessu ákvæði, þannig að l. segja, að ekki megi girða yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru, en samkv. frvgr. má girða yfir ⅓ hluta. En það er óheppilegt að breyta frá ákvæðum l. í þessu efni, og mér þótti vænt um að heyra, að hv. frsm. n. getur fallizt á þessa brtt. okkar, þannig að ákvæði l. fái að halda sér.

Þá er næsta brtt. okkar við 8. gr. frv., og lýtur hún að því, að ráðh. hafi heimild til þess að veita undanþágu og leyfa, ef sérstaklega stendur á, að ekki séu fullir 100 m. milli fastra veiðivéla. Þetta rekur sig á í framkvæmdinni. Það mun gera það í Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá eystra. Þar munar á sumum lögnum nokkuð frá ákvæðum l. Einkum eystra hagar svo til, að ef þessar lagnir eru lagðar niður, þá er ekki hægt að koma þeim fyrir annarsstaðar, svo það er ekki um annað að tala en algerða rýrnun á veiðinni frá því, sem áður var. Ég held þess vegna, að eins og um það er búið í okkar brtt., að ráðh. hafi heimild til þess að veita undanþágu frá þessu ákvæði, sé fyrir því séð, að ekki hljótist veiðispjöll af, umfram það, sem eðlilegt er. Slík undanþáguheimild sem þessi mundi líka draga nokkuð úr því, að mjög miklum fjárupphæðum þurfi að verja til skaðabóta. Og það getur haft sitt að segja upp á afgreiðslu málsins, því hv. Ed. hefir á undanförnum 2 þingum, að ég held, svæft þetta mál og sett einmitt þetta ákvæði um skaðabæturnar fyrir sig. En eins og ég segi, þá mun slík undanþáguheimild draga mikið úr því, að til þeirra þurfi að koma, nema þar, sem óumflýjanlegt er. Þetta álít ég mikils virði, af því að ég vona, að þar sem þetta kemur til framkvæmda, geti það ekki orðið laxveiðinni á neinn hátt til skemmdar, og svo er þetta líka að vissu leyti — þegar þær ástæður eru fyrir hendi, sem ég hefi greint, — sanngirnismál fyrir þá, sem hlut eiga að máli. — Ég vil þá vona, að þessi litlu atriði í brtt. okkar hafi komið það greinilega fram hjá mér, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þau.

Af fyrri brtt. í tölul. 2. leiðir svo aftur breyt. á upphafi 8. gr. frv. Það er eðlileg afleiðing, og þarf ég því ekki að fara frekar út í það. Og held ég þá, að ég þurfi ekki fleira um okkar brtt. að segja.

Ég vona, að hv. d. fallist ekki á brtt. landbn. um að breyta til um veiðitímann og færa hann fram frá 15. sept. til 5. sept. Hv. dm. samþ. brtt. frá mér um þetta efni við 2. umr., og ég vona, að þeir hafi ekki breytt um afstöðu til þessa atriðis síðan. Sá tími, sem ég tiltók, er einmitt sá gamli veiðitími, sem settur hefir verið af sýslunefndum. Þær sem sé ráða þessu og haga því hver hjá sér eftir því, sem fiskurinn hagar göngu sinni. Þetta styðst við margra áratuga reynslu, ef ekki aldarreynslu.

Þá vildi ég beina því til hv. 11. landsk., hvort hann geti ekki búizt við því, ef deildin fellst á brtt. hans og frv. kemur í því formi til hv. Ed., að hún geti ekki fallizt á það. Ég veit, að honum gengur gott eitt til með sínum brtt., en það er spursmál, hvort ekki er verr af stað farið heldur en heima setið, ef það skyldi verða til þess, að málið næði ekki fram að ganga. — Að endingu vil ég svo vænta þess, að umr. þurfi ekki að verða mjög langar úr þessu.

Eiríkur Einarsson: Ég skal, eftir því sem mér er unnt, verða við tilmælum hæstv. forseta og reyna að vera ekki langorður. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég hefi áður talað um, heldur aðeins svara að gefnu tilefni því, sem hv. frsm., þm. A.-Húnv., sagði nú enn á ný og tók í sama strenginn og hérna um daginn. — Mér þykir leitt, að hér skuli vera svo ástatt í dag, að sá maður úr landbn., sem lögfróður er, skuli ekki vera viðstaddur. Ég hefði sérstaka löngun til þess að beina orðum mínum til hans, því hann er svo sanngjarn og ber það skyn á þau mál, sem koma til greina í mínum brtt., að hann gæti ekki að athuguðu máli annað en fallizt á þær.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að farið væri út á hálan ís með því að ganga lengra heldur en frvgr. gerir viðvíkjandi skaðabótunum. En ég endurtek það, sem ég sagði um daginn, hvílík vitleysa það er að halda því fram, að sá maður, sem fyrir skaða verður í þessu efni, skuli ekki eiga skaðabótarétt án tillits til þess, hvort það er öll veiðin, sem hann missir, eða partur af henni. Við skulum t. d. segja, að það sé veiðieigandi, sem missi veiði sína með öllu, og það kæmi fram við mat, að þessi réttur hans væri ekki talinn meira en 1000 kr. virði. Þá ætti þessi maður samkv. frv. að fá fullar réttarbætur. En svo er annar maður, sem við skulum segja, að sé eigandi að veiði, sem er 9000 kr. virði. Nú skerðist þessi veiði og þeir vísu matsmenn komast að þeirri niðurstöðu, að eigandinn hafi misst hana að hálfu, en samkv. frv. fær þessi maður engar bætur, af því að hann hefir ekki misst alla veiðina. Þarna hefir annar maðurinn orðið fyrir skaða á eignargæðum sínum, sem nemur 4500 kr., en fær engar bætur; hinn maðurinn fyrir 1000 kr. skaða og fær fullar bætur. Sér ekki hv. þm., hvað hann er staddur á hálum ís, og þó hann sé kannske ágætur skautahlaupamaður, þá stendur hann ekki á þessu svelli, því það er svo hált og hrufótt. — Við skulum segja sem svo, að hv. d. sýnist svo að fella þessar brtt. mínar og gangi inn á það annarsvegar, að menn skuli ekki eiga skaðabótakröfu, nema fyrir algerðan missi á eignagæðum sínum, og hinsvegar það, að ekki skuli koma fullar bætur fyrir. En það væri nærri því broslegt, því vitanlega á að miða við fullar bætur, enda skein það í gegn hjá hv. þm. A.-Húnv., að það væri í raun og veru átt við það, að bætur skyldu vera fullar. Og því má þá ekki orða það svo í þessari lagagr.?

Hæstv. forseti sagði, að ef brtt. mínar væru samþ. hér, þá væri hætt við því, að það yrði málinu að falli, þegar til Ed. kæmi. En ég ætla, að hv. þm. Ed. beri það skyn á þetta mál, að það verði því miklu fremur að falli, ef það er samþ. hér með ákvæðum, sem beinlínis brjóta

í bág við ákvæði stjskr. sjálfrar um helgi eignarréttarins. Svo ef það ætti að ganga fram í Ed., þá er nauðsynlegt að fá þessar brtt. samþ., en ekki felldar.

Þá skal ég aðeins minnast á síðustu brtt. mína á þskj. 791, sem er um það, í hvaða hlutföllum ríkissjóður og sýslusjóðir skuli greiða þessar skaðabætur. Það getur vitanlega verið álitamál og er ekkert um það að segja, þó hv. þm. A.-Húnv. geti ekki fallizt á þá till. mína. Ég álít, eins og ég tók fram um daginn, að með tilliti til fátæktar sýslufélaganna og þess, að lagasetningin er komin án þess að þau hafi verið til spurð, þá mæli öll sanngirni með þessari brtt. minni, og vænti ég því, að hv. dm. geti séð sér fært að samþ. hana.

Páll Zóphóníasson: Ég kann ekki við að leggjast á náinn, og þess vegna skal ég ekki segja neitt við hv. 11. landsk., annað en það, að ég mun ekki greiða atkv. með hans till.

Tilefnið til þess, að ég stóð upp, voru orð hv. 1. þm. Árn. viðvíkjandi brtt. þeirra þremenninganna á þskj. 869. Ég get að vísu fylgt þeim till. og mun greiða þeim atkv. mitt. En hv. þm. lét þau orð falla, að það gæti orðið óheppilegt upp á framkvæmd l. að samþ. þá brtt. landbn., þar sem svo væri að orði komizt, að aldrei mætti girða yfir straumlínu ár, og vildi halda því fram, að betri skilgreining væri að nota orðið aðalstraumlína. Þessu vil ég mótmæla. Í laxalögunum, sem samin eru af þessum hv. þm., er aðeins ein útskýring til á straumlínu, en það er engin útskýring til á aðalstraumlínu. Þess vegna orkar þetta ekki tvímælis. Það er ekki til nema ein straumlína, — aðalstraumlína er ekki til. — En sem sagt, þetta skiptir svo litlu máli, að ég mun greiða þessum brtt. atkv. mitt.

Frsm. (Jón Pálmason): Síðasti ræðumaður hefir tekið af mér ómakið að því er snertir þetta atriði með straumlínuna. Það er í sjálfu sér engin bót að þessari brtt. frá því, sem er í frv. sjálfu. Hvað snertir hina brtt., sem segir, að ekki megi girða nema ¼ út í laxárós eða leiru, þá verð ég að segja, að ég tel ófært að hafa það eins og landbn. gekk frá því. Annars verð ég að geta þess í þessu sambandi, að það komu ljóst fram hjá hv. 2. landsk., sem talaði hér við fyrri hluta þessarar umr., upplýsingar, sem gáfu það til kynna, að í því héraði, sem báðir þessir menn eru úr, hafa þessi l. verið þverbrotin, og það er af þeim orsökum frekar en öðrum, að veiðin hefir rýrnað eins og raun ber vitni um. — Um 2. brtt., við 8. gr., er það að segja, að ég tel það ekki svo mikilsvert atriði, að ég geti ekki fallizt á það.

Þá verð ég að svara hv. 11. landsk. nokkru. Hann hefir talað af undarlega miklum æsingi hæði í þetta skipti og um daginn, og margt af því, sem hann sagði, var blátt áfram helber vitleysa. Ég álít það t. d. fjarstæðu, ef það ætti að fara að ganga inn á þá braut, að borga öllum þeim skaðabætur, sem verða fyrir óhagnaði af l. þessum. Við göngum að sjálfsögðu eins langt í þessu efni og sanngjarnt er, en að fara að setja skaðabótaákvæði fyrir alla þá, sem neðar búa við árnar, nær ekki nokkurri átt. Slíkt myndi leiða til svo mikils málaþras og umstangs, að það myndi verða óendanlegt. (EE: Þessi málafærsla dæmir sig sjálf. Ég á við, að menn fái sinn rétt). Og að hér sé aðeins um orðalagfæringu að ræða, eins og hv. þm. vill vera láta, nær ekki nokkurri átt. Menn skilja vel, sem þekkja til þessara mála, að afstaða n. er sjálfsögð og að það sé eðlilegt að fara ekki lengra á þessu sviði en framkvæmanlegt er. En það verður illa framkvæmanlegt að gera þarna nokkra eðlilega lagfæringu. Hvað því viðvíkur, að þetta sé brot á stjskr., eins og hv. þm. vék að, get ég sagt það, að þá held ég, að stjskr. sé víða brotin, ef tekin væri sú afstaða, að ef öll ný l., sem brytu þann rétt, sem menn áður hafa haft, þá væri skylt að borga það, ella væri það brot á stjskr. Út í þetta sé ég ekki ástæðu til að fara lengra, en það mun koma fram við atkvgr., hvort mönnum finnst ekki sú krafa eðlileg, sem hér er farið fram á.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Það er ósköp smávægilegt atriði, sem eiginlega skiptir ekki neinu máli. Það hefir komið fram ofurlítill misskilningur hjá hv. 2. þm. N.-M. út af orðinu „straumlína“. Þetta orð er sett sem nafn í orðaskýringum, og skýrt þannig, að það sé strengur eða lína eftir endilöngu straumvatni, þar sem straumurinn er mestur. Síðar í þessum l. er skilgreining á því, hvað sé aðalstraumlína, það er þar, sem dýpið er mest. Þetta ákvæði var sett til að koma í veg fyrir, að nokkurntíma verði girt yfir aðalstraumlínu, því að slíkt er hættulegt fiskigöngum, og því hefir nú verið bjargað. Mér þykir vænt um, að landbn. hefir fallizt á þessar till. Það er aðalatriði, en ekki þetta, sem mönnum ber nú á milli. Ég vona, að mönnum sé það ljóst, að það er ekki alveg sama, þótt straumlína sé, hvaða straumlína það er; það getur verið sama, ef áin fellur í einum ál. En ef áin fellur í mörgum álum, þá eru straumlínurnar margar, en einhversstaðar er aðalstraumlínan.

Ég vil aðeins út af ummælum hv. þm. A.-Húnv., þegar hann var að svara hv. 11. landsk., votta, að það er alveg hárrétt, sem hv. þm. hélt þar fram. Þegar löggjöf er sett, sem að einhverju leyti kann að skerða hagsmuni manna frá því, sem áður var, aðeins ef það er gert með hagsmuni almennings fyrir augum, þá ber mönnum ekki bætur fyrir slíkt. Og hér er um það að ræða. Ég vil benda hv. 11. landsk. á, að þessi lagfæring er nauðsynleg, og er illa farið, ef hún verður til þess að fella frv.

Eiríkur Einarsson: Ég vil bara slá því föstu, og vekja eftirtekt á því, að hv. þm. A.-Húnv. svaraði því í rauninni engu, sem ég lagði aðaláherzluna á, ákvæðin í 11. gr. frv., og mótmælti, að þeim beri aðeins bætur, sem hafa orðið fyrir skaða eða misst eign sína með öllu, en útiloka þá, sem hafa misst að nokkru leyti eign sína, og dæminu, sem ég tók til skýringar, vék hann alls ekki að. Ég skil alveg, hvers vegna — því að það er hentugast fyrir hann að gera það ekki. Það, sem hæði hv. þm. A.-Húnv. og hæstv. for-

seti tóku fram og átti víst að ganga í augu dm., var það, að þegar hagsmunir almennings og einstaklinga rækjust á, þá ættu einstaklingshagsmunirnir að víkja. Í 11. gr. segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta". Eftir ákvæðum þessarar gr. frv. getur sá misst meira, sem rýrnar hjá, heldur en sá, sem missir réttinn með öllu. Í 63. gr. stjskr. segir, að ekki megi taka af mönnum eign, nema almenningsþörf krefjist þess, og þá eigi að bæta mönnum það fullkomlega. Ég veit ekki, hvernig þeir, sem hér eru til andmæla, vilja skýra þetta ákvæði öðruvísi en svo, að laxveiðirétturinn heyri fullkomlega undir ákvæði stjskr. um eignarnám, er um ákveðna, verulega skerðingu þessara eignargæða er að ræða. Þetta vil ég endurtaka, því að það er meginatriði, þeim til athugunar, er móti mæla.

Páll Zóphóníasson: Hv. 1. þm. Árn. vék að því, að ég hefði misskilið orðið „straumlína". Hann sagði það að vísu, sem ég sagði, að ekki væri til í laxveiðil. nema ein straumlína. Raunar talaði hann um aðalstraumlínu, en það hugtak er hvergi útskýrt í l., og straumlína er samkv. l. aðalstraumlína. (**Rödd:** Það er sami munur eins og er á aðalforseta og varaforseta). Þegar áin er jafndjúp landanna á milli, þá er straumlínan í miðri ánni, en sé hún misdjúp, þá verður straumlínan þar, sem dýpið er mest. Þetta var það, sem ég vildi að kæmi greinilega fram, og held ég svo, að ég hafi ekki meira um þetta mál að segja að sinni.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég skal ekki verða langorður. En það var um þessa deilu um straumlínuna, sem ég vildi segja nokkur orð. Það hefir gengið svo um þessi l., að orðið straumlína hefir verið ásteytingarsteinn víðsvegar um land, og mun verða svo framvegis. Þess vegna vildum við hv. þm. Mýr. nema þetta orð úr lögunum.

Það var eitt atriði, sem ekki kom fram í ræðu hæstv. forseta, en er talsvert mikilsvert atriði, sem sé um deilingu veiðitímans. N. þykir nokkuð langt gengið að færa veiðitímann fram til 15. sept., og vill þess vegna gera þá miðlunartill., að hann verði til 5. sept. Það virðist hættulegast að láta veiðina ganga langt fram á haustið, enda fiskurinn þá verðminni en ella.

Þá verð ég enn að segja nokkur orð til að svara hv. 11. landsk. Hann er ákaflega espur, enda sýna allar hans ræður, að hann skilur ekki það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða. Í gr. þeirri, sem ræðir um skaðabæturnar í þessum l., er ákveðið, að þeir einir skuli fá skaðabætur, sem missa eða misst hafa veiðina að öllu vegna hinna vondu veiðiaðferða, sem þeir máttu áður nota. Í hinu tilfellinu, og það er almennast, hafa l. þau áhrif, að veiðin sé takmörkuð þannig, að menn megi leggja styttra út í vötn og ósa en áður, og að friðunartíminn verður að vera lengri en áður. Í öllum þessum tilfellum er það svo, að veiðin rýrnar mikið hjá þeim mönnum, sem neðar búa við árnar. Ég þekki þetta vel, því að ég er einn af þeim mönnum, sem verð fyrir persónulegu tjóni af l., og ef ég ætti að fara að mæla fyrir mínum eigin hag, þá myndi ég fylgja till. hv. 11. landsk., en ég sé, að það er ómögulegt að framkvæma þær. Ef sýslusjóðir ættu að fara að greiða skaðabætur öllum þeim mönnum, sem veiði væri takmörkuð hjá, þá myndi, eins og ég hefi áður sagt, verða út úr því óendanlegt málaþras. — Ég vænti, að þetta nægi til þess, að hv. flm. þessara till. skilji, hvað hér er um að ræða. Það ætti hverjum þeim, sem nokkur kynni hefir af veiði, að vera augljóst mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Nd., 18. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 791,1 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónP, MT, PZ, PO, SK, BÁ, GÞ, GÍ.

nei: JG, ÓTh, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, BB, EE, EystJ, FJ, GG, GSv, HV, JakM, JörB.

EmJ, HannJ greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (JÓl, JS, ÁÁ, BJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 869,1 samþ. með 20:1 atkv.

— 793,2 tekin aftur.

— 869,2.a—b samþ. með 19:1 atkv.

— 839 felld með 16:10 atkv.

— 791,a—b felld með 16:9 atkv.

— 791,c felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, ÓTh, PHalld, PO, TT, EE, FJ, GÞ, GSv, HannJ, JakM.

nei: JS, JG, PZ, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, JónP, JörB.

GÍ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (ÁÁ, HV, JJós, JÓl, PÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EE, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GÍ, JakM, JónP, JS, JG, ÓTh, PZ, SigfJ, SK, JörB.

nei: GSv, MT, PO.

FJ, HannJ, SE, StJSt greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÁÁ, HV, JJós, JÓl, PÞ, PHalld) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 894).

Á 100. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti (EÁrna): Ég hefi fengið tilmæli frá hv. landbn. um það, að þetta mál verði tekið af dagskrá, og geri ég það hér með.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

72. Eyðing svartbaks.

Á 47. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um eyðing svartbaks (veiðibjöllu) (þmfrv., A. 396).

Á 49. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er fram komið vegna kvartana, sem hafa verið gerðar af eigendum og umráðamönnum varplanda yfir því tjóni, sem svartbakurinn hefir gert á varplöndum þeirra. Svartbakurinn hefir verið svo aðgangsharður, að nú lítur helzt út fyrir, að æðarfuglinn sé nær að eyðast, eða a. m. k. farið að fækka mjög. Hefir fyrir löngu borið á þessu og ágerzt ár frá ári, svo að nú má heita, að vargur þessi gleypi hvern unga, sem úr eggi kemur, jafnóðum og hann kemst til sjávar. Lætur hann sér ekki nægja með þetta, heldur er nú farið að bera á því, að hann ásæki fullorðna æðarfuglinn líka. Svartbakurinn hefir þá aðferð, að hann heggur ofan í bakið á æðarfuglinum þangað til æðarfuglinn er neyddur til að fara í kaf, en þá syndir svartbakurinn yfir honum, og ræðst á hann í hvert skipti sem hann leitar yfirborðsins, þangað til fuglinn er orðinn örþreyttur og verður að koma upp, og þá drepur svartbakurinn hann.

Sumstaðar hafa áður fyrri verið gerðar varnarráðstafanir gegn þessum ófögnuði. T. d. stofnuðu Breiðfirðingar „vargafélag", þar sem á varpeigendur var lagður árlegur skattur, nokkurskonar dúnskattur, sem varið var til verðlauna fyrir að drepa varg þennan. Hafa því skotmenn fengið nokkrar tekjur af þessari veiði. En nú er viðhorfið annað, því að nú er ekki jafnmikið af skotmönnum og áður var, og því hefir verið í frv. þessu, er hér liggur fyrir, farið inn á aðra leið en áður, sem sé að eitra fyrir varginn. Ég játa, að það getur verið kvalafullur dauðdagi fyrir fuglinn, en þó ekkert hjá því, þegar skotið er á fugla með haglabyssu og þeir særðir meira eða minna, en ekki bráðdrepnir. Maður rekur sig oft á fugla, sem fyrir slíku hafa orðið, með brotinn fót og lamaðan væng buslandi í fjörumálinu. En aftur á móti tekur eitrunin af á skömmum tíma, a. m. k. oftast nær. Ég veit, að fleiri fuglar munu líka verða fyrir eitruninni, en það eru vargfuglar, sem einnig mætti eyða, t. d. bæði grámáfar og hrafnar.

Það er eitt í frv., sem þyrfti að taka fram, en er ekki tekið fram, til þess að allrar varúðar sé gætt. Það er, að auglýsa skuli á einhverjum stað í hreppnum jafnskjótt og eitrað er, svo að menn geti varað sig á því og gætt þess, að hundar fari ekki á þær slóðir, sem eitrað er, og eins að hirða ekki þá fugla, sem finnast dauðir eða dauðvona. Vona ég, að nefnd sú, er þetta mál fær til meðferðar, taki þetta atriði til athugunar.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., er það ekki eingöngu vegna æðarvarpa, sem nauðsynlegt er að eyða þessum vargi, heldur er einnig hætta á, eftir því sem honum fjölgar, að hann leggist á unglömb. Einnig eyðir hann mjög fiski í ferskum vötnum, bæði silungi og laxi. Það eru því tveir atvinnuvegir, sem þarf að vernda gegn vargi þessum, annarsvegar dúnframleiðslan og að hinu leytinu lax- og silungsveiðin. Um hvorartveggja þessar afurðir er það að segja, að engum takmörkum er bundið um sölu á þeim, og því ekki ástæða til annars en að hlúa sem bezt að framleiðslu þessarar vöru.

Til dæmis um það, hve erfitt er að eyða þessum vargfuglum með skoti, má geta þess, að þeir eru það hyggnir, að þegar búið er að skjóta á þá einusinni án þess að þeir séu drepnir, sjá þeir, eftir því sem ýmsar skyttur segja, hvort maður gengur um með byssu eða ekki, og gefa ekki færi, sé maðurinn með byssu.

Tel ég mig svo ekki þurfa að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil óska eftir því, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 447).

Frsm. (Þorsteinn Briem) [óyfirl.]: N. er sammála hv. flm. frv. um það, að nauðsyn sé á löggjöf í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir, með því að svartbakur hefir, einkum á seinni árum, reynzt engu minni skaðsemdarskepna á ýmsum stöðum landsins heldur en tófan, sem bítur bóndans fé. Má heita, að æðarvarpið, sem er einhver beztu gæði jarðanna, sé að mestu leyti eyðilagt á mörgum jörðum af völdum svartbaks. Má einkum tilfæra mörg dæmi þess kringum Breiðafjörð. En þótt n. sé því mjög fylgjandi, að sett verði löggjöf um þessi efni og reynt verði að útrýma þessari skaðsemdarskepnu, þá hefir n. gert nokkrar breyt. á frv., og eru höfuðbreyt. aðallega tvær. Sú fyrri er viðvíkjandi þeirri drápsaðferð, sem gert er ráð fyrir í frv. og er, sem kunnugt er, eitrun. N. hefir ekki getað fallizt á, að þeirri aðferð væri einhliða beitt, og flytur hún brtt. í þá átt, að ekki sé leyfilegt að eitra fyrir þessa fugla í landi einstakra manna, nema samþykktir um það séu gerðar af viðkomandi sýslunefnd, og að í samþykktir þessar séu settar nauðsynlegar varúðarreglur gegn tjóni eða slysum af eitruninni. Þetta er önnur aðalbreyt., og svo leiðir aðrar smærri breyt. af henni. Aðrar breyt. á frv. eru sem sagt annaðhvort bein afleiðing af þessum tveim aðalbreyt., sem ég nefndi áðan, eða smábreyt., sem n. þótti betur fara á að gera á frv. Við 1. gr. frv. hefir n. gert þá breyt., að í stað þess, sem þar stendur, að eitrun sé heimil í landi annars manns, ef honum er tilkynnt það áður en eitrun fer fram, komi, að þetta sé því aðeins leyfilegt, að þar að lútandi samþykktir hafi verið gerðar, sem heimili þetta, enda verði settar varúðarreglur til varnar gegn tjóni. Við 2. gr. frv. eru gerðar tvær breyt. Önnur er sú, að samþykktir þær, sem gert er ráð fyrir, skuli verða staðfestar af atvmrh. Þetta þykir n. betur fara,

vegna þess sérstaklega, að það getur verið nauðsynlegt, að sett séu nánari ákvæði til varnar því, að slys geti orsakazt af eitrun. En krafa um staðfestingu ráðh. hefir eðlilega það í för með sér, að þetta tekur nokkuð lengri tíma. Þess vegna hefir n. þótt ástæða til að stytta þann frest, sem sýslunefnd er ætlaður til þess að gera samþykkt úr garði, um ½, og þá er ætlazt til, að samþykktin geti orðið fullbúin til löggildingar ekki síðar fyrir það, þótt staðfestingar ráðh. sé krafizt.

Þá hefir n. lagt til, að bætt yrði inn í frv. tveimur greinum, 3. og 4. gr. Till. um 3. gr. er aðeins um fyrirkomulag og þarf því ekki að fara fleiri orðum um hana. En till. um 4. gr. fjallar um það, að ef ákveðið er að eyða svartbak með skotum, þá greiði ríkissjóður, sýslusjóður og sveitarsjóður kostnaðinn, að þriðjungi hver. Þetta er þó þeim takmörkunum bundið, að ríkissjóður er ekki skyldur til þess að greiða meira en 10 aura fyrir hvern skotinn svartbak. N. ætlast til, að nánari ákvæði séu samin um það, hvaða sönnunargögn skotmaður verður að færa fram fyrir því, að hann hafi eytt svartbaki með skoti.

Við núv. 3. gr. frv. hefir n. gert lítilsháttar breyt. Aðalbreyt. er sú, að eiturlyf skuli valin með ráði landlæknis, og er sú breyt. gerð með það fyrir augum sérstaklega, að landlækni gefist kostur á að gæta þess hvorstveggja, að þau eitrunarlyf séu valin, sem ekki eru mjög skaðleg mönnum og dýrum, og að þau eiturefni séu valin, sem minnstar kvalir hafa í för með sér fyrir varginn.

Þá eru nokkrar brtt. um smærri atriði, eins og ákvæði um það, hvernig kaup eitrunarmanna skuli verða, en það ákvæði vantar í frv. sjálft. Einnig er brtt. um það, að oddvitum sé skylt að auglýsa með nægum fyrirvara hvar og hvenær eitrun eigi fram að fara. Ég hygg, að öllum sé ljóst, hvers vegna nauðsynlegt er að setja ákvæði um það. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég get verið hv. allsh. þakklátur fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Sumar af brtt. þeim, sem gerðar hafa verið, tel ég til bóta; sumar þeirra virðast einungis hafa verið gerðar til þess að frv. yrði áferðarfegurra í augum andstæðinga þess, og hafa þær því ekki efnislega þýðingu. Svo getur verið um einstakar till. að ræða, sem nokkur vafi getur leikið á um, hvort muni stefna til bóta eða ekki. Tel ég þær þó ekki til stórskemmda.

Hv. frsm. n. gat þess, að í frv. væri gert ráð fyrir því, að eitrun yrði notuð **einhliða** sem útrýmingaraðferð. Þetta er ekki rétt, því að í 1. gr. er heimilað, að varginum sé útrýmt með skotum eða hverri annari veiðiaðferð. Ég vil taka það fram, að það var ekki ætlun mín, að eitrun yrði beitt nema þar, sem óhjákvæmilegt er að gera það til þess að eyða varginum. Ég geri ekki ráð fyrir, að ríkissjóði verði íþyngt um of með þessum lögum, þótt frv. geri ráð fyrir, að notuð verði eiturlyf, sem lyfjaverzlun ríkisins lætur af hendi með innkaupsverði. Í brtt. er talað um kostnaðarverð. Það er heldur til þess verra, því að þar er flutningskostnaður a. m. k. innifalinn. Það er aðallega þessi breyt., sem mér virðist heldur óhagstæð fyrir þá, sem eyða fuglinum með eitri. Hvað verðlaunin til skotmanna viðvíkur, verður varla um háa upphæð að ræða, því að gert er ráð fyrir 10 aura hámarksupphæð úr ríkissjóði fyrir hvern skotinn svartbak. Það getur verið álitamál, hvort hreppstjóri eða hreppsnefnd eigi að benda á eitrunarmenn eða skyttur. Mér finnst að mörgu leyti rétt, að hér sé farin lögregluleiðin í þessu máli, en svo ber og að líta á hitt, að ef sveitarsjóður greiðir að nokkru leyti kaup og verðlaun skyttna, þá er ekki ósanngjarnt, að hreppsnefndarmenn fái að hafa íhlutunarrétt til þess að benda á mennina. Sú brtt. við 4. gr. frv., að orðin „í sínum löndum eða annara" falli burt, virðist ekki fela í sér efnisbreyt. Mér skilst, að þessi breyt. sé gerð til þess að gera frv. áferðarfegurra, en ég hygg, að frv. haldi meiningu sinni fyrir því, svo að ég get fellt mig við þessa breytingu.

Frsm. (Þorsteinn Briem): Ég þarf lítlu við að bæta það, sem ég sagði áðan. Það má vera, að það hafi verið ofmælt hjá mér, að frv. gerði ráð fyrir eitrunarlyfjum eingöngu. En samt virðist liggja nærri að komast svo að orði, með því að eitrunaraðferðin er eina aðferðin, sem átti að fá opinberan styrk. Viðvíkjandi því, sem hv. flm. sagði um það, að önnur meining væri í kostnaðarverði en í innkaupsverði, vil ég taka það fram, að það vakti ekki fyrir n., heldur lagði hún þann skilning í innkaupsverð, að það væri kostnaðurinn við vöruna hingað komna, að meðtöldum flutningskostnaði og öðrum gjöldum. Annan skilning lagði n. ekki í kostnaðarverð og innkaupsverð. Þetta er því engin efnisbreyt. Ástæðan fyrir því, að n. breytti því, að eitrunarmenn væru skipaðir af hreppstjórum, en lagði til, að þeir skyldu ráðnir eftir tilnefningu hreppsnefndar, var sú, að það þótti vera í samræmi við það, að sveitarsjóður leggur að nokkru leyti fram fé til útrýmingarinnar. Annað vakti ekki fyrir n. Um orðabreyt. á 4. gr. skal ég ekki fjölyrða.

ATKVGR.

Brtt. 447,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 447,2.a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 447,2.c.a (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 447,2.c.b (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 447,3.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 447,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 447,3.c samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 447,4.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 447,4.b samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

5.—8. gr. (verða 7.—10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 463).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 463).
Á 68. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Einarsson: Um leið og mál þetta kemur hér inn í hv. d. vil ég láta þess getið, að mér er um það kunnugt, að framgangur þessa máls er mikið áhugaefni margra bænda í Breiðafjarðareyjum. Þegar mér varð það kunnugt, að þetta frv. var í undirbúningi, þá fór ég þess á leit við hreppstjórann í Flateyjarhreppi, að hann kynnti sér, hverja nauðsyn sveitungar hans teldu slíkra aðgerða, sem hér er miðað að. Síðan hefir hann ritað mér bréf og segir þar, að 19. okt. hafi verið haldinn almennur fundur í Flatey, til þess að ræða um útrýmingu svartbaks. Á þessum fundi samþ. bændur í Flateyjarhreppi mjög eindregna áskorun um, að frv. í svipaða átt eða að mestu shlj. frv. því, sem hv. þm. Dal. flytur hér, næði fram að ganga á Alþ. Í forsendum fyrir sinni samþ. segja þeir, að svartbakurinn sé orðinn svo mikill vargur þarna í varplöndum manna, að til útrýmingar horfi á æðarfugli um norðan- og vestanverðan Breiðafjörð.

Þó að segja megi margt um þá aðferð að eitra fyrir fugla, þá er á hinn bóginn, í stuttu máli sagt, það vitanlegt, að bændur í Breiðafjarðareyjum, sem eiga afkomu sína að mjög verulegu leyti byggða á því, að æðarvarpið gangi ekki úr sér, telja brýna nauðsyn til þess bera, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar til þess að vernda varpið.

Ég átti nýlega tal við bónda úr eyjunum. Telur hann, að æðarvarpið þar hafi af völdum svartbaksins minnkað um allt að þriðjungi á tiltölulega fáum árum. Mér er það og sjálfum persónulega kunnugt, að í þessa átt hefir stefnt, bæði í Flatey og öðrum eyjum á Breiðafirði, seinni árin. Ég verð því að mæla eindregið með því, að þetta frv. fái fram að ganga hér í hv. d., ekki sízt þar sem hv. Ed. hefir heldur hraðað afgreiðslu málsins og greitt fyrir því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

73. Skotvopn, skotfæri o. fl.

Á 54. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau (þmfrv., A. 427).

Á 56. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá. N. hefir ekki getað afgr. málið ennþá, en í fyrramálið heldur hún fund, og væri þá hægt að ganga frá frv. af n. hálfu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 427, 525).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Á milli umr. um þetta mál hefir allshn. athugað frv. og hefir orðið sammála um að leggja til, að gerðar verði á því lítilsháttar breyt. Brtt. n. eru á þskj. 525, og eru tvær af þeim aðeins orðabreyt., að í staðinn fyrir „eldvopn“ komi „sprengjur“ á tveim stöðum í frv. N. taldi þetta orð betur viðeigandi.

2. brtt. er efnisbreyt. N. áleit, að þar sem þessi l. eiga að vera aðeins rammi utan um reglugerð, sem gert er ráð fyrir, að sett verði um þessi efni, þá væri fullstrangt að orði kveðið í upphafi 2. gr. frv., þar sem ákveðið er, að þeim einum skuli veitt heimild til að hafa vopn í vörzlum sínum, sem sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Leggur n. til, að gr. þessi orðist svo, að það skuli vera höfuðregla, að þeim einum sé veitt heimild o. s. frv. Þar sem þessum l. er ætlað að verða aðeins rammi utan um reglugerð, þá virðist n. þetta vera nægilegt. En svo koma þá í reglugerð nánari ákvæði um frávikning frá þessari reglu, ef hún verður veitt.

Loks vil ég geta þess, að tveir nm. létu í ljós, að þeir mundu geta fallizt á frekari breyt. á frv. heldur en þær, sem till. er um í brtt. 525. En enn sem komið er hafa ekki komið fram aðrar brtt. við frv. en þær, sem eru á þskj. 525. Og það er till. n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem þar er till. um.

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér virðist í frv. þessu, sem hér er til umr., ekki vera gerð rækilega grein fyrir því, hvað þar er eiginlega meint með orðinu vopn. En ég geri ráð fyrir, þó að í

daglegu tali séu t. d. haglabyssur, sem notaðar eru til rjúpnaveiða, ekki kallaðar vopn, þá muni þær heyra hér undir. Og í 2. gr. frv. er ákveðið, að því aðeins skuli heimild veitt mönnum til þess að mega hafa vopn í vörzlum sínum, að skilríki séu sýnd fyrir því, að slíkt sé nauðsynlegt vegna atvinnu manna.

Mér þykir þetta of mjög takmarkað. Það hefir tíðkazt, bæði áður fyrr og nú, að menn hafa farið út í lönd sín og skotið nokkrar rjúpur sér til gagns, þó að það hafi verið langt frá að vera beinlínis atvinna þeirra. Þess vegna virðist mér þurfa að hafa þetta atriði rýmra, þannig að inn í þessa 2. gr. á eftir orðunum „að þeim sé það", komi: „gagnlegt, eða". Mönnum getur verið margt gagnlegt, sem þeim er þó ekki bráðnauðsynlegt. — Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um þetta.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. við frv. það, sem hér er nú til umr., frá hv. þm. Dal., svo hljóðandi:

„Við 2. gr. 1. málsgr. Á eftir orðunum „að þeim sé það" bætist inn í: gagnlegt, eða".

Þessi brtt. er komin fram á fundinum og þar að auki skrifleg. Þarf því tvennskonar afbrigði til þess að hún verði tekin fyrir til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 552) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég verð að játa, að mér er ekki fyllilega ljóst, hvert er tilefni þessarar löggjafar. Mér er það ekki kunnugt, að hér á landi stafi neinn voði af því, þó að menn hafi nokkurn veginn óbundnar hendur um það, hvort þeir megi hafa skotvopn í vörzlum sínum. Manni er ekki kunnugt um, að þær breyt. hafi orðið á í þessu efni á síðustu tímum, sem geri það nauðsynlegt, að hið opinbera blandi sér í það mál. Og eins og frv. er nú, og jafnvel þó að brtt. hv. allshn. væru samþ., þá álít ég, að það nái engri átt.

Ég vil fyrst og fremst vekja athygli hv. allshn. á því, að frv. gerir ráð fyrir, að reglugerð kveði á um heimildir fyrir menn til þess að mega hafa vopn í vörzlum sínum, án þess að nokkur skilgreining sé í frv. um það, hvaða hlutir skuli heita því nafni. Það getur verið vafi um, hvað skuli teljast vopn og hvað ekki. Það má t. d. segja, að vasahnífur megi nota sem vopn. En vitanlega er það ekki tilgangurinn með þessari löggjöf að banna mönnum að bera þá á sér. Og þó að í þessu tilfelli sé ekki um mikinn vafa að ræða, þá getur í ýmsum öðrum tilfellum vafinn orðið meiri. Ef á að fara að leggja hömlur á menn í þessu efni, þá er það skilyrðislaust alveg nauðsynlegt, að einnig sé það skilgreint í l., hvað teljast skuli vopn og hvað ekki. Eftir orðalagi frv. eins og það er nú, og þó að brtt. hv. allshn. yrði samþ., þá getur það náð til fleiri vopna en skotvopna einna.

Það er einnig frá mínu sjónarmiði fjarstæða, ef ekki á að heimila mönnum að hafa í vörzlum sínum skotvopn, nema þeim sé það nauðsynlegt vegna atvinnu þeirra. Ég veit satt að segja ekki, hverjir það eru hér á landi, sem vegna atvinnu sinnar er nauðsynlegt að hafa skotvopn í vörzlum sínum, önnur en fjárbyssur. Ég býst ekki við, að þeir séu margir hér á landi, sem hafa að aðalatvinnuvegi að stunda veiðar með skotvopnum. En eins og hv. þm. Dal. sagði, þá er það oft svo, að þó að mönnum sé það ekki nauðsynlegt vegna atvinnu þeirra að hafa skotvopn í vörzlum sínum, þá er það svo um fjöldamarga menn, að það gefur þeim oft aukatekjur og þægindi að geta skotið fugla og jafnvel refi. (**IngP**: Það má telja nauðsyn). Það stendur nú í frv., að þeim einum skuli veitt heimild til þess að hafa vopn í vörzlum sínum, sem sýni skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Ég býst nú ekki við, að þær refaskyttur séu margar í landinu, sem sé þetta alveg nauðsynlegt vegna eigin atvinnu sinnar. En slíkt er auðvitað nauðsynlegt vegna fjáreigenda yfir höfuð.

Í raun og veru má segja, að fyrir menn, sem búa í sveitum, sé það víða nauðsynlegt að hafa þessa heimild. Það getur t. d. alltaf komið fyrir í sveit, að aflífa þurfi stórgrip, þó að ekki sé annað til tekið. Og það verður ekki gert með öðru en skotvopni, svo sæmilegt sé.

Auk þess, sem sagt hefir verið, má bæta því við, að skotlistin hefir verið og er ein með göfugustu íþróttum og er á ýmsan hátt þroskandi, bæði fyrir auga, hönd og hugsun, og álít ég ekki rétt að banna mönnum að iðka þá íþrótt. (**JJ**: En ef menn hitta það, sem þeir ætla ekki að skjóta?). Það getur komið fyrir. En svo sjaldgæft er það, að ég sé ekki, að ástæða sé til þess að fara að setja löggjöf þess vegna.

Á meðan ekki er sýnt fram á brýna nauðsyn fyrir slíkri löggjöf sem þessari, þá álít ég, að fara eigi mjög varlega í að takmarka rétt manna til þess að mega hafa skotvopn í vörzlum sínum. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. allshn., að hún komi með skilgreiningu á því, hvað hún telur vopn, og geri í sambandi við það brtt. fyrir 3. umr. Einnig vil ég beina því til n., hvort hún sér sér ekki fært, ef hún vill að málið gangi fram, að ákvæði frv. verði höfð rýmri en þau eru nú.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég vil vænta þess, þó að ég sé ekki bókaður frsm., að hæstv. forseti veiti mér framsögumannsrétt í þessu stóra(!) máli. — Ég fæ ekki séð, að það skipti miklu, hvort brtt. hv. þm. Dal. verður samþ. eða ekki. Að samþ. hana virðist mér svipað og að éta smjör við kæfunni. „Gagnlegt" og „nauðsynlegt" eru ákaflega skyld hugtök. Ég sé ekki betur en að það, sem nauðsynlegt er, sé líka gagnlegt. Ég sé ekki ástæðu til að leggjast á móti brtt. hv. þm. Dal. En ekki bætir hún mikið úr, ef frv. þykir illa samið.

Hv. 2. þm. Rang. byrjaði ræðu sína á því að segja, að hann sæi ekkert tilefni til slíkrar löggjafar sem þessarar. Ég vil í því sambandi benda á, að í mörgum bæjarfélögum hér á landi eru til í reglugerðum ákvæði um það, hverjir megi bera vopn á sér. Það virðist því vera svo, að bæjarstjórnirnar álíti ástæðu til þessa. Og ég vil ennfremur benda á, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekkert annað en rammi utan um

reglugerð, sem ráðh. er heimilt að setja. Á því verða menn að gera greinarmun, hvort um slík l. er að ræða, eða l., sem eiga að taka fram öll einstök atriði. Ef um l. væri hér að ræða, sem taka ættu fram öll einstök atriði, þá þyrftu þau auðvitað að vera fyllri en frv. gerir ráð fyrir. En við í meiri hl. allshn. álítum, að l. eins og frv. þetta sé nægilegt sem aðeins rammi utan um reglugerð, sem ráðh. er heimilt að setja.

Hv. þm. finnst frv. allt of strangt, því að það geti verið ástæða fyrir menn að fá að hafa skotvopn, þó að það sé ekki vegna atvinnu þeirra. Ég fyrir mitt leyti er alveg sammála hv. þm. að því er snertir dæmið, sem hann tók áðan, að það sé nauðsynlegt fyrir menn að eiga byssur, enda þótt þess geti ekki talizt þörf vegna aðalatvinnuvegs þeirra. Ef ég t. d. á fáeinar kindur, þá tel ég, að nauðsynlegt sé að eiga skotvopn til þess að aflífa þær, enda þótt sauðfjárræktun sé ekki aðalatvinnuvegur minn. Sama máli tel ég að gegni um refaskyttur; þeim er vitanlega nauðsyn að eiga skotvopn, þó að refaveiðarnar séu ekki nema lítil íhlaupavinna.

Annars finnst mér ástæður þær, sem bornar hafa verið fram gegn frv. þessu, harla ástæðulitlar, því að það er beinlínis til þess ætlazt, að nánari reglur verði settar um það í reglugerð, hvaða skotvopn skuli mega flytja til landsins og selja almenningi. Hér er því aðeins um frv. til heimildarlaga að ræða, og því ekki drepið nema á helztu punktana, sem eiga að vera sá rammi, sem reglugerðin á að byggjast á.

Sumir nm. töldu athugavert, hvort ekki væri rétt að hafa lögin svo ströng, að ekki mætti leyfa mönnum að hafa skotvopn til skotæfinga, og ég verð að segja það, að frá mínu sjónarmiði er skotiþróttin ekki svo göfug, að það hefði ekki mátt. (PM: Það er göfug íþrótt). Það má vel vera, að svo sé frá sjónarmiði þessa hv. þm. o. fl., en hún er það ekki frá mínu sjónarmiði. Ég skal játa, að ef frv. þetta hefði átt að vera tæmandi að því er snertir meðferð og sölu skotvopna, þá hefði það þurft að vera fyllra, en sem rammi til þess að byggja reglugerð á er það áreiðanlega nægilegt.

Hv. 2. þm. Rang. benti á það, að í 2. gr. frv. væri aðeins talað um vopn, og spurðist fyrir um, hvort þar væri aðeins átt við skotvopn. (PM: Þar stendur aðeins „vopn", en það á eins við um sverð, spjót o. fl. höggvopn). Ef hv. þm. hefir lesið fyrirsögn frv., þá hlýtur hann að hafa séð, að hér er aðeins átt við skotvopn. (PM: Mér datt það ekki í hug, að aðeins væri átt við skotvopn eftir ákvæðum 2. gr.). Ég er svo sem ekki á móti því, að í 2. gr. verði sett orðið skotvopn til þess að útiloka allan misskilning, enda þótt mér virðist þess ekki brýn þörf, þar sem fyrirsögn frv. ber fyllilega með sér, við hvað er átt. Annars er það ekki venja að skilgreina merkingu orða í l. sjálfum.

Að síðustu vil ég benda á, enda þótt ég sé ekki fróður um þessa hluti, að flestar þjóðir munu hafa komið í lög hjá sér svipuðum eða jafnvel strangari ákvæðum um meðferð skotvopna en hér er lagt til að verði sett.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Ed., 15. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 427, 525, 552).

Magnús Jónsson óyfirl.]: Ég ætla ekki að leggja út í að ræða um einstakar gr. eða brtt. við þetta frv., en ég vildi aðeins láta í ljós undrun mína yfir þeirri löggjöf, sem hér er á ferðinni. Mér er í raun og veru alveg óskiljanlegt, hvað allt þetta á að þýða, nema hér sé bara einn liður í þeirri stefnu, að löggjafarvaldið eigi að hafa yfirleitt hönd í bagga með öllum sköpuðum hlutum, sem borgararnir taka sér fyrir hendur. Það hefir svo sem tíðkazt, að löggjafarvaldið hafi sett ákvæði um það, hvernig menn ættu að klæðast, hversu fjölmennar veizlur menn mættu hafa o. s. frv. Það er alveg eins og hér eigi að fara að leggja út á slíka braut, en mér er alveg óskiljanlegt, hvaða ástæða önnur getur verið fyrir þessu frv., og ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu hjá þeim hæstv. ráðh., sem stendur að þessu frv. Ég sé, að hann er því miður ekki við.

Ég hefi farið í gegnum grg. og reynt að finna þar ástæður fyrir frv., en þar er ekkert að finna, sem réttlæti flutning frv. Þar er að vísu sagt, að önnur ríki láti þessi mál mjög til sín taka, og er svo að sjá, að ástæðurnar fyrir flutningi frv. séu þær, að t. d. Englendingar og Þjóðverjar hafa slíka löggjöf. Þessar þjóðir hafa stórkostlegar vopnaverksmiðjur og hernaðarbákn með höndum, og það er af því, að þær hafa löggjöf um þessi stórkostlegu mál sín. En hvers vegna ætti að vera nauðsyn að setja lög um þetta hér á landi, þar sem enginn hernaður er og hefir ekki verið öldum saman? Mér er þetta alveg óskiljanlegt, og ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkuð það sé að gerast í okkar þjóðfélagi, leynt eða ljóst, sem geri þessa ráðstöfun nauðsynlega. Maður gæti hugsað sér, að hér væru hópar manna farnir að ganga alvopnaðir eða að miklar vopnabirgðir hefðu fundizt einhversstaðar í landinu, sem settu þjóðfélagið í hættu. Ef svo væri, gæti ég skilið, að slíkt frv. kæmi fram. En þá finnst mér, að gefa ætti einhverja yfirlýsingu um það. Annars lítur út fyrir, að hér sé um hreinan skrípaleik að ræða, að setja hér á eftirlit um vopnaburð og sölu á skotvopnum. Ég verð að segja, að mér finnst það nánast hlægilegt að kalla þetta skotvopn og tala um sprengjur í frv. Það er eins og verið sé að gefa til kynna, að hér sé vopnaburður í uppsiglingu. Samkv. 2. gr. skal halda skrá yfir alla menn, sem hafa leyfi til að hafa vopn í vörzlum sínum. Ég veit ekki, hvernig það er nú í sveitum, en í mínu ungdæmi var ekki til það heimili, sem ekki var byssa á. Það var beinlínis einn liður í búskapnum, að menn notuðu byssur, sérstaklega til fugladráps. Það eru mörg dæmi til þess, að menn hafi haft þó talsverðar aukatekjur af því að skjóta rjúpur á haustin, þegar sæmilegt verð hefir fengizt fyrir þær. Það, að gera skrá yfir öll skotvopn í landinu, er hreint ekki svo lítið starf. Að ég nú ekki tali um þá óendanlegu skriffinnsku, sem leiðir af því, að hver maður þarf að sækja um það til skrifstofunnar í hvert skipti, ef hann skemmir byssu sína eða leggur niður byssu og

vill fá sér nýtt verkfæri. Þarf hann þá að sanna fyrir rétti, að hann þurfi á byssunni að halda atvinnu sinnar vegna og annað slíkt. Mér finnst þetta satt að segja svo einkennileg löggjöf, ef ekki liggja til grundvallar fullnægjandi ástæður, t. d. það, að stj. hafi komizt að því, að verið sé að hrúga upp vopnabirgðum í landinu og líkindi séu til, að gera eigi vopnaða árás á þjóðfélagið. Ég er ekki svo mikill lögfræðingur, að ég viti, hvort nokkur stoð er til í l. nú til þess að hefta slíkt. Ég vil benda á, að hér er ekkert um það sagt, hver á að hafa þetta eftirlit með höndum, en mér skilst, að það sé ríkisstj., og það er sagt í grg., að stj. eigi að hafa með höndum að vaka yfir vopnasölu og vopnaburði í landinu. Eina vitið, sem hægt er að fá út úr þessu frv., er það, að ríkisstj. sé að búa sig undir að vopna sig og ætli sér að vita vel um styrk andstæðinganna. Ég ætla ekki að gera stj. getsakir um, að hún ætli að taka einræði og styðja það með vopnavaldi, en frv. bendir á, að þetta sé hernaðarráðstöfun í landi, þar sem ekki er vitað, að neinn hernaður sé í. Það væri æskilegt, ef hæstv. forsrh. vildi færa meiri ástæður fyrir þessu en þá, að Englendingar og Þjóðverjar vilja hafa l. um sína stórkostlegu vopnaframleiðslu.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. hefir spurzt fyrir um ýmislegt viðvíkjandi þessu frv., og ég skal reyna að verða við því að svara þeim fyrirspurnum með örfáum orðum. Það er þá fyrst og fremst það, að ég hafi ekki borið fram neinar ástæður fyrir því, að þetta frv. er fram komið, og að til þess gætu ekki legið aðrar ástæður en þær, að hér bæri meira á vopnaburði heldur en verið hefir og að flokkar manna gerðu tilraunir til þess að safna að sér vopnum. En ég get ekki verið sammála hv. þm. um, að það réttlæti það að bera fram svona lagað frv. En það er fyrst og fremst vegna þess, að það eru fleiri en Þjóðverjar og Englendingar, sem hafa slíka löggjöf. Ég veit ekki betur en að það séu allar þjóðir, sem banna mönnum alveg að bera vopn nema með leyfi. Ég veit ekki betur en að Danmörk og Svíþjóð hafi svona lög hjá sér. Þetta sést bezt á því, að útlendingar, sem hingað koma, gera talsvert að því að kaupa hér byssur, af því að þeir geta keypt þær hér frjálst, en þurfa leyfi til þess annarsstaðar. Þetta er ekki vegna þess, að menn búist við samtökum til þess að ráðast á ríkisvaldið, heldur vegna þess, að það er talið eðlilegt, að menn, sem hafa svona hættulega hluti í vörzlum sínum, þurfi að fá leyfi til þess. Ég segi ekki, að það séu margar þjóðir, sem hafa það sjónarmið, að koma í veg fyrir, að hópar manna geti vopnað sig. Mér finnst því eðlilegt, að við tökum upp sömu reglu um þetta og nágrannar okkar hafa. Það má líka færa ýmsar aðrar ástæður fyrir því, og ég get fært fram ýms rök fyrir þessu af þeirri reynslu, einmitt af þessu atriði, sem við höfum hér og ég vænti, að hv. 1. þm. Reykv. geti tekið nokkurt tillit til. — Áður en ég sný mér að því vil ég þó minna á, að hv. þm. gat sérstaklega um, að þetta væri falið ríkisstj., — að ríkisstj. ætti að gefa mönnum leyfi til að bera vopn o. s. frv. Það er vitanlega ekkert óeðlilegt við það, því að það eru alstaðar lögreglustjórarnir, sem hafa þetta með höndum, og því ekkert öðruvísi hér heldur en annarsstaðar, þar sem slíkt leyfi þarf. — Viðvíkjandi því, hvort þetta væri réttarnauðsyn, að setja þessar reglur, vil ég benda á, að við höfum rekið okkur á það í starfi lögreglunnar, að unglingar, niður í 8—10 ára, fari með skotvopn hér niðri við höfn, og það hefir hvað eftir annað legið við tjóni, og meira að segja orðið tjón að. Þetta stafar af því, að hvaða óviti sem er getur gengið í búðirnar og keypt vopn eftir eigin geðþótta. Það hefir líka tvívegis komið fyrir hér, að innbrotsþjófar á síðasta ári hafa verið vopnaðir með skammbyssum, og mér finnst óþarfi að gefa slíkum mönnum frjálsræði til að vera vopnaðir eftir því sem þeim þóknast. Mér virðist þessi ástæða vera alveg nægileg rök, og meira en það, fyrir því, að þetta frv. verði að l. — Það er talað um það, að sú skrifstofa, sem hefir með höndum að gefa út leyfin, verði geysilegt bákn, en þetta hefir ekki við nein rök að styðjast, því að þetta hefir alstaðar reynzt lítið verk, vegna þess að skotvopnin endast lengi og jafnvel heila mannsaldra, og það verður lítið verk að halda þessu við eftir að búið er að koma skrásetningunni á. En þó að það sé þannig alveg næg ástæða fyrir hendi til að setja þessi lög, að þessar reglur gilda í öllum siðuðum menningarlöndum, og vegna þess að við höfum rekið okkur á, að það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að óvitar og unglingar fari með þessi vopn sér og öðrum til tjóns, eins og nú á sér stað, og ennfremur afbrotamenn, sem þjóðfélagið þarf að berjast við, og svo er því ekki að leyna, að á þessum tímum, þegar tíðkast fyrirsátir, sem maður fyrir nokkrum árum hélt að gætu ekki komið fyrir, þá er rétt að fyrirbyggja, að menn geti hópazt saman og notað hættuleg vopn. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur veruleg brögð verði að þessu nú, en það er of seint að gera varúðarráðstafanir, þegar allt er komið í óefni og menn búnir að birgja sig upp með vopn í stórum stíl. Ég álít tvímælalaust, að það eigi að setja slíka löggjöf áður en til þessa kæmi, og þetta frv. sé því þarft og nauðsynlegt og eigi að verða að lögum.

Jónas Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi segja eitt orð út af þessu frv. út frá hagsmunum míns kjördæmis og hins næsta, nefnil. Eyjafjarðarsýslu. Ég hefi heyrt frá hv. 1. þm. Reykv. og öðrum lærðum mönnum mikinn efa um það, hvort nokkur ástæða sé til að hafa eftirlit með skotvopnum. Ég fer ekki út í þá hlið, sem mest hefir nú verið deilt um og snýr að hernaðinum, en halla mér aðeins að því, sem hv. þm. vék að í sinni fyrstu ræðu og við þekkjum flestir, að byssa hefir víðast verið til á heimilum. En síðan mótorbátarnir komu og byssurnar hafa haldizt við hjá hverjum dreng, hefir æðarvarpið ekki haldizt við. Það er staðreynd, að í öllum varplöndum við Eyjafjörð — og auðvitað annarsstaðar, þó að ég þekki þar ekki til — hefir æðarvarpið stöðugt farið minnkandi, og er nú svo komið, að það er ekki nema svipur hjá sjón.

Af hverju stafar nú þetta? Jú, það stafar af því, að æðarfuglinn er drepinn af farandmönnum, sem koma t. d. frá Akureyri og geta á svipstundu farið um allan fjörðinn og borið sig eftir fuglinum hvar sem hann er. Ég álít, að það eigi að vera hæfilega mikið til af byssum, eins og mér skilst, að við séum sammála um, hv. 1. þm. Reykv. og ég. Það er ákaflega auðvelt t. d. fyrir lögregluna á Akureyri að vita, hvaða menn það eru þar, sem stunda veiðar með fuglabyssum sem skynsamlega atvinnu, eða hverjir eru líklegir til að vera á óeðlilegum veiðum eftir æðarfugli. Ég greiði því atkv. með þessu frv.

Pétur Magnússon [óyfirl.]: Ég gerði nokkrar aths. við frv. þetta í gær, en forsrh. var ekki við þá, en nú hefir hann gert nokkra grein fyrir því, í hvaða tilgangi frv. er borið fram. Það má vel vera, að ekki sé ástæðulaust með öllu að setja einhverjar reglur hér að lútandi. En þó að maður líti svo á, að ástæða sé til að takmarka heimild manna til þess að bera vopn, þá álít ég, að í þessu frv. eins og það er séu þær takmarkanir allt of miklar. Hv. frsm. — ég ætla að það hafi verið hv. 2. þm. S.-M. — gat þess, og lagði mikla áherzlu á, að þetta væri ekki annað en umgerð utan um reglugerð. Þetta er rétt og það hefir mér verið ljóst frá upphafi. En það er hægt að skera þá umgerð svo þrönga, að í henni rúmist ekki annað en lögin sjálf. — Í 2. gr. eru ákvæði um það, að þeim einum skuli veitt þetta leyfi, sem sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsyn atvinnu sinnar vegna. Þegar lög mæla svo fyrir, get ég ekki betur séð en að það sé bundið við að setja reglugerðina í samræmi við þetta ákvæði 1. Nú er það svo, eins og ég setti fram í gær, að það eru fáir menn á landinu, sem geta sýnt skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsyn atvinnu sinnar vegna að hafa skotvopn. Það má segja, að það sé nauðsynlegt fyrir þá menn, sem lifa á kvikfjárrækt, að hafa skammbyssu til þess að slátra fé. En fyrir utan þetta er naumast hægt að segja, að mönnum sé nauðsyn að hafa byssu. Hinsvegar er það til afarmikilla þæginda, og fyrir suma talsverð tekjuaukning af veiðum, og þá sérstaklega rjúpnaveiðum. Það er líka sérstaklega nauðsynlegt fyrir menn í sveitum að hafa byssu til taks, ef á þarf að halda, og eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, hefir það verið svo að segja undantekning, að ekki sé til byssa á bæ. Nú skilst mér, að eftir ákvæðum frv. eigi að svipta þessa menn réttinum til að eiga byssu, og taka þær af þeim, sem nú eiga þær. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvernig eigi að fara með þessar byssur. Ekki verða þær þó teknar án endurgjalds. Nú er fjöldi manna, sem eiga byssu, sumpart til skemmtunar og sumpart til þess að fá einhverjar aukatekjur af veiðum. Auk þess margir, sem miklar kyrrsetur hafa og vilja fara á veiðar sér til hressingar, því að eins og ég gat um í gær, þá er skotlistin góð íþrótt, sem æfir höndina, augað og hugann. Er meiningin, að ríkið kaupi allar þessar óþarfa byssur á landinu? Og er það meiningin með frv., að það eigi skilyrðislaust að neita mönnum um að hafa byssur til skemmtunar eða æfinga? Er ekki hægt að ná þeim tilgangi, sem ráðh. ætlast til, þó að þessu ákvæði sé breytt og þó að mönnum, sem engin ástæða er til að ætla, að misnoti byssur, sé leyft að hafa þær, þó að þeir noti þær ekki í atvinnuskyni? Þetta vildi ég, að hæstv. forsrh. og n. vildi athuga nánar til 3. umr. — Hv. frsm. virðist hafa skilið orð mín þannig, þegar ég var að tala um, að það þyrfti nánar að skilgreina orðið vopn, að ég væri beinlínis að hártoga þetta orðalag í frv. Það er öðru nær. Ég segi eins og er, að þarna í 2. málsgr. 1. gr., þar sem segir svo: „Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa vopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra vopna, skotfæra, eldvopna o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara“, er ómögulegt að sjá annað en að hér sé eingöngu átt við skotvopn. En sannleikurinn er sá, að það er alveg eins mikil ástæða til þess að hindra menn frá að bera á sér annarskonar vopn, eins og t. d. lagvopn og annað slíkt. Hæstv. forsrh. tók fram og lagði áherzlu á, að lög svipuð þessum væru til í öllum löndum Norðurálfunnar. Ég verð að játa, að mér er ókunnugt um þessa löggjöf í nágrannalöndunum, en held þó, að óvíða séu jafnströng ákvæði eins og hér ræðir um. Og ég er hræddur um, að Englendingar kynnu því illa að mega ekki bera byssu nema til atvinnu, eins og skotlistin er vinsæl þar í landi. Ég get ekki skilið, að slík löggjöf geti gilt þar, og ég hygg helzt, að þau séu óvíða svona ströng, og jafnvel hvergi.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. hefir nú gengið inn á í höfuðatriðum, að það muni vera nokkur nauðsyn að setja einhver ákvæði um þetta, sem frv. fjallar um. (PM: Ég sagði ekki annað en það, að það væri ekki alveg ástæðulaust). Mig furðar ekkert á því, því að vitanlega kemur ekki til mála, að ekki séu einhverjar reglur um þetta hér eins og annarsstaðar. En það er rétt hjá honum, að höfuðtilgangur frv. er að fyrirbyggja, að unglingar og óvitar og misindismenn þjóðfélagsins, hvers kyns sem eru, geti haft vopn eftir því sem þeim þóknast. Að öðru leyti hafa aðfinnslur hv. þm. við frv. við talsverð rök að styðjast. Frv. var í upphafi þannig úr garði gert, að 2. gr. var ekki í því, en henni var bætt inn í síðar til þyngingar á ákvæðum 1. gr. Það er þess vegna rétt hjá hv. þm., að það sé eðlilegt, að 2. gr. væri dálítið öðruvísi en hún er. Það liggur hér fyrir brtt. á þskj. 552, og tel ég rétt, að hún verði samþ. Hún nær alveg því, sem hv. 2. þm. Rang. er að óska eftir að verði tekið inn í frv. Orðið „gagnlegt“ í brtt. í sambandi við orðið „aðalregla“ í frv. verður að álítast nægilega rúmt, og ég mæli með því, að þessi brtt. frá hv. þm. Dal. verði samþ., og hljóðar þá greinin á þá leið, að það sé aðalregla að afhenda ekki öðrum skotvopn en þeim, sem sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Annars er svo hægt að athuga það nánar fyrir 3. umr., ef þetta þykir ekki nógu skýrt. Aðaltilgangurinn með frv. var sá, sem ég gat um áðan, og aðalatriðið er, hvort

menn geta orðið sammála um, að þessar reglur skuli settar. Um formsatriðin er svo alltaf hægt að koma sér saman, eins og t. d. það, að í 2. gr. sé haft orðið skotvopn heldur en vopn. Ef til vill er það eðlilegra og betur í samræmi við 1. gr., en þetta ósamræmi stafar af því, að 2. gr. var sett inn á eftir, og það er hægt að laga og þarf ekki að verða þrándur í götu frv.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 16. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þó að ég gerði ekki nema eina brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, og hana ekki mikla, þá verð ég að taka það fram, að þetta var aðeins gert til þess að bæta úr einum af stærstu göllunum, sem ég áleit, að væru á frv., en nær vitanlega ekki til allra galla þess, sem eru margir. Til þess að frv. geti orðið sæmilega viðunandi, virðist mér þurfa að breyta því ekki svo lítið.

Hæstv. forsrh. kom fram með það í gær, að frv. væri aðallega flutt með það fyrir augum að koma í veg fyrir, að börn gætu keypt sér skotvopn og verið að leika sér að þeim, eins og ætti sér stað jafnvel hér í Reykjavík. Ég held, að hægt væri með breyt. á eða viðauka við lögreglusamþykkt að varna því, að þetta ætti sér stað.

Þá er, eins og áður hefir verið að vikið, þetta frv. þannig, að þótt fyrirsögnin hljóði aðeins um skotvopn, þá er annarsstaðar í frv. á tveim stöðum eða fleirum talað um vopn, án frekari skilgreiningar á því orði. Slíkt nær auðvitað, eftir orðunum sjálfum, til allra vopna, í hverskonar mynd sem er. Og þó að fyrirsögnin virðist benda til þess, að frv. eigi aðeins við skotvopn, þá nær samt frv. raunverulega yfir fleira eins og það er nú orðað. Þessu verður að breyta við meðferð málsins, þannig að í staðinn fyrir „vopn“ í frv. komi: skotvopn. Þetta væri hægt að laga við 3. umr.

Þá þætti mér fróðlegt að vita, hver ætlazt er til, að útbýti þessum heimildum, sem um ræðir í frv., hvort stjórnarráðið á að gera það eða lögreglustjóri, eða jafnvel hreppstjórar, og eins hitt, hvað vakir fyrir flm. frv. með þessum ákvæðum um „skilriki“, hvernig og hverskonar þau eigi að vera.

Yfirleitt hefi ég viljað með brtt. þessari láta það vera skýrt fram tekið, að hver sá maður, sem gæti fært rök fyrir því, að honum væri það gagnlegt að hafa skotvopn undir höndum, gæti í venjulegum kringumstæðum fengið leyfi til þess, þó að það væri ekki aðeins gagnlegt vegna aðalatvinnu hans sjálfs.

Mér virðist allt of langt gengið með þessu frv. Það hefði átt að undanskilja einstök skotvopn, sem í sjálfu sér þurfa að vera við hendina á hverju sveitaheimili, eins og fjárbyssur. Og það hefði jafnvel átt að undanskilja haglabyssur líka, því að á mörgum sveitaheimilum hafa menn þeirra töluverð not. En um skammbyssur er allt annað að segja.

Sem dæmi um það, hversu nauðsynlegt getur verið, að sveitamenn hafi byssur á heimilum sínum, vil ég benda á það og beina því til hæstv. forsrh., að komið hefir það fyrir, að birnir hafa vaðið á land á Ströndum, og þá hafa það verið byssurnar, sem bjargað hafa kjósendum þar frá því að vera étnir eða rifnir í sundur af björnum. (**Forsrh.**: Það má telja nauðsyn, að þeir hafi byssur).

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. S.-M. var að tala um, að hann sæi ekki mikinn mun á því, að eitthvað væri gagnlegt og að eitthvað væri nauðsynlegt, vil ég segja það, að ég álít þó þar mikinn mun á, og margt getur verið gagnlegt, sem þó er ekki alveg nauðsynlegt.

ATKVGR.
Brtt. 525,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 525,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 552 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 525,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Á 73. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 567, 570, 590).

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki getað fundið, að hæstv. forsrh. hafi gert grein fyrir nauðsyn þessa frv. Að það sé sniðið eftir erlendri löggjöf, er alveg fjarri sanni, því að allir, sem til þekkja í útlöndum, vita, að margir hafa þar skotvopn í vörzlum sínum án þess að það sé nauðsynlegt vegna atvinnu þeirra.

Ég er ekki á móti því, að bannaður sé innflutningur á hernaðartækjum, enda væri slíkt bann rétt afleiðing af hlutleysi voru. En ég held, að bann á skotvopnum yfirleitt sé hvorki gagnlegt, nauðsynlegt né ráðlegt. Lögfest bann myndi hér sem annarsstaðar hafa öfug áhrif við það, sem til var ætlazt. Allir, sem landbúnað stunda, eru í rauninni skyldaðir til að eiga skotvopn til þess að aflífa með skepnur sínar. Í bæjum mun það mjög fátítt, að menn eigi skotvopn, nema þá til að skjóta fugla, seli, refi o. s. frv., sem oft getur verið arðvænlegur atvinnuvegur.

Ég álít, að þetta bann yrði aðeins til þess að hvetja menn til að hafa skotvopn í vörzlum sínum. Ef það felst í banninu, að koma eigi í veg fyrir mannvíg með því, er það óbein hvöt til manna til að vera viðbúnir slíkum atburðum, sem allir góðir menn vona þó, að aldrei komi fyrir. Auk þess fylgir framkvæmd slíkra laga kostnaður, ef til vill ekki svo lítill. Samkv. till. nefndarinnar á að skrá öll skotvopn og eigendur þeirra. Þarna gæfist því kærkomið tilefni til að stofna nýjan bitling handa skrá-

setjara skotvopna. Slík lög yrðu ekki annað en „húmbúg", sem enginn fylgdi, allra sízt í sveitum landsins. Hver gæti t. d. komið í veg fyrir, að 5—6 skotvopn væru keypt á sama sveitabæ með einhverskonar leppmennsku?

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. flytur brtt. við frv., á þskj. 590, sem eru í samræmi við þær aths., er fram komu við 2. umr. Það er ekki efnisbreyt., heldur miða að því að gera lögin skýrari. Brtt. eru svo ljósar, að ekki þarf að skýra þær.

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. er það að segja, að öll n. var sammála um að hallast ekki að þeim. Þó tala ég ekki gegn þeim hér í umboði nefndarinnar. — Að því er snertir þau ummæli hv. þm. N.-Ísf., að hann hafi enn ekki heyrt talað um tilefni þessa frv., þá verð ég að segja það, að mér virtist hæstv. forsrh. gera fulla grein fyrir frv. við 2. umr. Ég skal náttúrlega ekkert segja um það, hvort hv. þm. hafi þá verið í d. En hvað viðvíkur þessum brtt., þá tel ég, að þær séu allt annars efnis heldur en frv., a. m. k. að sumu leyti, og að svo miklu leyti sem þær geta talizt sama efnis, nái þær alls ekki tilgangi sínum. Ég álít fyrri hluta 1. brtt. hv. þm. vera allt annars efnis en frv., þar sem hann vill heimila dómsmrh. að banna með reglugerð innflutning á hverskonar hernaðartækjum. Það var skýrt tekið fram við 2. umr. málsins, að þetta er ekki tilgangur frv., heldur eru það sérstakar tegundir, sem má nota til hernaðartækja, sem meiningin er að banna. En hvað síðari málsl. 1. brtt. snertir, sem er sama efnis og frv., sem sé að banna sölu almennra skotvopna til þeirra, sem yngri eru en 18 ára, þá virtist mér hv. þm. sanna með ræðu sinni, að þetta ákvæði væri alveg tilgangslaust, því ef hv. þm. trúir því, að mikil hætta sé á, að farið verði í kringum þetta frv., ef að l. verður, þá er enginn vafi á því, að ennþá hættara er við því, að farið væri kringum þetta ákvæði, því þó unglingar innan 18 ára aldurs hafi ekki leyfi til að kaupa skotvopn, þá geta þeir borið þau, því nógir fást til að kaupa þau. Ef það annars er tilfellið, sem hv. þm. trúir, að allar ráðstafanir, sem fela í sér bann, verði til þess að hvetja menn til þess að brjóta bannið, þá hlýtur rökrétt afleiðing af þeirri till. hv. þm. um að banna innflutning á hernaðartækjum að verða sú, að farið verður að flytja inn hernaðartæki. En ég held, að þetta sé á misskilningi byggt hjá hv. þm. Ég veit ekki betur en að við séum daglega að setja einhverjar skorður, og ekki værum við að gera það, ef við hefðum þá trú, að með því værum við að ala upp hvötina í mönnum til þess að fara í kringum l. Ég álít, að við Íslendingar séum það þroskaðir, að hægt sé að setja okkur skorður með l. En það, sem ég vil leggja aðaláherzluna á, er það, að með brtt. hv. þm. eru alveg að engu gerðar þær tilraunir, sem frv. ætlast til, að gerðar verði til þess að koma í veg fyrir, að bæði óvitar og misjafnlega áreiðanlegir menn fari með skotvopn. Það er þungamiðja frv. Við þekkjum þess fjöldamörg dæmi úr daglega lífinu, að unglingar, sem farið hafa með skotvopn, hafi hlotið slys af. En brtt. hv. þm. bætir þar ekkert um, því ég legg ekkert upp úr því, þó bannað sé að selja unglingum innan 18 ára aldurs skotfæri. Það er ekki neitt verið að fara í kringum l., þó að maður kaupi byssu og láti svo son sinn 12—14 ára gamlan fara með hana. En meiningin með l. er sú, að reyna að girða fyrir það, að þessi skotvopn, sem fram eru tekin í frv., verði notuð ógætilega að óþörfu. Auðvitað getur það alltaf komið fyrir, að slys hljótist af skotvopni, sem er nauðsynlegt, en það ætti að vera hægt að draga mikið úr þeirri ógætni, sem nú á sér stað með skotvopn, ef frv. verður að l. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál frekar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég gerði fyrirspurn til hæstv. forsrh. við 2. umr. um hinn eiginlega tilgang þessarar löggjafar, því sá tilgangur, sem tilgreindur er í grg. frv., er í raun og veru einskis virði. Og þau svör, sem hæstv. forsrh. gaf mér í allýtarlegri ræðu, hafa sannfært mig enn betur um það, hvílík fjarstæða þetta frv. er. Ég held, að það hafi varla komið fram á þingi öllu fánýtara frv. heldur en þetta skotvopnafrv., svo framarlega sem ekki liggja einhverjir viðburðir á bak við þetta, sem stj. hefir komizt að og ætla mætti, að stofnuðu þjóðfélaginu í hættu.

Aðalástæður hæstv. ráðh. voru þær, að hættulegt væri að láta unglinga og innbrotsþjófa hafa byssur. Ég býst við því, að hver maður, sem les þessa löggjöf, sjái, að hún getur á engan hátt hindrað þetta. Hv. frsm., sem andmælti brtt. hv. þm. N.-Ísf. um það að banna unglingum að kaupa byssu, sýndi fram á það með góðum rökum, að þó unglingar mættu ekki kaupa byssu, þá gætu þeir fengið hana lánaða. En á ekki þessi röksemd eins heima um alla þessa löggjöf? Getur ekki unglingur alveg eins farið sér að voða með byssu, sem búið er að skrásetja? Á skrásetningin kannske að koma í veg fyrir, að hægt sé að misnota byssu og fara sér að voða með henni? Nei, þetta er ekkert nema pappírsgagn. Ég býst við því, að ef gerð væri skrá yfir slys af skotvopnum, þá kæmi það fram, að flest tilfellin hefðu ekki stafað af því, sem hægt væri að kalla ógætilega meðferð. Sem betur fer eru slík slys mjög fátíð. Algengustu slysin eru þau, sem koma fyrir á rjúpnaveiðum í hálku eða af því að menn vara sig ekki á því að byssa sé hlaðin, en ekki vegna þess, að unglingar séu að fikta með þessa hluti.

Hvað viðvíkur hinni aðalástæðunni, sem hæstv. forsrh. bar fram, að innbrotsþjófar gætu útbúið sig með byssu til þess að verja sig, ef að þeim væri komið, þá vil ég bara spyrja hv. meðmælendur þessa frv., hvernig þessi löggjöf geti komið í veg fyrir slíkt. Þetta er svo mikil dæmalaus fjarstæða, að það er alveg merkilegt, að menn skuli geta fengið sig til að bera annað eins fram. Hvernig í ósköpunum ætti skrásetning skotvopna að geta komið í veg fyrir það, að innbrotsþjófur ætlaði að verja sig með byssu? Það mundi enginn maður, sem hefði byssu með höndum, fara að gefa þá ástæðu upp, að hann ætlaði að brjótast inn og verja sig með byssunni, ef til kæmi. Og það væri undarlegur innbrotsþjófur, sem ekki hefði nokkur ráð með

að útvega sér byssu vegna þess að þær væru skrásettar. Nei, í þessari löggjöf er engin trygging fyrir neinu af því, sem hæstv. ráðh. var að tala um í sinni ræðu. En það einasta, sem hægt væri að ná með þessari löggjöf, er það, að hægt væri að koma í veg fyrir mikið vopnasafn. Og þá mundu brtt. hv. þm. N.-Ísf. skilgreina þetta alveg rétt, því í þeim er heimild til þess að banna mönnum að safna skotvopnum í þeim tilgangi að nota þau sem hernaðargögn. Þetta er náttúrlega fullkomin ástæða til löggjafar, en hún á þá að segja það, sem hún meinar.

Hæstv. ráðh. er því miður nú fyrst að koma inn í d. Ég get náttúrlega ekki farið að endurtaka allt það, sem ég hefi sagt, en ég get sagt hæstv. ráðh. það í örfáum orðum, að ég skil ekki, hvernig þessi löggjöf ætti að geta komið í veg fyrir, að unglingar gætu náð í byssu eða innbrotsmenn útbyggju sig með vopnum, ef þeim skyldi detta það í hug. Ég vil því eindregið mæla á móti því, að frv. verði samþ. í því formi, sem það nú liggur fyrir. Ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. N.-Ísf. um heimild til þess að banna innflutning á hverskonar hernaðartækjum, því það er fullkomlega réttmætt.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. tók fram, að þessi löggjöf fyrirbyggir á engan hátt það, að börn geti náð í skotvopn og innbrotsþjófar varið sig með byssu. En það gefur að skilja, að því meiri takmarkanir, sem á því eru, að menn geti haft vopn í vörzlum sínum, því meiri líkur eru til, að þetta megi fyrirbyggja. Nú getur hvaða barn sem er keypt sér skotvopn og farið með þau. Við, sem höfum verið við lögreglustarf, vitum, að unglingar gera mikið að þessu og eru hér um alla fjöruna með þessi skotvopn. Sama er að segja um ýmsa misindismenn, sem eru lögreglunni vel kunnir. Það yrði vitanlega ekki farið að leyfa þeim að hafa skammbyssur og önnur skotvopn í vörzlum sínum, sem þeir gætu notað til þess að fara öðrum að voða. Af þessum ástæðum er það, að þessar takmarkanir eru settar annarsstaðar, og það er eðlilegt, að þær séu einnig settar hér. Ég get ekki séð, hvað menn geta haft á móti þessum takmörkunum. Aðalatriðið er það, að þessar takmarkanir hljóta þó að miða í þá átt að gera öryggið meira gegn því að misindismenn, unglingar og börn fari með byssur, sjálfum sér eða öðrum að voða. Hvað geta menn haft á móti þessu? Ég hefi ekki heyrt þau rök ennþá. Það er bara sagt, að þetta komi ekki að fullu gagni. Vitanlega er það rétt, að þetta kemur ekki að fullu gagni, en það getur a. m. k. fyrirbyggt mörg slys, bæði á mönnum, sem eiga að gæta laganna, og eins börnum, sem hingað til hafa farið með byssur.

Það eru fleiri ástæður, sem mætti nefna þessu máli til stuðnings, en ég álít, að ekki þurfi að rökstyðja þetta frekar, því það er svo sjálfsagt mál að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Það er ekki hægt að neita því, að eftir að búið er að setja þá takmörkun í 2. gr. frv., sem sett hefir verið, þá getur hún ekki verið neinum til baga. Þar er sem sagt tekið svo til orða, að það skuli vera aðalreglan, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa vopn í vörzlum sínum, sem sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Það er ekki tekið strangara til orða en svo, að það skuli vera aðalreglan. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði síðast, vil ég benda á það, að hann sagði við 2. umr. þessa máls, að 2. gr. frv. hefði komið óvart inn í frv. En nú telur hæstv. forsrh. þessa sömu grein aðalreipi frv. Hæstv. ráðh. segir, að það eigi ekki að leyfa þeim að hafa skotvopn, sem ekki þurfi þess atvinnu sinnar vegna. Maður hefir heyrt, að hæstv. ráðh. hafi farið mikið með byssu, og ég er viss um, að hann hefir haft af því marga ánægjustund, þó hún hafi kannske verið blönduð stundum. En hvers vegna vill hæstv. ráðh. meina öðrum þessa ánægju, þó að hann sjálfan hafi hent slys í sambandi við skotvopn? Þetta er alveg eins og með meinlætamann, sem áður hefir verið mjög frekur í nautnum sínum, en vill svo ekki, eftir að hann er orðinn meinlætamaður, unna mönnum neinna nautna.

Annars kemur þetta frv. alls ekki í veg fyrir slys af skotum. Það þyrfti að vera allt öðruvísi útbúið til þess. Þá þyrfti að vera ákvæði um það, að ekki mætti lána unglingum byssu. En þó ég hafi sett það í mína brtt., að ekki mætti selja unglingum innan 18 ára aldurs skotvopn, þá tel ég það alveg hættulaust, þó að þeir, sem fara með byssu, hafi unglinga með sér. Það verður varla nokkur flinkur skotmaður, sem ekki hefir byrjað að fara með byssu fyrr en hann var orðinn fulltíða maður. Við Vestfirðingar eigum margar ágætar refaskyttur, og þó sérstaklega einn mann, en hann hefir líka farið með byssu síðan hann var 10 ára. Og svo er um aðrar góðar skyttur; þeir hafa byrjað ungir undir eftirliti fullorðinna manna.

Hv. frsm. vildi nú álíta, að öll börn væru góð og skynsamleg. En það er áreiðanlega misskilningur; það eru til óskynsamleg börn og skynsamleg, og þar greinir á milli. Það er óskynsamlegt að samþ. það bann, sem felst í frv., en skynsamlegt að samþ. bannið, sem felst í minni brtt. við því að flytja inn hernaðartæki. Þess vegna munu allir í þessu landi forðast að brjóta það bann og enga tilhneigingu hafa til þess, en hið óskynsamlega bann frv. mun allur þorri landsmanna brjóta. Þessi er munurinn á skynsamlegu og óskynsamlegu banni.

Það er mikill misskilningur hjá hv. frsm., ef hann heldur, að ég vilji láta banna öllum yngri en 18 ára að fara með byssu. Ég vil, eins og ég sagði áðan, að menn, sem með byssur fara, hafi leyfi til þess að hafa unglinga með sér og kenna þeim. Það eru fæst slysin, sem hljótast af því, heldur af því, að menn fara ógætilega með skotvopn, eins og t. d. að skilja eftir hlaðna byssu, og væri ekkert á móti því að setja hár sektir við slíku. En um það er ekkert í frv.

Í þessu frv. er líka talað um það, að heimilt sé að ákveða með reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna

að vera í landinu, þegar l. öðlast gildi. Það er víst til á hverju heimili efni í skotvopn, svo sem járn, stál, kopar, blý o. fl. Það er þó víst varla meiningin að gera þetta allt upptækt. Ég held, að það væri meira til þess að vekja hlátur en til þess að auka á virðinguna fyrir Alþ. að samþ. svona endileysu sem þessa. — Annars er varla hægt að ræða þetta mál í fullri alvöru, og ætla ég því ekki að þessu sinni að hafa orð mín fleiri.

Forsrh. (Hermann Jónasson) óyfirl.]: Eins og ég sagði áðan, þá koma ekki önnur rök fram gegn þessu frv. heldur en það, sem var aðalefni í ræðu hv. þm. N.-Ísf., að frv. sé óþarft. En það er ekki bent á neina ástæðu fyrir því, hvers vegna það sé óþarft. Það er talað um það, að rétt sé að setja ýms ákvæði viðvíkjandi því, að ekki sé farið gálauslega með vopn. En það er heimild í l. til þess að setja ýms ákvæði í reglugerð einmitt um þessi atriði. Öðru þarf ég ekki að svara.

Hv. þm. N.-Ísf. minntist á það, sem er orðið landskunnugt, að ég væri góður skotmaður. En þó að ég viðurkenni, að skotfimi hafi einu sinni verið ein af mínum beztu íþróttum, og sé það kannske enn, þá held ég, að það sé oflof, sem fylgismenn þessa hv. þm. hafa borið á mig og talið sig sanna á mig með skotfimi.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það væri um mig eins og meinlætamenn, að þegar mér væri varnað þess að fara með vopn, þá vildi ég taka þann rétt af öðrum. En hv. þm. virðist muna betur eftir dómi undirréttar heldur en dómi hæstaréttar, því riffillinn var dæmdur af mér í undirrétti, en hæstiréttur dæmdi mér hann aftur. Við þetta hefir riffillinn stigið svo í verði, að mér hafa verið boðnar fyrir hann mörg hundruð krónur, en ég keypti hann fyrir 63 kr.

Ég álít það gagnlega íþrótt að fara með byssu. Ég iðka sjálfur þetta sport, og tel það eitt af því gagnlegasta, sem ég iðka. Ég held því satt að segj . að þetta vefjist eitthvað fyrir hv. þm. N.-Ísf., eða hafi ruglazt eitthvað í kollinum á honum, það sé þar eitthvert ryk, fyrst hann vill ekki skilja það, sem hér er á ferðinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Við 2. umr. þessa máls minntist ég á það, að ekki lægju fyrir skýr svör frá stj. viðvíkjandi því, hvernig hún hefir hugsað sér að framkvæma þessi lög, t. d. hverskonar skilríki ætti að sýna, þegar leyfið er veitt, hver ætti að veita heimildina eða annast skrásetningu. Mér virðist allt vera í þoku um framkvæmd málsins, þegar ekki er minnzt á þetta í grg. frv., og er þó mikið komið undir framkvæmd laganna.

Ég vil segja mitt álit, að mér finnst langt gengið að þurfa að fá skilríki og sérstakt leyfi til að hafa fjárbyssu, sem segja má, að sé lögbundin á hverju sveitaheimili (eða þá helgríma). Ég hefði talið æskilegast að undanskilja þess háttar vopn í frv., og ég gerði ráð fyrir, að þetta yrði gert í allshn., en svo hefir ekki orðið.

Ég er óánægður með þetta frv., hvað ótakmarkað það er. Mér finnst koma þar fram stjórnarstefnan, að vilja hafa afskipti af öllu og verða hvekkur í hvers manns koppi.

Magnús Jónsson óyfirl.]: Það er ekki von, að hæstv. ráðh. heyri þær ástæður, sem færðar eru fram móti frv., þegar hann er ekki inni, og það var hann ekki, þegar ég talaði síðustu orðin. Bæði við 2. umr. og nú hafa verið færðar fram gildar ástæður á móti frv. Það hefir verið bent á, að það væri gagnslaust, og ef það er gagnslaust, eru það nægilegar ástæður á móti frv. Þar að auki fylgir því talsverður kostnaður. Það mun ekki vera minna en 20—30 þús. skotvopn, sem sjálfsagt yrði að leyfa í landinu, þó að frv. næði fram að ganga. Ég sé ekki betur en að flest sveitaheimili yrðu að hafa skotvopn, fjárbyssu, og sjálfsagt líka haglabyssu. *Og vilji einhver eiga kúlubyssu fyrir stærri veiðar, þá eru komin þrjú skotvopn á heimili.* Að skrásetja þetta allt er mikið verk og hefir í för með sér mikinn kostnað. Það verða að koma skrásetningarmenn um allar sveitir, náttúrlega skotfæraskrásetningarstjóri ríkisins o. s. frv. Þetta hlýtur að verða, ef lögin eiga ekki að verða tómt pappírsgagn. Þá er líka á móti þessari löggjöf, að hún orsakar mikla skriffinnsku, og önnur óþægindi. Það er því ekki hægt að segja, að ekki séu ástæður á móti frv. Og þó að engar ástæður væru á móti því, þá er hitt nóg, ef ekkert mælir með því. Það er einkennilegt að heimta sannanir fyrir því, hvað sé á móti einhverju máli, ef ekki er hægt að færa neina *ástæðu með því, og málið geti verið tóm* heimska. Og hæstv. ráðh. hefir ekki sýnt fram á eina einustu ástæðu til að setja svona löggjöf. Hann talaði um, að með þessu megi koma í veg fyrir slys af skotvopnum. En ekki eitt einasta af þeim slysum, sem hafa orðið, hefði verið hægt að hindra, þó að byssur hefðu verið skrásettar. Hættan á slysum minnkar ekkert við það. Hv. þm. N.-Ísf. benti á, að ef koma ætti í veg fyrir slys, yrði að setja ákvæði um meðferð á skotvopnum, en það er ekki gert í frv. **(IngP:** Hvernig les hv. þm. fyrirsögn frv.?). Það er ekki nóg, þó eitthvað standi í fyrirsögninni, þegar ekkert ákvæði er í sjálfum greinum frv. En ég vil skora á hv. þm. að benda mér á eitthvert ákvæði, er t. d. banni mönnum að selja öðrum byssur eða leggi sekt við því að skilja eftir skot í byssu. En það er ekki hægt að leggja sekt við slíku, nema það sé nánari útfærsla á því í lögunum. Þó ég lesi hér greinar frv., þá er þar ekkert ákvæði, sem heimilar sektir við því, sem ég nefndi. Og það er galli á frv., þegar það fer þannig framhjá marki. Hæstv. forsrh. er enn með það sama, að þetta sé til að koma í veg fyrir, að unglingar fari með skotvopn. Hann talaði um, að þeir hefðu oft orðið fé að bana, og hann ætti nú manna bezt að þekkja, hvaða hætta geti stafað af því fyrir fuglalífið, ef menn fara ógætilega með skotvopn. Hann minntist á sitt eigið slys, og var að sanna, að hann hefði ekki skotið á fuglinn. Það er ósköp sennilegt, hann skaut, fuglinn lá dauður, en svo segist hæstv. ráðh. ekki hafa skotið á hann. Ég held því, að hæstv. forsrh. hafi fengið orð fyrir annað frekar en skotfimi. Hann

ætlaði sér að skjóta í mark, en hitti í þess stað fuglinn. Það er svipað og með söguna af Diogenes, er hann stóð við markið, er maður var að skjóta, og sagðist gera það af því, að það væri eini bletturinn, þar sem óhætt væri að standa.

Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti með þessu frv. að koma í veg fyrir, að misindismenn fari með skotvopn. Á þá að heimta siðferðisvottorð líka? Eða hvernig á að fara að? Ég held það sé lítill misindismaður, sem vill nota byssu, en hefir ekki einhver tök á að ná sér í hana.

Ég vil svo ekki orðlengja frekar um jafneinfalt mál; ég vildi aðeins sýna fram á, hvað nauðahégómlegt það er, og það er nægileg ástæða á móti því. Ég tel það óvirðingu fyrir Alþingi að setja lög, sem eru gagnslaus og ekkert tilefni er til. Það er fullgild ástæða á móti frv.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ástæðurnar, sem gegn frv. eru færðar, eru ekki aðrar en þær, sem komu fram í niðurlagsorðum hv. 1. þm. Reykv., að það sé fjarstæða að setja löggjöf, ef engin ástæða er til hennar. En þá er næsta broslegt að sjá svo brtt. þessara manna, eins og frá hv. þm. N.-Ísf., um það, að ráðh. skuli heimilt að banna sölu á almennum skotvopnum handa yngri mönnum en 18 ára. Þeir greiða ekki atkvæði á móti frv. til að fella það, heldur koma með brtt. við það. Hvers vegna gera þeir þetta? Í öðru orðinu segja þeir, að það sé ástæðulaust að setja bannið, en í hinu orðinu segja þeir, að bann eigi að setja við því, að unglingar geti alstaðar keypt vopn, eins og nú á sér stað. Hér sýnir sig, að hv. þm. N.-Ísf. er ljós hættan, sem af þessu stafar, og viðurkennir hana með brtt. sinni. — En jafnframt vil ég spyrja: Er ástæða til að láta misindismenn ná í skotvopn til að verja sig með fyrir lögreglunni, þegar hún er að gæta laga og réttar? Er ástæða að leyfa þeim að fara inn í hverja búð og kaupa skotvopn eftir geðþótta? Og það hefir komið fyrir a. m. k. þrisvar sinnum, að innbrotsþjófar hafi verið vopnaðir skammbyssu, þó að það hafi ennþá ekki komið að sök. Auðvitað myndi mönnum, sem þekktir eru að því að brjótast inn hvað eftir annað, ekki leyft lengur að bera vopn. Og það er fullkomin nauðsyn að hafa löggjöf, sem tekur vopnin úr höndum svona manna, sem bera vopn til að verja sig með fyrir lögreglunni. (**MJ:** Myndu þeir lýsa yfir því, um leið og þeir keyptu vopnin, til hvers þeir ætluðu að nota þau?). Þetta er ekki annað en útúrsnúningur. Lögreglan hefir skrá yfir marga af þessum mönnum, og þeir fengju vopn ekki keypt. Vitanlega gæti það komið fyrir, að þeir nái ef til vill í vopn á annan hátt, en þeim yrði það þó örðugra. Það er viðurkennt af hverjum sanngjörnum manni, að það sé nauðsynlegt að fyrirbyggja, að menn geti náð í vopn ótakmarkað, og hv. þm. N.-Ísf. hefir líka viðurkennt þetta með þeirri brtt., er hann flytur um að banna unglingum innan átján ára aldurs að kaupa vopn.

Hvað kollumálið snertir, þá er nú lítil ástæða til að vera að rifja það upp við þessar umr. En hv. 1. þm. Reykv. virðist vera farinn að ryðga í þessu máli, því að vitnisburðurinn gekk í rauninni út á að sýna, hvað ég væri mikill skotmaður, en hv. þm. vill nú hafa af mér þann heiður. Eins og menn ef til vill muna, var vitnisburðurinn sá í málinu, að ég hefði tekið byssu af tveimur unglingum, brugðið henni upp, hleypt af og skotið hefði farið gegnum miðja kolluna. En þegar þeir áttu að sverja framburð sinn, var hræðslan þó svo mikil, að þeir fóru fyrst til prestsins og sögðu sig úr þjóðkirkjunni. — Svo var það aftur 1. des., í stormi úti á hafnargarði, að ég átti að hafa skotið. Menn sáu kolluna, hún fór lágt, en ég brá upp byssunni og hún steinlá. Og þeir, sem sóru í málinu, voru þekktir ofbeldismenn, sem höfðu ráðizt á menn á götunum og a. m. k. tvisvar sinnum komizt í hendur lögreglunnar, og hæstiréttur vildi ekki taka framburð þeirra trúanlegan. En það var hægt að rekja feril þessa máls til sjálfstæðismanna, sem stóðu að baki þessum mönnum, enda mistókst þetta hrapallega.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Mér virðist þurfa nýja lögreglusamþykkt fyrir þennan bæ, ef unglingar geta gengið hér um allar fjörur með skotvopn. Á Ísafirði t. d. er það bannað með lögreglusamþykkt, að menn fari með byssur innan takmarka bæjarins. (**MJ:** Það er bannað hér líka). En lögreglustjóri, eða hæstv. dómsmrh., sem hér var lögreglustjóri, segir þó, að unglingar gangi hér með byssur um allar fjörur. (**MJ:** Og hann gerir það sjálfur). Ef lögreglusamþykkt er til um þetta atriði, þá hlýtur eitthvað að hafa skort á eftirlit með því, að henni væri hlýtt, og mig undrar það náttúrlega ekki, ef sjálfur lögreglustjórinn hefir ekki farið eftir henni.

Till. mín um að selja ekki unglingum innan 18 ára skotvopn felur það í sér, að yngri menn en 18 ára fari ekki með byssur, sem þeir eiga sjálfir, en ekki hitt, að þeir megi ekki fá lánaðar byssur og fara með þær undir eftirliti annara. Ég álít, að það sé ekki hægt að banna þeim það, enda verði enginn góð skytta, nema hann æfi sig nokkuð snemma undir handleiðslu eldri manna.

Þá er það síðari ástæða hæstv. ráðh., að misindismenn verði ekki látnir bera vopn, ef frv. verður samþ. Ég skil satt að segja ekki annað en hægt sé að dæma skotvopn af misindismönnum, ef lögreglan kemur að þeim með vopn. (**Forsrh.:** Hvar eru ákvæðin, sem á að dæma þá eftir?). Ég veit t. d., að það hefir verið gert á Ísafirði. Það hafa verið teknar byssur af mönnum, sem hafa skotið í fjörum innan bæjartakmarka. (**Forsrh.:** Ég var að spyrja um afbrotamenn). Ég hélt, að lögreglan hefði vald til að taka vopn af þeim, sem sýna henni ofbeldi, og ef ekki eru til ákvæði um slíkt, væri nær að koma fram með frv. um það.

Hæstv. ráðh. sagðist vera góð skytta, en mér heyrðist nú annað hjá hv. þm. S.-Þ., sem sagði, að hæstv. ráðh. hefði sloppið við dóm, af því að hann hefði ekki hitt.

Út af því, sem hæstv. ráðh. var að tala um ryk í kollinum á mér, þá vil ég svara því, að það er ekki einu sinni ryk í kolli hæstv. ráðh., heldur er hann alveg galtómur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi tvisvar spurzt fyrir um það, hvernig stj. hugsi sér framkvæmd þessara laga, sérstaklega hverskonar skilríki menn þurfi að hafa til að fá vopn keypt, hvernig menn eigi að fá leyfin og ennfremur hver á að veita heimildina og annast skrásetningu vopnanna. Ég óska að fá svar við þessu.

Forsrh. (Hermann Jónasson) [óyfirl.]: Ég er búinn að gefa skýringu á þessu. Það koma auðvitað ekki aðrir til mála en hreppstjórar og sýslumennirnir, sem hafa með svona mál að gera. En ég get svarað um leið þeim mótbárum gegn frv., að það verði mikið verk að semja skrárnar, að þær eru tómar fjarstæður. Vopn endast langan tíma, og þegar einu sinni er búið að semja skrárnar, þá þarf litlar breyt. að gera á þeim. (**JAJ:** Menn geta skipzt á vopnum). Menn geta auðvitað svikið allt. En þessi býst ég við, að framkvæmdin verði, sem t. d. sýslumaður Dalamanna lætur sína hreppstjóra annast. Mótbárur hv. 1. þm. Reykv., að þetta verði mikið verk, eru ekki annað en fjarstæður.

ATKVGR.
Brtt. 570,1 felld með 9:4 atkv.
— 590,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 590,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 590,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 570,4 felld með 10:2 atkv.
— 570,2—3 komu ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 594).

Á 82. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Sigurðsson: Ég ætla ekki að fara að ræða þetta frv., en vil leyfa mér að skjóta því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að það væri æskilegt, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, ef hægt væri að breyta frv. þannig, að því þyrfti ekki að fylgja neitt sérstakt umstang, þó maður þyrfti að fá sér byssu til þess að skjóta kind eða eitthvað þess háttar. Mér finnst það ætti að vera hægt að laga þetta þannig til, því það er galli að þurfa að safna vottorðum, að það sé nauðsynlegt atvinnurekstri sínum, og ef halda þarf sérstakar skrár þar yfir, þó menn afli sér tækja, sem nauðsynleg eru á hverju heimili, og jafnvel er lögboðið að nota.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 100., 101., 102., 103. og 104. fundi í Nd., 16., 17., 18., 19. og 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 594, n. 798).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

74. Atvinna við siglingar.

Á 55. fundi í Ed., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 429).

Á 58. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson) [óyfirl.]: Þetta frv., sem sjútvn. hefir flutt fyrir tilmæli hæstv. atvmrh., er samið af n., sem hæstv. ráðh. kvaddi til að semja þennan lagabálk.

Þetta frv. er, eins og hv. þdm. sjá, allmikill bálkur og fjallar um margvísleg efni. Sé ég ekki ástæðu til að flytja langa ræðu um málið nú, þar sem grg. frv. skýrir það líka allverulega. — Tilefni frv. er það, að á fyrri hluta þessa þings var samþ. till. um að samræma l. um þessi efni meira en áður hefir verið gert og bæta um leið úr þeim agnúum, sem hafa þótt koma fram á þeirri löggjöf. Eins og kunnugt er, hafa þessi l. verið meira og minna í smápörtum, en hér eru þau öll sameinuð í einn bálk, sem á að ná yfir alla yfirmenn á smærri sem stærri skipum, og um efni frv. er svo yfirleitt það að segja, að þar er nokkuð hert á þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra manna, sem ætla að gera farmennsku að lífsstarfi sínu, einkum að því er verklega námið snertir. T. d. er heimtaður lengri siglingatími af þeim, sem ætla að læra stýrimannafræði, og af þeim, sem ætla sér að stunda vélgæzlu, er heimtað meira verklegt nám, svo sem meiri smiðakunnátta. Ég hygg, að þessi stefna frv. sé í fullu samræmi við þær skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi undanfarið og nú eru ríkjandi, að æskilegt sé, að skipstjórar, stýrimenn og vélstjórar á skipum séu sem allra bezt undirbúnir til þess að stjórna skipunum. Þeir hafa yfirleitt mjög ábyrgðarmiklum störfum að gegna. Þessari reglu er yfirleitt fylgt í frv.

Þá skal ég geta þess, að það, sem í raun og veru hefir ýtt þessu frv. á stað, mun vera þáltill. sú, sem samþ. var á fyrri hluta þessa þings í fyrra vetur, um að veita þeim mönnum aukin réttindi, sem tekið hafa smáskipapróf. Í frv. er reynt að fara miðlunarleið í þessu efni að nokkru leyti og komast framhjá því spursmáli, sem valdið hefir deilum. Réttur þeirra manna, sem hafa smáskipapróf og mega nú fara með 60 rúmlesta skip, er aukinn samkv. frv., þannig að þeim verði heimilt að fara með 100 rúmlesta skip, en þó með því skilyrði, að þeir hafi hlotið nauðsynlega æfingu við stjórn smærri skipa, undir 60 rúmlestum; ennfremur er ætlazt til, að þeir bæti við hina bóklegu þekkingu sína í siglingafræði og sjófræði. Um það verða sett nánari ákvæði í öðru frv., sem væntanlega verður flutt hér í þessari hv. d.

Þá má í öðru lagi benda á annað atriði, sem hratt þessu frv. á stað; en það er ágreiningur sá, sem verið hefir um það, hvort ætti að auka réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega aðeins

fara með minni mótorvélar, eða ekki. Ég hygg, að reynslan hafi einnig sýnt það, að heppilegast sé að brúa þennan ágreining, og að því er stefnt með þessu frv. Í frv. er dregin skýr merkjalína á milli hinna tveggja vélategunda, eimvéla og mótorvéla, því gert er ráð fyrir, að þeir einir megi fara með hvora tegundina fyrir sig, sem fengið hafa nauðsynlega æfingu við þesskonar vélar, þó prófið sé hið sama fyrir báðar tegundir hinna stærri véla. Að vísu eru gerðar meiri kröfur um bóklega þekkingu til þeirra, sem eiga að stjórna mótorvélum, og kemur það einnig fram í frv., sem síðar verður flutt um vélstjóraskólann.

Sjútvn. hefir ekki enn unnizt tími til að fara ýtarlega yfir frv. og bera það saman við eldri lög um sama efni. Nm. munu hafa lesið það hver fyrir sig, en ekki tekið það til sameiginlegs álits. Þess vegna vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki það ekki á dagskrá til 2. umr., nema n. hafi áður gefizt kostur á að athuga það og bera fram brtt. við það, ef hún telur þess þörf. Enda ætti að vera hægt að afgr. það á þessu þingi, þó að n. fái ráðrúm til að gagnrýna það.

Ennfremur má búast við því, að ýmsir menn utanþings óski eftir að fá tækifæri til að koma á framfæri brtt. við þetta frv., sem sjálfsagt er að athuga og mætti væntanlega taka til greina. Þetta styður allt að því, að ekki má hraða frv. um of á þessu stigi. Málið er sérfræðilegs efnis, að kalla má, og ýmsir þm. hafa vitanlega ekki lagt sig fram um að kynnast þessum málum, sem frv. fjallar um. En það er undirbúið og samið af mönnum, sem allir höfðu nokkra sérkunnáttu í þessum efnum, og þeir leituðu auk þess aðstoðar annara sérfróðra manna. Ég vænti því, að þessi lög verði að lokum þannig afgr., að þau komi til með að brúa þann ágreining, sem mjög hefir bólað á í þessum málum að undanförnu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en vænti, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn. til fyllri athugunar, og að það verði ekki tekið á dagskrá nema í samráði við form. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 848, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

75. Kartöflusala o. fl. (frv. JBald).

Á 57. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um verzlun með kartöflur og grænmeti og um framleiðsluverðlaun á kartöflum (þmfrv., A. 441).

Á 59. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson) óyfirl.]: Við næsta mál á undan hefir hv. 1. þm. Eyf. lýst aðdragandanum að því, að frv. þetta er fram komið.

Það er rétt, að Rauðka hefir samið þetta frv. og gengið frá því, og mér þykir það betra en hitt frv., sem hefir verið losað í reipunum, eða eitthvað í það káfað af mönnum hjá Búnaðarfélaginu. Þó munurinn á þessum frv. sé ekki mikill, er hann þó nokkur, og það stór, að mér þótti ekki rétt að láta þetta frv. Rauðku sofna í allshn.

Bæði þessi frv. hafa það sameiginlegt, að tilgangur þeirra er sá, að auka framleiðslu kartaflna og grænmetis í landinu og að greiða fyrir sölu þessara afurða með einskonar landsverzlun. Þó er sá munur, að eftir frv. því, sem Rauðka hefir samið, er ríkinu skylt að taka einkasölu, en í hinu frv. er aðeins heimild. Þetta er þó í raun og veru lítill sem enginn munur, því á einkasölu eða slíkri landsverzlun byggist hitt frv.

En það er annað, sem mér þykir lakara í hinu fyrra frv., — að þar er heimild fyrir landbúnaðarráðh. að banna innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Mér þykir það óeðlilegt að banna innflutning á einhverri nauðsynlegustu vörutegund, sem hingað flyzt og hlýtur að flytjast inn meðan ekki er næg framleiðsla innanlands, vegna þess að við Íslendingar borðum svo þungan mat, mikið af fiski og kjöti, að við þurfum annað léttara með, og þá allra helzt kartöflur. — Slíkt ákvæði var raunar fyrst í frv. skipulagsnefndar, en hún féllst á að breyta því. Enda finnst mér ekki hægt að banna þær vörutegundir, sem ríkið hefir tekið einkasölu á, og þá alls ekki aðrar grænmetistegundir en þær, sem ekki er verzlað með af einkasölunni og ekki hafa eins mikla þýðingu fyrir okkar mataræði og kartöflurnar.

Þá er annar munur, sem er á okkar frv. Ég vil ekki, að mönnum sé frjálst að verzla með sína framleiðslu kartaflna og grænmetis við aðra en landsverzlunina, svo sem takmarkað er í mínu frv. Ég álít, að sú frjálsa verzlun, sem gert er ráð fyrir í hinu frv., geri þessu skipulagi, sem hugsað er, mjög erfitt fyrir. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að selja megi til neytenda beint úr geymsluskálunum. Þetta er sá munur, sem hv. 1. þm. Eyf. minntist á, en mér þótti einnig rétt að drepa á við þessa umr. — Eins og menn sjá, er það ekki stórvægilegt, sem á milli ber, og má vel vera, að okkur takist í landbn. að bræða frv. saman svo að báðir megi vel við una. — Vil ég mælast til, að frv. þessu verði einnig vísað til landbn., að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

76. Stýrimannaskólinn.

Á 62. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 461).

Á 64. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Samkv. þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi, var sett sérstök n. til þess að semja frv. til laga um atvinnu við vélgæzlu og atvinnu við siglingar. Nefndina skipuðu Friðrik Ólafsson skipherra, Þorsteinn Loftsson vélfræðingur, og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. Í beinu framhaldi af þessari löggjöf, ef hún verður að lögum, er það, að gerð er töluverð breyt. á þeim skólum, sem búa menn undir þessi störf, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum. Þessum sömu mönnum hefir líka verið falið að fara yfir gildandi lög í þessu efni og gera nauðsynlegar breyt. á þeim. Þetta frv., sem hér er lagt fram um stýrimannaskólann í Reykjavík, er samið af þessum mönnum og flutt af hv. sjútvn. eftir tilmælum mínum. Ég skal ekki fara út í efni frv. Því fylgir glögg grg., sem sýnir þær breyt., sem um er að ræða. Ég vil mælast til þess, að n. taki frv. áfram til athugunar eftir þessa umr., áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 900, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

77. Vélfræðikennsla.

Á 62. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um kennslu í vélfræði (þmfrv., A. 462).

Á 64. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Sá formáli, sem ég hafði áðan fyrir frv. um stýrimannaskólann, á líka við um þetta frv., og get ég látið hann nægja. Legg ég svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og að n., sem flytur það, verði falið að athuga það nánar fyrir 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 836, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.